Árið 1879, 1. d. júlímán. var hið 3. löggefandi alþingi sett í Reykjavík.

Fyrst söfnuðust alþingismennirnir saman ásamt með landshöfðingjanum yfir Íslandi, Hilmari Finsen, á alþingissalnum, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í kapellunni. Benedikt prófastur Kristjánsson prjedikaði, og lagði út af Kól. 3. 17. Að af lokinni guðsþjónustugjörðinni gengu menn aptur inn í alþingissalinn. Las landshöfðingi þá fyrst upp skipun konungs til sín um, að setja þingið, svo hljóðandi:

Christian hinn níundi af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlega hylli!

Vjer veitum þjer sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi allramildilegast vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman þriðjudaginn 1. dag júlímánaðar næstkomanda, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hjer með fylgir og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig Guði.

Ritað á Amlíuborg, 24. maímánaðar 1879.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Til

Vors elskulega

herra Sörens Hilmars Steindórs Finsens, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Því næst las landshöfðingi upp boðskap konungs til þingsins, svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora konunglega kveðju.

Jafnframt því, að alþingi það, sem nú á að koma saman, verður sett af landshöfðingja Vorum samkvæmt valdi því, sem Vjer allramildilegast höfum veitt honum, finnum Vjer hvöt til að færa fulltrúum Íslands þökk Vora og viðurkenning fyrir þann áhuga, er þeir hafa á hinum opinberu málefnum landsins, og að þeir láta sjer annt um að efla heill þess með tilstyrk stjórnar Vorrar.

Árangur af hinu síðasta alþingi er eigi síður gleðilegur vottur þessa, heldur en það, sem gjörðist á alþingi næst þar á undan. Fyrir happalega eindrægni milli alþingis og stjórnarinnar hefur það tekizt á þessu alþingi að koma fram mörgum mikilvægum lögum — af þeim viljum Vjer sjerstaklega taka fram lögin um aðra skipun á skattamálum Íslands — og fleiri öðrum ráðstöfunum, sem áríðandi eru fyrir landið. Eigi síður kunnum Vjer að meta, hve reiðubúið alþingi hefur verið að veita það fje, sem nauðsyn er á, eigi að eins til hinna almennu þarfa landsins, heldur einnig til þess að framkvæma ýmisleg mikilvæg fyrirtæki, sem miða til framfara þess, en jafnframt því hefur viðlagasjóðurinn þó orðið aukinn svo, að hann hefur náð þeirri upphæð, sem viðunanleg er eptir því sem á stendur.

Einnig í þetta skipti verða lögð fyrir alþingi mjög mikils varðandi lagafrumvörp, og viljum Vjer meðal þeirra sjer í lagi leiða

athygli alþingis að lagafrumvarpi um skipun sem miðar til að gjöra þær umbætur á kjörum presta, sem brýn nauðsyn virðist vera til, og frumvarp til laga um endurbót á landbúnaðarmálefnum Íslands, sem eptir þráð hefur verið um langan tíma; og í sambandi hjer við verður þinginu gefið færi á að láta í ljósi álit sitt og gjöra uppástungur um betra fyrirkomulag á umboðsstjórn þjóðjarðanna.

Með þeirri hjartanlegu ósk, að störf þau, sem alþingi nú gengur til, megi verða til heilla og hamingju fyrir landið, heitum Vjer alþingi hylli vorri og konunglegri mildi.

Gefið á Amalíuborg, 24. maímán. 1879.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Boðskapur
konungs til alþingis.

Að því búnu kvaðst hann í umboði konungs lýsa yfir því, að alþingi væri sett.

Stóð þá upp 2. þingmaður Þingeyinga, og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn níundi, og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir þingmenn voru komnir:

A. Konungkjörnir þingmenn:

1. Biskup Pjetur Pjetursson;
2. Amtmaður Bergur Thorberg;
3. Háyfirdómari Jón Pjetursson;
4. Landlæknir Jón Hjaltalín;
5. Yfirdómari M. Stephensen;
6. Landfógeti Árni Thorsteinson.

B. Þjóðkjörnir þingmenn:

1. 1. þingmaður Skaptfellinga Páll prestur Pálsson.
2. 2. —— Skaptfellinga hreppstj. Stefán Eiríkson.
3. 1. —— Rangæinga Sighvatur Árnason.
4. 2. —— Rangæinga Ísleifur prestur Gíslason.
5. 1. —— Árnesinga sýslum. Benedikt Sveinsson.
6. 2. —— Árnesinga hreppstj. Þorlákur Guðmundsson.
7. —— Vestmannaeyinga Þorsteinn bóndi Jónsson.
8. 1. —— Gullbringu- og Kjósars. Dr. philos. Grimur Thomsen.
9. 2. —— Gullbringu og Kjósars. prófastur Þórarinn Böðvarsson.
10. —— Reykvíkinga yfirkennari H. Kr. Friðriksson.
11. —— Borgfirðinga Guðmundur bóndi Ólafsson.
12. —— Mýramanna Hjálmur bóndi Pjetursson.
13. —— Snæfellinga Þórður bóndi Þórðarson.
14. —— Dalamanna Guðmundur prófastur Einarsson.
15. —— Barðstrendinga Eiríkur prófastur Kúld.
16. —— Strandasýslu cand. phil. Björn Jónsson.
17. 2. —— Ísfirðinga Stefán prófastur Stephensen.
18. 1. —— Húnvetninga Ásgeir bóndi Einarsson.
19. 2. —— Húnvetninga Páll bóndi Pálsson.
20. 1. —— Skagfirðinga Friðrik hreppstjóri Stefánsson.
21. 2. —— Skagfirðinga Jón landritari Jónson.
22. 1. —— Eyfirðinga Einar hreppstj. Ásmundsson.
23. 2. —— Eyfirðinga Snorri verzlunarstjóri Pálsson.
24. 1. —— Þingeyinga Benedikt prófastur Kristjánsson.
25. 2. —— Þingeyinga Jón hreppstjóri Sigurðsson.
26. 1. —— Norður-Múlasýslu Arnljótur prestur Ólafsson.
27. 2. —— Norður-Múlasýslu Eggert umboðsmaður Gunnarsson.
28. 1. —— Suður-Múlasýslu Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson.

Þess skal getið, að hinn 4. konungkjörni

þingmaður gat sökum lasleika ekki mætt á þessum fundi. 2. þingmaður Skagfirðinga var ei heldur á fundinum. 1. þingmaður Ísfirðinga, skjalavörður Jón Sigurðsson, hafði tilkynnt landshöfðingja, að sín væri eigi von til þessa þings, sökum lasleika. Hinn nýkjörni 2. þingmaður Suður-Múlasýslu, Jón Pjetursson, var ókominn.

Þar eð hinn elzti þingmaður, 4. konungkjörni, Jón Hjaltalín, var eigi á fundinum, skoraði landshöfðingi á hinn næst elzta þingmann, Pjetur biskup Pjetursson, að gangast fyrir kosningu á forseta hins sameinaða alþingis. Tók hann þá sæti í forsetastólnum og kvaddi sjer til aðstoðar þingmann Barðstrendinga og þingmann Reykvíkinga.

Grímur Thomsen vakti þá máls á því, að rannsaka ætti kjörbrjef hinna 3 nýju þingmanna (Jóns ritara Jónssonar, Friðriks Stefánssonar og Björns Jónssonar), áður en kosinn væri forseti hins sameinaða alþingis, og var það eptir nokkrar umræður samþykkt. Þá var stungið upp á, að kjósa nefnd manna til að rannsaka kjörbrjefin, og fjell sú uppástunga með miklum atkvæðamun. Sömuleiðis var felld sú uppástunga, að þingið í heild sinni rannsakaði kjörbrjefin. Samkvæmt þingsköpunum gekk þá þingið eptir hlutkesti í 3 deildir til að rannsaka kjörbrjefin, og urðu í

1. deild:
Benedikt Sveinsson.
Þorlákur Guðmundsson.
Einar Ásmundsson.
Páll Pálsson bóndi.
Eiríkur Kúld.
Þórður Þórðarson.
Þórarinn Böðvarsson.
Bergur Thorberg.
Árni Thorsteinsson.
Stephán Stephensen.
Sighvatur Árnason.

2. deild:
H. Kr. Friðriksson.
Þorsteinn Jónsson.
Eggert Gunnarsson.
Tryggvi Gunnarsson.
Snorri Pálsson.
Arnljótur Ólafsson.
Grímur Thomsen.
Guðmundur Ólafsson.
Páll Pálsson prestur.
Stefán Eiríksson.
Magús Stephensen.

3. deild:
Jón Sigurðsson.
Benedikt Kristjánsson,
Jón Pjeturson.
Guðmundur Einarsson.
Ísleifur Gíslason.
Hjálmur Pjetursson.
Ásgeir Einarsson.
Friðrik Stefánsson.
Björn Jónsson.

Því næst voru kjörbrjefin afhent 1. deildinni. Gekk sú deild þá út úr þingsalnum. Að lítilli stundu liðinni kom hún aptur og lýsti yfir því, að við kjörbrjef Friðriks Stefánssonar og Jóns landshöfðingjaritara væri ekkert að athuga. En á kjörbrjefi Björns Jónssonar væri sá galli, að þar væri að eins sagt frá atkvæðafjölda, er hann hefði fengið, en eigi skýrt frá, hve margir hefðu mætt á kjörfundinum. En allt um það var kjörbrjefið samþykkt og sömuleiðis hin tvö. Eptir það unnu þeir 2 nýju þingmenn, er viðstaddir voru, eið að stjórnarskránni.

Því næst var gengið til forsetakosningar hins sameinaða alþingis, og hlaut Pjetur biskup Pjetursson 16 atkv., og varð hann því forseti. Amtmaður B. Thorberg fjekk 15 atkv. Því næst var kosinn varaforseti hins sameinaða alþingis, og hlutu þeir Bergur Thorberg og Grímur Thomsen 11 atkv. hvor. Var þá kosið enn að nýju óbundnum kosningum; hlaut þá Grímur Thomsen 15 atkv. og amtmaður Bergur Thorberg 13 atkv. Var þá kosið milli þeirra tveggja, með því hvorugur enn hafði fengið yfir helming atkvæða, og hlaut þá Grímur Thomsen 17 atkv. en amtmaður Thorberg 14 atkv.; varð Grimur Thomsen því varaforseti hins sameinaða alþingis. Því næst voru skrifarar hins sameinaða alþingis kosnir, og urðu

fyrir þeirri kosningu: síra Ísleifur Gíslason með 17 atkv., og síra Eiríkur Kúld með 13 atkv. (Benedikt Kristjánsson fjekk 12 atkvæði).

Þessu næst fram fór kosning á þingmanni til efri deildarinnar í stað hins fyrverandi þingmanns Strandasýslu, Torfa heitins Einarssonar, og varð fyrir þeirri kosningu Jón Jónsson, 2. þingmaður Skagfirðinga, með 15 atkv. (Arnljótur Ólafsson fjekk 11 atkvæði).

Skiptist þá þingið og gengu efri deildar menn til efri málstofunnar.

Í efri deild áttu sæti þeir 6 konungkjörnu þingmenn, sem sátu í henni 1877, og hinir sömu þjóðkjörnu, nema þingmaður Strandasýslu, Torfi Einarsson, sem var dáinn, en í hans stað var kosinn af hinu sameinaða alþingi 2. þingmaður Skagfirðinga, landshöfðingjaritari Jón Jónsson.

Eptir þessu höfðu sæti í deildinni þetta ár:

A. konungkjörnir:

1. Pjetur Pjetursson, biskup yfir Íslandi.
2. Bergur Thorberg, amtmaður yfir suður- og vesturömtunum.
3. Jón Pjetursson, háyfirdómari.
4. Jón Hjaltalín, landlæknir Íslands.
5. Magnús Stephensen, 1. yfirdómari.
6. Árni Thorsteinson, landfógeti.

B. þjóðkjörnir:

1. Ásgeir Einarsson, 1. þingmaður Húnvetninga.
2. Benedikt Kristjánsson, 1. þingmaður Þingeyinga.
3. Eiríkur Kúld, þingmaður Barðstrendinga.
4. Jón Jónsson, 2. þingmaður Skagfirðinga.
5. Sighvatur Árnason, 1. þingmaður Rangæinga.
6. Stefán Eiríksson, 2. þingmaður Skaptfellinga.

Hinn 4. konungkjörni þingmaður, landlæknir Jón Hjaltalín, var veikur og gat því eigi mætt á þessum fundi; gekk þá næstelzti þingmaður deildarinnar, Pjetur biskup Pjetursson, til forsetasætis og skoraði á þingmenn deildarinnar að kjósa forseta, og var Pjetur biskup Pjetursson kosinn til forseta með 8 atkvæðum, en Bergur amtmaður Thorberg fjekk 1 atkv.

Hinn nýkjörni forseti gekkst þá fyrir kosningu annara embættismanna deildarinnar, og hlaut Bergur amtmaður Thorberg kosningu til varaforseta með 6 atkvæðum, en til skrifara voru kosnir: yfirdómari M. Stephensen með 8 atkvæðum og prófastur Eiríkur Kúld með 6 atkvæðum.

Forseti las upp brjef landshöfðingja til hans, dags. s. d., þar sem skýrt er frá, að landshöfðingi ætli að leggja fyrir deildina af hálfu stjórnarinnar þessi frumvörp:

1. Frumv. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland.
2. — — laga um bann gegn aðflutningum vegna þess að pestkynjaður sjúkdómur er uppi; — og jafnframt lög til bráðabirgða 21. febr. þ. á. um sama efni.
3. — — — um ráðstafanir gegn pestkynjuðum sjúkdómum; og jafnframt: lög til bráðabirgða 4. apríl þ. á. um sama efni.
4. — — — um breyting á lögum um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað 19. oktbr. 1877, 2. gr. a.
5. — — — um kaup á þeim 3 hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á.
6. — — — sem hafa inni að halda viðauka við tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872.
7. — — — um breyting á lögum um laun íslenzkra embættismanna o. fl. 15. október 1875, 12. og 14. gr.

og voru frumvörp þessi lögð fyrir deildina á öðrum fundi hennar, 2. júlí.

Á þeim fundi skýrði og forseti frá, að 2. þingmaður Skagfirðinga, landshöfð-

ingjaritari Jón Jónsson, hefði unnið eið að stjórnarskránni.

Innanþingsskrifarar í efri deild alþingis voru stúdentarnir Árni Þorsteinsson og Magnús Helgason.

Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, eptir fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild alþingis að í hinum venjulega alþingissal.

Í þingdeildinni áttu þessir þingmenn sæti:

1. Arnljótur Ólafsson, 1. þingmaður Norður-Múlasýslu.
2. Benedikt Sveinsson, 1. þingm. Árnesinga.
3. Björn Jónsson, þingmaður Strandasýslu.
4. Eggert Gunnarson, 2. þingmaður Norður-Múlasýslu.
5. Einar Ásmundsson, 1. þingm. Eyfirðinga.
6. Friðrik Stefánssson, 1. þingm. Skagfirðinga.
7. Grímur Thomsen, 1. þingm. Gullbringusýslu.
8. Guðmundur Einarsson, þingm. Dalamanna.
9. Guðmundur Ólafsson, þingm. Borgfirðinga.
10. Halldór Kr. Friðriksson, þingmaður Reykvíkinga.
11. Hjálmur Þjetursson, þingm. Mýramanna.
12. Ísleifur Gíslason, 2. þingm. Rangæinga.
13. Jón Þjetursson, 2. þingm. Suður-Múlasýslu (ókominn).
14. Jón Sigurðsson 2. þingmaður Þingeyinga.
15. Páll Pálsson, 1. þingmaður Skaptfellinga.
16. Páll Pálsson, 2. þingmaður Húnvetninga.
17. Snorri Pálsson, 2. þingmaður Eyfirðinga.
18. Stefán Stephensen, 2. þingmaður Ísfirðinga.
19. Tryggvi Gunnarsson, 1. þingmaður Suður-Múlasýslu.
20. Þórarinn Böðvarsson, 2. þingm. Gullbringusýslu.
21. Þórður Þórðarson, þingm. Snæfellinga.
22. Þorl. Guðmundsson, 2. þingm. Árnesinga.
23. Þorsteinn Jónsson, þingm. Vestm.eyinga.

Elzti þingmaður deildarinnar, præpos. honor. Guðmundur Einarsson, þingmaður Dalamanna, gekkst fyrir kosningu forseta deildarinnar, samkvæmt 4. gr. þingskapanna; kvaddi hann sjer til aðstoðar skrifara yfirkennara Halldór Kr. Friðriksson, þingmann Reykvíkinga, og síra Ísleif Gíslason, 2. þingmann Rangæinga.

Til forseta var kosinn Jón Sigurðsson, 2. þingmaður Þingeyinga, með 12 atkvæðum, af 21, sem greidd voru.

Eptir að hann var genginn til forsetasætis, mælti hann:

«Jeg er hinni háttvirtu deild þakklátur fyrir þá virðing, er hún hefur vottað mjer með kosningu þessari; en enginn mun finna eins glöggt til þess og jeg, hver vandi mjer er á herðar lagður. Jeg stend hjer í sporum þess manns, sem svo lengi að undanförnu stýrði þessu þingi með framúrskarandi dugnaði og sóma, þess manns, sem gjörði svo ómetanlega mikið fyrir þetta þing, sem elskaði það—eins og hann elskaði ættjörðu sína — eins innilega eins og góður sonur getur elskað foreldri sitt. Það er sæti þessa manns, sem jeg nú skal setjast í. Og enginn getur fundið til þess eins vel og jeg, hvað margt og mikið mig vantar á að geta fyllt þetta sæti að nokkru leyti. Það er því einungis undir því komið, að jeg verði alls þess umburðarlyndis og aðstoðar að njótandi, sem hinir háttvirtu þingmenn geta mjer í tje látið, að mjer takist að leysa þenna vandasama starfa viðunanlega af hendi.»

Þá var kosinn varaforseti, og hlaut Dr. Grímur Thomsen, 1. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, flest atkvæði, en eigi nema 9, sem er ónógt, eptir þingsköpunum; var þá kosið upp aptur, og varð þá Dr. Grímur Thomsen varaforseti, með 11 atkvæðum. Því næst voru kosnir skrifarar þingdeildarinnar, og hlutu þá kosning þeir Ísleifur Gíslason, þingmaður Rangæinga, með 19 atkvæðum, og Björn Jónsson, þingmaður Strandasýslu, með 13 atkvæðum.

Að því búnu las forseti upp brjef frá landshöfðingja, dagsett samdægurs, þar sem skýrt var frá, að landshöfðingi mundi leggja fyrir neðri deild alþingis þessi frumvörp frá stjórninni:

1. frumv. til fjárlaga fyrir árin 1880 og 1881.
2. — — fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.
3. — — fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879.

4. frumv. til laga um skipun prestakalla og kirkna.
5. — — — — kirkjugjald af húsum.
6. — — — — breyting á tilskipun 27. janúar 1847 um tekjur presta og kirkna.
7. — — — — sætisfisksgjald,
8. — — — — samþykkt á reikningnum um tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1876 og 1877.

Og voru frumvörp þessi lögð fyrir deildina á 2. fundi hennar, 2. júlí.

Á þeim fundi skýrði og forseti frá, að til skrifstofustjóra fyrir báðar þingdeildir væri tekinn cand. theol. Magnús Andrjesson, en til innanþingsskrifara í neðri deild þeir síra Stefán Thordersen og cand. theol. Sigurður Jensson.

I. SÆTISFISKSGJALD. Frumvarp til laga um sætisfisksgjald. Frá stjórninni. Sjá I 19. þ. e. fyrra bindi Alþingistíðindanna, 19. bls.

Fyrsta umræða í *neðri deild*, á 3. fundi deildarinnar, 3. júlí.

Arnljótur Ólafsson: Hjer er um tvennt að gjöra, annaðhvort að vísa frumvarpi þessu til nefndarinnar í málinu um skipun prestakalla og kirkna, eða láta það ganga nefndarlaust í gegnum þingið; hvorn kostinn er menn taka, þá má búast við sömu endalokum, að frumvarpinu mun verða styttur aldur, áður þingi er slitið. Að mínu áliti er það helzt að frumvarpi þessu, að þessi sætisfiskur skal að eins goldinn af utansóknarmönnum, er sækja sjó í annari sókn, en allir aðrir ferðamenn, sem koma í utansóknarkirkjur t. d. kaupamenn, smiðir og enda póstar, þeir skulu ekki gjalda neitt. Það stendur þó á sama, úr því að stækka þarf kirkjuna, hvort það er gjört vegna sjómanna, eða einhverra annara manna. Frumvarpið er auðsjáanlega byggt á því, að það hefur verið vani að greiða sætisfisk til kirknanna á Hvalsnesi og Útskálum, af því þær þurftu þess styrks við á síðustu öld sökum fátæktar. Sömuleiðis virðist mjer það mjög efasamt, hvort það er eðlileg regla, að sá sem þarf eða vill fara í kirkju í annari sókn en sinni eigin, skuli skyldur til að borga fyrir það, þótt hann einnig gjaldi til sinnar kirkju. Jeg veit eigi til að slík greiðsla eigi sjer stað í nokkru öðru samkynja tilfelli, svo sem ef bóndi ferðast í annan hrepp til að leita sjer þar atvinnu um stund, þá þarf hann ekki að greiða þar til sveitarsjóðs, heldur einungis til síns hrepps. Sömuleiðis ef maður ferðast í aðra sýslu, þá er ekki heimtað, að hann greiði til þess sýslusjóðs. Annars er mjer sama, hvað þingdeildin gjörir við þetta frumvarp, hvort hún vísar því til prestakallanefndarinnar eða ekki, en jeg mun aldrei greiða atkvæði með því, að það verði að lögum.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að nú væri orðið dýrt drottins orðið, ef borga ætti fyrir það í hvert skipti að mega fara í kirkju. Frumvarpið væri að sínu áliti mjög ófrjálslegt, og fremur til þess að drepa niður en til að efla guðrækni, og því dytti sjer ekki í hug að fallast á neina grein þess, nema ef til vill 5. gr. því að hann vildi eigi að eins spyrna á móti nýjum sætisfiski, heldur og afnema þann, sem nú væri goldinn. Til þess að gjöra nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu, þyrfti enga sjerstaka nefnd, heldur mætti við 2. umræðu fella allar 4 fyrstu greinirnar ef halda skyldi 5. gr., en annars allt frumvarpið. Lagaboð þetta væri hið óeðlilegasta, því að ef skylda ætti menn til, að gjalda til utansóknarkirkju, þá ætti tíminn, sem gjaldendur dveldu í sókninni, að minnsta kosti að vera eins langur, eins og útheimtist til þess að maður verði skyldur til að greiða sveitarútsvar. Í Reykjavík væri sá tími 4 mánuðir í einhverri sókn, hann hlyti að vera þar innlendur, og því væri þýðingarlaust að skylda hann með lögum til að gjalda sætisfisk til kirkju; en að leggja gjöld á þá menn, sem kæmu í aðra sókn til að bjarga sjer, og væru þar að eins nokkrar

vikur, það væri alveg ótækt, því að slíkt væri ekki gjört að gamni sínu, heldur af beinni nauðsyn. Hann kvaðst ekki vilja vera móti því, að málið gengi til 2. umræðu, en hann mundi greiða atkvæði gegn öllum greinunum, nema 5. gr.

Þórarinn Böðvarsson: kvaðst ekki hafa fyllilega skilið mótbárur 1. þingmanns Norðurmúlasýslu gegn frumvarpinu; ef það væri meining þingmannsins að þetta gjald skyldi einnig ná til pósta, kaupamanna o. s. frv., þá kvaðst hann ekkert hafa á móti því, svo framarlega að þessir menn væru 6 vikna tíma í annari sókn, en þetta ætti sjer aldrei stað, og því væri þessi ástæða þingmannsins engin ástæða gegn frumvarpinu. Kongsbr. 1 desbr. 1852 hefði þegar gjört þeim 2 kirkjum, er það næði til, stór mikið gagn; án þess að nokkur greiðandi hafi lýst óánægju; Útskála kirkja væri einhver hin laglegasta og skrautlegasta kirkja hjer á landi, og hin kirkjan, Hvalsneskirkja, væri einnig vel byggð, en sá munur væri á, að sætisfisksgjaldið hefði þegar fullborgað kostnaðinn við byggingu Útskálakirkju, en þar á móti væri enn mikið óborgað af byggingarkostnaði Hvalsneskirkju, og því væri það næsta ósanngjarnt að svipta þessa kirkju tekjum sínum alveg upp úr þurru. Lög þessi væru hvorki ósanngjörn nje óeðlileg, þau miðuðu að eins til þess að fá nægilega stórar og rúmgóðar kirkjur, og að því leyti til að efla opinbera guðsdýrkun og væri það næsta líklegt að þau lög, sem hefðu orðið 2 kirkjum til góðs, gætu orðið fleirum til góðs, ef þau yrðu almennari.

Hvað mótbárur þingmanns Reykvíkinga snerti, þá væri það misskilningur hans, að ætla, að frumvarp þetta væri til að drepa niður guðrækni. Ef að útvortis guðsdýrkun er vottur um guðrækni og meðal til að efla hana, getur þá þingmaðurinn ætlað, að guðrækni sjóróðramanna minnki við það, að þeir geta verið við opinbera guðsdýrkun; allir, sem búa við sjávarsíðuna, þekktu það, hvaða sægur af sjómönnum opt sækti til kirkju, svo að það væri alveg nauðsynlegt að hafa kirkjurnar svo rúmgóðar, að þeir gætu haft þar rúm, án þess að sóknarfólk þyrfti að ganga úr kirkju fyrir þeim, því að það vildu sóknarmenn, sem gyldu til kirkju, eðlilega ekki gjöra, og þættust ekki skyldir til, þegar þeir ættu í hlut, sem ekkert gyldu til kirkjunnar.

Þorsteinn Jónsson sagði, að það hefði glatt sig, að heyra að þingmaður Reykvíkinga hefði gefið von um að styðja 5. gr. frumvarpsins, og kvaðst hann gjarnan vilja tala sig saman við hann um nokkra breytingu á henni. Svo stæði á, að það væru ekki einungis þær 2 kirkjur, sem frumvarpið nefndi, er goldinn væri sætisfiskur til, heldur væri til 3. kirkjan, kirkjan á Vestmannaeyjum. Til hennar væri einnig goldinn kirkjufiskur, hann kvaðst reyndar sjá á útskýringu yfir 3. gr. fjárlaganna, að hinn hæstvirti landshöfðingi, sem ekki væri nú viðstaddur, áliti að hann væri fallinn úr gildi, en þetta kvað hann ekki vera tilfellið, því hann hefði verið heimtur á síðasta vetri inn, eins og að undanförnu, og kvaðst hann því mundu vera manna fúsastur til að stuðla til þess með þingmanni Reykvíkinga, að sá skattur yrði af numinn, því að svo mikið væri sjer kunnugt, að kirkjan á Vestmannaeyjum mundi vart verða stækkuð sjómanna vegna, eins og 3. gr. benti til.

Guðmundur Einarsson kvaðst álíta, að prestakallanefndinni hefði gengið gott eitt til að stinga upp á þessu frumvarpi, en að sinni ætlun mundi það ekki verða vinsælt að koma slíku gjaldi á, því að það væri mjög óeðlilegt að leggja þess konar kvaðir á einstaka monn, þó að þeir leituðu sjer atvinnu um lítinn tíma. Þar að auki gætu lög þessi gefið tilefni til ágreinings t. d. 3. gr.; það væri t. a. m. hugsandi, að sjómenn gjörðu það af glettni, að safnast allir í hóp og fara til kirkju, og að kirkjan yrði þá ekki nægilega stór fyrir þá alla, og gætu þeir þá skorast undan þessu gjaldi. Hann kvaðst þó ekki vera því mótmæltur, að málið gengi til 2. umræðu, svo það skýrðist betur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla mjer eigi að þrátta um tilgang frumvarpsins; jeg skal fúslega játa að nefndin hefur sjálfsagt stungið upp á frumvarpinu, af því að henni þótti það gott eptir sinni skoðun. Það er að eins rjettargrundvöllurinn undir frumvarpinu, sem jeg get ekki verið nefndinni samdóma um. Það er ósanngjarnt að leggja gjaldið að eins á útróðrarmenn, en ekki á kaupafólk og aðra, sem líkt stendur á fyrir. Jeg veit eigi til að slíkt eigi sjer nokkurn stað í neinu öðru máli hjer á landi. Það mál hefur komið til úrskurðar landshöfðingja, hversu langan tíma maður ætti að vera til heimilis í öðrum hreppi, en sínum eigin, til þess að verða skyldur til að greiða útsvar þar til sveitar; en eigi í þeim hreppi, er hann tók sjer fyrst bólfestu það ár, og hefur landshöfðingi leyst svo úr því, að ef maður flytti lögheimili sitt í annan hrepp, þá yrði hann að 3 mánuðum liðnum skyldur að gjalda þar til sveitar, en ef hann væri að eins í stundardvöl, svo sem til róðra eða við smíðar í öðrum hrepp, þá kemur það ekki til mála, að skylda hann til að gjalda þar til sveitar. Þar að auki er það grundvallarreglan, að sóknarmenn halda sjálfir kirkju sinni uppi, og frá þeirri reglu ætti ekki að breyta án yfirgnæfandi ástæðu. Er það ekki miklu nær að leggja útvegsbændum á herðar, að gjalda fyrir inntökumenn sína til kirkjunnar? Jeg hefi heyrt, að það hafi einu sinni komið fyrir við kirkju hjerna suður með sjónum, að þegar útróðrarmenn báðu prestinn um leyfi til að koma í kirkjuna, þá hafi prestur orðið að vísa sóknarmönnum út úr henni, til þess hinir kæmust að. Hvernig sem jeg velti þessu máli fyrir mjer, get jeg eigi fundið betur en það sje rjettast að útvegsbændurnir, sem taka þennan fjölda af utansóknarmönnum, borgi sjálfir kirkjusætin, með því og að útróðrarmennirnir vinna fyrir þá, útvegsbændunum jafnframt í hag sem sjálfum sjer.

Páll Pálsson prestur kvaðst vilja benda þingdeildinni á eitt atriði í 1. gr.; þar stendur svo: »hver sá utansóknarmaður . . . . . þar sem hann fyrst rær á almanaksárinu«. Eptir þessu ætti útróðrarmaðurinn að gjalda þar þetta gjald, þar sem hann reri fyrsta róðurinn, og það þó hann svo flytti sig eitthvað annað, og reri ekki nema þennan eina róður. Sjer stæði á sama, þó að frumvarpinu væri vísað til nefndarinnar í prestakallaskipunarmálinu, því hann gilti einu, hvar hann stuðlaði til þess, að það fengi þau endalok, er það ætti skilið.

Þórarinn Böðvarsson: kvað það gleðja sig, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu ætlaði ekki, að nefndinni hefði gengið illt heldur gott til að semja þetta frumvarp. Hvað það snerti, sem þingmaðurinn hefði sagt, að slíkt gjald ætti sjer ekki stað hjer á landi, þá þyrfti hann að eins að líta á 5. gr. frumvarpsins; þetta gjald hefði átt sjer stað til 2 kirkna, í Kjalarnessprófastsdæmi, og nokkurra kirkna í öðrum prófastsdæmum og orðið að góðu gagni, og alls ekki verið óvinsælt. Þyki þinginu rjettara að láta útvegsbændur greiða gjald þetta, þá mætti það vel vera svo, að minnsta kosti, að þeir heimtu það saman. Sömuleiðis kvaðst hann ekkert skyldi hafa á móti því, að lögin yrðu gjörð yfirgripsmeiri, og látin ná til fleiri; gjaldið væri svo sára lítið, að engan gæti munað um það. Hvað aðfinningu þingmanns Skaptfellinga snerti við 1. gr., að gjaldið eigi að greiðast, þar sem útróðrarmaðurinn rær fyrst, þá væri slík ákvörðun byggð á góðum rökum; nefndinni þótti það of mikið að stinga upp á, að útróðrarmaðurinn skyldi gjalda til hverrar kirkju, þar sem hann reri innan sóknar, því að þá hefði gjaldið orðið of þungt, en þar á móti gæti það aldrei orðið tilfinnanlegt, þegar að eins væri goldið til einnar kirkju að eins einu sinni á ári. Þótt þetta frumvarp yrði að lögum, mundi það ekki verða til neins hneykslis eða til niðurdreps guðrækni, heldur þvert á móti guðrækni til eflingar. Þar sem þingmaður Norður - Múlasýslu hefði borið þetta gjald saman við gjald til sveitar, þá væri það mjög óheppilegt og allt annað mál. Sá sem greiddi sætisfisk, greiddi þókn-

un þessa að eins til að öðlast þann rjett, að fá að vera í kirkju nokkra sunnudaga, en sveitargjald ætti hjer ekkert skylt við. Hann áleit að rjettast væri að afhenda frumvarpið nefndinni í prestakallaskipunarmálinu.

Páll Pálsson, prestur kvaðst alls ekki hafa talað um, að gjaldið yrði tilfinnanlegt, heldur að það kæmi niður í röngum stað, þar sem í fyrstu grein væri ákveðið að greiða gjaldið að eins til kirkju þeirrar sóknar, þar sem maðurinn reri fyrst á almanaksárinu, enn þótt hann reri eigi nema einn róður þar, en máske allt árið annarsstaðar.

Þorlákur Guðmundsson kvaðst helzt vilja mæla með því að frumvarp þetta kæmist ekki til 2. umræðu, því það væri í fyllsta máta óeðlilegt, og þar af leiðandi ófrjálslegt og hlyti því að verða óvinsælt, og árángurinn lítill, þó það kæmist á. Útskálakirkja, eða aðrar kirkjur, sem nýbyggðar væru eða nú í góðu standi, mundu varla verða stækkaðar einungis handa sjómönnum og útróðrarmönnum; ekki mundi heldur Reykjur kirkja verða rifin niður og færð út þeirra vegna, sem nú hefði ekki verið stækkuð handa sínum eina söfnuði, enda væri ekki meiri ástæða til að láta sjómenn gjalda fyrir kirkjugöngu, keldur en t. d. skólapilta, sem ekkert þyrftu að borga, og þó vissi hann ekki betur, en að sóknarmenn yrðu að standa upp úr sætum sínum, til þess að þeir gætu komizt að (Grímur Thomsen: landssjóðurinn borgar fyrir þá). Jú sakramentið er borgað prestinum, en ekki kirkjunni eða söfnuðinum. Frumvarpið ætti að sínu áliti ekki að komast lengra og svo væri vonandi að fleira því um líkt gengi veg allrar veraldar.

Páll Pálsson bóndi kvaðst ekki skilja í því, hvaða rjettlæti það væri við Norðlendinga, að sjómenn, sem reru hjer fyrir sunnan 10 vikur og svo fyrir norðan við Miðfjörð eður á Skagaströnd aðrar 6—10 vikur á sama árinu, skyldu greiða til kirkju fyrir sunnan, en ekkert fyrir norðan; þeir mundu þó eins vel sækja kirkju fyrir norðan, og kirkjurnar þar þyrftu líka að geta rúmað þá. Frumvarpið mundi vekja hina mestu óánægju, ef það yrði að lögum, enda mundu kirkjurnar naumast og alls ekki verða stækkaðar fyrir það, þótt þetta gjald yrði tekið af útróðramönnum.

Halldór Kr. Friðriksson mótmælti því, að það hefði legið í sínum orðum, að tilgangurinn með frumvarpi þessu væri sá, að eyða guðrækni; hann hefði að eins sagt, að það mundi leiða til þess að deyfa og draga úr guðrækni. Frumvarpið mundi verða harla óvinsælt, ef það yrði að lögum, en ef það væri satt, sem 2. þingmaður Gullbringusýslu segði, að þetta gjald væri svo vinsælt í þeim sóknum, þar sem það ætti sjer stað, þá væri rjettast að svipta ekki þær kirkjur þessum tekjum, og fella því frumvarpið allt nú þegar, því að hann kvaðst alls ekki geta fallizt á, að leggja þennan sætisfisk á önnur hjeruð, því að hann væri hræddur um, að það mundi ekki alstaðar verða jafnvinsælt.

Þá bar forseti það undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 11 atkv. gegn 10; síðan var borið upp, hvort vísa skyldi málinu til nefndarinnar í prestakallaskipunarmálinu, og var sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall:

«Já» sögðu:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

«Nei» sögðu:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,

Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,

og var þannig fellt með 11 atkv. gegn 10 að vísa málinu til nefndarinnar.

Önnur umræða í neðri deild á 4. fundi 4. júlí.

Forseti gat þess, að breytingaruppástunga frá þingmanni Vestmannaeyinga væri fram lögð prentuð. Sjá I. 21.

Þorsteinn Jónsson kvaðst stuttlega vilja gjöra grein fyrir breytingaruppástungu sinni. Það væri nefnilega eptir konungsbrjefi 25. marz 1778 goldinn kirkju-fiskur á Vestmannaeyjum, og ef nú þar á ofan ætti að bætast sætisfiskur, þá yrðu það talsverðar álögur og áleit því rjett, að nema úr lögum konungsbrjef 25. marz 1778, ef þetta frumvarp um sætisfisksgjald fengi lagagildi.

Þórarinn Böðvarsson sagði, að sjer fyndist frumvarpi þessu ekki gjört hátt undir höfði, þar sem það engan flutningsmann ætti. Vonaði samt, að allir mettu þekking svo mikils, ekki sízt prestar og prestaefni, svo sem þingmaður Norður-Múlasýslu og þingmaður Reykjavíkur, að þeir vildu nokkuð til þess vinna, að gjöra kirkjur landsins nægilega stórar og sómasamlega byggðar, að sætisfiskurinn hefði komið að góðu haldi til þess að viðhalda kirkjum og vissi hann ekki til, að þetta gjald hefði vakið neina óvild, og þegar manni fyrir svo sem 25 aura væri gefinn kostur á að fara 6 sinnum eða optar í kirkju, þá mætti með sanni segja að ódýrt væri Drottins orðið, og kvaðst þess fullviss að enginn maður með sómatilfinningu mundi taka sjer gjald þetta nærri. Hvað breytingar- uppástungu þingmanns Vestmannaeyinga snerti, virtist honum gjaldið eptir henni gæti komið fyrir optar á ári, en þá yrði það tilfinnanlegra, og vildi hann því mæla móti því breytingaratkvæði.

Forseti: kvað það alveg óvanalegt að konungleg frumvörp hefðu flutningsmann og kvaðst ekki finna hjá sjer neina köllun, því síður skyldu til að biðja nokkurn þingmanna að taka þau að sjer til flutnings, enda þyrfti þess ekki við, þar sem eflaust bæri að álita landshöfðingjann sjálfsagðan flutningsmann slíkra frumvarpa.

Landshöfðinginn kvaðst geta skýrskotað til þess er 2. þingmaður Gullbringusýslu hefði sagt, en þar sem það við fyrstu umræðu máls þessa hefði verið tekið fram, að þetta hjer um rædda kirkjugjald væri óeðlilegt og ófrjálslegt og því samjafnað við það, að ferðamaður, ef hann á ferð sinni kæmi í kirkju, þyrfti að borga fyrir sig, þá væri hvorugt þetta rjett. Það mun víst aldrei detta neinum í hug, þó einhver ferðamaður komi að kirkju, að heimta af honum borgun fyrir það, en frumvarpið talar um fasta dvöl um vissan ársins tíma og það fasta dvöl til að stunda atvinnuveg, og er það allt annað og á ekkert skylt við komu ferðamanns. Sætisfisksgjaldið kvað hann, virðist mjer bæði mjög eðlilegt og frjálslegt. Sá, sem rær, vill má ske geta *heimtað* að fá sæti í kirkjunni og vill nokkuð til vinna, og er ekki sú hugsun bæði frjálslegri að vilja geta heimtað, en hin að þurfa að eiga undir náð? Það má hèr með sanni segja: «að sínum augum lítur hver á silfrið». Má ske sumum virðist öll gjöld til opinberra þarfa óeðlileg og ófrjálsleg.

Hvað breytingaruppástungu þingmanns Vestmannaeyinga snertir, vildi hann ekki vera henni mótmæltur, en mælti fastlega móti því að 3. grein fjelli burt, því væri sú ósk eðlileg að fá heimting á sæti í kirkjunni, þá væri hitt eins eðlilegt og sjálfsagt að rúm yrði að vera til. Hjer er að eins að ræða um 25 aura árlega, sem víst enginn einstakan dregur, en sem þó hefur stutt að því, að bæði Hvalsness og Útskála kirkjur nú eru í góðu standi, og það einnig handa utansóknarmönnum.

Arnljótur Ólafsson kvaðst því miður ekki geta verið á sama máli sem landshöfðingi og 2. þingmaður Gullbringusýslu. Gjald þetta er óvanalegt gjald, það á sjer stað að eins á 2 kirkjum, því kirkjufiskurinn á Vestmannaeyjum er allt annað. En nú að fara að þenja þetta út til allra þeirra kirkna þar er útræði er í sóknunum. Hví skal hjer staðar nema? það sje jeg ekki, heldur hitt, að þá ætti að gjöra hið sama við kaupafólk, sem kemur í kaupavinnu, að láta það einnig borga sætisfisk, því þó að kaupafólkið kunni að vera færra að tölunni í hverri sókn um sig en þeir sem róa út, gjörir það ekkert til, reglan ætti að vera hin sama um allt land. Eða hvaða rjettarregla er það, að taka gjaldið af manninum, fremur fyrir það, að hann leitar atvinnu sinnar út úr sókn sinni með því að draga fisk, en ef hann leitar hennar með því að slá gras? Það getur að öðru leyti staðið eins á bæði fyrir smiðum og «púls»mönnum. Það er sjálfsagt það kemur sjaldnar fyrir, en getur þó komið fyrir, svo er það t. a. m. á Akureyri, og yfir höfuð virðist mjer, að sama reglan ætti að gilda um allt land bæði til sjávar og sveita, eða þá hvergi gilda. Hvað sjálft frumvarpið snertir, virðist mjer það og ekki sem bezt orðað. Í 1. grein stendur, að gjaldið skuli greiðast, «þar sem hann rær fyrst á almanaksárinu» hvort sem hann fer í kirkju eða eigi. Þetta er óviðkunnanlegt, en jeg get sleppt því, þar áður hefur verið um það talað. Þá stendur í 2. grein í endanum: «Fari hann (formaðurinn) burtu úr sókninni án þess að greiða gjaldið, ber honum að greiða það þrefalt». Nú! á hann þá að greiða þrefalt, ef hann bregður sjer snöggvast á bæ út úr sókninni? Þetta finnst mjer því óheppilegra sem jeg ekki sje, sízt glöggt, hve nær hann á að gjalda. Hann á að gjalda, það sje jeg, en gjalddagann sje jeg ekki; borgi hann of seint, má ske hann þá líka eigi að gjalda þrefalt; þetta finnst mjer fremur ónákvæmt.

Í 3. grein segir: «prestur eða kirkjubóndi skal sjá um að kirkjan sje svo rúmgóð, o. s. frv.» Þetta er jeg hræddur um að verði ekkert gaman. Eða á má ske að fara að stækka nýbyggða kirkju, til þess hún geti rúmað útróðramennina, og á presturinn eða kirkjueigandinn að lána kirkjunni fje til þess, þó hún sje honum stórskuldug undir? Þetta er jeg hræddur um að gæti orðið næsta tilfinnanlegt. Það stendur í 3. grein: «skal sjá um» o. s. frv. en hver á að þvinga? Lögreglustjórinn, rjettvísin? Hver á að höfða málið? Á það að höfðast sem prívat mál, lögreglumál eða sakamál? Þó jeg þannig hljóti að vera á móti þessu sætisfisksgjaldi og vilji fella frumvarpið, vil jeg samt lofa 5. greininni að verða samferða og falla með, því þar er nú vaninn einu sinni á kominn, og í annan stað engin umkvörtun fram komin.

Grímur Thomsen: Það, sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu helzt finnur til á móti frumvarpi þessu, er að það sje rangt að láta að eins sjómenn gjalda til utansóknarkirkju, en ekki aðra t. d. kaupamenn o. s. frv. Mjer fyrir mitt leyti finnst ekkert vera því til fyrirstöðu, að lög þessi verði þannig útvíkkuð, að þau einnig nái til kaupamanna, eins og jeg líka er sannfærður um, að enginn kaupamaður mundi telja eptir sjer að gjalda 25 aura til kirkju í þeirri sókn, þar sem hann hefði góða og arðsama atvinnu sjer til framfæris. Það er þingmanninum alveg innan handar að stinga upp á þessu. Annars er þessi «analogie» ekki fullkomin; þannig er t. d. eitt gjald, sem hvílir á sjóróðramanninum, án þess nokkuð tilsvarandi gjald hvíli á sveitamanninum, það er spítalagjaldið, ½ al. af hverju hundraði, miklu hærra gjald, en það sem hjer er um að ræða. Jeg veit, að hinn háttvirti þingmaður lætur sjer svo annt um uppfræðslu og sömuleiðis að kirkjur sjeu sómasamlega byggðar og í góðu standi, að það mun valda honum mikillar gleði, að stuðla til þess, að kirkjur verði glæsilegri og fegurri en áður. Það er einmitt eitt af því, sem útlendingar einna helzt finna að hjer á landi, hve kirkjur eru í bágu og auðvirðilegu ásigkomulagi,

en það leiðir eðlilega af því, að tekjur þeirra eru svo rýrar; vjer þekkjum það allir, hve margir prestar eru orðnir öreigar, af því að byggja upp kirkjur sínar. Þar sem þingmaðurinn lagði áherzlu á 3. gr. og taldi, að kirkjuráðendum mundi ómögulegt að sjá um, að kirkjan gæti tekið alla útróðramennina, þá sýnir það einungis, hve gott ástandið er hjá honum og þar, sem hann þekkir til, og er gleðilegt að heyra, að þar er ávallt húsfyllir í kirkjum á sunnudögum og öðrum helgum dögum; en þar sem jeg þekki til, t. d. í Garða- og Bessastaðakirkjum, er einlægt nóg rúm, og fari svo, að rúm verði of lítið, þá má ætíð fara eins að, eins og einn merkur prestur gjörði við slíkt tækifæri. Það var einu sinni, að margir útróðramenn, sem sjálfsagt af óánægju yfir sætisfisksgjaldinu, tóku sig saman um að fjölmenna til kirkju að Útskálum, til þess að sýna fram á, hve gjald þetta væri ósanngjarnt; en þar hittu þeir fyrir mann, sem hafði krók á móti bragði. Þegar presturinn sá mannþyrpinguna fyrir utan kirkjuna, sendi hann þeim boð út, að þá er hann hefði lokið messugjörðinni, mundi hann embætta á ný fyrir þá. Þetta sýnir, að engin vandræði þurfa að verða út af því, að framkvæma 3. gr. frumvarpsins. Hitt er máske fremur að óttast, að menn muni telja eptir sjer, að greiða þetta litla gjald, því að það er næsta algengt hjer á landi, að kinoka sjer við öllum opinberum gjöldum, hve lítilfjörleg sem þau eru. Það er ekki rjett af hinum háttvirta þingmanni, að nota hið góða pund, sem honum er gefið, til þess að efla þennan skaðlega anda, þessa prúttni í öllum, jafnvel lítilfjörlegum gjöldum, sem hvern einstakan mann munar nær því ekkert um, en sem þó geta gagnað hinu opinbera, þegar allt kemur saman.

Hvað snertir breytingaruppástungu þingmanns Vestmannaeyinga við 5. gr., þá er mjer ekki fullkunnugt um, hverjar afleiðingar það mun hafa, ef konungsbrjefið verður numið úr gildi; jeg veit ekki betur en að það sje þegar upphafið allt nema 6. gr., sem einmitt snertir sætisfiskinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Það á hjer við, eins og landshöfðingi sagði, að sínum augum lítur hver á silfrið; eptir minni skoðun er frumvarp þetta svo ófrjálslegt, sem hugsazt getur, að skylda útróðramanninn til að gjalda til kirkju, þó að hann rói ekki nema einn róður í sókninni, og geti ef til vill aldrei komizt í kirkju. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur þegar sýnt ljóslega fram á það, hve óeðlilegt sje, að láta suma gjalda fyrir rjettindi, sem aðrir gjalda ekkert fyrir; kaupamenn eiga ekkert að gjalda, og það þótt þeir sjeu meira en 6 vikur, optast nær 10 vikur í annari sókn; það stendur þó á sama, hver atvinnuvegurinn er. Það hefur verið tekið fram, að þessar tvær kirkjur, Útskála- og Hvalsneskirkja, hafi varið byggðar upp einmitt með þessu sætisfisksgjaldi, en vjer vitum allir, að margar kirkjur til sveita eru í góðu og ágætu standi, og fá þær þó engan sætisfisk, og hvaða gjald á þá að leggja sveitakirkjum, sem svo lítið gjald fá, að það er eigi auðið, að halda þeim við af þeirra eigin tekjum. Þar að auki ætti sízt að vera þörf á nýjum gjöldum til kirkna í sjóplássunum, þar sem gjaldendur til kirkju eru svo margir, og langtum fleiri en til sveita. Þó kirkjuráðendum verði gjört að skyldu, að sjá um að kirkjurnar sjeu nógu rúmgóðar, þá er það aðgætandi, að aðsóknin að fiskiplássunum er næsta stopul; það eru sum ver, þar sem aðsókn var mikil að fyrir nokkrum árum, en er nú aptur alveg hætt. Á nú að fara að stækka kirkjurnar undir eins, þegar fjöldi útróðramanna sækir til sóknarinnar eitt ár? Dæmi það frá Útskálum, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu kom með, er mjög fagurt og lofsvert, en það sýnir einmitt, að gjaldið er ekki svo nauðsynlegt, ef einungis presturinn vill gjöra vel, og honum er annt um skyldu sína. Gjaldið á að leggjast á útróðramenn, en hver sem þekkir til í sjóplássum, getur fljótt skilið, að svo mun fara, að það lendir á

sóknarbændunum sjálfum. Það er orðinn siður, að útvegsbændurnir kaupa til sín háseta, með því að gjalda fyrir þá alla skatta, sem á atvinnu þeirra hvíla, og eins mun fara með þetta gjald, og þannig verður það nýtt gjald til kirkju á sóknarbændur sjálfa. Tímaákvörðunin í 1. gr. þýðir lítið; skyldi ekki fara svo, ef lítið fiskaðist í einhverju veri, að sjómennirnir reyndu að komast burt, og biðu ekki eptir að 6 vikurnar væru liðnar? Ef þeir fara eptir 5 vikur og 6 daga, eða þegar einn dag vantar á 6 vikur, þá missir kirkjan þetta gjald, og það er jeg sannfærður um, að margir mundu nota sjer þetta. Af þessum ástæðum get jeg ekki fallizt á frumvarpið; jeg vildi helzt halda 5. gr., og af nema sætisfisksgjaldið í þessum 2 sóknum, þar sem það á sjer stað, en nú hefur þetta gjald staðið þar svo lengi, og enginn kvartað, og því er bezt að lofa því að haldast þar; undir eins og kvartanir koma yfir gjaldinu, skal jeg vera manna fúsastur til að styðja að, að það verði afnumið.

Þorsteinn Jónsson: Jeg stend að eins upp eptir áskorun 1. þingmanns Gullbringusýslu, til að gefa upplýsingar um kgsbr. 25. marz 1778; hvort það er upphafið er mjer ekki fullkunnugt um, en það veit jeg með vissu að það var látið gilda þangað til í vor, því að á seinustu vertíð var krafinn kirkjufiskur eptir því.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg finn ekki ástæðu til, að bæta miklu við orð landshöfðingja og 1. þingmanns Gullbringusýslu; þeir hafa báðir fyllilega sýnt fram á, að gjald þetta er hvorki ófrjálslegt nje óheppilegt. Jeg vil að eins svara þingmanni Norður-Múlasýslu nokkrum orðum upp á aðfinningar hans. Þessi háttvirti þingmaður dró ekki af sjer að hártoga frumvarpið, því að slíkar aðfinningar heita rjettu nafni hártoganir. Fyrst hártogaði hann 1. grein; meining hennar er ljós; gjaldið á að eins að greiðast, ef maðurinn rær 6 vikur samfleytt í sókninni; því getur það ekki komið til tals, að gjald verði tekið fyrir einn róður. Gjaldið er svo lágt, að enginn getur haft á móti því, og það get jeg sagt þingmanninum með vissu, að sjóróðramenn að norðan eyða opt peningum til margs, sem er síður gagnlegt og síður sæmilegt, en þó þeir gyldu fáeina aura til kirkju. Þá hártogaði hann og 2. gr., því að það getur ekki dulizt neinum, að orðin: «fari hann burt úr sókninni» eiga að skiljast svo, að hann fari alfarinn burt. Við 3. gr. fann hann helzt að athuga, að presturinn þyrfti að skrifa biskupi um stækkun kirkjunnar; vjer skulum nú setja, að einhver prestur ætti í hlut, sem ekki tæki nærri sjer að skrifa biskupi, þá mundi biskup að líkindum ekki hafa mikið móti stækkun kirkjunnar, ef hann vissi, að hún ætti von á nægum tekjum til þess að standast kostnaðinn. Þó nú kirkjan væri nýbyggð, þegar lögin koma út, þá kostar ekki meira að auka alin við lengd nýrrar kirkju, en gamallar. Hvað orðin «sjá um» í 3. gr. snertir, þá er óþarfi að reyna að hártoga þau; slík umsjón á eðlilega að vera eins varið eins og umsjón presta og kirkjuráðenda með öllu öðru kirkjunni viðkomandi.

Þingmaður Reykvíkinga talaði langt um þetta mál, en jeg hafði ekki höfuð til að grípa flest af því, sem hann sagði; eitt skildi jeg þó, að honum þótti gjaldið ófrjálslegt. Það orð má hafa um alla skatta; hann getur með jafnmiklum rjetti sagt: sá maður er ekki frjáls, sem þarf að greiða eitthvert gjald, og sje það ófrelsi, að verða að greiða 25 a. til kirkju, hvað á þá að segja um skatta, sem nema mörgum krónum, og má ske hundruðum eða þúsundum króna. Þingmaðurinn gaf einnig þá upplýsing, að margar sveitakirkjur stæðu sig vel, en er honum þá ekki kunnugt, að sjávarkirkjur hafa miklu minni tekjur en sveitakirkjur? Man hann ekki eptir lausafjártíundinni? Og hafi hann hvergi í sveit sjeð fátæklega kirkju, þá er hann sannarlega ókunnugur. Þannig hafa t. d. kirkjur í Kjósarsýslu tvöfalt meiri tekjur en kirkjur í Gullbringusýslu. Þá var það ein ástæða þingmannsins móti frumvarpinu, að gjaldið mundi að endingu lenda

á útvegsbændunum; en er það þá nokkur hætta, þó gjaldið lendi á þeim, og þó þeir, sem gjöra út mörg skip og halda 20—30 sjómenn, verði að gjalda dálítið meira en þurrabúðarmenn, sem hafa einn hlut? Það ætti ekki að fæla neinn frá, að samþykkja frumvarp þetta.

Arnljótur Ólafsson: Jeg stend nauðugur upp aptur í þessu máli, því að jeg hafði ekki ætlað mjer að tala meira móti frumvarpinu. Jeg stend að eins upp til þess að lýsa yfir því, að báðir þingmennirnir úr Gullbringusýslu hafa misskilið orð mín eða heyrt þau eigi góðfúslega. Fyrri þingmanninum þótti jeg nota krapta mína til þess að hafna gjöldum til kirkna, en það var ekki ástæða sú, er jeg framflutti gegn frumvarpi þessu. Jeg vil gjarnan stuðla að því, að tekjur kirkna sjeu auknar, þeim til prýðis og söfnuðunum til gagns og gleði, en þó svo, að söfnuðunum sje eigi íþyngt að mun, og tel jeg því eigi eptir þeim, þó þær hafi ríflegar tekjur, en það, sem jeg hef móti frumvarpinu, er, að það fer fram á ójöfnuð, þar sem að eins er lagt á þá menn, sem róa um vetrarvertíð, en ekki á aðra, þótt líkt sje ástatt, og þess vegna eigi bættur hagur nema örfárra kirkna hjer á landi. Ef hinum háa tilgangi að prýða kirkjur ekki verður náð, nema með slíkum ójöfnuði, þá get jeg ekki mælt með honum, en þingmanninum er það engan veginn ofætlun, að koma með annað frumvarp rjettlátara og almennara, og er það þá engin hugraun fyrir hann, þó þetta frumvarp falli, til þess að rísa upp aptur í betri mynd.

Grímur Thomsen: Jeg lái ekki 1. þingmanni Norðurmúlasýslu, þó hann óski þess, að fá álíkt gjald fyrir allar kirkjur, og sje jeg ekki annað, en að mögulegt sje að bæta inn í ákvörðun um það, áður 3. umræða byrjar. Í meginreglunni er því enginn meiningamunur milli okkar, því að jeg er heldur ekki hlynntur lögum sjerstaklegs eðlis, en hjer voru sjerstök lög, kgsbr. 1. desbr. 1752, sem nefndin tók til fyrirmyndar og útvíkkaði. Jeg skal játa, að ýmsar ákvarðanir í 1. grein geta verið misskilningi undirorpnar, en það furðar mig að þingmaður Reykvíkinga, sem ætti að vera kunnugur í sjávarplássum, skuli koma með þá mótbáru, að sjómaðurinn muni fara burt úr sókninni áður en 6 vikur eru liðnar, og þannig skjótast undan gjaldinu, því að það ætti hann að vita, að sjómenn eru ráðnir fyrir alla vetrarvertíðina, og mega því ekki fara burt úr skiprúmi fyr en hún er á enda, nema einhver sjómaður verði veikur, og þá kemur annar í hans stað, og gjalda þeir þá einn fyrir báða og báðir fyrir einn. Þingmaðurinn játaði, að eðlilegast væri að afnema þetta gjald í Útskála- og Hvalsnessóknum, en vildi þó leyfa því að standa, af því það væri orðið gamalt; ef hann er sjálfum sjer samkvæmur, þá ætti hann að fylgja sömu reglu í lögunum um kirkjugjald af húsum, og láta það haldast í Reykjavík einni, þar sem það hefur verið, en ekki hirða um að útvíkka það til annara sókna. (Halldór Kr. Friðriksson: «Nei! það er allt annað mál!»). Enn lagði þingmaðurinn áherzlu á, að gjaldið væri ófrjálslegt; 2. þingmaður Gullbringusýslu hefur þegar svarað þeirri mótbáru, eins og vera bar. Eru máske tekju-, ábúðar- og húsaskattarnir frjálslegir skattar? Hafi þeir ekki verið ófrjálslegir, þá get jeg ekki skilið, að þetta gjald sje ófrjálslegt. Annars ættu menu að vara sig á að við hafa slík orðatiltæki; menn gjöra það, ef til vill, í hugsunarleysi, en alþýða grípur slík orð, og endurtekur þau, og kallar öll gjöld til almennra þarfa ófrjálsleg.

Þegar hjer var komið umræðunum óskuðu 8 þingmenn þess, að umræðunum væri hætt, og voru þeir:

Hjálmur Pjetursson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll prestur Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson,
Páll bóndi Pálsson,
Guðmundur Ólafsson og
Björn Jónsson,

og var samþykkt í einu hljóði, að hætta umræðunum. Var síðan gengið til atkvæða. Breytingar-atkvæði þingmanns Vestmannaeyja við 1. gr. frumvarpsins felld með 19 atkvæðum gegn 1.

1. gr. frumvarpsins felld með 16 atkv. gegn 2; þar með var 2.—4. gr. sjálffallnar.

5. gr. frumvarpsins var felld með 14 atkv. gegn 1, og viðaukauppástunga þingmanns Vestmannaeyja þar með sjálffallin. — Þannig var frumvarpið allt fellt.

II. VERZLUNARSAMNINGUR milli Spánar og Danmerkur. Fyrirspurn frá 1. þingmanni Gullbringusýslu (Grími Thomsen) til landshöfðingja út af verzlunarsamningi milli Spánar og Danmerkur 21. desbr. 1878. Sjá I 22. Rædd á 10. fundi, 12. júlí.

Varaforseti, (Grímur Thomsen): Í þessari fyrirspurn liggur frá minni hálfu enginn efi á því, að landstjórnin hafi gjört allt, sem gjöra þurfti til þess, að samningur þessi hefði sem bezt áhrif á verzlun Íslands; heldur vildi jeg, að með henni yrði ljóst, hver áhrif hann hefði á verzlun vora. Það er ef til vill eigi öllum kunnugt, að þessi samningur er hinn fyrsti verzlunarsamningur milli Danmerkur og Spánar. Vöruflutningar milli Spánar og Danmerkur eru miklu minni að tiltölu en frá Íslandi til Spánar, þar sem hjeðan eru árlega flutt 10000 til 15000 skp. af saltfiski til Spánar, en frá Danmörku að eins lítið eitt af herragarðssmjöri. Reikni menn skp. af saltfiskinum á 45—50 kr., þá nemur það hálfri millión króna árlega, og er það mikið fje fyrir fátækt land. það er því auðsætt, að í slíkum samningi sem þessum hlýtur stjórnin að taka tillit til Íslands. Það er auðvitað, að það er engan veginn lítilsvert, hvernig slíkur samningur er vaxinn, hvort hann er oss haganlegur eða eigi. Jeg er eigi viss um, hvort samningurinn er deildarmönnum kunnur. Jeg skal því leyfa mjer að lesa upp einstakar greinar samningsins. Í 1. gr. stendur: «Milli konungsríkjanna Danmerkur og Spánar skal gilda verzlunar og siglingafrelsi og jafnrjetti, og skal hvorki við aðflutninga nje útflutninga landveg eða sjóveg leggja nokkurn toll eður annað gjald á landaura eður unninn varning, (Kunstflidsprodukter) annars eðlis eða hærri en þann, sem liggur á hinum sömu vörum, þegar þær flytjast að eða út úr sömu löndum. Hvorutveggja stjórn skuldbindur sig til þess, að veita ekki þegnum nokkurs annars ríkis í neinu því, er snertir verzlun og siglingar, nokkurt einkaleyfi, fyrirrúm eða undanþágu án þess jafnframt að gjöra verzlun og siglingar hins ríkisins þessara gæða aðnjótandi». 9. gr. snertir verzlunarfulltrúa; 10. gr. snertir sjófarendur og strönd, 11 gr. meðferð á skipum. 12. gr. hljóðar þannig: «Þar eð sjerstök löggjöf á sjer stað í nýlendum og lendum (með lendum er föðurland vort sjálfsagt talið) beggja ríkja, koma þær ekki inn undir þessa samþykkt». Allar þær ívilnanir, sem samningur þessi hefur inni að halda, eiga því eigi heima hjá Íslandi. Í 2. málslið 12. greinar er þó nokkur huggun; hann hljóðar þannig: «Þó skulu þegnar beggja ríkja í verzlunar- og siglingamálum njóta þar (í nýlendunum) sömu rjettinda, forrjettforrjettinda, og undanþága í því, sem snertir siglingar, skipagjöld og tolla, bæði er skipin koma og fara, sem þær þjóðir eru aðnjótandi, er mest er ívilnað». Þegar því Spánverjar fara til Íslands, njóta þeir sömu rjettinda sem aðrar þjóðir, og þegar Íslendingar fara til Cuba eða Puertorico, njóta þeir sömu rjettinda sem aðrar þjóðir, en ekki þegar þeir fara til sjálfrar Spánar. Þannig liggur samningurinn fyrir. Til að gjöra landshöfðingja ljettara fyrir, ætla jeg að skýra frá toll-lögum Spánverja saltfiski viðvíkjandi áður en samningur þessi var gjörður. Hjá þeim var ferns konar tollur á saltfiski. Lægstur tollur var á þeim saltfiski,

sem fluttur var á spænskum skipum, þaðan sem hann var verkaður, nokkuð hærri á fiski, sem fluttur var á spænskum skipum, þaðan sem hann var ekki verkaður, enn þá hærri, á saltfiski, sem fluttur var á ekki spænskum skipum þaðan, sem hann var verkaður, og þessa hæstur á saltfiski, sem fluttur var á ekki spænskum skipum þaðan sem hann var ekki verkaður, og munar hjer um bil 7 kr. á skp. hvort fiskurinn var fluttur á spænskum skipum eða ekki, og, að mig minnir, 9—10 kr. á skp. hvort hann var fluttur í spænskum skipum frá verkunarstaðnum (Productionsstedet), eða annarsstaðar að. Tollurinn á íslenzkum fiski aðfluttum til Spánar í dönskum skipum var sem sje, og er líkast til enn 13 rd. 50 sk. af skippundi, en í spænskum skipum að eins 10 rd. 13 sk., og þess utan munur að auk, eptir því hvaðan fiskurinn kom, lægri frá verkunarstaðnum en frá öðrum höfnum.

Nú finn jeg eigi neitt um það í samningnum, að íslenzkum skipum sje nokkur ívilnun veitt, en hitt finn jeg, að það muni hagur vera fyrir kaupmenn, að flytja fiskinn fyrst til Kaupmannahafnar og þaðan til Spánar. En mundi það eigi vera meiri hagur fyrir þá að flytja fiskinn *beint* hjeðan til Spánar, heldur en að fara fyrst með hann til Kaupmannahafnar, bíða þar með hann og gjalda þar af honum og flytja hann svo til Spánar. Jeg vil og geta þess, að þegar jeg var kunnugur ytra, þá fóru kaupmenn fram á það, að Kaupmannahöfn væri skoðuð sem *Productionssted*, svo sem Björgvin er nú. En þeirri ósk þeirra varð eigi framgengt, því að þeir, sem hjer þekktu til, ætluðu, að varan yrði eigi eins vel borguð hjer, ef hún væri eigi flutt beint til Spánar. En síðan veit jeg ekki, hvort haldið hefur verið áfram sömu viðleitni. Þessi samningur er gildur gjörður (ratificeraður) 21. desemb. 1878, þó hann væri saminn 6 árum fyr, og verð jeg að óttast, að þessi ósk kaupmanna, sem þá var ofan á, sje nú uppfyllt, og meiningin sje, að flytja fiskinn fyrst til Kaupmannahafnar og síðan til Spánar, og leyfi jeg mjer því að leita skýringar hjá landshöfðingja um þetta, af því að jeg þykist vita það, að stjórnin muni hafa leitað atkvæðis hans í þessu máli, en eigi gengið fram hjá honum með það, hvað væri vor hagur og óhagur fyrir Ísland, og eigi farið eingöngu eptir óskum kaupmanna í Kaupmannahöfn. Þó nú samningur sá, sem hjer liggur fyrir, hafi verið saminn 1872, þá var hann ekki staðfestur fyr en 1878, og gildir því að eins frá dagsetningu staðfestingarinnar. Það mun því bráðum sýna sig, hver kjör hann býður oss, en þau geta, að minni ætlun, varla orðið nema verri en þau áður voru, meðan enginn samningur var til. Því annars væri meiningarlaust, að samningurinn í 12. gr. undantekur Ísland (lendur Dana og nýlendur) frá öllum þeim hlynnindum og ívilnunum, sem undanfarandi greinir veita. Sje svo, sem jeg óttast, þangað til landshöfðingi færir mjer heim sanninn um, að þessi ótti sje orsakalaus, þá kalla jeg ekki hagsmunum þessa lands borgið í samningnum, og lítur svo út í fljótu bragði, sem því hafi verið lítill gaumur gefinn, meðan verið var að semja, hvað Íslandi og Færeyjum væri til hags. Spánverjar eru nákvæmir menn í tollmálum, og munu þeir hafa andvara á, hvaðan úr Danaveldi fiskur er fluttur til Spánar, hvort hann kemur frá Danmörku sjálfri, eða lendunum (Íslandi og Færeyjum), þó hann aldrei nema sigli undir sama flaggi. Þeir munu hafa vit á að komast eptir, hvort hann kemur frá Kaupmannahöfn og Helsingjaeyri, eða frá Reykjavík, Þórshöfn og Ísafirði, og þá sannast, hvort tollurinn, eins og áður var, verður lægri, þegar fiskurinn er innfluttur beina leið frá Íslandi, eða, eins og jeg óttast, hærri, nema svo að eins að skipið, sem ætíð má sjá á skipsskjölunum, hafi komið við á leiðinni í danskri höfn. Væri þessi ótti á góðum rökum byggður, þá hefur Ísland beðið

halla við samninginn frá því sem var undir samningslaginu, og ekki þá heldur að búast við, eins og áður tíðkaðist, að spænsk skip komi til Íslands til að sækja vöru vora, þau fara þá til Khafnar, og þessi bær og sú verzlunarstjett, sem þar á heima, hefur þá allan haginn af hinum lægra tolli, á sama hátt og Björgvin hefur nú fyrir sitt leyti, af fiski, sem þaðan flytzt, hvort hann er verkaður umhverfis Björgvin, eður í Lofoten og Finnmörku. En — vonum landshöfðinginn geti tvístrað þessum efasemdum og burt numið þennan ótta.

Landshöfðinginn: Áður en jeg sný mjer að fyrirspurninni, vil jeg geta þess, að samningur sá, sem hjer er um að ræða, milli Danmerkur og Spánar, er ekki, eins og varaforseti tók fram í ræðu sinni, gjörður 21. desbr. f. á., heldur hefur hann verið gjörður 8. septbr. 1872, en hann er ratificeraður eða staðfestur 21. desbr. 1878 og birtur í auglýsingu utanríkisráðgjafans 20. jan. þ. á. Þessi auglýsing er samt sem áður enn ekki birt í stjórnartíðindum Íslands. Hvað snertir fyrirspurnina um, hvað landsstjórnin eða landshöfðingi hafi gjört til þess að sjá Íslandi og hagsmunum þess borgið í tjeðum samningi, skal jeg geta þess, að mjer hefur verið ókunnugt um þennan samning, þangað til hann var birtur með auglýsingunni 20. jan þ. á; enda liggur það alveg fyrir utan verkahring landshöfðingja að semja við útlend ríki; en það er, eins og þingmönnum er kunnugt, ætlunarverk hins konunglega danska utanríkisráðs fyrir ríkið í heild sinni.

Hvað snertir 1. tölul. fyrirspurnarinnar: hver áhrif þessi samningur hafi á verzlun Íslands, verð jeg að skilja 12. gr. samningsins allt öðru vísi en varaforseti gjörði. Hann lagði sjerstaklega áherzlu á orðið í 12. gr. »þar», og kom að þeirri niðurstöðu, að einungis í nýlendum og aukalöndum Spánar, sje með samningnum veitt hinni íslenzku verzlun þau rjettindi, einkarjettindi, hlunnindi o. fl., sem veitt eru eða kunna að verða veitt þeirri þjóð, sem flestra hlunninda er aðnjótandi þar o: í nýlendum Spánar, en að engin rjettindi sjeu veitt verzlun Íslands í konungsríkinu sjálfu. Jeg get ekki skilið samninginn í heild sinni og 12. gr. hans öðru vísi, en að ákvarðanir hans í heild sinni gildi, að svo miklu leyti snertir konungsríkið Spán sjálft, fyrir Ísland, og að því með samningnum sjeu veitt hin sömu rjettindi og hlunnindi, sem Danir eptir honum verða aðnjótandi. — Aptur á móti hefur 12. gr. eptir mínum skilningi að innihalda þá viðbót með tilliti til nýlenda Spánar, að í þeim sjeu veitt verzlun og siglingum bæði Dana og Íslendinga þau rjettindi, er þar getur um. Þessi skilningur er byggður á því, að það leiðir af sjálfu sjer — þar sem, eins og þingmönnum er kunnugt, þjóðerni hvers skips verður einkennt með flaggi því, er það siglir undir, og öll íslenzk skip sigla undir dönsku flaggi, — að ekki verði neinn munur á því, hvort íslenzkar vörur verða fluttar til Spánar á skipum frá Íslandi eða frá Danmörku.

Hvers vegna 12. gr. hefur aðra ákvörðun inni að halda með tilliti til nýlendu Spánar, en með tilliti til konungsríkisins sjálfs, get jeg ekki skýrt nákvæmlega frá, en jeg ímynda mjer, að hin sjerstaka löggjöf nýlendanna kynni að vera því til fyrirstöðu, t. d. með tilliti til trúarbragðafrelsis þess, er getið er um í 1. gr. samningsins, og, ef til vill, með tilliti til ákvarðananna í 8., 9. eða 10. gr., er ekki beinlínis snerta verzlun og siglingar; en með tilliti til þeirra hefur ekki samkvæmt 12. gr. verið neitt því til fyrirstöðu einnig í nýlendunum að veita Dönum og Íslendingum þau rjettindi, er veitt eru eða framvegis kunna að verða veitt þjóðum þeim, er mest er hlynnt að.

Eptir þessum skilningi, sem jeg verð að álíta rjettan og á rökum byggðan, er með samningnum 8. sept. 1872 útvegaður verzlun Íslands jafn rjettur við verzlun Dana,

og hefur stjórnin þannig sjeð Íslandi og hagsmunum þess borgið í tjeðum samningi.

Varaforseti: Jeg hef lengi vitað, að skilningur minn var ófullkominn; en aldrei hef jeg sjeð, hversu lítið jeg skil í frönsku og dönsku, jafn vel og nú (!). Jeg skal geta þess, — sem er eigi þýðingarlaust, — að þegar landshöfðinginn las upp 12. gr., þá las hann eigi upp nema hina síðari málsgrein. Jeg skora á landshöfðingjann um, hvort mögulegt er að leggja franska textann öðruvísi út en jeg hef gjört. Hjer er eigi heldur að ræða um trúarbragðafrelsi, af því að eigi er talað um það, að því er jeg hef frekast tekið eptir, í neinum greinunum á undan. 1. gr. hljóðar um verzlun, 2. gr. um það, með hverjum kjörum varningur megi leggjast upp, o. s. frv. Landshöfðinginn verður að fyrirgefa, að jeg þýði frakkneska orðið »y« þ a r. En eitt heyrir maður nú nýtt, og það er, að þegar danska stjórnin semur í fyrsta sinn verzlunarsamning við Spánverja, þá hefur hún eigi leitað álits landshöfðingjans yfir Íslandi um það, hvað því hentaði bezt. Vjer vitum þó, að þegar um slíka samninga er að ræða, þá eru öll stórkaupmannafjelög spurð til ráða, og látin gefa álit sitt þar um, en landshöfðingja á landi í 300 mílna fjarlægð er eigi gjört svo hátt undir höfði, að hans álits sje leitað. Þetta er hart fyrir landshöfðingjann; en auðvitað er, að afleiðingin af þessu fellur yfir á oss. Að öðru leyti þarf engra andsvara við uppá ræðu landshöfðingjans. Samningurinn sýnir sig sjálfur, þegar hann verður hjer birtur, ef svo mikið verður við oss haft, og getur þá hver læs Íslendingur dæmt landshöfðingjans og mín á milli. Hann heldur allt sje, eins og það á að vera, jeg hef alveg gagnstæða skoðun. Jeg ætla að biðja hinn hæstvirta forseta um, að bera dálitla dagskrá undir atkvæði þingsins, áður en umræðunni um fyrirspurnina er lokið.

Tillaga varaforseta um að taka til næsta máls á dagskrá var þannig hljóðandi:

»Í því trausti, að landsstjórnin sjái svo fyrir, að Ísland nái fullu jafnrjetti við Danmörku í verzlunarviðskiptum við Spán, tekur þingdeildin næsta mál á dagskránni fyrir».

Landshöfðinginn: Áður gengið verður til atkvæðis um uppástungu varaforseta tek jeg það upp aptur, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að með samningnum 8. septbr. 1872 sje útvegaður verzlun Íslands jafnrjettur við verzlun Danmerkur í konungsríkinu Spáni og nýlendum þess.

Jeg skal bæta því við, að landshöfðingjaembættið var ekki til 8. septbr. 1872, og því var ekki hægt að bera þennan samning undir álit landshöfðingjans.

Þá var tillaga varaforseta borin undir atkvæði deildarinnar og hún samþykkt í einu hljóði.

III. REGLUGJÖRÐ OG LAUN HANDA HREPPSTJÓRUM. Fyrirspurn til landshöfðingja frá 2. þingmanni Árnesinga (Þorl. Guðmundssyni). Sjá I. 117.

Þorlákur Guðmundsson: Að jeg ber fram þessa fyrirspurn er einkum af þeirri ástæðu, að jeg hef orðið var við, það mörgum hreppstjórum hefur þótt það stór galli, að ekki er til reglugjörð fyrir þá, að fara eptir; menn kunna má ske að vísa til hreppstjórainstruxins, en það er að gætandi að sumstaðar er það alls ekki til, og sumstaðar að eins skræður af því, og þar að auki hefur svo margt breytzt nú í 70 ár, að margar ákvarðanir instruxsins ekki eiga við, og væri þó nauðsynlegt að þessir embættismenn, því svo má kalla þá, þó þeir hafi ekki nema heiðurinn af því nafni, hefðu einhverjar fastar reglur að fara eptir. Jeg verð að álíta, að það sje nauðsynlegt fyrir menn, sem jafnmiklum störfum hafa að

gegna. Að vísu veit jeg, að landshöfðinginn hefur haft slíka reglugjörð í smíðum, og enda hefur nauðsynin á slíkri reglugjörð vaxið ár frá ári, ekki sízt síðan sveitarstjórnarlögin komu út, þar optast nær koma árlega ný lög, er leggja hreppstjórunum nýjar skyldur og störf á herðar. Nú er svo komið, að flestir eru alveg í óvissu um, hver störf hvíla á hreppstjórunum, og jafnvel yfirboðarar þeirra, sýslumennirnir, vita naumast hver verkahringur þeirra er eða þá hreppsnefnda.

Hvað síðari hluta fyrirspurnarinnar snertir, þá bjóst jeg þegar 1875 við frumvarpi frá stjórninni um laun handa hreppstjórum, því að þótt þeir sjeu ekki kallaðir háttstandandi embættismenn, þá er þó embætti þeirra ekki síður nauðsynlegt en sumra annara, sem há laun hafa, en ekkert kom þá fram í þá átt. Árið 1877 fór á sömu leið, ekkert frumvarp kom fram um laun handa þeim. Nú er komið 1879, og ekki er enn komið neitt stjórnarfrumvarp um þetta efni, og held jeg þó, að það megi vera öllum ljóst, að það er ósanngjarnt að halda þessum mönnum við starf þetta alveg launalaust, því að þeir eru sannarlega launaverðir, og það er landssjóðurinn, sem á að gjalda þeim. Það er þjenanlegt fyrir hið opinbera að tryggja sjer góða menn með þóknun til þessa starfs. Það er vanalegt, að beztu bændur eru til þess valdir, hvort sem þeir geta það eða ekki, vegna heimilis kringumstæða þeirra, og er áríðandi að það sjeu færir menn, og að sami maðurinn verði nokkur ár í embættinu. En ef þeir leggja rækt við embættið, þá er ómögulegt að þeir geti stundað sín eigin störf fullkomlega, enda er þessi starfi eyðilegging fyrir fjelausa bændur, og er það hart, þegar litið er til, hvernig aðrir embættismenn eru launaðir. Jeg álít, að þetta geti ekki verið rjettlátt, því að ef litið er á, að eignarrjetturinn er friðhelgur samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja, er ekki vinnukraptur og tími peningar? Og er þá rjett að svipta þessa menn vinnukrapti og tíma án nokkurs endurgjalds? Þegar þar að auki er litið á alla þá gestanauð, sem þeir verða að búa undir, þar sem fjölda-margir þurfa að tala við þá um embættis sakir, og þetta hef jeg sjeð að var tilfært því til meðmælingar, að póstafgreiðslumenn fengu hærri laun, eins og rjett var. Þegar á þetta er litið, þá furðar mig enn meir, að ekki skuli enn vera gjörð ráðstöfun til að launa hreppstjórum.

Landshöfðinginn: Jeg skal leyfa mjer að svara upp á þessa fyrirspurn 2. þingmanns Árnesinga fám orðum. Fyrirspurnin hljóðar upp á tvennt: 1. hve nær vænta megi, að reglugjörð fyrir hreppstjóra verði fullsamin, og 2. hvað komi til þess, að stjórnin hafi ekki enn lagt fyrir þingið frumvarp til laga um að útvega þessum embættismönnum laun. Hvað fyrra atriðið snertir, þá var árið 1875, eins og þingmaðurinn benti á, samið og prentað bráðabirgðarfrumvarp til reglugjörðar fyrir hreppstjóra, sem var sent amtmönnum, sýslumönnum og ýmsum málsmetandi mönnum, til þess að þeim gæfist kostur á að segja álit sitt um frumvarpið í heild sinni og hin einstöku atriði þess, og stinga upp á breytingum við það. Þegar árið 1876 álitsskjöl voru send mjer frá sýslumönnum og amtmönnum, voru frumvörp til laga um skattamálefni landsins, landbúnaðarmálið og um skipti á dánarbúum m. fl. í undirbúningi frá stjórnarinnar hálfu, og þar sem bæði þessi lög og einnig tíundarlögin, er dagsett eru 12. júlí f. á., eiga sjálfsagt að hafa veruleg áhrif á reglugjörðina fyrir hreppstjóra, sem þess vegna mátti fresta eptir úrslitum þessara mála. Að vísu er enn þá óútkljáð landbúnaðarmálið, en samt sem áður hef jeg álitið, að mjer beri ekki að fresta lengur að semja reglugjörðina fyrir hreppstjóra, og þess vegna hefur bráðabirgðarfrumvarpið í vetur er leið verið nákvæmlega gagnskoðað, og tillit tekið bæði til lagabreytinga þeirra, er seinna eru komnar á, og til tillaga hlutaðeigandi yfirvalda. Frumvarp það, sem

þannig hefur verið samið, hef jeg með brjefi 23. maí þ. á. sent til hinna þriggja amtsráða, og samkvæmt 52. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitastjórn, leitað álita þeirra um frumvarpið. Þegar jeg hef fengið tillögur amtsráðanna, mun reglugjörðin verða fullsamin og, ef landbúnaðarlögin verða samþykkt á þessu alþingi, nauðsynlegt tillit verða tekið til lagabreytinga þeirra, er þau kunna inni að halda.

Hvað snertir 2. tölulið fyrirspurnarinnar, skal jeg geta þess, að hreppstjórar ekki eru embættismenn landsins í þeim skilningi, að þeim beri að öllu að launa af landssjóðnum, en mjer virðist þó sanngjarnt að veita tillag úr landsjóðnum til launanna, sem að öðru leyti verða að útvegast sumpart af sýslusjóðnum eða amtssjóðnum, því eptir að fátækramál eru lögð undir hreppsnefndirnar er hreppstjórinn sjer í lagi umboðsmaður sýslunefndarinnar í þeim sveitarmálum, er undir hana liggja, sbr. tilsk. 4. maí 1872 39. gr. (vegir, afrjettir, fjallskil o. s. frv.), sumpart með aukatekjum. Þess vegna hefur stjórnin ekki fundið nægá ástæðu til að leggja frumvarp fyrir alþingið um að útvega hreppstjórunum laun, á meðan ekki var komin uppástunga um það frá hlutaðeigandi sveitarnefndum eða bænarskrá frá hreppstjórum. Aptur á móti hef jeg í bráðabirgðarfrumvarpinu til reglugjörðar þeirrar, er hjer ræðir um, vakið máls um laun handa hreppstjórum. Jeg get ekki verið þingmanninum samdóma um skilning hans á 50. gr. stjórnarskrárinnar, að rjettur hreppstjóra til launa geti orðið byggður á henni.— Um launamál hreppstjóra verður tækifæri til frekari umræðu, þegar frumvarp það, er 1. þingmaður Árnesinga hefur borið upp, kemur á dagskrá.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki annað en verið ánægður með svar landshöfðingja upp á fyrirspurn mína, og skal kannast við, að skilningur minn á 50 gr. stjórnarskrárinnar kann ske ekki sje rjettur; en flestu held jeg að finnist vörn o. s. frv. En að hreppstjórar sjeu umboðsmenn sýslunefnda, eða eigi að sjá um fjallskil og vegabætur, er ekki rjett; það eru hreppsnefnirnar.

IV. NÝTT LÆKNISHJERAÐ í Dalasýslu. Lagafrumvarp frá Guðmundi Einarssyni, þingmanni Dalamanna. Sjá I. 22.

Fyrsta umræða í *neðri deild*, á 5. fundi, 7. júlí.

Flutningsmaður (Guðm. Einarsson): Mál þetta vona jeg komi þingmönnum ekki á óvart. Það er ekki nýtt, það var hjer á þingi 1875 og 1877, og er nú hjer enn aptur komið. Sýslubúar í Dalasýslu hafa fundið og finna enn til þarfar sinnar í þessu efni. Hjerað það, sem hjer ræðir um og er í læknisþröng, er eitthvert hið víðlendasta á öllu landinu, og er hjer um 2 dagleiða ferð að vitja læknis frá yztu bæjum þess, og væri læknir þá ekki heima, heldur annaðhvort vestur undir Jökli eða vestur í Eyjahrepp, þá gæti orðið mjög löng bið, já oflöng bið, að til hans yrði náð, ef bráðrar læknishjálpar þyrfti við. Í annan stað er það, að fólksfjöldinn er mikill (c: 6000), og það gefur að skilja, að því fleira fólk, því optar er þörf á lækni. Í þriðja lagi er þess að gæta, að á allar hliðar er svo langt að ná í aðra lækna, t. a. m. læknana í Barðastrandar, Húnavatns og Mýrasýslum, að það er víða úr Dalasýslu mjög erfitt. Væri aptur á móti læknir vel settur í Dalasýslu, gæti hann orðið til nokkurrar hjálpar þeim, er í grennd búa í hinum næstu læknishjeruðum. Í fjórða lagi er nú svo komið, að hæpið er að reiða sig á lið hinna ómenntuðu lækna, síðan farið er að lögsækja þá eptir niðurlagi konungsbrjefs frá 25. febr. 1824, og má nærri geta, að ekki muni batna um læknishjálp og er því meiri orsök til að stofna nýtt læknisumdæmi í Dalasýslu.

Að minnsta kosti vonast jeg til, að frumvarp þetta fái að komast til annarar umræðu, og reyndar vona jeg, að það fái góðan byr allt til enda hjer á þinginu.

Páll Pálsson prestur: Jeg skal leyfa

mjer að leiða athygli þingsins að því, að ef frumvarp þetta fengi framgang, gæti það orðið til þess, að þau læknaumdæmi, sem þegar eru stofnuð og enn eru læknislaus, fengju seinna og máske aldrei lækni. Því virðist mjer ekki brýn nauðsyn á, að stofna þetta nýja læknisembætti fyrr en hin eldri eru skipuð læknum. Það er annars undarlegt, að á þessu skuli nú allt í einu vera orðin svo brýn nauðsyn, sem eigi hefur verið hreift fyrr, og þegar jeg virði fyrir mjer afstöðuna, virðist mjer sögusögn þingmannsins um vegalengdina og örðugleikann að ná í lækni varla sennileg, og mjer er nær að halda, að hann flytji mál þetta nauðugur, og get jeg vorkennt honum það, ef hann, sem er svo alkunnur að samvizkusemi og sannleiksást, skyldi berjast fyrir þessu málefni móti geði sínu.

Flutningsmaður: Seinustu orð þingmannsins, er nú talaði síðast, álít jeg ekki svaraverð. En hvað ástæður hans snertir móti frumvarpinu, þá eru þær ljettvægar. Af því að 3 læknisumdæmi eru nú sem stendur auð, ætti að neita að stofna nýtt nauðsynlegt læknisumdæmi! Á að bíða eptir stofnun þessa nýja, þar til búið er að fá lækna í hin auðu, og hve nær verður það? Á þingmaðurinn víst að þeir fáist nú þegar ef þetta læknisumdæmi verður ekki stofnað? Eiga Dalasýslubúar að bíða læknislausir þangað til alskipuð eru öll læknahjeruð? Þessu vil jeg svara neitandi, og jeg vona þingdeildin verði á sama máli og jeg. Að þingmanninum þyki ósennilegt, að örðugt sje að ná til læknis í hinu umtalaða læknishjeraði, getur vel verið, en það kemur til af því, að hann er þar alveg ókunnugur, svo sú ástæða hans er þýðingarlaus.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg þykist nú dálítið kunnugur hinu umrædda hjeraði, og get sagt það með sönnu, að það er svo langt í frá, að flutningsmaður frumvarpsins hafi gjört of mikið úr vegalengdinni, að þar sem hann sagði, að 2 daga þyrfti, segi jeg, að fyrir gæti komið, að 4 daga þyrfti við, til að ná í læknishjálp, og, má jeg spyrja: hvaða læknishjálp er það? Að jeg að eins nefni eitt dæmi, hvað mundi það stoða sængurkonu? Jeg tek árinni svo djúpt í um þetta hjerað, að jeg segi, að það sje jafnvel hið fyrsta, sem þurfi læknis við, og svo að jeg brúki útlent orð, sem þarf hans «absolut», því öll Dalasýsla er læknislaus, og nokkur hluti Strandasýslu líka. Mótbára 1. þingmanns Skaptfellinga, að svo mörg læknaembætti væru laus, og þyrfti fyrst að skipa lækna í þau, er lítilsverð. Hver segir að fyrst verði sótt um þetta fyrirhugaða læknisembætti? Það er þó auðsjeð af því, sem hann sagði, að einhvern tíma vill hann stofna þetta læknisembætti, þegar hin fyrst eru skipuð læknum. Vill hann þá setja það skilyrði við læknaefnin eða læknana, að um Dalasýslu megi þeir ekki sækja fyr en hin væru skipuð, og eigi sækja úr þessum hjeruðum; því að þætti þetta læknisumdæmi betra eða þægilegra en önnur, þá er það svo sem auðvitað, að um það yrði sótt, þó seinna yrði, því að embættismaðurinn er aldrei svo fastur, að hann ekki sæki um annað betra, ef það býðst. Að öðru leyti ber jeg engann kvíðboga fyrir skorti á læknum, það eru nógir að læra bæði hjer og erlendis.

Páll Pálsson prestur: Mjer virðist undarlegt, hvað þessi brýna nauðsyn hefur komið allt í einu í þetta skipti; hennar var þó ekki getið þegar læknaskipunar-málið lá fyrir þinginu. Þessi nauðsyn hlýtur því að hafa vaxið síðan og það óskiljanlega. Að öðru leyti mótmæli jeg því, að þetta umrædda hjerað þurfi öllum öðrum hjeruðum fremur læknishjálpar, og get í því tilliti bent á Austur-Skaptafellssýslu. Ekki kom mjer til hugar að setja læknum nokkurt skilyrði fyrir því, hvert læknisembættið þeir mættu sækja um. Því þó það kunni nú sem stendur að vera einhver hleypidómur um það, að læknisumdæmið í Eystri-Skaptafellssýslu sje ekki viðunandi, er jeg sannfærður um, að ef einhver rjeðist í að reyna það, mundi hann áður langt um liði skoða vel huga sinn um það, hvort hann mundi heldur vilja fara annað, og óbeit sú,

sem læknar og læknaefni hafa á þessu umdæmi, mundi þá hverfa.

Þórður Þórðarson: Jeg skal leyfa mjer að svara 1. þingmanni Skaptfellinga því, að sú hin brýna nauðsyn um lækni, sem honum finnst hafa komið svo hastarlega fram, er ekki ný, því jeg gat þess hjer í þessum sal þegar læknalögin lágu fyrir, að læknisumdæmið væri of stórt, en að þingmaður Dalamanna þá var á öðru máli, getur, ef til vill, hafa komið af því, að læknirinn í Stykkishólmi gat betur snúizt við að sinna Dalamönnum, vegna þess, að þá var uppi maður í Snæfellsnessýslu sem talsvert hjálpaði með lækningum. En nú er jeg viss um, að þingmaður Dalamanna er orðinn sannfærður um nauðsyn til þess, að aðskilja Dalasýslu sem læknisumdæmi frá Snæfellsnessýslu, og fylgir henni fram viljugur, og jeg er enn sömu skoðunar og jeg var 1875 og 1877, að þessi aðskilnaður sje nauðsynlegur. Jeg mun því gefa atkvæði mitt með frumvarpi þessu.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Mál þetta var fyrir í hitt eð fyrra og þótti þá í fyrra lagi fram borið. Nú kemur það aptur fram að mjer virðist ekki á sem formlegastann hátt; því bæri brýn nauðsyn til, hefði sýslunefndin eða amtsráð vesturamtsins átt að bera þetta fram. Það er auðvitað, að mannkærleiki talar með því að fjölga læknum, en mundi þá ekki þörfin víðar? Mundi ekki t. a. m. Þingeyjar- og Skaptafellssýsla þurfa á lækni að halda? En slík fjölgun lækna bannar sig sjálf að svo stöddu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg þykist kunnugur í Dalasýslu, og eins og þingmaður Dalamanna, og skal jeg játa að læknis umdæmi það, sem hjer ræðir um að skipta, er stórt, en hann ofhermir þó um vegalengdina. Hitt er satt, að umdæmi þetta er fólksfleira en flest önnur. En það sem jeg einkum hef á móti því að breyta lögum um læknaskipun er það, að þau eru svo ung, og hjer er eingöngu farið fram á að skipta einu umdæmi í 2. Sje slíku farið fram, þá verður breytingin af handahófi og á það sízt við meðan sum af þeim hjeruðum, sem þegar eru, eru læknislaus, og eiga þó miklu erfiðara með að ná til læknis, en það hjerað, sem hjer ræðir um til síns læknis. Það er óneitanlegt, að æskilegt væri, að mörg læknisumdæmi væru minni, og þegar þeir tímar koma, að öll þau umdæmi, sem nú eru skipuð læknum, og sje landssjóðurinn þá svo staddur, að útgjöld hans verði aukin, þá álít jeg tíma til kominn, að endurskoða lögin um læknaskipunina öll. En þangað til held jeg bezt að fresta að skipta einu læknisumdæmi í tvö umdæmi, því sú skipting hlýtur að vera af handa hófi í samanburði við önnur umdæmi.

Flutningsmaður: Út af því sem varaforseti sagði, að umkvörtunin ekki hefði komið frá hlutaðeigandi sýslunefnd eða amtsráði vesturamtsins, skal jeg geta þess, að hún að vísu kom ekki þaðan beinlinis, en máli þessu var hreift á fundi í Dalasýslu, og þess óskað að þingmaðurinn fylgdi því fram. Jeg finn að það er æskilegt að fá meðmæli amtsráðs og sýslunefndar ef menn vilja fá stofnað nýtt læknahjerað, en ekki mun slíkt vera lögskipað skilyrði. Jeg get fullvissað 2. þingmann Gullbringusýslu um, að það sem sagt hefur verið um vegalengdina í Dalasýslu og erfiðleika með að ná lækni, er ekki ofhermt. Að öðru leyti skal jeg ekki elta orð hans frekar að sinni, því síður sem jeg varla heyrði sumt af því, er hann talaði. Þingmaður Snæfellinga gat þess, að jeg hefði verið á öðru máli 1875 og þá ekki haldið því fram að Dalasýsla yrði læknishjerað sjer. En þetta er ekki rjett hermt eins og sjá má af þingtíðindunum.

Hjálmur Pjetursson: Það eru einungis 2 ástæður sem mjer virðast geta verið á móti máli þessu, fyrst og fremst, eins og vant er hjá oss, fjeskorturinn, og í annan stað skortur á læknaefnum, en allt að einu sýnist mjer samt sjálfsagt, að mál þetta ætti að ganga til 2. umræðu. Það segir sig sjálft að bæði örðugleikinn á því, að ná í lækni og fólksfjöldinn í Dalasýslu, mæla allra hluta kröptuglegast með máli þessu, og á

þetta vil jeg leggja áherzluna, því það er hinn mesti munur, hvort hinir afskektu partar umdæmisins, eru fólksfáir, eða svo fólksríkir að hundruðum skipti; jeg vil því mæla fastlega með því, að málið gangi til 2. umræðu, má þó að minnsta kosti yfirvega það betur og er þá tími til að fella það seinna.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Þó það reyndar má ske mætti þykja kynlegt að flutningsmaður þessa frumvarps, þingmaður Dalamanna, sem er sjálfur bæði í sýslunefnd Dalasýslu og í amtsráði vesturumdæmisins, ekki skuli hafa hrieft því þar, — þá er það sjálfsagt að jeg ber svo mikla virðing fyrir hinum svo nefndu «frjálsu fundum» að jeg fyrir mitt leyti ekki vil vera því mótmæltur að málið gangi til 2. umræðu.

Hjálmur Pjetursson: Þótt það sje tekið fram í sveitarstjórnarlögunum, að sýslunefndir og amtsráð skuli hafa afskipti af heilbrigðismálefnum, þá veit jeg eigi til að það sje fyrirskipað form, að slík frumvörp sem þetta, þurfi að ganga gegn um amtsráðin, en sje það ekki fyrirskipað, þá er eigi rjett að hrinda máli þessu af þeirri ástæðu.

Var síðan til atkvæða gengið og með 17 atkv. samþykkt að málið gengi til 2. umræðu.

Önnur umræða í *neðri deild*, á 8. fundi, 10. júlí.

Flutningsmaður (Guðmundur Einarsson): Mál þetta var svo ítarlega rætt við 1. umræðu deildarinnar, svo jeg álít að þingmönnum sje orðið vel ljóst, bæði hvað mælir með því og móti, og því álít jeg ekki ástæðu til, að tala frekar um það, meðan ekki koma nýjar mótbárur móti því.

Landshöfðinginn: Jeg vil geta þess, að jeg fyrir mitt leyti er ekki mótmæltur því, að stofnuð sjeu ný læknishjeruð, að svo miklu leyti sem þarf með, og ef landssjóðurinn getur risið undir þeim kostnaði, sem það hefur í för með sjer; jeg vil heldur ekki mæla á móti því, að í því hjeraði, sem hjer er um að ræða, sje þörf á læknishjálp, en jeg vil samt taka það fram, að þar sem enn ekki eru liðin 4 ár síðan að tekin var fyrir skipun læknahjeraðanna yfir höfuð, og löggjafarvaldið þá samþykkti ný lög, sem álíta verður hina mestu rjettarbót, og enn ekki hefur, sökum skorts á læknum, verið mögulegt að fullkomna þá skipun, þá verð jeg að álíta það ísjárvert, nú þegar að fara að breyta þessum lögum, því að maður verður að ganga út frá því sem vísu, að með lögunum 15. okt. 1875 sje sjeð fyrir læknum handa öllum þeim hjeruðum, er mest þurfa læknis með. Af þessum hjeruðum eru, eins og jeg áður sagði, 4 enn óveitt, og það í þeim hjeruðum, þar sem þörfin ávallt er hin mesta, það er í Skaptafellssýslu, Barðastrandarsýslu, Siglufirði og Þingeyjarsýslu. Jeg get þess vegna ekki mælt með þessu frumvarpi, þó jeg að öðru leyti sje málinu hlynntur, því að næstu 2 árin er, að mínu áliti, ekki að búast við að fleiri útskrifist bæði af læknaskólanum og frá háskólanum í Kaupmannahöfn, en sem svarar til tölu hinna óveittu læknahjeraða (Margir: Alveg rjett!). Þingmaður Reykvíkinga sagði meðal annars við 1. umræðu þessa máls, að með því að nema staðar við þá tölu læknahjeraðanna, sem ákveðin er í lög. 15. okt. 1875, væri engin trygging fyrir því, að hvert læknishjerað fengi sinn læknir, og að þó nú fengizt læknir í eitthvert þeirra hjeraða, sem eru laus, mundi hann ekki verða kyrr, ef annað betra annaðhvort losnaði eða yrði stofnað. Þetta er byggt á misskilningi og líklega af því, að þingmaðurinn lítur fremur til þarfa embættismannsins, en embættisins, en að mínu áliti, á hagur embættisins að sitja í fyrirrúmi fyrir hag embættismannsins, því að embættið er ekki til embættismannsins vegna, heldur gagnstætt.

Halldór Kr. Friðriksson. Af því landshöfðinginn ávarpaði mig sjerstaklega, skal jeg svara honum fáum orðum. Hann sagðist vera hlynntur þessu máli, að svo miklu leyti sem þörf sje á lækni í þessu hjeraði, og fjárhagurinn þoli kostnaðinn, sem stofn-

un embættisins hefur í för með sjer. Jeg er honum samdóma, að þessi skilyrði sjeu nauðsynleg, en þá verð jeg að spyrja: Hve nær er þörf? og hvað þolir fjárhagur landssjóðsins? Jeg vona, að allir þingmenn sjeu mjer samdóma um, að nauðsynlegt sje að sjá um, að allir sjúklingar geti svo sem auðið er fengið læknishjálp, þegar þeir þurfa, og sú þörfin sje einna mest, að menn deyi ekki sökum þess, að eigi sje auðið að ná í lækni. Hvað fjárhaginn snertir, þá er sjálfsagt, að vjer verðum að haga oss eptir efnum landssjóðsins, en vjer verðum og að muna það, að verja fjenu fyrst til þess, sem mesta ber nauðsyn til. Allir, sem til þekkja, verða að játa, að hvergi sje brýnari þörf á læknishjálp en í Dalasýslu, eins og þingmaður Dalamanna hefur ljóslega tekið fram. Jeg vil taka til dæmis, að sængurkona í barnsnauð getur með engu móti náð í lækni, þegar hans þarf að leita til Stykkishólms (Margir: Það er víða svo!). Þó annarsstaðar sje eins, þá bætir það ekkert úr í Dalasýslu, og það er aðgætandi, að þó vegalengdin, ef til vill, víða sje eins, þá mun þó hvergi vera eins fjölbyggt og þar, jafnlangt frá lækni. Landshöfðingi talaði um, að það væri ísjárvert að breyta lögum, sem enn ekki hafa staðið 4 ár; jeg er honum samdóma, að svo miklu leyti, sem ekki er þörf á breytingu; en þegar sýnt er og sannað, að þörfin er brýn, þá er mjer sama, hvort lögin eru eins, tveggja eða þrjátíu ára gömul. Það vita líka allir, að ef þingmaður Dalamanna hefði fylgt fast fram skoðun sinni 1875, þá hefði Dalasýsla þá þegar orðið læknishjerað sjer, en hann var þá of góðlyndur og eptirlátssamur og ljet því undan. Þótt lögin 15. okt. 1875 bættu úr þeim þörfum, er brýnastar voru, þá vantar þó mikið á, að bætt sje úr öllum þörfum landsins í þessu efni, og mun ekki líða lengi, áður en bænir koma frá fleiri stöðum, sem ekkert gagn geta haft af þeim læknum, er þegar eru skipaðir, t. d. Skagaströnd, þar sem það hvorki verður náð í lækninn í Húnavatnssýslu nje í Skagafirði, ef bráða nauðsyn ber að. Jeg sagði um daginn, að þó einhver sækti um eitthver af hinum 4 óveittu embættum, þá mundi hann undir eins sækja það, ef nýtt embætti yrði stofnað; þó t. d. væri skipaður læknir í Siglufirði, og svo yrði stofnað nýtt læknishjerað í Dalasýslu, þá tel jeg sjálfsagt, að læknirinn muni sækja frá Siglufirði til Dalasýslu, ef hann hefur sótt um Siglufjörðinn að eins sökum þess, að læknisembættið í Dalasýslu var þá eigi stofnað, er hann sótti. Ætla landshöfðingi veitti honum þá ekki Dalasýslu? Það ímynda jeg mjer. (Landshöfðinginn: Nei!) Mig furðar á, að landshöfðinginn skuli kveða nei við þessu, því að jeg er sannfærður um, að hann mundi veita lækninum það, sem hann sækti um, ef enginn annar fengist, og hefði heldur alls engan rjett til að neita honum.

Landshöfðinginn: Jeg skal leyfa mjer að svara þingmanni Reykvíkinga með fáum orðum. Jeg tók það skýrt fram áðan, að samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 verður að álíta, að þörfin á lækni sje meiri í þeim hjeruðum, sem enn eru laus, en í Dalasýslu; þannig hef jeg orðið þess var, hvað snertir Þingeyjarsýslu, að stungið er upp á, til þess að bæta úr læknaskortinum, að fela sýslunefndinni að skamta sýslunni smáskamtalækna. Þingmaðurinn efaðist um, að jeg í raun og veru mundi fylgja þeirri reglu, að neita lækni um nýtt embætti, þegar hann sækti frá læknishjeraði, er ekki mætti án læknis vera, en jeg fullvissa hann um, að þeirri reglu er fylgt opt í embættaveitingum, og til dæmis vil jeg geta þess, að það hefur komið fyrir, að læknir, sem skipaður var í Skaptafellssýslu, sótti um annað læknishjerað, en var neitað um það, sökum þeirra vandræða, sem þar af hefðu hlotizt fyrir umdæmi hans. Jeg hef álitið og álít enn, eins og jeg áður sagði, að fremur beri að líta á hag embættisins, en mannsins, er því þjónar (*Margir*: mikið gott! alveg rjett!).

Flutningsmaður: Jeg vil ekki bera á móti því, að vegalengdin kunni að vera annarsstaðar eins mikil til læknis, eins og í Dalasýslu, en fólksfjöldinn er þar svo margfalt

meiri, eins og þingmaður Reykvíkinga tók fram. Úr því játað er, að nauðsyn á lækni sje mikil í Dalasýslu, þá finnst mjer það vandræðaástæða, að vilja ekki bæta úr þessari nauðsyn, fyrr en allra annara nauðsyn er uppfyllt. Jeg vil að endingu minnast á, að þingmaður Snæfellinga og þingmaður Reykvíkinga, hafa nú og nokkrir aðrir, þegar mál þetta var rætt 1877, kennt mjer um læknisleysið í Dalasýslu, og í tilefni af því valið mjer ýms meir eða minna góð orð. Þetta get jeg ekki viðurkennt, að sje satt, því að Alþingistíðindin 1875 bera það með sjer, að jeg hjelt því fram, að Dalasýsla yrði læknishjerað sjer, en jeg treysti mjer ekki til að halda því máli til kapps. Jeg álít óþarfa að fara fleiri orðum um málið; það er á valdi þingsins, hvað það gjörir við frumvarpið.

Þórarinn Böðvarsson: Það segir sig sjálft, að jeg hef enga sjerstaka ástæðu til að mæla móti þessu frumvarpi, en, eins og jeg sagði um daginn, er jeg á móti allri breytingu af handa hófi á lögunum 15. okt. 1875, hvort sem um Dalasýslu eður annað hjerað er að ræða; það væri annað mál, ef lögin í heild sinni væru tekin fyrir. Því síður get jeg stutt þetta mál, sem 4 læknaumdæmi eru enn læknislaus, sem miklu óhægra eiga með að ná í lækni en Dalasýsla. Þingmaður Reykvíkinga talaði margt um þetta mál, og hefði það verið vel talað, ef það hefði snert landið allt, en ekki Dalasýslu eina, enda ætti það betur við t. d. Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu, en Dalasýslu. Jeg hefði getað fallizt á margt, sem hann sagði, ef það hefði ekki auðsjáanlega verið sprottið af sjerstökum velvilja við Dalamenn. Það er alveg satt, þar er mörg sængurkonan, sem ekki nær í lækni, en það er næsta almennt að sængurkonur nái ekki sjálfar í lækni, og þó jeg taki orð þingmannsins svo, að hann hafi ætlað að segja, að ekki verði náð í lækni fyrir hana, þá er það tilfellið með marga sængurkonuna í öllum læknishjeruðum landsins. Þingmaðurinn sagði, að enginn hjer í salnum væri eins kunnugur í þessu hjeraði eins og þingmaður Dalamanna, en þó jeg sje má ske ókunnugri en sá þingmaður, er jeg þó svo kunnugur, að jeg veit, að það er ekki satt, að ekki verði farið í einum áfanga úr Ólafsdal til Stykkishólms, því að jeg hef sjálfur farið það í einum áfanga. Hvað einstakar greinar snertir, þá skal jeg benda á, að 2. gr. virðist ekki vel ljós; þar er sagt, að læknir sá, er skipaður verður í þetta hjerað, skuli njóta sömu rjettinda og launa eins og fyrir er mælt í lög. 15. okt. 1875, en í þeim lögum minnir mig að fyrir sje mælt um launin ekki á eina, heldur á fleiri vegu. Í 3. gr. stendur svo, að yfirstjórn landsins skuli ákveða takmörk læknishjeraðsins; þetta eru nýmæli að fela þetta yfirstjórninni, án þess jeg að öðru leyti sje þessari ákvörðun mótmæltur.

Flutningsmaður: Jeg vil svara 2. þingmanni Gullbríngusýslu fáum orðum, þó jeg ímyndi mjer að deildin hafi vel skilið orð hans, og vegið ástæður hans. Orðin í 2. gr. eru ekki óljós, þegar lesin eru lögin 15. okt. 1875, því að þar er svo ákveðið, að læknar, er búa í kaupstað, skuli hafa 1900 kr. í laun, en hinir 1500 kr. Það, sem þingmaðurinn sagði, að hann hefði farið í einum áfanga frá Ólafsdal til Stykkishólms, þá getur það satt verið, ef hann hefur haft 2 hesta og varið má ske sólarhring til ferðarinnar, og það getur ekki kallazt dagleið; en hvar lendir svo, þegar læknirinn er ekki í Stykkishólmi, heldur vestur undi Jökli? Annars er nóg rætt um þetta mál, og er það sjálfsagt orðið þingmönnum nægilega ljóst.

— Þá var gengið til atkvæða, og var 1. gr. frumvarpsins felld með 12 atkv. gegn 5, og frumvarpið allt þar með álitið fallið án frekari atkvæðagreiðslu.

V. SELASKOT á Breiðafirði. Lagafrumvarp um að nema úr lögum opið brjef

22. marz 1855 um bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafirði. Sjá I 74.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 8. fundi, 10. júlí.

Flutningsmaður (Þórður Þórðarson): Þetta opna brjef 22. marz 1855 hljóðar um byssuskot á sel, og miðar til að friða heilan flóa fyrir byssuskotum. Þetta er nokkuð sjerstaklegt, og á sjer ekki stað um neinn annan flóa kringum allt Ísland. Það hefur því þótt óeðlilegt, og hafa komið fram umkvartanir um þessa friðun. Það er annað mál, að allir eru samdóma um, að hvergi eigi að leyfa að skjóta nærri látrum og lögnum, en þegar svona er bannað alstaðar að skjóta selinn, þá leiðir af því, að menn fara í kring um lögin, og bannið nær ekki tilgangi sínum, því að skotin eiga sjer enn stað, og þeir menn, sem ekki eru vandaðir í sjer, skjóta eigi síður nálægt látrum, en annarsstaðar. Allir hljóta að sjá, hvað óeðlilegt það er, að banna mönnum að skjóta fyrir landi sínu, eða út á flóa, því að það er heilmikið svæði, eins og sjá má af uppdrætti Íslands, þar sem hvorki eru eyjar nje látur, og þar sem enginn skaði væri að leyfa byssuskot. Þess vegna er ávarp það komið til þingsins, sem þetta frumvarp er byggt á, að opið brjef 22. marz 1855 verði úr lögum numið, og vona jeg, að deildin láti málið ganga til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Ef mig minnir rjett, þá hef jeg á lestrarsalnum sjeð ávarp um þetta efni frá þeim fundi, sem er merkilegur fyrir það, að hann er frjóvsamastur allra funda á landinu að ávörpum og uppástungum, það er frá Þórsnessfundi. Það ávarp, sem þetta frumvarp er byggt á, skil jeg þó ekki að hafi getað komið frá öllum fundarmönnum, því að jeg hef nú verið í þremur landsfjórðungum, og aldrei heyrt menn halda með skotum á sel, að minnsta kosti ekki aðra, en þá, sem ekkert annað hafa getað unnið, en dingla með byssu á bakinu og hleypa púðri og höglum í sjóinn, sjálfum sjer til lítils eða einskis gagns, en öðrum til mikils meins. Jeg er nokkuð kunnugur á Breiðafirði, og þar sem flutningsmanni þótti það óeðlilegt, að heill flói er friðaður fyrir byssuskotum á sel, þá er það aðgætandi, að þessi flói er sjerstakur flói, þar sem hinn mikli og vissi arður er af uppidrápi á sel. Hverjum sem þekkir til getur ekki blandast hugur um, að æskja þess að öll byssuskot á sel verði bönnuð, því að þarna má ganga að selnum og rota kann ske 100 seli á klukkustund; en væru byssuskot leyfð, þá væri hægt að leiða rök að því, að arðurinn af veiðinni yrði margfallt minni og má ske enginn.

Guðmundur Einarsson: 2. þingmaður Gullbringusýslu hefur nú skýrt þetta mál nokkuð, enda er það sannarlegt vandamál, það er peningamál, það er atvinnumál. Af því jeg hygg, að margir þingmenn þekki ekki vel til þessa máls, þá vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um selveiði. Selurinn er eitt hið vitrasta og varasta dýr um sig; og veiði á honum verður að fara fram með gætni og hægð, og forðast allt, sem hræðir hann; til dæmis að verði hann opt var við, að nót sje hleypt til botns, þá fælist hann og leitar burtu, og því síður má brúka skot. Ekki má heldur veiða hann nema á vissum tímum. Á Breiðafirði er arðurinn mjög mikill, um 4000 kr. á ári (*Margir:* meiri! meiri!), og máske meiri, og þessi arður er svo viss, vissari en af kúnni í fjósinu eða ánni í kvíunum. Ef nú væri afnumið bannið gegn byssuskotum, þá væri ómögulegt að halda mönnum frá, að fara inn í látrin, og þannig trylla selinn, sem er elskur að sínum föstu stöðvum og truflast ekkert, ef hann er veiddur á vissum tímum og eptir vissri aðferð; en menn forðast að koma nálægt látrum og lögnum, á öðrum tímum, það má því nærri geta, hvaða skaði yrði af því, ef farið væri að skjóta allt í kringum látur og lagnir, því að þó menn nú ekki færu inn í látrin, þá þyrfti ekki annað en að selurinn heyrði skotin, og mundi hann þá fljótt fælast burt, og koma aldrei aptur. Eptir 3 til 4 ár væri alveg eyddur þessi vissi afli, sem nú fæst

af selnum, ef leyst væri um bannið, og þar að auki má fullyrða, að ekki næðist nema 1/3 af því, sem skotið væri, því að jafnvel sá bezti skotmaður missir jafnaðarlega fleiri eða færri af þeim selum, er hann annaðhvort særir eða drepur, en klaufarnir fjöldann. Af þessum ástæðum get jeg ekki annað en ráðið frá því, að samþykkja þetta frumvarp, því að af því mundi leiða óttalegt tjón, og þó að það væri stundar hagur fyrir einstaka menn, að mega skjóta selinn, þá mundi ekki líða á löngu, áður öll selaveiði væri eyðilögð og sá mikli arður horfinn, sem nú er af selaveiðinni.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer er þetta mál svo ókunnugt, að jeg verð að óska nánari skýringar um ýmislegt, áður jeg greiði atkvæði um það. Mjer skilst það, að ef mikill hagur er af selaveiðinni, þá sje óhentugt að drepa selinn með byssuskotum, því að það mun eins ástatt með hann, eins og ef farið væri að skjóta æðarfuglinn. Það væri stundarhagur fyrir einstaka menn, en þá mundi fljótt eyðast arðsamari og stöðugri hagur fyrir öðrum. En mjer datt í hug, að þetta mál geti skoðazt frá annari og almennari hlið. Jeg hef heyrt í mínu ungdæmi, að alstaðar þar sem selur sje mikill, þar gangi ekki fiskur, því að selurinn fæli fiskinn burt, og þannig hefur reynzt á mörgum stöðum á landinu, að síðan selurinn var fældur burt, hefur fiskiganga aukizt. Mjer er ekki kunnugt um, hvernig til hagar á Breiðafirði, hvort þar er ekki síldarganga eða fisksáta, svo vænta megi að fiskur gangi þar inn. Þetta vil jeg biðja þá þingmenn, sem kunnugir eru á Breiðafirði, að fræða mig um, því að mjer finnst það mjög áríðandi, að það sje vel íhugað, hvort ekki friðun á selnum stendur í vegi fyrir almennari og arðsamari veiði á Breiðafirði, það er fiskiveiði. Jeg hef á ferðum mínum til og frá landinu opt haft tal af mönnum frá Breiðafirði, og hafa þeir allir verið á þeirri skoðun, að fiskileysið á Breiðafirði sje selnum að kenna.

Flutningsmaður: 1. þingmaður Suðurmúlasýslu tók af mjer ómakið að svara mörgu af því, sem haft hefur verið móti þessu frumvarpi. Jeg bjóst ekki við slíkum ræðum, eins og þingmaður Dalamanna og 2. þingmaður Gullbringusýslu hjeldu, því að hinum síðarnefnda hlýtur þó að vera kunnugt, að fiskiganga á Ísafjörð hefur mjög aukizt síðan selur var fældur burtu og af fiskiveiðum er þó miklu almennara gagn en af selveiði. Jeg skal játa, að jeg er ekki vel kunnugur því, hvaða arður er og verið hefur af selveiðinni, en það veit jeg að selaskotin tíðkast eins í pukri, þó bannið sje, og verður skaðinn þá ekki minni. Það væri æskilegt að þingmaður Dalasýslu vildi skýra frá, hvaða arður hefur verið af selveiðinni á Breiðafirði fyrir 1855, því víst hefur hann þó talsverður verið, ef ekki eins mikill eða meiri en nú. Það finnst mjer óeðlilegt og hart, að friða selinn langt út á rúmsjó, því að allir vita það, að selurinn er rándýr, sem eltir og fælir burt fisk og silung.

Guðmundur Einarsson: Þingmaður Suðurmúlasýslu óskaði upplýsinga um, hvort selurinn mundi ekki valda því, að fiskur ekki gengi inn á Breiðafjörð. Jeg veit ekki betur en að selveiði sje nú svipuð því, sem var, þegar fiskur gekk inn á firði þá, sem inn úr Breiðafirði liggja, svo að það getur ekki verið selnum að kenna, þó nú sje fiskilaust eða fiskilítið á innfjörðum Breiðafjarðar, heldur er það af því, að fiskigöngur hafa hagað sjer öðruvísi en áður. Þar að auki er líka fiskilítið við úteyjar fjarðarins t. d. Höskuldsey og Elliðaey, þó þar sje enginn selur. Þingmaður Snæfellinga hjelt, að betra væri að afnema bannið mót byssuskotum, til þess menn gætu frjálslega skotið selina, og þyrftu ekki að gjöra það í pukri; en ef menn brjóta lögin og í pukri læðast inn í látur og lagnir, hvað mun þá verða, þegar leyfilegt er að skjóta selinn, og engan dul leggja á veiðiaðferðina nje veiðina.

Varaforseti: Jeg er ekki kunnugur á Breiðafirði, og get því ekki haft fasta skoðun á þessu máli, en jeg sje í alþingistíðindunum, að þetta mál hefur verið áður á þingi

árið 1853; þá kom fram bæn um breyting á veiðilögunum frá 1849, og selur ítarlega friðaður; flutningsmaður bænarskrárnar var þingmaður Snæfellinga, sá sami, sem nú er þingmaður Barðstrendinga. Var þess getið í bænarskránni, að þessi bjargræðisvegur væri í veði, ef selur væri ekki friðaður fyrir byssuskotum. Nefnd var þá sett í málið og voru í henni Þórður Sveinbjörnsson og Ólafur Sivertsen, prestur í Flatey. Hinn síðarnefndi bar það fram, að það væri hið mesta tjón fyrir umdæmið, ef ekki væru gefin skörp lög gegn byssuskotum; reyndar komu einstaka skothljóð fram móti því að friða selinn, en nefndin svaraði þeim skothljóðum þannig: «Svo er komið t. a. m. á Breiðafirði, að merkisbændur og búmenn, góðar skyttur, sem áður höfðu fengizt við selaskot, hafa fríviljuglega hafnað öllum skotum á sel, og þeir, sem nú eru við þá skaðlegu iðn, eru helzt tómthús- og lausamenn eða og verzlunarþjónar, sem liggja yfir því allan veturinn, auk þess sem gripið er til þess líka að sumrinu, og hafna þannig öllum öðrum athöfnum». Þetta eru þeir menn, sem þingmaður Snæfellinga nú vill gjöra sig að talsmanni fyrir; það eru einmitt sömu mennirnir, sem drepa æðarfuglinn, og spilla varpinu. 1853 fjekk málið bezta byr á þinginu, og afleiðingin var, að konungur gaf út opið brjef 22. marz 1855, sem menn nú vilja upphefja. Hvað snertir spurning 1. þingmanns Suðurmúlasýslu, þá er jeg ekki svo kunnugur á Breiðafirði, að jeg geti borið um, hvort selurinn spilli fiskisæld þar, en það veit jeg, að Breiðifjörður innarlega, þar sem selur gengur, hefur aldrei verið talinn með fiskiplássum hjer á landi, og er of grunnur og straumar þar of miklir, til þess að fiskur að gagni geti gengið þar upp; þar á móti er selveiðin þar svo mikil, að þingmaður Dalamanna telur arðinn af henni 4000 kr., og ef það er rjett, sem sumir segja, að óhætt sje að tífalda þá tölu (Nei! það er ofsagt!), þá sje jeg ekki ástæðu til, að eyðileggja þennan arð fyrir annan óvissan.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef sárfáu að bæta við orð 1. þingmanns Gullbringusýslu. Það gleður mig að heyra, að annar eins maður og Þórður Sveinbjörnsson (Arnljótur Ólafsson: Ojæa!) og Ólafur Sivertsen hafa farið slíkum orðum um byssuskot á sel, og álít jeg málið staðfest með þeirra vitnisburði. Jeg hef enn fremur sjeð í Þjóðólfi, að komið hefur fram á fundi Barðstrendinga sú skoðun, að byssuskot á sel eigi ekki að leyfast. Hvað snertir það, sem þingmaður Snæfellinga sagði, að fiskiveiðar á Ísafirði hefðu aukizt, síðan selur var fældur burt, þá vil jeg fræða hann um það, að selur hefur hvorki fyrr nje síðar komið inn á Ísafjörð, svo jeg viti til, en samvizka þingmanns Suðurmúlasýslu vil jeg hugga með því, að jeg þekki þau tilfelli, að selur og fiskur lifi saman í sama firði (Arnljótur Ólafsson: Því trúi jeg ekki!).

Halldór Kr. Friðriksson: Það getur vel verið, að það gæti orðið til hags fyrir einstaka menn, ef skot þessi væru leyfð, en jeg er hræddur um, að það yrði að eins stundarhagnaður, sem aptur af sjer leiddi stöðugt tjón. Hjer er líka um fleira að ræða en selveiðina eina; því mundu skotin vera holl fyrir æðarvarpið? og gætu selaskotin sannarlega orðið til þess, að spillt væri bæði selalátrum og æðarvarpi, og tel jeg það eitthvert hið mesta tjón.

Benedikt Sveinsson: Mjer virðist enginn hafa tekið það fram, að það er mjög mikill munur á því, hver selurinn er. Sumt selakyn fælir — að sögn — allan fisk burt, sumt selakynið er aptur sagt meinlausara. Að öðru leyti virðast mjer umræðurnar um mál þetta vera orðnar nógu langar.

Friðrik Stefánsson: Þar sem jeg hef heyrt á umræðum um mál það, sem hjer liggur fyrir, að selurinn mundi spilla fiskiveiðinni, verð jeg að vera á móti, að selurinn sje friðaður fyrir skotum, líka er það fullsannað, að hann spillir laxveiði, þar sem hann heldur sig í árósum, og þó veiði og uppidráp á sel á Breiðafirði væri árlega 4000 kr. virði, er þess að gæta, að þess

mesta af því njóta einstakir menn, en fiskiveiðin er almennings gagn; líka virðist mjer mjög hart, að banna mönnum að nota það, sem nefna má almennan þjóðarrjett, að veiða, ef það er hæfilega langt frá landi, látrum og lögnum. Jeg vil því að mál þetta gangi til annarar umræðu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg held að óþarfi sje í þessu máli, að gjöra mismun á vöðusel og öðrum selum. Því mjer vitanlega hefur ekki vöðuselur sjezt á þessum hjer umræddu stöðvum í mörg ár. Þar er ekki heldur um laxár að tala, er selurinn geti spillt veiði í við Breiðafjörð.

Grímur Thomsen (varaforseti): Mjer er ekki meir en svo ljóst, hvort menn vilja gjöra mismun á farsel og landsel, og leyfa að skjóta annan en friða hinn.

Flutningsmaður sagði, að 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði talað um, að það mundu vera tómthúsmenn og verzlunarþjónar eingöngu, sem vildu fá bann það, sem hjer ræðir um, úr lögum numið, en hann gæti fullvissað hinn háttvirta þingmann um, að það væru miklu fleiri, það væru bændur, og meira að segja, það væru einnig lagnaeigendur, og gæti hann því til sönnunar skírskotað til bænarskrár, er komið hefði til þingsins 1875 frá 14 lagnaeigendum á Breiðafirði, og hefði beiðni þessara manna mest sannfært sig um, að bannið mundi vera óhagkvæmt og enda til skaða. En það sýndist sjer, að ekkert væri á móti því, þó friðað væri fyrir skotum á sel 1000 föðmum lengra frá látrum og lögnum, en veiðilögin gjörðu, og því svo fram fylgt, eða einhver önnur lína fengin innar á flóanum en frá Bjargtöngum á Öndverðarnesi, sem virtist vera allt of utarlega. Að menn dræpu æðarfugl með skotum, væri sjer með öllu ókunnugt, og skyldi því láta vera að svara því. Hann kvaðst óska, að málið fengi að ganga til 2. umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg álít rjett, fremur að herða en lina bannið um selaskot á Breiðafirði; annars stendur þetta í nánu sambandi við landbúnaðarlögin, því það heyrir til friðunar á æðarfugli og selalátrum, enda vantar hjer nægar upplýsingar um, að opið brjef 22. marz 1855 sje skaðlegt.

— Þá var gengið til atkvæða, og málinu hrundið frá annari umræðu með 15 atkv. gegn 5.

VI. TVÆR VERÐLAGSSKRÁR FYRIR SKAPTAFELLSSÝSLU. Þingsályktunaruppástunga. Sjá I 21. Rædd á 5. fundi neðri deildar, 7. júlí.

Flutningsmaður (Páll prestur Pálsson): Tildrögin til þess að uppástunga þessi nú er hjer fram komin eru þau, að það hafði verið falið oddvita sýslunefndarinnar í Skaptafellssýslu á hendur, að hann hlutaðist til um það við umboðsstjórnina, að 2 verðlagsskrár yrðu gjörðar fyrir Skaptafellssýslur, önnur fyrir austur- og hin fyrir vestur-sýsluna. Þetta hjeldu menn að mundi duga, því Rangvellingum hafði tekizt að fá verðlagsskrá út af fyrir sig með sömu aðferð. Nú hefur það sýnt sig, að þetta dugði eigi, og var mjer því falið að flytja mál þetta. Það er ekki í fyrsta sinni að mál þetta kemur fram hjer á þingi, en jeg skal þó leyfa mjer að leiða athygli hinnar heiðruðu þingdeildar að því, hversu nauðsynlegt það er, að þessi breyting komist á. Þó Austur- og Vestur-Skaptafellssýslur sjeu eitt lögsagnarumdæmi og liggi hvor við annarar hlið, eru þær þó í mörgu svo ólíkar að flestu leyti, að kunnugum mætti þykja ótrúlegt. Í annari er kaupstaður; enginn í hinni. Úr hinni austari kaupa Múlasýslumenn stórgripi en einkum sauðfjenað fyrir það verð, er geypiverð mundi kallast í hinni vestari, og gjörir þetta allt það að verkum, að það gángverð, sem er rjett og sanngjarnt í hinni austari, verður langtum of hátt og alveg ósanngjarnt í hinni. Fyrir gjaldendur til hins opinbera, er greiða skulu eptir verðlagsskrá, er þetta því alveg ópolandi, því það er í raun og veru ekki nema að nafninu

til, að Skaptafellsýsla sje sama lögsagnarumdæmi. Jeg vona því að þessi uppástunga geti gengið orðalaust gegnum þingdeildina og treysti hinum hæstvirta landshöfðingja til að beina henni í sem bezt horf.

Landshöfðingi: Eins og þingmönnum mun kunnugt, er með konungsbrjefi 16. júli 1817 um verðlagsskrár, ákveðið að fela það stiptsyfirvöldunum eða amtmanni með einhverjum tilkvöddum prófasti úr amtinu, að semja sjerstaka verðlagsskrá í hvert skipti sem nauðsyn þykir til bera sökum sjerstaklegs verðlags í hinum ýmsu sveitum. Samkvæmt þessu hafa stiptsyfirvöldin samið sjerstaka verðlagsskrá t. a. m. fyrir Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslur, og efast jeg eigi um, að þau mundu gjöra slíkt hið sama fyrir Skaptafellssýslu, ef þau álitu nauðsyn til bera, og til að leiðbeina því máli til stiptsyfirvaldanna, álít jeg að hvorki þurfi meðalgöngu þingsins nje landshöfðingja, og verð því að leggja á móti því, að þessi aðferð sje við höfð.

Páll Pálsson, prestur: Einmitt þess vegna er mál þetta hingað komið, að jeg veit ekki betur en að búið sje árangurslaust að reyna að snúa sjer til stiptsyfirvaldanna, og ber jeg það traust til hins háttvirta landshöfðingja, að hann ekki telji það eptir sjer að leiðbeina því á bezta hátt, fyrst ekki eru önnur ráð til þess, og skal jeg sjerstaklega taka það fram, að jeg er óviss um, að stiptsyfirvöldin hafi myndugleika til að gefa 2 verðlagsskrár út fyrir sömu sýslu, þó þær sjeu 2 sýslufjelög.

— Var síðan gengið til atkvæða, og uppástungan samþykkt með 14 atkvæðum gegn 2.

VII. LAUN PÓSTMEISTARANS. Frumvarp til laga um breyting á launum íslenzkra embættismanna 15. oktbr. 1875, 12. og 14. grein. Stjórnarfrumvarp. Sjá I 87—88.

Fyrsta umræða í efri deild, á 3. fundi, 3. júlí.

Stefán Eiríksson kvað málið í sjálfu sjer ekki umfangs mikið, en með því að það væri þó peninga spursmál um launahækkun, þætti sjer við eiga að kjósa í það 3 manna nefnd.

Eiríkur Kúld bað forseta skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort þeim þætti þörf á, að setja nefnd í málið; því að það væri sín ætlun að nefndarstörf yrðu nógu mörg, einkum þegar á það væri litið, að efri deildin væri svo fámenn, þó að ekki væri nefnd kosin í slíkt smámál.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða, og var málið fellt frá nefnd með 6 atkv. gegn 3.

Var málinu svo skotið til 2. umræðu með 9 atkv. gegn 1.

Önnur umræða í *efri deild*, á 5. fundi, 7. júlí.

Eiríkur Kúld kvað sjer þykja mikið spursmál, hvort laun póstmeistarans þyrftu hækkunar við, því að þau væru að sínu áliti við hæfi, ef þess væri gætt, að póstmeistari sá, sem nú er, hefði ýms önnur störf á hendi, sem hann fengi laun fyrir sjerstaklega; en ef þessi störf yrði frá skilin embætti hans, sýndist sjer aptur sanngjarnt, að laun hans væru hækkuð. Hvað skrifstofufje snerti, þætti sjer það allt of lítið eins og nú stæði.

Benedikt Kristjánsson sagði að launalögin væru nú eigi eldri en frá hinu fyrsta löggjafarþingi, og hefði það þá verið vilji þingmanna, að ákveða laun embættismanna svo há, að þeir hefðu eigi ástæðu til að kvarta fyrst um sinn; þingmönnum væri kunnugt, að bæði hefðu lög þessi mætt mikilli mótspyrnu jafnvel á þingi, en einkum meðal landsmanna, og að þingið hefði síðan hrundið öllum slíkum bænum; þætti sjer því líklegt að á litlu stæði, hvernig þessi deild færi með málið, því að hann væri sannfærður um, að neðri deildin mundi fella það; en það ætti að vísu ekki að hafa áhrif

á álit efri deildarinnar. Ef laun presta væru tekin til samanburðar við laun póstmeistarans, þá væri öllum kunnugt, að laun þeirra væru yfir höfuð miklu lægri, og að eins 2 brauð á landinu, sem hefðu hærri laun, en þeir hlytu þó að kosta engu minna til undirbúnings undir embætti sitt. Laun póstmeistarans mundu í heild sinni vera 2500 kr., álíka og lægstu sýslumanna laun, en það væri þó víst, að störf þeirra væru margbrotnari og vandasamari en hans, og þar að auki þyrftu þeir að kosta miklu meira til undirbúnings undir embætti sitt. Frá þessu sjónarmiði sýndist sjer því engin ástæða til að hækka launin. Enn fremur kvaðst hann hafa heyrt, að póstmeistarinn hefði á hendi ýms störf, er eigi kæmi embætti hans við, og gæfu þau af sjer 2100 kr. auk fleiri tekjugreina, sem köstuðu talsverðu af sjer (og tilgreindi hann þær), og ljeti þá nærri að hann hefði full 5 þúsund krónur í allt. Þegar nú alls þessa væri gætt, sæist að embætti hans væri svo hægt, að hann gæti haft atvinnu af öðru jafnframt, og þá þætti sjer engin ástæða til að hækka laun hans meðan svo stæði.

Stefán Eiríksson kvað þingmann Þingeyinga hafa tekið af sjer ómakið, að tala mikið í máli þessu, enda væri þingdeildinni kunnugt, að hann eigi væri á þeirri skoðun að breyta launalögunum frá 1875. Það væri hugboð sitt, að ef farið væri að breyta þessu, mundu koma ótal fleiri bænir um breytingar á launalögunum til þingsins 1881 frá póstafgreiðslumönnum út um landið; bænir þær, sem fyr hefðu komið um þetta efni, hefðu allar verið hraktar, og væru það sýnar tillögur, að svo væri enn gjört, því að þegar öll kurl kæmu til grafar, sýndust sjer laun póstmeistarans nógu há eins og stæði, og með því það hefði verið viðkvæði á þingi 1875, að gera launalögin svo úr garði, að ekki þyrfti að fara að breyta þeim, þá ætti deildin og þingið að hafa sjer þetta hugfast, og taka ekki þessu bónakvabbi nema yfirgnæfandi ástæður mæltu með því, en eptir þeim upplýsingum, sem hjer hefðu komið fram, væru laun þessa manns, sem hjer um ræddi, nægileg.

Sighvatur Árnason sagði, að þegar talað væri um laun embættismanna, vildi hann hafa í huga þessi orð: »verður er verkamaðurinn launanna«, það er að segja, hann vildi láta embættismanninn hafa laun eptir því, hversu mikið hann ynni, t. d. sá, sem vinnur allan daginn, fær full daglaun, en hinn, sem vinnur hálfan daginn, fær hálf daglaun. Eptir þeim upplýsingum, sem fram væru komnar, væri það bert, að póstmeistarinn hlyti að hafa allmiklar tómstundir, því að hann gæti að öðrum kosti ekki við svo mörgu snúizt fyrir utan embættið, hversu mikill dugnaðarmaður sem hann væri; ef því gjalda skyldi laun eptir erfiðleikum, væri ástæðulaust að hækka laun hans, og sama yrði ofan á, ef laun hans væru borin saman við laun annara embættismanna. Hann kvað sjer kunnugt, að laun póstembættismanna í Danmörku væru litlu hærri, en störfin miklu meiri, margbrotnari og tíðari, og ef nú væri litið á vorn efnahag í samanburði við Danmerkur, sýndist sjer eigi ráðlegt, að ganga framar, heldur láta bæði laun og skrifstofufje sitja við sama, meðan störfin ykjust eigi, en ef það kæmi fyrir seinna meir, »þá koma dagar og þá koma ráð«.

Jón Jónsson kvaðst ekki álíta að embættismenn ættu að gjalda þess, þó að þeir hefðu önnur störf á hendi, ef þeir að eins gegndu sómasamlega embættisskyldum sínum; og hefðu margir þeir menn, er mest lof hefðu hlotið fyrir embættisdugnað hjer á landi, stundað með embætti sínu annað, svo sem landbúnað, sjávarútveg, o. fl.; þætti sjer það sómi fyrir þá, en engin óvirðing. Þegar laun póstmeistara hjer í bænum kæmi til álita, gæti varla orðið spurning um að fara eptir öðru en erfiðleikum embættis hans, og hvort embættisstörf hans væru sama eðlis, að það þyrfti sjerstakan undirbúning til þess að leysa þau af hendi. Hann kvaðst að vísu eigi vera því meðmæltur að dæma um íslensk mál,

eptir útlendum háttum, en að því er póstmál snerti, væri það þó eigi illa fallið, þar sem þau væru hjer öll sniðin einmitt eptir útlendu, einkum dönsku fyrirkomulagi; og gæti því verið fróðlegt til samanburðar að sjá, hvernig Danir álitu að launakjör póstmanna þyrftu að vera, nú hefði hann hjer fyrir sjer skrá yfir laun póstmeistara í Danmörku um fjárhagstímabilið 1873—74 af skrá þessari mætti sjá, að laun þeirra eptir meðaltali yrðu lítið hærri en laun póstmeistarans hjer, og um 60 af hjer um bil 120 póstmönnum er á skránni eru, hefðu jafnvel minni laun en póstmeistarinn, og lægi það þó í augum uppi, að í landi þar sem margir póstar kæmu og færu á hverjum degi, yrðu póstmenn að hafa langt um meira að starfa en póstmeistarinn í Reykjavík gætu haft, meðan póstferðirnar eru eigi fleiri en 8 á ári. Í sambandi hjer við væri ástæða til að bera laun póstmeistarans saman við laun annara póstafgreiðanda hjer á landi, og væri eptirtektarvert að samkvæmt fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, væri ætlað handa 18 póstafgreiðslumönnum til skiptingar milli þeirra minni upphæð en lögð er póstmeistaranum einum sem laun.

Eiríkur Kúld sagði, að það væri einnig álit sitt, að vel ætti við að bera póstmál vor saman við póstmál Danmerkur, og kynni hann þingmanninum þakkir fyrir upplýsingar þær, er hann hefði gefið um það efni. Hann vildi eigi bera laun póstmeistarans saman við laun presta, því að hann væri bundinn við að vera í Reykjavík og það gjörði allmikinn mun; sjer þætti eigi heldur nein ástæða til að launa illa öðrum embættismönnum, þó að prestar hefðu lág laun; það væri sín tillaga, að launa embættismönnum vel, og heimta svo aptur mikið af þeim, ef nú póstmeistarinn þyrfti að hafa önnur aukastörf á hendi, til þess að geta staðið sómasamlega í stöðu sinni, þætti sjer nauðsynlegt að auka að minnsta kosti skrifstofufje hans. Að póstafgreiðslumenn mundu beiðast launahækkunar, kvaðst hann eigi óttast, því sjer fyndist þau í sjálfu sjer, að minnsta kosti sumra hverra, allt of lág. Með því nú að mál þetta fengi eigi góðan byr, mundi hann sætta sig við að gjöra breytingaratkvæði við 1. gr., og setja föstu launin 2000 kr. í stað 2400 króna, en skrifstofufje vildi hann með engu móti minnka.

Forseti bar því næst málið undir atkvæði, en fyrir því að atkvæðagreiðsla við 1. gr. þótti óljós, var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:
Bergur Thorberg,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Eiríkur Kúld,
Jón Pjetursson,
Jón Hjaltalín.

Nei:
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Stefán Eiríksson,
Sighvatur Árnason.

Var 1. gr. þannig samþykkt með 6 atkv. móti 5.

2. gr. samþykkt með 6 atkv. móti 5.
Málinu vísað til 3. umræðu — 6 — — 5.

Þriðja umræða í efri deild alþingis, á 7. fundi, 9. júlí.

Eiríkur Kúld kvaðst við aðra umræðu í þessu máli hafa áskilið sjer að koma fram með breytingaratkvæði, en nú væri hann fallinn frá því, vegna þess, að við nákvæmari rannsókn hefði hann komizt að því, að þingmaður Skagfirðinga hefði glapið sjónir fyrir sjer í tilliti til launa póstmeistara í Danmörku, og væri það eindregin skoðun sín, að það væri að eins ókunnugleiki, sem valdið hefði því, að þingmaður Skaptfellinga hefði orðið á sama máli. Það hefði aldrei verið vilji sinn, að laun póstmeistarans hjer væru eins há, eins og tilsvarandi laun í Danmörku, en þar sem þingmaður Skagfirðinga hefði við aðra umræðu gefið þá upplýsing, að póstmeistarar í Danmörku hefðu allmargir minni laun, en póstmeistarinn hjer, þá hefði hann nú komizt að raun um, að það

væri öldungis tilhæfulaust, því hann hefði fyrir sjer launaupphæðir þeirra frá 76—77, og þar mætti sjá, að einir tveir hefðu 2000 kr. laun, en allir póstmeistarar hefðu aptur á móti mikið skrifstofufje. Þó að launaupphæð sú, sem stungið er upp á í frumvarpinu, þætti kannske nokkuð of há, næði það þó engri átt, að hækka eigi launin úr því sem nú væru þau. Hann vildi að eins benda á muninn við einn póstmeistara í Danmörku nefnil. póstmeistarann í Óðinsey; hann hefði 1800 króna laun. Þetta gæti verið bending bæði fyrir þingmann Skagfirðinga og aðra til þess að sýna, hversu áríðandi það væri að sannleikanum væri fylgt nákvæmlega, þegar vitnað væri til skýrsla erlendis, er þingmönnum væru ókunnar. Viðvíkjandi því, sem einhver hefði talað um að póstmeistarinn hefði á hendi önnur störf, er hann fengi svo mikil laun fyrir, að hann í allt hefði há laun, vildi hann geta þess, að hjer mætti eigi blanda saman persónunni og embættinu, það kæmi eigi embættislaununum við, þó að hinn núverandi póstmeistari væri svo duglegur, að hann gæti gegnt öðrum störfum utan hjá. Með því að hann nú sæi, eptir þeim byr er málið fengi, að hann mundi eigi koma að breytingaratkvæði sínu, mundi hann gefa stjórnarfrumvarpinu óbreyttu atkvæði sitt.

Jón Jónsson sagði, að þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að sjer hefði glapizt sjón og kennt sjer um, að sannfæring hans hefði hringsnúizt í þessu máli, nú hefðu aptur einhverjir talað við þingmanninn, og breytt á ný sannfæringu hans, það væri því von að þingmaðurinn, ef hann enn einu sinni hugsaði sig um, gæti komizt að enn annari niðurstöðu um, hvað rjett væri í þessu máli. Hvað það snerti, að hann kallaði skýrslu sína við 2. umræðu tilhæfulausa og rjeði sjer til að tala sannleikann, þá mætti hann segja honum, að hann hefði lært það löngu áður en hann kynntist þingmanninum, og jafnan í hverju máli leitast við að fylgja því, er hann vissi sannast og rjettast, rannsakað málið og reynt að komast hjá því, að hlaupa í gönur og láta glepja sjón fyrir sjer. Þetta væri nauðsynlegt fyrir hvern mann, er fjalla vildi um vandamál, en hann væri hræddur um að þingmaður Barðstrendinga væri enn ekki kominn að sannleikanum í þessu máli; hann myndi að vísu ekki, hvort hann hefði haft orðið »póstmeistari« á hinum fyrra fundi, en ef svo hefði verið, hefði það verið mismæli, og það hefði hverjum manni verið hægt að sjá, sem hefði viljað kynna sjer málið, að hann átti við alla póstembættismenn í Danmörku; sjer fyndist lítið undir því komið, hvort embættismaðurinn hefði póstmeistaratign, eða gengi á einkennisbúningi póstmeistara, heldur allt undir því, hver störf hans væru og verkahringur. Ef nú þingmaður Barðstrendinga hefði litið á skýrslu um póstembættismenn í Danmörku, hefði hann getað sjeð að þeir 120 embættismenn, er hann hefði getið um síðast, hefðu að meðaltali 2000 króna laun, eins og hann hefði sagt. Eigi dygði annað en taka tillit til annara póstembættismanna hjer á landi. Þetta væri einnig gjört í Danmörku, þar sem, á launaskrám póstmanna, póstmeistarar væru settir saman við aðra póstafgreiðendur; en þar að auki mætti hafa hliðsjón af því, að eigi ætti vel við, að launa póstmeistaranum hjer betur en embættisbræðrum hans í ríkari löndum, eins og í Danmörku; þingmaðurinn hefði nú sjálfur játað, að 4 af dönskum póstmeisturum hefðu 2000 kr. í laun, og þeir væru einmitt í bæjum, sem væru á borð við Reykjavík, og því hentastir til samanburðar, en þessir hefðu allir miklu meir að starfa, eins og skiljanlegt væri, þar sem þeir bæir stæðu í daglegu járnbrauta- og gufuskipasambandi við aðra bæi, og þar að auki gengju til og frá þeim fjölmargir sveitapóstar, svo að þar þyrfti að afgreiða marga pósta á hverjum degi, en hjer að eins póstferðir í 3 áttir 8 sinnum á ári. Þar sem þingm Barðstrendinga hefði nefnt laun póstmeistarans í Óðinsey, þau væru þó eigi svo gífurlega há, sem hann hefði sagt, því hann hefði aldursviðbót, og þar að auki 9000 kr.

í skrifstofufje; þetta væri eðlilegt, því að bærinn væri tífalt stærri en Reykjavík, og eptir því meira að starfa. Ef þingmaðurinn vildi hugleiða þetta nákvæmlega, vonaði hann, að hann mundi breyta sannfæringu sinni enn einu sinni, og komast að þeirri niðurstöðu, að sannfæring hans hin næst fyrsta hefði við mest að styðjast.

Benedikt Kristjánsson, kvaðst hafa talað nokkuð um mál þetta við 2. umræðu, og eigi ætlað sjer að tala fleira um það, en hann vildi að eins leiðrjetta það, er þingmaður Barðstrendinga hefði dróttað að sjer þeim misskilningi, að hann hefði blandað saman persónu og embætti; þetta væri eigi rjett leitt út úr orðum sínum; hann hefði að eins viljað sýna fram á, að hin mörgu aukastörf, er hinn núverandi póstmeistari hefði á hendi jafnframt embætti sínu, bentu til þess, að embættið sjálft væri eigi svo annsamt, að ástæða virtist til að launa honum meir úr landssjóði en öðrum mönnum, er vandasamari embættum hefðu að gegna. Hann vildi eigi bera laun hans saman við laun danskra embættismanna, heldur íslenzkra; hann hefði áður borið þau saman við laun presta, og þó að hann hvorki hefði lagt nje vildi leggja mikla áherzlu á það, vildi hann þó taka það fram, þar sem sagt hefði verið, að munur væri á að lifa í Reykjavík, eða uppi í sveit, að hann væri fyllilega sannfærður um þennan mismun, og í þessu máli kæmi hann líka berlega í ljós, því sjer vitanlega gætu prestar þar engin svo arðsöm störf haft á hendi þar, að þeir gætu aukið með þeim tekjur sínar, eigi að eins upp í 5000 kr., eins og hann hefði sagt síðast, heldur jafnvel á 6. þúsund, eins og póstmeistarinn í Reykjavík gjörði. Þar sem nú póstmeistarinn hefði af landssjóði jafnmikil laun og sýslumenn, þrátt fyrir þann mikla vanda og mikla undirbúningskostnað, sem embætti þeirra útheimti fram yfir hans, og gæti þar að auki haft svo mikil aukastörf, að laun hans yrðu ágæt, sýndist sjer öldungis ástæðulaust að hækka þau, meðan eins stæði og nú væri. Ræður þær, er þingm. Barðstrendinga hefði haldið bæði við 2. og 3. umræðu í máli þessu, hefðu eigi breytt skoðun sinni, og mundu eigi heldur breyta atkvæði sínu.

Sighvatur Árnason, kvaðst hafa skilið þingm. Barðstrendinga svo, að hann beindist eigi að neinum sjerstaklega, þar sem hann talaði um misskilning þann, að blanda saman persónu og embætti, hann vildi að vísu eigi verja mörgum orðum til að afsaka sig, en að eins vísa á ræðu sína í fyrra fundi, er lægi fyrir allra augum á lestrarsalnum, óbreytt frá sinni hendi.

Landshöfðingi, kvaðst eigi hafa verið viðstaddur 2. umræðu í máli þessu og gæti því eigi dæmt um þau orð þingmanna, er nú væri talað um misskilning á; til skýringar vildi hann geta þess, að í Danmörku, að Kaupmannahöfn frátalinni, væru 42 póstmeistarar, og eins og þingmaður Skagfirðinga hefði sagt, hefðu að eins 4 af þeim, er sætu í smákaupstöðum á borð við Reykjavík, árið 1870 haft 2000 kr. laun. En það væri eitt verulegt atriði að íhuga, er talað væri um laun embættismanna í Danmörku, nefnil. það, að þar er í launalögum tiltekin sú launaupphæð, er þeir fá í byrjun, en sú upphæð vex með tímanum, og þannig gætu þessir 4 allir náð í 2600 kr.; þessi ákvörðun væri eigi í hinum íslenzku launalögum frá 15. október 1875. Þess væri enn að gæta, að þó að póststörf í Danmörku væru meiri, sakir hinnar daglegu póstafgreiðslu, væru þó embættisverk þau, er hvíldu á póstmeistaranum í Reykjavík persónulegum, engu minni, því að dönskum póstmeisturum væri veitt miklu meira skrifstofufje 1200—2000 kr., og gætu þeir vegna þess haft hina nauðsynlegu aðstoðarmenn. Póstmeistarinn í Reykjavík hefði á hendi alla póstmálareikninga landsins, fyrir 18 póstafgreiðslumenn og kvaðst hann geta frætt þingmenn á því, að það væri mjög erfitt starf, því að hann hefði sjálfur um hin fyrstu 2 ár endurskoðað þennan reikning með fylgiskjölum hans. Aptur væri á því mikill munur í Danmörku, því að póstafgreiðslumenn færðu þar sjálfir reikninga, en hjer færðu þeir enga reikninga

og hefðu enga ábyrgð, það gæti því eigi komið til mála að bera póstmeistarann saman við þá; rjettara væri að bera hann saman við aðra embættismenn hjer á landi, og mætti þá sjá, að einungis einn sýslumaður hefði lægri laun. Hann vildi því mæla fram með frumvarpinu, og jafnframt geta þess, að eins og bónarbrjef póstmeistarans um þetta efni, væri að nokkru leyti byggt á orðum manna á síðasta þingi, eins hefði stjórnin tekið sjer tilefni af hinum sömu orðum, til þess að leggja þetta frumvarp fyrir alþingi.

Jón Jónsson, kvaðst kunna landshöfðingja þakkir fyrir þær upplýsingar, er hann hefði gefið; hann væri honum samt ósamdóma í því, að eigi gæti komið til mála, að bera póstmeistarann saman við póstafgreiðslumenn hjer á landi; það væri reglan í Danmörku, að launin skyldu standa í hlutfalli við skrifstofustörfin, og lægi þá í augum uppi, að í nokkrum hinum fólksflestu póststöðum á Íslandi, t. d. Akureyri, yrðu póststörf stundum svo mikil, að þau kæmust í nokkurn samjöfnuð við Reykjavíkur póststörfin; þess bæri líka að gæta, að póstmeistarinn þyrfti alls eigi vegna póstanna, að hafa mann á skrifstofunni allt árið; það væri eflaust með fram vegna hinna mörgu aukastarfa hans, að hann nú hefði fasta skrifara, ef hann sleppti þeim, myndi hann eigi þurfa þess lengur, en um 16 vikna tíma, og þá yrði skrifstofukostnaður þeim mun minni. Ef enn skyldi bera saman við póstmeistara og póstembættismenn í Danmörku, vildi hann taka það upp aptur, að Óðinsey gæti eigi komið til skoðunar, þar sem hún væri tífalt stærri en Reykjavík; til samanburðar yrði því að taka þá bæi, er væru á stærð við Reykjavík, og taldi hann því næst upp nokkra bæi á þeirri stærð, og nefndi launaupphæð póststjóranna þar til að sýna, að þeir hefðu lægri laun. Landshöfðingi hefði sagt, að póstafgreiðendur hefðu reikningsstörf. Það kynni að vera, að reikningar þeirra væru eigi eins flóknir og margbrotnir og póstmeistarareikningarnir hjer, en þeir næðu eflaust yfir talsvert stærri upphæðir. Hann kvaðst ætla, að mál vor mættu vera talsvert óbrotnari og greiðari en þau væru, og hann vonaði, að landshöfðingi vildi styðja að því að ljetta á póstembættismönnum landsins með því að koma til leiðar þeim breytingum, sem æskilegar væru í þessu tilliti. Það væri sín skoðun, að launa ætti embættismönnum sómasamlega, og meta launin eptir annríki og því, hversu miklu þyrfti til að kosta til undirbúnings undir þau; nú vissu allir, að undirbúningur undir embætti það, er hjer væri um að ræða, væri mjög lítill. Prestar á lítilmótlegustu brauðum landsins þyrftu að útvega sjer langt um kostnaðarsamari menntun og ýtarlegri en póstmeistari, og meðan landið væri svo fátækt, að það gæti eigi borið hærri laun en nú eru handa þessum embættismönnum, ætti ekki vel við að samþykkja lög eins og þau, er hjer liggja fyrir.

Landshöfðinginn, kvaðst eigi vilja fara lengra út í málið, en að eins geta þess, að skrifstofugjaldsupphæðir þær, er þingmaðurinn hefði talið upp, væru allar of lágar, og mundi það koma af því, að skýrsla sú, er hann hefði fyrir sjer, mundi ærið gömul; nefndi hann þær síðan eptir skýrslu frá 1877. Hann vildi eigi bera laun póstmeistarans í Reykjavík, saman við laun þeirra í stórbæjum erlendis, en ef þau væru borin saman við laun í smábæjum, yrði hann að halda því fast fram, að laun póstmeistarans í Reykjavík, væru langt um minni. Til þess að koma í veg fyrir misskilning, vildi hann loks geta þess, að póstafgreiðslumenn í Danmörku hefðu sumir reikningsfærslu, en sumir eigi.

Stefán Eiríksson, kvaðst mundi mæla fátt; sjer hefði fundizt þingmaður Skagfirðinga hefði mátt spara margt í ræðu sinni. Hann vildi engan samanburð við danska embættismenn, en ef hin umræddu laun væru borin saman við laun íslenskra embættismanna, t. a. m. sýslumanna, þá væru þau nógu há. Hann vissi ekki betur en sýslumönnum og prestum væru reiknaðar allar

ankatekjur upp í laun sín, sama fyndist sjer ætti að eiga sjer stað með póstmeistarann. 1875 hefði átt að búa svo um hnútana að laun embættismanna yrðu nógu há, en þó hefði svo farið, að bæði nú og 1877 hefði verið farið að hringla í þeim; í hitt eð fyrra hefði verið fyrir þingi, að auka laun póstmeistarans um 300 kr. einungis sem skrifstofufje, en nú væru launin sett upp um 1000 kr., þetta þætti sjer ærið stökk á 2 árum, þó að hann væri eigi vel kunnugur sjálfum störfum póstmeistarans, þá heyrðist sjer þó á tillögum þeirra, sem til þekktu, að engin þörf væri honum á launaviðbót.

Eirikur Kúld, kvaðst eigi vilja ferðast með þingmanni Skagfirðinga suður um alla Danmörku, því að bæði þætti sjer það óþarft og eiga illa við. Landshöfðingi hefði tekið fram, að fyrirkomulag á embættismannalaunum í Danmörku væri öðruvísi en hjer, þar sem laun þeirra færu vaxandi í hlutfalli við embættisaldur þeirra, þetta væri aðalatriðið, sem þingmaðurinn hefði flaskað á. Hann hefði sagt, að það væri óþarfi fyrir póstmeistarann að hafa skrifstofuþjón, nema um 16 vikna tíma, þetta væri óhugsandi, því að skrifstofuþjónninn þyrfti að vera inn í skrifstörfunum, en það gæti hann ekki orðið allt í einu, heldur þyrfti að hafa vanizt við þau um nokkurn tíma. Að öðru leyti væri hann þingmanninum þakklátur fyrir það, að beint þá, er hann ætlaði sem harðast að hvetja orð sín, sannfærði hann sig sem bezt um það, að hann hefði á rjettu að standa.

Hvað snerti samanburðinn við sýslumenn hjer á landi, þá hugsaði hann, að póstmeistarinn hefði fullt eins mikla peningaábyrgð og þeir; hann ætti að standa skil á 2—3 hundruð þúsundum króna og sjer væri kunnugt, að hann hefði sett allhátt veð fyrir embætti sínu eins og sýslumenn. Viðvíkjandi samanburðinum við póstmeistara í Danmörku, sem þingmaður Skagfirðinga hefði sagt, að væru í smábæjum með 2000 manns líkt og í Reykjavík og hefðu 2000 króna laun, vildi hann vekja athygli manna á því, að hann væri eigi að eins póstmeistari fyrir Reykjavík, heldur Ísland allt, eða 70000 manna. Staða póstmeistarans væri eins vandasöm og ábyrgðarmikil og sýslumanna. Samanburðurinn við prestana þætti sjer allt af óheppilegur; fyrst að það væri viðurkennt að prestum væri illa launað, hvort mætti þá eigi samt sá mannkærleiki búa hjá prestinum, að hann gæti vitað, að öðrum embættismönnum væri launað sæmilega. Því, sem þingmaður Þingeyinga hefði svarað sjer um misskilning á orðum sínum, vildi hann svara með því að spyrja hann, hvort honum þætti sanngjarnt að neita duglegum en illa launuðum skólakennara um viðbót, fyrir þá sök, að hann væri svo duglegur að geta kennt krökkum utan hjá, og haft meðfram uppeldi af því. Hjer væri einungis um það að ræða, að embættið sjálft væri viðunanlega úr garði gjört, því að aukastörfin gætu verið tekin frá embættismanninum þegar minnst vonum varði.

Sighvatur Árnason kvaðst sjer í lagi vilja minnast á samanburðinn við aðra íslenzka embættismenn, einkum sýslumenn. Það að vísu væri dýrara að lifa í kaupstöðum, en til sveita, en hann vildi spyrja þingmann Barðstrendinga, hvort honum væri eigi kunnugt, að sýslumenn í sveitum, kæmust eigi af með, að fara sjaldan eða aldrei út úr húsdyrum sínum, eins og póstmeistarinn; hann hlyti þó að vita að sýslumenn þyrftu mikið að ferðast og sumir með ærnum kostnaði, sem þeir fengju ekkert fyrir sjerstaklega; það væri sín ætlun, að þessi kostnaður mundi fullkomlega vega móti því, hvað dýrara væri að lifa í Reykjavík, en til sveita. Þegar laun póstmeistarans væru borin saman við laun sýslumanna í 2. og 3. flokki, sæist, að launamunurinn væri lítill eða enginn, og væri það þó alls eigi meining sín, að telja of lítil laun sýslumanna, sumum þættu þeim meir að segja óþarflega hátt launað. Hann vildi eigi tala fleira um það, en að eins lýsa yfir því, að skoðun sín væri enn með öllu óbreytt á þessu máli.

Forseti ljet þá genga til atkvæða um

frumvarpið í heild sinni og var það samþykkt með 6 atkv. gegn 5.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 10. fundi, 12. júlí.

Landshöfðingi: Jeg vona, að deildin gefi máli þessu góðan byr, bæði af því að frumvarp þetta er framlagt af stjórninni og samþykkt af efri deildinni. Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við mál þetta. Þegar frumvarp til fjárlaga 1878—1879 var rætt, stakk jeg upp á, að endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa póstmeistaranum væri hækkað frá 600 kr. upp í 900 kr. Framsögumaður fjárlaganefndarinnar, er var hinn 1. þingmaður Gullbringusýslu, fór þá þessum orðum um þetta efni, eins og lesa má í þingtíðindunum 1877, I. parti, bls. 133: «Um breytingaratkvæði landshöfðingja við 12. gr. 3. tölul., þar sem hann hefur stungið upp á að hækka endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa póstmeistaranum, er það að segja, að það mun eigi hollt, einmitt fyrir þennan embættismann sjálfan, því að á næsta þingi mun að öllum líkindum verða stungið upp á að hækka laun hans; en vel má svo fara, að þingið veiti honum því síður launabót, er hann hefur fengið viðbót árið áður. Jeg vil því af þessum ástæðum ráða þingdeildinni frá að aðhyllast þetta breytingaratkvæði». Og á 135. bls. segir framsögumaðurinn einnig, að «það yrði póstmeistaranum sjálfum skaði, ef hann nú fengi þessa viðbót, því að þá mundi hann þess síður fá launabót síðar». Jeg virti orð framsögumannsins svo mikils, að jeg treysti því, að á næsta þingi mundu laun póstmeistarans verða bætt svo, að viðunanlegt væri.

Varaforseti: Mjer eru nauðugir 2 kostir sem framsögumanni fjárlagafrumvarpsins að svara þessari áskorun, sem eigi að eins er í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, heldur kemur og frá hinum hæstvirta landshöfðingja. Þó jeg setti svo, að það hefði verið loforð frá minni hálfu, að greiða atkvæði fyrir einhverri launaupphæð handa póstmeistaranum á næsta þingi, þá er það alls eigi víst, að mitt eina atkvæði nægi; en það er hvorttveggja, að engin skylda væri fyrir mig, að safna atkvæðum manna fyrir þessu máli, enda er ekki sagt, hver árangur yrði af því; jeg skoða þetta eigi sem loforð frá minni hálfu, heldur sem bending. En fyrst á annað borð er haft svo mikið við mig, að farið er að vitna í orð mín, þá furðar mig á, að stjórnin eigi vitnar til orða landshöfðingjans. Landshöfðinginn sagði á þinginu 1871 (sjá alþingistíðindi 1871 I. 327): «Þegar búið er að koma þessu nýja fyrirkomulagi á gang á póstmálunum, þá skal jeg játa það, sem nefndin eða meiri hluti hennar hefur tekið fram, að þá muni þessum störfum verða nægilega launað með 600 rd. (ɔ: 1200 kr.); en jeg skal leiða athygli þingsins að því, hvort ekki mundi haganlegra að útbúa póstmeistaraembættið svoleiðis, að vjer getum verið vissir um, að fá í það sem beztan og áreiðanlegastan mann í þau ár, sem það þarf mest við, og þá, þegar einhverntíma verða póstmeistara skipti, að taka til yfirvegunar, hvort þetta embætti ekki gæti sameinast einhverju öðru embætti í Reykjavík, og launin á þennan hátt orðið minni, því með þessum hætti er jeg fyrir mitt leyti sannfærður um, að vjer getum skipað þessu embætti á sem haganlegastan hátt fyrir landið«. Þetta virðast mjer eins mikil loforð og eins góð bending, eins og orð mín í hitt eð fyrra. Hvernig fórust hinum 2. konungkjörna þingmanni orð árið 1871? Hann sagði (sjá alþingistíðindin 1871, I., 413.): «Mjer finnst engin ástæða til að auka skrifstofufje póstmeistarans fram úr því, sem frumvarpið stingur upp á. Annars er það alveg komið undir því, hvernig menn líta á málið, hvort mönnum þykja 100 rd. nægja eða eigi«. Í lögum 26. febr. 1872, eru laun póstmeistarans ákveðin með 700 rd. eða 1400 kr. Nú liðu 3 ár, þangað til launalögin 15. okt. 1875 hækkuðu launin upp í 1700 kr., og skrifstofufjeð úr 200 kr. upp í 600 kr. Það virðist því eptir þessu líklegt, að nú ætti öllu fremur að fara að lækka launin en

hækka þau. Og þótt einhver loforð hafi verið gefin í þessu efni, þá hefur það þó aldrei verið meiningin, að bæði launin og skrifstofufjeð yrði hækkað. Þetta virðist mjer vera að færa sig upp á skaptið. Nú 8 árum síðar er beðið um 2,400 kr. í laun og 900 kr. skrifstofufje. Þetta hef jeg tekið fram fyrir þá sök, að varlegra er fyrir hinn háttvirta landshöfðingja, að leggja eigi ofmikla áherzlu á það, sem á þingi er mælt; enginn hefur ábyrgð á orðum sínum á þingi, þegar menn eru heitir í ræðum, sem opt kann að verða. Jeg legg mitt loforð að jöfnu við orð landshöfðingja. Jeg játa það, að störf póstmeistarans hafa aukizt hin síðari árin; og játa það, að hann er áreiðanlegur og góður embættismaður, og að ástæða er til, þegar tími er til kominn, að viðurkenna verðleika hans í verkinu. Það er og aðgætandi, að póstmeistaraembættið er svo vaxið, að ávallt er hægt að hafa á hendi öunur störf með því, enda hefur landshöfðinn sagt, að embættið væri stofnað með þeim fyrirvara, að það yrði ávallt sameinað öðrum störfum. Þessi störf eru svo arðsöm, að jeg er sannfærður um, að embættið er viðunanlegt og vel launað. En þó er jeg fús á, að taka mjer breytingaruppástungu við 2. umræðu málsins, í þá átt, að skrifstofufjeð verði hækkað upp í 1000 kr., en eigi bætt einum eyri við launin.

Landshöfðinginn: Jeg skal að eins geta þess, að þegar jeg gjörði þessa áætlun á þinginu 1871, þá hafði jeg enga reynslu fyrir mjer um það, hversu störf póstmeistarans mundu aukast; en sú hefur reyndin á orðið, að þau hafa aukizt miklu meira en jeg gjörði þá ráð fyrir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ímynda mjer, að deildin muni líta hlutdrægnislaust á mál þetta, og láti eigi neitt villa sjónir fyrir sjer, ef annars er ástæða til að hækka laun póstmeistarans. Jeg er sannfærður um, að deildin vill launa embættismönnum sómasamlega, svo þeir fái lifað sómasamlegu lífi. Þegar um laun póstmeistarans er að ræða, þá muna deildarmenn, að hann sumarið 1875 fjekk 300 króna launaviðbót, þ. e. laun hans hækkuðu úr 1400 kr. upp í 1700 kr. En vjer verðum að gæta að því, að störf hans hafa aukizt svo mjög síðan 1873, þar sem á hann hafa hlaðizt mörg störf, er landshöfðinginn með engu móti þá gat sjeð fyrir, veldur því bæði það, að póstferðirnar hafa aukizt, svo og strandsiglingar Díönu; nú er miklu meiri bögglasending en áður var. Jeg vona til að deildin viðurkenni, að þetta sje svo mikill starfsauki, að hann ætti að fá einhverja viðurkenning fyrir hann eða einhverja hækkun launa sinna. Þegar vjer lítum á skrifstofustörf hans, hljótum vjer að sjá, að eigi er hægt að komast af fyrir póstmeistarann, nema hann hafi fastan mann, því að skriptir á póststofunni eru talsverðar; þessi fasti maður mun þó eigi gjöra sig ánægðan með minna kaup en 700 —800 kr. Auk þessa þarf póstmeistarinn aukahjálp, í hvert skipti sem póstskipið kemur, því að menn vilja eigi gjarnan bíða lengi eptir brjefum sínum og sendingum, enda er mjer kunnugt um, að póstmeistarinn hefur gjört sjer allt far um til þess að það verði leyst sem skjótast og bezt af hendi, ímynda jeg mjer, að sá kostnaður, er til þessara aukahjálpar gengur, muni nema 100 krónum. Þar að auki verður hann að hafa mikil hús fyrir póststofuna, og er hann eigi ofhaldinn, þótt leigan af þeim sje reiknuð 300—400 krónur; enn fremur er ljós og eldiviður, og er allt það í þarfir póststjórnarinnar einnar. Það er því óhætt að segja að 600—700 kr. gangi í skrifstofukostnað hans fram yfir það, sem hann nú hefur, og mundi því all-sanngjarnt, þótt hann hefði 1300 kr. í skrifstofukostnað. Þar að auki verður hann að leggja í ekkjukassann. Enn er það, að hann hefur mikla peningaábyrgð, þar 3—400,000 kr. ganga í gegn um hendur hans á ári og verður því að setja hátt veð. Það má eigi að öllu leyti miða við póstmeistara í Danmörku; póstmeistarinn hjer hefur svo víðlent umdæmi, að enginn póstmeistari í Danmörku hefur neitt viðlíka umdæmi; reikningar póstmeistarans hjer eru

fjarskalega miklir og örðugir; auk þess er hann eigi heldur póstmeistari eingöngu, heldur og «Postinspekteur». Jeg get því eigi sjeð að launin sjeu of mikil, þótt þau verði 2,400 kr. Það er því tillaga mín, að laun póstmeistarans verði hækkuð, eins og stjórnin stingur upp á, en ef þess er eigi kostur hjá deildinni, þá þó upp í 2000 kr., og að skrifstofupeningar hans verði hækkaðir jafnvel upp í 1000 kr. Jeg vona að máli þessu verði vísað til 2. umræðu.

Varaforseti: Guð varðveiti mig fyrir vinum mínum; fyrir óvinum mínum skal jeg gæta mín sjálfur. Þingmaður Reykvíkinga gat sparað sjer athugasemdir þær, er hann gjörði um laun póstmeistarans. Jeg er gagnkunnugur tekjum hans; jeg hef þær allar uppskrifaðar fyrir framan mig, raktar krónu fyrir krónu. Þingmaðurinn skal eigi blekkja mig, þegar hann er að tala um hinn aukna skrifstofukostnað og húsnæði, og eigi heldur, þegar hann segir, að annir póstmeistarans hafi aukizt við Diönu; mjer er það fullkunnugt, að hann þvert á móti hefur tekjur af Diönu. Húsin notar hann eigi heldur að eins í póststjórnarinnar þarfir, heldur og fyrir bókaverzlun sína og póstgufuskipin. Aptur á móti álít jeg það mæla mikið með póstmeistaranum, að hann er duglegur og ráðvandur embættismaður. Jeg hef eigi minnzt á póstmeistarana í Danmörku; jeg heyrði á þá minnzt annarsstaðar, og þótti það eiga illa við. Jeg álít það og meðmæli með póstmeistaranum, að hann hefur yfirumsjón póstafgreiðslunnar um land allt, enda hefur hann og talsverða reikningsfærslu, sem bæði er vel og nákvæmlega af hendi leyst. Þess vegna er jeg þess búinn, að koma með þá breytingaruppástungu í fjárlögunum, að skrifstofufje póstmeistarans sje aukið, og það jafnvel upp í 1000 kr. Jeg álít eigi rjett, að nú á þessu síðasta þingi í kjörtímanum sje neinum launaviðbótum slegið föstum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að segja, að mjer finnst ekki póstmeistarinn hafa verið lítilþægur, þegar hann bað um launaviðbót, og hefur stjórnin enda sjálf fundið til þess og fært launin niður, og það hefði hún ekki gjört, ef hún ekki hefði haft vissu fyrir, að embættið væri lífvænt með þeim launum, er það hefur; enda er óhætt að fullyrða, að þurfi póstmeistarinn nú þessi háu laun, þá hefur hann áður verið að flosna upp. Jeg sting upp á að vísa frumvarpinu til fjárlaganefndarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Hafi jeg skilið varaforseta rjett, þá vildi hann ekki stinga upp á neinni uppbót fyrir fullt og fast, heldur að eins fyrir næsta fjárhagstímabil. Ef nú svo er, þá er það ætlun hans, að lagafrumvarpið, sje fellt sem frumvarp, en viðbótin tekin upp í fjárlögin.

Þá var gengið til atkvæða og var frumvarpið fellt frá 2. umræðu með 13 atkvæðum gegn 2.

VIII. HREPPSHELGI. Frumvarp til laga um breyting á þeim ákvörðunum, sem gilda um að ávinna hreppshelgi. Sjá I 83—84.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 12. fundi, 15. júlí.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal fyrst og fremst leyfa mjer að geta þess, að þetta frumvarp er ekki frá sjálfum mjer, en falið mjer af fundi í kjördæmi mínu, og voru á þeim fundi margir, sem fást við sveitarmálefni. Lög þau, sem gilda um framfærslu, eru þannig, að maðurinn vinnur sjer eiginlega ekki sveit með því að vera hreppnum þarflegur, og styðja að gagni hans, heldur einungis með dvöl sinni í hreppnum. Það eru til margir úrskurðir, ráðherraúrskurðir, sem ekki er hægt að appellera frá, og skilja þeir lögin beinlínis svo, að maðurinn vinni sjer þar framfærslu, sem hann hefur dvalið 10 seinustu árin, án nokkurs tillits til, hvort hann hafi unnið hreppnum gagn eða ekki. Það er aðgætandi, að síðustu 10 árin, áður en maður kemst á sveitina, eru optast nær hin gagnslausustu og ónýtustu ár hans, en ef rjett væri, þá

ætti hann þar að lenda á sveit, þar sem hann hefur unnið bezta hluta æfi sinnar. Afleiðingin af þessu hefur verið, eins og kunnugt er, að fjöldi manna hafa lent á hreppum, sem þeir aldrei hafa unnið neitt gagn; þurrabúðarmenn hafa verið sviptir leyfi til þess, að setja sig niður í hreppum, til þess þeir ekki yrðu þar innlyksa; hjú hafa verið rekin burt úr vist, og jafnvel búendur hafa verið flæmdir upp af jörð sinni, allt, til þess að forðast sveitarþyngsli. Þetta er ekki frjálslegt og ekki hafandi í lögum, svo menn ekki freistist til slíkra óyndisúrræða. Jeg gæti jafnvel tilfært dæmi upp á, að menn hafa gipt hjón, til þess að koma konunni á framfærsluhrepp mannsins. Hvernig sem á málið er litið, þá þarf það breytingar við. Grundvöllur sá, sem fundurinn komst að, er ekki nýr, hann hefur lengst af gilt hjer á landi, og var fyrst af tekinn á þessari öld af þeirri ástæðu, sem jeg vona, að ekki lengur eigi sjer stað hjer á landi, vegna þess að opt veitti erfitt að fá það upplýst, hvar sveitarlimurinn væri fæddur, og að hinu leytinu af því, að harðýðgi var beitt við óljettar lausakonur, að þær voru hraktar úr einum hreppi í annan. Ef sú regla er sett, að fæðingarhreppurinn skuli vera framfærsluhreppur, þá er hún svo einföld, að engin deila getur út af henni risið; hún er hin bezta regla, hvort sem til þess er litið, að hreppsstjórnirnar gjöri allt, sem í þeirra valdi stendur til að sjá um, að börn verði svo upp alin, til sálar og líkama, að þau ekki verði neinum hreppi til þyngsla. Já! jeg vil segja, að væri þessi grundvallarregla, þá mundu hreppsþyngsli vera langt um minni, og þá væri líka sveitarstjórnunum hægt að vita, hve miklum þyngslum mætti búast við, en eins og nú er, eru þeim sendir ómagar úr öllum áttum. En hvern grundvöll, sem menn taka, þá vænti jeg að allir þingmenn játi, að mál þetta er mjög alvarlegt, og skiptir allra velferð. Það er mjög talað um háa skatta, en það er eiginlega einungis einn skattur, sem er hár, það er fátækraskatturinn, því að þar sem allir aðrir skattar nema hæst 100 kr. hjá einum gjaldanda, þá er þessi skattur stundum svo hár að hundruðum skiptir, og er sumstaðar svo hár, að menn jafnvel flytja burt undan honum. Jeg vona deildin leyfi málinu að ganga til 2. umræðu, og vil jafnframt stinga upp á 5 manna nefnd.

Páll Pálsson, prestur: Jeg stend ekki upp til að lýsa ánægju minni yfir þessu frumvarpi, því að jeg er alls ekki samdóma flutningsmanni um grundvallarreglu hans. Að öðru leyti álít jeg það heppilegt, að mál þetta verði tekið fyrir, því að jeg veit, að það er bæði þörf og almenn ósk, að reglugjörðinni um fátækraframfærslu verði breytt, og málinu komið í rjettara horf, því að ákvarðanir þær, er nú gilda, eru mjög óheppilegar, og að því leyti sem þær valda misskilningi ónákvæmar. Hvað þetta frumvarp snertir vil jeg geta þess, að mjer finnst grundvöllur þess óheppilegur, þar sem bundið er við fæðingarhreppinn, en ekki farið eptir því, hvar maðurinn hefur mest og bezt unnið. Jeg vil taka til dæmis, að maður alist upp á sveit í fæðingarhrepp sínum, þar til hann er kominn að tvítugu, fer síðan í annan hrepp og vinnur þar mesta og bezta hluta æfi sinnar, þangað til hann er 50—60 ára, og svo, þegar hann er farinn að gefast upp, þá er hann sendur aptur á fæðingarhrepp sinn, sem þannig hefði tvöfalda byrði af honum. Flutningsmaður talaði um, að gamli grundvöllurinn hefði verið af tekinn, af því bókfærsla presta var óáreiðanleg; jeg er hræddur um, að svo muni reynast enn í dag um bókfærslu sumra þessara guðsmanna. Ef nefnd verður sett í málið, sem mjer finnst nauðsynlegt, þá ætti það að vera ætlunarverk hennar að koma ákvörðunum í það horf, að sem mest trygging verði fyrir, að framfærslan lendi á þeim hreppi, er maðurinn hefði unnið mest gagn í.

Arnljótur Ólafsson: Það getur vel verið, að fátækrareglugjörð vor þurfi umbóta við, en það er ísjárvert að taka einungis eitt atriði fyrir, svo sem fæðingarhreppinn,

og til styrks þess, hvað athugavert það er, vil jeg með fáeinum orðum sýna fram á, að framfærishreppur manns er eigi ætíð og alstaðar auðfundinn, þótt fæðingarhreppurinn einn sje tekinn, en sleppt vinnuhreppnum. Það er þá fyrst, að í 2. gr. stendur: »hver maður (þ. e. allir menn) skal eiga rjett til styrks og forsorgunar af sjóði þess hrepps, sem hann er fæddur í». Eptir þessu á hann að eiga rjett til styrks, ef hann við þarf, alla æfi af fæðingarhrepp sínum; en þá vil jeg spyrja, ef gipt kona fæðir barn á ferð, ætti þá ekki, eptir fyrstu málsgrein 2. gr., barnið fram að færast á fæðingarhrepp sínum sem »hver maður«? Jú; en í annari málsgrein segir, að barnið skuli framfærast af þeim hreppi, sem maður móðurinnar »þá eða síðast átti lögheimili«. Þessi orð: «þá eða síðast» verð jeg að skilja svo sem sagt væri: á þeim tíma sem barnið fæðist eða þar næst á undan. Það getur þá verið spurning um 3 hreppa, fæðingarhrepp barnsins, lögheimilishrepp mannsins á þeim degi, er barnið fæðist, og lögheimilishrepp hans, er hann átti þar rjett á undan. Þá getur og komið fyrir það tilfelli, að gipt kona á lögheimili í öðrum hrepp en maður hennar og fæði barn á lögheimili sínu, hvar á þá barn þeirra framfærsluhrepp? Um það er ekki talað í frumvarpinu. Nú ef kona fæðir barn á ferðalagi, eða í dvöl utan síns lögheimilis, þá er einnig efi um hinn rjetta framfærsluhrepp, eins og jeg þegar gat um. Þessi mikli vafi eða enda ruglingur er í frumvarpinu, og kemur af því, að 16 ára aldurstakmarkið í eldri lögunum vantar alveg í frumvarpið, svo ruglingurinn verður enn meiri en áður, ef þetta frumvarp verður að lögum. Jeg vil því mælast til, að flutningsmaður taki frumvarp sitt aptur, og komi með annað betra og greinilegra á næsta þingi, því að jeg vona, að haminjan gefi honum og þjóð vorri að sitja framvegis á þingi þessu.

Flutningsmaður: Jeg vil fyrst og fremst svara 1. þingmanni Norður-Múlasýslu því, að jeg mun ekki taka frumvarpið aptur, og allra sízt mun jeg gjöra það fyrir þessa tölu þingmannsins, því að í henni var ekki eitt einasta orð af viti, heldur tómar mislukkaðar hártoganir. Jeg veit ekki til, að það hafi nokkurn tíma komið fyrir, að kona nokkurs manns hafi átt lögheimili í öðrum hrepp en maður hennar. Hinar aðrar mótbárur þingmannsins skildi jeg ekki, og að líkindum hafa fáir skilið þær. Hann játaði þó, að fátækralöggjöfin þyrfti breytinga við, og erum vjer þá í því samdóma. Hvað snertir aðfinningar þingmanns Skaptfellinga, þá voru þær ekki byggðar á verulegum rökum, því að lík dæmi eins og hann kom með, koma einmitt fyrir eptir gömlu reglugjörðinni, enda er reglan um fæðingarhreppinn ekki ný.

Guðmundur Ólafsson: Þótt frumvarp þetta sýnist einfalt og skiljanlegt, er það þó næsta viðsjálft, ef það yrði að lögum. Frumvarpið sýnir, að hinum heiðraða flutningsmanni þykir fátækrareglugjörðin ekki góð, ef hann álítur þetta bezta kostinn úr henni. Fæðingarhreppurinn hefur jafnan, yfir höfuð að tala, þótt neyðarúrræði og þetta ber fátækrareglugjörðin með sjer sjálf. Að fara nú og gjöra neyðarúrræði að almennum lögum er viðsjárvert, og mundi valda almennri óánægju, og slíkt ættu menn að varast, og í öllum löndum þar sem þjóðviljinn er nokkurs metinn, leitast menn við að sneiða hjá því að vekja almenna óánægju. Það er óheppilegt að málið liggur þannig fyrir. Eins og það er, verður ekkert við það fengizt, og þó er málið það mikilsvert í sjálfu sjer. Það höndlar um þann flokk bræðra vorra, er ratað hafa í örbyrgð og eru upp á aðra komnir. Það ætti því að vera oss ljúf skylda að leitast við að bjarga þeim á sem hagkvæmastan hátt, án þess að ýfa um of óhug þeirra, er bjarga eiga, en þetta er nú vandinn. Jeg get með engu móti fallizt á þetta frumvarp, því jeg get ekki betur sjeð, en það ætli að innleiða hjer hjá oss gamalt danskt «Stavnsbånd». Annars virðist mjer nauðsynlegt að taka fátækrareglugjörðina frá 8. janúar til íhugunar og lagfæringar.

Flutningsmaður: Mjer þykir það bágt, að

þingm. Borgfirðinga skuli vera frumvarpinu mótmæltur, og að hann heldur það muni vekja óánægju, en það er bót í máli, að það mun líklega einungis verða þar sem hann þekkir til, en bótin er að hann þekkir ekki víða til. Þar sem jeg þekki til, mun það vekja ánægju, því að mjer var falið það til flutnings af hjeraðsfundi. Jeg skal reyndar taka mjer það ljett, þó þingmenn folli málið, en jeg verð þó að vera á því máli, að það sje áríðandi fyrir velferð landsins. Grundvöllurinn fyrir frumvarpinu er sá, að koma mönnum til að uppala börn betur, svo að þau verði hvorki sínum nje öðrum hreppum að óliði og til þyngsla, og ef það verður að lögum, þá er það sú sterkasta hvöt fyrir sveitarstjórnirnar til þess að sjá um menntun og uppfræðing barna, Það eru til alvarleg og sorgleg dæmi þess, að börn hafa verið svo uppalin, að þau hafa verið gjörð að ómögum, til þess að láta þau lenda á fæðingarhrepp sínum.

Páll Pálsson prestur: Flutningsmaður hefur misskilið mig, ef hann heldur að jeg sje ekki meðmæltur því, að mál þetta verði tekið til meðferðar; jeg get reyndar ekki fallizt á frumvarpið, eins og það er, en því má hæglega breyta, svo það verði gott.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil ekki þrátta við flutningsmann, og sízt um, hvað hann skilur og hvað hann ekki skilur; en jeg vil með fám orðum sýna, hve óeðlilegur grundvöllur 2. gr. er. Eptir 1. málsgrein á fæðingarhreppurinn að vera framfærslubreppurinn sjerhvers manns; eptir 2. málsgrein á lögheimilishreppur föðursins, og eptir 3. málsgrein á lögheimilishreppur móðurinnar að vera framfærzluhreppur barnsins, en nú er lögheimilishreppur föður eða móður ekki einlægt sama sem fæðingarhreppur barns, og vona jeg þá að flutningsmaður skilji, að jeg hafði rjett fyrir mjer. Hvað afleiðingarnar snertir, þá er auðsjeð, að ef menn eru svo sinnaðir í sveitarstjórnunum, eins og hann sagði, þá munu menn gjöra sjer allt far um að hrekja burt óljetta móður. Flutningsmaður trúði því ekki, að það gæti komið fyrir, að gipt kona ætti ekki lögheimili í sama hrepp sem maður hennar; en þetta kom þó seinast í vetur fyrir og var lagt undir úrskurð norður- og austuramtsins. Konan bjó á öðrum bæ en maður hennar, og bærnir voru sinn í hvorum hreppi; amtmaður skar svo úr þessu, að barnið ætti fæðingarhrepp sinn, og hann fylgdi því, sem Scheel segir í mannrjetti (Personretten) sínum um þetta tilfelli, því að fátækralöggjöf Danmerkur er alveg eins og var í þessu atriði.

Flutningsmaður: Hvort sem jeg skil eða ekki skil, og þó jeg ekki skilji lög eins vel og þingmaður Norður-Múlasýslu, og þó jeg hafi má ske ekki lesið eins mikið í lögum, sem ekki koma mínu embætti við, eins og hann, þá verð jeg þó að segja honum það, að skilningur hans á lögum er mjög torskilinn öðrum og flókinn. Jeg veit ekki, hvort það er af misskilningi eða af meinsemi, sem þingmaðurinn hártogar svona frumvarpið, eins og hann gjörir, en mjer finnst það ekki eiga við. Þar að auk er þetta 1. umræða, og þá á ekki við að fara út í einstakar greinir, enda mun þingmaðurinn fá tóm til þess við 2. og 3. umræðu. Þingmaður Skaptfellinga gat sjer til, að bókfærsla presta mundi nú engu betri en fyr, en því verð jeg að mótmæla, að minnsta kosti, þar sem jeg þekki til. (Páll Pálsson kvaðst standa við það, sem hann hafði sagt).

Þórður Þórðarson: Jeg skal játa því, að ef sú ástæða, sem flutningsmaður lagði áherzlu á, að menntun væri nú lakari á börnum, sökum fátækrareglugjörðarinnar, ef hún væri á rökum byggð, þá væri ástæða til að taka reglugjörðina fyrir, en jeg held þetta eigi sjer ekki stað. Prestum og sveitarstjórum er ekki síður annt um uppfræðing barna, sem liggja á sveit, en annara, að minnsta kosti, þar sem jeg þekki til. Aðalgrundvallarreglan fyrir frumvarpinu er hið mesta neyðarúrræði, að byggja á fæðingarhreppnum, og því vil jeg, ef ekki verður sett nefnd í málið, helzt stinga upp á því, að frumvarpinu verði vísað á sinn fæðingarhrepp.

Þá var gengið til atkvæða, og var frumvarpið fellt með 15 atkvæðum gegn 6.

IX. TÓBAKSTOLLUR. Frumvarp til laga um breyting á 1. grein í lögum um aðflutningsgjald af tóbaki, dagsettum 11. dag febrúarm 1878. Sjá I 124.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 12. fundi, 15. júlí.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Frumvarp þetta fer fram á, að burt sjeu numdar úr lögunum 11. febrúar 1876 hinar tilgreindu tóbakstegundir, sem sje «ról» og «rulla», með því að kaupmenn vilja ekki gjarna gjalda toll af fleiri tegundum en þar eru nefndar.

Varaforseti: Hverjar eru þær tegundir?

Benedikt Sveinsson: T. d. «Snuus» og «Cavendish» eru ekki nefndar þar.

Varaforseti: Ef sú skýring, er flutningsmaður gaf, er nægileg, þá vil jeg spyrja landshöfðingja, sem reikningshaldara landssjóðsins, hvort kaupmenn hafi eigi viljað gjalda toll af tóbaki, hverju nafni sem nefnist, eða hvort sumar tegundir komist eigi undir 1. grein; sje svo, þá er sjálfsagt að laga þessi lög.

Landshöfðingi sagði, að hann hefði aldrei orðið var við þetta tilfelli við endurskoðun landsreikninganna, og að sjer sýndust lögin frá 11. febrúar 1876 svo yfirgripsmikil, að 1. gr.næði yfir allt tóbak nema vindla, sem nefndir væru í 2. gr. tjeðra laga.

Benedikt Sveinsson sagði, að hann gæti t. a. m. tilfært það dæmi, að faktor Guðjohnsen á Húsavík hefði eigi viljað greiða gjald af «Snuus», sem að vísu væri skorið neftóbak, en þó ekki «ról», sem lögin eingöngu nefndu; sýndi þetta, að skýrari ákvarðana þyrfti í lögunum, enda væri útlátalítið að orða rjett toll-lögin, og minna mætti það ekki vera.

Landshöfðingi sagði, að «Snuus» yrði ekki undantekinn, hann væri skorið neftóbak, og neftóbak væri þó ekki undanskilið í greininni.

Tryggvi Gunnarsson gat þess, að erlendis væri ætíð borgaður útflutningstollur af «Snuus» tóbaki, og hlyti því að vera rjett að taka eptir sömu reglu innflutningstoll hjer af innfluttu Snuus-tóbaki. En ef gjalda ætti toll af allskonar tóbaki, hverju nafni sem nefndist, eins og breytingaratkvæðið færi fram á, þá mundi hætt við, að sumir sýslumenn vildu fara fram á að taka toll af tóbakssósu, því að í henni væri þó tóbak. Tóbakstollslögin væri full ljós, og rjettast að fella þetta breytingaratkvæði.

Benedikt Sveinsson kvað sjer frumvarp þetta eigi vera neitt kappsmál, og hann væri að eins óánægður með að meiningin í lögunum, eptir sinni meiningu, skildist ekki. Að öðru leyti sýndi 1. grein laga þessara sig sjálf, hve óheppilega hún væri orðuð.

— Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar forseti þá undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu og var það fellt með 15 atkvæðum gegn 3.

X. KIRKJUGJALD AF HÚSUM. Lagafrumvarp frá stjórninni. Sjá I 18—19.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 3. fundi, 3. júlí.

Var stungið upp á sjerstakri nefnd, en það fellt með öllum atkvæðum gegn 2; uppástunga um að vísa málinu til nefndarinnar í málinu um skipun prestakalla og kirkna var felld með 11 atkvæðum gegn 9, en samþykkt með 18 atkvæðum að vísa málinu til 2. umræðu.

Önnur umræða í neðri deild, á 4. fundi, 5. júlí.

Þórður Þórðarson: Mjer þykir 1. gr. nokkuð athugaverð, hvernig hún er orðuð, þar sem ekki eru tekin undan skattskyldunni nema þau hús, er fylgja jörð, er metin sje til dýrleika, og gæti það má ske skilizt svo, að önnur hús á jörðunni, sem notuð eru við ábúð á henni, sjeu ekki laus við gjald þetta, og vil jeg því áskilja mjer rjett til að koma með breytingaratkvæði til 3. umræðu um þetta efni.

— Þá var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein samþykkt með 18 atkvæðum.

2. grein samþykkt í einu hljóði.
3. — —— - — —
4. — —— - — —
5. — —— með 20 atkvæðum.
6. — —— — 14 —

Fyrirsögnin var samþykkt án atkvæðagreiðslu, og málinu síðan vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild, á 5. fundi, 7. júlí.

Enginn tók til máls, og voru greidd atkvæði um frumvarpið ásamt framkomnum breytingaratkvæðum á þessa leið:

1. breytingaruppástunga þingmanns Snæfellinga og 5 annara þingmanna við 1. gr. (sjá I 28) samþykkt með 19 atkv.
2. breytingaratkvæði þingmanns Reykvíkinga og fl. við 5. gr. (sjá I 28) samþykkt í einu hljóði.
3. frumvarpið allt með áorðnum breytingum (sjá I 73), samþykkt með 19 atkv.
4. fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Síðan var frumvarpið þannig lagað sent efri deild.

Fyrsta umræða í efri deild, á 7. fundi, 9. júlí.

Uppástunga frá 2. þingmanni Skagfirðinga (Jóni Jónssyni), um að setja nefnd í málið, var felld með 9 atkvæðum, og málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Benedikt Kristjánsson kvaðst ekki eiga neitt breytingaratkvæði við frumvarp þetta, en verða að segja það um 1. breytingaratkvæðið (sjá I 82), að það væri að eins orðabreyting, sem auðsjáanlega væri til bóta, sama væri og að segja um önnur breytingaratkvæðin (sjá I 82), að þau mættu álítast til bóta. Hann kvaðst og ætla, að frá neðri deildinni vantaði ákvörðun um það, hvaðan virðingarkostnaðinn skyldi taka; en hvað frumvarpið sjálft snerti, þá væri hjer allt annar grundvöllur en í skattalögunum; hjer væri tekinn tollur af hverju 100 kr. virði, en í skattalögunum af 500 kr. virði, þess vegna þyrfti því, að gjöra ráð fyrir virðingu á húsum, sem ekki væri virt vegna húsaskattsins, og kveða á um það í lögum þessum, hver borga skyldi virðingargjörðina. Hann kvað sjer því þykja íhugunarvert að sleppa frumvarpinu óbreyttu, en á hinn bóginn ísjárvert að lengja tímann með því að breyta því.

Árni Thorsteinson kvaðst skilja frumvarpið á annan hátt en þingmaðurinn. Það væri sín skoðun, að kirkjan, er tollinn fengi, en enginn annar, ætti eptir frumvarpinu að greiða kostnað þann, er af virðingunni leiddi. Væri því óþarft að bæta þessu við.

Eirikur Kúld kvaðst vera þingmanni Þingeyinga samdóma um þetta efni, ef eigi væri að ræða um önnur hús en þau, er tollskyld væru landssjóði.

Árni Thorsteinson, kvaðst álíta sjálfsagt, að kirkjan sjálf ætti að borga þennan kostnað. Hann yrði ekki lagður á nokkurn annan, hvorki á skattgreiðandann, eða t. a. m. landssjóð, sem einnig tæki skattgjald af húsum.

Jón Jónsson sagði, að sagt hafi verið, að breytingaruppástungur sínar við þetta frumvarp væru að eins orðabreytingar, en það væri þó eigi fullljóst um þær allar; 1. tölul. væri orðin breyting, sem kæmi í veg fyrir misskilning og vafa; 2. tölul. væri meira verður, því að það gæti hugsazt, að þeir, sem byggðu hús eptir að virðingargjörð væri lokið, þættust vera undanþegnir gjaldinu; það væri að vísu hártogun, en betra væri að koma í veg fyrir hana; 3. tölul. væri eigi orðabreyting; frumvarpið heimilaði kirkjugjaldinu forgangsrjett, en eigi lögtaksrjett, en þingmönnum væri kunnugt, að í skattalögum væri vant að taka fram lögtaksrjett; 4. tölul. væri augljós orðabreyting, og væri komin undir geðþekkni hvers eins, hann kynni að eins betur við, að segja «almennur» en «opinber». Með 5. tölulið hefðu 2 þingmenn mælt og vildi hann því ekki orðlengja um hann, en að eins geta þess, að sjer þætti

hann nokkurs virði, þar sem reikningsár kirkju fjelli saman við fardagaár.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi vera ánægður með upplýsing hins 6. konungkjörna þingmanns, það væri að vísu auðskilið, að kirkjan borgaði virðinguna, ef hún ætti tekjurnar; en ef nú ætti að virða hvert hús, sem væri 100 kr. virði, yrði sú borgun miklu meiri en húsagjaldið; hann vildi því miða við þau hús, sem skattskyld væru landssjóði, og mundi hann því reyna að koma sjer saman við þingmann Þingeyinga með breytingaruppástungu í þá átt.

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða eptir prentaðri atkvæðaskrá (sjá I 86), og var

1. 1. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar. Um þessa breyting var sakir óljósrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall, og sögðu Já:
   Benedikt Kristjánsson,
   Jón Jónsson,
   Jón Pjetursson,
   Sighvatur Árnason.
   Nei:
   Bergur Thorberg,
   Eiríkur Kúld,
   Magnús Stephensen,
   Árni Thorsteinson,
   Ásgeir Einarsson,
   Jón Hjaltalín,
   Stefán Eiríksson.
   Og var breytingaruppástungan þannig felld með 7 atkv. mót 4.
3. 2. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.
4. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 8 atkv. mót 3.
5. 3. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkv.
6. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 8 atkv. mót 3.
7. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 7 atkv. mót 1.
8. 4. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkv.
9. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 7 atkv. mót 1.
10. Viðaukaatkvæði hins sama fellt með 6 atkv. mót 2.
11. 5. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 9 atkv.
12. 6. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkv.
13. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.

Var svo frumvarpinu með samhljóða atkvæðum vísað til 3. umræðu.

Þriðja umræða í efri deild, á 11. fundi, 14. júlí.

Ásgeir Einarsson kvaðst hafa ætlað, að einhver sjer fróðari í þessu máli, mundi vekja máls á breytingaruppástungunum (sjá I 90) við þetta mál, en með því hann sæi engan ætla að verða til þess, yrði hann að hefja máls á þeim. Hvað þá snerti hina fyrstu breyting, að miða gjaldið við 500 króna virðingarverð í stað 100 króna, þá skyldi hann eigi að nein ástæða væri til þess; það væri kunnugt, að enginn bóndafátæklingur í sveit væri sá, að hann gyldi eigi ljóstoll, en þó að þetta umrædda gjald væri svo lágt, að engum gjaldanda munaði um það, þá drægi það sig þó saman, ef frá mörgum kæmi og væri styrkur fyrir viðtakanda. Annað atriði væri það, að 3. grein falli burt; hann sæi eigi betur en þá yrði að fara að virða hús af nýju, þó að opt væri búið að virða þau áður, og efaðist hann um að það þætti gott. Þetta hvortveggja þætti sjer allra óskiljanlegast af öllum breytingunum og ætlaði hann eigi að vekja máls á fleiru, en vonaði að nú tækju fleiri til máls, og sýndu álit sitt um þessar breytingar.

Landshöfðinginn kvaðst ætla, að breytingaruppástunga hinna 4 þingmanna um, að undanþiggja húsagjaldi öll þau hús, er virðingarverð þeirra eigi næði 500 krónum, mundi eigi hafa mikil áhrif; hann væri samdóma þingmanni Húnvetninga í því, að eigi væri næg ástæða til þessarar undanþágu;

gjaldið, sem um væri talað, væri að eins 5 aurar af hundrað króna virði, og gæti því eigi farið fram úr 20 aurum af þessum húsum. Hann vildi því mæla móti þessari breytingu. Einnig væri hann þingmanni Húnvetninga samdóma í því, að óheppilegt væri að sleppa úr 3. gr., því að þá vantaði í frumvarpið ákvörðun um það, eptir hverri virðingargjörð skyldi fara, því að fleiri virðingargjörðir væru til, en virðingargjörð til að taka eptir húsaskatt, t. a. m. við veðsetningar og dánarbú. Ef 5. gr yrði samþykkt, sæi hann ei betur, en eptir henni og 6. gr. færi svo, að engin kirkjutíund yrði greidd í Reykjavík árið 1880, en það mundi þó vart vera tilætlun uppástungumanna. Hann vildi láta samþykkja þessa ákvörðun, eins og hún hefði komið frá neðri deildinni. Allt hitt væri að eins orðabreytingar, og hefði áður verið borið undir atkvæði og þætti óþarft, og væri að eins undir hverjum einum komið, hvort hann kynni betur við frumvarpið sjálft eða breytingar þær. Yfir höfuð vildi hann óska, að deildin fylgdi fram sömu stefnu, sem við 2. umræðu, að breyta eigi þeim frumvörpum, er kæmu frá neðri deildinni, nema eitthvað verulegt þætti að þeim. Um lögtaksrjettinn vildi hann taka fram, að óþarfi væri að nefna hann í frumvarpinu, því að hann væri heimilaður í opnu brjefi frá 2. apríl 1841; vildi hann því skjóta því til uppástungumanna, hvort þeim litist eigi, að taka heim aptur breytingar sínar, eða þá greiða atkvæði móti þeim. Sjálfur mundi hann mæla móti þeim öllum.

Benedikt Kristjánsson sagði, að með því að hann væri við riðinn breytingaratkvæðin, og þau mættu svo mikilsverðum mótmælum, þætti sjer ódrengilegt og bleyðuskapur, að taka eigi svari þeirra. Þingmaður Húnvetninga hefði eigi viljað hlífa húsum, er væru minna virði en 500 kr., hann mundi að vísu vera kunnugur bæði innheimtingu fyrir kirkjur og landssjóð, en sjer sýndist fyrir sitt leyti óviðurkvæmilegt, að kirkja gengi harðara en landsstjórnin að fátæklingum. Önnur ástæða væri sú, að engin virðingargjörð gæti verið ódýrari en 20 aura, og því mundi sjálft gjaldið eigi borga virðingarlaunin, sjer sýndist nauðsynlegt, að hús yrði að virða ár eptir ár, því að þau hrörnuðu; engin lög væru fyrir því, að hin sama virðingargjörð stæði við gildi óhögguð ár eptir ár. Kirkjur mundu því vinna við þá ákvörðun að þurfa eigi að borga virðingarlaun fyrir þessi hús; þar sem haft væri móti því að fella burt 3. gr., gæti hann enga ástæðu sjeð móti því; sjer þætti eðlilegast. að kirkjan legði sama til grundvallar fyrir tekjum sínum, sem landssjóður, og lægi þá beint við, að kirkjugjaldið væri byggt á sömu virðingargjörð, og ætlaði hann, að enginn vafi mundi verða á því, er til kæmi, eptir hvaða virðingargjörð ætti að fara; ef virðingargjörð til skattgjalds væri rjett, gæti engin önnur verið rjettari, því að ekkert gæti verið rjettara en rjett. Hvað það snerti, að setja fardagaár fyrir almanaksár þá væri það af því, að allar kirkjutekjur og kirkjureikningar færu eptir fardagaárum, og gæti hann ei skilið, hvernig Reykjavíkur kirkja gæti tapað við það, því að hin gömlu tíundarlög mundu gilda þar til í fardögum 1880. Það er lögtaksrjettinn snerti, væri hann eigi alveg sannfærður um, að álit landshöfðingjans yrði álitið óyggjandi fyrir dómstólum, ef til þess kæmi. Forgöngurjettur kvæði á um rjetthæð skuldarinnar gagnvart öðrum skuldum; en lögtaksrjetturinn væri rjettarmeðal, til að innheimta skuldina. Landshöfðinginn hefði sagt, að hann væri áður heimtaður fyrir kirkjugjöld og það væri rjett, en sjer sýndist þó vafasamt, hvort sú heimild, er gefin er í opnu brjefi 2. apríl 1841, næði einnig til þeirra gjalda, er væri ákveðin með lögum, er koma út eptir þann tíma, og hann efaði mikillega, hvort hinn almenni lögtaksrjettur næði til þessara laga, ef hann væri eigi nefndur þar á nafn.

Árni Thorsteinson kvað það hafa ráðið mestu, er rætt var um hin nýju skattalög, að menn álitu almennt, að hús væru svo mikilsverð og arðberandi eign, að þau þyldu skattgjald; en fyrir sitt leyti væri hann enginn vinur húsaskatts eða gæti aðhyllst

slíka skoðun. Allt fyrir það væri þessi skattur svo lágur, að hann munaði engan, þar sem hann væri eigi nema 5 aur. af 100 kr. Enginn af þeim, sem um mál þetta hefðu sýslað, hefði sýnt fram á, að kirkjur þyrftu þessa skatts með, eða hver verða mundi upphæð skattsins, en það mætti samt álíta vissu fyrir að þær væru fátækar og synd að neyta þeim um lítilræði þetta. Á þetta gæti hann fallizt því fremur sem hann hefði þá aðalástæðu til þess, að með lögunum yrði einnig af numinn ójöfnuður sá, er gerðist í hitt eð fyrra, að Reykjavíkurbúar, en eigi aðrir sóknarmenn í sömu sókn og þeir, verða að gjalda kirkjutoll. Sjer þætti vænt um að þessi ójöfnuður væri afnuminn og sama gjald tekið alstaðar. Breytingaruppástungurnar væru eigi svo mikils verðar, að ástæða væri til að aðhyllast þær fremur en frumvarpið, eins og það kom frá neðri deildinni. Hann væri móthverfur því, að undanþyggja þau hús, er lægra væru metin, en 500 kr. Þá er ræða var um húsaskattinn, hefði hann eigi viljað láta taka hann af verðlægri húsum, en þá hefði skatturinn verið miklu tilfinnanlegri; þessi skattur til kirkjunnar væri svo lágur, að hann gæti eigi ofþyngt neinum húseiganda, en safnaðist þó, er saman kæmi, til kirkjunnar. Áður hefðu kirkjugjöld verið jöfn, og þetta gæti orðið til uppbótar á ljóstollinn, sem væri lítill í sjálfu sjer og af tómthúsmönnum væri ei annað goldið en hann. Hann vildi halda því fram, að sem mestur jöfnuður yrði á gjöldunum og að allir gildu sama gjald, en það væri því minni ósanngirni, að eigendur þessara húsa gildu þennan skatt til kirkju, þar sem þeir gyldu ekki til landssjóðs. Eigi kvaðst hann heldur geta skilið, að þessi tollur borgaði sig eigi, þar eð virðing húsanna kostaði svo mikið; það mætti fylgja þeirri reglu, að borga lítið fyrir virðinguna, svo sem helming eða fjórða hluta verðs, og hann hefði fremur kosið á að uppástungumenn hefði farið þessu fram. Um 3. gr. skyldi hann fátt ræða; uppástungumenn hefðu hugsað, að með afnámi 1. gr. væri fótum kippt undan 3. gr., en það væri óþarfi, því hún mætti standa allt fyrir það. Sá þingmaður, er síðast talaði, hefði eigi verið ánægður með að sleppa lögtaksrjettinum, en landshöfðingi hefði frætt hann á, að hann væri áður heimilaður með opnu brjefi 2. apríl 1841, en ef honum nægði það eigi, þá gæti hann máske látið sjer nægja þá grundvallarreglu laganna, að lögtaksrjettur ætti sjer stað í öllum opinberum gjöldum. Þessi regla væri styrkt með mörgum sjerstökum lögum.

Jón Jónsson, kvað sjer þykja mjög vafasamt, hvort lögtaksrjettur sá, er væri heimilaður í opnu brjefi frá 2. apr. 1841, næði til annara laga en þeirra, er nefnd væru í tilskipuninni, og það væri því hættara við, að þetta væri eigi þannig skilið, sem skattalögin gengju út frá hinu gagnstæða; lög um húsaskatt, um ábúðarskatt og um tekjuskatt til tóku öll bæði forgöngurjett og lögtaksrjett. Landshöfðingi hefði talað um hættu þá, er leiða mundi af því að setja fardagaár fyrir almanaksár; sjer sýndist hún eigi mikil, því að lítil líkindi væru til, að stjórnin flýtti sjer svo að staðfesta lög þessi, að þau hefðu öðlazt gildi fyrir fardaga 1880, en ef líkindi þættu til þess, mætti bæta úr því með lítilfjörlegri viðbót í síðustu grein frumvarpsins. Annars myndi þetta vera ónauðsynlegt, því að varla kæmi það til, að lögunum yrði svo flýtt; aptur gæti verið hættulegt að fallast ekki á breytingaruppástunguna, ef kirkjutíundir væru óheimtar inn um nýár 1880, því að þá væri eigi víst, hvort þær yrðu heimtar inn. Yfir höfuð felldi hann sig betur við breytingaruppástungurnar, en frumvarpið, eins og það kom frá neðri deildinni. Sjer þætti margar ástæður mæla með því, að miða kirkjugjald við 500 kr. virðingarverð, eins og skattgjald til landssjóðs, því að, þó að gjaldið væri lágt af húsum, er lægra væri metin, yrði það þó þungt á fátæklingunum, er það bættist við önnur gjöld, því lítið dregur vesæling.

Benedikt Kristjánsson, kvaðst vilja spyrja hinn 6. konungkjörna þingmann, hvernig

gjaldið gæti orðið kirkjunni að inntekt; að vísu væri hann eigi kunnugur kostnaði þeim, er af slíkum virðingum leiddi, en þó efast um, að nokkur virðing gæti kostað minna en 20 a.; enn þá væri ei komið neitt, sem sannaði það, að virðingin væri ei nauðsynleg ár hvert.

Árni Thorsteinson kvað skoðun þingmannsins rjetta, ef svo væri, að virðingin ætti að fram fara árlega, en það væri ekki sín skoðun. Eptir sínu áliti ætti ei að virða upp húsin nema því að eins, að þau annaðhvort gengju úr sjer eða fengju endurbót, er næmi 100 kr. Hann væri þingmanninum samdóma um það, að engin virðing á einstöku húsi gæti numið minna verði en 20a., en þegar fleiri hús væru virt í einu, gæti virðingarkostnaðurinn eigi orðið svo mikill, að hann ynni upp allt gjaldið.

2. þingmaður Skagfirðinga hefði spurt sig um, við hvaða lög að lögtaksrjetturinn hafi stuðzt áður en þessi lög komu út, en hann vissi ei betur, en hann hafi ætíð legið í grundvelli laganna, og ýmsum lagaboðum einstaklegs eðlis, þar á meðal um presta og kirkjugjöld. Þau hefði verið tekin lögtaki fyrir 1841, og gæti hann nú aptur spurt þingmanninn að því, eptir hverri lagaheimild gjöld hefði verið tekin áður, svo hann gæti játað því eða neitað.

Eirikur Kúld kvað hjer vera um lítilræði að gjöra, og sannaðist því á kirkjunni hin gamla setning: «Litlu verður Vöggur feginn», og að sjer sýndist frumvarp þetta fremur verða kirkjunni til skaða en hagnaðar, þar eð hann gæti ei sjeð, að nokkur virðing gæti kostað minna en 20 a. Hann skildi ei ræðu hins 6. konungkjörna þingmanns, en sagði að sjer fyndist, að hin helzta ástæða til að aðhyllast frumvarpið, væri sú, að bæta úr ójöfnuði þeim, er Reykjavíkurbúar hafi orðið fyrir 1877, og sem hann gæti með sanni sagt, að hefði verið sprottinn frá neðri deildinni; að öðru leyti væri hann ekki á móti því, að gjöra það að vilja landshöfðingjans að greiða ekki atkvæði í máli þessu, þar eð sjer væri eigi frekara um hugað um það.

Sighvatur Árnason sagði, að sjer þætti allmikið rætt í ekki stærra máli en þessu, og vilja því vera fáorður. Hvað 1. tölul. snerti, þá væri sjer eigi annt um hann, og gæti síður fallizt á hann, en frumvarpið sjálft. Sjer þætti eðlilegt, að af húsi, sem virt væri 400 kr., væri eins tollur tekinn, að sínu leyti eins og af húsi, sem virt væri 500 kr., og sömuleiðis þótt það væri að eins metið 100 kr. Sín skoðun væri, að tollurinn mundi gjöra með tímanum meir en borga virðingargjörðina, og þættist húseigandinn, þegar frá liði, gjalda af því um skör fram, mundi hann á sinn eiginn kostnað útvega virðingargjörð á húsinu, en sæi kirkjuhaldarinn aptur á móti, þegar frá liði, að húsið væri of lágt metið og ljeti virða það upp, þá væri auðvitað, að kirkjan sjálf yrði að greiða þann virðingarkostnað.

Jón Pjetursson sagði, að ef ei væri breytt 1. gr. þá væri 3. gr. nauðsynleg, en sjer þætti uppástungur hinna 4 þingmanna eðlilegri en frumvarpið; sjer sýndist rjettast, að landssjóðurinn og kirkjan legðu hið sama til grundvallar fyrir álögum sínum. Sjer sýndist og, að eigi væri til nokkurs að taka toll af húsum, er metin væri undir 500 kr., þar eð það mundi eigi verða til neins hagnaðar fyrir kirkjuna, því virðingarkostnaðurinn æti upp allan tollinn, því auðvitað væri að ekki mætti draga úr virðingarkostnaðinum þótt húsið, sem virt væri, næði ekki 500 kr. Hann vildi því greiða atkvæði með breytingaratkvæðinu við 1. gr., og að 3. gr. fjelli burt. Enn fremur þætti sjer undarlegt, að nokkrum skyldi þykja það óhafandi, ef sett væri í frumvarpið, að gjald þetta skyldi hafa l ö g t a k s r j e t t, sem önnur opinber gjöld, en hafa þó ekkert móti því, er þar stendur, að það skuli hafa sama f o r g ö n g u r j e t t, sem önnur opinber gjöld; það væri engin ástæða fremur

til að geta hins eina, en þess annars, hvorugs þyrfti að geta, en ef annars væri getið, ætti og að geta hins. Hvað reikningsár kirkjunnar snerti, gæti það ei verið annað en fardagaár, því hann þekkti ekki annað reikningsár, er kirkjan hefði.

Stefán Eiríksson sagði, að það hefði vakað fyrir uppástungumönnunum við breytinguna á 1. gr., að ei væri tilvinnandi að virða þau hús, er eigi væru 500 kr. virði, og þess vegna hefðu þeir viljað fella burt 3. gr.; þeir hefðu álitið að fara mætti eptir virðingu á húsum til landssjóðs. Hann gæti frætt deildina á því, að skattgjaldið af Papós húsum hefði eigi nægt til að borga virðinguna, og sama mundi verða tilfellið með virðing á húsum til þessa kirkjugjalds, að gjaldið ekki hrykki til að borga virðingargjörðina.

Sighvatur Árnason kvaðst mundi greiða atkvæði móti breytingaruppástungum þessum; og það væri sín skoðun, að virðingin ætti að eins einu sinni fram að fara, nema ef gildar ástæður komi fyrir til þess að virða húsið á ný. Þótt virðingarkostnaðurinn yrði fyrsta kastið hærri en tollurinn, væri það að eins augnabliksútlát fyrir kirkjuna, en tollurinn kæmi í sjóð hennar árlega, og yrði með tímanum margfaldur við virðingarkostnaðinn; hann kynni betur við sumar orðabreytingarnar á atkvæðaskránni en frumvarpið sjálft; hann vildi ekki fella 3. gr. frumvarpsins, þar eð hann vildi ekki samþykkja breytinguna við 1. gr.

Jón Jónsson kvaðst vilja reyna að svara spurningum þeim er 2 þingmenn hefðu sett fram; hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði spurt hvar lögtaksrjetturinn hefði verið heimilaður fyrir 1841, en þetta gæti þingmaðurinn sjeð af sjálfri þessari tilskipun, sem vottaði til ýmsra eldri lagaboða, og væri yfir höfuð að tala viðurkennt af öllum lögfræðingum að lögtaki yrði því að eins beitt að sjerstök lagaheimild væri fyrir því. Spurningu hins 3. konungkjörna þingmanns um hverja ástæðu löggjafinn gæti haft til, hjer að eins að nefna forgöngurjett, þegar það væri almennt, að bæði forgöngurjettur og lögtaksrjettur fylgdu opinberum gjöldum, þessari spurningu yrði eptir rjettum hugsunarreglum að eins svarað á eina leið: Ljöggjafinn mun þá ætlast til, að viðkomandi gjöld hafi að eins forgöngurjett en ekki lögtaksrjett. Hinum hæstvirta landshöfðingja og þingmönnum þeim, er hefðu mælt á móti þessari breytingu, mundi varla geðjast þetta svar, en þeir mundu eiga bágt með að komast undan því.

Ásgeir Einarsson kvaðst ætla að þetta þref mundi leiða til þess, að Reykvíkingar mundu halda skatti sínum til næsta þings, þar eð fleiri kynnu að verða með því en móti, en sín skoðun væri, að nauðsyn væri á því, að koma betra skipulagi á kirkjutíund þar, og óskaði að þingmenn ljetu ei í ljósi þá stífni, er gæti orðið því til fyrirstöðu.

Landshöfðingi kvaðst vilja taka það fram, að óhæfa væri að sleppa 3. gr.; hann sagði að ef svo færi, vantaði ákvörðun um, eptir hverju virðingarverðið ætti að ákveðast. Hann tók það upp aptur, að samkvæmt opnu brjefi frá 2. apr. 1841 væri lögtaksrjettur heimilaður. Breytingaruppástungur þingmanna væru því eigi nauðsynlegar, heldur óþarfar; hann óskaði þess, að deildin vildi halda þeirri reglu, að breyta ekki frumvörpum þeim, er frá neðri deildinni kæmi, nema því að eins, að nægar ástæður væri til þess.

Magnús Stephensen sagði, að það sannaðist hjer, að enginn lifði svo öllum líkaði; margir hefðu fengizt við frumvarp þetta frá því fyrsta, bæði nefnd, stjórnin og nú neðri deild alþingis, en allt þetta hefði þó eigi nægt þessum hinum 4 þingmönnum, en þó væri það furðanlegast, að þeir hefðu eigi sjálfir getað gjört sjer til hæfis, því að í þingtíðindunum frá í hitt eð fyrra mætti finna, að þeir, nema E. Kúld, hefðu beint samþykkt það, er nú vilja þeir útrýma, þá

er talað var um kirkjutíundarlög fyrir Reykjavík 1878. Nú vildu þeir eigi leggja gjald á hús, er lægra væru metin en 500 kr., en þá vildu þeir það gjarna, er Reykjavík ein átti hlut að máli. Sama væri að segja um 2. breytingaruppástunguna, því í nefndum lögum stæðu orðin: «opinberum byggingum». 3. greinin væri tekin næstum orðrjett eptir þessum sömu lögum, og loks væri sama að segja um breytingaruppástunguna undir 4. b. og c. Þingmaður Þingeyinga hefði fært það til í móti frumvarpinu að virða þyrfti öll hús, sem lægra væru metin en 500 krónur, þetta ætti eigi við í Reykjavík, því að þar væru öll hús metin, er næðu 100 kr. virðingarverði, heldur að eins út um landið, og þar væri það eigi eins mikið starf. Hann vildi enn taka það fram, að þó að lögtaksrjettur væri nefndur í skattalögunum, þá hefði það að eins verið gjört til fyllingar, en eigi af því að það þætti svo nauðsynlegt. Ein breytingaruppástungan þætti sjer góð nefnil. 5. tölul., því að sjer sýndist það vottur um iðrunarmerki og að uppástungumennirnir — að E. Kúld undanteknum — vildu nú gjöra yfirbót fyrir tíundarlögin frá 1878, með því að gefa Reykvíkinga lausa við kirkjugjald um eitt ár; það væri fagurt af þeim, og ef það gæti friðað samvizku þeirra, þá vildi hann fyrir sitt leyti stuðla að því, að þessi breytingaruppástunga fengi framgang.

Benedikt Kristjánsson kvað hinn 5. konungkjörna þingmann hafa brugðið sjer um það, sem hann væri ekki valdur að; það stæði í þingtíðindunum, að hann hefði gjört breytingaruppástungu við lagafrumvarp þetta 1877, að gjaldið ætti að miðast við 500 kr. og kvaðst vera ánægður með þær tillögur sínar, en þá hefði hann og viljað láta lögin ná yfir allt landið.

Jón Pjetursson sagði, að hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði víst ekkert á móti því, þótt breytingaratkvæðin eigi væru tekin upp úr lögunum um kirkjutíundina í Reykjavík, þau lög falli og nú úr gildi eptir 6. gr. Þótt þær væru ólíkar tíundarlögunum, væri þær ei óviðfelldnar þar fyrir. Hvað virðingarkostnaðinn snerti, fyndist sjer engin slík virðingargjörð geta kostað minna eptir löggjöfinni en 4—6 kr., og af þeim væru 26 aur. ei lögmæt renta, þar af leiddi, að vextirnir af útgjöldum yrðu hærri en árstekjurnar eða tollurinn.

Magnús Stephensen kvaðst vilja leiðrjetta það, að virðingarkostnaðurinn þyrfti að nema 4 eða 6 kr. á hverju húsi, því að þegar hús voru virt í Reykjavík vegna kirkjutíundarlaganna frá 1878, hefðu virðingarmennirnir virt 10 — 16 hús á dag, og fengið fyrir það ákveðin daglaun, sem hvergi nærri mundu nema 1 kr. fyrir hvert hús, því síður 4 eða 6 kr.

Landshöfðingi sagði, að samkvæmt 3. gr. frumvarpsins væri að nokkru virðingargjörðirnar þegar um garð gengnar, en hvað hin húsin snerti, þá mundi landshöfðingi sjá um, að virðingargjörðin á þeim yrði sem kostnaðarminnst.

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða:

1. um breytingaruppástungu við 1. grein. Við þennan tölul. ljet forseti við hafa nafnakall, og sögðu

»já«:
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Stefán Eiríksson,

»nei«:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason.

Var þannig þessi töluliður felldur með 7 atkvæðum móti 4.

2. Breytingaruppástunga við 2. gr.

Hjer var einnig viðhaft nafnakall, og sögðu

»já»:
Eiríkur Kúld,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

»nei»:
Bergur Thorberg,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín.

Og var töluliðurinn þannig samþykktur með 6 atkvæðum móti 5.

3. Um 3. gr. (að hún falli burt) fellt með 8 atkvæðum.
4. Við 4. gr.: a. samþykkt með 6 atkvæðum móti 4.
   b. samþykkt með 6 atkvæðum.
   c. samþykkt með 6 atkvæðum.
5. Við 5. gr. Við þenuan tölulið var sakir óljósrar atkvæðagreiðslu viðhaft nafnakall, og sögðu

«já»:
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen.
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,

«nei»:
Bergur Thorberg,
Árni Thorsteinson,
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

Síðan var frumvarpið allt með áorðnum breytingum (sjá I 125) samþykkt í einu hljóði með nafnakalli, og eptir það sent aptur neðri deildinni.

Ein umræða í neðri deild, á 14. fundi, 17. júlí.

Hjálmur Pjetursson: Jeg vil geta þess með tilliti til breytingaratkvæðis þess, sem jeg á þátt í (sjá I 139), að oss uppástungumönnum skildist öllum svo, að Reykjavíkurbær muni sleppa hjá að greiða nokkuð kirkjugjald af húsum um eitt ár, ef frumvarpið væri samþykkt óbreytt, eins og það kom frá efri deild, en það er þó víst eigi meining stjórnarfrumvarpsins, eða þingmanna, að svo skuli vera. Jeg fyrir mitt leyti hefði helzt viljað, að 5. gr. í stjórnarfrumvarpinu hefði staðið óbreytt, en fyrst það er ekki, þá er nauðsynlegt að breyta þessu. Viðkunnanlegast hefði verið, að lögin kæmu alstaðar í gildi 1880, en eigi er víst, að nægilegur undirbúningur verði gjörður innan þess tíma. Ef þetta breytingaratkvæði verður samþykkt, þá geta lögin náð tilgangi sínum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg þarf ekki að taka upp það, sem þingmaður Mýramanna sagði, um breytingartillögu sína; báðar breytingartillögurnar eru byggðar á hinu sama. Þegar nú borin er saman 5. og 6. gr. frumvarpsins er auðsjáanlegt, að Reykjavíkurbær getur sloppið undan kirkjugjaldinu eitt ár. Munurinn á breytingartillögunum er sá, að sú, sem jeg stend undir (sjá I 137), stingur upp á, að lögin verði gild á sama tíma um land allt, en ef breytingartillaga hinna verður samþykkt, þá verður 1. gr. ekki alveg rjett, af því þá eru borgaðir 5 aurar af að eins einni kirkju í landinu, en ekkert af hinum. Þar að auk kann jeg betur við, að ein lög verði alstaðar lögtekin á sama tíma, heldur en þau gildi einu ári fyrr fyrir eina kirkju en allar hinar. Reykvíkingar munu heldur ekki svo smámunasamir, að þeir telji eptir sjer, að greiða hærra gjaldið einu ári lengur, enda mun má ske vera þörf á fje, því að jeg hef heyrt, að maður nokkur, sem gott vit hefur

á byggingum, sem öllu öðru, hafi skrifað eigi svo fá brjef í þá átt, að viðgjörð þessi á kirkjunni sje ekki sem tryggust, og gæti þá farið svo, að nýrrar aðgjörðar þurfi bráðlega við.

Halldór Kr. Friðriksson: Þó jeg gjöri stundum að gamni mínu, þá álít jeg, að spaug og gaman eigi ekki ávallt við á þingi. Þessi síðasta findni þingmannsins finnst mjer ekki eiga við, þar eð bæði honum og öðrum mun það ljóst, að það er ekki Reykjavíkurbær heldur landssjóðurinn, sem á kirkjuna. Lögin sem samþykkt voru 27. febr. 1878 um kirkjutíund í Reykjavík voru ósanngjörn, því að það var sjerstakt gjald lagt á einn bæ á landinu, og af því að það var landssjóðurinn en ekki Reykjavík, sem átti að gjöra við kirkjuna. Svo jeg snúi mjer að breytingartillögum þeim, sem hjer liggja fyrir, þá verð jeg að álíta viðkunnanlegast að lögin komi i gildi á sama tíma um allt land, og get því ekki fallizt á, að þau einungis í Reykjavík komist á 1880, en alstaðar annarstaðar eigi fyr en 1881. Enda þarf þess eigi, því að ef lögin verða samþykkt í haust, þá er nægur tími til að virða húsin til fardaga 1880, þar eð þau munu flest áður virt til skatts til landssjóðs. Að því er snertir breyting hinna 7 þingmanna, að 6. gr. falli burt, þá get jeg ekki sjeð að hún geti staðist, því að gömlu lögin standa þá óhögguð eptir sem áður, og koma í mótsögn við 1. grein þessara laga. Það er alveg nauðsynlegt að taka fram, að lög 27. febr. 1878 sjeu úr gildi numin, og þess vegna, mun jeg heldur fallast á breytingaratkvæði hinna 6 í þeirri von, að efri deildin kyppi málinu í lag, svo að lögin komist á sama tíma í gildi um allt land.

Arnljótur Ólafsson: Þetta er víst misskilningur af þingmanni Reykvíkinga. Ef vjer tökum 5. gr. frumvarpsins, þá hljóðar hún svo: «gjald eptir þessum lögum skal í fysrta sinni heimta saman á fardagaárinu 1880—81». Með öðrum orðum sagt, gjaldið er lagt á menn fyr eða síðar fardagaárið 1880—81, en gjalddaginn er fyrst í fardögum 1881, þess vegna komast lögin fyrst fyllilega til framkvæmdar í gjalddaga 1881. Í breytingartillögu vorri stendur: «í fardögum 1881», það er, að gjaldið skuli fyrst heimta saman í fardögum 1881. Bæði 5. gr. frumvarpsins og breytingartillaga vor fer því fram á sama. Vjer viljum fella 6. gr. í burtu einungis af því, að vjer viljum ekki nema gömlu lögin úr gildi, áður en hin nýju komast á, en það er sjálfsagt, að þegar nýju lögin ganga í garð, þá ganga hin eldri sjálfkrafa úr garði, og þá er hætt að krefja gjaldið eptir þeim.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki fundið betur, en að rjett sje að taka fram í frumvarpinu, að hin eldri lög um kirkjutíund í Reykjavíkurbæ sjeu úr gildi numin frá þeim tíma, að þessi komast í gildi.

Varaforseti: Jeg held að hjer eigi sjer nokkur misskilningur stað, milli þingmanns Reykvíkinga, og 1. þingmanns Norður-Múlasýslu. Lögin 27. febr. 1878 eru þegar búin að gilda eitt ár, og því er sjálfsagt komið langt með að heimta inn eptir þeim. En þessi lög verða má ske ekki samþykkt fyr en 1880, eins og opt ber við, og þá er hætt við, ef frumvarpið er orðað, eins og það kom frá efri deild, að Reykvíkingar sleppi eitt ár við gjaldið, en það er óviðkunnanlegt, að slíkt millibil verði milli laga, og því virtist oss rjettast að lög þessi ekki kæmust á fyr en 1881. Að hin lögin sjeu numin úr gildi, þegar þessi komast á, þarf ekki að taka fram, því það er sjálfsagt. Ef hin uppástungan verður samþykkt, komast lögin ekki alstaðar í gildi á sama tíma, en heldur en, að hvorug breytingartillagan verði samþykkt, álít jeg rjettara að fella lögin.

Síðan voru greidd atkvæði um málið.

1. liður í breytingartillögu Arnljóts Ólafssonar og 6 þingmanna annara (sjá I 137) var samþykktur með 12 atkvæðum gegn 1.

2. liður í sömu breytingartillögu, samþykktur með 15 atkvæðum.

Þar með var sjálffallið breytingaratkvæði Hjálms Pjeturssonar og 5 þingmanna annara (sjá I 139).

Síðan var frumvarpið allt með áorðnum breytingum (sjá I 142), samþykkt með 20 atkvæðum, og sent aptur efri deild.

Ein umræða í efri deild, á 16. fundi, 19. júlí.

Benedikt Kristjánsson sagði, að hjer væri eigi um neinar breytingar að ræða, þær ættu sjer eigi stað nema í 6. gr., sem væri felld úr; breytingin á 5. gr. væri engin efnisbreyting. Hann hefði eigi betra minni, en að lögfróður maður í deildinni hefði látið það álit í ljós að það væri lögum samkvæmt, að hin nú gildandi lög fjelli úr gildi, þegar hin nýju lög væru staðfest; Reykvíkingar slyppu þannig um nokkurn tíma við að greiða gjaldið, en hann treysti því, að ráðgjafinn sæi um það, að lögin fengju eigi gildi fyr en í næstkomandi fardögum, er þessi lög tæki við; hann treysti líka landshöfðingjanum til þess, að birta þau eigi fyr en svo, að þau kæmu í hæfilegan tíma, ef það gæti samrýmzt við lög um birting laga, sem hann ætlaði vel gæti átt sjer stað.

Landshöfðinginn sagðist að eins vilja geta þess, að ef frumvörpin yrðu samþykkt af þinginu og staðfest af konungi, þá væri allur vafi horfinn. Hvað kirkjutíund í Reykjavíkurkaupstað áhrærði; þá yrði hún tekin eptir lögum frá 1878 þangað til hin nýju lög fengju gildi, sem yrði í fardögum 1881.

Síðan var frumvarpið samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild með 10 atkvæðum, og sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XI. KAUPTÚN VIÐ KOLBEINSÁRÓS. Lagafrumvarp um löggilding verzlunarstaðar við Kolbeinsárós. Sjá I 123.—124.

Fyrsta umræða í efri deild, á 12. fundi, 15. júlí.

Flutningsmaður (Jón Jónsson) kvaðst vera viss um, að þeir menn, er þekktu sögu landsins, mundu furða sig á því hversu seint mál þetta væri borið upp á þingi. Höfnin væri ein hin elzta og væri hennar getið minnst á 2 stöðum í Landnámu, og til sönnunar því, að hún hefði þá verið talin góð mætti geta þess, að þar hefði kvikfje verið flutt af skipi og á, og það jafnvel hinir ólmustu hestar, er eigi væri alstaðar gott við að eiga, (Fluga og Eiðfari), síðar væri getið um siglingar þaðan og þangað í Svarfdælu og víðar í fornsögum, og í Sturlungu væri jafnvel þess getið, að menn sunnan af landi hefðu farið þar utan. Síðar hefði þar verið aðalhöfn Skagfirðinga, einkum Hólabiskupa; það væri því furða, að siglingar skyldu hafa hætt á þessum stað, og nú þyrfti að ræða um að löggilda hann; en sama hefði átt sjer stað um aðrar hafnir í Skagafirði t. d. Sauðárkrók, er löggiltur hefði verið 1857, eptir mikla baráttu. Að siglingarnar hefðu hætt, væri eflaust mest að kenna eymd þeirri, er leitt hefði af verzlunareinokuninni, og væri í þessu tilliti eptirtektavert það, er stæði í skjölunum eptir munnmælum í Skagafirði, að marflær hefðu jetið sundur landfestarnar, er skipin lágu við, og sýndi það, að menn hefðu ei haft efni á að hafa járnfestar. Annað skjalið væri frá 3 sjómönnum, er skoðað hefðu höfnina eptir tilmælum Björns sýslunefndarmanns Pjeturssonar á Hofstöðum; þar væri höfninni lýst, og mætti bera þá lýsing saman við lýsing Ólafs Ólafssonar sekretera, er væri 100 árum eldri. Eptir skýrslu Ólafs væri höfnin 18 feta djúp, en eptir skýrslu hinna þriggja væri hún nú 27 fet um hálfflæddan sjó, kæmi það annaðhvort af því, að höfnin væri nú orðin dýpri, eða Ólafur hefði mælt hana ónákvæmlega, að minnsta kosti mætti marka af því, að höfnin væri eins góð nú og á dögum Ólafs; en hann hefði tekið það fram, að það væru einkum 2 hafnir í sunnanverðum Skagafirði hentugar fyrir hafskip, nl. Sauðárkrókur og Kolbeinsárós; nú væri búið að löggilda Sauðárkrók, og væri ekki ástæða til að draga lengur löggildinguna á Kolbeinsárós. Það sem einkum gerði, að Skagfirðingar óskuðu eptir þessu, væri að full reynsla væri komin

fyrir því, að hafskip gætu ei legið þar á öðrum höfnum en fjártaka kaupmanna og útflutningur á lifandi sauðum á haustin, væri ekki síður í Skagafirði en annarsstaðar, þar sem væri nokkuð til muna af sauðfje, einkar áríðandi fyrir bændur; það væri að eins á þessari höfn, að nokkur von væri til, að skip gæti legið um haust, því að af 4 haustskipum, sem legið hefðu á Sauðárkrók, hefðu 3 slitið upp, og hið sama væri að segja um Grafarós og Hofsós. Hann vonaði því, að deildin vildi líta á nauðsyn Skagfirðinga, og hugsa með fram út í það, að þetta væri ein hin elzta höfn landsins, og líta á tillögur Ólafs sekretera, er nú væri orðnar tíræðar. Af öllu þessu þætti sjer deildin eiga að sýna máli þessi enn meiri velvild, en öðrum samkynja málum, láta það án nefndar þegar ganga til 2. umræðu, svo að það fengi sem fljótastan gang, er svo mikið væri undir því komið.

Eiríkur Kúld kvaðst vera þingmanni Skagfirðinga samdóma í að vísa eigi máli þessu til sömu nefndar og hinum tveimur, því að það mundi eigi verða til annars, en að bæði fjellu í sömu gröfina. Þingmaðurinn hefði í sinni löngu ræðu talið upp allt, sem telja mætti þessum stað til gildis, og sæist þó ætíð það á ræðu hans, að þar væri furðumikið af marflóm!! Hann hefði að vísu kynnt sjer skjalið frá þeim Bessa og fjelögum hans, en sjer væri eigi allt í því vel ljóst; hann vildi t. d. spyrja þingmanninn til hvers það væri stýlað, er stæði í upphafi þess: »Eptir beiðni þ i n n i« (því ekki væri ritað á brjefið, til hvers það væri skrifað) — hver væri nú þessi þú? sjer hefði komið til hugar hvort það væri prangari, sem langaði til að fá að selja þeim þar brennivín; ef svo væri, mundi það lítið bæta fyrir málinu. Aptur stæði þar síðar, að þó að brim væri, bryti eigi í botn; þetta væri alls eigi nóg, því að skip hjyggi fyrr niður í brimi, en botninn yrði alveg þurr. Allir þeir 37 bændur, er ritað hefðu nöfn sín undir bænarskrána, væru, að svo miklu leyti sem sjer væri kunnugt, búsettir rjett í kringum Kolbeinsárós, og væri auðvitað, að þeir ættu ofurlítið lengra til annara kaupstaða, en þó væri eigi nema rúm bæjarleið til Hofsóss. Þar sem þingmaðurinn hefði vitnað til landnámstíðar, þá væri þar við tvennt að athuga; fyrst það, að skip voru þá flatbotnuð, og gátu því notað grynnri hafnir en haffær skip nú, og í öðru lagi hlyti einhver ástæða að vera til þess, að höfnin hefði lagzt af síðar (*Ásgeir*: marflærnar!). Þegar nú þess væri gætt, að í þessum firði væru þrír verzlunarstaðir fyrir, sýndist sjer engin brýn nauðsyn á að löggilda þar þann fjórða. Fyrir utan allt þetta væri enn eitt atriði, er gjörði það vafasamt, hvort deildin gæti leyft þetta: kunnugir menn hefðu skýrt sjer svo frá, að varphólmi, er presturinn í Viðvík ætti, lægi svo nærri legunni, að landfestar mundu verða festar í honum; það væri því auðsjeð, að varpinu væri hætta búin, og það því fremur, sem lögreglustjóri Skagafjarðarsýslu væri eigi búsettur þar, og enginn til að gæta hólmans. Hjer væri því um að ræða, að svipta prestinn í Viðvík hlunnindum án alls endurgjalds og án þess að spyrja um vilja hans eða álit, þetta sýndist sjer með engu móti mega eiga sjer stað. Sjer þætti heppilegra, að vísa málinu þegjandi til 2. umræðu, og svo vonaði hann, að það færi eigi lengra, en að vísa því til nefndarinnar í málinu um löggilding Hornafjarðaróss, mundi eigi verða til neins annars, en að það fjelli.

Flutningsmaður kvaðst eigi vera vanur að breyta tillögum sínum, en við það, að heyra ræðu þingmanns Barðstrendinga, hefði hann þó komizt að annari niðurstöðu um meðferð á þessu máli. Ræðan hefði lýst því áþreifanlega, að þingmaðurinn hefði eigi haft tíma til að kynna sjer málið, og því þætti sjer nú bezt fallið að vísa málinu einmitt til þeirrar nefndar, er hann væri í, til þess að gefa honum kost á að íhuga málið betur. Af því marga í ræðu þingmannsins, sem sýnt hefði hversu lítt hann hefði kynnt sjer málið, þætti sjer það gegna mestri furðu, að hann hefði eigi tekið eptir, til hvers hin

umrædda skýrsla var stýluð; þegar af ástæðum frumvarpsins hefði hann getað sjeð, að hjer væri eigi um neinn prangara að ræða, heldur um merkan bónda, sem mjög ljeti sjer annt um velferð og viðgang hjeraðs síns, þar að auki væri Björn á Hofstöðum bæði hreppstjóri og sýslunefndarmaður. Þingmaðurinn hefði furðað sig á því, að eigi væru fleiri en 37 menn ritaðir undir bænarskrána; þessu til skýringar vildi hann geta þess, að í fyrstu hefði svo verið til ætlað, að senda mál þetta til sýslunefndar, en síðan hefði það orðið ljóst, að rjettara væri að senda það beina leið til alþingis. Fyrir þessar sakir hefði bænarskráin eigi verið tilbúin fyr en í júní, en í miðjum þeim mánuði fór þingmaður Skagfirðinga að heiman, og væri því engan veginn að undrast nafnafæðina, ef menn íhuguðu örðugleika á samtökum í sveit. Margir af mönnum þessum ættu eigi heldur heima rjett í kring um staðinn; þingm. Barðstrendinga hefði tekið það fram, að Kolbeinsárós væri nærri öðrum verzlunarstöðum, þar væru þó nokkrar bæjarleiðir á milli, og skemmra væri milli Grafaróss og Hofsóss, og þó hefði Grafarós verið löggiltur þrátt fyrir það, að áður var verzlunarstaður á Hofsós. Að öðru leyti væri lítil hætta fyrir því, að þessir verzlunarstaðir kæmi í bága við Kolkuósverzlunina, því að á öðrum væri verzlunin þegar dáin, en á hinum væri hún í fjörbrotunum. Loksins vildi hann taka það fram, að Kolbeinsá gæti opt verið slæmur þröskuldur á leiðinni til þeirra, og hefðu menn opt mátt liggja við hana dögum saman, en hin fyrirhugaða nýja höfn væri fyrir sunnan Kolbeinsá. Þingmaðurinn hefði óttast, að æðarvarpið í Elínarhólma mundi spillast. En siglingar væru sjaldan svo fjörugar um varptímann, að þær gætu haft áhrif á vörp; það mætti í þessu tilliti vísa til varpsins í Engey og Viðey; það væri blómlegt, þrátt fyrir það, að meiri siglingar og verzlun væru þar hjá, en nokkurn tíma gæti orðið á Kolbeinsárós; hann sæi því ekki betur en að hræðsla þessi væri óþarflega mikil. Hann kvaðst enn fremur hafa talað við prestinn í Viðvík, og hefði hann vitað af bænarskránni, en eigi andæpt henni, þó hann hins vegar hefði ekki viljað skrifa undir hana. Hann vissi eigi til, að venja væri, að fá leyfi hlutaðeigandi lóðareiganda, þá er löggilda skyldi verzlunarstað, og eigi væri þess getið í neinum hinum öðrum frumvörpum, er fyrir lægju um sama efni. Þar sem þingmaðurinn hefði tekið fram, að skip gætu höggvið niður, þá vildi hann ráða honum til, að láta skýrslu hinna 3. manna standa, meðan hann hefði engin skilríki í móti. Um marflærnar vildi hann að eins segja, að þær væru víðar en þar. Það væri þá sín tillaga, eins og hann hefði sagt í byrjun ræðunnar, að málinu væri vísað til nefndar, og skyldi hann fúslega gefa henni allar þær upplýsingar, er sjer væri unnt.

Forseti gat þess, að 4 þingmenn hefðu látið þá ósk í ljósi, að umræðum væri nú lokið, og bar það undir atkvæði, og var það samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

Síðan var málinu vísað til nefndarinnar í málinu um löggilding Hornafjarðaróss með 7 atkvæðum.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 17. fundi, 21. júlí. Þá var nefndin komin fram með álit sitt, sjá I 151.—154.

Jón Jónsson kvaðst ætla að vera stuttorður, því að flest það, er þyrfti að taka fram, væri þegar fram komið, er rætt hefði verið um löggilding hinna annara hafna. Þingmenn Rangvellinga og Þingeyinga hefðu þegar ljóslega tekið fram allar ástæður, er væru móti því, að hafna máli þessu; sjálfur vildi hann að eins bæta við því, að þingmaður Húnvetninga hefði komið með sjókort, er sýndi glöggt, að skipalega á Kolkuós væri betri en á Hofsós, Grafarós, Sauðárkrók, Skagaströnd og Blönduós, og sýndi þetta bezt fram á, hversu fráleitt væri að neita um löggilding á þessari höfn. Þó að þingmaður Barðstrendinga hefði fundið að skýrslu þeirri, er gefin hefði verið um höfnina, von-

aði hann, að hann yrði sjálfur að játa, að hann þekkti hana eigi betur en þeir menn, sem hefðu kannað hana. Að því er snerti Elínarhólma, mundi kortið vera ónákvæmt, því að þar væri hann svo lítill, að hann varla sæist, en af skýrslunum sjest, að hann er 4 dagsláttur, og þar að auki klettar í kring, sem stækka hann. «Sandbletturinn», sem minni hlutinn talaði um í ágreiningsatkvæði sínu, væri eigi að eins lítill blettur, heldur löng fjara, er skipum væri óhætt að hleypa upp í. Við skipstrandið, sem hann talaði einnig um, væri það athugavert, að það skip slitnaði upp á Hofsós en eigi á Kolbeinsárós, en hleypti síðan þangað inn, af því að það vissi þar von á betri landtöku til þess að bjarga sjer; þetta atriði væri því heldur til að mæla með höfninni, en móti; enn fremur bæri að gæta þess, að ef skip lægju þar, mætti rígbinda þau með landfestum í hólmann, og þyrftu því eigi að treysta akkerum einum saman. Svo vonaði hann, að þeir þingmenn, er hefðu miklar mætur á sögu landsins, svo sem 5. og 4. konungkjörinn þingmaður, mundu leggja mikla áherzlu á hina sögulegu þýðing hafnarinnar, því að munur væri, að löggilda höfn, sem svo margir merkir menn hefðu lent í og lagt utan frá, eða hinar nýju hafnirnar, sem enginn áður hafði heyrt getið um; einkum mættu þeir gæta þess, er rektu ætt sína til Jóns Arasonar, því að hann ætti þessari höfn að þakka biskupsdóm sinn, eins og ljóst væri af viðureign hans við Ögmund biskup áður en hann sigldi til að taka vígslu. Svo vildi hann enn taka það fram, að Ólafur sekreteri fyrir 100 árum taldi þessa höfn og Sauðárkrók beztar hafnir í innanverðum Skagafirði. Hann vonaði, að þingmenn hugsuðu vel út í þá ábyrgð, sem þeir gengju undir með því, að greiða atkvæði móti þessari höfn, er mögulegt væri, að gæti orðið að miklu gagni, en aldrei gæti orðið til skaða. Þingmaður Þingeyinga hefði talað um, að ekki væri gott að koma í bága við hag Gránufjelagsins; nú gæti hann frætt menn á því, að það væri að eins einn kaupmaður, er verzlun hefði í Skagafirði, sem gæti haft ógagn af, að höfnin yrði löggilt; hann væri útlendur og vænti hann eigi, að svo mikið tillit yrði haft til hans, að menn fyrir það synjuðu óskum hjeraðsbúa.

Ásgeir Einarsson kvaðst standa upp nauðugur bæði af því, að hann væri aldrei áður vanur að leggja móti slíkum bænum, og svo vegna þess, að hann sæi eigi annað fyrir, en að hann mundi sprengja þingmann Skagfirðinga á að svara, ef hann talaði eigi allt eptir hans geði. Það væri þá fyrst, að í skýrslu þessari, sem vel að merkja væri sú aumasta, er hann myndi eptir, að nokkurn tíma hefði fram komið við slík tækifæri, þar sem hún að eins væri í prívat brjefi frá einum manni, stæði, að á höfninni væri 4 faðma dýpi, en svo stendur líka, «ef skipið svifi lítið eitt til hliðar til austurs, taki við 3 faðma dýpi, en aldrei hafi hann (skýrsluhöfundurinn) sjeð þar grunnganga»; en minna má nú gagn gjöra. En þó að hann nú sleppti öllu þessu, þá væri eitt mikilvægt atriði: ef kaupmenn fara að reisa verzlunarhús og kaupa sjer lóð, hvernig fer þá með varpið í Elínarhólma? það væri eigi að eins að tala um, að presturinn í Viðvík ætti í hættu 30—40 pund af dúni, því að varpið færi sívaxandi og gæti vel gefið 100 pund af sjer með tímanum, og skaðinn yrði því meiri sem hólminn væri stærri; annars hefði hann aldrei heyrt, að hann væri eins stór og þingmaðurinn sagði hann. Að löggilda nú höfnina án þess að nokkurt orð væri lagt fram frá hlutaðeigandi presti, eða nokkur sönnun fyrir því að nauðsyn væri á henni, þætti sjer með öllu ógjörandi. Fyrst að höfnin væri svona góð, eins og þingmaðurinn segði, hvers vegna var þá eigi beðið um að löggilda hana á undan Sauðárkróki, þar sem engan veginn er góð höfn? þar sem hann hefði talað um, að skipið af Hofsós hefði hleypt þangað til að bjarga sjer, þá hefði hann alltaf heyrt það kallað strand, en eigi björgun, er skipi fleygir upp á land og brotnar, og að minnsta kosti bæri það þess vott, að

komið gæti þar bára. Eptir því sem þingmaðurinn hefði sýnt sjer í sjókortinu, hvernig ætti að láta skipið liggja við landfestar, þá hagaði því svo laglega til, að allur norðansjór skylli á flatt skipið, og ef það svifi fyrir, kæmi það skjótt upp á 3 faðma grunninn. Enn væri eitt atriði, sem raunar væri í óvissu sem stæði: fyrir þinginu lægi nú frumvarp um breyting á verzlun á Íslandi, og þætti sjer eigi illa til fallið, að bíða við með frumvarp þetta í tvö ár og vita, hvort kaupmenn senda eigi skip á þessa höfn þá, og láta reynzluna sýna hvernig það gæfist. Þetta væri í fyrsta sinni, sem hann eigi mundi geta látið teljast á að gefa atkvæði með löggilding verzlunarstaðar.

Jón Jónsson: «Svo bregðast krosstje sem önnur trje». Það hefði hann sízt ætlað að þingmaður Húnvetninga, sem sótti svo kappsamlega, að Blönduós yrði löggiltur, mundi mæla móti þessari höfn, er samkvæmt sjókorti Ásgeirs tæki honum svo langt fram, og hefði svo mikla sögulega tign. (*Ásgeir*: hún bætir ekkert botninn). Skýrslan um höfnina væri frá þremur mönnum, og hann sæi ekki, að hún væri verri fyrir það, þó að þeir þúuðu manninn, sem þeir sendu hana, þeir væru bændur, og kynnu eigi vel við að þjera, og um það efni hefði hann sömu skoðun og þeir. Varphólminn þætti sjer eigi líkur til að skemmdist, því að hann væri hár og fugl lítill á sjálfri legunni, en meiri fyrir norðan eyjuna, þar sem hólminn væri lægri, og ef höfnin væri hin bezta í Skagafirði, ætti það eigi að hafa áhrif á málið, þó að einn maður biði nokkurn skaða, þar sem svo margir hefðu skaða, ef því væri hrundið. Hann hefði áður tekið það fram, að Hjeraðsvötnin yrðu opt ófær, og bönnuðu mönnum leið til Sauðárkróks. Þingmaðurinn gæti enga vissu gefið fyrir því, að verzlunarfrumvarpið yrði samþykkt, og þó að það yrði, væri löggildingin ekki þýðingarlaus.

Sighvatur Árnason kvað það sjást í nefndarálitinu að hann væri máli þessu hlynntur, og vildi hann með fám orðum, skýra ástæður sínar fyrir því. Í fyrsta lagi væri eptir skýrslum þeim, er fyrir lægju um þetta mál, tryggari höfn á Kolbeinsárós en á Grafarós, Hofsós eða Sauðárkrók, og þá syndist sjer enginn vafi á, hvorumegin menn ættu að vera. Það væri einnig ljóst, að hjer væri að ræða um mikinn hægðarauka fyrir Skagfirðinga austan vatna fram í dali, og ef verzlun á Hofsós og Grafarós legðist niður sem líkindi væru til, yrðu flest allir Skagfirðingar að sækja á Sauðárkrók, og á þeirri leið væri mikil torfæra, þar sem Hjeraðsvötnin væru, eins og þingmaður Skagfirðinga hefði tekið fram. Þar sem þingmaður Húnvetninga hefði spurt, hvers vegna eigi hefði fyr verið beðið um þessa höfn, en Sauðárkrók, þá vildi hann benda honum á annað dæmi samkynja; þingið hefði löngu fyr beðið um að löggilda Straumfjörð og Lambhússund heldur en Brákarpoll, en þó vissu nú allir af reynslunni, sem til þekkja, að þar væri bezta höfnin og miklu betri en á Straumfirði; sama gæti átt sjer stað hjer. Hvað varphólmann snerti, þætti sjer að vísu líkindi til, að varpið yrði fyrir hnekki fyrst í stað, en þó eigi til muna, því að hann sæi ekki, að umgangur þyrfti að vera um hólmann, þó að í hann væru festar landfestarnar; ef menn væru sannfærðir um, að höfnin væri betri, en aðrar hafnir í grennd, þætti sjer þetta ætti eigi að spilla fyrir málinu eða almenningsgagni.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja skrifa undir hvert orð, sem þingmaður Húnvetninga hefði sagt. Þingmanni Rangæinga vildi hann segja, að vegna erfiðleika væri engin nauðsyn á kauptúni á þessum stað, því að Skagfirðingar væru bæði hestaríkir, og svo hefðu þeir einnig skip, og gætu farið sjóveg yfir um fjörðinn. Hann játaði, að hann skyldi eigi þá meining þingmanns Skagfirðinga, að ætla sjer að bæta úr því, hvað hólminn væri lítill, með skerjunum, sem væru í kring, því að það mundi varla vera komið í kring, «að flytja þau fast að hólmanum». Þar sem honum hefði þótt skipstrandið 1869 heldur mæla með höfninni en mót, þá gæti hann lesið það í ástæðum minni hlutans, að þegar

skipi kastaði svo hátt, að það færi í spón, og skipverjar gengju þurrum fótum á land, þá sannaði það, að höfnin lægi fyrir opnu hafi, og að þar væri næsta brimsamt. Þingmanninum væri að vísu vorkunn, þar sem það væri auðheyrt, að hann væri hvorki sjómaður nje varpmaður, en allir, sem nokkuð þekkja til slíkra hluta, gætu skilið, hversu sú lega væri haganleg, sem bæði væri þröng og grunn og skipin flöt fyrir sjóum, og þar að auki svo lítil, að eigi væri ráðrúm til að koma við seglum, ef skipin slitnuðu upp, heldur það eina fangaráð, að hleypa upp í hleynarnar. Aðalatriðið væri hætta sú, er búin væri hlunnindam Viðvíkurprestakalls, því að eptir 50. gr. stjórnarskrárinnar yrði að gefa prestinum fulla trygging fyrir þeim. Þar sem hann sagðist eigi hafa sjeð marga fugla á legunni, vildi hann gefa honum þá upplýsingu, að æðarfuglar væru eigi vanir að verpa á sjó heldur á þurru landi; aptur á móti vildi hann biðja hann að gefa sjer upplýsing um það, hvernig hann ætlaði að binda landfestar í hólmanum, án þess að stíga fæti í hann; en ef hann hefði nokkra hugmynd um það, sem hann væri að tala um, þá hlyti hann að vita, að ókunnugur maður ef til vill styggði fuglinn, þó að hann kæmi eigi nema rjett á ströndina. Hann vildi ráða til, að mál þetta kæmi eigi til 2. umræðu.

Forseti kvað 4 þingmenn hafa óskað, að umræðum hætti og bar það undir atkvæði deildarinnar; var það samþykkt með 8 atkvæðum og málinu vísað til 2. umræðu með 7 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 20. fundi, 24. júlí.

Framsögumaður (*Stefán Eiríksson*) kvað meiri hluta nefndarinnar hafa þótt þörf á, að mæla fram með frumvarpi þessu vegna þarfar Skagfirðinga, og sjerstaklega vildi hann taka það fram, að nauðsynin væri því meiri, þar sem allt álit væri fyrir, að hafnirnar á Grafarós og Hofsós mundu líða undir lok innan skamms, og að minnsta kosti, að skip hættu að leggja þar inn á haustdag til fjárkaupa, sem sjerstaklega væri brýn nauðsyn hjeraðsmanna. Af annari hálfu væri fyrir hendi skýrsla eptir menn, er kannað hefðu höfnina vel, væri hún bæði nákvæm og sennileg, því þar væri meðal annars skýrt tekið fram, að hólminn, sem lægi fyrir höfninni, drægi úr stormum, svo að legan væri tryggari. Þingmaður Barðstrendinga hefði einkum lagt áherzlu á það í minna hluta ágreiningsálits síns, að varpið í hólmanum mundi spillast, og að hlutaðeigandi prestur hefði eigi verið heyrður; þó að þetta væri nú svo, þá ætlaði hann, að presti væri eigi mál þetta svo ókunnugt, að hann hefði eigi getað sent mótmæli og fyrirboð móti því til þingsins, ef hann hefði viljað að Kolbeinsárós yrði ekki löggilt kauptún. Það væri alkunnugt, að víða væru varphólmar við hafnir, t. d. í Reykjavík, þar sem þó væri mestur usli á höfninni af kanónuskotum og hvellandi björgum frá gufukötlunum, og blómgaðist þó varpið vel; á Vopnafirði væru landfestar skipa einmitt festar í varphólma, og kvartaði enginn um, að það spillti varpinu. Þess vegna þættu sjer ástæður minna hlutans eigi mikilvægar, og vonaði hann því, að deildin fjellist á frumvarpið.

Jón Jónsson kvað sjer sýnast eins og framsögumanni margt mæla með frumvarpinu, en fátt í móti. Helzta ástæðan móti væri varpspjöllin, en eins og framsögumaður hefði tekið fram, væri fullkomin reynsla fyrir því, að í því tilliti væri engin hætta; hvað það snerti, að presturinn hefði eigi verið heyrður, þá hefði hann sagt sjer, að hann vildi eigi mæla í móti málinu, af því, að það væri svo áríðandi fyrir hjeraðsmenn, en þó eigi skrifa undir bænarskrána, vegna þess að hann hefði enga vissu fyrir, að það spillti ekki varpinu fyrir prestakallinu, en það væri annað en að álíta það gefið, að varpið myndi spillast. Þingmaður Húnvetninga hefði sagt við fyrri umræðu, að «hin sögulega tign bætti ekki botninn», hann skyldi þá fræða hann á því, að botn-

inn þyrfti engrar bótar við, því að hann væri ágætur, og það yrði hann að játa, að tignin skemmdi heldur eigi botninn; og það væri eigi með öllu þýðingarlaust, að hann hefði sýnt fram á, að það væri að öllum líkindum mest verzlunareinokuninni að kenna, að þessarar hafnar hefði eigi verið getið síðan á dögum Jóns Arasonar. Þegar nú þingmenn hugleiddu allt þetta, treysti hann því, að þeir færu eigi að setja sig móti vilja hlutaðeigandi hjeraðsbúa í þessu, þar sem þeir þegar hefðu samþykkt 3 aðra verzlunarstaði nýja.

Jón Pjetursson kvað hjer sýnast margt mæla með frumvarpinu, en ýmislegt móti. Það væri satt, að Skagafjörður væri breið og stór sveit og örðug aðdrátta, einkum vegna Hjeraðsvatna, er væru mannskæð, og lestir opt hefðu orðið að liggja við, það hefði því verið mjög örðugt fyrir þá fyrir vestan vötnin, að nálgast nauðsynjar sínar út í Hofsós, er lægi austan vatnanna út með firðinum, en úr þessu hefði bætzt fyrir þeim, er Sauðárkrókur hefði verið löggilt verzlunartún; en nú væri eins komið fyrir þeim, er væri fyrir austan vötnin, því kaupstaðirnir þar væri á fallanda fæti, það væri því ómissanda fyrir þá að fá Kolbeinsárós löggiltan verzlunarstað, ef höfnin væri notandi, en það væri mjög efasamt að hún væri það. Einnig mundi það gjöra skaða á varpinu, og hann ímyndaði sjer, að þó að leiga væri lögð á kaupmenn þá, er settust þar að, mundi hún naumast bæta það upp; þar að auki þætti sjer eigi rjett, að leggja svo hátt leigugjald á þann kaupmann, er settist þar að fyrstur, því að fleiri gætu vel komið síðar, en þá lægi gjaldið samt framvegis eingöngu á þeim, er fyrstur hefði reist þar kaupstað. Sjer þætti því rjettast að láta reynsluna fyrst skera hjer úr því, hvort kaupmenn frá fældust vegna hafnarinnar, að senda þangað skip, ef siglingar yrðu leyfðar á hverri vík; þar eð svona stæði á, mundi hann eigi greiða atkvæði í málinu.

Jón Jónsson kvað Skagfirðinga engu bættari, þó að siglingar yrðu leyfðar á allar víkur, því að þeir ætlast einkum til að höfnin yrði notuð til útflutnings á hrossum og sauðsje til Englands, og sýndi Landnáma, að til þess hefði hún áður verið notuð, og að þar hefði Fluga verið flutt utan.

Eiríkur Kúld kvaðst vona, að þó að málið fengi þann gang hjer, mundi þó neðri deildin veita því nábjargirnar. Framsögumanni hefði þótt ástæður meira hlutans margar og góðar, en ástæður minna hlutans fáar og ljettvægar; hann vildi þá biðja hann að bera þær saman: Ástæður meira hlutans væru tvær, ágæti hafnarinnar og þrábeiðni Skagfirðinga; ástæður minna hlutans aptur á móti tvær, að höfnin væri óbrúkandi, og þar yrði spillt varpi fyrir Víðvíkurprestakalli. Þingm. Húnvetninga hefði sýnt fram á, hvernig höfnin væri; lítill hólmi, sem skipin væru fest í og sker í kring, sem eigi væru enn orðin áföst við hann, til þess að stækka hann og skýla höfninni; höfnin, eptir sjókortinu fyrir opnum sjó; skipin yrðu að liggja þar flöt við hafróti; klettar í kring, nema ein sandvík, sem ætluð væri handa skipum til að stranda í!!! og lægi svo vel í hlje, að skipverjar gengju þurrum fótum í land af skipinu (!!). Framsögumaður hefði tekið fram, að prestur hefði vitað af bænarskránni; jú! hann hefði þekkt hana svo, eptir frásögn flutningsmanns sjálfs, að hann hefði eigi viljað skrifa undir hana, vegna ótta fyrir því, að spillast mundu hlunnindi prestakallsins; hann hafði og tekið til samanburðar eyjarnar við Reykjavík, en hann vildi spyrja, hversu margir aðkomumenn færu út í Engey til að reika um hana til skemmtunar sjer? hjer væri lögreglustjóri, sem gæti varnað þeim yfirgangi, en því væri eigi svör að gefa á Kolbeinsárósi. Vopnafjörð hefði framsögumaður víst eigi nefnt, ef hann hefði þekkt þar til, því að hólminn þar væri leigður kaupmanni, svo að enginn gæti um það kvartað, þó varpið spilltist. Að hinni sögulegu tign, sem flutningsmaður heldur svo mjög fram, vildi hann eigi eyða orðum, því að sjer skildist svo orð hans, sem höfnin hefði svo lengi legið ónotuð einmitt vegna

þess, að Jón Arason og Fluga væru dauð, sem hann nú hefði frætt þingmenn á í annað eða þriðja sinn; hitt þætti sjer meir í varið, ef landssjóðurinn ætti að standa ábyrgð fyrir höfuðstóli, er nema mundi um 9000 kr. Enn fremur hefði nú neðri deild samþykkt frumvarp um verzlun og siglingar, og ef það fengi framgang í þessari deild, hefðu Skagfirðingar fengið ósk sína uppfyllta, svo framarlega sem nokkur ábyrgðarsjóður þyrði að ábyrgjast skip inn á slíka höfn; og til hvers væri þá að vera að tefja tímann að nauðsynjalausu; sjer litist bezt að synja málinu samþykkis fyrst um sinn.

Benedikt Kristjánsson sagði, að það hefði allt af verið sinn vilji, að losa öll óeðlileg höpt af verzluninni. Öllum kæmi saman um að hafnirnar á Grafarósi og Hofsósi sjeu hinar verstu, og ekkert skip geti legið þar tryggt á haustum; því væri hið mesta velferðarmál, að hafa einhverja betri höfn löggilta austan vatna, og þó að hann gæti eigi fullyrt, að þessi væri betri, þá væru þó allar líkur til þess. Hjer væri auðsjáanlega óþarfi að biðja um nýja höfn sakir vegalengdar, þar sem þrír væru fyrir í sýslunni; en af því að þær væru allar ótryggar, væri nauðsyn á nýrri höfn tryggari. Þingmaður Barðstrendinga hefði talið hana óbrúkandi vegna þess, að skipi, sem slitnaði upp á Hofsós, skolaði þar upp fyrir sjávarmál; en það væri aðgætandi, að skipið hefði verið búið að missa alla stjórn, og því eigi getað leitað í hlje undir hólmann og kastað akkerum til að festa sig; þessi saga sannaði því alls eigi neitt. Einn þingmaður sagði, að höfnin væri girt klettum, nema að eins eitt lítið sandvik; annar sagði, að allt í kring væri tóm smáöl; nú vildi hann eigi gjöra öðrum hærra undir höfði en hinum, og því legði hann ekki trúnað á orð þeirra; en svo mikið væri víst, að enn væri ósannað, að höfnin væri óbrúkandi. Um varphólmann og skerin vildi hann að eins spyrja þingm. Barðstrendinga, hvort þau gætu eigi gjört sama gagn og hólminn með því að brjóta sjóina! það hlytu þau að gjöra. Hvað varpið snerti, gæti hann eigi sjeð, að landssjóður hefði neina ábyrgð á, hvernig færi með það; ef þingið löggilti höfnina, þá væri það hið mesta, sem af því gæti leitt, að presturinn gæti eigi neitað um, að þar yrði settur kaupstaður; en fyrir allan skaða og usla, gæti hann heimtað skaðabætur; ef kaupmönnum þætti ísjárvert að ganga að því, þá yrði ekki neitt úr neinu, en ef þeir vildu það, væri þeim það velkomið. Þó að siglingafrumvarpið fengi framgang, væri eigi allt unnið með því, eins og það væri enn, því að einungis fastir kaupmenn fengju með því leyfi til að verzla á hverri vík; nú keyptu engir fastir verzlunarmenn kvikfje, og einmitt á því atriði lægi hjer áherzlan (*Magnús Stephensen*: Gránufjelagið!); nei, það kaupir eigi; en kaupstjóri þess hefur verið milligöngumaður í þeim samningum, og hefði eigi fjelagið spunnið silki af þeim, svo hann vissi, svo að eigi væri ólíklegt, að hann hætti því. Hann kvaðst því ætla að greiða atkvæði í samkvæmni við það, sem hann hefði gjört frá því fyrsta, er hann kom á þing.

Ásgeir Einarsson kvað svo mikið hafa verið mælt með og móti þessu máli, að það mundi lítil áhrif gjöra, þó að hann stæði upp; en hann vildi samt drepa á eitt, sem flutningsmaður hefði sagt við síðustu umræðu, og annað, er þingmaður Skaptfellinga hefði sagt áðan; sjer þættu þeir fremur óvandir að ástæðum, og þætti sjer það þó óskiljanlegt, einkum um eins skikkanlegan og vandaðan mann og þingmann Skaptfellinga; hann hefði talað um, að hafnir mundu leggjast niður í Skagafirði; það væri sjer hreint óskiljanlegt, eptir því sem til hagaði á Hofsós og Grafarós og einkum Sauðárkrók, að hafnirnar breyttust, en það skildi hann vel, að kaupstaðirnir þar gætu lagzt niður, ef höfnin reyndist betri við Kolbeinsárós. Þingmaður Skagfirðinga hefði þó gjört öllu meira, þar sem hann hefði sagt höfnina á Blönduósi hálfu verri, en á Kolbeinsárósi, þingmaðurinn hefði þó aldrei komið á Blönduós; hann vissi nú ekki á hvaða metaskálar hann vægi

hafnirnar; hvort hann metti þær eptir því, að á Blönduósi slitnuðu upp tvö skip í því veðri, að þá strönduðu skip jafnvel í Reykjavík, en á Kolbeinárósi skolaði skipi langt á land upp, þó að það lenti í beztu víkinni; ef þar væri eins gott skjól undir hólmanum eins og hann segði, hví hefði skipið þá ekki leitað þangað? Hann gæti líka frætt hann um það, að sandbotn í höfn þætti aldrei góður, þó að dýpra væri en 3—4 faðmar. Ef þingmaðurinn vildi vega hafnir þessar á metin hans Jóns Arasonar, sem hann væri allt af að stagast á, þá væri hann hræddur um, að þau væru farin að verða ryðjetin. Skerin eða rifin, sem nefnd hefðu verið, væru eigi hærri en svo, að þau væru jafnan í kafi þegar sjávarhátt væri. Festarnar, sem þyrfti að festa skipið með í hólmann, yrðu að vera 250 faðma langar og úr járni, ef þær ætti að duga móti marflónum, eptir því sem flutningsmaður áður hefði tekið fram, en festarnar þurfa að vera lengri en hjer er tiltekið, því þær mega að minnsta kosti vera 2 í hólmann, og yrðu þær þá um 300 faðma. Jeg hef aldrei orðið var við, að vöruskip hafi haft svo langar festar, jafnaðarlega ekki nema 2, hvora 70—80 faðma, og er því auðsætt, að sá, sem vildi byrja verzlun við Kolbeinsárós, þyrfti að hafa þessar festar, auk þeirra, er skipinu fylgdu, og þessar festar að vera einlægt á höfninni með múrhringjum, þegar skipin höfnuðu sig, og væri það nokkur kostnaðarauki fyrir þann, sem ætlaði að setjast þar niður; og svo ætluðust menn til, að stór gufuskip legðu þar inn áður en smærri skip væru búin að reyna hana. Þessar ástæður væru að vísu sjerlega glæsilegar; en hvað kæmi til, að aldrei skyldi hafa verið minnzt á þessa höfn, svona inndælislega góða, fyr en þingmaður Skagfirðinga sá hana? — þá sprakk Líkaböng, þá varð höfnin ómissandi. Hvað æðarvarpið snerti, þá vissu allir, hversu ísjárvert það væri, að láta skipamenn og aðra drasla um það, og ef kaupmönnum væri gjört að skyldu að ábyrgjast varpið, ímyndaði hann sjer, að þeir mundu fáir gleypa við því. Hann vildi því spyrja flutningsmanninn, hvort honum litist eigi að taka frumvarpið aptur, svo að eigi yrði sagt, að því hefði verið slátrað, og bíða svo til þess, er betra færi gæfist á næsta þingi, og fleiri og betri upplýsingar fengjust, því að hann efaðist eigi um, að kjósendur hans mundu kjósa hann aptur, ef þeir mældu ræður hans með sirkli, eða þumlungakvarða.

Eiríkur Kúld kvað þingmann Þingeyinga hafa talið alla kosti hafnarinnar, og þar á meðal hefði sá verið einn, að þar væru nægir klettar; hann vildi minna hann á, að einn væri undir Svörtuloptum og myndi hann kannske eptir, hvernig póstskipið hefði farið þar um árið; og þó að klettar hlúi úr, þá sje svo bezt, að vindur standi eigi á land; að kastmöl væri í botni, þætti öllum sjómönnum verst, og væri það því engin meðmæling með höfninni; en hann vildi nú eigi lengur eltast við sjómennsku þingmannsins, en snúa sjer að ábyrgðinni; sjer gæti eigi betur fundizt, en hún yrði að lenda á landssjóði, því að kaupmenn mundu varla svara neinu góðu til, úr því staðurinn væri löggiltur. En fyrir utan allt þetta, væri óþarfi að löggilda verzlunarstað á þessum stað, því að, ef litið væri á, hverjir Skagfirðingar sækja mundu verzlun þangað, þá kæmi það upp, að ef verzlunarstaðurinn yrði fyrir vestan ána, mundu sækja hann að eins tveir hreppar, og eins ef hann yrði settur fyrir austan; nú væri það auðsjeð, að verzlunarstaðurinn gæti eigi þrifizt með eigi meira vörumagni, og þar að auki mætti gæta þess, að smáverzlunarstaðir drægju optast úr velmegun manna í kring um sig, því að þeir tíðkuðu kaupstaðaferðir sínar til að fá sjer á pelann, þegar hann kæmist nær þeim. Hann áliti það og landinu til skaða, að dreifa verzlunarmagninu, og draga með því úr verzlunarkeppninni. Hvað fjárkaupin snerti, sýndist sjer eigi frágangssök fyrir Skagfirðinga að reka fje sitt þangað, er stórt skip gæti legið; en hann gæti fullvissað þá um, að það væri eigi hægt fyrir stórt gufuskip að hafna sig á slíkri höfn sem Kolkuós.

Hann vildi helzt fresta málinu þangað til betri og áreiðanlegri skýrslur væru fengnar um málið, og um, að prestakallið hefði eigi halla hjer við, og eins um þá nauðsyn, sem gjörði þetta kauptún verulega áríðandi.

Benedikt Kristjánsson kvað þingmann Barðstrendinga hafa verið að berjast við skuggann sinn alla ræðuna í gegn um, og gjört þennan skugga að sjer, því að hann hefði lagt sjer þau orð í munn, er hann hefði aldrei talað. Þó að hann væri landdýr en eigi sjódýr, vissi hann þó, að stundum væri möl við sjávarströndina, þó að hún væri eigi í botninum, er frá landi kæmi; þetta svar ætti líka við þingmann Húnvetninga, því að hann og þingmaður Barðstrendinga væru eins og einn maður í þessu máli, þó að þeir hefðu eigi allt af verið svona sammála. Þó að Kolbeinsárössfrumvarpið hefði komið flatt upp á menn, þá hefði Blönduós eigi gjört það síður, því að á undan honum hefði verið stungið upp á Sigríðarstaðaós. Þar sem þingmaður Barðstrendinga hefði barið við aðsóknarleysi, þá liti svo út, sem hann væri eigi kunnugur í Skagafirði; eða vissi hann ekki, að tveir kaupstaðir hafa þrifizt austan vatna, og nú er einmitt svo til ætlað, að þeir báðir flytjist saman á þennan eina stað, ef hann reyndist vel, og þar væru fjölmennar sveitir. Ef nokkuð væri ranghermt í því, er hann hefði sagt um verzlun Gránufjelagsins, þá væri kaupstjóri þess nærstaddur, og mundi það þá geta komið til greina í neðri deildinni, þar sem þingmaður Barðstrendinga hefði tvisvar huggað sig við, að gengið mundi milli bols og höfuðs á málinu.

Forseti skaut þá undir atkvæði, hvort málið væri eigi nóg rætt, og var það samþykkt með 7 atkvæðum. Því næst var borið undir atkvæði, hvort málið skyldi koma til 3. umræðu, og viðhafði forseti nafnakall, og sögðu

»já«:
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,

»nei«:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Jón Hjaltalín,
Ásgeir Einarsson,

og var málið þannig fellt frá 3. umræðu með 5 atkvæðum gegn 5.

XII. SILFURBERGSNÁMINN Í HELGUSTAÐAFJALLI. Frumvarp til laga um kaup á þeim þrem hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á. Frá stjórninni. Sjá I 223—224.

Fyrsta umræða í efri deild, á 3. fundi, 3. júlí.

Eiríkur Kúld sagði, að vegna ókunnugleika þingmanna þætti sjer málið þurfa íhugunar við, þó að frumvarpið væri stutt, og vildi hann stinga upp á, að kosin væri 3 manna nefnd.

Magnús Stephensen kvað það vera sína skoðun, að þá er búið væri að kjósa nefnd í málið skyldi 1. umræðu frestað.

Síðan var kosin nefnd í málið, þeir
Bergur Thorberg með 6 atkv.
Eiríkur Kúld með 6 atkv.
Benedikt Kristjánsson með 6 atkv.
og málið afhent Eiríki Kúld.

Framhald 1. umræðu, á 7. fundi, 9. júlí. Var þá nefndin komin fram með álit sitt. Sjá I. 74—76.

Eiríkur Kúld gat þess, að nú væri það augljóst orðið, að nefndin í máli þessu hefði fallizt á að kaupa þann hluta námans og jarðarinnar, sem eigi er eign landssjóðsins, og ráðið til að bæta inn í: «með húsum og kúgildum», þar eð það hafi eigi verið tekið fram í stjórnarfrumvarpinu. Þar eð nefnd-

inni hefði eigi verið kunnugt um námann, hefði hún leitað upplýsinga bæði hjá þeim þingmanni, sem kunnugastur væri, og í ritum þeirra Eggerts Ólafssonar og Olaviusar og dr. Paijkulls, og kvaðst Eggert Ólafsson hafa fundið stein, 1 fet á hvern veg, og Olavius segist hafa fengið menn til að brjóta í námanum og fengið einn stein 42 pd. að þyngd. Dr. Paijkull skýrir frá, að í Khöfn sje eitt stykki úr þessum náma 160 pd. að vigt til boða fyrir 800 kr., hann virðist ætla, að í námanum sje talsvert af silfurbergi, að mikið af silfurberginu sje hulið rauðum leir, og muni þess vegna eigi unnt að sjá, hve mikið sje til af því. Nefndin hefur álitið, að hin eina trygging fyrir skynsamlegri notkun námans, væri hann keyptur á annað borð, að fá mann helzt þar nálægt til að vinna hann með þeim kjörum, sem bent er á í nefndarálitinu, undir umsjón sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, er byggi þar í grennd, og jafnvel að gjöra honum að skyldu að sjá um hann, að honum eigi væri spillt með of frekri eða óskynsamlegri aðferð, væri náminn þar á móti leigður öðrum, mundi sú umsjón verða mjög erfið.

Sighvatur Árnason sagði, að hjer væri að eins um 2 kosti að velja, annaðhvort að kaupa eða selja, því það væri mönnum kunnugt, að samvinnan væri því nær ómöguleg; en hvað sig snerti, þá mælti hann með því að kaupa, án þess sjer væri það fullljóst, hvern árangur það mundi hafa fyrir landið, að öðru leyti en því, að þar væri þó vissulega nokkur fjársjóður fólginn í, og hann hefði þá skoðun, að auðæfi landsins ættu ekki að seljast burtu.

Hvað jörðina sjálfa snerti, kvaðst hann ætla, að hún hefði áður heitað Giltuborg, en hitt væri sjer ókunnugt, hvort hjáleigan Sigmundarhús væri sameign eða eigi eða í þessu umrædda kaupi. Sigmundarhús væru að fornu mati 4 hndr., en eptir jarðabókinni frá 1861 hátt á 8. hndr. Jörðin Helgustaðir að fornu 8 hndr., en nú tæp 16, en með Sigmundarhúsum alls tæp 24 hundruð; hann gat og þess, að til forna hefðu verið á jörð þessari 2 kúgildi og hundrað áln. landskuld, en óskaði frekari upplýsinga í þessu efni, bæði hvað sameignina snerti og um landskuldargjaldið.

Stefán Eiríksson kvaðst álíta að nefndin hefði gjört rjett í því að samþykkja frumvarpið þar eð eigi mundi auðvelt fyrir landssjóðinn að hafa gagn af námanum meðan sameignin stæði, en hvað hjáleiguna Sigmundarhús snerti væri eigi annað að sjá af jarðamatsbókinni, en að hún væri hluti úr Helgustöðum; hvað kaupin áhrærði sýndist sjer jörðin fjarska dýr eptir söluverði á jörðum í Múlasýslum, en á hinn bóginn mundi mega hafa mikið upp úr námanum ef hann væri rjettilega notaður; sjer þætti eitt vanta bæði í frumvarp stjórnarinnar og nefndarálitið, og það væri það, að ekki sæist hve mikið jörðin Helgustaðir með hjáleigunni væri leigð.

Landshöfðinginn gat þess, að 2 þingmenn hefðu beðið sig um skýrslur, um þetta efni, og mundi hann gefa þær við aðra umræðu.

Jón Jónsson kvaðst vilja bæta við spurningar hinna tveggja þingmanna þeirri spurningu, hvernig landið ætti að stjórna námanum, er hann væri allur orðinn eign þess. Hann kvaðst yfir höfuð vera mótfallinn því, að auka fasteignir landsins en meðmæltur sjálfseignum; hann kvaðst, ef náminn ætti að vera almennings eign, ætla hagfelldast, að einhver önnur stofnun eða sjóður en landssjóðurinn keypti eign þessa, t. a. m. sýslusjóður Suðurmúlasýslu, og væri langt um auðveldara fyrir sýslunefndina að hafa umsjón með námanum en fyrir landsstjórnina. Enn fremur sýndist sjer eigi hættulegt að fresta enn um 2 ára tíma úrslitum þessa máls, og að hugsandi væri, að silfurbergið hækkaði á þeim tíma enn meir í verði, og að drátturinn yrði því ei til neins óhagnaðar fyrir landið. Einnig gæti svo farið, að eigandinn yrði fúsari til að selja eða

vinna námann í fjelagi við landsstjórnina ef hann sæi, að hann gæti að öðrum kosti engin not haft af sínum hluta. Árið 1875 hefði verið rætt um, að veita «ráðherra» leyfi til að kaupa. Við hvern ætti nefndin þegar hún talaði um ráðherra Íslands. Hann þekkti engan annan sem mætti kalla herra yfir ráði Íslands en konunginn, er samkvæmt 2. grein stjórnarskrárinnar hefði hið æðsta vald hjer á landi; en sjer fyndist eigi meiri ástæða til nú fremur en áður, að láta söluna vera komna undir konungsúrskurði, og ætti og við að fela ráðgjafa eða landshöfðingja kaupin.

Eiríkur Kúld kvaðst ekki hafa heyrt allar spurningar þingmannsins, en sú fyrsta hefði verið sú, hvernig landið skyldi stjórna eigninni, og kvað hann landið mundi stjórna henni sem hverri annari þjóðeign; einnig kvað hann þingmanninn hafa hneykslazt á orðinu ráðherra en segist þó ei hafa ætlað hann þann púrista, að hann færi að fetta fingur út í það; hann vissi ekki betur, en að orðin ráðgjafi og ráðherra væru alstaðar brúkuð jöfnum höndum, þar að auki hefði þingmaðurinn fullan rjett til að gjöra breytingaratkvæði, ef honum sýndist. Hinum þingmönnunum kvaðst hann ekki þurfa að svara, þar eð landshöfðinginn hefði lofað að gefa þeim skýrslur um þetta efni, að eins vilja geta þess, að í þessu augnabliki hefði hann fengið þá upplýsingu hjá umboðsmanninum, að á þeim hluta jarðarinnar, sem væri eign landssjóðsins, væri 30 ál. landskuld, en ekkert kúgildi.

Jón Pjetursson sagðist vera á þeirri skoðun, að landssjóðurinn ætti að kaupa jörðina og námann, en gat þess jafnframt, að sjer sýndist þessi viðauki: »með húsum og kúgildum« svo smásmuglegur, að honum mætti sleppa, þar sem hann aldrei gæti náð 100 kr., en aptur á móti gæti hann valdið því, að seljandi fyndi ástæðu til að bregða kaupunum. Hann kvaðst ennfremur ekki kunna við að segja: »hinn íslenzki landssjóður«, þar eð hann þekkti enga aðra landssjóði, og líka hefði alþingið ekki að gefa lög fyrir aðra landssjóði, og þætti sjer því nægja að segja: handa landssjóðnum.

Bergur Thorberg kvaðst ætla að gefa þá upplýsingu, að nefndinni hefði verið kunnugt, að 2 kúgildin fylgdu þeim hluta jarðarinnar, sem í ráði væri að kaupa.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja vekja athuga að því, hvort ekki væri rjettara að segja $^3/_4$ hluti en 3 hluti.

Benedikt Kristjánsson sagði, að þannig væri orðað í öllum gömlum skjölum, gæti það engum misskilningi valdið.

Því næst var málinu í einu hljóði vísað til 2. umræðu.

Önnur umræða í efri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Eiríkur Kúld kvað komið hafa fram breytingaratkvæði við nefndarálitið frá hinum 3. konungkjörna þingmanni, (sjá I 81). Hið fyrra breytingaratkvæði hans væri að eins orðabreyting, sem hann hefði eigi á móti að fallast á, en þar sem hann í öðrulagi vildi láta falla í burtu, «með húsum og kúgildum», af því að það mundi geta orðið kaupunum til hindrunar, þá væri hann alls eigi hræddur um það, því að hann hefði síðar fengið vissu fyrir því að eigandinn vildi selja, eða jafnvel væri neyddur til þess; hann mætti líka vita það, ef hann vildi halda eptir á jörðunni húsum og kúgildum, en selja jörðina sjálfa, þá gæti landsstjórnin skipað honum með það burt af jörðunni þegar hún vildi. Hvað snerti breytingaruppástungur þingmanns Skagfirðinga (sjá I 83), þá gæti hann eigi fallizt á neina þeirra. Viðvíkandi breytingu þeirri, er hann vildi gjöra á fyrirsögninni, vildi hann geta þess, að hjer lægi eigi fyrir neitt frumvarp um sölu heldur um kaup; þetta væri því eigi breytingaratkvæði

heldur nýtt frumvarp. Þá vildi hann geta þess, að sjer hefði þótt þingmaðurinn við síðustu umræðu nokkuð harðorður um orðið «ráðherra Íslands» er hann vildi hafa «ráðgjafa konungs fyrir Ísland»; hann vissi eigi betur en þessi orð væru höfð jöfnum höndum og það jafnvel í brjefum hárra embættismanna hjer á landi; hann yrði því að álíta það öldungis ófyrirsynju að hneykslast á þessu orði, hann skyldi enn fremur fletta þessu orði upp í orðabók Konráðs, og gæti hann sjeð, að Konráð legði annan skilning í orðið ráðgjafi, en þingmaðurinn ætlaðist til, og með allri sinni virðingu fyrir málfræðiskunnáttu þingmannsins, tæki hann þó Konráð fram yfir hann í því tilliti. Til þess að spara þingmanni Skagfirðinga það að halda langa ræðu fyrir þessari orðabreytingu sinni, hefði hann tekið með orðabók Konráðs, sem hann skyldi biðja að rjetta þingmanninum að hann gæti lesið það sjálfur og sannfærzt um að orðið r á ð h e r r a ætti einmitt betur við, þar sem konungur væri eigi einvaldur, en r á ð g j a f i þar, sem konungur væri einvaldur. Þar sem hann styngi upp á að selja sýslunefndinni í Suðurmúlasýslu þann 1/4 sem landssjóðurinn ætti, þá vildi hann benda honum á, að vottorð vantaði um það, hvort sýslunefndin væri svo grunnhyggin, að vilja kaupa hann, þar sem hún mundi eigi fremur en landssjóðurinn eiga kost á að nota hann í sameiningu við eigandann; sjer gæti eigi heldur komið til hugar, að neinn innlendur maður væri svo grunnhygginn. Hann vildi því biðja þingmanninn að hugleiða, hvort honum sýndist eigi rjettast að kalla heim aptur alla krakka sína, sitt atkvæði mundi hann greiða á móti þeim öllum.

Landshöfðingi kvaðst nú hafa útvegað skýrslur þær, er hann hefði lofað þingmönnum Skaptfellinga og Rangvellinga um hjáleiguna Sigmundarhús. Eptir reikningi umboðsmannsins væri sá 1/4, sem landssjóður ætti, 5,9 að dýrleik og eptir jarðamatinu frá 1861 svaraði það 1/4 af dýrleik jarðarinnar að meðtaldri hjáleigunni, eptir því eigi landssjóður 1/4 úr hvorutveggja. Aptur á móti sje afgjald það, sem landssjóði er svarað af sínum hluta, 30 álnir, en engin kúgildaleiga, en eptir þeim skýrslum, er hann hefði fengið um eptirgjald eptir jörðina alla, mundi það vera nokkru minna en 1/4, ef kúgildaleiga væri meðtalin. Enn fremur hefði hann sjeð í svari sýslumanns frá 1873, að hjáleigan hefði gengið kaupum og sölum með þeim 3/4, er landssjóðurinn á. Af öllu þessu mætti þá sjá að eigi væri fullljóst, hvort hjáleigan Sigmundarhús, væri með talin í því kaupverði, er farið væri fram á í frumvarpinu, og vildi hann skjóta því til nefndarinnar, hvort hún fyndi eigi ástæðu til, að koma fram með breytingaruppástungu um þetta efni við 3. umræðu, til þess að koma í veg fyrir allan efa. Hvað snerti breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns, þætti sjer þau standa á litlu, og væri hann þeim eigi mótfallinn. Hvað breytingaratkvæði þingmanns Skagfirðinga snerti, vildi hann viðvíkjandi tölul. 2. skýrskota til ræðu þingmanns Barðstrendinga, en að eins bæta við því atriði, að í lögum frá hinum 4 síðustu árum kæmi fyrir orðið »ráðherra«, en þar hefði hann eigi sjeð orðið »ráðgjafa«. Aðaltilgangur frumvarpsins væri að slíta sameigninni, með því að það væri brýn nauðsyn, og aðferðin væri sjálfsagt annaðhvort að kaupa eða selja, hann væri þess vegna fyrir sitt leyti eigi fráhverfur breytingar eða viðaukauppástungu þingmannsins undir tölul. 3. og 4., en sjer þætti ólíklegt, að alþingi, er 1875 neitaði að selja 1/4 fyrir 9000 kr., vildi nú selja hann fyrir 5500 kr.

Jón Hjaltalín kvaðst eigi ætla að tefja umræðurnar um þetta, því að hann hefði áður látið í ljósi skoðun sína á málinu fyrir þeim sömu mönnum, er nú væru þar viðstaddir. Silfurbergið sje þarflegt til margra

hluta, og eptir því sem sjer hefðu sagt kunnugir menn, mundu námarnir alls eigi vera svo skemmdir, að þeir væru eigi kaupandi, að minnsta kosti vonaði hann að þeir menn, er á síðasta þingi vildu kaupa þá fyrir 27000 kr. vildu nú ganga að því fyrir 16000 kr. Það væri engin von til þess, að nefndin eða þingmenn yfir höfuð kynnu að meta gagnsemi silfurbergsins, því að til þess vantaði þá hina nauðsynlegu þekking. Hann vildi skýra þeim frá því, að þó að steinn þessi væri eingöngu skoðaður sem kalksteinn, væri hann mjög mikils virði, því að ef nú steinbyggingar færu að tíðkast hjer, sem eigi ætti að verða langt að bíða, veitti alls eigi af öllu því kalki, sem menn vissu af í landinu, en þessi steinn væri svo góður til þess, að eptir vigt og ummáli tæki hann móti þrefalt meiri sandi, en almennt kalk. Enn fremur mætti búa til úr honum gips. Hann væri og notaður í optisk verkfæri og væri það mikils vert. Hið þriðja sem jafnvel væri mest í varið, væri það að allir náttúrufræðingar vildu hafa sýnishorn af honum á söfnum sínum og vildu kaupa hann dýrum dómum. Einu sinni þegar hann var í Kaupmannahöfn, heimsótti hann mann, er hafði steinasöfn til sölu og töluðu þeir um silfurbergið og að það væri fallið í verði, gaf maðurinn honum þá upplýsing, að árið 1832 hefðu 3 skip frakknesk lent á Austfjörðum og brotið sig full af silfurbergi, selt síðan farmana út um allt Frakkland og Þýzkaland, og þaðan væru nú molarnir komnir til Hafnar í miklu lægra verði en áður, svo að hnefastór steinn, sem áður hefði kostað tvo dali, kostaði nú eigi meir en þrjú mörk. Eins og hann hefði drepið á í hitt eð fyrra, mætti þannig græða mikið á námanum, ef vel væri meðfarið, en það riði á að sprengja eigi með púðri, heldur með fleygum, og væri það samkvæmt því er Mohr hefði sagt, er mest og bezt hefði ritað hjer um jarðspjöll af moldarkofum vorum. Nefndin hefði getið álits þeirra Olaviusar og Bjarna, en þeir væru of gamlir til þess að álit þeirra væri mikils virði; af nýrri mönnum hefði hún að eins getið orða Paijkulls, en þó að flest, sem hann segði væri hreint þvaður, væri þó fróðlegt það sem hann segði um stein einn, er til væri í Kaupmannahöfn af silfurbergi; hann hefði verið 176 pd. og kostað 4000 rd. Annars væri hvorki hægt að læra neitt af því, sem nefndin hefði sagt, nje ritgjörðum síðari tíma nema Frakka. Hann ímyndaði sjer að deildin mætti óhrædd ganga að kaupinu, því að ágóðinn mundi með góðri meðferð og stjórn borga ríflega rentu af verðinu. Ef kaupa ætti jörðina með fyrir ærna peninga, rynnu að vísu á sig tvær grímur með kaupin, en samt vildi hann ráða til að taka sem fyrst við frumvarpinu.

Jón Pjetursson kvað sjer eigi þykja nauðsyn á viðaukaatkvæði nefndarinnar undir 5. tölul.; það væri sitt álit, að nefndin hefði eigi átt að bæta við frumvarpið: «með húsum og kúgildum«, þetta gæti leitt til þess, að kaupin gengju eigi saman, því að það hefði ef til vildi, ekki staðið í samningnum við eigandann. Hann væri sannfærður um, að þegar útlendingar yrðu vísari af ræðu hins 4. konungkjörna þingmanns, hvílík auðsuppspretta náminn væri, mundu þeir verða skjótir til að bjóða í námann langtum meir en landssjóðurinn nú gjörði. Ef nú þetta væri sett sem skilyrði fyrir kaupinu, gæti eigandinn notað sjer það, til þess að ripta við landssjóðinn, en selja einmitt útlendingum, sem betur byðu, en annars ef þetta nýja skilyrði eigi kæmi, yrði hann að standa við samninginn. Ef útlendingar keyptu námann, rakaðist allur þessi mikli fjársjóður út úr landinu og yrði landsbúum til einskis gagns, það vildi hann með engu móti, og því þætti sjer nauðsynlegt að samþykkja frumvarpið, en hrinda viðaukaatkvæði nefndarinnar.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi vera samþykkur breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns undir tölul. 2.; það væri almennt, að jarðir væru seldar með þeim húsum og kúgildum, sem þeim ættu að fylgja, og sýndist sjer fara betur að taka það fram, að seljandi gengi frá að selja sakir þess, þætti sjer ólíklegt.

Jón Jónsson kvað sjer hafa fundizt breytingaruppástungur sínar verða fyrir slæmri meðferð hjá þingmanni Barðstrendinga, en þó að hann hefði með athygli hlýtt á ræðu hans, gæti hann þó eigi fallizt á að taka aptur breytingaruppástungur sínar. Hann vonaði að þingmenn mundu við nákvæmari íhugun fá aðra skoðun um ýms atriði á málinu, er þeim eigi hefðu verið nógu ljós áður. Hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði tekið það fram, að áríðandi væri að námanum væri vel stjórnað og að eptirlitið væri sem bezt með honum, svo að ekki væri stolið úr honum. Hann væri hinum 4. konungkjörna þingmanni alveg samdóma í þessu og einmitt af því, að sjerstök kunnátta og sjerstakt eptirlit væri nauðsynlegt ef vel ætti að fara með námann, væri æskilegt að hann kæmi alveg úr eign landsstjórnar. Það væri viðurkennt að bæði hjer og erlendis blessuðust eigi til lengdar þau fyrirtæki, er hið opinbera eitt hefði umsjón með, t. d. mætti hjer nefna ullarverksmiðjuna hjer í bænum um aldamótin. Það lægi í mannlegu eðli, að hugsa mest um sitt eigið fje og varðveita það betur en það fje, sem væri almenningseign. Hinn 4. konungkjörni þingmaður mundi við nánari umhugsun sannfærast um, að allar hans ástæður miðuðu beint til þess að æskilegt væri, að náminn yrði privat eign, en þó væri sjálfsagt betra, að landsstjórnin keypti hann, en hann lægi lengur ónotaður; en sjer þætti eigi ólíklegt, að er hinn núverandi eigandi 3 fjórðu hluta námans fyndi tregðu í kaupunum, myndi hann sjálfur reyna að eignast allan námann. Landshöfðinginn hefði sagt, að brýn nauðsyn væri að slíta sameigninni og bent á, að þess vegna væri gott að veita stjórninni heimild bæði til að kaupa og selja; hann hefði líka svarað þingmanni Barðstrendinga viðvíkjandi forminu, að það væri löglegt og samkvæmt þingsköpum, að hann kæmi fram með uppástungu sína sem breytingaruppástungu. Hann hefði áður tekið það fram, að það væri eigi eptir rjettum reglum, að fjölga þjóðeignum. Þar eð almennur áhugi væri að vakna á jarðabótum, væri það miklu rjettara, að fækka þjóðjörðum en auka sjálfseign. Viðvíkjandi breytingaruppástungu sinni undir 2. tölul. hefði hinn háttvirti landshöfðingi og þingmaður Barðstrendinga haldið, að það væri orðabreyting, að r á ð h e r r a þýddi hið sama og r á ð g j a f i, en væri þetta augljóst? ekki sæist það af orðabók Konráðs, er ekki nefndi »ráðherra« heldur »stjórnarherra«. Hann hefði ekki lög þau fyrir sjer, er landshöfðinginn hefði vitnað í; en sig minnti að þar væri talað um að »ráðherra Íslands« ætti að gefa út skólareglugjörð og gæti varla verið mögulegt að skilja það um konunginn. Í þessu máli væri því ísjárverðara að viðhafa orð sem gerði það vafasamt, hvort átt væri við hans hátign konunginn eða ráðgjafa hans, sem það hefði áður tíðkazt, að konungur gæfi sjálfur út afsalsbrjef, er seldar voru þjóðjarðir, og þó að nú hjer væri að ræða um kaup, væri það samkynja. Þessi breyting gæti því jafnvel verið efnisbreyting; hann vildi lýsa þeirri skoðun sinni yfir, að sjer þætti mjög óheppilegt, að hafa mörg orð, sem táknuðu hið sama, einkum er ræða væri um svo háa stöðu, og vildi hann fækka slíkum fjölyrðum eptir megni. Hann vildi enn segja þingmanni Barðstrendinga það út af orðabókinni, sem hann hefði sýnt sjer, að þetta spursmál væri eigi að eins málfræðislegt, heldur pólitískt, og í því tilliti treysti hann eigi Konráði. Þar sem hann hefði vitnað til embættisbrjefa sumra yfirvalda, þá væri það viðurkennt, að málið á þeim væri ekki æfinlega hið bezta, og þar kæmi eigi sjaldan fyrir óheppileg orð, sú tilvitnan væri því þýðingarlaus. Það sem mest væri undir komið, væri að orðið »ráðherra« hvergi kæmi fyrir í stjórnarskránni

um ráðgjafa konungs. Þó að hann hefði varið svona mörgum orðum til að halda þessu atriði fram, væri sjer þó eigi umhugað um það, en aptur á móti væri sjer mjög annt um 3. og 4. tölul., því að sjer þætti beinastur vegur til að slíta sameigninni, að gefa kost bæði á kaupi og sölu.

Landshöfðingi kvað það vera misskilning á orðum sínum, að hann skoðaði 2. tölul. öðruvísi en orðabreyting, því að sjer þætti hann að eins ónauðsynleg orðabreyting.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla að tefja tímann með því að rekja hina löngu tölu þingmanns Skagfirðinga, því hún gjörði hvorki að styðja málið nje fella. Að skilja »ráðherra« um konunginn, næði engri átt. Viðvíkjandi því, er hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði sagt eptir Dr. Paijkull, þá hefði það eigi verið rjett hermt, steinninn hefði verið 160 pund og kostað 400 rdl. Hann vildi fúslega fallast á það, sem landshöfðingi hefði stungið upp á, að nefndin kæmi fram með breytingaratkvæði við 3. umræðu til þess að hrinda öllum vafa um hjáleiguna Sigmundarhús, og skyldi hann bera það undir nefndina.

Forseti skaut því næst eptir ósk 4 þingmanna til atkvæða, hvort umræðunum skyldi ekki hætta, og var það samþykkt með 10 atkv. Var þá gengið til atkvæða um frumvarpið og breytingar þær, sem fram höfðu komið við það í þeirri röð, sem þær standa í hinni prentuðu atkvæðaskrá (sjá I 86—87), og var:

1. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 7. atkv. gegn 2.
2. Frumvarpið (Ráðherra Íslands) samþykkt með 9 atkv.
3. Breyting nefndarinnar (orðabreyting) samþykkt með 8 atkv.
4. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 10 atkv. gegn 2.
5. Breytingaruppástunga Jóns Pjeturssonar. Við þennan tölul. þótti atkvæðagreiðslan óljós, og var við haft nafnakall og sögðu

»já«:
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,

»nei«:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Benedikt Kristjánsson,

og var þannig breytingaruppástungan samþykkt með 7 atkv. gegn 4.

6. Viðaukaatkvæði nefndarinnar samþykkt með 8 atkvæðum.
7. Breytingaratkvæði Jóns Pjeturssonar fallið við 6. tölul.
8. Viðaukaatkvæði Jóns Jónssonar fallið við 4. tölul.
9. Frumvarpið í heild sinni með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkv.
10. Breytingaratkvæði Jóns Jónssonar fallið við 4. tölul.
11. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum

Frumvarpinu var vísað til 3. umræðu með samhljóða atkvæðum (sjá I 87).

Þriðja umræða í efri deild, á 11. fundi, 14. júlí.

Eiríkur Kúld kvað deildinni vera það ljóst, að nefndin hefði eptir tillögum landshöfðingjans gjört viðauka eða breytingaratkvæði við frumvarpið til þess að koma í veg fyrir allan misskilning, og svo hefði henni fundizt viðkunnanlegra að breyta orðaskipun lítið eitt á öðrum stað; fleira hefði hann eigi hann eigi að taka fram, fyr en hann heyrði mótmæli annara þingmanna.

Jón Pjetursson kvað sjer sýnast allt frumvarpið koma fram sem breytingaruppástunga frá nefndinni, þar sem hún þó hefði engu verulegu breytt nema að eins bætt við: «og hjáleigunni Sigmundarhúsum»; hann kvaðst

því vilja spyrja, hvort svo væri til ætlazt, að greidd væru atkvæði um stjórnarfrumvarpið, ef þessi breyting fjelli.

Bergur Thorberg kvað nefndinni hafa þótt fara betur að færa til orðin: «sem landssjóðurinn eigi á», og fyrir því hefði hún skrifað upp frumvarpið allt (sjá I 123). Ef þessi breyting yrði felld, væri það ljóst, að frumvarpið yrði borið undir atkvæði, eins og það hefði verið samþykkt við 2. umræðu.

Ásgeir Einarsson kvaðst fella sig dável við frumvarpið sjálft; nú við 3. umræðu væri komið fram breytingaratkvæði frá nefndinni um Sigmundarhús, og þætti sjer nokkuð óvíst um það, hvort það yrði nú svo vel rætt, að ganga mætti til atkvæða um það, því menn fettu fingur út í það stundum, að nýjar uppástungur kæmu svo seint, að þær kæmu eigi fyr en við 3. umræðu, en sjer þætti þó betra að taka skýrt fram í lögunum alla skilmála, sem nauðsynlegir væru við kaupin, og draga af allan efa, og mundi því eigi verða í móti þessu breytingaratkvæði. Það hefði áður verið mikið talað um «ráðherra» og «ráðgjafa», og vitnað í orðabók því til sönnunar, að þar sem frjáls stjórnarskipun væri, ætti að hafa orðið «ráðherra», en eigi «ráðgjafa»; nú væri þess að gæta, að bók þessi væri engin lögbók, þó að hún væri góð orðabók, og svo þess, að í stjórnarskránni stæði fjórum sinnum «ráðgjafi» í 2. og 3. grein; nú vildi hann spyrja, hvort meir ætti að gilda, orðabókin eða stjórnarskráin; hann vildi láta komast að einhverri fastri niðurstöðu í þessu efni til að fylgja framvegis, og af því að sjer sýndist vel fallið, að sá maður væri kallaður ráðgjafi, er gefur konungi svo stór ráð, að hann ræður til að fella eða samþykkja lagafrumvörp, og svo af því, að sjer þætti varúðarvert, að greiða atkvæði móti því, sem stæði í stjórnarskránni, þá vildi hann í þetta sinn mælast til, að þurfa eigi að greiða atkvæði, og væri hann þó eigi fráhverfur frumvarpinu.

Forseti kvað «ráðherra» hafa verið samþykkt við 2. umræðu, og yrði því eigi breytt úr þessu.

Benedikt Kristjánsson sagði, að nú væri úttalað um «ráðherra», og væri því of seint að iðrast eptir það, er eigi væri hægt að breyta; það gjörði lítinn mun, hvort bókin væri lögbók eða orðabók, og hvað stjórnarskrána snerti, þá bannaði hún engan veginn að hafa annað orð en «ráðgjafi», eins og fyr hefði verið tekið fram. Hvað snerti breytingar nefndarinnar, þá hefði henni þótt fara betur, að skrifa upp aptur allt frumvarpið, sem ekki væri nema ein stutt grein, af því að hún bætti inn í það, en svo væri vitaskuld, ef sú breyting yrði felld, að greiða atkvæði um frumvarpið, eins og það hefði verið samþykkt við 2. umræðu. Hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði tekið fram, að ísjárvert væri að bæta inn í frumvarpið «með húsum og kúgildum»; hann vildi játa að svo væri, ef hjer væri um eitthvert happakaup að ræða, en það væri nefndin óviss um; henni hefði sýnzt alþing hafa siðferðislega skuldbinding til að leysa málið úr þeim dróma, er það væri komið í, meðfram fyrir tilstuðlan þingsins, og í annan stað vildi hún kaupa handa landinu þennan dýrgrip, hvort sem hann yrði arðsamur eða eigi. Það væri að vísu auðvitað, að hús og kúgildi fylgdu jörðu er hún væri seld, en þar sem ræða væri um kaup milli einstaks manns og ráðherra eða landssjóðs annars vegar, þá mætti búast við því, að sá yrði fyrir hallanum, ef í hart færi, er meir væri ætlandi, og það yrði náttúrlega ráðherrann; þetta hefði nefndin viljað forðast, og gjört því þetta viðaukaatkvæði.

Stefán Eiríksson kvaðst út af því, sem þingmaður Húnvetninga hefði sagt, vilja taka það fram, að upp á fyrirspurn frá sjer og öðrum þingmanni, hefði landshöfðingi lagt fram skýrslur um þetta efni og bent nefndinni á að gjöra þetta breytingaratkvæði við frumvarpið.

Eiríkur Kúld kvað sjer þykja það óvænt samvizkusemi af þingmanni Húnvetninga, að fara að vekja upp aptur ágreininginn um skilninginn á orðunum «ráðgjafi og ráðherra», af því að hann hefði sjeð í stjórnarskránni viðhaft orðið «ráðgjafi» og vildi því eigi samþykkja frumvarpið vegna þess, að það hefði orðið ráðherra, en hann kvaðst vona, að þingmaðurinn mundi geta friðað samvizku sína, er hann hugleiddi, að þetta orð stæði í frumvarpinu, og væri eigi hann sekari þótt hann greiddi atkvæði með því heldur en sá, sem hefði sett það í frumvarpið; hann vonaði því, að hann gæfi frumvarpinu atkvæði sitt þó að þetta hefði ójettilega læðzt þar inn.

Þá voru greidd atkvæði um málið og var:

1. Breytingaratkvæði nefndarinnar (I 123) samþykkt með 9 atkvæðum.
2. Frumvarpið með þeirri breytingu (I 125—126) samþykkt með 9 atkvæðum.

Málið síðan sent neðri deild.

Fyrsta umræðu í neðri deild, á 12. fundi, 15. júlí.

Páll Pálsson bóndi stakk upp á að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar, þar eð henni væri kunnugast, hvernig fjárhagur landssjóðsins væri, og hvort hann gæti þolað þessa útgjaldagrein.

Varaforseti: Jeg vildi biðja þingdeildina, að hlaða ekki störfum um of á fjárlaganefndina, og jeg vil bæta því við, að þó að þetta mál sje fjárhagslegs eðlis, þá er þó hugsandi, að þessi útgjöld ekki þurfi að falla á landssjóðinn á næsta fjárhagstímabili eða 1880—81. Þingmenn vita það, að ávallt er sjeð svo fyrir, að töluverður afgangur verði á hverju ári, sem útgjöldin eru minni en tekjurnar, og því álít jeg óhætt að ræða þetta mál, án alls tillits til landssjóðsins. Hvað málið sjálft snertir, vil jeg geta þess, að mjer lízt töluvert betur á þá aðferð, sem nú er stungið upp á, að kaupa þann part, sem landið ekki á, heldur en eins og 1875 var stungið upp á, að selja hluta landsins í námunum. Jeg vil til sönnunar míns máls vísa til álits prófessors Johnstrups, sem efri deildin ekki minnist á í nefndaráliti sínu. Hún minnist að eins á Eggert Ólafsson, Olavius og Paijkull, og þó þessir menn, einkum hinir 2 fyrnefndu hafi verið merkir og lærðir menn, þá finnst mjer þó meira vert um álit dansks lærðs prófessors, en slíks manns sem Paijkull, er marga misjafna dóma lagði á land vort og þjóð. Johnstrup sagðist að vísu ekki vilja fullyrða, að þessi náma væri hin eina í sinni tegund, sem til væri, en þó væru að minnsta kosti fáar álíka, og þó brúkun efnis þess, er þar fæst, væri nú sem stendur lítil, þá gætu þó komið þeir tímar, að það yrði mikil eptirspurn eptir því. Þannig er það notað í stóra sjónauka (telescopa), og er óvíst, hver not uppgötvanir vorra tíma má ske kunna að finna fyrir það. Jeg er því málinu mjög hlynntur, því að eins er ástatt um námu þessa eins og menjagrip, er í ætt gengur, að mönnum þykir leitt að hann gangi úr ættinni, jafnvel þó gagn hans sje ekki mjög mikið, þar sem Johnstrup t. d. ræður frá að vinna námuna nema að eins sjötta hvert ár; þannig álít jeg að kaupa eigi námu þessa, ekki beinlínis arðsins vegna, heldur af því hún er sjerstaklegs eðlis og má ske ein síns kyns. Jeg legg það til, að deildin taki þetta til ihugunar og ráði það til lykta án alls tillits til fjárhagsins.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil styðja uppástungu þingmanns Húnvetninga, að málinu sje vísað til fjárlaganefndarinnar, í fyrsta lagi af því, að henni er kunnugt um fjárhag landsins, ef borga á verðið nú þegar, og í annan máta af því, að efri deildin hefur bætt inn í ákvörðun um að kaupa hús og kúgildi jarðarinnar Helgustaða o. s. frv.; en í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu

er að eins getið um, að eigandinn bjóðist til að selja sinn hluta af námunum með jörðinni Helgustöðum. Fyrir því er nauðsynlegt að málið komist í nefnd, og nú er engin nefnd betur skipuð en fjárlaganefndin, eða betur fær um, að taka málið til íhugunar. Fjárlaganefndin gæti þá beðið um skýrslur um, hvort sölutilboð eigandans nær til hjáleigunnar og kúgildanna, því að annars gæti eigandinn gengið frá sölutilboði sínu, og þá yrði að semja nýjan samning.

Varaforseti: Skyldi þingmaður Norðurmúlasýslu ekki vera svo kunnugur, að hann viti, að ekki er hætt við því, að eigandinn dragi sig til baka, þó bætt sje við kúgildunum, því að þingmaðurinn man víst, að eigandinn bauð þennan hluta sinn fyrir nokkrum árum fyrir 27,000 kr., og þá sýnist það ekki vera nein hætta, þó kaupin dragist annaðhvort eitt eða tvö ár. Það sýnist jafnvel ráðlegt að draga kaupin, því að þegar náminn lækkar 11000 kr. í verði á 4 árum, þá er hugsandi, að hann lækki enn meir um næstu 2 ár. Til fjárlaganefndarinnar er engin ástæða að vísa málinu, því að fje mun verða nóg til; það hefur ekki enn komið fyrir, að afgangurinn hafi ekki verið fjórfalt hærri, en þessum útgjöldum nemi. Það er hættuminnst að fela landsstjórninni að afgjöra kaupin, eptir því sem hún sjer landinu hentast, og ef hún ekki sjer sjer fært að greiða allt verðið strax, má semja svo við seljanda, að gjaldið greiðist ekki allt í einu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki sjeð, að viðauki efri deildarinnar gjöri nokkuð til; það er sjálfsagt, að þegar jörð er seld, þá er hjáleigan ekki undan skilin, heldur fylgir hún með sem partur úr jörðunni. Að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar er óþarfi; hjer er að eins spurningin: álítur þingdeildin haganlegt að kaupa námann allan, og þá lagar fjárlaganefndin sig eptir því. Ef ekki er nóg fje til í landssjóðnum, þá semur stjórnin svo við seljanda, að ekki þurfi að borga allt verðið á þessu fjárhagstímabili, eða hún tekur þá fje af viðlagasjóðnum, því að náminn verður þá hans eign, og það fje, sem fyrir námann fæst, gengur í hann.

Landshöfðinginn: Eg er alveg samdóma varaforseta og þingmanni Reykvíkinga um, að rjettast sje, að fela landsstjórninni að sjá um kaupin, að þau ekki fari fram, fyr en hagur landssjóðsins eða viðlagasjóðsins leyfir. Með tilliti til viðbótarinnar, sem efri deildin gjörði við frumvarpið, skal jeg skýra frá því, að nefndin í efri deildinni var í nokkrum vafa um, hvort seljandinn ætti alla hjáleigurna, og leitaði skýrslna hjá mjer um það; en þótt jeg leitaði allra upplýsinga, sem mögulegt var, í skjalasöfnum hjer í bænum, gat jeg þó ekki fengið fulla vissu um, hvernig hjáleigunni væri skipt milli seljanda og landssjóðsins, og rjeð jeg því nefndinni til þess að taka af allan vafa. Jeg þykist viss um það, að þessi viðbót mun ekki verða sölunni til tálmunar, ef annars alþingi samþykkir hana.

Páll Pálsson bóndi: Jeg verð enn að vera á því máli, að heppilegast sje að vísa frumvarpi þessu til fjárlaganefndarinnar, þar eð verið getur, að önnur nauðsynlegri fyrirtæki sjeu, sem sitja ættu í fyrirrúmi.

Þá var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði, en uppástungan um að vísa því til fjárlaganefndarinnar felld með 18 atkvæðum gegn 3.

Önnur umræða í neðri deild, á 14. fundi, 17. júlí.

Þá tók enginn til máls, og var frumvarpið samþykkt og vísað til 3. umræðu, hvorttveggja í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild, á 16. fundi, 19. júli.

Þá urðu og engar umræður, og var frumvarpið samþykkt í einu hljóði. Síðan var

það afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XIII. TEKJUR PRESTA OG KIRKNA. Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 27. jan. 1847 um tekjur presta og kirkna. Frá stjórninni. Sjá I 21.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 3. fundi, 3. júlí.

Þá urðu engar umræður um málið, og var því vísað til 2. umræðu með 14 atkv. gegn 1, og í einu hljóði til nefndarinnar í málinu um skipun prestakalla og kirkna.

Önnur umræða í neðri deild, á 15. fundi, 18. júlí.

Framsögumaður (Páll Pálsson). Í nefndarálitinu (sjá I 132—133) eru teknar fram ástæðurnar fyrir breytingum þeim, sem nefndin hefur stungið upp á, svo jeg þarf ekki að endurtaka þær. Meiri hluti nefndarinnar var yfir höfuð þeirrar skoðunar, að ekki væri rjett að hækka aukatekjur presta, nema sem minnst, þar í ráði er að jafna hinar föstu. Jeg skal geta þess, að jeg var ekki laus við að furða mig á, að sjá nöfn tveggja nefndarmanna undir breytingartillögu þeirri, sem hjer er komin fram (sjá I 142), og það því fremur, sem mjer er ókunnugt um, að þeir hafi nokkurn tíma á nefndarfundum hreift því, að að eins ferming barna, sem uppalin eru á sveit, skuli borgast úr sveitarsjóði. Jeg ætla með fám orðum að gjöra grein fyrir því, hvers vegna meiri hlutinn lagði það til, að fyrir líkræðu skuli greiðast 10 áln., og var það að honum þótti nauðsynlegt að ákveða fast gjald fyrir líkræðu, þar eð engin ákvörðun er til um það í hinum eldri lögum. Viðvíkjandi 3.gr. um gjöld til prests fyrir öreiga og sveitarlimi, þá verð jeg að segja, að mjer finnst það sanngjarnt, þar sem prestar eru sviptir þeim undanþágum, er þeir áður höfðu, enda virðist það rjettsýnt, að þeir fái eins borgun fyrir prestsverk við öreiga, eins og hvern annan, því þeir hafa einatt engu minna fyrir þeim verkum. Meiri hlutinn var og á því, að sama ákvörðun skyldi ná til kirkna, og munu þeir, sem því vilja fylgja fram í nefndinni, skýra frá ástæðum sínum fyrir því. Þá vil jeg snúa mjer að breytingaratkvæði 2. þingmanns Eyfirðinga (sjá I. 144); jeg furða mig á, að hann ekki hefur stungið upp á, að prestar skyldu greiða 5 álnir fyrir að fá að skíra börn, því að það væri þó samkvæmara grundvallarskoðun hans, eptir því sem út lítur fyrir. Aptur stingur hann upp á ríflari borgun fyrir ferming barna, 20 álnir fyrir 15 álnir, og vil jeg láta deildina dæma um, hversu sanngjarnt það er, að sleppa gjaldinu fyrir skírn, hvað mikið ómak sem prestur hefur fyrir því, en hækka þetta gjald. Hvað 3. tölul. snertir, þá veit jeg ekki, hvernig fátækar kirkjur eiga að bera sig, ef þær missa þessar tekjur, að minnsta kosti ætti það ekki að verða fyr, en söfnuðirnir taka sjálfir að sjer kirkjur sínar.

Þorlákur Guðmundsson: Af því framsögumaður eins og skoraði á mig, sem stend fremstur undir breytingartillögu 4 þingmanna við 3. gr., að gjöra grein fyrir ástæðu minni til þessarar breytingar, og furðaði sig á því, að jeg hefði vikið frá nefndarálitinu, þá vil jeg skýra frá því, að jeg kannast ekki við, að jeg hafi samþykkt 3. gr. stjórnarfrumvarpsins óbreytta í nefndinni, og jeg áleit ekki skyldu mína að tilkynna nefndinni, að jeg mundi koma fram með þessa breytingaruppástungu. Viðvíkjandi því, sem framsögumaður sagði, að eðlilegt væri, að prestar fengju þetta gjald fyrir öreiga og sveitarlimi, í stað undanþáganna, sem þeir hafa misst, þá finnst mjer ekki rjett, að þeir fái uppbót fyrir undanþágurnar af sveitarsjóði; nú telja prestar þessar undanþágur tekjur, en áður en þeir misstu þær, var ekki svo á þeim að heyra, að þeir álitu þetta tekjur. Enda er jeg hræddur um, að þetta endurgjald úr sveitarsjóði verði heldur til að gjöra presta óvinsæla, en mjer er svo annt um virðing og vinsæld presta, að jeg vil ekki að hún spillist.

Snorri Pálsson: Jeg vil með fám orðum minnast á breytingartillögur mínar. Það er ekki tilgangur minn að vilja minnka tekjur presta, eins og sjá má af því, að í stað þess, að jeg undanfelli borgun fyrir skírn, hækka jeg borgunina fyrir ferming frá 15 áln. til 20 álna, því borgunin, sem nefndin hefur stungið upp á fyrir skírn, er 5 álnir. Mjer finnst það mjög svo óviðkunnanlegt að selja skírnina, einmitt af því, að hún er sakramenti (*Varaforseti:* En fermingin þá?) Fermingin er ekki, eins og allir vita, sakramenti. Jeg er viss um, að allir geistlegir menn munu mjer samdóma um, að ekki eigi við að selja altarissakramentið, en skírnin er ekki síður sakramenti, en kveldmáltíðin; því á þá að selja annað, en ekki hitt; það væri því töluvert meiri samkvæmni í því að selja þau bæði (*Varaforseti:* Í Reykjavík er altarissakramentið selt skólapiltum!). Veit jeg það, en það hefur líka vakið hneyksli um allt land, síðan menn sáu þetta í fjárlögunum. Prestar útdeila altarissakramentinu án sjerstakrar borgunar, þeir fara opt og tíðum kann ske langar leiðir í illu veðri til þess að þjónusta sjúka, því á þá að borga þeim fyrir að skíra, sem allt eins vel heyrir embætti þeirra til? og sem þeir opt á tíðum gjöra í messunni og þannig kostar þá lítið ómak? Það, sem mjer einkum gekk til að stinga upp á þessari breytingu, var af virðingu fyrir skírninni sem sakramenti, því fyrir þau finnst mjer ekki eiga að borga, eða eru þau síður andleg nauðsyn safnaðarins, en annað, sem presturinn gjörir borgunarlaust, og sem embætti hans beinlínis útheimtir, t. a. m. að prjedika á helgum dögum o. s. frv. Hvað 2. tölulið í breytingaruppástungu minni snertir, að af nema legkaupið, þá geng jeg út frá því, að sú breyting verði bráðum gjörð, að sóknirnar sjálfar taki við fjárhaldi kirkna sinna; prestarnir missa þá renturnar af portion kirkjunnar, og þær leggjast við höfuðstólinn. Höfuðstóllinn mun þá aukast á ári hverju mikið meira en nú á sjer stað, t. a. m. á 20 árum tvöfaldast hann á móti því sem nú er; sú portion sem nú er 500 kr., mundi að 20 árum liðnum verða 1000 kr. Gjörum nú ráð fyrir, að kirkjan standi í 40 ár, þá fimmfaldast höfuðstóllinn á því tímabili. Kirkjurnar geta því vel misst þetta legkaup, og geta án þess orðið þrefalt fegurri og prýðilegri en nú; enda finnst mjer legkaupið mjög óviðkunnanlegt gjald. Jeg vil taka til dæmis að bóndi, er goldið hefur má ske í 50 ár til kirkjunnar, skuli þurfa að gjalda fyrir þennan 4 □ álna blett, þar sem hann seinast á að hvíla bein sín. Jeg hef ekkert móti gjöldum til presta og kirkna, og vil ekki telja þau eptir, en mjer finnst mikið undir því komið, hvaða nafn gjaldinu er gefið; það má að minnsta kosti ekki vera hneykslanlegt fyrir tilfinning manna.

Framsögumaður: Jeg vil einungis geta þess, að 2. þingmaður Árnesinga las frumritið af nefndarálitinu, áður en það var prentað, og skrifaði sjálfur nafn sitt þar undir, og er frumritið til enn þá.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil fara nokkrum orðum um frumvarp það, sem hjer liggur fyrir. Þetta mál kom fyrir hið fyrsta þing, sem haldið var hjer á landi, árið 1845, og þótti þá öllum hin mesta nauðsyn á að bæta kjör presta, og kom mönnum saman um að gjöra það með nýrri aukatekjureglugjörð; það er vert að minnast þessa, því að meðferð þingsins var undirbúningur undir reglugjörðina 27. jan. 1847. Af uppástungu frá embættismannanefndinni o. fl. komust menn að þeirri niðurstöðu, að aukatekjur skyldu greiðast eptir flokkaskipun, en af því ekki þótti gott að setja reglur um, hverjir gjaldendur skyldu vera í hverjum flokki fyrir sig, með því skýrslur um eignir manna voru þá lítt fáanlegar, þá tóku menn þá ákvörðun, að ákveða hið minnsta gjald, og þannig er komið orðið »minnst« fyrir flokkaskipuninni. Þetta verða þingmenn að hafa hugfast, þegar þeir breyta aukatekjureglugjörðinni 27. jan. 1847, og greiða atkvæði með meiri hlutanum; ef þeir gjöra það, þá svipta þeir presta þeim tekjum, sem þeim að rjettu bera, því prestar hafa eptir tilskipuninni full-

an rjett til að fá meira en það minnsta hjá þeim efnaðasta.

Þar næst vil jeg fara nokkrum orðum um hinar einstöku greinir og breytingaruppástungurnar við þær. Jeg vil þá fyrst geta þess, að mig furðar á, að 2 nefndarmenn hafa skrifað undir breytingartillögu, sem gengur beint ofan í það, er nefndin hefur stungið upp á, og þeir sjálfir hafa ritað nöfnsín undir. Hvað einstaka liði aukatekjureglugjörðarinnar snertir, þá vissi reyndar nefnd sú, er milli þinga var sett, um fleiri liði, en hún vildi ekki taka þá upp í frumvarpið, því að það, sem hún einkum hafði fyrir augum, var að af nema alla óvissu í gjöldum til presta, og setja eitthvað fast, og vona jeg, að menn kannist við, að hún hefur verið hófleg í tillögum sínum, að minnsta kosti mun hver sá, sem átt hefur prest, kannast við, að hjer er farið langt niður fyrir það, sem vant er að gjalda; en nefndin vildi taka af alla óvissu, og hvorki láta gjalda of mikið nje of lítið. Það hefur líklega ekki sjaldan komið fyrir, að prestur hafi ímyndað sjer að hann hafi fengið of lítið, en bóndinn aptur ímyndað sjer, að hann hafi goldið of mikið. Eins og sjá má af frumvarpinu er hækkunin ekki mikil frá því, sem hefur verið; einungis á að vera jafn mikil borgun fyrir að skíra lausaleiksbarn og hjónabandsbarn. Meiri hlutinn hefur stungið upp á, að legkaup verði ekki hækkað, en það er þó ætlandi, að þingmenn hafi sjeð kirkjur á Íslandi, og fundið til, hve mjög þær þurfa alls síns með, svo ekki útlendingar, sem vanir eru skrautlegum guðshúsum, þurfi að hneykslast á þeim. Satt að segja vantar þær flest, sem til þess heyrir, að guðsþjónustan geti orðið hátíðleg. Mig furðar á því, ef nokkur skyldi vera svo smámunalegur, að hann sjái eptir þessu gjaldi, sem ekki er nema einu sinni, og engan veginn tilfinnanlegt. Þess má og geta, að legkaup hefur lengst verið greitt með 12 álnum hjer á landi, og frumvarpið fer þó ekki fram á meira en 10 álnir. 2. þingmaður Eyfirðinga vill helzt ekki hafa neitt legkaup, en jeg verð að segja honum það, að hefði hann sjálfur kirkju til umsjónar, og vildi hann að hún væri stæðileg og fögur, þá mundi honum varla veita af að fá legkaup. Jeg held það sje ekki rjett af þingmanninum að kalla þetta gjald óviðurkvæmilegt; jeg skoða það miklu fremur sem síðasta vilja hins deyjandi, sem gjöf hans til sinnar kirkju. Jeg hef sjeð legkaup tengdasonar Magnúsar amtmanns, og er það legkaup, sem engin minnkun er að, og enginn þarf að kalla það minnkun, að gefa slíkt legkaup. Hvað snertir 3. gr., þá vona jeg, að allir þingmenn verði henni samþykkir; því að það er samkvæmt hugsunarhætti þessara tíma, að undanþágur sjeu burt teknar, og því hafa undanþágur presta verið burt teknar, en þá á einhver uppbót að koma í staðinn. Jeg verð að treysta svo sanngirni þingmanna, að þeir álíti rjett að 3. gr. standi, samkvæmt því sem nú er. Jeg hef þegar talað um breyting 2. þingmanns Eyfirðinga við 2. gr.; hvað snertir breyting hans við 1. grein, að eigi skuli greiða borgun fyrir barnsskírn, þá get jeg virt hina kirkjulegu tilfinning hans frá vissu sjónarmiði, en það er til annað sjónarmið, sem líka verður að taka til greina. Ímyndar þingmaðurinn sjer, að hann geti sagt þetta svona upp úr þurru? Ef þetta yrði samþykkt, mundu margir prestar missa mörg hundruð króna af launum sínum; og þó hann hækki gjaldið fyrir fermíng, þá er aðgætandi, að það er langt frá, að prestar fermi eins mörg börn og þeir skíra, enda er það mjög varasamt, að setja gjaldið fyrir ferming upp. Yfir höfuð verð jeg að segja, að mjer finnast allar breytingarnar á frumvarpinu óheppilegar, og get ekki fallizt á neina af þeim.

Páll Pálsson, bóndi: Jeg er hvorki samþykkur meiri nje minni hluta nefndarinnar, og get ekki sjeð annað en að þetta frumvarp sje nú sem stendur ótímabær burður. Jeg get ekki skilið að þetta frumvarp eigi að ræða, áður en málið um skipun prestakalla og föst laun presta er útrætt;

þá fyrst finnst mjer tími til kominn til að skoða reglugjörðina fyrir aukaverk presta, og ef til vill hækka eða lækka hana, eða má ske af nema hana með öllu. Ef sjerhvert brauð verður gjört lífvænlegt, og viðunanlega bætt upp, þá sje jeg enga ástæðu til, að hækka borgunina fyrir aukaverk; því að hverra kjör eru það, sem batna, ef þetta frumvarp verður lög? Það eru kjör prestanna á beztu brauðunum (*Þórarinn Böðvarsson*: Misskilningur!), en minni áhrif hefur þetta á kjör hinna. Og á hverjum lendir gjaldið? Á fátækum barnamönnum, því að þeir þurfa optast að láta skíra og ferma, sem flest eiga börnin. Jeg vil nú spyrja nefndina, hefur hún gjört sjer skýra grein fyrir, hver áhrif þessar breytingar hafa á kjör presta? Jeg er hræddur um að hún hafi ekki gjört sjer þetta ljóst, heldur hafi að eins hækkað þessar tekjur af handahófi. Meiri hlutinn hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að halda 3. gr. óbreyttri, og enn hefur hann stungið upp á að fastsetja borgun fyrir líkræðu. Að borgun fyrir líkræðu er fast ákveðin, álít jeg hvorki bót fyrir prestinn eða þann, sem á að gjalda (*Varaforseti*: Rjett!). Margir borga ríflega fyrir líkræðu, þó ekkert gjald sje ákveðið; en nú á að greiða sömu borgun, hvort sem ræðan er á einum oktavista, eða kann ske á heilli örk, og hvort sem ræðan er góð, eða það eru orð, sem bezt væru ótöluð. Það er ómögulegt, að sjá annað en að það sje undir prestinum komið, hvort halda eigi ræðu eða ekki, það er ekki talað neinstaðar um, að það eigi að vera eptir beiðni. Með 3. gr. má tala bæði með og mót; mjer finnst hver sá embættismaður, sem er nokkurn veginn launaður, vera skyldur til að gjöra eitthvað fyrir fátæka endurgjaldslaust; 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði um daginn, að sveitarsjóðirnir væru þeir sjóðir, sem hin þyngstu og ranglátustu gjöld lægju á (*Þórarinn Böðvarsson*: Það sagði jeg ekki!), og nú á þó enn að bæta á þessi gjöld. Jeg verð að álíta það kristilega skyldu hvers manns, að reyna að kenna og uppfræða munaðarlaus börn, og veit jeg að margur húsbóndi bætir því á sig fram yfir meðgjöfina, að láta kenna ómögum, því skyldu þá ekki prestarnir mega vera með, að uppfylla þessa kristilegu skyldu hvers kristins manns, og jeg vona, að hinir velæruverðugu herrar hjer innan deildar gefi því ekki atkvæði sitt, að þeir verði kallaðir hreppsómagar, sem hætt er við, ef borga skal þeim af hreppasjóði fyrir sveitarómaga; nei, jeg treysti því fyllilega, að þeir heldur vilji vinna þessa kristilegu skyldu kauplaust. Jeg vil helzt að þetta mál biði, þangað til prestamálið í heild sinni kemur fyrir, eins og jeg hef áður sagt, og mun því að svo stöddu engum þessum breytingum gefa atkvæði mitt.

Þórður Þórðarson: Jeg skal vera fáorður, af því að þingmaður Húnvetninga hefur að mestu leyti tekið af mjer ómakið. Jeg hef að sönnu ekki mjög mikið á móti því, sem meiri hluti nefndarinnar hefur ákveðið um borgun þeirra manna fyrir aukaverk, sem sjálfir geta borgað þau, þar eð breyting sú, sem gjörð er, er mest innifalin í því, að fast ákveða gjöldin, en ekki beinlínis að hækka þau; þó er jeg hræddur um, að ákvörðun sú, sem gjörð er viðvíkjandi borgun fyrir líkræðu, geti valdið óánægju og orðið ýmsum til baga, stundum jafnvel prestum, með því hugsazt getur, að nokkrir hættu að biðja þá um líkræður. Það er kemur til 3. greinar, þá sýnist mjer rjettast, að ekkert gjald sje greitt úr fátækrasjóði til prests eða kirkju fyrir sveitarlimi; þó finnst mjer nokkur sanngirni mæla með því, að þeim sje borgað fyrir ferming sveitarbarna, því að þeir hafa opt mikið fyrir því að uppfræða þau, og þurfa stundum að taka þau á heimili sitt og undirhalda þau, en framfæris skyldan hvílir eflaust á hreppnum. Fyrir önnur aukaverk álít jeg að ekki eigi að borga þeim úr sveitarsjóði.

Guðmundur Einarsson: Jeg efa ekki að bæði utanþingsnefndinni og innanþingsnefndinni hafi gengið gott til að hækka aukatekjur presta, en jeg álít það samt sem áður ekki hyggilegt; tíðarandinn er á móti því, að hækka laun em-

bættismanna, einkum hvað aukatekjur snertir, sem margur vill hafa afnumdar. Það er því ætlan mín, að það muni valda óánægju, ef aukatekjur presta eru auknar. Jeg held að lögin verði þá eins og deyðandi bókstafur, sem að minnsta kosti deyfi það kærleikslíf, sem á að vera milli presta og safnaða. Það er mesti munur á því, hvort bóndinn gefur eða geldur presti sínum af kærleika eða lagabókstafurinn knýr hann til þess. Jeg fyrir mitt leyti vil því helzt láta sitja við gömlu lögin fyrst um sinn. Jeg er á sama máli sem 2. þingmaður Eyfirðinga, að prestar eigi ekkert að fá fyrir barnsskírn, það er að segja, ef þeir skíra í messunni; þar á móti er jeg því mótfallinn, að þeim sje ekkert goldið fyrir það, er þeir þurfa að ferðast til að skíra; þær ferðir geta opt verið örðugar, það veit jeg sjálfur af 40 ára reynslu; hef jeg sjálfur komizt í lífsháska einmitt á þeim ferðum, því að menn eru opt svo ákafir með það að láta skíra, að þeir sumir hverjir þykkja það við prestinn, fari hann ekki, þegar þeir óska, þó að veður og færð sje ekki sem árennilegust. Það, er snertir ferming barna, þá hefur 2. þingmaður Húnvetninga mikið til síns máls, að það er þung álaga fyrir barnafólk, sem þarf að greiða fermingartoll ár eptir ár. Hvað snertir hjónavígslu, þá læt jeg það vera, það mun prestum lítill hagur, þótt hún sje færð upp. Fyrir að jarðsetja, og fyrir líkræðu, vil jeg að gjaldið sje ekki fært upp, kærleiksandinn og sanngirnisandinn á að ráða, meðan þeir geta tollað í oss og meðal vor. 3. greinin finnst mjer sanngjörn, það er ekki sanngjarnt, að allir, sem hlut eiga að máli, fái þóknun, nema presturinn, sem hefur talsvert fyrir, og þarf sinna muna með eins og aðrir.

Snorri Pálsson: Jeg er þakklátur 2. þingmanni Gullbringusýslu fyrir að hann þó játar, að mjer hafi gengið gott til breytingaruppástungunnar, jafnvel þó honum finnist ekki vert að hún sje tekin til greina. En jeg skal samt taka einn merkan prest til dæmis, sem jeg veit með vissu, að þingmanninum þykir ekki vansæmd í að líkjast, og sem aldrei tók fyrir barnaskírn; þessi prestur var biskup Árni Helgason formaður þingmannsins í embættinu; hann tók, eptir því sem sannorður maður hefur sagt mjer, ekkert fyrir skírn í kirkju, en ef hann skírði á ferð, þá var það svo, að ef hann tók nokkuð, þá gaf hann það barninu. Jeg þekki líka annan prest, sem er búinn að vera prestur yfir 50 ár, einlægt á langfátækustu brauðum landsins; hann hefur aldrei tekið borgun fyrir skírn, og hafa þó efni hans engu að síður blessazt. Þessi prestur er sira Páll Tómásson á Hnappstöðum, hann hefur sjálfur sagt mjer, að sjer fyndist það eigi rjett að selja helga athöfn, eins og sakramentin væru. Ef þingmanninum þykir kirkjan missa ofmikið í við legkaupin, þá skal jeg benda honum á eitt ráð enn, sem er, að prófastarnir takmörkuðu nokkuð skoðunarferðir sínar fremur en þeir hafa gjört hingað til; því það mundi drjúgum spara fje kirkna.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er reyndar á sömu skoðun sem þingmaður Húnvetninga, að varla muni ómaksins vert að gjöra þessa litlu breyting á prestsgjöldunum, meðan allt er í umbreytingu, heldur sje allt látið standa við hið sama, þangað til öllum gjöldunum er breytt. Jeg mun heldur eigi verða hjartveikur þó allt málið falli. En aptur kann jeg ekki við, að skírnartollur sje meiri fyrir hjónabandsbörn en lausaleiksbörn. Fyrir hjónavígslu með ræðunni er vanalega borgað meira en 6 áln. eða 6 ál. fyrir vígsluna sjálfa og svo að auki fyrir ræðuna. En þar sem líkræðu á að selja á 10 ál. þá sýnist það vera mótsögn við hitt að hjónavígsluræða sje að eins á 4 ál., eins og hún verður eptir tillögu meira hlutans; en þetta má laga með breytingaratkvæði. Líkræða er vanalega, þar sem jeg þekki, borguð með 1—4 kr. stundum meira, gamalt lag er spesía. Jeg skal ekki neita því, að jeg kann langbezt við, eins og 2. þingmaður Eyfirðinga sagði, að prestur taki enga borgun fyrir barnsskírn, það er ósamkvæmni að selja annað sakramentið en gefa hitt.

Páll Pálsson, prestur: 2. þingmaður Húnvetninga sagði, að eigi væri gjörandi að fast ákveða aukatekjur presta, fyrr en menn sæju, hvernig hinar föstu tekjur þeirra yrðu, aukatekjurnar mundu sumstaðar auka aðaltekjurnar; en má jeg spyrja: mundu þær ekki eins geta gjört það, þó föstu tekjurnar yrðu ákveðnar fyrst? Það er því engin ódæða, þó þær komi á undan. Nefndin var annars óheppin, að þingmaðurinn var ekki í henni, sjerstaklega til að mæla þumlungum, hvað margar álnir líkræður hjá prestum ættu að vera; eptir bókstaflegri lengd ræðu mundi jeg gjarna hafa gefið 10 ál. fyrir þessa ræðu þingmannsins hefði jeg verið dauður (!). En ef gjalda skal fyrir ræður eptir gæðum, þá vil jeg spyrja þingmanninn: hver á að meta þau gæði? líklega þingmaðurinn sjálfur! ætli það verði ekki misjafnir mannadómar um það sem annað. Lengdina er hægt að segja um, ef maður hefur löggildan kvarða, til að mæla, hve margir þumlungar og línur ræðan er. Sú gamla ákvörðun, að hver megi óska líkræðu, sem vill, stendur óröskuð af nefndinni.

Þar sem þingmaður Húnvetninga sagði, að prestar yrðu sveitarómagar, þá væri vonandi, að þeir væru þó ekki hálaunaðir. Þó farið væri að gjalda þeim fyrir aukaverk við öreiga úr sveitarsjóði, þá kann jeg ekki við, að þeir verði sveitarómagar fyrir það; jeg veit ekki betur, en að þeim sje gjört að skyldu, að bera sveitarþyngslin með bændunum; það sjá allir, hvað sanngjarnt er, að þeir, sem standa að greptrun, fái borgun, en presturinn enga. Þingmaður Dalamanna vildi eigi ákveða fast gjald fyrir líkræðu af þeirri ástæðu, að það mundi deyða kærleiksandann, sem ætti að vera milli presta og safnaða, og er jeg honum samdóma um það, að sá andi eigi að lifa sem lengst, já um aldur og æfi milli presta og safnaða; en mjer getur ekki skilizt, að það þurfi að raska honum, þó gjaldið sje ákveðið, það stendur eins sem áður prestinum í sjálfsvaldi að gefa hinum fátæku. Jeg er ekki samdóma meðnefndarmanni mínum 1. þingmanni Norðurmúlasýslu um, að honum mundi standa á sama, þó málið fjelli, hann hefur þó ekkert banatilræði sýnt því enn í nefndinni, og jeg vona, að hann fari ekki að læðast að því í því skyni hjer eptir. Jeg held alls ekki fast við 10 áln. fyrir líkræðu; jeg hjelt því ekki fram, og vildi gjarna að því yrði breytt til hins minna, því sjálfur ætlaði jeg hæfilega borgun 4 kr. 2. þingmaður Eyfirðinga vildi drýgja fje kirkna með því, að takmarka ferðir prófasta. En jeg er sannfærður um, að þó söfnuðir fái ráð yfir kirkjum og kirkjufje, þá sjeu skoðunarferðir prófasta að minnsta kosti eins nauðsynlegar og áður, og þó þær kunni að vera misjafnar, þá álít jeg mjög óheppilegt að takmarka þær um of.

Þegar hjer var komið umræðunum, kom fram ósk frá 8 þingmönnum, að umræðunum væri hætt. Voru það þeir

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þórður Þórðarson,
Friðrik Stefánsson,
Tryggvi Gunnarsson.

En þess var synjað með 10 atkvæðum gegn 9; var því umræðunum haldið áfram.

Ísleifur Gíslason: Jeg sje, að meiri hluti nefndarinnar hefur byggt tillögur sínar að hækka ekki aukatekjur presta, á því, að aðaltekjur presta mundu jafnaðar og hækkaðar, en mjer virðist valt að byggja á því, því að menn vita eigi, hver úrslit aðalmálið hefur, eða hvert það hefur nokkur úrslit á þessu þingi, eða fyrst um sinn, og þessu litla máli gæti vel orðið kippt í lag, án þess að það þurfi að bíða eptir hinu. 2. þingmaður Húnvetninga byggði allar mótbárur sínar á því, að í frumvarpinu væri svo mikil tekjuhækkun frá því, sem áður hafi verið, en það er alveg rangt; það fer ekki fram á að auka aukatekjurnar, heldur að slá þeim föstum, því eins og menn vita, tiltekur tilskipunin um

aukatekjur að eins það sem minnst megi borga fyrir aukaverk presta, svo að meðaltala af því, sem löggjöfin í rauninni hefur ætlazt til að greitt væri, væri í rauninni miklu hærri en það sem viðgengst; það sem því þingmaðurinn sagði um þetta efni, er byggt á sandi. Jeg vildi sjerstaklega taka fram, að mjer virðist ósamkvæmni hjá meiri hluta nefndarinnar í borguninni fyrir ferming og gipting; fyrir að gipta fær presturinn eptir nefndarálitinu 10 álnir, en fyrir að ferma börn, með öllum þeim erfiðismunum, sem presturinn hefur af því, fær hann að eins 12 álnir; þetta virðist mjer ekki vera neinn jöfnuður. Þar sem 2. þingmaður Húnvetninga sagði, að þessi tekjuhækkun, er hann svo kallaði, kæmi mest niður á fátækum barnamönnum, þá skil jeg það ekki. Þessi ályktun hans virðist mjer vera sama sem hann segði, að allir fátæklingar sjeu barnamenn, eða allir barnamenn sjeu fátækir, og að presturinn gjöri ekkert aukaverk nema þau, er snertir börn fátækra manna. Jeg mun yfir höfuð að tala greiða atkvæði með frumvarpi stjórnarinnar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal alls eigi rengja, að framsögumaður hafi frumritið, og þó þess má ske sje ekki getið, að meiningamunur hafi verið í nefndinni um að halda 3. gr., þá var hann þó. En honum hefur tekizt af gömlum og nýjum flinkleika sínum, að búa það svona út, enda þekki jeg ekki, að jeg sje honum háður með breytingaratkvæði mín. Hvað snertir þessar dýrðlegu veizlur, sem sumir prestar eru að segja þinginu af, þá verð jeg að segja, að mjer finnast slíkar ástæður ættu að jarðsyngjast án sjerlegrar viðhafnar, enda mun slíkt hrein og bein undantekning; en jeg held að það væri þá ráð, að þeir góðu herrar hefðu vinnumenn sína fyrir líkmenn, svo að þeir gætu sjálfir náð í þennan hvalreka. Það er annars undarlegt, að prestar skuli vilja láta undantekningarlaust leggja sjer af sveit.

Páll Pálsson, bóndi: Jeg skal fáu svara framsögumanni; fátt hjá honum var sannfærandi. Jeg álít alveg nauðsynlegt, að föstu tekjurnar sjeu fyrst ákveðnar, áður en aukatekjurnar eru fastsettar. Þar sem hann talaði um, að presturinn mundi ekki verða hálaunaður ómagi, þá getur það verið, en það verður kann ske nóg til þess að íþyngja sveitasjóðunum. En þar sem hann segir, að líkmönnum sje borgað, þá skal jeg segja honum það, að það er allt annað, að fara fyrst, ef til vill, langa leið, og taka svo gröf og berja opt klaka hálfan daginn, en að ganga fáeina faðma út í kirkjugarðinn til þess að kasta rekunum á kistuna og tala 3 orð; því að þar sem gott samkomulag er á milli prests og safnaðar, mun því optast vera hagað svo til, að þegar jarðsetja þarf á útkirkjum, þá geti presturinn gjört það um leið og hann messar þar, og hefur þannig litla eður enga sjerstaka fyrirhöfn fyrir því.

Hjálmur Pjetursson: Það sem jeg hefi fyrir augum er, að jafnt tillit sje haft til beggja, bæði presta og bænda, hvort sem um aukatekjur eða um fastar tekjur prestsins er að ræða; enda hefur og nefndin haft þetta fyrir augum. Það er satt, að aukatekjurnar eru talsverður liður úr tekjum presta, og þess vegna á presta- og brauðanefndin að byggja á þeim sem á öðru. Hvað snertir breytingaratkvæði þau, sem fram eru komin, þá vil jeg eigi leggja þungan dóm á þau, þótt jeg eigi geti aðhyllzt þau; breytingaratkvæði 2. þingmanns Eyfirðinga fer fram á að af nema skírnartollinn, og get jeg vitnað það, að það er eigi hann einn, er álítur óviðkunnanlegt, að sakramenntið sje selt og keypt. En hitt finnst mjer eigi rjett, að þó að fermingartollurinn sje hækkaður, þá geti hann komið til greina móts við skírnartollinn. Þar sem nefndin felldi burtu 2. grein stjórnarframvarpsins, þá gjörði hún það til þess að breyta sem minnst til frá því, sem nú er. Það er 3. grein snertir, þá álít jeg, að miklu meira mæli með því en mót, að presti sje borgað fyrir sveitarlimi og öreiga. Einn þingmaður sagði, að presturinn komist á sveitina,

ef þessi ákvörðun nær lagagildi, en slíkt nær engri átt, og er engin ástæða; eptir því ættu allir þeir að vera á sveit, sem taka meðgjöf með sveitarómögum. Jeg legg mesta áherzlu á ferminguna, og álít jeg, að presturinn eigi eins mikið fyrir að ferma sveitarómaga sem önnur börn, ef ekki meira. Nokkrir þingmenn hafa mælt mjög á móti því, að ákveða borgun fyrir líkræður, en jafnframt þessu, eða í sambandi við það, talað um hið góða samkomulag, sem ætti að vera í milli prests og sóknarfólks. Jeg get yfir höfuð ekki skilið, að það spilli góðu samkomulagi og bróðurlegum kærleika milli prestsins og safnaðarins, þótt tekjur prestsins sjeu fast ákveðnar, því að máltækið segir þó: «hreinir reikningar gjöra góða vini». Það hafa margir fundið það að hinni eldri löggjöf um aukatekjur presta, að í henni stendur, «að löggjafinn voni, að menn breyti eigi eptir bókstafnum sjálfum, heldur borgi prestinum sæmilega eptir efnum». Mjer virðist æskilegast, að öll gjöld væru fast ákveðin, til þess að enginn meiningamunur geti orðið um það milli prests og sóknarmanna, hve mikið þeir eigi að gjalda.

Framsögumaður: Mig furðaði á 2. þingmanni Rangæinga, þegar hann sagði, að meiri ósamkvæmni væri milli borgunar þeirrar, er ákveðin er fyrir ferming og líksöng í nefndarálitinu en í frumvarpinu, og treysti því að hann sjái sig um hönd; því jeg verð að ætla, að allir sjái, að meiri ósamkvæmni sje í stjórnarfrumvarpinu, þar sem ákveðnar eru 10 álnir fyrir að jarðsetja, en eigi nema 6 í nefndarálitinu. Jeg vil leyfa mjer að benda 2. þingmanni Húnvetninga á, að mjer fannst hann blanda saman frumvarpi stjórnarinnar og meiri hlutans. Meiri hlutinn vill halda sem mest við hið gamla, en stjórnin vill hækka aukatekjurnar. Má jeg spyrja: að hverju hefur meiri hluti nefndarinnar hækkað aukatekjurnar? Að engu leyti. Þótt meiri hlutinn hafi ákveðið 10 álnir fyrir hjónavígslu, þá hefur hann eigi hækkað frá því, sem áður var; því að vanalega er borgað meira en 10 ál. fyrir þetta embættisverk, þegar ræðan er talin með. Jeg neita því, að nefndarinnar meiri hluti hafi hækkað aukatekjurnar að nokkru öðru leyti en því, að hún hefur fast ákveðið, að prestum skuli borgað fyrir sveitarómaga. Þar sem 2. þingmaður Húnvetninga sagði, að tekjur fyrir aukaverk presta sjeu metnar eptir tilsk. 27. jan. 1847, þá er það ekki satt, þær eru metnar eptir síðasta 5 ára meðaltali, eins og þau hafa greiðzt.

Varaforseti: Það er orðið ljóst af allri meðferð máls þessa, að það er mjög mikið vandamál. Fyrst var sett 7 manna nefnd í það, en þessi 7 manna nefnd klofnaði í tvo flokka, þannig að 5 urðu í meiri hluta, en 2 í hinum minni; en tveir þingmenn úr hinum fjölmennari flokknum hafa komið með nýja breytingaruppástungu, svo nú eru tveir þverbrestir í nefndinni. Þetta er vottur þess, að nefndin hefur annaðhvort flýtt sjer um of, eða ofmikið hefur verið rekið á eptir henni. Jeg álít viðurhlutamikið, ef mál þetta fellur nú; en jeg ætla að hæglega geti svo farið. Mjer virðist því nauðsynlegt, að frumvarp þetta sje betur íhugað, og að það komi eigi fyr fram, en nefndarálitið í málinu um tekjur presta og prestakalla er fullbúið, svo að þetta frumvarp geti komizt í samband við það. Jeg vona því, að nefndin taki mál þetta aptur til meðferðar, því að öðrum kosti er jeg hræddur um að það falli. Sje svo, að nefndin þykist eigi nógu fjölmenn enn, þá er víst ekkert því til fyrirstöðu, að hún taki sjer 2 menn í viðbót.

Framsögumaður: Jeg sje enga ástæðu til að frumvarp þetta sje tekið aptur; en til hins kynni jeg að fást, að forseti megi fresta 3. umræðu um nokkra daga.

Þórarinn Böðvarsson: Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, miðar að eins til þess, að slá föstum aukatekjum presta, en alls eigi til þess, að auka þær. Það hefur rætzt á þessu máli, sem svo opt endranær, að þegar menn vilja eitthvað ekki, þá hafa menn óendanlegar ástæður að tína fram móti því, enda hefur margt það, er menn hafa haft á móti máli þessu, alls engar ástæður ver-

ið. Þar sem 2. þingmaður Eyfirðinga tók til dæmis 2 presta, sem eigi hefðu tekið borgun fyrir barnsskírn, þá er það eigi satt um annan presta þessara; um hinn veit jeg ekki; þó svo væri, væri þá fyrir það full ástæða til, að gjöra aðferð þessara presta að lögum gagnvart öðrum prestum? Þar sem sami þingmaður tók það fram, að æskilegt væri, að prófastar takmörkuðu sem mest kirkjuskoðanir sínar, til þess að hlífa kirkjunni sem mest við útgjöldum, þá segi jeg fyrir mig, að jeg hefi takmarkað kirkjuskoðanir mínar svo mjög, sem mjer er leyft eptir lögunum, og vildi jeg helzt eigi kirknanna vegna þurfa að visitera nema annaðhvort ár. En eigi þær að takmarkast meira, þá mun eptirlitið verða svo gott sem ekkert, því optast er það hjer á landi mest undir prófastunum komið. Þar sem 2. þingmaður Rangæinga, sem annars talaði á þá leið, er mjer geðjaðist vel að, þótti það ósamkvæmni í nefndarálitinu, að 10 álnir eru ákveðnar fyrir hjónavígslu, en eigi nema 12 fyrir ferming, þá ætla jeg, að þetta sje rjett hugsað hjá nefndinni; ástæðan fyrir þessu er sú, að gipting kemur svo sjaldan fyrir hvern mann, og það gjald getur aldrei orðið tilfinnanlegt. Þar á móti getur það orðið fátækum mönnum tilfinnanlegt, ef fermingarlaun eru mjög há. Að prestar lendi á sveitinni fyrir það, þótt þeim sje borgað úr sveitarsjóði fyrir öreiga hefur verið svarað, þótt það væri naumast svaravert. Jeg ætla eigi að fara fleirum orðum um þetta mál, og það sem jeg hefi í því talað, hefi jeg eigi talað sem prestur, heldur sem þingmaður, sem haft hefur fyrir augum velferð og sæmd landsbúa. Því að það álít jeg landið mestu varða, að kristnin blómgist meðal landsbúa, en til þess að það verði, ríður hið mesta á, að prestar landsins sjeu sem beztir, því að þeir hafa mest saman við alþýðu að sælda. Það álít jeg líka miklu skipta, að kirkjur sjeu sem prýðilegastar og mest samboðnar þeim háleitu athöfnum, sem eiga að fara fram í þeim.

Þá tóku eigi fleiri til máls; var þá frumvarpið með tilheyrandi breytingaratkvæðum borið upp til atkvæða, og fjellu þau þannig:

Breytingaratkvæði 2. þingmanns Eyfirðinga var fellt, nefnilega:

1. liður með 13 atkvæðum gegn 8.
2. — — 16 — — 4.
3. — — 18 — — 1.

Breytingaratkvæði 4 þingmanna við 3. gr. var fellt með 11 atkvæðum gegn 6.

Af breytingaratkvæðum nefndarinnar í málinu við 1. grein var það, að fyrir «15 álnir» komi: «12 álnir» samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli, þannig að

»já« sögðu:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,

»nei« sögðu:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Einar Ásmundsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson;

og aptur fyrir «15 álnir» komi: «10 álnir» samþykkt með 16 atkvæðum.
fyrir: «10 álnir» komi: «6 álnir» samþykkt með 17 atkvæðum; og viðaukinn: «og fyrir líkræðu 10 álnir» fellt með 11 atkv. gegn 4.

Síðan var frumvarpsins

1. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 16 atkv.;

2. gr. felld með 16 atvæðum gegn 4.
3. gr. samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.

Síðasta liðinn í breytingaratkvæði nefndarinnar tók nefndin aptur.

Fyrirsögn frumvarpsins var samþykkt án atkvæðagreiðslu, og málinu síðan vísað til 3. umræðu með 13 atkvæðum gegn 6. Sjá I 145.

Þriðja umræða í neðri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Framsögumaður (Páll prestur Pálsson): Mjer virðist eigi ástæða til fyrir mig að taka að svo stöddu fleira fram um mál þetta, en jeg gjörði við 2. umræðu þess. Meiri hluti nefndarinnar hefur farið meðalveg milli breytingaruppástungna þeirra, er komið hafa fram við málið, þar sem sumar af tillögum þessum eru fyrir ofan það, er nefndin hefur stungið upp á, en sumar þar fyrir neðan. Að öðru leyti geymi jeg mjer rjett til andsvara, þá er jeg hef heyrt andsvör manna í málinu.

Þórður Þórðarson: Jeg get ómögulega fallizt á 2. gr. frumvarpsins, af því mjer virðist þetta vera eitt af þeim störfum, sem presturinn vinnur fyrir allt fjelagið í heild sinni, fyrir allan söfnuðinn, og því eigi hann enga sjerstaka borgun að fá fyrir það, heldur eigi borgunin að vera inni falin í hinum föstu launum, sem presturinn hefur, þar eð hinn einstaki ekki getur borgað. Mig furðar á því, að þjóðkjörnir menn skuli vera óvorkunnlátari við sveitarsjóðinn en löggefendur vorir hafa nokkuru sinni áður verið; sveitarsjóðirnir hafa vissulega nóga byrði að bera, þar sem þeir sumstaðar hafa fullt í fangi með að halda lífinu í fólki, þó þetta ekki bætist við. Hvað útfararkostnað snertir, þá er mjer það ókunnugt, að útfarir sveitarlima sjeu stundum praktugar; þvert á móti þekki jeg víða til, að enginn kostnaður hefur verið gjörður til slíkra útfara nema fyrir kistu og utan um líkið, en menn gefa opt upp líkmannakaupið. Jeg ímynda mjer vissulega, að nefndin hefði getað fundið eitthvað betra ráð til að bæta kjör presta, sem jeg játa að þurfi að bæta, en með því, að fara í sveitarsjóðina, enda ætla jeg að margur eðallyndur prestur muni ekki nýta sjer þetta endurgjald, og fyrir þá, sem nýta sjer það, mun það verða sannarlegt neyðarbrauð, því að, eins og þingmaður Dalamanna sagði, er kærleikssambandið milli prests og safnaðar ekki of tryggt hjer á landi, þó ekki verði því spillt með þessu. Jeg get því með engu móti fallizt á þetta frumvarp, ef breytingaratkvæði okkar 6 þingmanna ekki verður samþykkt. (Sjá I 154).

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þótti hart að heyra þessa yfirlýsingu þingmanns Snæfellinga, og var það, sem hann sagði, að mínu áliti svo ómerkilegt, að það er ekki svaravert. Í stað þess að svara, vil jeg koma fram með þá spurningu, hvort það sje rjett, að koma við 3. umræðu aptur með þær tillögur, er felldar eru við 2. umræðu; jeg vil ekki fullyrða, að það sje rangt, en það er þó dirfska að ætla þinginu, að það gangi svona beint ofan í sig sjálft; jeg vil biðja þingmanninn að til greina, hverjir þeir þingmennn eru, sem hann vonar að greiði nú atkvæði þvert á móti því, sem þeir gjörðu við 2. umræðu; ef hann ætlast til slíks af mjer, þá þakka jeg honum mikillega. Jeg vil því fyrst fara ráðleggingarveg að uppástungumönnum, og stinga upp á því, að þeir taki aptur þetta breytingaratkvæði; þingmaður Skagfirðinga ætti nú að fylgja sínu eigin eptirdæmi (í lagaskólamálinu), og ganga frá tillögunni. Hvað 1. þingmann Árnesinga snertir, þá hefði jeg sízt búizt við því af honum, að hann skrifaði undir þessa uppástungu, en jeg vona síðar að fá tækifæri til að tala við hann. Þingmaður Snæfellinga talaði mikið um þá sterku kærleiksást, sem ætti að vera milli presta og safnaða; en má jeg þá spyrja hann: ætlar hann að kærleikurinn muni minnka, ef svo fer, að einhver prestur þakkar sveitarsjóðunum fyrir gjaldið og tekur ekki móti því? Ætli kærleikurinn frá prestsins hálfu mundi minnka, þegar hann sæi, að ekki er beitt

ólögum við hann, heldur fylgt þeirri reglu, að verður er verkamaðurinn launanna? Mjer skildist svo á þingmanninum, sem hann ætlaði, að enginn, er vinnur fyrir almennings þarfir, fengi endurgjald úr sveitarsjóði, og get jeg vorkennt honum, að hann skuli vera svo ókunnugur landslögum; hann ætti þó að þekkja yfirsetukvennalögin, því að hann var á þingi, þegar þau voru samin. Jeg þykist annars sannfærður um, að flestir þingmenn vilji, að kirkjur og prestar fái þau gjöld, er þeim beri, enda er það eðlilegt að upphefja þessar undanþágur sveitarsjóðanna, þegar allar undanþágur aðrar eru af teknar.

Forseti: Jeg vil geta þess samkvæmt athugasemdum 2. þingmanns Gullbringusýslu, að eptir þingsköpunum er eiginlega ekki leyfilegt að taka upp aptur frumvarp, sem einu sinni hefur verið fellt eða tekið aptur, og eptir því ætti heldur eigi að vera heimild til að taka upp breytingaratkvæði, sem fellt hefur verið, en þessi skilningur finnst mjer of takmarkaður, og þingsköpin á að mínu áliti heldur að þýða í rýmra skilningi en hitt, þegar þau spursmál koma fyrir, sem ekki er gjört ráð fyrir í þeim, eða eru nokkuð vafasöm. Enda hefur því verið fylgt um breytingaratkvæði á undanfarandi þingum að þau hafa stundum verið tekin upp við 3. umræðu, þegar þau hafa fallið við 2. umræðu, og álít jeg rjettast, að fylgja þeirri reglu framvegis.

Arnljótur Ólafsson: Þó jeg reyndar álíti þetta dálitla rjettarbót, skal jeg ekki reyna til að halda verndarhendi yfir henni. Þó get jeg ekki neitað, að mjer virðist ósamkvæmni í því, að hæfilegt þykir að launa læknum og yfirsetukonum úr sveitarsjóði, og að þing þetta hefur samþykkt lög um það; en að því skuli nú þykja ótilhlýðilegt að borga úr honum. Stefna þessa tíma er sú í löggjöfinni, að af nema allar undanþágur, forrjettindi, gjaldfrelsi, og því að gjöra alla jafna að lögum. Menn vita, að með nýju skattalögunum er gjaldfrelsi tekið af prestum og öðrum embættismönnum, svo og tíundarfrelsi stólsjarða, Kristfjárjarða o. s. frv. Gjaldfrelsi sveitarsjóðanna er skert, sem jeg þegar sagði, svo það er ekki annað en eðlilegt áframhald af hinni nýju stefnu löggjafarinnar, taka að af fátækrasjóðunum það gjaldfrelsi til prests og kirkju, sem nú er eptir. En það segi jeg satt, að mig langar eigi svo í fje sveitarsjóðanna, að jeg uni því illa, þótt frumvarpið allt verði fellt. Það getur beðið betri daga og risið svo aptur upp úr ösku sinni sem fuglinn Fönix.

Benedikt Sveinsson: Mjer virðist óviðkunnanlegt að auka tekjur presta á þann hátt, sem hjer er farið fram á. Mjer kemur eigi til hugar að segja, að þeir hafi ofmikil laun í sjálfu sjer, en það hefur lengi verið mín skoðun, að hver embættismaður landsins ætti að vera svo vel og sómasamlega launaður, að hver, sem hans við þyrfti, gæti leitað hans án þess að borga sjerstaklega fyrir það, og því er mjer illa við allar aukatekjur, sem bæði eru óþægilegar tekjur og óvinsælt gjald. Þessu samkvæmt vil jeg því ekki fara að fjölga eða hækka þessar aukatekjur, sem jeg álít rangar, en því segi jeg: «minimum de malis», eða að minnsta kosti: «frestur er á illu beztur», og vil því heldur, að allt í þessu efni, sje látið standa við hið gamla.

Páll Pálsson (prestur): Hefði 1. þingmaður Árnesinga komið fram með sjerstakt frumvarp um það að afnema allar aukatekjur, þá þefði hann verið sjálfum sjer samkvæmur, en þegar hann andæfir móti þessu sjerstaka frumvarpi um aukatekjur prestanna einna, eins og það liggur fyrir, virðist mjer hann að eins vilja skerða rjett prestanna en engra annara embættismanna, því greiðsla gjaldanna verður þó að líkindum ekki tilfinnanlegri fyrir það, þó þau eigi að gjaldast presti fremur en gjöld til sýslumanns, og ekki skil jeg í því, að alþýða finni fremur til fátæktar sinnar gagnvart prestunum en sýslumönnum.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal geta þess, að eptir hinum nýju launalögum sýslumanna eru aukatekjur þeirra af numdar (Halldór Kr. Friðriksson: ekki allar!) Jú, einmitt svo gott sem allar. Að öðru leyti hef jeg hjer

ekki talað um neitt jafnrjetti, en að eins sagt, að mjer virtist allar aukatekjur á röngum grundvelli byggðar. Landstjórnin skipar embættismennina og veitir þeim laun. Til hvers? Til þess, að framkvæma hin lögboðnu embættisverk. Þessi laun eru tekin úr vasa gjaldenda. Og hvernig stendur nú á, að þeir eiga samt að borgi hvert embættisverk sjerstaklega? Þetta eru augljós rangindi.

Halldór Kr. Friðriksson: Úr því sýslumenn og læknar hafa aukatekjur, þá virðist mjer það skrítið, að prestar megi ekki hafa þær líka, og þess er vel aðgætandi, að í sömum prestaköllum er meginið af tekjum þeirraa einmitt fólgið í þessum ankatekjum. 1. þingmaður Árnesinga vildi aftaka allar aukatekjur, en því hefur hann þá ekki komið fram með beinlínis uppástungu um það? (*Benedikt Sveinsson*: Það mun jeg gjöra seinna!).

Þórður Þórðarson: Út af nokkrum orðum í ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu skal jeg geta þess, að mjer datt aldrei í hug að segja, að engin almenn gjöld væri lögð á sveitarsjóðina, en jeg sagði, að menn hlífðust við að leggja á þá þau gjöld, sem yrði hjá komizt, og því til sönnunar tilfærði jeg, að í nokkrum hreppum væri ekki tekið líkmannskaup. Hinn háttvirti þingmaður hjelt, að það mundi styrkja kærleikann þegar presturinn gæfi þessi gjöld eptir, og gef jeg honum rjett í því. En þó nokkrir eðallyndir prestar gjöri það, þá verða samt nokkrir, sem nýta sjer það, og vart eykur það vinsæld þeirra presta, sem styrkja að því, að koma þessu nýmæli inn í lögin, sem mun þó vera í því skyni gjört, að prestar noti sjer það.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vildi engan veginn koma fram með þetta breytingaratkvæði til þess að spilla máli þessu; en jeg verð að geta þess, að velflestum gjaldþegnum mun finnast, að sveitarsjóðirnir hafi nóg á sinni könnu, þótt prestarnir bætist ekki á þá. Sveitartillögin eru sá þyngsti skattur, sem þjóðin borgar, og þetta þrátt fyrir allan þann sparnað, sem við er hafður. Þegar litið er til meðlagsins með ómögunum, þá má það yfir höfuð sannarlega ekki vera minna en það er. Hæsta meðlag mun yfir höfuð, að einstöku tilfellum undanskildum, nema 70 kr. og meðaltalið 50 kr.; það verða tæpir 14 a. á dag, og sjá allir, að það er eigi ríflег framfærsla. Þeir, sem halda ómagana, hljóta því að gefa mikið, og allir, sem fást við fátækramálefni, hljóta, eins og nú er, að gjöra það. Því skyldu þá prestarnir ekki líka gjöra það. Mjer finnst því ekki gustuk að þyngja á sveitarsjóðunum. Fátæklingarnir eru eins og sá er hrasaður var meðal ræningja; finnst mjer það bæði fegra og vinsælla fyrir prestana að líkjast Samverjanum í að bjarga þeim, en fara ekki að eins og presturinn og levítinn.

Friðrik Stefánsson: 2. þingmaður Gullbringusýslu furðaði sig á, að sjá nafn mitt undir breytingaratkvæði því, sem hjer er fram komið, en jeg skal geta þess, sem hann víst hlýtur að muna: að jeg samþykkti ekki í nefndinni, að prestum og kirkjum væri borgað af sveitarsjóði fyrir öreiga, heldur tók jeg það fram, að jeg mundi koma með breytingaratkvæði á móti því, svo jeg get ekki álitið það neitt boðorða brot, þó jeg fylgi þingsköpunum, hvert heldur í þessu máli, lagaskólamálinu eða öðrum þingmálum, hvað sem hann kann að álíta, því heldur sem honum er ekki kapplaust að koma þessu máli fram til að rífka tekjur prestanna fram yfir það, sem gildandi lög og landsvenja heimila þeim.

Hjálmur Pjetursson: Það lítur út fyrir, að jeg ætli að verða utan við bændaflokkinn hjer í deildinni í þessu máli, því jeg get eigi fallizt á breytingartillögu þeirra 6 þingmanna, að 2. gr. falli burtu, og eigi heldur á ástæður þær, er færðar eru fyrir tillögunni, svo sem, að það spilli kærleikanum milli prests og sóknarfólks, ef greinin nær lagagildi. Þetta er mjer ómögulegt að skilja,og finnst mjer miklu meiri ástæða til að ætla hið gagnstæða. Jeg get heldur ekki skilið, á hvern hátt það getur verið «furð-

anlegt», eins og einn þingmaður sagði, þó þjóðkjörnir þingmenn hafi þá sannfæringu, að rjett sje að borga prestum aukaverk fyrir sveitarómaga, eins og öllum öðrum er borgað það, sem til þeirra er kostað. Að prestar sjeu skyldir til að starfa fyrir fjelagið eða hið almenna fyrir ekkert, fremur en aðrir embættismenn, fæ jeg ekki heldur sjeð, því eins og jeg áður sagði, þiggja fleiri en prestarnir borgun af sveitarsjóði.

Læknum er borgað af sveitarsjóði fyrir sveitarómaga. Laun yfirsetukvenna og þóknun sýslunefndarmanna hvílir og á sveitarsjóðnum, því, eins og allir vita, hvíla gjöldin til sýslusjóðsins á hreppunum. Það eru því prestarnir einir, sem ekki fá borgun fyrir verk sín í þarfir sveitarómaga, en þetta finnst mjer ekki sanngjarnt eða rjettlátt.

Jeg vil sjerstaklega taka fram, að jeg veit ekki betur en að það sje eitt með uppeldisskyldum barna að borga fermingartoll, og er það þá skylda hreppanna að borga fyrir sveitarómaga, eins og annara einstakra, sem uppeldis-skyldan hvílir á. 1. þingmaður Árnesinga gat þess, að fátæklingar ættu bágt með að borga að öllum jafnaði. Þetta er sannleikur, en jeg held hann hafi meint annað en hann sagði í tilliti til þessa máls, því hann veit eins vel og jeg, að það eru fátæklingar, sem ekki eru á sveit, sem eiga bágast með að borga. Þess hefur verið getið, að sveitarsjóðirnir þyldu ekki auknar álögur. Þetta játa jeg, og er mjer vel kunnugt, að svo er, og mundi jeg eigi síður en aðrir fús til að vinna að því, að ljetta á þeim, ef mögulegt væri, á sanngjarnan og rjettlátan hátt. En jeg get ekki verið með því, að einstakir menn verði fyrir órjetti, hvort sem það eru prestar eða aðrir.

Að öðru leyti get jeg, eins og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, látið mjer mjög vel lynda, þótt frumvarpið sje fellt.

Þorlákur Guðmundsson: Af því að jeg er einn í tölu hinna fordæmdu bænda, skal jeg leyfa mjer að bera hönd fyrir höfuð mjer. Það kemur ekki vel við nú á þeim tímum, sem verið er að tala um, að af nema allar aukatekjur, og sú skoðun er að ryðja sjer til rúms hjá þjóðinni, þá að fara að koma með þennan fleyg inn í aukatekjur presta, sem hvorki er til sæmdar prestastjettinni, og þar af fljótandi henni ekkert til vinsældar. Þingmaður Snæfellinga tók það fram, að löggjafinn ætlaði nú að verða óvarkárari með að ganga að sveitarsjóði, en áður var löggjafinn hinn einvaldi, sem gaf tilskipun 8. janúar 1834. Hann segir svo: «Allt of auðveldur aðgangur að sveitarsjóðnum elur upp ómennsku». Jeg er því hræddur um, að þegar búið er að opna sveitarsjóðinn fyrir prestunum, þá muni það ekki ala upp dugnað eða sjálfstæðishugsun hjá prestastjettinni, enda er það gömul setning hjá þeirri stjett, að hún eigi að fá undanþágurnar endurgoldnar úr sveitarsjóði.

Þórarinn Böðvarsson: Mig furðaði þegar er jeg sá nafn hins háttvirta þingmanns Árnesinga meðal þeirra, sem höfðu sett nöfn sín undir breytingartillögu þá, er hjer liggur fyrir, en því meira furðaði mig á að heyra hinn heiðraða þingmann tala eins og hann talaði. Jeg held hin fyrsta og helzta ástæða hans hafi verið, að það væri óviðkunnanlegt, að prestum og kirkjum væri borgað. Hvað er óviðkunnanlegt í þessu? eða er það ekki rjett að hver fái sitt? Jú! það veit jeg að einmitt hann verður manna fyrstur og fúsastur á að játa. Hvað það snertir, að gjaldið lendi mest á fátæklingum, þá nær það engri átt, og það mun allvíða vera einna mest á prestunum sjálfum; að minnsta kosti er það svo í mínum hrepp; það eru ekki fátæklingar, sem gjalda mest til sveitarsjóðs, heldur þeir efnuðustu. Þar sem einn þingmaður fór að rífa sundur ritningarnar og vitna í guðspjallið um Samarítann og levítann, þá átti það reyndar ekki við; hvorki presturinn nje levítinn, sem «fram hjá gengu», áttu heimting á kaupi, enda kröfðust eigi, og það var Samarítans girnd, sem hann gjörði, og mundi má ske ekki hver einasti prestur á Íslandi, hefði jeg nærri sagt, gjöra slíkt hið sama, þar sem hann sæi góðan vilja fyrir. Hinum heiðraða þingmanni

Mýramanna er jeg þakklátur fyrir hans góðu og drengilegu undirtektir undir mál þetta, og þykist jeg viss um, að stjettarbræðrum hans, að minnsta kosti flestum þeirra, muni þykja, sem hann hafi mælt af meiri rjettsýni og sanngirni í þessu máli, en þeir sem móti hafa mælt.

Hjálmur Pjetursson: Jeg gleymdi áðan að geta þess, að eitt af því, sem hefur hvatt mig til að styðja mál þetta, er það, að jeg álít það orðna svo almenna venju að borga prestum meira eða minna fyrir verk þessi, ýmist á þann hátt, að einstakir menn greiða þetta úr eigin vasa, eða fleiri skjóta saman, og þannig lendir þetta á einstökum mönnum, opt á þeim, sem sízt skyldi; en þetta er ljós vottur um, að það þannig sje komið inn í meðvitund manna, að þetta sje sanngjarnt; að minnsta kosti á þetta sjer stað víða þar sem jeg þekki til; en úr því svo er komið, þá sýnist mjer að þar af leiði óreglu og ójöfnuð, og orsaki óánægju, og sje því rjettara að breyta þessu, svo sama regla gildi fyrir alla. Jeg vil um leið reyna að bera sáttarorð í milli þingmanns Snæfellinga og 2. þingmanns Gullbringusýslu. Jeg álít það eigi rjett, er hann bar upp á þingm. Snæfellinga, að hann segði ósatt, að líkmannskaup væri eigi ávallt borgað fyrir sveitarómaga. Jeg held að þingmennirnir segi báðir satt um þetta, því hvorttveggja mun eiga sjer stað, að þetta sje borgað og ekki borgað, og fer slíkt eptir sveitarvenju og kringumstæðum, og mætti færa sannanir fyrir hvorutveggja, ef þess væri þörf.

Þá óskuðu 12 þingmenn þess, að umræðunum væri hætt, og voru þeir:

Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Þórarinn Böðvarsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Tryggvi Gunnarsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Þórður Þórðarson,

og var þá gengið til atkvæða, og var

1. breytingaratkvæði 6 þingmanna (sjá I 154) fellt með 14 atkvæðum gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 þingmanna, þeirra

Guðmundar Ólafssonar,
Páls Pálssonar.
Þórðar Þórðarsonar,
Benedikts Sveinssonar,
Þorláks Guðmundssonar,
Friðriks Stefánssonar.

þannig, að

»já« sögðu:
Benedikt Sveinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.
Þorsteinn Jónsson.

»nei« sögðu:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,

2. frumvarpið allt (sjá I 182—183) samþykkt með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu »já«:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,

Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
»nei«:
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Var svo málið sent efri deildinni.

Fyrsta umræða í efri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Sighvatur Árnason sagðist vita, að neðri deildinni hefði gengið gott til með meðferð máls þessa yfir höfuð, en sjer þætti frumvarp þetta eigi koma á rjettum tíma. Brauðamálið, sem lægi fyrir neðri deildinni, hlyti að byggjast á ný-undangengnu brauðamati, og ætti þá til hliðar við það eigi við að breyta aukatekjum presta, sem maður sæi ekki hvað verkaði á brauðin; sjer sýndist ekki eiga við, að minnsta kosti ekki utan við aðalmálið, að gjöra hjer breytingar á, heldur ætti þetta að ræðast í einingu við aðalmálið. Hvað aukatekjurnar snerti, þá ættu þær að leggjast við hinar föstu tekjur prestsins, hvað upphæð brauðsins snerti. Hann gæti því eigi skilið í, hvernig þetta frumvarp gæti samrýmzt augnamiðinu svona til hliðar við aðalmálið, og væri hann því ekki frumvarpi þessu hlynntur. Hann lastaði ekki neðri deildina fyrir þessa hugulsemi, sem væri lík því þegar hugul húsmóðir gefur matbráðum manni bita utan við askinn sinn, um leið og hún er að skammta, en áliti, að allt brauðamálið ætti að koma fram í einu aðalmáli, sem grundvallað væri á hinu nýja brauðamati, og sem gengi út á að lagfæra tekjur presta og kirkna.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu með 8 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 23. fundi, 28. júlí.

Sighvatur Árnason sagðist hafa tekið fram við 1. umræðu, að málið stæði í sambandi við brauðamálið. Hann vildi leyfa sjer að stinga upp á nefnd, með því augnamiði, að vísa til þeirrar nefndar brauða- og kirknamálinu, þegar það kæmi fyrir deildina, og mundi 3 manna nefnd nægja.

Stefán Eiríksson sagði, að mál þetta væri að eins einn angi af prestamálinu; sjer fyndist því að aðalmálið hefði átt að ganga á undan; að vísu væri hann ekki á þeirri skoðun, að nefnd þyrfti að setja í þetta mál. Neðri deildin hefði að vísu lagað málið mikið, frá því sem það var í Kirkjutíðindunum, enda hefði verið sannarlega þörf á að laga þau hornahlaup, er hefðu verið í því frumvarpi. Hann gæti að miklu leyti fellt sig við 1. gr., þó að hinni uppvaxandi kynslóð mundi þykja nóg að borga hjónavígslu með 10 álnum, áður hefði það verið 6 álnir; hann kvaðst halda, að sveitarfjelögunum mundi þykja hart, að borga fyrir þurfamenn og sveitarlimi af hreppssjóði, enda þekkti hann heiðvirða presta svo, að þeir mundu varla vilja þiggja, að sjer væri lagt þetta af sveitinni.

Benedikt Kristjánsson sagði, að frumvarp þetta væri lítil rjettarbót og vildi hann því fella það. Tilskipun frá 27. janúar 1847 væri góð, og hefði aldrei spillt því kærleikans bandi, er vera ætti milli presta og safnaða, þótt lög þessi vantaði lagalega virðingu og tign, og vildi hann því leyfa sjer að biðja hina heiðruðu þingdeild að láta heldur sitja við það sem væri.

Eiríkur Kúld sagði, að þingmaður Þingeyinga hefði að vísu talað vel og fagurlega, en kvaðst þó eigi hafa skilið allt rósamál hans. Hann kvaðst að vísu vera honum samdóma í því að rjettarbót sú, er hjer væri um að ræða, væri lítil, en þess bæri að gæta, að á kirkjunum ætti við: «að

litlu verður Vöggur að verða feginn». Hann gat þess, að nú væri eigi hið sama, hvort prestur skírði skilgetið eða óskilgetið barn að því er kaup snerti, en það væri að sínu áliti eigi rjett, að taka borgun fyrir slíka athöfn fremur en að veita manni altarissakramenti, en ef hún væri borguð, þá ætti að vera jafnt fyrir öll börn hvort heldur skilgetin eða óskilgetin, því athöfnin væri hin sama við hvort fyrir sig. Hann kvaðst eigi vera samþykkur þingmanni Skaptfellinga, en þess sagðist hann viss, að hann hefði eigi talað sjálfum sjer í hag. Hann kvaðst vilja leyfa sjer að spyrja hann, hverjir eigi að borga gjaldið? Sjálfsagt hreppurinn eða þeir, sem hafa hæst útsvörin. Hann sagði, að ef kirkjan ætti gjaldið, þá ætti presturinn það, og það væri sama fyrirhöfnin fyrir prestinn að jarða fátæklinginn og auðmanninn. Hann kvað það eiga sjer stað um allt land, að borgað væri fyrir greptrun sveitarlima, þannig væri líkmönnum borgað, og opt og tíðum gefin máltíð að lokinni greptran; en úr því þessu væri þannig hagað, þá kvað hann það sína skoðun, að í þessu sem öðru ætti að vera jafnrjetti, presturinn ætti eins fyrir sitt ómak eins og aðrir, sem að greptraninni þjónuðu. Hann sagðist ekki geta verið samdóma þingmanni Rangæinga í því, að nauðsyn bæri til að setja nefnd í málið; sjer þætti heldur eigi þetta mál heyra undir prestamálið. Hann kvað það eigi rjett að setja nefnd í hvert smámál, einkum ef þau væru vel rædd í neðri deild þingsins, því það væri æði dýrt fyrir landssjóðinn, ef tímanum væri eytt með tómum nefndum í smámálum.

Benedikt Kristjánsson sagðist hafa gleymt aðalatriðinu, sem væri það, að presturinn fengi með þessu rjett til að taka gjöld af sveitinni. Hann sagðist vilja leyfa sjer að minna þingmann Barðstrendinga á, að eptir núgildandi lögum væri sama borgun fyrir að skíra skilgetið og óskilgetið barn, en munurinn væri sá, að móðirin að óskilgetna barninu væri eigi leidd í kirkju. Stúlka, sem ætti óskilgetið barn, leiddi sig sjálf í kirkju, en konan yrði að kaupa það fyrir 2 álnir að láta prest leiða sig í Guðshús. Hann sagði, að fyrir presta væri þetta lítil rjettarbót, en prestar mættu heldur eigi líta á launin eingöngu, heldur ættu þeir að hafa laun í þeirri meðvitund, að þeir væru þess verðugir að mega gjöra þetta. Hann kvað það hið helzta í máli þessu, að presturinn mætti ganga að sveitinni til að fá borgun fyrir aukaverk þau, er hann gjörði fyrir þurfamenn og ómaga, en það væri mjög leitt fyrir presta; reyndar hefði hver prestur sínar tilfinningar, og því gætu margir þegið borgun af fátæklingum, en er þeir ættu eigi neina heimtingu á henni, mundi presturinn láta sjer hugfast, að endurgjalda fátæklingnum það á annan hátt. Hann sagði, að bændur mundu segja, að alþingi hefði nú sett prestana á sveitina, því þeir væru nú farnir að þiggja kaup sitt af sveitinni. Að lyktum sagðist hann nú enda ræðu sína með því að lýsa yfir því, að hann væri nú dauður í máli þessu.

Ásgeir Einarsson sagði, að þessar löngu umræður hefðu sannfært sig um það, að það ætti að kjósa nefnd í málið, eða kasta því burtu. Hann kvað nú allmikið rætt um barnaskírn, en sjer virtist að það mætti fremur kalla málið rjettarrifu en rjettarbót; sjer þætti eigi bætandi á stúlkur, er ættu börn, þar sem þær eigi mættu láta þakka Guði opinberlega fyrir lausn sína eptir barnsfæðingu; atriði þetta í greininni væri kænlega samið, að ljetta kirkjuinnleiðslugjaldinu á giptum konum, en koma því yfir á ógiptar stúlkur, sem ekki hefðu rjett til kirkjuinnleiðslunnar. Mönnum þætti optast rjett, að láta skyldur og rjettindi verða samfara, en hjer hefði það gleymzt; það væri og sanngjarnt, að úr því líkmenn fengju kaup fyrir greptrun, þá væri og goldið til prests og kirkju, einkum til prestsins, því svo væri um presta sem aðra menn, að verður væri verkamaðurinn launanna. Hann kvað það eigi rjetta skoðun, að segja, að presturinn væri á sveit, þó hann fengi borgun fyrir verk sín af sveitarsjóði; það

ætti eigi heldur við, að gjöra lítið úr málinn, en að sínu áliti væri rjettast að fara með það, eins og þingmaður Rangæinga hefði stungið upp á; því það væri sín sannfæring, að það ætti að setja nefnd í málið, og kvaðst því vilja leyfa sjer að stinga upp á, að nefnd yrði í það sett.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort setja skyldi nefnd, og var það fellt með 6 atkvæðum gegn 5.

Sighvatur Árnason lýsti yfir því, að fyrst að uppástungan um að setja nefnd í málið hefði verið felld, mundi hann greiða atkvæði móti því; en hann hefði getað ímyndað sjer, að ef hann hefði haft málið lengur til yfirvegunar, í heild sinni, þá hefði hann máske getað sannfærzt um einhverja þóknun í staðinn fyrir þetta undir aðalmálinu. Hann gæti vel unnt prestunum þóknunar þeirrar, er frumvarpið talaði um, hvað upphæð hennar snerti, ef vægilega væri farið í hækkun brauðanna; en það, sem 2. gr. færi fram á, væri algjört nýmæli; hann þekkti hvorki nú nje fyr dæmi til, að menn fengju borgun fyrir nokkur þau verk, er leiddu af sveitarómögum, og með því að það væri orðið inngróið meðvitund alþýðu, mundi þessi grein verða mjög óvinsæl, ef hún yrði leidd í lög; fyrst að talað væri um að borga prestum og kirkjum þess konar verk, hvers vegna væri þá eigi einnig stungið upp á að borga þau öðrum mönnum, sem störfuðu opt dag eptir dag að slíkum málum? Hvað snerti borgun fyrir barnaskírn, væri hann samdóma þingmanni Barðstrendinga; hann vildi helzt eigi láta borga neitt fyrir hana, hvorki 3 nje 5 álnir, því að sjer þætti það eigi eiga við þá athöfn.

Eirikur Kúld kvaðst að vísu vera á sama máli og þingmaður Rangvellinga um skírn; en sjer þætti þó ósamkvæmni hjá honum, að vilja ríra tekjur presta með því að af nema borgun fyrir hana, án þess þó að vilja bæta þær upp aptur með viðbótinni, er til væri tekin í 2. gr. Hann hefði sagt, að það væri rótgróin skoðun alþýðu, að eigi skyldi taka nokkra borgun fyrir þau verk, er af sveitarómögum leiddi; þessu gæti hann eigi verið samþykkur, því að alstaðar, þar sem hann þekkti til á landinu, væri það venja, að sveitin borgaði öll þau störf, er lytu að greptran sveitarómaga nema að eins líksöngseyri og legkaup; þetta fyndist sjer eigi sanngjarnt, því að hann vildi hafa jafnrjetti í þessu eins og öðru. Fyrir sitt leyti væri sjer eigi svo annt um frumvarp þetta, því að sjer þætti það litlar rjettarbætur innihalda til handa prestinum, en kirkjum væri nokkur rjettarbót í, að það öðlaðist gildi. Þar sem þingmaður Þingeyinga hefði slegið um sig með því, að menn mundu segja, að nú væri presturinn kominn á sveitina, þá skildi hann eigi að það gæti fælt nokkurn mann, því að hann gæti eigi ætlað það neinum sóknarmanni, að minnsta kosti eigi meðan óslitið væri það sterka kærleiksband, er hann hefði farið um svo mörgum fögrum orðum; þetta væri alveg í líkingu við það, sem nú ætti sjer stað. Þegar sveitin sæi sjer hag í að halda við bú einhverjum þeim manni, er þiggur af sveit, þá vissi hann eigi betur, en að hann væri skyldur að gjalda tíund, og ef hann gæti eigi goldið hana, ætti prestur aðgang að sveitinni, því að þó að hún neitaði að greiða fyrir hann, hefði prestur heimild til að láta taka lögtaki hjá manninum, og kæmi það þá þannig á bak sveitarinnar; þar sem hann enn fremur hefði tekið svo sárt, að hækka skírnartollinn vegna óskilgetinna barna, og látið sjer um munn fara, að mæður slíkra barna væru rjettarhærri en giptar konur, þá hlyti hann þó sem prestur að vita, að kirkjuinnleiðsla kvenna miðaði til þess, að sýna enn betur fram á helgi hjónabandsins. Sjer hefði fundizt hann gleyma því í ræðu sinni, að hann hefði eigi eingöngu skyldu að gæta við sig sjálfan, heldur og við kirkju sína, og vegna þeirrar skyldu mætti hann eigi gefa eptir tekjur hennar, þó að hann væri fús á, að gefa eptir sínar eigin. Hann teldi það hvorki eptir sjer nje öðrum, er til sveitar gyldu, að bæta þessu á

sig, og hann vonaði, að þegar þingmaðurinn hefði betur íhugað þá skyldu, er hann hefði að gæta við kirkju sína, mundi hann eigi vilja fleygja frumvarpinu.

Stefán Eiríksson kvað þingmann Barðstrendinga hafa furðað á, að hann mælti í móti frumvarpinu, en sig furðaði einnig á því, að hann, svo heiðvirður prestur, skyldi fylgja því svo fast fram. Hann væri viss um, að menn mundu finna til þessara gjalda, sem fælust í 2. gr., og það jafnvel prestarnir, því að þeir hefðu opt há sveitarútsvör, og þingmaðurinn hlyti að játa, að svo mætti ofhlaða gjöldum á hina fáu efnamenn í sveitunum, að þeir risu eigi undir þeim. Hvað það snerti, að sveitin borgaði fyrir ómaga sína önnur gjöld, þá væri það vitaskuld, að ótilhlýðilegt væri að láta lík þeirra kistulaus í gröfina, og þó að kistan væri borguð, og líkmönnum, er kannske yrðu lengi dags að standa við að höggva klaka, þætti sjer allt öðru máli að gegna um það, en þó að prestur gengi að gröfinni til að kasta moldu á líkið; og þó að kirkjurnar fengju í viðbót þetta litla gjald, þá mundu þær varla mikið batna við það, heldur verða eptir sem áður líkari hesthúsum, sumar hverjar, en guðshúsum.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, bar forseti upp til atkvæðagreiðslu hinar einstöku greinar frumvarpsins, og fjell hún þannig:

1. gr. samþykkt með 6 atkv. gegn 4.
2. gr. samþykkt — 6 — — 5.
3. fyrirsögn frumvarpsins; var sökum óljósrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall, og sögðu

«já»
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson;
«nei»:
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson;

og var hún þannig samþykkt með 6 atkv. móti 5.

4. hvort frumvarpið gangi til 3. umræðu; varð aptur að við hafa nafnakall og sögðu

«já:»
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson;
«nei:»
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson;

og var frumvarpið þannig fellt frá 3. umræðu með 6 atkvæðum gegn 5.

XIV. SIGLINGAR OG VERZLUN.

Frumvarp til laga um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi. Sjá I 84—85.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 11. fundi, 14. júlí.

Landshöfðinginn: Hið þýðingarmesta atriði þessa frumvarps er afnám lestagjaldsins, sem bæði er verulegur tekjuliður í fjárlögunum, sem ekki má sleppa, nema því að eins, að aðrar eins vissar og haganlegar tekjur komi í staðinn, og sem þar að auki að mínu áliti er ein hinna beztu og haganlegustu tekja landssjóðsins, af því að það ekki er neinum þungbært og að mestu leyti ekki tilfinnanlegt, enda hafa ekki komið fram neinar umkvartanir frá gjaldþegnunum um þetta gjald. Lestagjaldið hefur um mörg ár farið smámsaman vaxandi, og hefur nú náð þeirri upphæð, að það nemur hjer um bil 40—50 þúsundum króna árlega, eins og jeg skýrði frá um daginn, þegar jeg lagði frum-

varp til fjárlaga fyrir árin 1880—1881 fyrir þessa heiðruðu deild. Lestagjaldið var árið 1878 rúmar 45000 kr., en þar frá dregst lestagjald af póstskipunum 7—8000 krónur, svo eptir verða hjer um bil 38000 krónur; en þar að auki var óborgað fyrir árið 1878 við árslok það lestagjald, sem var innheimt af hinum dönsku konsúlum í Noregi, og sem mun nema allt að 3—4000 króna. Lestagjaldið á árinu 1878 hefur þannig numið 41—42000 kr. Þar sem frumvarp það, er hjer ræðir um, er borið upp af fjárlaganefndinni, má að vísu gjöra ráð fyrir því, að hin heiðraða nefnd hafi yfirvegað hina fjárhagslegu hlið málsins, en samt sem áður verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að æskilegt og jafnvel nauðsynlegt sje, að málið í heild sinni verði tekið til nákvæmari yfirvegunar, og að sjerstök nefnd verði sett til þess ítarlega að rannsaka og segja álit sitt bæði um þetta frumvarp og um frumvarp það, er var til 1. umræðu í þessari heiðruðu deild í fyrra dag, um það að hækka tollgjaldið á áfengum drykkjum með 50 pCt., því þessi hækkun er ætlazt til að bæti landssjóðnum upp þann tekjumissi, sem hlýtur að vera afnámi lestagjaldsins samfara. En mjer virðist mjög vafasamt, hvort landssjóðurinn með þessu móti geti náð því endurgjaldi, sem ætlazt er til að honum verði útvegað, og sem hann að mínu áliti ekki má missa við, ef lestagjaldið verður af numið. Þar sem tollurinn af vínföngum árið 1878 var 97000 kr., þá hefur fjárlaganefndin ef til vill áætlað upphæð hækkunarinnar allt að 50000 krónum; og ef hún næmi svo miklu, þá gæti þessi hækkun veitt landssjóðnum nægilega uppbót. En vjer getum ekki átt það víst, að hækkunin nemi svo miklu eða yfir höfuð að tala töluverðri upphæð, því að það er aðgætandi, að áfengir drykkir eru munaðarvara, og að menn mega til, hvort sem þeim er ljúft eða ekki, að takmarka brúkun sína á munaðarvörum í tiltölu við söluverð þeirra. Setjum, að þessi hækkun á tollgjaldinu hafi í för með sjer hækkun á söluverði vínfanga með 15—30 a. pr. pott, — og minni verður munurinn á söluverðinu vissulega ekki, — þá má búast við, að bæði sala á vínföngum og innflutningurinn fari minnkandi í tiltölu við það. Þetta mun vera eðlileg — og að mínu áliti einnig æskileg — afleiðing af tollgjaldshækkuninni; en þá fær landssjóðurinn ekki þá uppbót, er hann þarf við. Þess ber einnig að gæta, að hækkunin á tollgjaldinu ekki mun auka að mun tekjur landssjóðsins á fyrsta fjárhagstímabilinu, því að þar sem ætlazt er til, að lögin um brennivínsgjaldið komi í gildi 1. janúar 1880, má sjálfsagt búast við, að flestallir kaupmenn sjái um, innan ársloka að flytja inn öll þau vínföng, er nauðsynleg eru fyrir eitt eða fleiri ár. Þess vegna virðist mjer, sjer í lagi einnig með tilliti til fjárlaganna fyrir árin 1880—81, mjög ísjárvert, að af nema lestagjaldið frá 1. janúar 1880. Óhættara mun það í öllu falli vera, að bíða árangursins af hinum tilætluðu lögum um brennivínsgjaldið, áður en ákveðið verður að af nema fyrir fullt og allt lestagjaldið.

Jeg gat þess áður, að lestagjaldið ekki er neinum manni þungbært og mjög fáum tilfinnanlegt; jeg skal í þessu tilliti bæta því við, að, að mínu áliti, kynni ef til vill að vera ástæða til að ljetta lestagjaldinu af nokkrum einstökum vörum, þar sem ekki er nein ástæða til að af nema það fyrir fullt og allt. Jeg skal í þessu tilliti tiltaka salt, þar sem lestagjaldið á þessari vöru mun nema hjer um bil 25 a. af tunnu hverri, sem verður hjer um bil 4 pCt. af söluverðinu; af kornvörunni nemur lestagjaldið hjer um bil 1 pCt. af söluverðinu, af manúfaktúrvöru og því um líku enn minna; af kaffi $^1/_{10}$e. fyrir pundið, af sykri sömuleiðis, og af brennivíni hjer um bil $^1/_5$e. fyrir pott hvern. Jeg skyldi þess vegna mæla með því, að undanþiggja frá lestagjaldinu þau skip, er innflytja eingöngu s a l t og ef til vill einnig t i m b u r, þó mjer virðist þessi undanþága fyrir timbur ekki eins æskileg eða þarfleg. Á hinum öðrum vörum er lestagjaldið ekki tilfinnanlegt, og afnám þess mun ekki hafa nein áhrif á söluverð varanna. Með þessu móti mundi tekjumissir

landssjóðsins af lestagjaldinu nema hjer um bil 8000—10000 krónum, og þessi upphæð mundi líklega verða uppbætt landssjóðnum með hækkun brennivínsgjaldsins, sjer í lagi ef þessi hækkun yrði sett niður í 25—30 pCt., þannig að búast mætti við, að hún ekki fengi þau áhrif á innflutninginn, er jeg áður benti fram á að mundi verða að líkindum afleiðingin af þessa gjalds hækkun með 50 pCt.

Ef nefnd verður sett í málið, getur hún nákvæmar rannsakað og yfirvegað málið í heild sinni og athugasemdir þær, er jeg nú hef leyft mjer að gjöra, og skal jeg þess vegna leyfa mjer að mæla með, að nefnd verði sett í málið.

Varaforseti: Tollar hafa tvennskonar þýðingu, sem sje þá: að gjöra verzlunina greiðari og frjálsari, og þá: að efla velmegunina í landinu með því að auka tekjur þess. Þetta frumvarp hefur sjálfsagt þann tilgang að af nema toll, sem er ósanngjarn og svarar eigi til hinna frjálsu tíma, sem nú eru, í verzlunarefnum. Frumvarp þetta hefur engan fjárhagslegan tilgang, eins og hitt frumvarpið, er var fyrir deildinni í fyrra dag, nefnil. frumvarp um að auka brennivínstollinn. Það frumvarp, er nú liggur fyrir, er eigi ætlað að auki tekjur landssjóðsins, heldur af nemi eina tekjugrein hans. Landshöfðinginn sagði, að árið 1878 hefði lestagjaldið numið 40—50 þúsundum króna; en jeg verð þó að láta deildina vita það, að það var nær 40000 krónum en 50000 kr., því að það var 41150 kr. 64 a., þegar þær 8036 kr. eru taldar frá, sem ríkissjóðurinn lætur sig muna um að draga frá tillagi sínu til landsins. Það er höfuðgalli lestagjaldsins, að $^1/_5$ hluti þess gengur frá, sem sje lestagjaldið af póstgufuskipunum, og er eigi að vita, hve mikil sú upphæð verður, þegar gufuskipsferðirnar aukast meir. Það er eigi rjett hermt, að gjald þetta sje fast og áreiðanlegt; því að eptir því sem lestafjöldinn á gufuskipunum eykst, að því skapi minnkar lestagjaldið. Þetta er ein af höfuðástæðunum fyrir því, að lestagjaldið sje af numið. Í fyrstu fjárhagsáætluninni (o: árið 1875) var lestagjaldið af póstgufuskipunum 2000 kr., nú í ár er það 8000 kr., og ef það á hinum næstu 4 árum tekur sömu framförum, þá verður gjaldið að þeim tíma liðnum orðið 24,000 kr., sem vjer aldrei sjáum. Hvað það snertir, að fjárlaganefndin hafi eigi reiknað rjett tiltöluna milli lestagjalds þess, sem af numið er, og fjárupphæðar þeirrar, er fæst við hækkun brennivínstollsins, þá er auðvitað, að allt það er undir ágizkun og von komið. En þó held jeg, að fjárlaganefndin hafi í þessu efni eigi farið skakkara, en stjórnin sjálf, og hinn hæstvirti landshöfðingi sjálfur. Landshöfðinginn hlýtur þó víst að muna það, að árin 1876 og 1877 reyndist áætlun fjárlaganefndarinnar áreiðanlegri en áætlun stjórnarinnar. Landshöfðinginn man og sjálfsagt eptir því, að alltaf hefur meira komið inn fyrir brennivínstollinn, en hann hefur áætlað; og hvað endurgjald lána snertir, þá hefur alltaf komið minna inn, en landshöfðinginn áætlaði. Það er sjálfsagt, að allar mannlegar áætlanir eru óvissar, og eins áætlanir fjárlaganefndarinnar; en þó hafa áætlanir stjórnarinnar og landshöfðingjans reynzt enn óvissari. Í frumvarpi því, er var fyrir deildinni fyrir skemmstu, var stungið upp á 50% hækkun á brennivínstollinum. Jeg er samdóma landshöfðingjanum um, að æskilegt væri, að vínbrúkun færi sem mest minnkandi á landi hjer; en þó hún færi nokkuð minnkandi, þá mun það varla verða svo, að upphæð tollsins aukist eigi hjer um bil 40000 krónur. Landshöfðinginn gat eins, sem mjer fannst sláandi, að ef þetta frumvarp næði fram að ganga, þá mundu kaupmenn flýta sjer að kaupa sem mest brennivín, áður en lögin yrðu staðfest af konungi og næðu lagagildi. En þá segi jeg: «öllu er óhætt; þá fáum vjer miklu meiri toll það ár en annars». Reyndar ætla jeg, að eigi muni þurfa við þessu að búast; því að kaupmönnum mun ómögulegt eða að minnsta kosti mjög óhaganlegt, að flytja inn brennivínsforða til margra ára; því að efni

brennivínsins (eða sprittsins, ef þeir flytja það) er svo varið, að eigi mun hollt að geyma það lengi, án þess að það rýrni meira, en hinum hækkandi tolli svarar. Það er snertir reikning þann, er landshöfðinginn kom með yfir lestagjald það, er legðist á hinar ýmsu vörutegundir, er á skipum flytjast, þá er það satt, að lestagjaldið nemur litlu á dýrum vörum; en af þungavöru er það næsta þungbært. Ef t. a. m. spönsk skip koma hjer framvegis, geta þau eigi tekið saltfiskinn nema með því lægra verði, sakir þess hve hátt lestagjald leggst á hann. Sama er að segja um Skota, sem sækja hingað sauðfje og hross, að þeir geta eigi borgað eins mikið fyrir sauðinn eða hrossið, og þeir annars mundu gjöra, ef þeir væru undanþegnir lestagjaldinu. Jeg ímynda mjer, að í smálest hverja leggist eigi meira en 7—8 tunnur af salti; nú er innkaupsverð hverrar salttunnu 2 kr., þannig er sjöunda hver tunna lögð á saltið, sem samsvarar 20 til 25%. Að verða að greiða 25 a. af 2 kr. er enda talsverður tollur, og sama sem 12½%, sjer í lagi þegar um nauðsynjavöru er að ræða, eins og korn, salt og steinkol. Jeg er þess viss, að landshöfðinginn, sem veit, hve mikið Íslendingar borga fyrir kornið, muni óska þess, að þeir þurfi eigi að borga meira fyrir kornið, en það mundi kosta þá tolllaust. En hjer er eigi eingöngu um gjaldupphæðina að ræða, heldur og um alla þá tálmun og alla þá hindrun, sem leiðarbrjefin og sjópassarnir valda; en án þeirra geta menn eigi verið, nema því að eins að lestagjaldið nemist af. Enda þekki jeg hvergi í heimi sjóleiðarbrjef, nema hina svokölluðu latínsku sjópassa, sem eigi eru hafðir, nema í stríðum. Ef lestagjaldið væri af numið, þá væri nóg, að skipið hefði tollskrá og vöruskrá, skýrslu um heimili sitt og um það, hve stórt það er. Þessi tálmun, sem leiðir af lögum 15. apríl 1854, má ekki eiga sjer stað, þar sem frjáls verzlun er. Það er á þingdeildarinnar valdi, hvort nefnd er sett í mál þetta, eða eigi. Ef deildin ætlar, að frumvarpið verði fullkomnara, ef nefnd er sett, þá er sjálfsagt að svo verði; en jeg ætla að skjóta því til hins hæstvirta landshöfðingja, hvort hann er sannfærður um, að málið græði á nýrri nefnd, jeg fyrir mitt leyti ímynda mjer, að nefndar þurfi eigi, því að jeg er þess fullviss, að enginn er sá í fjárlaganefndinni, er eigi hafi kostgæfilega og vandlega íhugað frumvarp þetta, áður en hann gaf því atkvæði sitt, og einnig muni taka fegins hendi hverri endurbót, sem einstakir þingmenn bjóða fram. Ef málið gengur hjer í gegnum, þá fer það upp í efri deildina, og hef jeg búið svo um, að lagamennirnir þar munu hafa haft nægan tíma til að kynna sjer það, því að frumvarpinu var útbýtt þar, undir eins og búið var að prenta það; munu því lagamennirnir í efri deildinni laga það, ef þeim þykir þess þörf. Jeg fyrir mitt leyti álít tímatöf, að nefnd sje sett í málið.

Þórarinn Böðvarsson: Að vísu er jeg enginn grósseri eða verzlunarfróður maður, en það finnst mjer þó hægt að reikna út, að fengi frumvarp þetta lagagildi, mundi gjaldið lenda eingöngu á landsbúum en ekki á kaupmönnum, og er jeg því hræddur við að leggja til með því, að það nái lagagildi.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal að eins benda á þá tiltekning í upphafi 5. gr. frumvarpsins, að «brot gegn 2. gr. varða allt að 200 kr. sektum», en gegn 3. gr. allt að 2000 kr. sektum. En nú er brot það, er hjer um ræðir í 2. og 3. gr., hið sama brot, það er að segja, brot gegn ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir. Munurinn er eingöngu fólginn í því, hverir brotið fremja, en alls ekki í saknæmi brotsins sjálfs. Mjer virðist haggað hjer hinum nauðsynlega rjettlætisgrundvelli laganna, að sumir sæta tífalt þyngri hegningu fyrir sama brotið en aðrir.

Varaforseti: Jeg skal að eins svara hinum háttvirta 2. þingmanni Gullbringusýslu því, að það ekki eru kaupmennirnir eingöngu, sem hefðu hag af þessu, að öðru leyti skal jeg gjarna játa, að frumvarpið, ef til vill, gæti verið betur orðað, enda stendur það á þingsins valdi að breyta því.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil ekki bera

móti því, er landshöfðinginn sagði, að það væri óvíst, hvort hækkun á brennivínstollinum mundi bæta landssjóðnum upp að fullu lestagjaldið, ef það væri af numið. Þegar brennivínið hækkar í verði, er líklegt, að minna verði keypt af því, en eigi að síður verð jeg að vera meðmæltur því, að lestagjaldið sje af numið, en að heldur sje lagður tollur á sjerstakar vörur, t. d. kaffi og sykur á næsta alþingi, ef þá sjest, að breyting þessi rýri tekjur landssjóðsins nokkuð verulega. Lestagjaldið er orðið gamalt og úrelt gjald, og er í raun og veru tollur, sem lagður er á allar vörur jafnt, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ekki, og var á lagt þannig í fyrstu, af því ófært þótti að leggja toll á sjerstakar vörur vegna þess, að ómögulegt yrði að innheimta gjaldið, en nú hefur það sýnt sig, að það er hægt. Eins og nú stendur, er tollur af vínföngum greiddur í tvennu lagi, fyrst víntollurinn og svo lestagjaldið fyrir það skipsrúm, sem vínið er flutt í.

2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að hagurinn við afnám lestagjaldsins mundi eingöngu lenda hjá kaupmönnum; jeg er ekki samþykkur þessu, þó jeg játi, að þegar alls konar vörur eru í sama farmi, þá er ekki hægt að benda á vissa vörutegund, sem sje að mun dýrari fyrir lestagjaldið, vegna þess því er jafnað hjer og þar á vörurnar, en þegar ekki er nema ein vörutegund í skipinu, þá er hægt að benda á það, t. a. m. þegar norskur kaupmaður kemur eingöngu með trjávið á 50 lesta skipi, þá svarar hann 200 kr. í lestagjald, sem hann hlýtur að bæta við trjáviðarverðið; einnig þegar fjárkaupamaður kemur hjer 300 lesta skipi, er tekur 1800 sauði og greiðir 1200 kr. í lestagjald, þá hlýtur hann að gefa þeim mun minna fyrir farminn, eða 67 aurum minna fyrir sauðinn.

En það er fleira athugavert við frumvarpið, en hin fjárhagslega hlið málsins, því aðalinnihald þess er, að það breytir mjög gangi verzlunarinnar og færir hana í frjálslegra horf. Hjer er leyfð sveitaverzlun og kaupmönnum er leyft að verzla á skipi, hvar helzt þeir vilja, og eru alls eigi bundnir við löggiltar hafnir. Þetta er meira vert en afnám lestagjaldsins, og ættu því þingmenn vandlega að íhuga þessa hlið málsins til annarar umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer virðist líklegt, að þó lestagjaldið væri af numið, þá kæmi það alls ekki landsmönnum í hag, því kaupmenn mundu vart selja vörurnar með minna verði fyrir það, og þætti mjer vænt, ef hinn góðfrægi forstöðumaður Gránufjelagsins gæfi upplýsingar um, hvort hans fjelag mundi selja vörur sínar að mun ódýrari, þó lestagjaldið væri af numið? Verðmunurinn á hverri tunnu mundi verða fáir aurar, en verðmunur á sumu, t. d. pundi af járni, ekki hálfur eyrir, og hef jeg ekki vanizt þeirri smámunasemi hjá kaupmönnum, að þeir gæti þess verðmunar í útsölunni. Hinu er reynsla fyrir, að þeir leggja ríflega á fyrir nýjum tollum, og er þeim að því leyti vorkunn, að þeir ávallt hafa orðið að greiða toll af allri vörunni fyrir fram og áður en þeir eru farnir að selja hana, en það er ósanngjarnt og þyrfti lagfæringar.

Friðrik Stefánsson: Jeg skal á þessu stigi málsins ekki fara út í einstakar greinir þess, en að eins lýsa yfir því, að mjer þótti vel fara á því, að lestagjaldið væri af tekið; jeg álít landssjóðinn ekki svo báglega staddan, að honum væri hætta búin af því. Jeg veit og, að frumvarp þetta er eins konar vandræða-firring, þar sem stjórnin dregur lestagjaldið af póstgufuskipinu frá tillaginu. Hvað kaffi og sykur áhrærir, þá verð jeg að álíta, að þó það sje munaðarvara, þá er nú með brúkuninni búið að gjöra það að nauðsynjavöru, og hefði mjer því þótt óráð, að leggja toll á það, til að af nema lestagjaldið, en annað mál er, að hækka toll af vínföngum, til að af nema það.

Ísleifur Gíslason kvaðst finna ástæðu til að gjöra breytingaruppástungu í þá átt, að 4. gr. um sveitaverzlun falli burtu, og sömuleiðis orðin í 5. gr., er að henni lúti.

En af því við þessa umræðu ekki megi tala um sjerstakar greinir, vilji hann geyma það til 2. umræðu, að gjöra grein fyrir þessari breytingaruppástungu.

Forseti gat þess, að 8 þingmenn hefðu óskað, að umræðunum um mál þetta væri hætt, og skaut því til atkvæða, og var það samþykkt, málinu vísað til 2. umræðu með 20 atkvæðum, en uppástunga um, að setja í það nefnd, felld með 17 atkv. gegn 4.

Önnur umræða í neðri deild, á 13. fundi, 16. júlí.

Breytingartillögur: I 129. 130.

Flutningsmaður (varaforseti): Jeg vil geta þess, að eptir ósk landshöfðingja hefur nefndin stungið upp á því breytingaratkvæði, að lögin ekki verði gild fyr en árið 1881, og er það gjört til þess, að landssjóðurinn ekki skuli bíða tekjuhalla, þó brennivínstollurinn ekki verði eins drjúgur fyrsta árið, sem hækkunin kemst á. Jeg vil um leið leiða athygli þingsins að því, að reikningarnir um tollinn, er lestagjaldið leggur á hinar einstöku vörur, voru rangir bæði hjá mjer og landshöfðingjanum, og kemur það til af því, að landshöfðinginn reiknaði tollinn t. d. á saltinu ekki eptir því, hvað það kostar við innkaup, heldur eptir útsöluverði hjer. Jeg hef síðan spurt mig fyrir hjá verzlunarfróðum mönnum bæði á þingi og utanþings, og hafa þeir sagt mjer, að í Liverpool megi fá salt fyrir 11 shill. pr. ton (í Hull er það nokkuð dýrara), það er í vorum peningum 9 kr. 90 a.; þegar nú er reiknað eptir þessu, þá er tollurinn, sem með lestagjaldinu leggst á saltið, 20% af innkaupsverðinu. Landshöfðinginn mun finna, að þetta er of hár tollur á vöru, sem eins mikið er notuð, bæði til að salta kjöt og fisk, á eins fátæku landi og voru. Í Danmörku er, eins og landshöfðingja er kunnugt, allt slíkt gjald fyrir löngu upphafið; því eigum vjer þá að halda slíkum tolli á salti? En þá á timbrinu; þá kastar nú tólfunum; þar er tollurinn ekki 20, heldur 25—30% af innkaupsverðinu. Jeg skal ekki fara út í aðrar vörur, því að þetta mun nægilega sýna, hvað lestagjaldið er óhafandi og ópolandi, að það liggur þungt á helztu nauðsynjavörum, salti og timbri, í salt- og timburlausu landi. Það helzta, sem landshöfðinginn mælti lestagjaldinu til bóta, var, að vjer værum orðnir vanir við það, en ef það á að vera meðmæling með öllu því, sem illt er, þá mætti með mörgu mæla.

Þar næst vil jeg snúa mjer að breytingaratkvæði þingmanns Dalamanna og 2. þingmanns Rangæinga; þeir hafa stungið upp á, að greinin um sveitarverzlun falli burt, og þar af leiðandi, að í 5. gr. falli burt sektirnar til landssjóðs fyrir brot gegn þeirri grein. Jeg lái þeim það ekki, þó þeir komi með þessa uppástungu, því jeg þekki skoðanir manna um, hvað sveitarverzlun sje hættuleg, og hvernig hún geti komið til leiðar okri og þannig orðið til niðurdreps, en jeg vil minna á það atriði, að sveitaverzlunarmönnum er bannað að verzla með áfenga drykki, og dregur það mikið úr hættunni við hana. Það er einkum tvennt, sem auk þessa mælir með sveitaverzlun. Margur bóndi verður að fara kostnaðarsamar ferðir, til að sækja vörur í kaupstað, og þær gæti hann sparað sjer, ef sveitaverzlun væri leyfð. Það veit hver góður bóndi, hvað kaupstaðarferðir kosta, þar sem stundum ganga 8 dagar til þeirra. Sá, sem fæst við sveitaverzlun, fer með marga hesta í einu, og getur selt vörurnar að tiltölu jafnódýrar og í kaupstaðnum, þar eð hann líka sætir betri kaupum, er hann verzlar með meira vörumegn í einu, en sá, sem kemur með vörur á 2 hestum. Þá er líka aðgætandi, hvað skaðlegt það er fyrir bændur, að vera að fara kaupstaðarferðir um hásláttinn; það er svo óhaganlegt, að honum væri betra að fara einungis á næsta bæ, þó hann fengi vörurnar lítið eitt dýrari þar. Þá vil jeg í annan máta benda til sögu landsins; sveitaverzlun átti sjer stað hjer á landi, en var aftekin 1791—92. Merkismennirnir Ólafur Stephensen og Stefán Þórarinsson hafa sagt, að sveitaverzlun hafi orðið landinu opt til gagns og frelsað líf margra manna,

og í hinni almennu bænarskrá landsins frá 1795, sem undirskrifuð er af öllum landsbúum, er beðið um, að hún leyfist aptur. Árið 1817 biður Stefán Þórarinsson um að innleiða aptur sveitaverzlun, því að hann hefur sjeð, hvað hinar mörgu kaupstaðarferðir voru búnaði til niðurdreps. Ef allar hafnir væru löggiltar, som beðið er um, þá væri annað mál, en fyrst það er ekki komið svo langt, þá væri mjög haganlegt, að 2—3 menn gætu byrgt upp sveitirnar að nauðsynjavörum.

Landshöfðinginn: Við 1. umræðu þessa máls gat jeg þess, að mjer virtist ísjárvart að af nema lestagjaldið, nema því að eins að aðrar eins vissar og haganlegar tekjur kæmu í staðinn; þegar nú skal ræða hin einstöku atriði frumvarpsins, ætla jeg ekki að taka upp aptur þær mótbárur, er jeg þá kom fram með móti frumvarpinu í heild sinni, þó að jeg sje sannfærður um, að þær sjeu á rökum byggðar; en jeg vil láta mjer nægja að skírskota til ræðu minnar við 1. umræðu og til skýrslna þeirra, en jeg gaf um upphæð lestagjaldsins árið 1878, sem munu reynast í öllu rjettar. Jeg skal játa, að þær skýrslur, sem jeg gaf um prósenturnar, er lestagjaldið legði á hinar einstöku vörutegundir, voru byggðar á söluverði varanna; jeg man ekki hvort jeg tók það fram við 1. umræðu. Hvað það snertir, að þessi tollur verður mjög hár á salti og timbri, þá skal jeg geta þess, að jeg tók einmitt fram, að jeg gæti aðhyllzt þá breytingu á lestagjaldinu, að upphefja það á þeim vörutegundum. Jeg skal bæta því við, að þar sem jeg síðast sagði, að lestagjaldið frá Noregi fyrir 1878 mundi nema 3—4000 kr., þá hef jeg seinna leitað upplýsinga um það, hve mikið lestagjaldið frá Noregi hafi verið 1877 og komizt að því, að það hafi verið 5322 kr. 93 a. Hinum háttvirta varaforseta mun kunnugt, hvernig áætlanir fjárlagafrumvarpsins verða gjörðar, sem sje eptir meðaltölu hinna næstu undanfarandi ára; að vísu getur maður einnig byggt áætlanirnar á ágizkun, en þá verður það af handahófi. Að tekjurnar af brennivínsgjaldinu á fjárhagstímabilinu 1876 og 1877 fremur hafa verið samsvarandi áætlun fjárlaganefndarinnar 1875, en þeirri, er gjörð var í fjárlagafrumvarpinu, leiðir af þeirri breytingu á brennivínsgjaldinu, er lögleidd var með lögum 11. febr. 1876.

Þegar jeg nú sný mjer til hinna einstöku greina frumvarpsins og breytingaratkvæða þeirra, er borin eru upp við þær, skal jeg fyrst leyfa mjer að skjóta því til hinnar heiðruðu fjárlaganefndar, hvort hún ekki muni vera fús á við 3. umræðu að stinga upp á, að í 6. gr. komi 1882 fyrir 1881, en öllu fremur skal jeg mæla með því að láta 1880 standa óbreytt í 6. gr., en við 3. umræðu bæta við 1. gr. «frá 1. jan. 1882». Ef svo verður, munu mótbárur mínar á móti frumvarpinu að mestu leyti hverfa, því til þess tíma mun reynslan hafa sýnt og sannað, hvort landssjóðurinn geti átt von á nægilegri uppbót fyrir lestagjaldið með þeirri hækkun á brennivínsgjaldinu, sem frumvarp það, er stendur á dagskránni töl. 6., fer fram á, og þá mun óhætt að af nema lestagjaldið, og þar að auki verður með því móti alþingi gefinn kostur á, ef þinginu virðist nauðsynlegt, enn einu sinni að taka þetta mál til nákvæmari yfirvegunar. Jeg vona með þessum bendingum að hafa sýnt hinni heiðruðu deild, að mjer er sannarlega ekki kappsmál, hvort lestagjaldið verður af numið eða ekki, en á hitt legg jeg mestu áherzlu, að sjeð verði fyrir, að landssjóðurinn ekki líði tjón af þessari breytingu. Á móti 2. gr. frumvarpsins hef ekki neitt að athuga. Við 3. gr. skal jeg geta þess, að jeg er fjárlaganefndinni samdóma um það, að varúðarvert sje að sleppa því eptirliti með tollgreiðslu og sóttvörnum, er fyrirskipað er í hlutaðeigandi tilskipunum og lögum. En jeg er hræddur um, að þetta eptirlit, sem í sjálfu sjer ekki er of sterkt, verði lítt tryggjandi, ef skylda sú, er samkvæmt lögum 15. apríl 1854 hvílir á utanríkisskipum, verður afnumin. Að því mjer er kunnugt, hafa þær tálmanir í verzlunarviðskiptum, er geta risið af þessari ákvörðun einungis átt sjer stað með tilliti

til Seyðisfjarðar. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að skjóta því til fjárlaganefndarinnar, hvort hún ekki finni ástæðu til við 3. umræðu að stinga upp á, að 3. gr. orðist hjer um bil þannig: þó skulu utanríkisskip fyrst koma annaðhvort á einhverja af hinum 6 (því þær eru samkv. l. 15. apr. 1854 6 en ekki 5) höfnum, sem mælt er fyrir í 2. gr. laga 15. apr. 1854 eða á Seyðisfjörð, til þess að gætt verði þess, sem fyrirskipað er um tollgreiðslu og sóttvarnir.

Hvað 4. gr. snertir, þá finnst mjer litlu skipta, hvort hún verður samþykkt eða ekki.

Ísleifur Gíslason: Jeg og þingmaður Dalamanna höfum stungið upp á því breytingaratkvæði, að 4. gr. falli burtu, af því að við álítum, að ef sú grein yrði að lögum, þá yrði hún ekki einungis þýðingarlaus, heldur einnig skaðleg. Tilgangurinn með 4. gr. frumvarpsins á að vera sá, að greiða fyrir bændum með, að vörur fáist með sem hægustu móti, en þessi tilgangur er jeg hræddur um að ekki náist, og greinin verði því þýðingarlaus, því jeg er hræddur um, að fáir verði til að nota þetta leyfi, að minnsta kosti að því er snertir þungavöru og nauðsynjavöru. Það væri fyrst hugsanlegt, þegar akvegir væru komnir um land allt. Mjer þætti gaman að sjá, hve margir Skaptfellingar yrðu til þess að stofna sveitaverzlun með nauðsynjavörur. Nauðsynjavöru mundu kaupa til verzlunar einungis þeir, sem byggju í kring um kaupstaðina, til að selja hana með uppsettum prísum, þegar hina þryti; en hvað væri unnið með því? En jeg óttast fyrir, að greinin yrði einnig skaðleg, ef hún yrði að lögum, því eins og nú hagar til, mundu menn eigi nota þetta leyfi nema til þess að flytja ljetta vöru, svo sem sirts, klúta, nálar, prjóna og annað þess konar smákram til að pranga með. Prangararnir mundu þá spretta upp á hverri þúfu, eins og gras, til þess að vaða um allar sveitir og freista manna til að kaupa það, sem þeir gætu án verið. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að jeg vil eigi hlynna að ákvörðun 4. greinar, vona jeg því, að hin heiðraða deild verði okkur uppástungumönnum samdóma um það, að hún eigi að fellast.

Guðmundur Einarsson: 2. þingmaður Rangæinga hefur að mestu leyti tekið af mjer ómakið með að gjöra grein fyrir breytingaratkvæði okkar. Jeg ætla að koma með eina aðalathugasemd: vjer erum enn eigi orðnir svo þroskaðir, að vjer megum fara að leyfa sveitaverzlun; vjer höfum eigi þá hyggni og varfærni nje þá hagfræðislegu þekkingu sem til þess útheimtist. Það er satt, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að það er hagfelldara, að sækja vörur á 50—100 hestum heldur en á einum eða tveimur drógum, og bóndinn getur haft hag af því að lána hesta sína; en þá verður bóndinn að vera starfsamur á meðan og liggja eigi í aðgjörðaleysi heima á meðan; en það er það, sem mönnum hættir svo mjög til hjer á landi, að vera eigi stundulir með tímann. Í öðru lagi er það, að efnin eru svo lítil hjá oss, að vjer verðum að synja oss um margt hvað um tíma og hlaupa ekki strax til verzlunar, þótt á einhverju verði þurrð, en til þess að þetta geti orðið, er nauðsynlegt, að menn sjeu feti fjær verzlaranum, svo að þeir eigi ekki hægt með í hvert skipti, sem þeir vilja, að sækja til hans kaffi, sykur, kram og annan óþarfa. Í þriðja lagi er það, að ef sveitaverzlun kemst á, þá fer bóndinn að lána hjá verzlunarmanninum, og þá verða ærnar reknar heim til verzlunarmannsins fyrir langtum ofítið verð í búfræðislegum skilningi, og sama má segja um tólg og ull, að verzlunarmaðurinn mun taka það með mjög lágu verði. Í fjórða lagi truflar þetta og spillir sumarverzlun við kaupmennina. 1. þingmaður Gullbringusýslu var að tala um þörf á sveitaverzlun á fyrri öld, hann um það; en jeg held, að nú sje minni þörf á sveitaverzlun en nokkurn tíma áður, þar sem að nú er þjóðaranda stefnan sú, að gefa kaupmönnum leyfi til að sigla upp á hverja vík og verzla þar. Og þó að það hafi verið skoðun á 18. öldinni, að sveitaverzlun væri gagnleg, þá geta menn dregið í efa, af

hverri ástæðu sú skoðun hefur sprottið; nú eru allt aðrir tímar. Aðalskoðun mín er, að vjer sjeum enn eigi þeir hagfræðingar, að sveitaverzlun verði oss holl, enn sem komið er.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er þakklátur fjárlaganefndinni fyrir frumvarp þetta, nema fyrir 4. grein. Jeg er samdóma 1. þingmanni Gullbringusýslu um það, að hægra er að gjöra út 100 hesta en 1 eða 2; en fátæklingurinn leigir ríkismönnunum hesta sína, og tekur svo borgunina í einhverjum óþarfa eða krami, í stað þess að fá peninga fyrir hestlánið, eða í stað þess að brúka hesta sína sjálfur til þess að sækja nauðsynjar sínar í kaupstaðinn. Mjer virðist það ekki eiga við, að jafna þessari öld saman við það, sem var á 17. öld; í verzlunarefnum á það ekki við, þó það hafi þá orðið til þess, að forða mönnum frá því, að verða hungurmorða; en nú á þessum tímum er eigi hætt við því, ef matur er til í landinu. Það er og algengt, að menn hafa látið úti blautt korn á vetrum til þeirra, sem þurfandi hafa verið, þannig að þeir hafa lagt 8 fjórðunga þess móti ánni loðinni og lembdri. Þetta sjá allir, að er ekki góð verzlun, enda mundi þunga eða nauðsynjavaran verða minnst flutt. Jeg ætla því sveitaverzlun meira til skaða en uppbyggingar.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get eigi fellt mig við ræður þeirra þingdeildarmanna, sem hafa á móti 4. grein. Allir þessir mótmælendur vita þó vel, að hver maður hefur rjett til að selja innlenda vöru, til þess að gjöra öðrum greiða og til þess að græða á sölunni sjálfur. Þingmennirnir geta þó eigi ályktað svo, að fái menn leyfi til að selja útlenda vöru, þá muni þeir nota rjett sinn ver og okra meir á henni en á innlendu vörunni. Það er auðvitað, að einlægt eru þeir menn til, sem óvandaðir eru í sölu sinni. Menn mega ekki hlaupa í það, að nú eru til menn, sem selja ofdýrt, því ef nokkra ályktun ætti að draga af því, þá væri það sú, að banna skyldi öllum að selja sína vöru, af því að til eru fáeinir, er selja ofdýrt. Ein af hinum óheppilegu afleiðingum af verzlunareinokuninni gömlu er sú, að oss vantar enn alla smásala í landinu, er tíðkast svo mjög í öðrum löndum. Þar af sprettur, að vjer erum allt af að kveina um hina háu prísa, sem kaupmennirnir setja á vörur sínar, er hafa rót sína fyrst í því, að kaupmennirnir, er flytja hingað vöruna á hvert kauptún, verða að gjörast smásalar hjer, og fá ekki endurgoldna sína vöru fyr en eptir langan tíma, fyr en smásalan er af staðin hvert ár. Annað hitt, að verzlunin getur aldrei orðið innlend, fyr en smásalan er í höndum landsmanna, og verðlagið getur heldur aldrei orðið hið eðlilega, fyr en kaupandi útlenda varningsins stendur í alla staði eins vel að vígi á markaðinum eins og seljandi útlenda varningsins. En þetta lag, þetta jafnvægi samkeppninnar, getur eigi komizt á, nema með því að koma upp innlendri smásalastjett í landinu sjálfu bæði til sjós og sveita, og í kauptúnunum sjálfum. Annað atriði er það, sem kallað er sundurgreining atvinnunnar og iðnagreining. Á greiningu þessari er atvinnufrelsið byggt. Það er hægt að sýna, að einn maður, sem kaupir talsvert hjá kaupmanninum í einu og borgar það út í hönd eða eptir góðu samkomulagi og selur það því næst út aptur, hann getur selt með betra verði, en hvern einn kostar varan heim flutt, bæði af því að það kostar hann minna að flytja mikið í einu og af hinu, að hann fær afslátt hjá kaupmanninum, þegar hann kaupir mikið af honum í einu. Þar sem svo hagar til, að farið verður sjóveg í kaupstaðinn, þá kostar minna að einn maður flytji á stórum bát, og taki með sjer 2 eða 3 menn, en margir menn flytji á mörgum litlum bátum. Það kostar minna að koma upp stórum sleða með 2 hestum fyrir, en að margir beri á bakinu eða margir flytji á mörgum litlum sleðum. Mjer er nær að halda, að þessir sveitaverzlunarmenn mundu geta selt að eins litlu dýrara en kaupmaðurinn í kaupstaðnum, vegna afsláttar þess, er þeir fá hjá kaupmanninum og verkdrýginda í flutningnum. Nú skyldum vjer segja sem svo, að nú væri einn, sem okraði á vörum sínum. En hver

bóndi mundi vera svo skyni skroppinn, að fara að kaupa vörur okrarans dýrara verði, en vörurnar mundu kosta bóndann, ef hann færi sjálfur í kaupstaðinn og sækti þær. Það er aðgætandi, að vörurnar kosta það á hlaðinu, sem þær kosta í kaupstaðnum að viðbættum öllum flutningskostnaðinum úr kaupstaðnum og heim. Jeg segi því, ef vjer viljum gjöra nokkuð að því, að verzlunin verði innlend, þá eigum vjer að koma á fót sveitaverzlun. Það hefur verið vitnað til 17. og 18. aldar. En jeg vil spyrja: hvernig var verzlunin, áður en einokunin kom, meðan hún var frjáls, og vjer vorum frjálsir? Var þá engin sveitaverzlun? Jú, hún var. Í sögum vorum er allvíða talað um, að kaupmenn hafi farið um sveitir og selt varning sinn, og heimt vaðmál af bændum og annan kaupeyri fyrir það, er þeir höfðu selt og lánað. Vjer þurfum um fram allt að koma upp smásölu, til þess að gjöra verzlunina greiða, innlenda og hagstæða.

Tryggvi Gunnarsson: Þótt landshöfðinginn sje nú kominn úr sæti sínu, þá ætla jeg þó að fara nokkrum orðum um það, sem hann mælti. Hann sagði, að ráðlegt væri að breyta 3. gr. frumvarpsins þannig, að utanríkisskip væru skylduð til að koma fyrst á einhvern þeirra 5 verzlunarstaða, sem 2. grein í lögum 15. apríl 1854 til tekur, og kveðst hann ekki hafa vitað neitt það tilfelli, að skipunum hafi orðið þetta til tálmunar, nema máske í tilliti til Seyðisfjarðar. Það getur verið, að það sje eigi augljóst, að það hafi orðið annarstaðar til baga, af því á þessum eina stað hefur orðið málarekstur út af þessu; en jeg get með sanni sagt, að það er til meins á mörgum öðrum stöðum. Jeg tek til dæmis, að trjáviðarkaupmaður, sem kemur frá Noregi að Norðurlandinu, hann verður að fara annaðhvort á Eskifjörð eða Akureyri, og þegar hann er kominn þangað, reynir hann að selja farm sinn allan, ef hann getur, og af því leiðir, að á þessum stöðum kemur opt óþarflega mikið, en er aptur á hinum minni kaupstöðum mesta trjáviðarekla mörgum til skaða. Jeg verð því að álíta, að 3. grein eigi að standa óbreytt. Landshöfðinginn vildi enn fremur, að lög þessi fengju eigi gildi fyr en árið 1882; en þetta er því að eins í mál takandi, að brennivínstollurinn eigi nái lagagildi heldur fyr en 1882; að öðrum kosti leggst svo mikill kostnaður á verzlanirnar. Þó landshöfðinginn vildi láta lestagjaldið standa næsta fjárhagstímabil, til þess að fá vissu fyrir, hve mikið kæmi inn fyrir hækkunina á brennivínstollinum, þá er jeg hræddur um, að með því yrði í raun og veru engin vissa fengin um eðlilegan innflutning á brennivíni, því ef lestagjaldið er látið standa og brennivínstollurinn hækkaður um þriðjung, þá mundu kaupmenn flytja miklu minna vín í landið en ella. Hvað 4. grein snertir, um sveitaverzlanina, þá eru sumir þingdeildarmanna með henni, en sumir móti henni; en jeg fyrir mitt leyti læt mjer hana liggja í ljettu rúmi; hún getur orðið á sumum stöðum til gagns og sumstaðar til ógagns, en mín meining er þó, að frjálslegra sje að leyfa sveitaverzlun; sýslunefndin á að leyfa hana eða banna, svo ef að hún álítur hana óhentuga, þá leyfir hún hana ekki. Mjer virðist eigi þurfa að gjöra neitt kappsmál út af grein þessari; en það þykir mjer undarlegt, að þeir sem vilja fella sveitaverzlanina í 4. gr. vegna þess, að sveitakaupmennirnir mundu okra svo mjög, vilja enga breyting gjöra við 2. grein, þar sem þó er ákveðið að menn skuli mega verzla á sjó, hve nær og hvar helzt sem þeir vilja. Hverjir verzla í sveitunum? íslenskir menn; hverjir verzla á víkum og vogum? útlendir kaupmenn. Er þetta ekki hið sama sem að segja: «jeg treysti samlöndum minum alls eigi til að verzla; þeir snuða mig, en útlendingunum er öðruvísi varið; þeim treysti jeg vel». Ef þetta væri meiningin í nefndu breytingaratkvæði; þá er það nokkuð gagnstætt þeim hnútum, sem útlendir kaupmenn stundum fá.

Halldór Friðriksson: Það er leitt, að hinn háttvirti landshöfðingi er genginn af þingi, því jeg mundi annars hafa farið fleiri orðum um skoðun hans á þessu máli. Nú skal jeg láta mjer nægja, að geta þess, að

það, að fresta máli þessu, virðist mjer sama sem að fella það. Þarf að íþyngja með tollum? er landssjóðnum ekki nokkurn veginn borgið nú sem stendur, þótt tekjur hans sjeu eigi auknar? Jeg verð að ætla að svo sje. Þar að auki virðist mjer það nokkuð undarlegt, og meira en undarlegt, að vera að búa til lög nú, sem eigi ná gildi, fyr en eptir að næsta alþingi er slitið. Að því er sveitaverzlunina snertir, skal jeg geta þess, að mjer stendur hálfgerður stuggur af henni, því að jeg er hræddur um, að hún auki óþarfakaup. Þegar allt er svona við höndina, er ekki horft í eitt gemsaverðið, og margt þá keypt, sem bændur ljetu annars ókeypt. En á hinn bóginn er það ósamkvæmni, að banna landsbúum að verzla uppi í sveitum, en leyfa hverjum útlending að hlaupa inn á hverja vík og hvern vog. Það er þó auðsjeð, að ágóði sá, sem hjerlendir verzlendur kynnu af því að hafa, lenti í landinu sjálfu, þar sem hinir sjálfsagt draga allan arðinn út úr landinu.

Guðmundur Einarsson: Jeg efast ekki í minnsta máta um þekking hins heiðraða 1. þingmanns Norðurmúlasýslu á hagfræði, en þó hlýt jeg að verða á öðru máli en hann, og halda því fast fram, að sveitaverzlun verði oss sveitabúum, enn sem komið er, ekki holl. Jeg tek til dæmis: sveitaverzlunarmaður kaupir nú í sumar 100 pd. rúgs í kaupstað fyrir 8 kr., og flytur það heim til sín. Í vetur er kemur, selur hann þessi 100 pd. fyrir 1 á að vorlagi, sem, þá hún er afhent, er 12 króna virði og með sumarverði er hún haustið eptir 16 króna virði eða meir. Þarna græðir hann 100 % og því tapar sá, er rúgið keypti og sem hann máske hefði getað sparað sjer, hefði það ekki verið svo nærri honum. Sami sveitarverzlari kaupir í sumar 500 álnir ljereptа, hverja alin að tiltölu á 35 aur. — 175 krónur, en selur þessar álnir út aptur á 40 aura hverja, og fær upp úr þeim 200 kr. Jeg læt nú vera hvað hann leggur á ljereptin sjálf, en hitt er lakara, hvað illa hann tekur andvirðið á móti, nema peningar sjeu, og þar að auki mundi mikið af þessum ljereptа-kaupum hafa sparazt, hefðu ljereptin ekki verið við höndina. Sá mikli munur er á sumarverzlun lausakaupmanna og sveitaverzlan, að hin fyrri er ekki nema lítinn tíma og það einmitt þegar útlenda varan er í lægsta verði, en hin innlenda í hinu hæsta, en sveitaverzlunin stendur yfir allt árið og mikinn hluta árs er útlenda varan látin með uppsettu verði, en hin innlenda tekin með niðursettu.

Vjer erum ekki enn þá svo þroskaðir eða svo hagsýnir, að vjer getum þolað sveitaverzlun (*Arnljótur Ólafsson*: Eru allir það?) þó það ekki sjeu allir, þá eru það allt of margir, og verst er mjer við það, þegar keyptur er óþarfi, eða sú vara, sem án má vera, fyrir lifandi fjenað, og sá er kaupir tapar 50, jafnvel 100 % (*Arnljótur Ólafsson*: Er það almennt?). Því er ver og miður að þessa munu of mörg dæmin finnast.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Mjer virðist allir hafa tekið svo sanngjarnlega í þetta mál, að jeg þykist fáu þurfa við að bæta. Þó skal þess getið, að mig furðar á því, að landshöfðingi skuli fara fram á það, að lagafrumvarp, sem stungið er upp á 1879, ekki skuli fá lagagildi fyrri en 1882. Það lítur næstum því svo út, sem hinn hæstvirti landshöfðingi gjöri ráð fyrir, að fáir af þeim, sem nú sitja á þingi, muni verða á næsta þingi. Mjer virðist hann og ekki vera mótfallinn meginreglunni, því mjer heyrðist hann játa, að ekki ætti að leggja aukakostnað á salt og timbur. Jeg get ekki, eins og þingmaður Suðurmúlasýslu, vorkennt sýslumönnum, þó þeir þurfi að hafa meira eptirlit, því eptir hinum nýju launalögum eru þeir svo vel launaðir, að þeir ættu að geta haft «fullmektugan» í sinn stað til að gæta þeirra starfa. Jeg get ekki aðhyllzt stefnu hins háttvirta landshöfðingja og verð satt að segja að álíta játning þá, sem hann gjörði, sem hina merkilegustu, er jeg hef heyrt af yfirvaldi. Annars kom mál þetta fyrir alþingi 1845, og var þetta þá samþykkt í einu hljóði. Á þingi sátu þá menn, sem verður að álíta

fullt eins frjálslynda og oss, sem nú erum hjer, og skal jeg leyfa mjer að tilnefna Þorvald Sivertsen. Hann var vestfirðingur eins og þingmaður Dalamanna og furðar mig á því, hvað skoðanirnar þar vestra á þessu máli hljóta að hafa breytzt stórkostlega á ekki lengri tíma. Mjer kemur ekki til hugar að efast um, að öllum gangi gott til tillaga sinna í þessu máli sem öðrum, en vita þó ekki allir, að okur og prang á sjer stað í sveitum? Jeg skal að eins nefna hangikjötsprangið, en það, að prang á sjer stað í sveitum, er einmitt bezta sönnunin fyrir nauðsyn sveitaverzlunar; því betra er ætíð að gjöra hvað sem er með leyfi en í óleyfi, heldur ljóst en leynt. Þá er það einnig auðsætt, að sveitamaður, sem verzlaði, gæti tekið miklu fleira í borgun, en kaupmaðurinn getur: hann gæti t. a. m. tekið borgun í vinnu. Jeg skal reyndar engan veginn halda máli þessu fram til streytu, en menn muna víst eptir því, að 2 ágætismenn vorir, Hannes sálugi Stephensen og Jón Sigurðsson börðust fyrir máli þessu, og að það þá var samþykkt af þinginu með atkvæðafjölda.

Páll bóndi Pálsson: Mjer virðist það yrði nokkurs konar hneyksli, að fara nú að búa til lög, sem ekki eiga að ná lagagildii, fyr en eptir að næstkomandi alþingi er liðið, og get jeg þar fyrir ekki ímyndað mjer, að nokkur geti aðhyllzt það. En hvað 4. gr. frumvarpsins snertir, þá er vonandi, að, ef sú ákvörðun nær lagagildi, þá muni ferðasnatt það til kaupstaðanna minnka, er nú tíðkast svo mjög manna á milli; ef eitthvað vantar, hvort sem það er nauðsynjavara eða ekki, þá er undir eins rokið af stað í kaupstaðinn; það er að minni ætlun mikil bót, ef þessi sveitaverzlun kemst á, því að þá verður mönnum hægra fyrir að ná í nauðsynjar sínar, og þurfa eigi allt af að vera að renna í kaupstaðinn. Jeg held, að fátæklingunum væri nær að vinna af sjer skuldir sínar, en að eyða tímanum á því, að fara með eina dróg í kaupstaðinn. Mjer finnst ósamkvæmni í því, eins og líka 1. þingmaður Suður-Múlasýslu tók fram, að leyfa útlendum mönnum að verzla á hverri vík, sem þeir vilja, en innlendum eigi nema með launung; en það vita menn að á sjer stað um allar sveitir meira og minna, og sýnir það bezt, að þessi sala er nauðsynleg hvervetna, þar eð hvergi er klagað yfir henni, enda virðist lítil sanngirni mæla með því, að banna mönnum að selja öðrum í lífsnauðsyn hans matvöru, þó útlend sje, fremur en að selja honum innlenda vöru, sem hvergi er bannað. Yfir höfuð á að taka burt öll óeðlileg bönd á viðskiptum manna, og í þá átt stefnir 4. gr., eins og allt frumvarpið, er jeg efa ekki að þingdeildin aðhyllist.

Hjálmur Pjetursson: Það er hvorttveggja að þetta frumvarp er nýmæli, enda er mikið búið að ræða um það. Mín ætlun er, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, mundi það verða með betri rjettarbótum. Jeg ætla sjer í lagi að fara nokkrum orðum um 4. grein. Jeg neita því ekki, að þeir, sem hafa á móti sveitaverzlun, hafa nokkuð til síns máls, en jeg held þó, að þeir sjeu óþarflega hræddir við hana. Mjer virðist frumvarp þetta vera beint áframhald af þeirri hugsun, að fjölga verzlunarstöðum hjer á landi, og auka verzlunarfrelsi. Það hefir verið sagt, að ef frumvarp þetta nái lagagildi, þá muni það verða til þess, að menn fari að okra og pranga. Það getur nú reyndar verið, að einstakir menn gætu komið því við að okra, á meðan fáir fengju leyfið; og því neita jeg ekki, að slíkt okur hafi átt sjer og eigi sjer stað. En mundu þessir okrarar fjölga við það, ef frumvarp þetta næði lagagildi? jeg held vissulega ekki; það gæti einmitt valdið því, að þeir fækkuðu, því jeg get ímyndað mjer, að verzlunarkeppni kæmi á milli þessara sveitakaupmanna, líkt og milli annara kaupmanna. Þingmaður Dalamanna hefir tekið fram, að menn væru enn eigi þroskaðir orðnir, til þess að taka á móti lögum í þessa átt. En þess er jeg fullviss, að margir meðal Vestfirðinga mundu með glöðu geði gefa atkvæði sitt fyrir frumvarpi þessu, þótt þingmaðurinn sje móti því.

Þingmaðurinn tók dæmi af letingjum; það getur verið að þeir sjeu til; en hvað verður þá um letingjann, ef hann nennir ekki í kaupstað? hann deyr þá, ef hann nennir eigi að bjarga sjer, en um það mætti máske segja, að hann mætti þá fara, ef hann væri svo latur, en þó mundi fleirum þykja betra, að hann fengi björgina svo nærri sjer, að hann lifði. Þess ber og að gæta, að þótt einstakir menn kynnu að græða á þessari sveitaverzlun sinni, þá rennur ágóðinn inn í sveitirnar, en eigi burt úr landiuu. Með þessu frumvarpi eru sýslusjóðunum einnig útvegaðar tekjur; álít jeg það gott, því að þeim veitir sannarlega ekki af því. Yfir höfuð er það álit mitt, að menn eigi ekki að afsegja einn hlut, þótt hann verði vanbrúkaður, ef hann annars er góður með rjettri brúkun, en svo ætla jeg að þetta sje, enda treysti jeg mönnum svo framvegis, að þeir kunni að gæta skynsemi sinnar, og hafi vit á að hagnýta sjer rjettilega sveitaverzlunina. 2. þingmaður Rangæinga sagði, að þessi verzlun væri mest í kring um kaupstaðina. Ef svo er, þá selja menn þeir, er þessa verzlun reka, með betra verði en kaupmennirnir, og þá er vel. Það mun og mörgum kunnugt, hve erfitt er að sækja litla hluti langa leið; þess vegna hef jeg og ávallt verið með því, að fjölga kaupstöðum hjer á landi, þegar um það hefur verið að ræða. Ef mig vantar einn hlut, þá vil jeg gefa miklu meira fyrir hann heima í sveitinni en í kaupstaðnum, ef leiðin þangað er löng eða torsött.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer finnst eigi rjett að leggja meiri áherzlu á orð þeirra manna, er nú eru dauðir, heldur en þeirra, er nú lifa, eins og hinn 1. þingmaður Gullbringusýslu gjörir. Allir menn hafa menn verið og verða, eins þeir, er nú eru dauðir, eins og þeir, er nú lifa. Þar sem 1. þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, að hart væri að leyfa eigi innlendum mönnum að verzla svo sem þeir vildu, þegar útlendum mönnum væri í 2. grein frumvarpsins leyft að verzla á skipum hvar sem þeir vilja, — þá virðist mjer einmitt 2. gr. gjöra 4. gr. óþarfa; því að samkvæmt 2. gr. geta menn aflað sjer allra nauðsynja sinna á sumrin víðast hvar með hægu móti, og mikið sanngjarnari kjörum en á vetrum, ef þeir hafa eitthvað handa á milli, þegar kaupmenn mega sigla upp hvar sem þeir geta. Það hefur og verið minnzt á það, að af því að menn verzluðu og prönguðu upp í sveitum í laumi hvort sem væri, þá ættu menn að leyfa þessa sveitaverzlun, en það virðist mjer vera hið sama sem að segja, að af því að æðarfuglinn væri drepinn í laumi, þá ætti að gefa það band laust með öllu, og að hver mætti skjóta hann hvar sem vildi. Menn geta nú sjeð, til hvers það mundi leiða. Jeg veit til þess, að þessir prangarar og okrarar hafa keypt vörurnar á sumrin, og hafa svo geymt þær þangað til á veturna, þegar kaupmenn hafa verið orðnir uppiskroppa, og selt þær þá fyrir afarverð, og þannig komið út óþarfa og nýtt sjer þörf og óforsjálni annara til þess að geta orðið ríkir.

Björn Jónsson: Eins og deildinni er kunnugt, hefur fjárlaganefndin komið fram með þá breyting við 6. grein frumvarps þessa, að lögin skuli eigi öðlast gildi fyr en 1. dag janúarmánaðar 1881, en eigi 1880. En nú hefur hún í annan stað komið fram með lagafrumvarp um hækkun á vínfangatollinum um 50 %, og ætlazt til, að það öðlist gildi 1. janúar 1880. Nái nú þetta hvorttveggja fram að ganga, kemur tollhækkunin, sem átti að koma í stað lestagjaldsins og jafngilda því, í lög ári áður en það er af numið. Það er með öðrum orðum, að árið 1880 á að liggja á verzluninni 50 % hærri vínfangatollur en áður, og þar að auki lestagjaldið óskert eins og áður, þvert á móti tilætlun þeirra, sem hafa verið frumkvöðlar þessarar breytingar. Þetta er mjög svo hart og ósanngjarnt, — mjer liggur við að segja hrein og bein ólög eða ójöfnuður. Það er því öldungis ómissandi að fella þetta breytingaratkvæði, þannig að hvortveggja lögin nái gildi jafnsnemma, með nýári 1880.

Varaforseti: Þetta breytingaratkvæði orsakaðist af því, að landshöfðinginn sagði,

að tekjurnar af binu hækkaða brennivínsgjaldi mundu eigi hrökkva til að bæta landssjóðnum upp þann tekjumissi, er orsakaðist af því, a lestagjaldið væri af numið. Jeg er þess viss, að þingmaður Strandasýslu muni vilja sjá tekjum landssjóðsins borgið, en þetta breytingaratkvæði gengur í þá átt; útgjöld landssjóðsins eru svo mikil, að gæta verður varúðar við, að rýra eigi svo tekjur hans, að honum sje eigi borgið.

Björn Jónsson: Mjer skilst eigi betur, en að byggja megi á umræðum deildarinnar og sjer í lagi á ummælum hins háttvirta varaforseta og formanns fjárlaganefndarinnar um það, að hið hækkaða brennivínsgjald muni nema svo miklu sem lestagjaldið, hann hefur einmitt marg-fullyrt það. Þess vegna hlýtur að vera óþarft að halda fram þessu breytingaratkvæði.

Varaforseti: Allar þess konar áætlanir eru óvissar, og vona jeg, að þingmaðurinn sje eigi móti því, að farið sje varlega í þessu efni. Jeg ímynda mjer, að það sje enginn skaði, þótt lestagjaldið standi enn eitt ár.

Tryggvi Gunnarsson: Eins og jeg tók fram áður, verð jeg að álíta, að það sje mjög efasamt, að það verði nokkur hagur fyrir landssjóðinn, þótt lestagjaldið verði látið standa fyrra árið af næsta fjárhagstímabili, því ef kaupmenn þurfa að greiða það, þá flytja þeir þeim mun minna af vínföngum; seinna árið kemur þingið saman aptur og hefur það þá engar áreiðanlegar skýrslur um innflutninginn til að byggja á; þó sú raun yrði á, að við þetta kæmi fram tekjumissir, þá mun þingið aldrei innleiða lestagjaldið aptur, heldur rjetta tekjurnar við á annan hátt. En ef menn eru svo mjög hræddir um, að þessi tekjugrein (o: lestagjaldið) megi eigi missa sig, þá er bezt, að hvorugt verði að lögum, hvorki frumvarpið um hækkun brennivínsgjaldsins nje ákvörðunin um afnám lestagjaldsins. Jeg fyrir mitt leyti álít það enga hættu, þótt þingið samþykki lög þessi um að af nema lestagjaldið; því að ef hið hækkaða brennivínsgjald vegur ekki upp á móti því, þá stendur landssjóðurinn sig svo vel, að hann þolir þann litla halla eitt fjárhagstímabil, og má þá á næsta þingi setja aptur álögur á verzlanina, sem því svarar, með því að leggja dálítinn toll á kaffi og sykur, sem yrði miklu jafnaðarmeira gjald en lestagjaldið nú er. Mjer dettur ekki í hug að taka lestagjaldið af verzlaninni og færa það yfir á aðra gjaldstofna, en jeg vil leggja samsvarandi gjald haganlegar á verzlanina en lestagjaldið er.

Varaforseti: Þar sem 1. þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, að vjer gætum eigi fengið neina reynslu fyrir því, hvað hinn hækkaði brennivínstollur mundi gefa af sjer, meðan vjer eigi næmum lestagjaldið af, þá skal jeg taka það fram, að þegar tollurinn verður eingöngu tekjugrein annað árið, þá geta menn af síðara árinu dæmt um, hve miklu hann muni nema. Mjer finnst óforsvaranlegt, að nema lestagjaldið af, meðan menn eru í óvissu um, að tollurinn svari sínum tilgangi.

Halldór Kr. Friðriksson: 1. þingmaður Suðurmúlasýslu sagði áðan, að sýslunefndirnar gætu neitað mönnum um leyfi til að reka sveitaverzlun. En með því að mjer finnst þetta eigi liggja beinlínis í 4. gr., þá vildi jeg stinga upp á, hvort eigi mætti orða 4. grein nokkuð öðruvísi, þannig að þetta væri tekið skarpar fram.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla að taka það fram viðvíkjandi breytingunni á 6. gr. að jeg er samdóma 1. þingmanni Suðurmúlasýslu um það, að engin reynsla verður fengin í þessu efni fyr en 1881. En vjer þurfum ekki þessa reynslu. Það hefur tvisvar áður verið lagður tollur á brennivín; fyrst var hann lagður á, og þá var lestagjaldið, síðan var hann hækkaður, og þá stóð enn lestagjaldið. Þess vegna þurfum vjer engan spádóm nje nýja reynslu í þessu efni.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar forseti hinar einstöku greinir frumvarpsins með breytingaratkvæðum upp undir atkvæði og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. grein samþykkt með 17. atkvæðum.
2. — — í einu hljóði.
3. — — í einu hljóði.

Breytingaratkvæði 2 þingmanna um 4. grein (sjá I 129) var fellt með 13 atkvæðum gegn 5, og breytingaratkvæði þeirra við 5. grein (I 129) þar með sjálffallið.

4. grein þar við álitin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Breytingaratkvæði fjárlaganefndarinnar við 5. gr. (I 130) samþykkt með 18 atkvæðum.

5. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

Breytingaratkvæði fjárlaganefndarinnar við 6. gr. (I 130) fellt með 10 atkvæðum gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, þannig að:

Já sögðu:
Grímur Thomsen.
Ísleifur Gíslason.
Arnljótur Ólafsson.
Benedikt Sveinsson.
Eggert Gunnarsson.
Einar Ásmundsson.
Guðmundur Einarsson.
Páll Pálsson, prestur.
Páll Pálsson, bóndi.
Þórður Þórðarson.

Nei sögðu:
Björn Jónsson.
Friðrik Stefánsson.
Guðmundur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.
Hjálmur Pjetursson.
Snorri Pálsson.
Stefán Stephensen.
Tryggvi Gunnarsson.
Þorlákur Guðmundsson.
Þorsteinn Jónsson.

Þar með var 6. gr. frumvarpsins samþykkt óbreytt.

Síðan var málinu vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild á 17. fundi, 21. júlí.

Frumvarpið eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 135.

Breytingartillögur: I 138. 139. 144—145.

Landshöfðingi: Þótt jeg viti, að hin heiðraða deild muni eigi aðhyllast breytingaruppástungu mína, þá vil jeg leyfa mjer að bera þá spurning undir atkvæðagreiðslu þessarar heiðruðu deildar, hvort það sje haganlegt að af nema lestagjaldið, fyr en reynslan er búin að sýna, hvort landssjóðurinn fái uppbót fyrir það. Það hefur verið ágreiningur milli mín og fjárlaganefndarinnar um þetta mál. Jeg hef ekki getað sannfærzt um það, að haganlegt væri að af nema lestagjaldið fyrir fullt og allt, sem er alls eigi þungbært. Við 1. umræðu gat jeg þess, að jeg gæti fallizt á, að það væri af numið á þeim skipum, sem eingöngu flytja salt og timbur, af því að sú hækkun, sem mun verða á vínfangagjaldinu, mun nægja til þess að bæta landssjóðinum þann tekjumissi. Af því að jeg ætla að bera þessa spurning upp fyrir efri deildina, þá álít jeg það skyldu mína að gefa þessari heiðruðu deild kost á að greiða atkvæði sitt um breytingaruppástungu mína. Að öðru leyti er mjer mál þetta ekkert kappsmál, og skal jeg skírskota til þess, er jeg sagði við 1. umræðu málsins.

Varaforseti: Jeg skal fyrst snúa mjer að breytingaruppástungu landshöfðingja, og verð jeg, þó nauðugur sje, að ítreka það, er jeg sagði um daginn, að mig furðar stórlega á því, að landshöfðingi skuli halda breytingu þessari fram, sem jeg verð að segja að er óeðlileg, svo jeg ekki hafi harðara orð. Í 10. gr. stjórnarskrárinnar stendur: «Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður». Setjum nú svo, að frumvarp þetta verði samþykkt af báðum deildunum, setjum svo, að stjórnin samþykki það, þá væri undarlegt, að láta lög, sem eru staðfest, eigi ná gildi, fyr en eptir næsta þing; virðist það heldur eigi samkvæmt anda 10. greinar stjórnarskrárinnar. Mjer finnst, að landshöfðingi hefði fremur átt að segja: «Jeg skora á ykkur, að fresta þessu frumvarpi til næsta þings». Jeg vona, að landshöfðingi muni

játa, að það sje sjerlega óeðlilegt, að gjöra þetta nú að lögum, en láta þau eigi ná lagagildi fyr en 1882. Þá kem jeg til breytingaratkvæðis hinna 8 þingmanna, það gengur í líka stefnu og breytingaruppástunga landshöfðingja, það fer fram á, að lögin nái eigi gildi fyr en 1881, og er það hið lengsta, sem þingið getur farið, en jeg er viss um það, að margir hjer eru svo óánægðir með lestagjaldið, og vilja það sem fyrst af numið, að þessu er eigi nærri komandi. Jeg skal nú fara svo lángt sem framast er unnt með landshöfðingja, og una því, að lestagjaldið renni annað árið í landssjóð ásamt með brennivínsgjaldinu, því að þótt svo væri, að sama tekjuupphæð næðist ekki alveg með hinum hækkaða víntolli, verður sá munur aldrei tilfinnanlegur fyrir landssjóðinn, en jeg er sannfærður um, að landssjóðurinn hefur engan halla, ef brennivínsgjaldið er tekið bæði árin. Jeg vil minna landshöfðingja á, að hann hefur ráðið oss frá að fara í mál við ríkissjóðinn, og ráðið oss til að láta lestagjaldið af póstgufuskipunum koma til afdráttar, sem allir lögfræðingar beggja deildanna hafa barizt á móti. það má því vera honum áríðandi, að losna við þennan ójöfnuð. En eins vildi jeg spyrja landshöfðingja, áður en jeg sezt niður: «Megum vjer ekki vænta þess af honum, þó hann sje fyrir sitt leyti frumvarpi þessu mótfallinn, að hann samt sem áður muni leggja því liðsyrði hjá ráðgjafanum, svo að það nái lagagildi, ef meiri hluti beggja deildanna er á því, og vill fá lestagjaldið af numið».

Tryggvi Gunnarsson: Breytingartillögu þá, er jeg hef ritað nafn mitt undir, vil jeg fyrst minnast á, hún er viðbót við 2. gr. frumvarpsins; og skal jeg með nokkrum orðum skýra frá ástæðum vorum fyrir henni. Hún hljóðar svo: «En eigi mega þeir þó selja vínföng nje áfenga drykki annarstaðar en á löggiltum kauptúnum». Í 2. gr. er föstum kaupmönnum heimilað að verzla með alls konar vörur á skipum, hvar sem þeir vilja. Í 4. grein er búendum einnig leyft að verzla með allan varning, sem þeir vilja, en undan skilin vínföng og áfengir drykkir. Nú þótti oss, sem gjörðum breytingartillöguna, eigi sanngjarnt, að kaupmenn mættu selja áfenga drykki hvar sem þeir vilja á ólöggiltum höfnum, en landsbúum sjálfum væri bannað það. Af þessari ástæðu gjörðum vjer breytingartillögu vora. Þá koma breytingaratkvæði landshöfðingja, og annað frá 8 þingmönnum; hvorugt þeirra get jeg samþykkt, af því þau ganga bæði í þá stefnu, að fresta löggildingu frumvarpsins. Jeg skoða frumvarp þetta í heild sinni mikla rjettarbót, og skil því eigi, hvers vegna á að fresta löggildingu þess. Jeg skil ekki, því menn vilja fresta heilt ár ákvörðun þeirri, er stendur í 2. gr. um það, að kaupmenn megi verzla á skipum hvar sem þeir vilja. Eigi heldur 3. gr., sem af tekur að utanríkisskip sjeu skyld að koma fyrst að eins á 5 kaupstaði í landinu. Eigi skil jeg heldur, því menn vilja fresta sveitaverzlun þeirri, er tilnefnd er í 4. gr. um 1 ár, úr því menn annars álíta hana nauðsynlega; þá er að eins 1 gr. eptir og hræðslan út af henni, að landssjóðurinn muni tapa, en því var þá breytingaratkvæðið ekki svo, að einungis henni, en ekki öllu frumvarpinu væri frestað? En hvað sem aðrir segja um þetta, þá er það sannfæring mín, að hættan fyrir því, að landssjóðurinn tapi, er engu minni, þó gildi þessara laga sje skotið á frest eitt ár, heldur, ef til vill, meiri. Eptir fjárlögunum er lestagjaldið 30,000 kr., en víntollurinn 90,000 kr., eða til samans 120,000 kr.; ef nú víntollurinn er hækkaður um helming af því, sem hann er, þá verður hann 135,000 kr., svo ef jafnmikið brennivín verður keypt, eins og áður, þá græðir landssjóðurinn 15000 kr. þó lestagjaldinu sje sleppt strax; en vjer skulum gjöra þá getgátu, að keypt verði $^1/_6$ minna af brennivíni en áður, og minnkaði þá tollurinn við það 27,000 kr.; skaðinn yrði þá samt aldrei meiri en 12000 kr. fyrir landssjóðinn, sem hann vel gæti polað um tveggja ára bil. En þó jeg nú hafi hjer ráðgjört það mesta tap, sem búast þarf við, ef lestagjaldið er strax af tekið, þá þykir

mjer þó hitt miklu líklegra, að sje það af numið strax, þá verði það enginn tekjumissir, því sú er ætlan mín, að þó brennivínstollurinn hækki, þá verði brennivín ekki mikið dýrara, bæði vegna þess, að kaupmenn álíta sjer ívilnað með afnámi lestagjaldsins, og einnig í vægari borgunarmáta, en verið hefur, og sem ákveðinn er í 2. gr. frumvarpsins um hækkun víntollsins. En ef að lestagjaldið er látið standa og tollurinn hækkaður, þá yrði það að líkindum til þess, að kaupmenn færu að flytja miklu minna af vínföngum, er yrði landssjóðnum til stórskaða. Ef þeir t. d. flyttu helmingi minna brennivín næsta ár, þá yrði það 22500 kr. tap fyrir landssjóðinn, þó lestagjaldið væri látið standa óróað 1 ár og hækkaður tollur tekinn af öllu innfluttu víni. Jeg álít því hollast að af nema lestagjaldið sama ár, sem víntollurinn er hækkaður, auk þess sem mjer virðist þinginu ósamboðið að fresta þessu máli vegna ímyndaðs peningahags.

Landshöfðingi: Út af orðum varaforseta vil jeg geta þess, að jeg er að vísu á því, að þinginu sje frjálst að bera málið um lestagjaldið af póstskipinu undir dómstólana, þó jeg treysti mjer eigi til að ráða þinginu til þess. Hvað spurning varaforseta snertir, hvort jeg mundi leggja máli þessu lið eða ekki, þá virðist mjer hún ótímabær; en jeg skal skírskota til þess, sem jeg hef tvisvar tekið fram, að mjer er mál þetta ekki kappsmál, þótt jeg álíti það skyldu mína að gjöra allt, sem í mínu valdi stendur til þess, að mál þetta verði yfirvegað svo vandlega, sem auðið er. Mótbárum 1. þingmanns Suðurmúlasýslu get jeg svarað með því, að skírskota til þess, sem jeg hef áður sagt um þetta mál. Jeg er viss um, að afnám lestagjaldsins hefur lítil eða engin áhrif á söluverð *innfluttu varanna*; mjer er næst að segja, að það sje kaupmönnum einum í hag en ekki landsmönnum, get jeg því heldur eigi sjeð ástæðu til að af nema það. 1. þingmaður Suðurmúlasýslu tók sjer í lagi fram brennivínsgjaldið. Hvað er lestagjaldið af brennivíni? Það er $^1/_5$ úr eyri af pottinum, og það er óhugsandi, að það hafi nokkur áhrif á söluverðið. Jeg skal taka saltið til dæmis, að í Liverpool er verðið á saltinu 9 shillings fyrir tonn, en hjer kostar tunnan 6—7 kr. Hver áhrif ætlar þá varaforseti að þetta 25 aura lestagjald á tunnuna muni hafa? Þegar nú tonnið er á 9 shillings, þá er tunnan hjer um bil á 1 kr., en hjer er hún samt sem áður á 6 krónur; það er vissulega ekki lestagjaldið, sem gjörir þetta að verkum. Jeg skal að svo stöddu ekki fara lengra út í þetta mál.

Varaforseti: Það sýnist svo, sem landshöfðingi hafi tekið einhverju sjerlegu ástfóstri við þetta gjald; þótt það aldrei nema sje kaupmönnum í hag að af nema það, þá er það mín skoðun, að líka megi hlynna að þeim. Jeg ætla ekki í þetta sinn að fara út í verðmuninn á þungu vörunni, heldur ítreka aptur, hvað mikið af lestagjaldinu rennur ekki í landssjóð. Vjer förum á mis við allt lestagjaldið af póstgufuskipunum, og þegar þau stækka og ferðirnar aukast, fer svo, að $^1/_3$—$^1/_2$ af lestagjaldinu gengur fram hjá landssjóðnum. Það hefur þó áhrif á efni landsins. Það er munur, hvort vjer fáum allt tillagið borgað úr ríkissjóði eða að frá dregnu lestagjaldinu. Jeg þykist vita, að landshöfðingja muni vera kunnugt, að 19. júni þ. á. komu út lög í Danmörku, sem af nema öll skipagjöld í innanríkis sjóferðum; ef því skip hjeðan kemur til Danmerkur, þá þarf það ekkert að borga, en komi skip frá Danmörku hingað, þá verður það að borga; er þetta ekki ósanngjarnt og til að fæla menn frá oss? Lög þessi eru lögð fram af ráðherra Íslands sem dómsmálaráðherra, eða innanríkisráðherranum; jeg man ekki hvort heldur. Jeg er samdóma 1. þingmanni Suðurmúlasýslu í meginatriðunum, en jeg vil taka það til greina, sem landshöfðinginn fer fram á, og láta lögin ná gildi 1881, en ekki seinna. Það sannast annars á lestagjaldinu hið fornkveðna: Því meira sem málið var rætt, því meir hörðnuðu umræðurnar. Það er snertir breytingaratkvæðið frá 6 þingmönnum, að bæta við 4. gr.: «Þó hefur

sýslunefnd vald til að neita um slíkt leyfi, þar sem hún álítur slíka verzlun óþarfa, eða hætt við, að hún verði vanbrúkuð», þá hef jeg ekkert á móti því annað en, að það er óþarft; því að eptir 4. gr. getur enginn búandi fengið leyfi nema sá, er sýslunefndin álítur hæfan til þess. Breytingaratkvæðið gjörir því ekkert til, það skýrir ekki spurning þá, hver sje hæfur, og einskorðar ekki það sem hjer ræðir um. Í breytingaratkvæði voru hefur komið prentvilla; þar stendur 4. gr., á að vera 6. gr. Jeg hef ekkert á móti breytingaratkvæði frá 6 þingmönnum, um viðbót við 2. grein sama er að segja um, að orðin allt að 2000 kr. sektum falli burt úr 5. gr. Þá kem jeg að lokum til breytingar landshöfðingja, að 3. gr. orðist þannig: «Utanríkismönnum og lausakaupmönnum skal að eins heimilt að verzla á löggiltum kauptúnum, og skulu öll utanríkisskip, sem koma beinlínis frá útlöndum, koma fyrst inn á einhverja af höfnum þeim, sem nefndar eru í 2. gr. laga 15. apríl 1854 eða á Seyðisfjörð, svo þess verði gætt, sem fyrirskipað er um tollgreiðslur og sóttvarnir». Hefði landshöfðingi eingöngu haldið sjer til þeirra 6 staða, sem nefndir eru í lögunum 1854, þá var það sök sjer; en fyrst hann hefur bætt við öðrum höfnum svo sem Seyðisfirði, þá liggur beint við að spyrja, hví ekki eins öðrum stöðum, svo sem Borðeyri? Það er til sóttvarna kemur, þá álít jeg það eigi ofverk sýslumanna að hafa áreiðanlegan umboðsmann á öllum löggiltum verzlunarstöðum, sem finnast í lögsagnarumdæmi þeirra; þetta er því ekki til annars en að gjöra málið vafasamt; umboðsstjórnin getur gengið eptir, að því sje fullnægt, sem fyrir er sagt um sóttvarnir. Jeg vildi óska, að deildin samþykkti breyting vora 1881 fyrir 1880, og þá breyting, að eigi megi selja vínföng og áfenga drykki, nema á löggiltum kauptúnum.

Landshöfðingi: Varaforseti tók það fram, að í Danmörku væru komin út lög 16. júní þ. á. um að af nema lestagjald; hann hefur víst mismælt sig, er hann sagði, að dómsmálaráðgjafinn hefði lagt þau fyrir þingið, það heyrir ekki undir dómsmálaráðgjafann heldur undir fjármálaráðgjafann. Með þessum lögum er lestagjald af numið á innanríkis sjóferðum, en af utanríkis sjóferðum er lestagjald eigi af numið. Lestagjald eptir dönskum og íslenzkum lögum er sitt hvað. Eptir dönskum lögum hvílir aðflutningstollur á öllum vörum jafnhliða lestagjaldi. En hjer verður að skoða lestagjaldið sem nokkurskonar flutningsgjald. Nú er skipagjald í Danmörku úr lögum numið, en við hliðina á því er eptir lögum 4. júlí 1863 borgaður tollur af salti, $^1/_2$ skildingur eða 1 eyrir fyrir pund af saltinu, og þar sem tonn nemur 2000 pd., þá verður sá tollur 20 kr. fyrir tonnið, en lestagjaldið eigi nema 2 kr. fyrir tonn af salti; af timbri er tollurinn 3 rd. 24 sk. fyrir hverja lest, eða 3 kr. 25 a. fyrir tonnið; en á Íslandi eigi nema 2 kr. Þetta gjald er því miklu ljettara hjer en í Danmörku. Af þessu sjest, að lestagjald hjer er annars eðlis eu lestaskipagjald í Danmörku, og ef það er skoðað í samanburði við önnur lönd, er það alls eigi þungbært; þess vegna vil jeg, að málið sje vandlega íhugað, áður en gjald þetta er af numið, og nefnd sett í það, svo að það yrði sem bezt skoðað. Jeg verð að segja, að mótbárur varaforseta eru, að mínu áliti, að mestu leyti doctrinair eðlis, því að lestagjald það, sem borgað er af póstgufuskipum, er að vísu dregið frá, en það er þó þess eðlis, að það má skoða það sem tillag, er Ísland borgar fyrir póstskipsferðir milli Íslands og Danmerkur. Ríkissjóðurinn borgar 40,000, en Ísland 7,156.

Arnljótur Ólafsson: Áður en jeg vík að breytingaratkvæðunum, vil jeg leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við seinni hlutann af ræðu landshöfðingja. Jeg get verið honum samdóma um, að lestagjaldið hjer á landi sje ekki þungt gjald í samanburði við tilsvarandi tolla í Danmörku. En hvað um það, hjer er á annað að líta og hjer kemur annað til greina, sem mælir með afnámi lestagjaldsins. Hjá oss hvílir lestagjaldið á

vörum. sem vjer megum til að kaupa, en í Danmörku er tollurinn á vörum, sem einnig eru til í landinu, og er því rjett nefndur verndartollur handa innlendri vöru. Ef vjer legðum aðfiutningstoll á kjöt, smjör, fje og hesta, þá mundi jeg ekki kalla það háan toll, þó hann væri ögn hærri en lestagjaldinu svaraði. En þegar lestagjaldið nú liggur á járni, kolum, korni, timbri, og látum oss taka brennivínið með, í einu orði, allan aðfluttan kaupeyri nauðsynlegan, og miður nauðsynlegan, þann er eigi fæst eða aflast í landinu sjálfu, þá er lestagjald þungbær og óhentug álaga, og gagnstæð tillögum annara þjóða, sem að eins leggja toll á til þess að auka tekjur landsins, og svo meðfram til að vernda atvinnu landsmanna, eða afstýra óhófi og ofnautn. Fleiri ástæður en þessar þekki jeg ekki fyrir tollgreiðslu. Einungis þess vegna að lestagjaldið er móthverft öllum löggjafarreglum um tolla, þess vegna er jeg með því, að það verði af numið. Slíkt gjald sem lestagjaldið er, það er, eins og varaforseti sagði, löngu úrelt í öllum hinum menntaða heimi.

Hvað breytingaratkvæðin snertir: þegar jeg ber 1. lið í breytingaratkvæði landshöfðingjans saman við breytingaratkvæði vorra 8 þingmanna, sem snertir frestun laganna, þá er einn-mikill munur á breytingaratkvæði landshöfðingja og voru, sem jeg held varaforseti hafi enda eigi nógu vel tekið eptir. Mismunurinn er fólginn í því, að breyting landshöfðingja er gjör að eins við 1. gr. frumvarpsins, en vor breyting við lögin öll, svo ef breyting hans verður lögtekin, þá komast öll lögin í gildi utan 1. gr.; en af því breyting vor er gjörð við 6. gr., þá kemst engin greinin í gildi fyr en 1. jan. 1881, ef hún verður samþykkt. Þetta er mjög óheppilegt fyrir oss, því að þó jeg sje ekki samdóma landshöfðingja um, að fresta löggildingu 1. gr. til 1. janúar 1882, þá get jeg ekki vel gefið atkvæði með að 2., 3., 4. og 5 greinin geti ekki gengið í gildi fyr en eptir heilt ár. Ef landshöfðingi hefði einungis skrifað 1881 fyrir 1882, þá skyldi jeg eigi hika mjer við, eitt augnablik, að gefa því atkvæði mitt. En nú vill svo illa til, að það er eigi, og því er eigi hægt, að fara að ráði varaforseta að mætast á miðri leið.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er 1. þingmanni Suðurmúlasýslu alveg samdóma um aukningu á tekjunum af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, er tollurinn er hækkaður eptir frumvarpinu um það efni; en jeg held þó, að hann hafi lagt nógu mikið í, að reikna frá einn fimmtung. Það er annað atriði, sem jeg vil taka fram: vjer höfum viðlagasjóðinn, sem ávallt eykst ár frá ári; það getur ekki verið ætlun vor, að láta þennan sjóð einlægt vaxa, án þess nokkurn tíma að nema staðar með aukninguna, og því get jeg ekki sjeð neitt ísjárvert við það, þó brennivínstollurinn ekki fullkomlega bæti oss upp lestagjaldið, eða þótt vjer ekki fáum full 135000 kr. inn fyrir toll af brennivíni; en það hljóta allir að sjá, að það er engin nauðsyn til bæði að hækka tollinn af brennivíni, og láta lestagjaldið haldast eptir 1880, heldur á hækkun tollsins og afnám lestagjaldsins að vera samfara; enda væri það óeðlilegt, að hækka brennivínstollinn, og láta þó lestagjaldið standa. Landshöfðingi hefur stungið upp á þeirri breytingu við 3. gr., að binda leyfi utanríkismanna og lausakaupmanna, til að verzla á löggiltum kauptúnum, því skilyrði, að þeir komi fyrst inn á einhverja af hinum 6 höfnum eða á Seyðisfjörð, en það er aðgætandi, að þessi krókur inn á þessar hafnir og lega þar, er kostnaðarauki fyrir kaupmanninn, og er því eins konar tollur; allur óþarfakostnaður er tollur. Þegar skip t. d. þarf að fara inn á Seyðisfjörð fyrst, til þess að fá að fara inn á Vopnafjörð, þá er því aukinn óþarfakostnaður, og því meiri kostnaður er það, er skip, sem ætla inn á t. a. m. Dýrafjörð eða Önundarfjörð, verða fyrst að sigla inn á Ísafjörð, og verða svo að sigla til baka aptur, eða fyrir skip, sem

ætluðu á Þorlákshöfn, að verða fyrst að fara til Reykjavíkur. Þessi skylda hlýtur að gjöra vörurnar dýrari; en tilgangur frumvarpsins er þar á móti sá, að gjöra mönnum greiðara fyrir með verzlun. Viðvíkjandi tillagi til gufuskipsferða, þá veit jeg ekki til, að vjer Íslendingar eigum að greiða nokkurt tillag til ferðanna milli Danmerkur og Íslands, og þó vjer leggjum 15000 kr. til ferða Díönu kringum landið, þá er það eigi svo að skilja, að vjer gefum stjórninni leyfi til að taka allt lestagjald skipanna með, auk þessara 15000 kr., því að það er ekki á neinum lögum byggt. Viðvíkjandi viðauka við 4. gr., er vjer 6 þingmenn höfum stungið upp á, sagði varaforseti, að hann væri óþarfur, en jeg vil benda honum á, að eins og greinin er orðuð í frumvarpinu, geta sýslunefndirnar ekki, þó þær vilji, neitað um leyfið, ef þær ekki hafa nægar ástæður til að telja manninn óhæfan. Þetta finnst mjer óheppilegt. Gefum sýslunefndunum vald til að skera úr, hvort þær vilja hafa slíka verzlun eða ekki. Það er nú mikið talað um þjóðviljann, eins og vert er að nokkru leyti; hví eigum vjer þá ekki að láta sýslurnar sýna, hvað þær vilja í þessu efni? og er óhætt að treysta því, að sýslunefndirnar munu skera úr, eins og meiri hluti manna helzt er á.

Varaforseti: Þó ekki sje nauðsynlegt fyrir mig að tala frekar í þessu máli, þá var það þó ýmislegt í ræðu landshöfðingjans, sem jeg get ekki látið ósvarað, af því að jeg ímynda mjer, að umræðurnar um þetta mál verði ekki að eins lesnar innanlands, heldur og ef til vill utanlands. Jeg er orðinn svo vanur því, að menn segi, að eitthvað mál sje þeim ekki kappsmál, einmitt þegar þeim er það hið mesta kappsmál, og af því landshöfðinginn hefur fullyrt optar en einu sinni, að þetta sje honum ekki kappsmál, þykist jeg fullviss um, að honum þykir það miklu skipta. Með fram ræð jeg þetta og af því, að hann, sem er þekktur að því að vera orðvar og kurteis maður, hefur tvisvar ítrekað það, að skoðun mín á þessu máli vær «doctrinair». Jeg finn mjer misboðið með því orði, því að «doctrinair» er sú skoðun, sem fylgir hugsunarreglum út í bláinn, án þess að hirða um, hvernig hugsanirnar koma fram í því verklega í raun og veru. Landshöfðingi telur það «doctrinair» skoðun að vilja af nema lestagjaldið, og að enginn nema kaupmenn muni hafa gagn af því, en ef það er satt, að vara verður dýrri, þegar á hana er lagður tollur, þá hlýtur það líka að vera víst, að vara verði ódýrri, þegar tollur á henni er af numinn. Landshöfðinginn bar lestagjaldið saman við skipagjald í Danmörku, en það er aðgætandi, að það er munur fyrir oss Íslendinga að leggja toll á timbur, eða Dani, er byggja eitt af hinum beztu skóglöndum í heimi og hafa nóg timbur í sínu eigin landi. Á Íslandi er ekki svo mikill skógur til, að byggð verði hin minnsta kæna úr því, en í Danmörku er nógur viður til þess að byggja hafskip og stórskip úr. Salt er miklu nauðsynlegri vara fyrir oss Íslendinga en Dani; vjer brúkum um 50.000 tunnur á ári; jeg vil að vísu ekki fullyrða það, en jeg ímynda mjer, að Danir brúki ekki meira af salti. Jeg er samdóma 1. þingmanni Norðurmúlasýslu, að það er óheppilegt, að breytingaratkvæði vort er við 6. gr. en ekki við 1. gr., og er jeg því í vafa um, hvernig jeg á að greiða atkvæði; en jeg hef þó eina von, sem jeg tel víst að muni rætast; allir vita, hvað mikið ómak landshöfðinginn hefur gjört sjer til að koma sínu máli fram, og jeg þekki hann að því, að hann mun reyna til í efri deildinni að fá frumvarpinu breytt, og mun þá málið aptur koma til vorrar deildar og getur lagfærzt. Áður en jeg sezt, vil jeg geta þess, að jeg að minnsta kosti vona, að landhöfðinginn kalli það ekki «doctrinairt», þó vjer viljum halda í vösum okkar þeim allt að 10,000 kr.,

sem nú eru dregnar frá í tekjum fjárlaganna, sem lestagjald af póstskipinu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef áður lýst yfir áliti mínu á 1. gr., og stend nú að eins upp til að leggja áherzlu á breytingartillögu landshöfðingja við 3. gr. Þingmaður Reykvíkinga talaði um, að ekki ætti að leggja slíkan óþarfa kostnað á skipin, en jeg get ekki kallað það óþarfa kostnað, sem miðar til að tryggja líf og heilbrigði manna. Það eru margir staðir á Íslandi, sem eru fyrst langt frá sýslumanni, og þar næst langt frá lækni, sem þó er nauðsynlegt að sje til staðar, ef sjúkdómur er á skipinu. Það er sjálfsagt, að hindranirnar á siglingunum eiga að vera sem minnstar, en þessi hindrun eða rjettara sagt þessi varúð er alveg nauðsynleg.

Landshöfðinginn: Jeg vil að eins geta þess, að það var ekki ætlan mín að misbjóða varaforseta, því að eins og honum er kunnugt, er með orðinu »doktrinair« meint sama sem »theoretisk« eða vísindalegur.

Varaforseti: Með tilliti til þess, að 2. þingmaður Gullbringusýslu taldi það hættulegt sóttvarna vegna, að leyfa skipum að sigla inn á hverja löggilta höfn, þá vil jeg geta þess, að skipum er eins eptir sem áður gjört að skyldu að hlýða öllu, sem fyrirskipað er um sóttvarnir, og ef næmur sjúkdómur er á skipinu, þá er skylda skipstjóra að senda strax eptir lækni. Annars veit þingmaðurinn, að allt, sem lýtur að sóttvörnum, er mjög ófullkomið hjer á landi, bæði á hinum 6 verzlunarstöðum og annarstaðar, svo að, ef það skyldi fyrir koma, sem jeg vona aldrei komi fyrir, að útlend skip flytji hingað drepsóttir, þá er alstaðar hættan jöfn; en það er sjálfsagt að leggja við háar sektir, ef ekki er fylgt reglum um sóttvarnir, og læknir sóttur í sjúkdómstilfellum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg held, ef varaforseti hugsaði sig vel um þetta mál, mundi hann heldur aðhyllast breytingartillögu landshöfðingja. Jeg verð að ímynda mjer, að heilbrigði manna sje þó borgnara, þar sem er sýslumaður og læknir, en þar sem hvorki sýslumaður nje læknir er. Enda ætla jeg, að fyrirhöfnin sje engu minni að senda langar leiðir eptir lækni og sýslumanni, en að fara fyrst inn á höfn þá, er læknir og sýslumaður eru búsettir á.

Varaforseti: Mig furðar á því, að þingmaðurinn skuli ekki minnast á frakknesku fiskiskipin, sem alstaðar mega fara inn á hafnir til að sækja vatn, því að ekki er síður hætt við því, að þau flytji sjúkdóma en önnur skip. Hvað snertir fyrirhöfnina fyrir að ná í lækni, ef siglt er inn á stað, þar sem ekki býr læknir, þá er aðgætandi, að þess þarf ekki nema því að eins, að sjúkdómur sje á skipinu, svo sú fyrirhöfn kemur sjaldan fyrir.

Þá var gengið til atkvæða, og var:

1. breytingaruppástunga landshöfðingja við 1. gr. (I 144) felld með 18 atkv.
2. —— 6 þingmanna við 2. gr. (I 144) samþykkt með 18 atkv.
3. —— landshöfðingja við 3. gr. (I 144) felld með 13 atkv. gegn 5.
4. —— 6 þingmanna við 4. gr. (I 138) samþykkt með 14 atkv.
5. —— 6 þingmanna við 5. gr. (I 145) samþykkt án atkvæðagreiðslu.
6. —— 8 þingmanna við 6. gr. (I. 139) felld með 11 atkv. gegn 6.
7. frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkv., og var það svo sent til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 19. fundi, 23. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 182.

Ásgeir Einarsson kvað sjer líka svo vel frumvarp neðri deildarinnar, að hann vildi helzt engu þurfa að breyta í því; það væri að eins eitt orð, sem hann ímyndaði sjer að þeir menn mundu geta hártogað, er bægjast vildu við víkurkaupmennina; það væri um utanríkisskipin í 3. gr., og þó að þetta væri 1. umræða, vildi hann leyfa sjer, að taka þetta fram, því ef það kæmi fram í ræðum lögfræðinga, að eigi yrði farið utan við lögin í þessu tilliti, þá mundi hann eigi gjöra neitt breytingaratkvæði við þetta, sem hann að öðrum kosti vildi áskilja sjer rjett til. Sumum mundi og, ef til vildi, þykja vel mikið þröngvað rjetti lausakaupmanna, en út í það vildi hann eigi fara að sinni.

Landshöfðingi kvað frumvarp þetta vera mjög þýðingarmikið, þar sem talað væri um að af nema einar hinar mestu tekjur landssjóðsins, þess vegna væri nauðsyn á, að málið væri nákvæmlega íhugað, til þess að rök væru færð fyrir því, hvort haganlegt væri, að af nema lestagjaldið, er næmi 40,000 kr. á ári, að frá töldu lestagjaldi af póstgufuskipunum, og einnig það, hvort þessi tekjumissir yrði að fullu bættur upp með þeirri tekjuhækkun, er farið væri fram á í því frumvarpi, er næst stæði á dagskránni. Einnig mundu verða misjafnar skoðanir um það, að hve miklu leyti frumvarpið yrði kaupmönnum eða landsmönnum í hag; hann vildi því sem mest mæla fram með því, að nefnd væri sett í málinu, og jafnframt að fyrstu umræðu væri frestað.

Eiríkur Kúld sagði, að hversu mikið lof sem frumvarpið hefði fengið frá þingmanni Húnvetninga, þá gæti hann eigi fellt sig við það í sumum greinum; en án þess að fara lengra út í það að sinni, vildi hann leggja það til, að nefnd væri kosin og 1. umræðu frestað.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um þessa tillögu, og var hún samþykkt með 7 atkvæðum móti 2.

Þessir voru kosnir í nefndina:

Eiríkur Kúld . . . með 7 atkvæðum.
Árni Thorsteinson . — 5 ——
Benedikt Kristjánsson — 5 ——

Framhald 1. umræðu í efri deild, á 30. fundi, 7. ágúst.

Nefndarálit, með breytingartillögum, sjá I 263—266.

Málinu umræðulaust skotið til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 32. fundi, 11. ágúst.

Breytingartillögur: I 265—66. 298—99. 314—15. 346.

Atkvæðaskrá: I 343—45.

Sighvatur Árnason kvaðst óska þess, að breytingaratkvæði sitt væri tekið til greina með málinu, og rætt í sameiningu við það.

Varaforseti kvað því ekkert vera til fyrirstöðu, hvað þingsköp snerti, þar eð það væri breytingaratkvæði við breytingaratkvæði.

Landshöfðingi sagði, að nefndin eptir ýtarlega yfirvegun þessa frumvarps hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að halda bæri aðalákvörðun frumvarpsins, sem sje afnámi lestagjaldsins. Þar eð hann nú eigi gæti verið henni samdóma um þetta, vildi hann leyfa sjer, að leiða rök að þessari skoðun sinni.

Lestagjaldið hefði, eins og hin heiðraða nefnd hefði tekið fram, upphaflega verið lagt á skipin, eins og það nú hvíldi á þeim, og hitt væri einnig eðlilegt, að það í raun og veru hefði komið niður á verzluninni eða á farmi skipsins, því verzlunarskip væru eingöngu notuð til vöruflutninga. Það leiddi enn fremur af eðli þessa gjalds, að það hlyti að koma misjafnt niður á hinum ýmsu vörutegundum, sjer í

lagi af því, að það ekki yrði miðað við verð þeirra, heldur langt um fremur við þunga þeirra. Þetta væru nú aðalannmarkar lestagjaldsins, en tilgangur þess hefði bæði upphaflega verið og væri enn þá sá, að útvega landssjóðnum töluverðar tekjur, samsvarandi þeim, sem alstaðar í öðrum löndum renna inn í hlutaðeigandi landssjóði af aðflutningstollum, og ef til vildi einnig af útflutningstollum. Þegar regluleg tollstjórn væri komin á í einhverju landi, eða gæti komizt á án ókljúfandi kostnaðar, þá mætti vel jafna þessum tolli niður á hinar einstöku verzlunarvörur með tilliti til vöruverðs þeirra eða gæða, en þar sem eigi stæði svo á, yrði lestagjaldið að koma í staðinn fyrir tolla þessa, er hvíla á verzluninni. Þannig væri lestagjaldinu varið hjer í landinu, þar sem varla væri mögulegt, að koma á reglulegri tollstjórn, að minnsta kosti eigi nema því að eins, að annaðhvort yrði eptirlitið eigi nægilegt, og meira í orði kveðnu en að gagni, eða það yrði allt of kostnaðarsamt; að vísu hefðum vjer hin síðustu árin lagt toll á brennivín og tóbak, og gjört það án þess að stofna sjerstaka tollstjórn; en hann væri fyrir sitt leyti sannfærður um, að ef spursmál væri um, að leggja aðflutningstoll á fleiri vörur, gætum vjer eigi komizt hjá, einnig að koma á reglulegri tollstjórn, og þá mundi kostnaður hennar nema verulegri upphæð allra tolltekjanna.

Þannig kæmi hjá oss lestagjaldið í stað aðflutningstollsins á öllum verzlunarvörum, að tveim einum undan skildum, ölföngum og tóbaki, og væri lestagjaldið mjög sanngjarn tollur á öllum þessum vörum í tiltölu við þann toll, er annarstaðar væri lagður á þær; einnig hvað snerti þungavörur, t. d. salt, timbur, járn og steinkol. Í öðrum löndum t. d. í Danmörku, stæði allt öðruvísi á; þar væri tollur á flestöllum verzlunarvörum, er fluttar væru inn í landið, og þar að auki lestagjald eða skipagjald á öllum utanríkis-sjávarferðum, (með lögum 16. júní þ. á., hefði skipagjaldið verið af numið hvað innanríkis-sjávarferðir snerti, en haldið með tilliti til utanríkis-sjávarferðanna). Þetta skipagjald í Danmörku væri að vísu nokkuð minna en lestagjald vort, þar sem það næmi eigi meiru en 1 kr. fyrir hverja smálest, en þar að auki borgast tollur af næstum því öllum vörum farmsins. Hjá oss væri ekki neitt lestagjald eða skipagjald af sjávarferðum innanlands, en það væri, eins og þingmönnum væri kunnugt, helmingi meira, eða 2 kr. af hverri smálest í utanlands-sjávarferðunum. Vildum vjer nú bera saman gjöld þau, bæði tolla og skipagjöld, er hvíla á vörum þeim, er fluttar eru inn í Danmörk við þau, er hvíla á innflutningsvörum hjer, og einungis taka tillit til þungavöru þeirrar, er nefndin hefði tekið fram, sem sje salt, steinkol, járn og timbur (kornvörur væru í Danmörku tollfríar), yrði niðurstaðan sú:

	í Danmörku	á Íslandi
af salti 0,5 sk. pr. pd. = hjer um bil 20 kr. pr. tonn + skipagjald 1 kr.	= 21 kr.	— 2 kr.
af steinkolum 1 kr. pr. tonn + 1 kr. pr. tonn skipagjald	= 2 kr.	— 2 —
af timbri — tollur: 3 kr. 25 a. skipagjald 1 kr.	= 4 kr. 25 a	— 2 —
af járni, tollur 0,25 sk. pr. pd. 10 kr., skipagjald 1 kr.	= 11 kr.	— 2 —

Samanburður þessi mælti þannig ekki á móti, heldur fremur með því, að halda lestagjaldinu einnig á þessum vörum; en hann vildi játa það, að vjer ættum ekki, þegar um það væri að ræða, að koma verzlun vorri fyrir á sem beztan hátt, að taka tillit til þess, hvernig stæði á í öðrum löndum, heldur einungis til þess, sem væri Íslandi sem mest í hag. En einnig frá hans sjónarmiði yrði hann að vera á þeirri skoðun,

að á meðan vjer ættum að útvega landssjóðnum töluverðar tekjur með óbeinlínis sköttum, og á meðan vjer ekki hefðum reglulega tollstjórn, væri lestagjaldið meðal binna beztu og hagfelldustu tekna landsins. Hann tæki það upp aptur, að það ekki væri neinum landsmanni þungbært, og hvað snerti flestallar aðflutningsvörur, ekki tilfinnanlegt. Hann vildi taka til dæmis salt, sem óneitanlega væri sú vara, sem í þessu tilliti mest kvæði að; á salti næmi lestagjaldið 25 a. af hverri tunnu; en þar sem kaupverð saltsins í Liverpool, eptir því sem flutningsmaður þessa frumvarps í neðri deildinni hefði skýrt frá, væri 9 shillings á tonn eða hjer um bil 1 kr. á tunnu, þar sem söluverðið hjer í landinu að meðaltölu væri 6—7 kr. á tunnu, væri auðsjeð, að afnám lestagjaldsins eigi mundi hafa veruleg áhrif á verð saltsins. Að öðru leyti væri hann því ekki mótfallinn, að veitt yrði þeim skipum, er eingöngu flyttu salt, og ef til vill timbur, til landsins, undanþága frá lestagjaldsskyldunni, þó að brúkun á timbri sje svo lítil hjer í landinu, að ekki gæti lestagjaldið á því verið neinum tilfinnanlegt. Hvað snerti steinkol og járn, væri brúkun á því hjer í landinu mjög lítil, að undan teknum þeim steinkolum, sem hingað yrði að flytja til herskipanna og póstgufuskipanna, og afnám lestagjaldsins á steinkolum mundi þess vegna vera mjög þýðingarlítið. Það gæti að vísu verið, að afnám lestagjaldsins lækkaði saltverðið um fáa aura af tunnunni, og af timbri og borðum með broti af eyri fyrir hvert; — fyrir sitt leyti væri hann á þeirri skoðun, að eigi mundi svo verða, en vildi þó játa, að það væri mögulegt, en hann væri viss um, að það hefði engin áhrif á söluverð hinna verzlunarvaranna. Hann vildi því spyrja: Hvers vegna ættum vjer þá að af nema lestagjaldið? Nefndin ætlaði, að með því mundi líklega aukast siglingar og vöruaðflutningar; — en þetta hefði verið tilfellið í 25 ár þau, er liðin eru síðan að verzlunarfrelsið komst á, þó að lestagjaldið hafi hvílt á öllum verzlunarskipum, og þannig hafi reynslan sýnt og sannað, að þetta gjald ekki legði neitt óeðlilegt hapt á verzlunina, og væri þetta að öðru leyti auðskilið, þegar litið væri til þess, hvað ljett þetta gjald væri í samanburði við tollgjöld og skipagjald það, er í öllum öðrum löndum hvíldi á verzluninni. Sumir mundu, ef til vill, svara þessari spurningu á þá leið, að það væri frjálslyndara að af nema lestagjaldið en að halda því. Hann kveðst játa það, en þar sem landssjóðurinn að svo stöddu ekki gæti verið án óbeinlínis skatta, virtist sjer ekki vera mikill munur á, hvort vjer legðum þá á eina eða fleiri vörutegundir, og það, sem þá ætti að ráða úrslitum, væri að sínu áliti, hvort vjer að öðru leyti gætum átt það víst, að vjer með að breyta skattalögunum, fengjum eins vissar og haganlegar tekjur. En þetta virtist sjer mjög vafasamt. Það væri mjög hægt að hafa eptirlit með lestagjaldinu, en hvað hin önnur tollgjöld snerti, mundi þetta veita mjög örðugt, sjer í lagi, ef vjer ættum að leggja toll á fleiri vörutegundir. Lestagjaldið væri gamalt skattgjald, sem gjaldþegnarnir væru vanir við, og væri þetta verulegur kostur, því hver ný skattaálaga væri eptir hlutarins eðli óvinsæl, og í byrjuninni tilfinnanleg öllum, sjer í lagi ef gjaldþegnarnir ekki fyndu til þess ljettis, sem ætlazt væri til að kæmi í staðinn fyrir hina nýju skattabyrði, — og reynslan mundi sýna, að svo mundi fara með afnám lestagjaldsins. Enn væru aðrir, sem mundu svara því, að með afnámi lestagjaldsins mundum vjer komast hjá þessu leiðinlega spursmáli um lestagjald af póstferðunum. Þar sem hjer einungis ræddi um «versúr» tekjur og útgjöld í fjárlögunum, mundi það eigi vera næg ástæða til þess að sleppa lestagjaldinu alveg, og þeim, er gjörðu þetta atriði að kappsmáli, mundi að öllum líkind-

um nægja að af nema lestagjaldið af póstgufuskipunum, og kvaðst hann fyrir sitt leyti ekkert hafa á móti því.

Hvað það snertir, hvort vjer gætum átt það víst, að landssjóðurinn fengi nægilega uppbót fyrir lestagjaldið með þeirri hækkun á ölfangatollinum, sem nefndin mælti með, þá væri hann hræddur um, að það mundi eigi verða. Það væri satt, að hækkun sú á aðflutningsgjaldinu, sem væri innleidd með lögum 11. febr. 1876, ekki hafi haft þau áhrif að takmarka að mun nautn landsmanna á áfengum drykkjum, eins og í sjálfu sjer væri æskilegt, en það væri aðgætandi, að áfengir drykkir vafalaust væru munaðarvörur, og að menn yrðu, hvort sem þeir æskja þess eða eigi, að takmarka nautn sína á þeim eptir söluverði þeirra, og sýndist sjer það líklegt, eins og það í sjálfu sjer væri æskilegt, að hækkun sú á áfengum drykkjum, sem nefndin hafi stungið upp á, gæti leitt til þess, að aðflutningurinn minnkaði að mun, og að tekju-upphæðin af tollunum færðist niður til hjer um bil þeirrar upphæðar, sem verið hefur. Enn bæri þess að gæta, að þar sem afnám lestagjaldsins ekki, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn, verður tilfinnanlegt, þá leggur hækkun brennivínsgjaldsins, ef hún ætti að gefa landssjóðnum uppbót fyrir lestagjaldið, nýja byrði af 50—60,000 kr. árlega á landsmenn, því það væri ekki einungis tollupphæðin sjálf, sem þessir yrðu að greiða, heldur einnig það tillag, sem kaupmennirnir, eins og eðlilegt væri og þingmönnum kunnugt, reikna sjer, vegna þess þeir eiga að borga tollinn fyrirfram. Deildarmenn gætu huggað sig við það, að þeir ekki vilja borga þetta hækkaða gjald, en takmarka brúkun sína á þessum munaðarvörum, og það sama mundu líklega margir aðrir skynsamir landsmenn gjöra, en samt sem áður lenda þessar 50—60,000 kr. á landsmönnum, þar eð afnám lestagjaldsins að hans áliti mundi vera kaupmönnum, en ekki landsmönnum, til ljettis.

Af þessum ástæðum yrði hann að álíta það mjög varúðarvert og jafnvel ísjárvert að taka af allt lestagjaldið, og vildi hann biðja þingmenn vel og vandlega að skoða huga sinn fyr en þeir gæfu atkvæði með 1. gr. frumvarpsins. Hann kvaðst ætla að stinga upp á þeirri breytingu við 1. gr., ef umræðurnar í dag gæfu sjer tilefni til að halda, að deildarmenn væru sjer samdóma, sem hann hefði áður bent að, sem sje, að skip, er eingöngu flyttu salt, og ef til vill, timbur, svo og póstgufuskipin skyldu vera undanþegin lestagjaldi því, er ákveðið er í lögum 15. apríl 1854.

Að svo miklu leyti væri hann samdóma 2. þingmanni Skagfirðinga um breytingaruppástungu hans undir 2. tölul., en aptur á móti gæti hann eigi fallizt á hana hvað snerti undanþáguna fyrir gufuskip þau, sem notuð væru til aðflutninga á sauðfje og hrossum, þótt hann efaðist eigi um, að þingmaðurinn hefði komið með uppástungu þessa í hinum bezta tilgangi, til þess að útvega landsmönnum hærra verð á sauðfje og hrossum þeim, er út flutt verða. En eptir hans skoðun yrði því eigi náð með neinu móti með uppástungunni, því að hann gengi út frá því vísu, að hrossakaupmaður sá, er hjer ræðir um, ekki mundi vera fús á að borga einn eyri meira fyrir hrossin eða sauðfje, þó að lestagjaldið væri af numið, en hann nú gjörði, fyr en verzlunarkeppnin neyddi hann til þess, en nú sem stæði væri hann einn um þessi sauða- og hrossakaup, og að líkindum mundi hann um langan tíma enn verða einn um þau. Aðrir kaupmenn landsins greiddu til landssjóðs auk lestagjalds tekjuskatt og húsaskatt, og til sveitarþarfa gjald það, er á þá væri jafnað; en þessi maður greiddi ekkert annað en lestagjaldið í landssjóð, eða í þarfir sveita, og sjer sýndist engin ástæða til að undanskilja gufuskip hans undan lestagjaldinu.

Jón Jónsson sagði, að landshöfðingi hefði tekið fram þær ástæður, er mæltu móti því, að lestagjaldið væri af numið, og hefði þar að auki haft það á móti breytingaruppástungu sinni, að hjer væri einungis einn kaupmaður, sem flytti út fje, en hjer við

væri athugandi, að lestagjaldið gæti fælt aðra menn frá að ráðast í það að kaupa fjenað í kappi við tjeðan kaupmann og flytja hann út. Lestagjald það, sem greitt yrði af útflutningsskipum, gæti eigi komizt í samjöfnuð við sveitagjald það, er kaupmenn almennt ættu að gjalda. Kaupmaður sá, sem nú flytur út fje, yrði þannig að greiða um 1320 kr. í lestagjald í hvert skipti, er hann sækti hingað farm. Ef menn nú gættu þess, að hann borgaði þetta fleirum sinnum á ári, þá hlytu menn að sjá, að tjeður samanburður hefði lítið að þýða; en það væri skylda allra, sem nokkru ráða í því efni, að hlynna að útflutningum á sauðfje og hrossum, því það sje einn hinn bezti vegur til að gjöra bændum arðsama fjár- og hrossa-eign. Aðalfóturinn undir velmegun bænda í öðrum löndum væri það, að þeir ættu allt af hægt með að selja skepnur þær, er þeir mættu missa af búum sínum; en hjer á landi væri það einungis við einstök tækifæri, að bændur gætu selt hross og fje; Englendingar ættu því miklar þakkir skilið fyrir að hafa byrjað á þessu, því það hefði gjört mikið gott og víða að miklu leyti bætt úr hinu bágborna eymdarástandi landbúnaðar vors. Enn mætti geta þess, að skip, sem flyttu fjenað út, þau hefðu sjaldan annan flutning, og lestagjaldið yrði því þyngra á þeim en öðrum. Loksins væri þess að gæta, að lestagjaldið á hrossa- og sauðaskipum væri hreinn útflutningstollur, en hann álitu allir hagfræðingar mjög skaðlegan; eitt hið helzta skilyrði fyrir velmegun lands væri, að útflutningar væru sem mestir, en innflutningar sem minnstir, og ætti því heldur að örva útflutninginn en að draga úr honum með útflutningstollum. Við 2. gr. hefði hann gjört breyting, af því að hann vildi ekki hækka svo gífurlega, sem nefndin, borgaragjald kaupmanna, er nú væri ekki nema 4 kr.; gæti verið gott að gjöra ekki aðganginn til að byrja verzlun á kauptúni of örðugan, því viðgangur kaupstaða væri kominn undir því, að verzlunarkeppnin þar gæti orðið svo mikil, að sem flestir bændur vildu sækja þangað. Viðvíkjandi hinni nýju grein, er hann vildi skjóta inn á undan 4. gr. frumvarpsins, þá stæði hún í nokkru sambandi við frumvarpið um takmörkun á sölu áfengra drykkja, en sjer virtist hún þó eiga betur heima hjer. Virtist sjer mikil ástæða til að takmarka leyfi til að selja vínföng og áfenga drykki, og heimta hærra gjald fyrir slíkt leyfi en fyrir leyfi til að selja annað. Að maður, sem flytur í annað hjerað, missi leyfi, væri sjálfsagt og þyrfti eigi að til taka í lögunum, því leyfið hefði einungis verið gefið fyrir það hjerað, er hann flutti úr. Hins vegar væri hart, að maður skyldi missa leyfi sitt, þó hann hætti að eins um eitt ár. Eigi sýndist sjer ástæða til að taka fram, að sýslumaður skyldi rannsaka mæli og vog, því slíkt væri sjálfsögð skylda lögreglustjóranna, ekki að eins í sveitum, heldur og einnig á kauptúnum. Að endingu sagðist hann eigi skilja 6. gr. nefndarinnar, því brot móti lögunum gæti eigi verið þyngra en það, sem lögin ákveða.

Árna Thorsteinson þótti það illa farið, að landshöfðingja eigi geðjaðist afnám lestagjaldsins; hann hefði álitið, að það væri tilgangurinn að útvega landinu peninga, enda væri og svo eptir því sem nú væri komið. Ef litið væri til hins sögulega uppruna að gjaldi þessu, þá væri honum svo varið, að gjaldið hefði verið lagt á til þess að ríkissjóðurinn hefði eitthvað fyrir þann halla, er hann þóttist líða við það, að verzlunin varð frjáls hjer á landi; hann legði reyndar eigi mikla áherzlu á þetta, en það gæti þó verið gott að minnast á upprunann. Landshöfðinginn hefði gefið mönnum áminningar um að íhuga vandlega, hvort rjett væri að af nema lestagjaldið. Ein af ástæðum hans móti því, hefði verið sú, að það vantaði tollstjórn, og það þyrfti, ef til vildi, að innleiða hana, þá er önnur gjöld kæmu í stað hins afnumda lestagjalds; nefndin hefði þar á móti álitið, að komast mætti hjá þessu með hækkun brennivínstollsins eins og hingað til, og ef reynslan sýndi, að strangara eptirlit þyrfti síðar, mætti gjöra ráðstafanir í þá átt.

Landshöfðingi hefði talið lestagjaldið sanngjarnt, en sagt að eigi mætti bera Ísland saman við önnur lönd, þar á meðal Danmörku; þar til væri að sínu áliti enn fremur sú ástæða, að hin önnur norðlægu lönd væru, að heita mætti, nærri hvert öðru, en vjer aptur á móti værum settir hjer yzt út við heimsskaut, svo að hvert gjald af siglingum og verzlun verður hjer mikið, þar sem þarf hálfa og heila mánuði til milli ferða. Það hefði verið sagt, að lestagjaldið væri einungis smámunir á salti, steinkolum o. s. frv., og fyrir þá sök væri það haganlegt, en þess bæri að gæta, sagði hann, á hvern það kæmi, og ef menn íhuguðu það, þá mundu menn sjá, að það kemur öllu heldur niður á hinum fátæku, og þó það lenti bæði á hinum ríku og hinum fátæku, þá kæmi það þó tilfinnanlegar niður á hinum fátæku. Það hefði verið sagt, að kaupmenn einir mundu græða við afnám gjaldsins, og það væri því eigi tilvinnandi að af nema gjaldið, en það kvað hann sorglegt, ef svo væri, því þá væri eitthvað óeðlilegt eða öfugt í verzluninni. Þetta vildi hann eigi dæma um, enda hefði heldur enginn farið því fram, þó að það væri hin einasta ástæða, ef landsmenn eigi græddu á afnámi lestagjaldsins. Hann sagði, að það væri eitt atriði, er hann vildi benda mönnum á, og væri það, hvernig færi, þegar lestagjaldið hvíldi á engri vöru, sem kæmi fyrir, þegar skipið kæmi tómt, en flytti vöru út, eða flytti nokkra vöru inn en enga út. Þetta kæmi opt fyrir, og því mundi enginn neita, að gjaldið þá sje bæði óhent og órjettlátt. Viðvíkjandi því, sem landshöfðingi hefði talað um, í hvaða sambandi að lestagjaldið stæði við póstgufuskipsferðirnar, og þann skilning, er lagður hefði verið í stöðulögin; hvort hann væru rjettur eða rangur ætlaði hann ekki hjer að dæma um. Þá væri það sinn skilningur á því, að með framkvæmd stöðulaganna væri bannað að taka lestagjald af því skipi, það væri alveg rjett að þetta kæmi fram sem «versur», en það þyrfti ekki að aftaka það, því það hefði gengið svona hingað til. En þó að Íslendingum væri bannað að taka lestagjaldið af þessu skipi, þá hefðu þeir samt lítinn atkvæðisrjett við póstskipsferðirnar fyrir það. Það hefði verið stungið upp á, að fara meðalveginn, og þannig hefði landshöfðinginn eigi viljað leggja gjaldið á salt og timbur, og eigi taka það af póstgufuskipinu og flytti það þó vörur; en 2. þingmaður Skagfirðinga hefði heldur eigi viljað taka það af skipum, sem flyttu út sauðfje og hross. En hann áleit, að það gæti verið gott að halda því á dýrum vörum, og væri hann fús á að greiða atkvæði með því, ef það sýndist gjörlegt, er honum nú sem stendur þykir ógjörleg að öllu. Að því er þannig snerti breytingaratkvæði 2. þingmanns Skagfirðinga vildi hann spyrja, hvernig að ætti að fara, ef skipið flytti meðfram annan varning, hvernig að ætti að fara, ef skipið notaði nokkuð af lestarrúmi, er um fram væri, til þess þá að aðskilja steinkol, timbur, salt og sauðje. Slíkt væri óhugsanlegt og sama sem að banna að flytja vissa vöru, til þess að fá að vera laus við lestagjaldið. Ef menn fylgdu slíkri ráðstöfun, þá ræki að því, sem landshöfðingi hefði talað um, að þörf yrði á tollumsjón. En þar, sem hinn hæztvirti landshöfðingi hefði látið í ljósi, að hann óttaðist, að aðflutningar á ölföngum mundu minnka, þá kvaðst hann játa, að sig furðaði á því, að landsmenn skuli eigi hafa keypt minna af vínföngum nú um hin síðustu ár, eptir að tollurinn var innleiddur, en þar sem landshöfðingi hefði álitið, að hinn aukni tollur yrði ný byrði á landinu í stað lestagjaldsins, sem kaupmenn legðu almennt á landsbúa, þá kæmi slíkt af því, að kaupmenn mundu eigi láta hverja vöru bera sína byrði, en við því væri eigi hægt að gjöra, ef svo væri, en hann yrði að draga efa á, að kaupmenn vorir mundu fylgja öfugum verzlunarreglum. Viðvíkjandi 1. gr., sem nefndin hefði látið halda sjer óbreyttri, sagði hann, að áformað væri að gjöra breytingaratkvæði við hana, ef 6. gr. yrði af numin; en þar sem hinn 3. konungkjörni þingmaður ætti breytingaratkvæði viðvíkjandi tímatakmörkun við sigl-

ingar á víkur og voga, þá kvaðst hann eigi vera því mótfallinn, þó varla mundi þurfa að gjöra ráð fyrir, að skip lægju svo lengi á vogum. Viðvíkjandi breytingu hins sama þingmanns við 5. gr., þá vildi hann þakka fyrir þær bendingar, er þar væru gefnar, en óeðlilegt þætti sjer, að eigi fleiri en ein sýslunefnd hefði atkvæði, þegar svo stæði á, að aðalverzlun þessa manns lægi í aðra sýslu. Að því er snerti breytingu 2. þingmanns Skagfirðinga við 4. gr., þá vildi hann eigi vera langorður um hana, hún ætti betur heima annarsstaðar. Að svo mæltu kvaðst hann eigi skyldi fara fleirum orðum um málið að þessu sinni.

Sighvatur Árnason kvaðst vera í nokkrum vafa um, hvernig hann ætti að greiða atkvæði um 1. gr. frumvarpsins, þar sem talað væri um, að af nema lestagjaldið. Sjer og öðrum væri ljóst, hvað lestagjaldið gæfi af sjer, nefnilega 45—50 þúsund krónur á fjárlagatímabilinu, en aptur á móti væri það hulið sjer og öðrum, hvað hin umrædda tollhækkun á áfengum drykkjum mundi gefa af sjer, einkum ef það kæmi fram, er sumir menn spá, að landsmenn færu að draga saman seglin, hvað kaup á þeim snerti, því að þá gæti vel farið svo, að mikið vantaði til, að landssjóðurinn hefði upp úr tollinum svo mikið sem svaraði lestagjaldinu; hann vildi samt engan veginn ásaka þá hugsun manna, er samt færu fram á tollhækkunina, því að, ef kaup áfengra drykkja minnkuðu, hefði það margfaldan hag í för með sjer; en þó að landssjóðurinn næði eigi upp sem svaraði lestagjaldinu, þá vildi hann láta um það ótalað, því að auðsætt væri, að því meir sem landsmenn ljetu út fyrir þessar vörur, því meiri skaði væri það fyrir landið. Ef 1. grein yrði samþykkt, vildi hann að 6. grein frumvarpsins fengi einnig að halda sjer; og því væri hann eigi á sama máli og nefndin í því tilliti; hann vildi nefnilega láta lögin öðlast gildi áður en skip legðu á stað frá útlöndum til landsins á næsta vetri, því að ef lögin kæmust eigi á fyr en einhverntíma á útmánuðum, yrðu sum skip búin að leysa leiðarbrjef, en þau, sem ófarin væru, yrðu laus við það; úr þessu yrði þá auðsjáanlega ósamkvæmni og misrjetti í verzluninni. Hvað snerti breytingaratkvæðin, þá væri hann eigi mótfallinn breytingaratkvæði þingmanns Skagfirðinga undir 3. tölulið, en sjer þætti undarlegt, að hann skyldi eigi gjöra sömu breytingartillögu í 13. tölulið, þar sem ræða væri um sveitaverzlun. Það væri öllum ljóst, að sveitaverzlunin væri miklu meiri erfiðleikum bundin en kaupstaðarverzlunin, því að þar þyrfti eigi að flytja vörur nema að eins milli húsa, og þá þætti sjer nokkuð undarlegt, að vilja þó þyngja svo á sveitaverzlunarmanninum fram yfir hinn, að hann skuli greiða tífalt fyrir verzlunarleyfið; hann fengi nógan flutningskostnað til að leggja á verzlun sína og einangrið til að okra á, þó að eigi væri byrjað okrið áður en hann færi að verzla. Hann vildi leggja áherzlu á það, að einmitt þetta háa gjald fældi þá menn frá að gjörast verzlunarmenn, er hefðu þann tilgang, að efla hag sveitar sinnar meir en sinn eigin á verzluninni, en þar á móti eigi þá, er gjörðu það til að græða beinlínis fyrir sjálfa sig, því að það væri svo langt frá, að þeir hikuðu við, að leggja þennan nýja kostnað á vöruverð sitt, að þeir einmitt fengju ástæðu til, að hækka verðið meir en honum svaraði. Hann vildi og halda þeirri tillögu nefndarinnar, að ef sýslunefnd teldi slíka verzlun óþarfa, eða ætlaði, að hún yrði misbrúkuð, þá skyldi neita um leyfið, því að hann ímyndaði sjer, að fleiri sæktu um leyfið í ábataskyni og til að okra, heldur en til að verða að liði sínu sveitarfjelagi. Ef hann sæi, að greinin fengi framgang, mundi hann koma með breytingaratkvæði við hana, að fyrir «50» kæmu «25». En þó að hann talaði um breyting á þessari grein, kæmi það eigi af því, að sjer væri um hana hugað; hann áliti hana einmitt óþarfa og jafnvel skaðlega, bæði af því, að kaupstöðum væri svo fjölgað, og svo opnuðust verzlunarvegir

margir við það, er leyft væri kaupmönnum að senda skip á hverja vík og vog. Það gæti helzt verið spursmál um gagn af henni í Skaptafellssýslum, en þó ímyndaði hann sjer, að enginn færi að flytja þar að sjer korn og aðrar nauðsynjavörur, heldur mundi það verða eingöngu kaffi og kram, og þess vegna skaðlegt en gagnslaust. Enn væri annað atriði í þessari grein, sem nefndin hefði breytt frá frumvarpi neðri deildar, og sem sjer þætti heldur spilla. Nefndin setti: «Heimilt skal hverjum þeim», þar sem í frumvarpinu stæði: «Heimilt skal hverjum búanda»; sýslunefnd gæti eigi vitað um aðra en búendur, hvort þeir eru til þess hæfir. (*Jón Jónsson:* Lausamenn!). Þeim má einmitt helzt ætla að gjöra það í gróðaskyni. Hann vildi áskilja sjer breytingaratkvæði við þessa grein nefndarinnar til 3. umræðu, í þá átt, að halda skyldi orðum frumvarps neðri deildarinnar. Tímatakmörkun þeirri, er hinn 3. konungkjörni þingmaður styngi upp á undir 3. tölul. að skjóta inn í frumvarpið, væri hann alveg mótfallinn. Hann vildi taka Vestmannaeyjar til dæmis; það kæmi opt fyrir, að í heilan mánuð væri eigi leiði úr landi þangað, og því gæti svo farið, að landsmenn, er fjölmargir rækju þangað verzlun, gætu eigi notið neins góðs af, þó að lausakaupmaður kæmi þangað; þessi takmörkun þætti sjer óhagkvæm í eðli sínu.

Stefán Eiríksson kvaðst hafa velt þessu máli fyrir sjer síðan við 1. umræðu þess, og hefði hann í fyrstu verið í vafa um, hvert af ljetta skyldi lestagjaldinu eða eigi, en við nákvæmari yfirvegun við sjálfan sig hefði hann þó komizt að þeirri niðurstöðu, að haganlegast væri að sleppa lestagjaldinu, einkanlega af þeirra ástæðu, sem landshöfðinginn o. fl. hefðu drepið á, viðvíkjandi lestagjaldinu af póstskipinu; hann ímyndaði sjer einnig að landsmenn, hvað vöruverð snerti, bæði á þungavöru og annari, mundu heldur græða á því en tapa, því að er hann athugaði það, að kaupmenn hefðu lagt á alla tollaða vöru tvöfaldan, þrefaldan og jafnvel fjórfaldan toll, þá gæti hann vel ímyndað sjer, að þeir hefðu lagt þrefalt eða fjórfalt á þungavöru alla og trjávið við það, sem lestagjaldið næmi, og hann ímyndaði sjer, að þeir væru eigi svo samvizkulausir að halda því áfram, ef lestagjaldið yrði af numið. Það væri auðvitað, að landssjóðurinn missti talsverðar tekjur, en bæði væri það, að svo væri til ætlazt, að vinna upp lestagjaldið með því að hækka toll á áfengum drykkjum, sem hann að vísu vildi óska að eigi tækist, og menn með því móti yrðu ekki teygðir til að kaupa áfenga drykki, þá koma dagar og þá koma ráð, þingið gæti þá gjört einhverja ráðstöfun um það næst, hvernig að skyldi fara; hann myndi eigi heldur betur, en sama mótbára hefði verið höfð, er rætt var um að af nema alþingiskostnaðinn, að landssjóðstekjur mundu enn rýrna við þá tilhögun, en landssjóðurinn hefði staðið sig vel eptir sem áður. Hvað breytingaratkvæðin snerti, þætti sjer þau eigi bæta frumvarp nefndarinnar, nema ef vera skyldi breyting sú, er þingmaður Rangvellinga hefði nefnt, að færa niður verðið á leyfisbrjefi fyrir sveitaverzlun, og væri hann þó engan veginn viss um að ástæða væri til þess.

Jón Pjetursson kvaðst með sínu breytingaratkvæði undir 6. tölul. að eins hafa viljað taka skýrar fram meining nefndarinnar, því hún hefði auðsjáanlega ekki ætlað sjer að undanþiggja þá menn, er eigi rækju hjer fasta verzlun, ákvörðuninni í opnu brjefi frá 1836, sem aðrir kaupmenn, er hjer hefðu fasta verzlun, hefðu verið undirgefnir, en nú ættu að losast við. Hvað snerti 5. grein nefndarinnar, líkaði sjer eigi sú ákvörðun, að leita álits annarar sýslunefndar, «ef aðalverzlun manns liggur inn í aðra sýslu», því að hann skildi eigi, hvernig ætti að kveða á um það, hvert verzlunin lægi áður en hún væri byrjuð; það mætti vel hugsa sjer, að 1. árið yrði mesta aðsókn úr þessari sýslu og annað árið úr hinni o. s. frv., því sýndist sjer þessi viðauki nefndarinnar óþarfur. Þá hefði hann og viljað

fella burt síðustu setninguna í 5. gr. nefndarinnar; í upphafi greinarinnar væri ákveðið, að hver, sem sýslunefnd áliti hæfan, skyldi hafa rjett til o. s. frv.; með þessum orðum væri sýslunefndinni gefið vald til að segja, hvort maðurinn sje hæfur eða eigi, og í því er um leið innibundið hitt, því að, ef hún álítur, að maðurinn muni misbrúka leyfið, þá telur hún hann eigi hæfan, og þá fær hann eigi leyfið; vegna þessa sýndist sjer þessi setning: «Neita skal — verði vanbrúkuð» þýðingarlaus upptekning. Hvað sektirnar snerti, ímyndaði hann sjer, að einhver misprentun hefði orðið, því að sjer þætti eigi geta komið til mála, að sekta um allt að 2000 krónum fyrir brot móti 2. gr., heldur væri hæfilegt að leggja sömu sekt við broti gegn henni og 4. og 5. gr., en að eins við brot gegn 3. gr. ætti þessi háa sekt að eiga.

Jón Hjaltalín kveðst hafa lært mest af því, sem hinn háttvirti landshöfðingi hefði talað, en lítið gagn hefði hann haft af því, sem frændi hans hefði sagt. Hann væri að tala um lög á Englandi, en þau hefði hann algjörlega misskilið, því Englendingar hefðu hlýtt boði hinna fyrstu foreldra og sagt: gjörið ykkur jörðina undirgefna. Það væri og vissulega undarlegt, að um sama leyti, sem menn væru að veita stórfje til brúarbygginga, að menn þá einmitt vildu af nema þær tekjur, er landssjóðurinn hefði. Það væri og hætt við, að menn hefðu reiknað sjer í óhag hvað bygging á þessum brúm snertir, því hjer sæti varla nokkur sá, er hefði hina minnstu hugmynd um hvað slíkt fyrirtæki kostaði. Menn töluðu ekki um malað kaffi, en á brennivíni væru menn að klifast, en gættu þó eigi að því, að hressa mætti sig þó á brennivíns-staupi, en aldrei á hinu malaða kaffi. Einnig hefðu menn sleppt stumpasirtsinu, sem þó væri flutt inn svo þúsundum álna skipti, og dytti sjer því í hug það sem Eggert Ólafsson hefði kveðið: »það hefur þessu landi þjakað allra mest o. s. frv«. Við værum að tala um framfarir, en hann bað guð að hjálpa sjer, hvað þær snerti, hjer væri frjálsræði orðið að sjálfræði, enda hefðu skáldin sungið út af þessu efni. Hvað þingmann Skagfirðinga snerti, kvaðst hann óska, að hann hefði lesið Officia; hann hefði og verið að slá um sig, að hann hefði verið á Englandi — en hann hefði þó eigi lesið nýjustu bækur um þjóðmegunarfræði, — þingmaðurinn ætti að vita, að slíkur glundroði milli frelsis og ófrelsis væri ávallt skaðlegur. Hjer væri nú orðið örðugt að komast yfir landið; hestarnir væru alltaf að verða dýrari, og hvað væri unnið við það? — að öllu mætti of mikið gjöra. — Hvað fjársölu snertir, þá hefði hún víst gagnað Íslendingum minna en margir ætluðu. Mennirnir væru líkt sem dauðar vjelar, þeir þyrftu eins og vjelin hitaefðu til að geta unnið; þetta hefði Liebig og margir aðrir efnafræðingar ljóslega tekið fram og sannað. Í hinni elstu guðfræði væri eigi talað um verzlun (*Ásgeir Einarsson*: Adam gat eigi verzlað nema við sjálfan sig). Svo væri annað, að menn væru að farast úr lungnabólgu, og hverjir aðrir væru það en drykkjumenn? (*Magnús Stephensen*: Líka kvennmenn!). — Hvað nú snerti allar þessar breytingaruppástungur, er fram væru komnar, kvaðst hann vilja kasta þeim öllum, því þær væru eigi til annars en koma öllu í rugl og graut.

Eirikur Kúld kvaðst hafa aðra skoðun á frjálsri verzlun en hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, og skyldi hann því leiða hjá sjer að svara hans löngu ræðu, en vildi einungis taka fram ýmisleg atriði viðvíkjandi málinu sjálfu; það væri margt í ræðu hins hæstvirta landshöfðingja, er hann gæti fallizt á. Hann kvaðst hafa verið efablandinn um það, hvort rjett væri að af nema lestagjaldið í þeirri von að nægilegt fje fengist í stað þess með hækkun á brennivínstollinum. Þetta gjald hefði aldrei verið talið nein byrði af kaupmönnum og engar umkvartanir hefðu komið um það. Hann væri og landshöfðingja samdóma um það, að engin von mundi vera um verðlinun þó þetta gjald yrði af numið, því slíkt væri þá

hrein undantekning frá venju kaupmanna; menn hefðu og haft það á móti afnámi lestagjaldsins að tekjur landssjóðsins rýrnuðu við það, en það kvaðst hann eigi hræðast svo mjög, enda mætti breyta því á næsta þingi ef svo færi. Reynslan hefði heldur eigi sýnt að minna væri drukkið, þó tollurinn hefði smátt og smátt hækkað. Hann hefði og skilið svo á ræðu hins hæstvirta landshöfðingja sem Íslendingar væru eptir lögunum 1871 alveg lausir við lestagjald af póstskipinu, en hann hefði þó í ræðu sinni sagt að gjaldið væri óbeinlínis goldið pr. «versur», og það yrði hann að álíta alveg rjett mælt, en hvernig gætu menn þá sagt, að Íslendingar væru lausir við þetta gjald, úr því það væri þannig eins og tekið aptur. Getur maður þá sagt, að lögunum 1871 sje í raun veru fylgt? Ef nú hinn hæstvirti landshöfðingi gæti sannað sjer, að sinn skilningur í þessu tilliti væri rangur, og að Íslendingar væru alveg lausir við allt gjald af póstskipinu, eins og sjer fyndist meiningin í lögunum 1871, þá væri hann alveg á sama máli og landshöfðingi, og þá vildi hann halda lestagjaldinu og alls ekki hækka toll af áfengum drykkjum; en af því hann byggist eigi við að fá þessa vissu frá landshöfðingjanum, væri hann staðráðinn í að aðhyllast bæði þessi hjer umræddu frumvörp. Landshöfðinginn hefði einnig stungið upp á því að halda lestagjaldinu í sjálfu sjer, en sleppa því á salti og kolum og póstskipinu; þetta væri athugandi, en við það kæmi þó mikill ójöfnuður milli kaupmanna, þar sem Reykjavíkur kaupmenn fengju miklar vörur með gufuskipinu, sem væri laust við lestagjaldið, en kaupmenn á Norðurlandi eða fyrir vestan yrðu að borga lestagjald af öllum skipum sínum, sem flyttu vörur til þeirra.

Landshöfðingi sagði, að framsögumaður hefði skýrt rjett frá sögu lestagjaldsins, það hefði verið lagt á, meðan landssjóðurinn var sameinaður við ríkissjóðinn, og væri hann sjer þannig samdóma um það, að lestagjaldið hafi verið lagt á til þess, að útvega inntekt þá, er landssjóðurinn nú nyti. Hann kvaðst hafa tekið það fram, að þótt lestagjaldið væri af numið, eins og nefndin stakk upp á, þá væri lítil von um, að það hefði áhrif á vöruverð yfir höfuð. Þingmaður Skaptfellinga hefði tilfært þá ástæðu fyrir því, að af nema lestagjaldið, að menn mundu eigi kinoka sjer við, að lækka verð á þungavörum þrefalt eða fjórfalt, þar sem þeir hefðu lagt tvöfalt gjald á vínföng; en sín skoðun væri sú, að verðið mundi lítið lækka við afnám lestagjaldsins. Hvað ræðu þingmanns Barðstrendinga snerti, þá hefði hann ekkert talað um gildi stöðulaganna 2. jan. 1871, og ætlaði ekki að sinni að fara neitt út í það.

Jón Jónsson sagði, að þingmaður Barðstrendinga og þingmaður Skaptfellinga hefðu tilfært sem ástæðu fyrir því, að af nema lestagjaldið, að ríkisstjórnin hefði samkvæmt miður rjettum skilningi á stöðulögunum skorazt undan að greiða lestagjald af póstskipunum. En á þessa ástæðu gæti hann alls ekki fallizt. Væri það rangt, að draga lestagjaldið af póstskipunum frá ríkistillaginu, ættum vjer að fara í mál við ríkisstjórnina um það, en halda lestagjaldinu sem lengst, því að ef vjer af næmum það af þessari ástæðu, aðhylltumst vjer óbeinlínis skoðun stjórnarinnar í þessu efni, en hjeldum vjer lestagjaldinu, hækkaði árlega það, sem vjer ættum inni hjá ríkissjóðnum ógoldið af tillaginu, og þá gætum vjer síðar höfðað mál gegn honum og fengið hann dæmdan til að greiða allt það lestagjald, sem inni stæði hjá ríkissjóðnum, síðan fjárhagurinn hefði verið að skilinn. Ef það væri rjett hjá þingmanni Barðstrendinga, að sú ein ástæða væri til að af nema lestagjaldið, að Danir ranglega hefðu haldið eptir því af tillaginu, sem lestagjaldið af póstskipunum næmi, þá mundu þingmenn eiga bágt með að gjöra kjósendum sínum grein fyrir því, hvers vegna þeir hefðu sleppt öllu tilkalli til þessarar miklu

fjárkröfu. Enginn mundi fagna því meir en umráðamenn hins danska ríkissjóðs, að Íslendingar gæfu þetta eptir. Hvað breytingaratkvæði sitt snerti viðvíkjandi sauða- og hrossagufuskipinu, þá gæti hann ekki sjeð örðugleika þá, er 6. konungkjörni þingmaður hefði bent á. Skipin hefðu hingað til litlar sem engar vörur flutt; en færi svo, að Englendingar notuðu þau til vöruflutninga, mundu þeir eigi flytja annað en þungavöru, salt og kol, og gæti sá skaði aldrei orðið tilfinnanlegur landssjóði; en aptur á móti væri tilvinnandi, að hlynna að þessari verzlun sem mest, og gjöra mönnum þeim, er vildu fást við hana, sem hægast fyrir.

Hann hefði tiltekið gufuskip, því hann byggist við að slík verzlun mundi aldrei verða rekin að nokkru gagni á seglskipum. Nefndin hefði viljað setja afnám lestagjaldsins í samband við hækkun brennivínstollsins, og hefði hún álitið, að engin ástæða væri til að ímynda sjer að vínfanga aðflutningurinn minnkaði þó tollurinn hækkaði, og hefði hann byggt þetta á því, að bera saman aðflutninginn á vínföngum, áður en tollurinn var lagður á, og eptir það; en þessi samanburður væri ekki áreiðanlegur. Skýrslur þær, sem bókmenntafjelagið hefði gefið út, bæru sjálfar með sjer, að þær væru ekki áreiðanlegar, að kaupmenn og lögreglustjórar, hefðu ekki lagt nógu mikla rækt við þær, og hefðu skýrslur þessar verið gefnar fyrir hvern verzlunarstað, og ekki fyrir sýslurnar í heild sinni, mundi það hafa sýnt sig enn betur, að öll kurl hefðu ekki þar komið til grafar. Ef skýrslurnar hefðu verið áreiðanlegar, mundi það hafa komið í ljós, að flutt hefði verið inn, áður en tollurinn var lagður á, talsvert meiri vínföng en skýrslurnar geta um, og að þessi aðflutningur því hefði minnkað talsvert meira en nefndin áliti. En þá gæti verið mikil ástæða til að hækka brennivínstollinn, þó lestagjaldið fengi að halda sjer, því eins og nefndin hefði sjálf tekið fram, hefði það mikla siðferðislega þýðing fyrir landið, að vínkaupin minnkuðu. Framsögumaður hefði sagt, að breyting sín við 5. tölulið ætti hjer eigi heima, en það væri þó ljóst, að úr því að frumvarp þetta væri um verzlun, og úr því að breytingin væri um verzlun með vínföngum, ætti breyting þessi hvergi betur heima en einmitt hjer.

Þingmaður Rangæinga hefði haft á móti sveitaverzlun, og haldið, að hún mundi eigi geta orðið annað en prang með kaffi og kram; en þetta væri engan veginn víst. Margir hefðu haldið, að slíkar verzlanir gætu leitt til þess, að forðabúr af nauðsynjavörum kæmu upp í sveitum, og gæti það orðið að miklu gagni. Hvað fyrirsögnina snerti, þá væri hún nú óþarflega löng, og myndi það engan hneyksla, þó hún væri stytt.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) kvaðst gleðja sig yfir því, að ef Íslendingar bæru sig upp undan 6. gr. stöðulaganna, þá vissu þeir, hvar þeir ættu að leita að málsfærslumanni. Hann hefði skilið hið núverandi ástand svo, að oss Íslendingum væri meinað, að taka gjald af þessum skipum. En væri mál höfðað gegn stjórninni, og því væri hann alls ekki fráhverfur, þá mundi 2. þingmaður Skagfirðinga sýna hið vanalega þrek sitt og dugnað í því, að ná þeim 7100 krónum á ári, er lestagjaldið af póstskipunum nú næmi, auk þess sem að landið áður hefur misst af í þessari tekjugrein. Hann vildi spyrja 2. þingmann Skagfirðinga, hvort skip, sem eingöngu flytti út hross eða sauðfje, væri frjálst að því að flytja hingað inn vörur, án þess að greiða lestagjald; það sýndist sjer ómögulegt eptir uppástungu þingmannsins, og eigi hægt að koma á slíkri reglu; ef sá vegur væri genginn, sem þingmaðurinn benti til, yrði að gjalda af hverri þeirri lest, sem slíkar vörur væru fluttar í, eða gjöra greinarmun á vörunni. Þingmað-

ur Barðstrendinga hefði talað um þann ójöfnuð, að póstgufuskipin skyldu vera undan þegin lestargjaldi, en öll önnur skip gjaldskyld. Hann kvaðst vilja biðja velvirðingar fyrir nefndina fyrir upplýsingar þær, er komið hefðu, en eigi vera á sömu skoðun og 2. þingmaður Skagfirðinga um það, að skýrslurnar væru eigi áreiðanlegar; það yrði að tjalda því sem til væri, og optast nær væri minna talið en það, sem í raun og veru væri flutt inn eða út. Ef slíkar skýrslur vantaði, stæði það engum nær, og enda mundi enginn vera fljótari en sá hinn sami þingmaður að útvega þær. Þingmaðurinn vissi líka, að víða væri pottur brotinn, jafnvel erlendis. Hafi þær verið óáreiðanlegar 1871 og 1875, þá hafa þær einnig getað verið óáreiðanlegar frá 1856—60, svo að, ef til vill, allt jafnar sig.

Þá var gengið til atkvæða og fjell atkvæðagreiðslan svo:

1. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 8 atkv. gegn 1.
2. Frumvarpsins 1. grein samþykkt með 8 atkv.
3. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar
   a. felld með 7 atkv. gegn 1
   b. felld með 7 atkv. gegn 1.
4. Nefndarinnar 2. grein samþykkt með 7 atkv.
5. Frumvarpsins 2. grein samþykkt með 9 atkv.
6. Breytingaratkvæði Jóns Pjeturssonar fellt með 6 atkv. gegn 1.
7. Nefndarinnar 3. grein samþykkt með 8 atkv.
8. Frumvarpsins 3. grein þar með fallin.
9. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 6 atkv. gegn 1.
10. Breytingaratkvæði Jóns Pjeturssonar fellt með 8 atkv. gegn 2.
11. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar tekin aptur.
12. Breytingaratkvæði Jóns Pjeturssonar fellt með 6 atkv. gegn 2.
13. Breytingaratkvæði þingmannns Rangæinga; var viðhaft nafnakall vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

    »já«:

    Árni Thorsteinson,
    Ásgeir Einarsson,
    Jón Jónsson,
    Sighvatur Árnason,
    Stefán Eiríkson,

    »nei«:

    Eiríkur Kúld,
    Magnús Stephensen,
    Benedikt Kristjánsson,
    Jón Hjaltalín,
    Jón Pjetursson,

    og var það þannig fellt með 5 atkv. gegn 5.
14. Nefndarinnar 5. grein felld með 5 atkv. gegn 5.
15. Breytingaratkvæði Jóns Jónssonar tekið aptur.
16. Breytingaratkvæði Jóns Pjeturssonar
    a. fellt með 9 atkv. gegn 1
    b. þar með fallið.
17. Nefndarinnar 6. grein samþykkt með 7 atkv.
18. Frumvarpsins 5. grein þar með fallin.
19. Nefndin, að 6. grein falli burt, fellt með 6 atkv. gegn 3.
20. Frumvarpsins 6. grein samþykkt með 9 atkv.
21. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar felld með 6 atkv. gegn 4.
22. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt með 7 atkv.
23. Hvort frumvarpið þannig lagað skuli ganga til 3. umræðu, samþykkt með 9 atkv.

Þriðja umræða í efri deild, á 35. fundi, 13. ágúst

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 347—48.

Breytingartillaga I 347.

Árni Thorsteinsson (framsögumaður) ljet í ljósi, að mál þetta hefði svo ýtarlega verið rætt við síðustu umræðu, að hann vildi nú að eins gjöra grein fyrir því, að frumvarpsins 6. gr. þyrfti leiðrjettingar við, þar eð hún hefði haggazt til, og breytingaratkvæði nefndarinnar væri breytt í sömu stefnu sem frumvarpið, er kom frá neðri deildinni. Hvað þannig þessa grein frumvarpsins snerti, þá hljóðaði hún um kaupmenn, er eigi hefðu leyst borgarabrjef, og um tollgreiðslu og sóttvarnir, og kæmi nú stærri hegning fyrir brot gegn tollgreiðslu og sóttvörnum en þó kaupmenn ræku verzlun í kaupstöðum án þess að hafa leyst borgarabrjef; hann ætlaði sjer eigi að fara lengra út í málið, en að eins mæla með breytingum nefndarinnar.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um breytingaratkvæði nefndarinnar (I 347) og var það samþykkt með 10 atkvæðum.

— Síðan ljet hann ganga til atkvæða um frumvarpið í heild sinni, og var það samþykkt með 10 atkv., og síðan sent til neðri deildarinnar.

Ein umræða í neðri deild, á 44. fundi 16. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 368—69.

Nefndarálit I 409.

Var frumvarpið umræðulaust samþykkt óbreytt í einu hljóði.

Síðan var það afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XV. BRENNIVÍNSTOLLUR, *A.*

Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dagsettum 11. febrúar 1876. Sjá I. 22.—23.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 5. fundi, 7. júli.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg vil geta þess, áður jeg legg frumvarp þetta fyrir deildina, að það er eiginlega ekki frá mjer, eða byggt á minni tillögu, heldur er það svo til orðið, að áður en jeg fór til þings, var haldinn almennur fundur í kjördæmi mínu, og þar var þetta frumvarp borið upp; var allur þorri fundarmanna frumvarpinu meðmæltur, og jeg einn talaði þá móti því, og reyndi að sýna fram á ýmsa annmarka, sem mjer þóttu vera á því. Samt álít jeg það skyldu mína, að koma með það hjer á þingið, þar eð jeg get vel trúað því, að kjósendur mínir hafi ef til vill haft rjettari skoðun á þessu máli heldur en jeg, því að betur sjá augu en auga; en ekki hefur skoðun mín breytzt síðan. Tilgangur þessa frumvarps er óneitanlega góður, sá, að afstýra vínd rykkju, sem er allt of mikil vor á meðal. Ef frumvarpið verður að lögum, þá er það sama, sem að banna innflutning á áfengum drykkjum. Jeg var þegar á fundinum hræddur um, að vjer þingmenn værum ekki svo miklir bindindismenn, að slíkt frumvarp sem þetta mundi fá framgang á þessu þingi, og að það yrði því til falls, að gjaldið á áfengum drykkjum er svo gífurlega hækkað upp úr því sem það er nú; mín tillaga var reyndar að hækka gjaldið, en ekki svona gífurlega, sem gjört er í frumvarpinu. Tilgangur aðflutningsgjaldsins ætti að vera tvöfaldur, bæði að takmarka nautn áfengra drykkja í landinu, með því að gjöra þá dýrari, og í annan stað að auka tekjur landssjóðsins. Nú held jeg raunar, að landssjóðurinn þurfi ekki svo mjög tekjuhækkunar við, og því er það skoðun mín og margra annara, sem jeg hef átt tal við, að um leið og þetta gjald er

hækkað, ætti að af nema eitthvert annað gjald til landssjóðs, t. d. lestagjaldið, sem kemur mjög ósanngjarnlega niður og lendir langþyngst á nauðsynjavöru, sem tekur upp mest rúm í skipunum, svo sem korn, salt, kol o. s. frv. Þegar á þetta allt er litið, vona jeg að þingmenn sjái, að ekki er vert að kasta málinu við 1. umræðu, þó þeim líki eigi frumvarpið allskostar. Hjer á ekki við að fara út í einstök atriði, en ef frumvarpið fær að ganga áfram til 2. umræðu, þá mun jeg leitast við að skýra glöggvar einstök atriði þess, og þá mætti koma með breytingaratkvæði við það, ef þingmönnum sýnist svo.

Páll Pálsson prestur kvaðst hafa sjeð ýmsar bænarskrár á lestrarsalnum, er færu í líka stefnu og frumvarp þetta, og stakk því upp á, að kosin væri sjerstök nefnd í þessu máli, er þá einnig gæti tekið bænarskrárnar um sama efni til íhugunar.

Forseti kvað ekkert vera því til fyrirstöðu að kjósa nefnd í þessu máli, en þeirri nefnd gæti ekki orðið falin þau mál, sem kunna að vera í undirbúningi hjá þingmönnum, og sem ekki enn eru komin fyrir sjónir þingmanna. Þar á móti væri ekkert auðveldara en vísa til þeirrar nefndar, sem nú yrði kosin, þeim málum, sem síðar yrðu fram lögð, ef þau að segja yrðu þannig löguð, að þau gætu samrýmzt þessu máli, sem nú er fyrir til umræðu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um hækkunina á aðflutningsgjaldinu, því að sjálfsagt má segja margt bæði með og móti henni, en þar eð 1. þingmaður Eyfirðinga gat um, að komið hefði til tals að af nema lestagjaldið, um leið og þetta gjald er hækkað, þá vil jeg benda á, að nauðsynlegt er að hafa hliðsjón til fjárhags landssjóðsins yfir höfuð, þegar slíkar breytingar eru gjörðar. Jeg vil því stinga upp á, að 2. umræðu um þetta frumvarp verði frestað, þangað til fjárlaganefndin er komin svo langt áleiðis með störf sín, að sjá megi, hver áhrif þetta hefur á fjárhaginn.

Benedikt Sveinsson: Það er einkum eitt atriði, sem knýr mig til að styðja að því, að nefnd verði sett í mál þetta, atriði, ekki eiginlega í frumvarpi þessu, heldur í lögunum 11. febr. 1876 um breyting á tilskipun um gjald á brennivíni dags. 26. febr. 1872, sem þetta frumvarp aptur stingur upp á breytingu á, og svo sambandið, sem þetta frumvarp stendur í við lög þessi. Það er má ske mörgum þingmönnum kunnugt, að mikill ágreiningur hefur verið um skilninginn á 1. og 3. málsgrein 1. greinar, og hefur ráðgjafi Íslands skorið úr þeim ágreiningi á þann hátt, sem að vísu er praktiskur, og tekur af allan vafa um það, hvernig eigi að innheimta gjaldið, en jeg get þó ekki verið fullkomlega sannfærður um að skilningur ráðgjafans sje rjettur, eptir tilætlun alþingis með lögunum. Ráðgjafinn hefur sem sje skorið svo úr, að undir 1. tölulið 1. greinar heyri að eins danskt brennivín og vínandi, en allir aðrir áfengir drykkir, svo sem cognac og romm heyri undir 3. tölulið, þó að þær víntegundir hafi eins mikinn eður meiri styrkleika. Þessa ónákvæmni, eða rjettara óglöggleika í lögunum ætti að leiðrjetta, ef breyting verður gjörð á þeim á annað borð, og enda hvort sem væri. Þá ber þess og að geta, að jeg ætla, að orðið «vínföng» í 3. málsgrein sje víðara en orðin »spirituöse Drikkevarer» í danska textanum, en af því flýtur, að tollskyldan verður önnur eptir íslenzkunni, og önnur eptir dönskunni í sömu lögunum. Margt mætti fleira nefna. Jeg mæli því með að setja nefnd í málið, til að endurbæta tolllögin yfir höfuð, svo þau verði svo ljós, sem framast má verða.

Tryggvi Gunnarsson kvaðst vera með því, að nefnd væri skipuð í mál þetta, en af því hjer væri að ræða um að auka eða

rýra gjald til landssjóðsins, sem miklu mundi nema, þá stakk hann upp á því, að vísa frumvarpinu til fjárlaganefndarinnar.

Benedikt Sveinsson: Ef að það væri hinn eini og aðaltilgangur frumvarpsins, að lækka eða hækka tekjur landssjóðsins, þá skyldi jeg fúslega greiða atkvæði með því, að vísa því til fjárlaganefndarinnar, en þar eð það mun með fram og sjer í lagi vera tilgangurinn, að sporna við óþarfa-aðflutningi áfengra drykkja, þá álít jeg málið ekki snerta fjárlaganefndina, heldur sje það betur komið í sjerstakri nefnd.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla móti nefnd í þessu máli, því að jeg álít að það eigi ekki að ná að komast til 2. umræðu. Jeg ímynda mjer, að það sje öllum ljóst, að verði þessi lög samþykkt, þá er það sama sem að banna allan aðflutning áfengra drykkja, og væri þá rjettara, að láta lögin hljóða þannig, því að mjer finnst það hálfhlægilegt, að ákveða þennan afarháa toll, að leggja toll á vöru, sem er 5 eða 6 sinnum meiri en verð vörunnar. Sízt af öllu vil jeg fallast á, að af nema lestagjaldið, því að það væri einungis að minnka tekjur landssjóðsins kaupmönnum í hag, án þess aðrir hefðu nokkurn hagnað af því, heldur þvert á móti skaða, af því að sá tollur, sem lagður væri á í staðinn, lenti á landsbúum. Jeg álít óþarfa, að af nema lestagjaldið, sem aldrei hefur verið óvinsælt, og það mun reynast, að vörur lækka alls ekki í verði fyrir það. Jeg álít líka ísjárvert og jafnvel fyrir neðan virðingu þingsins, að breyta því nær á hverju þingi tolli af áfengum drykkjum. Sá tilgangur, að ofdrykkjan minnki við hækkunina, verður að nást á annan veg, verður að nást með því, að menn sjái sóma sinn.

Grímur Thomsen: Þó mjer detti ekki í hug að fallast á þetta frumvarp óbreytt, þá getur það þó tekið svo miklum umbótum, að hvorumtveggja tilganginum geti orðið náð, bæði að auka tekjur landssjóðsins og minnka óþarfa aðflutning áfengra drykkja. Það getur ekki verið spursmál um, að halda upphæðunum í frumvarpinu óbreyttum, heldur þarf að reyna að finna hina hæfilegu upphæð tollsins, að þessum tvöfalda tilgangi verði náð. Ef þar að auki á að af nema lestagjaldið, sem nú á fjárhagstímabilinu er talið allt að 80,000 kr., þá þarf tollurinn að vera svo hár, að það sem tapast á lestagjaldinu, vinnist upp á honum, og þarf því sama nefnd að fjalla um bæði málin. Lestagjaldið er mjög óhentugt gjald, og þó máske kaupmenn hefðu hag af því, eins og meðþingmaður minn úr Gullbringusýslu sagði, þá ber þinginu eins að líta á þeirra hag eins og annara; þar að auki er þetta ekki síður hagur landsmanna en kaupmanna, því að vörur munu eðlilega að sama skapi lækka í verði. Ef Spánverjar t. d. eptirleiðis senda tóm skip hingað eptir saltfiski, máske gufuskip, þá munu þeir gefa meira fyrir saltfiskinn, ef þeir losast við tollinn, heldur en ef þeir eiga að gjalda 2 kr. af hverri smálest. Jeg legg það til, að málinu sje vísað til fjárlaganefndarinnar.

— Þá var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 17 atkv.; uppástunga um að kjósa sjerstaka nefnd í málið felld með 17 atkv. gegn 3, en uppástunga um að vísa því til fjárlaganefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 10. fundi, 12. júlí.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson) tók frumvarpið aptur, með því að fjárlaganefndin, sem hann var einn í, hafði samið nýtt frumvarp um sama efni (sjá næsta mál hjer á eptir).

XVI. BRENNIVÍNSTOLLUR. *B.*

Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dags. 11. febr. 1876, og tilsk. 26. febr. 1872. Frá fjárlaganefndinni. Sjá I 85—86.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 10. fundi, 12. júlí.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Það bar svo bráðan að með frumvarp þetta, að ekkert nefndarálit fylgir því. Nokkrum þingdeildarmönnum hefur komið saman um, að ráðlegt væri, að af nema lestagjald, sem ákveðið er með lögum 15. apríl 1854. En af því að lestagjald þetta gefur af sjer rúmar 40,000 krónur (reyndar ganga þar frá 10000 krónur, sem stjórnin tekur, sem sje lestagjald af póstgufuskipinu), þótti nauðsynlegt að fá aðrar tekjur, með því að stinga upp á nokkurri hækkun á gjaldi á brennivíni. Hækkun sú, er hjer er farið fram á, er hjer um bil 50%; hækkunin er að eins á brennivíni, en engin á öli, rauðavíni nje messuvíni. Frumvarp þetta er fjárhagslegt frumvarp, er miðar til þess með tolli að öðlast tekjur, sem óskast af numdar með öðru frumvarpi. Það er almennt skoðun manna, að lestagjaldið sje ósanngjarnt, af því að það leggst einkum á þungavörur: korn salt, kol, o. s. frv. Það leggst t. a. m. á enga eins þungt, og kaupmenn þá, sem sækja sauði, og á Spánverja, sem sækja saltfisk hingað. Nokkrir þeirra þingdeildarmanna, sem nú eru hjer, hafa og áður stungið upp á, að gjald þetta yrði úr lögum numið. Að vísu kann nokkur efi að vera á því, hvort allt þetta gjald næst á fjárhagstímabili því, er nú fer í hönd; en þó er líklegt að svo verði að mestu leyti. Sumir hafa látið það í veðri vaka, að það væri viðurhlutamikið að nema af lestagjaldið, nema einhver nýr tollur kæmi í staðinn; en mjer virðist of djarft, að fara að leggja á nýjan toll nú á hinu síðasta ári í kjörtímanum. Það er hægt á næsta þingi að stinga upp á nýjum tolli. Kunnugir menn hafa og fullvissað mig um, að lestagjaldið muni nást með frumvarpi því, er hjer liggur nú fyrir; þeir hafa sagt mjer, að þó brennivínstollurinn hækkaði um það, er gjört er ráð fyrir í frumvarpi þessu, þá mundi eigi hætt við því, að óhófið hjer á landi og brennivínsnautnin minnkaði svo, að upphæð lestagjaldsins mundi eigi nást með tollhækkun þessari. Það hefur áður verið ákveðið, að gjaldið skuli eigi greiðast á annan hátt en í peningum; en til þess að gjöra kaupmönnum greiðara fyrir með lúkning gjaldsins, hefur sú ákvörðun verið tekin upp í frumvarpið, að gjaldið megi og greiðast með vixlbrjefi (Vexel), er borgist við framvísun (Sigt), eða 3 mánuðum eptir dagsetning, og hljóði upp á verzlunarhús, er reikningshaldari tekur gilt. Að öðru leyti fel jeg málið velvild deildarinnar, og vona að hún leyfi málinu að ganga til 2. umræðu; en nefnd ætla jeg enga nauðsyn að kjósa.

Þar eð eigi tóku fleiri til máls, bar forseti undir atkvæði deildarmanna, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 17 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 14. fundi, 17. júlí.

Breytingartillögur: I 124. 129.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Jeg vil leyfa mjer að geta þess með tilliti til breytingaratkvæðis 1. þingmanns Árnesinga, að jeg get fellt mig við það allt að I. 4., því að þá skil jeg ekki annað, en að hann komist í mótsögn við sjálfan sig. Undir I. 2. segir hann: «af hverjum potti áfengra drykkja, hverju nafni, sem nefnast» o. s. frv.; en þá verð jeg að spyrja, hver eru þessi önnur vínföng, sem hann talar um undir I. 4. Eptir því, sem jeg skil, þá er hann þegar búinn að tæma öll þau vínföng, sem jeg þekki til. En ef hann getur sannað mjer, að það geti komið fyrir, að önnur vín flytjist, en þau, sem nefnd eru undir I. 1., 2., 3., þá skal jeg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti að fallast á uppástungur hans.

Benedikt Sveinsson: Það var ekki meining mín með breytingaratkvæði því, sem hjer

liggur fyrir, að gjöra nokkra aðalbreyting á tolllögum, heldur vildi jeg að eins að það gerði lögin glöggvari og sjálfum sjer auðsjáanlega samkvæmari í aðalatriðum þeirra. Samkvæmt þessu munu þingmenn sjá, að í breytingaruppástungunum er þeirri hinni sömu flokkaskipun haldið sem í lögunum 11. febr. 1876 eru ákveðin; hún er að eins nákvæmari. Eins og jeg hef áður bent á, hafa menn að vísu fengið ráðherrabrjef, sem ákveður glöggt um það, hvernig tollinn eigi að krefja. En í þessu ráðherrabrjefi stendur, að við áfenga drykki eigi að eins að skilja danskt brennivín, og hreinan vínanda; öll önnur vín eru undanskilin vínandastyrkleikanum, jafnvel þó í tollskránni sje tilgreindur styrkleiki þeirra. Nú get jeg ekki betur sjeð, hvort sem lögin eru miðuð við það augnamið að fá meira fje í landssjóð með honum, eða þá hitt, að setja skorður fyrir of miklum aðflutningi og of mikilli nautn áfengra drykkja, — en að eðlilegast og sjálfsagt sje að tollurinn sje miðaður við styrkleika vínsins, eins fyrir þann áfengann drykk, sem aðrar þjóðir kalla «cognac», «whisky» og svo framvegis, eins og það vín, sem Danir kalla brennivín, þegar þau þá hafa þann sama eiginlegleika, sem grundvallarhugsun laganna styðst við. Að því er snertir það atriði, hvernig skilja eigi 4. tölulið, skal jeg geta þess, að undir hann heyra sjálfsagt öll önnur svokölluð fín vín, svo sem «portvín», «madeira», o. s. frv., sem eigi er venja til að nafngreina vínandastyrkleika á í tollskránum, og enn fremur þau vín, sem engan vínanda hafa í sjer, svo sem «cider», mjöður, o. s. frv. hverju nafni sem nefnast. Mjer þykir sem sje ósanngjarnt, að úr því að borgaður er tollur af allskonar öli, svo sem hvítu öli, og «dobbelt»-öli, að þá sje eigi líka greiddur tollur af þeim öðrum fínu og dýru drykkjum, sem eru án vínanda. Undir 1. og 2. tölulið heyra þá allir áfengir drykkir, sem vanalega eru tilfærðir á tollskrá með styrkleika, svo sem brennivín, romm og «cognac». Undir 4. tölul. heyra hin önnur vín, án alls tillits til vínandastyrkleika þeirra. Þetta getur hver skilið, sem skilning hefur og skilja vill. 3. töluliður er viðauki. Í endanum á 3. málsgrein stendur: «Skal greiða sama gjald af hverjum þremur pelum, sem af pottinum í stærri ílátum». Hjer er engin regla gefin fyrir því, hvernig fara skuli með vín í ílátum, sem taka rjettar 2 merkur; eptir þessari grein þarf jafnvel engan toll að borga af því víni, sje greinin skilin eptir strángum hugsunarreglum. Mjer er þetta ekkert kappsmál, en jeg vildi bara vita, hvort mönnum þætti ekki ástæða til að gjöra lögin greinilegri, en þau eru, svo greinileg, að heilbrigð skynsemi gæti leiðbeint tollgreiðendum og tollheimtumönnum til að vita, hvað þeir eigi að gjalda og gjöra.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hef farið í gegnum breytingaratkvæði þetta og finn ekkert í því, sem jeg geti samþykkt, í þeim greinum, sem það víkur frá frumvarpinu. Í 2. tölul. 1. gr. stendur, að «af hverjum potti áfengra drykkja, hverju nafni sem nefnist, með 12° styrkleika, og þar yfir, og með 8° styrkleika og minna» skuli goldið í toll 30 a. Undir þessa lýsing geta komizt alls konar vín; þó stendur undir 4. tölul., að «af öllum öðrum vínföngum skal greiða 45 a.» Í frumvarpinu stendur: «af brennivíni og vínanda frá 8° til 12°, skal greiða 45 a.; og af öðrum vínföngum, þó minni styrkleika hafi, 45 a. Þessi ákvörðun í frumvarpinu er miklu ljósari, en í breytingartillögunni, því þó þar eigi að vera meiningin, að ná hærra gjaldi, af «cognaci» og rommi, sem er frá 8° til 12°, þá er það misskilningur, því eptir sjálfu frumvarpinu er gjaldið hið sama. Sje 2. grein laganna felld úr, þá má greiða toll af því víni, sem fer niður á leið til Íslands, en það sjá þó allir, að eigi er sanngjarnt, að gjalda af því. Jeg álít frumvarp fjárlaganefndarinnar að öllu leyti miklu betra en þetta breytingaratkvæði, og óska, að frumvarpið verði samþykkt, óbreytt.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er sannfærður um, að það veldur engum misskilningi þótt pottmálið vanti, það er eigi almennt að flytja í pottflöskum, heldur annað-

hvort í stærri eða minni ílátum. Viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu, að eigi skuli greiða toll af þeim vínanda, sem hafður er til lyfja, var það ætlun mín, að það væri eigi tilgangur deildarinnar, að þessi lög yrðu til þess, að lyf yrðu dýrari. En ef greiða skal 60 aura af hverjum potti, þá gjörir sá tollur lyfin dýrari, því að vínandi er hafður í mörgum lyfjum. Krüger lyfsali hefur sagt mjer, að í mörgum lyfjum væri 16% af vínanda; þau hljóta því að verða dýrari en svo, að lyfsalar geti haft sitt upp úr þeim; almenningur vill hafa þau sem ódýrust, og jeg sje enga ástæðu til að gjöra sjúklingum þau eigi sem ódýrust. Ef þessi tollur kemst á, verða lyfsalar að fá breytt lyfsalaskránni, fyr hafa þeir ekki leyfi til að setja upp, því að ekki er að gjöra ráð fyrir, að þeir brjóti nein lög; það er auðvitað, að þeir fá skránni breytt, og þá verða lyfin líka dýrari, en mjer finnst sanngjarnt, að þeir hafi ekki meiri útgjöld en nauðsyn krefur, og því síður, að almenningur þurfi að kaupa þau dýrari en þörf gjörist. Að öðru leyti er mjer þetta ekkert kappsmál.

Framsögumaður (Gr. Th.): Jeg er nú kominn í skilning um, hver vínföng þingmaður Árnessýslu meinar með orðunum: «öll önnur vínföng». En þar sem hann í 2. tölulið breytingaratkvæðisins er búinn að tala um alla áfenga drykki, þá getur ekki komið undir 4. tölulið annað en «cider». En í lögum, sem ákveða toll af áfengum drykkjum, sjer þingmaðurinn, að eigi er sanngjarnt að koma með óáfenga drykki. Þessu þyrfti þingmaðurinn að víkja við við 2. umræðu. Hann talaði um, að lögin væru ógreinileg með tilliti til ílátanna, en jeg skal geta þess, að þau orð, sem lúta að ílátunum, eru tekin upp úr eldri lögum og hafa aldrei, að því er jeg veit, valdið misskilningi, og tekjur landssjóðsins hafa aldrei rýrnað við það. Jeg verð því að efast um, að það sje nokkuð hentugra, að taka þann part breytingaratkvæðisins.

Þá kem jeg til I. töluliðs, þar vill hann byggja þeirri grein út, sem á að ráða bót á þeim ójöfnuði, sem kaupmenn optsinnis hafa kvartað um, að þá er þeir koma með mikið af víni, þá verða þeir að greiða toll fyrir fram í peningum af því, sem þeir ef til vill fá eigi selt á 1 eða 2 árum, þar sem þeir í öðrum löndum mega greiða gjald þetta eptir hendinni. Hjer er reyndar ekki «Creditoplag» eins og í Danmörku, til að gjöra kaup hægri, en hægra er að borga með ávísunum, en með peningum allt út í hönd, sjálfsagt er að verzlunarhúsið sje áreiðanlegt; jeg verð því að álíta, að þessi grein sje góð rjettarbót. Í III. tölulið breytir hann 2. gr. í lögum 11. febrúar 1876, sú breyting hans kemur ekki voru frumvarpi við, vjer breyttum að eins með því 1. grein tjeðra laga, en ekki fleiri greinum.

Benedikt Sveinsson: Jeg held máli þessu, eins og jeg sagði, ekki til kapps; jeg gjörði breytingaratkvæði þetta af því, að mjer þóttu lögin ekki lík því að vera nógu ljós, og til þess að deildin gæti valið eða hafnað milli hins betra og hins verra. Jeg sje enga ástæðu til þess að þingið vægi til með það að tollskrárnar sjeu sem bezt úr garði gjörðar. Viðvíkjandi 2. grein er jeg fús á að ráðfæra mig við varaforseta. Með «víxlbrjefum» veit jeg ekki, hvað fjárlaganefndin meinar, jeg hef ávallt álitið, að ávísun frá íslenzkum verzlunarstjórum, það væri sama sem vexel í Danmörku, og sú setning hefur jafnan gilt í «theori» og «praxi», en mjer er óljóst, hvort víxlbrjef í eiginlegum skilningi hafa gildi á Íslandi, en hitt veit jeg, að ávísanir hafa fullkomið gildi. Og má jeg spyrja? getur maður talað um vexel, án þess að fara út í löggjöfina um stimplaðan pappír, sem ekki er gild á Íslandi? Í frumvarpinu stendur: «upp á það verzlunarhús, sem reikningshaldari tekur gilt», þetta er annað hvort nýmæli, eða þá þýðingarlaus ákvörðun. Reglan er að reikningshaldari má ekki taka gilda ávísun nema upp á áreiðanleg verzlunarhús, en það er ekki nefnt hjer. Sje meiningin með þessari ákvörðun sú, að hagga tryggingu landssjóðsins, er hún óhafandi,

sje hún það ekki, er hún þýðingarlaus, nema ef vera skyldi til þess, að enginn sýslumaður tekur framar nokkra ávísun eða vexel gildan, því sýslumenn eru þá eigi skyldir til að vera ábyrgðarmenn kaupmanna fyrir tollgreiðslunni.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Eptir lögunum álít jeg ekki rjett að taka ávísan, sem góða og gilda borgun, en álít það, sem nýmæli, en get ekki lád hinum háttvirta landshöfðingja, þó hann hafi látið það viðgangast, því það er mannúðlegt, en eptir lögunum virðist mjer að eins megi greiða í peningum. Við III. gr. vildi jeg helzt enga breyting að efninu til, en skal vera manna fúsastur að taka breytingum á orðfærinu. Að öðru leyti vævi fróðlegt að heyra, hvað verzlunarfróðir menn dæma um þetta mál.

Landshöfðingi: Hinn háttvirti varaforseti hefur aldrei nema svo rjett að mæla í því, er hann sagði, að það væri ekki beinlínis ákveðið í lögunum, að tollgjaldið megi borga með ávísunum. Það er satt, sem hjer hefur komið fram í þessu máli, að hart væri að leggja toll á vínanda þann, sem lyfsalar brúka, þar sem lyfsalinn á hinn bóginn er lögbundinn með verð á sínum vörum, (Medicinaltaxt), en samt virðist mjer að slík undanþága ætti að vera bundin því beinlínis skilyrði, að vínandinn væri brúkaður til meðala eingöngu og virðist mjer þetta mætti nægja, þar sem læknar eru skyldir til að kaupa lyf sín hjá lyfjasölumanninum.

Tryggvi Gunnarsson, Það er mikill hagur fyrir kaupmenn, að þeir mega greiða tollinn með ávísan, í staðinn fyrir að senda peninga, og borga af þeim ábyrgðargjald, og rentur, en landssjóðnum með öllu skaðlaust, því peningarnir koma til hans jafnsnemma með þessum hætti; en þessi hagnaður kaupmanna getur aptur, þeim að skaðlausu, komið landsmönnum til góðs í vægara verði á vörunum.

Áður en jeg get fallizt á það, sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga og landshöfðingi sögðu, þækti mjer fróðlegt að fá að heyra verð það á vínandanum, sem lyfsalar hafa leyfi til að selja eptir. Eptir því sem jeg bezt veit, mun það verð geta verið fleira en eins konar, eptir því hvort þeir selja í stórum eða litlum mæli; geti nú lyfsalar haft allt að 5 krónum upp úr hverjum potti, sem þeir kaupa fyrir 60 a. þá er ekki ástæða til að losa þá við tollinn, og vildi jeg því fyrst fá að sjá »Medicinaltaxtann», áður en jeg fellst á þetta breytingaratkvæði.

Halldór Kr. Friðriksson: Þessi vínandi, sem lyfsalar venjulegast hafa til lyfja, er »spiritus rectificatus, og er miklu dýrri en sá vínandi, sem kaupmenn flytja, enda er svo dýr, að lyfsalar gjöra ekki betur en hafa sitt upp úr honum, er þeir skulu selja hann eptir taxtanum. Jeg er samdóma hinum háttvirta landshöfðingja í því, að sjá sem bezt um, að auðið er, að lyfsalar fái eigi tollfrelsi á öðrum vínanda en þeim, sem þeir hafa til lyfja, og ef til vill mætti banna lyfsölum að selja hann öðrum. Að öðru leyti skal jeg ekki neita, að mjer virðist það fremur hart fyrir lækna, að þurfa endilega að kaupa lyf sín hjá lyfsölum, enda efast jeg um, að því alstaðar sje fylgt.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Mjer skilst ekki betur, en að hinn háttvirti þingmaður, er nú síðast talaði, væri fús á að taka aptur breytingaruppástungu sína, og þess vildi jeg óska, því mjer virðist hún næsta viðsjál. Væri allur sá spíritus, sem lyfsalar brúka, alveg undan þeginn tolli, gæti það munað landssjóðinn miklu. Jeg vona því, að hann vilji breyta uppástungu sinni, því meining hans mun varla hafa önnur verið en sú, að vilja frýjast við hinn hærri toll, sem stungið hefur verið upp á, og mætti það vel gjöra áður málið kæmi til 3. umræðu, en ætti breytingaratkvæðið að berast upp eins og það nú liggur fyrir, álít jeg næstum því nauðsynlegt að það yrði fellt.

Forseti leitaði þá atkvæða, og fjellu þau þannig:

Breytingaratkvæði 1. þingmanns Árnesinga (I 124),

I. 1.—2. voru felldir með 18 atkv. gegn 2.

I. 3. felldur með 17 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, þannig að

»já« sögðu:
Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Páll Pálsson, prestur,
Þorsteinn Jónsson.

»Nei« sögðu:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Friðriksson.
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen.
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

I. 4. felldur með 14 atkv. gegn 3. Við þessa atkvæðagreiðslu í sambandi við atkvæðagreiðsluna um frumvarpið sjálft voru hin atriðin í nefndu breytingaratkvæði álitin sjálffallin.

Breytingaratkvæði þingmanns Reykvíkinga (I 129) var fellt með 16 atkv. gegn 3.

Eptir það var frumvarpsins

1. grein samþykkt með 19 atkv.
2. — —— — 14 —
3. — —— — 20 —
4. — —— — 20 —

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu og málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild, á 16. fundi. 19. júlí.

Breytingartillaga I 144.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Eptir breytingaratkvæði því, sem hjer er framkomið við 1. grein, yrðu lyfsalar öllum tolli undan þegnir, og væri þetta rjett, ef þeir biðu halla í atvinnu sinni vegna tollsins, en því er ekki svo varið. Taxtinn frá 1. júlí 1878 sýnir, að kostum þeirra er ekki þröngvað; t. a. m. af *alcohol-spiritus* mega þeir selja 50 grömm á 45 aura, og verður þá potturinn á 7 kr. 56 a., og þar að auki mega þeir taka 10 af hundraði fram yfir það, sem er í Danmörku. Af *spiritus concentratus* selja þeir 50 grömm á 23 aura, pottinn þannig á 3 kr. 86 a. Veikari spíritus selja þeir frá 18—12 aurum hver 50 grömm, sem gjörir um 3 kr. pottinn, og finnst mjer ekki ástæða til að ívilna þeim mönnum, sem gefið er leyfi til að selja eins dýrum dómum og lyfsölum, sjer í lagi þegar þeir selja í dropum, og losa þá undan öllum tolli; en hitt væri má ske áhorfsmál að láta þá gjalda hinn lægri toll.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virðist eðlilegast að landsbúar fái lyf þau, er þeir þarfnast í veikindum sínum, við svo lágu verði sem auðið er, en það er þó auðsætt, að því dýrari sem vínandinn verður, því dýrari hljóta lyfin að verða, sem hann er hafður í. Vínandi sá, sem læknar og lyfsalar hafa til lyfja, er og auk þess miklu dýrari en sá, sem kaupmenn selja. Mín tilætlun var engan veginn sú, að vilna lyfsölunum í, heldur landsmönnum sjálfum, sem á lyfjunum þyrftu að halda.

Framsögumaður (Gr. Th.): Þar sem það er brúkað fyrir ástæðu til að af nema tollinn, að verð lyfjanna mundi lækka við það, þá er jeg nú reyndar hræddur um að taxtinn gamli mundi fá að standa óhaggaður eptir sem áður, og að lyfsalar selji eptir taxtanum, en ekki eptir því, hvað kaupanda er til ljettis.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg þóttist hafa tekið það full skýrt fram, að það var landsbúum sjálfum, en ekki lyfsölunum, sem

jeg vildi ívilna, með þessari ívilnun um tollinn, því að verð lyfjanna hlýtur að hækka við tollálöguna, með því að lyfsalar munu fá því fram gengt, að mega selja lyfin þeim mun dýrari en áður, sem tollinum nemur.

Framsögum. (*Gr. Th.*): Mjer virðist þetta samt viðsjált ekki sízt vegna smáskamtalæknanna, sem gjöra má ráð fyrir að fjölgi, og gætu þá býsna margir orðið undan þegnir gjaldi þessu, og þó lyfin hafi verið full dýr áður, virðist mjer litlu skipta þó þau hækkuðu lítið eitt í verði fyrir toll þennan.

Forseti leitaði þá atkvæða, og var breytingaratkvæði 6. þingmanna við frumvarpið fellt með 11 atkvæðum gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson (prestur),
Snorri Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Páll Pálsson (bóndi),
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson,

og frumvarpið síðan óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 19. fundi, 23. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, (sjá I 157).

Bergur Thorberg lagði það til, að málinu væri vísað til nefndar þeirrar, er sett hafði verið í málið um frumvarp til laga um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi.

Var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Framhald 1. umræðu í efri deild, á 30. fundi, 7. ágúst.

Nefndarálit: I 266—268.

Framsögumaður (*Árni Thorsteinson*) kvaðst skyldi leyfa sjer að geta þess, að sjer fyndist eigi ástæða til að ræða frumvörpin að þessu sinni; þau væru flókin, og menn mættu ekki fara út í hinar einstöku greinir eða atriði. Hann ætlaði sjer því eigi að tala í þessu máli nje hinu næsta, nema ef ræður annara þingmanna gæfu sjerstakt tilefni til þess.

Fleiri tóku eigi til máls, og var málinu þá skotið til 2. umræðu með 9 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 33. fundi, 11. ágúst.

Landshöfðingi kvaðst vera hinni heiðruðu nefnd samdóma um það, að nauðsynlegt sje, ef lestagjaldið verði af numið fyrir fullt og allt, að hækka tollinn á áfengum drykkjum með 50%, minna má það í því tilfelli eigi vera, enda er jeg fyrir mitt leyti hræddur um, að með þessari hækkun verði ekki útveguð landssjóðnum nægileg uppbót fyrir lestagjaldið, jeg vona, að hækkunin muni leiða til þess, að færa nautn landsmanna á áfengum drykkjum niður, og þetta mun vissulega vera hin æskilegasta afleiðing þessarar hækkunar. Hann sagðist og vera nefndinni samdóma um það, að æskilegt væri að breyta 2. gr. frumvarpsins að svo miklu leyti að þar er við haft orðið «víxlbrjef», þar sem, eptir því sem hagar til hjer á landi, óhagfellt væri að nota víxla í rjettum skilningi þessa orðs. En það hefur líklega ekki verið tilgangur neðri deildarinnar að innleiða víxla í þessum skilningi, heldur hefur hún að mínu áliti við haft orðið í sama skilningi og «ávísun», og mjer virðist í sjálfu sjer æskilegt að löghelga (legalisere) þá venju, sem við

gengizt hefur með tilliti til borgunar á tollgjaldinu og öðrum tekjum landssjóðsins, og mun þetta í raun og veru vera gjaldendum og landssjóðnum og gjaldheimtumönnum hans í hag, þar sem hjer við mun sparast flutningskostnaðurinn á peningunum. En það segir sig sjálft, að gjaldheimtumaðurinn á að hafa alla ábyrgð á ávísun þeirri, er hann tekur gilda, eins og líka hingað til hefur verið skipað fyrir í umburðarbrjefum þeim, sem hafa leyft borgun á þessum gjöldum með «Sigt» ávísunum. Jeg skal þess vegna skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki finni ástæðu til að taka aptur uppástunguna um að 2. gr. falli burt, en við 3. umræðu breyta þessari grein á þá leið, sem jeg hef leyft mjer að benda að.

Framsögumaður (*Á. Th.*) kvaðst vera hinum háttvirta landshöfðingja þakklátur fyrir undirtektir hans í málinu; hann hefði þó verið á móti því, að 2. gr. falli burtu; að gefa reikningshaldara leyfi til að taka ávísanir áleit nefndin eigi rjett að ákveða, það yrði að vera sök milli hans og greiðandans, en hann kvaðst þó vilja bera sig saman við meðnefndarmenn sína, hvort þeir vildu taka upp slíka ákvörðun. Hann hefði verið landshöfðingjanum enn þakklátari, ef hann hefði skýrt frá því, hvort stjórnin, um leið og tollurinn væri hækkaður, mundi vilja gjöra mönnum hægra fyrir með greiðslu tollsins. Eins og nú hagaði til, væru þetta opt mikil fjárútlát fyrir kaupmenn, þar sem tollinn yrði að greiða strax, þegar skipið væri komið á höfn, og væri því æskilegt, að því fyrirkomulagi yrði sem fyrst breytt. Hvað snerti breyting nefndarinnar við 3. grein, þá væri það að eins orðabreyting.

Landshöfðingi sagðist vilja bæta því við, að 2. gr. frumvarpsins hefði verið tekin inn samkvæmt aðfinningum þeim, sem yfirskoðendur landsreikninganna hafa tekið fram með tilliti til tollgjaldsins. Hvað það snerti að koma »Creditoplag« á, þá kvaðst hann skyldi hugleiða það nákvæmar.

Eirikur Kúld sagðist hafa lesið uppástungu um það, að því væri ljett af að greiða gjaldið, áður en vörurnar væru seldar, og vildi hann þakka hinum hæstvirta landshöfðingja fyrir hinar góðu undirtektir hans í þetta, og kvaðst treysta því, að stjórnin mundi bráðum gjöra gangskör að því, að kaupmönnum yrði gjörður greiðari vegur að því, er snerti greiðslu gjaldsins. Hann kvaðst ímynda sjer, að það mundu verða litlar torfærur á þessu, og kaupmönnum væri þetta sá hagnaðarauki, að þeir mundu vilja leggja nokkuð fram.

Stefán Eiríksson sagðist kunna nefndinni þakkir fyrir það, að hún færi í sömu stefnu sem frumvarpið, sem vildi takmarka kaup áfengra drykkja. Það mætti að vísu segja, að þetta kæmi í bága við mál það, er verið hefði til umræðu í dag, þegar í raun og veru ætti að ná upp með auknum brennivínstolli lestagjaldinu. En eitt vildi hann benda deildinni á, að ef borga mætti með ávísunum, þá mætti að líkindum gjöra ráð fyrir, að flutt yrði enn meir inn í landið af þessari ónýtu vöru. En hann vildi helzt, að lítið eða ekkert væri inn flutt, því þá yrðu menn ekki teygðir á vínfanga kaupum, og því væri hann samþykkur nefndinni, að leyfa ekki ávísun eða víxlbrjef; en hann sagðist vona, að landar vorir mundu nú smámsaman sjá að sjer, og láta af þessum óþarfa kaupum, og að þeir brúkuðu skynsemina til rjettrar yfirvegunar, með því að sóa ekki út fje sínu með því að kaupa þennan dýra óþarfa.

Ásgeir Einarsson sagði, að hefði ekki hinn hæstvirti landshöfðingi gjört þær athugasemdir, sem hann hefði gjört, og tekið það fram, sem hann hefði tekið fram, þá hefði hann verið búinn að hugsa sjer breytingaratkvæði við 2. gr. Hann kvaðst játa það fúslega, að það væri mjög örðugt og óhentugt fyrir kaupmenn að þurfa að greiða gjaldið strax; en sjer virtist, að þeir gætu fengið gjaldfrest, þó þeir gætu ekki fengið peninga. En verzlunartímann hjer gætu þeir máske fengið þá fljótar með póstskipunum síðar; en að borga þannig áður en varan væri seld, væri illt og í sjálfu sjer

mjög óeðlilegt, og það væri skylda þingsins að gjöra það, sem í þeirra valdi stæði til að hæta úr þessu, því það ætti eins að greiða hag kaupmanna sem annara landsmanna. En bezt sýndist sjer, að þeir mættu borga meira eða minna af tollinum með ávísunum, ef því yrði komið við, fyrst ekki hefði þótt tiltækilegt að við hafa víxlbrjefin.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. gr. samþykkt með samhljóða atkvæðum.

2. gr. felld með 10 atkvæðum.

3. gr. með breytingum nefndarinnar samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt og málinu vísað til 3. umræðu með öllum samhljóða atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 35. fundi, 13. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 352—53.

Breytingartillaga: I 353.

Framsögumaður (Árni Thorsteinsson) sagði, að að eins eitt breytingaratkvæði væri komið í máli þessu, og væri það frá landshöfðingjanum, og vildi hann fyrir hönd nefndarinnar lýsa yfir því, að hún aðhylltist það, og sagði hann, að það hefði eigi verið meining nefndarinnar að raska eldri ákvörðunum um slíkar ávísanir, sem hefðu verið sök á milli reikningshaldaranna og þeirra, sem áttu frá þeim að taka við gjaldinu, en fyrst nú stjórnin óskaði þess, þá hefði nefndin ekkert á móti, að það væri gjört að lögum, sem áður hefði verið venja.

Landshöfðingi kvaðst vera nefndinni þakklátur fyrir undirtektir hennar undir breyting sína. Hann vildi geta þess, að athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna hefðu við 2. umræðu máls þessa í neðri deildinni gefið tilefni til þess, að hann hefði tekið sjer þetta breytingaratkvæði til þess að legalisera þessa venju; og vonaði hann að deildin mundi samþykkja breyting þessa með atkvæðum sínum.

Forseti bar því næst undir atkvæði breytingaruppástungu landshöfðingjans og var hún samþykkt með 10 atkvæðum.

Síðan ljet hann ganga til atkvæða um frumvarpið í heild sinni, og var það samþykkt með 10 atkvæðum; og síðan endursent neðri deild.

Ein umræða í neðri deild, á 44. fundi, 16. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 369—70, samþykkt umræðulaust í einu hljóði, og síðan sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XVII. GUFUSKIPSFERÐIR.

Uppástunga til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins. Frá fjárlaganefndinni.

Nefndarálit með ferðaáætlunum, sjá I 306—314.

Uppástungan I 367.

Fyrri umræða í neðri deild, á 46. fundi, 18. ágúst.

Landshöfðinginn: Jeg verð að vera nefndarálitinu samdóma um það, að æskilegt sje að breyta fyrirkomulaginu á gufuskipsferðunum og koma á betra sambandi milli strandsiglinganna og gufuskipsferðanna milli Íslands og Danmerkur, en það sem verið hefur, og jeg skal fúslega styðja að því að svo verði; en jeg skal taka það fram, að það er mjer kunnugt, meðal annars af því, að jeg áður hef reynt til þess, að þetta er mörgum örðugleikum bundið. Þeir eru að mestu leyti fólgnir í því, að strandsiglingarnar einmitt eptir tillögum alþingis eru settar í samband við póstferðir þær milli Danmerkur og Íslands, er samkvæmt 6 gr. laganna 2. janúar 1871 greiðast úr ríkissjóðnum. Samkvæmt tillögum alþingis 1875 veitti ríkisdagurinn tillag, sem nemur helmingi kostnaðarins til strandsiglinganna í sam-

bandi við póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, og þannig er eptir tilefni því, sem þingið sjálft hefur gefið, fyrirkomulagið á þessum gufuskipsferðum falið hinni dönsku póststjórn á hendur. Það verður þess vegna að semja við hana, þegar ræðir um að breyta fyrirkomulagi því, er hingað til hefur verið á þessum póstferðum, og jeg skal fyrir mitt leyti gjöra það, sem í mínu valdi stendur, til þess að ná samkomulagi því, er ræðir um í þessu tilliti, og einnig er það þingmönnum kunnugt, að ráðgjafinn hefur mælt sterklega með aðaluppástungu þingsins 1877, viðvíkjandi þessu fyrirkomulagi.

Hvað viðvíkur ferðaáætlunum þeim, sem nefndarálitið hefur inni að halda, skal jeg geta þess, að mjer virðist Nr. 1 í alla staði hagfeldari, og að meiri líkindi sjeu til þess, að póststjórnin danska samþykki hana, sjer í lagi, ef svo stendur á, eins og þingmaður Suðurmúlasýslu skýrði frá við 3. umræðu í fjárlagamálinu, að von sje á, að hið sameinaða gufuskipsfjelag gangi að þeirri breytingu á ferðum þeim, er samið er um við það, er þessi áætlun er byggð á; en þessu neitaði fjelagið — eins og sjá má af brjefi innanríkisstjórnarherrans frá 21. febr. 1878. er prentað hefur verið í st.tíð. B. bls. 42—45 —, og þessvegna var þá ekki mögulegt, að fá framgengt ferðaáætlun þeirri, er hjer ræðir um, jafnvel þó póststjórnin til þess að verða að óskum alþingis hefði viljað vinna það til, að sjá burt frá þeim óhagræðum, er kynnu að leiða af því, að hafísinn á stundum kynni að tálma hinum reglulegu póstferðum milli Íslands og Danmerkur og annara landa.

Að mínu áliti er það verulegur kostur þess fyrirkomulags, sem nú er, auk þess að Ísland einungis borgar helming kostnaðarins á strandsiglingunum — að hin danska póststjórn hefur alla ábyrgð af þeim. Tilboð það, sem kvað vera komið frá einum skozkum kaupmanni, hefur ekki verið tilkynnt mjer, nje — að svo miklu leyti mjer er kunnugt, ráðgjafanum fyrir Ísland; jeg þekki það að eins af sögusögn manna, og af blöðunum og nú af nefndarálitinu, en jeg hef ekki sjeð neitt um það, hvaða trygging er ætlast til að gefa fyrir skuldbindingum þeim, er hlutaðeigandi á að takast á hendur; — á meðan full trygging ekki verður sett, álít jeg tilboðið þegar af þeirri ástæðu alveg óaðgengilegt.

Jeg skal þess vegna leyfa mjer, að skjóta því til nefndarinnar, hvort hún ekki finnur ástæðu til við seinni umræðu þessa máls, að taka 3. tölulið uppástungunnar aptur, og að orða þingsályktunina nokkuð öðruvísi samkvæmt þessu, ef til vill þannig, að varauppástungunni verði sleppt, og öll áherzlan sje lögð á það, að stjórnin hlutist til um með samkomulagi við hina dönsku póststjórn að fá aðalferðaáætluninni Nr. 1 framgengt.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Það gladdi mig og sjálfsagt alla meðnefndarmenn mína að heyra, að landshöfðingi tók svo vel í þetta mál, og áleit eins og nefndin, að ferðaáætlunin Nr. 1 væri hin bezta; slíkt hið sama vona jeg að verði almenn skoðun, bæði hjer í deildinni og út um landið, og sleppi jeg því umtali um hana. En þá kemur til álita, hvort það sje ráðlegt, að samþykkja að eins þessa 1. áætlun, en fella hinar báðar. Nefndin þorði ekki að fara fram á það, en þó hún hafi lagt fram 3 áætlanir, til þess deildin hefði nokkuð að velja á milli, þá vill hún eigi ráða til, að þingið sendi frá sjer fleiri en 2. Nefndin vill enga af þessum áætlunum taka aptur, heldur láta það á deildarinnar valdi að velja um þessar áætlanir. Mjer finnst því heppilegast, að umræðurnar hneigðust í þá átt, hvort fella skuli Nr. 2 eða Nr. 3. Eitt af því, sem talar með Nr. 2 er það, að ferðir aðalpóstskipsins, merkt A, verða 8 í stað þess þær nú eru 7; skipið fer hálfum mánuði fyr af stað frá Kaupmannahöfn og hraðara yfir sumartímann heldur en hingað til hefur átt sjer stað. Skipið B fer 4 ferðir kringum strendur landsins og eina ferð til Englands — verða þannig 9 ferðir milli landa. Eptir áætluninni Nr. 3 verða ferðir aðalpóstskipsins 7, eins og þær eru nú, en

strandsiglingaskipið fer 4 ferðir kringum landið, og 3 ferðir til Englands, verða þannig 10 ferðir milli landa; auk þriggja ferða með lifandi fje og hesta, sem landsmenn hafa lagt áherzlu á, og jeg álít mjög nauðsynlegt að ferðum verði svo hagað, að stutt verði að útflutningum á lifandi fje. Ef Nr. 2 verður fylgt, þá verða bæði skipin í eins manns hendi, en eptir Nr. 1 og 3 geta tveir menn haft sitt skipið hvor, og getur með því móti komið fram keppni með dýrleika á flutningi farþega og varanna, samt meðferð á þeim, sem er ætíð nauðsynlegt. Jeg heyri að landshöfðingjanum er mikið á móti skapi að Nr. 3 sje samþykkt, en jeg vil spyrja hann, hvort landsstjórninni mundi eigi veita hægra að fá póststjórnina til að ganga að áætluninni Nr. 1, ef hún sjer, að annars mun farið til útlendinga, og þeir fengnir til að taka að sjer ferðirnar, því jeg álít að henni muni þykja það verra, þó aldrei væri fyrir aðra orsök en þá, að hún álítur landinu það óhentugra, samkvæmt skoðun landshöfðingjans. Enn fremur vil jeg skjóta því til landshöfðingja, hvort hann álítur nauðsynlegt að taka það inn á þingsályktunina til næstu umræðu, hvað skipið skuli vera stórt, hvað mörg rúm handa farþegum, og að þeir sjeu ekki skyldir til að kaupa fæði, samt og aðrar ákvarðanir, sem nefndin hefur látið sjer nægja að drepa á í nefndarálitinu; eða hvort það muni ekki nægja, að þetta atriði komi fram að eins í umræðunum, til þess að stjórnin hafi hugfast að setja þessi atriði í samninginn.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli framsögumanns að því, að þeir kostir, er hann taldi við Nr. 2, sem sje að póstferðirnar milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur verði 8, en ferðirnar umhverfis strendur landsins 4, — þó þetta einnig að minni skoðun sje Íslandi í hag — þá eru einmitt þessir kostir annmarkar, þegar kemur til að semja, af því að póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur eru einungis komnar undir ákvörðun póststjórnarinnar dönsku samkv. 6. gr. laganna 2. jan. 1871, og af því strandsiglingarnar samkvæmt ályktun þingsins 1875 eru settar í samband við þessar póstferðir. Hvað snertir þá spurning framsögumanns, hvort hægra sje að semja við póststjórnina, ef áætluninni Nr. 3 er haldið, þá vil jeg benda til þess, sem jeg áðan sagði, að jeg álít hægra að semja við póststjórnina, ef þessi töluliður er felldur, því að hann getur ekki skilizt öðruvísi en sem hótun; og póststjórnin mun eflaust svara honum svo, ef Íslendingar ekki vilja hafa þessar strandsiglingar, þá gjöri þeir svo vel, þá erum vjer lausir við tillagið til þeirra. Ef þetta verða úrslitin, þá verður landstjórnin að semja við þennan skozka kaupmann eða einhvern annan um, að taka að sjer þessar ferðir, en jeg álít tilboð það, sem liggur fyrir, mjög ófullkomið, með því ekki er tekin fram nein nægileg skuldbinding frá hans hálfu, til þess að ferðirnar verði tryggilegar. Það er verulegur aðalkostur við fyrirkomulagið sem nú er, að hin danska póststjórn hefur alla ábyrgðina á ferðunum, og jeg vil ráða deildinni til, að sjá ekki burt frá því, hvað tryggjandi ábyrgð er nauðsynleg. Jeg vil geta þess út af orðum framsögumanns, að hvað snertir plássið handa farþegum og rúmin, þá er að mínu áliti nægilegt, að á þetta atriði sje minnst í nefndarálitinu, og álít jeg mjer skylt að taka þessar bendingar fram, án þess sjerstök ákvörðun um þetta efni, sje tekin inn á þingsályktunina.

Framsögumaður (Tr. G.): Þó jeg viti, að landshöfðinginn vill í þessu máli allt hið bezta, þá þori jeg ekki að mæla með því, að Nr. 1. verði einungis samþykkt, en hinar áætlanirnar báðar felldar; því þá liggur ekkert fyrir frá þinginu, hvernig ferðunum skuli haga, ef stjórnin ekki fellst á Nr. 1., en mjer er gagnkunnug sú mótspyrna, sem póststjórnin danska gjörði móti því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í Nr. 1. Tveir af þeim mönnum, sem ráða þar miklu, voru alveg ófáanlegir til að fallast á þess konar áætlun, og sögðu, að það væri skylda póststjórnarinnar, að sjá um

póstgöngur milli Íslands og Danmerkur, en póstgöngur kring um landið sjálft kæmu henni ekki við. Jeg er þess vegna hræddur við, að fella Nr. 3. Landshöfðinginn sagði, að það væri óaðgengilegt, að semja við Slimon, af því hann vissi ekki til, að nein trygging væri fyrir þeim ferðum, en jeg tel það sjálfsagt, að landsstjórnin sjái um, að viðkomandi maður setji nægilegt veð, áður en hún undirskrifar samninginn við hann, svo að því leyti sje ekkert í hættu. Jeg vil einnig benda á, að nefndin ræður til, að semja við R. Slimon eða annan, er býður jafngóð kjör, svo hún er ekki bundin við neinn vissan mann. Jeg tel það víst, að hún semji ekki við annan mann en þann, sem getur sett fulltryggjandi veð fyrir því, að áætluninni verði fylgt, og samningurinn í alla staði uppfylltur. Landshöfðinginn vildi heldur hafa Nr. 2. en Nr. 3., af því hann var hræddur um, að tillagið úr ríkissjóðnum fengist ekki, ef samið væri við utanríkismann, en jeg efast mjög mikið um, að tillagið fáist þó Nr. 2. verði fylgt, því að mjer er það kunnugt, að póststjórnin álítur sig að eins varða þær ferðir, sem eru milli landa, og hefur hingað til greitt tillagið til Diönu vegna þeirra ferða, er hún fer milli landa, en færi hún einungis kringum landið allt sumarið, þá tel jeg eins og víst, að póststjórnin vildi ekkert greiða til þeirra ferða. En ef landið á hvort sem er að bera þær ferðir eitt, þá er betra að semja við prívatmenn um ferðirnar, því þá getur þingið eitt kveðið á um ferðirnar, og allt það, er að farþegum lýtur, og þarf eigi að standa í stælum, eða undir yfirráðum póststjórnarinnar.

Páll Pálsson bóndi: Nefndin segist hafa ætlazt svo til í áætluninni Nr. 1., að skipið flytti skólapilta, kaupafólk og þingmenn fram og aptur, en þegar jeg skoða áætlunina, þá er þetta ekki svo, hvað kaupafólk snertir. Skipið fer að vísu 2. júlí frá Reykjavík, svo að kaupafólk getur komizt norður með því, en það hefur ekkert gagn af því, nema það geti komizt aptur með skipinu til baka, og þurfi ekki að kaupa sjer hesta fyrir norðan. Þetta getur það ekki í Húnavatnssýslu, því að eptir Nr. 1. kemur skipið ekki við á Húnaflóa í septembermánuði, og kaupafólk getur ekki einu sinni komið kaupi sínu með því. Jeg verð að álíta það mjög áríðandi, að kaupafólk geti að minnsta kosti komið kaupi sínu með skipinu, og þannig sparað sjer, að fá nema 1 hest, og þess vegna vil jeg mælast til þess við nefndina, að hún bæti því inn í Nr. 1., að skipið verði látið koma við á Borðeyri 14. sept., því að það hefur nógan tíma til þess, þar sem það á að fara 13. sept. frá Sauðárkrók, og 16. sept. frá Ísafirði.

Landshöfðinginn: Jeg vil geta þess, að ef þingsályktunin verður samþykkt, þá verður sjálfsagt leitast við að semja fyrst við póststjórnina dönsku, en ef ekki heppnast að ná samkomulagi við hana um Nr. 1. og Nr. 2., þá verður, ef 3. tölulið verður haldið, að leita samkomulags annaðhvort við Slimon, eða einhvern annan prívatmann. Þá er spurningin um, hvort fengizt getur trygging fyrir ferðunum. Vilji þessi maður ekki setja neina trygging, hvað á þá að gjöra? Landsstjórnin þorir ekki að semja við neina, nema hún fái trygging. Þannig er þá búið með strandsiglingarnar fyrst um sinn, en jeg vil nauðugur vera með í því, að fella alveg þessar ferðir burt. Þess vegna vil jeg benda deildinni á þær afleiðingar, sem geta orðið af því, að samþykkja þingsályktunina óbreytta, og bið þá að hugsa sig vel um. Jeg fyrir mitt leyti er hlynntur þessum ferðum umhverfis landið, og því verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að þó ekki sje öllum óskum fullnægt með því fyrirkomulagi, sem nú er, þá er þó miklu náð, og ekki eigi að hætta á, að missa þær alveg.

Framsögumaður: Jeg vil fyrst svara þingmanni Húnvetninga nokkrum orðum. Eins og jeg sagði við 3. umræðu um fjárlögin, þá vil jeg helzt ekki fara út í neina smámuni, svo sem hvar skipið á að koma

við í hvert skipti, því um það verða þingmenn aldrei sáttir, hver vill að skipið komi sem optast í sitt umdæmi. Nefndin gjörði sjer að reglu, að láta ekki skipið koma snemma á vorin eða seint á haustin á þær hafnir, sem eru hættulegar, og þingmaðurinn mun ekki vera búinn að gleyma, hvað skeði síðast liðið haust, og hverja afleiðing það hafði. Í Húnavatnssýslu eru slæmar hafnir; Skagaströnd er ófær höfn, og innsiglingin á Húnaflóa til Borðeyrar er álitin mjög varasöm; ef danskur skipstjóri á að vera fyrir strandsiglingaskipinu, er ekki að hugsa, að hann fari þar inn í slæmu veðri, á meðan að ekki er búið að mæla upp Húnaflóa; því hefur verið lofað, en meðan það er ekki gjört, þá vil jeg ekki ráða til, að skipið komi á Borðeyri. — Landshöfðinginn hjelt að engin trygging gæti fengizt fyrir ferðunum, ef samið væri við skozka kaupmanninn, en það fæ jeg ekki skilið, að hann geti ekki sett nægilegt veð, því hann er álitinn flugríkur. Það þarf heldur ekki endilega að vera skozki kaupmaðurinn, sem samið er við, eins og jeg áður hef sagt, heldur hver sem vill taka að sjer þessar ferðir. Vilji forstjóri hins danska gufuskipafjelags taka að sjer þessar ferðir, þá má eins semja við hann. Jeg get ekki verið á sama máli og landshöfðinginn, að það geti leitt til þess, að engar strandsiglingar verði, ef Nr. 3 verður samþykkt. Jeg er einlægt þakklátur hinni dönsku póststjórn, hvernig hún tók í þetta mál 1875; hefði hún þá neitað að styrkja að þessum ferðum, þá hefðu ferðirnar ekki komizt í gang, og af því jeg er henni þakklátur, þá er auðvitað, að jeg ekki fylgi þessu fram af neinum hefndarhug til hennar, eða sem hótun, og þar sem mjer hefur jafnan verið mjög annt um strandsiglingar og barizt fyrir þeim, þá er auðvitað að jeg vil ekki leggja nein þau ráð, sem geta leitt til þess, að ferðirnar leggist niður. Jeg efast heldur ekki um, að landsstjórninni takist að fá þessum ferðum haldið áfram, og að póststjórnin gangi að því, að fylgja Nr. 1 til reynslu í tvö ár, gjöri hún það ekki, og Nr. 2 og Nr. 3 verða felldar, þá ræður póststjórnin öllu um þessar ferðir, og það getur enginn íslenzkur maður verið ánægður með, fyrst landið leggur til helminga fje til þessara ferða.

Landshöfðinginn: Jeg vil geta þess út af fyrirspurn þingmanns Húnvetninga — þó jeg álíti henni þegar nægilega svarað af framsögumanni — að nú sem stendur er innsiglingin á Borðeyri álitin svo hættuleg, að það er ógjörandi að taka hana inn á áætlunina, en jeg skil svo Nr. 1 og Nr. 2, að þeim megi breyta í einstökum atriðum. Jeg lofa því, að semja ekki um ferðaáætlun strandsiglingaskipsins nema annaðhvort Borðeyri eða Skagaströnd komist inn á hana. Þegar herskipið »Ingólfur« lagði hjeðan af stað í síðasta skipti, gaf skipstjórinn mjer það loforð, að sigla inn á Borðeyri og skoða innsiglinguna, en að hans skoðun var það nauðsynlegt, að mæla Húnaflóa allan í heild sinni, og talaði um næsta sumar að reyna að fá gufubáta til þess að mæla Húnaflóa nákvæmlega upp. Jeg vil bæta því við, að nú er búið að mæla Breiðaflóa upp, svo óhætt er að taka Flatey á áætlunina einu sinni eða tvisvar. Jeg mun láta mjer annt um að styðja að útmælingum á ströndum landsins, en vjer megum ekki heimta, að póstskipið komi á þær hafnir, sem eru hættulegar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal fúslega kannast við, að nefndin hefur vel íhugað þetta mál, og er jeg samdóma henni í flestu; en þegar kemur til að velja og hafna áætlunum, þá finnst mjer Nr. 2 hafa ýmsa kosti fram yfir hið marglofaða Nr. 1. Það hefur opt verið sagt, að það stæði oss Íslendingum fyrir þrifum, að það væri svo lítið samband milli vor og annara þjóða. Skipið eptir áætlun Nr. 1, leggur ekki af stað fyr en 1. marz, en sá tími var, að það lagði af stað 1. jan. og komst þó klaklaust til landsins. Eptir Nr. 1 verða beinu ferðirnar þess eiginlega póstskips milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur færri en eptir Nr. 2; í skammdeginu verður eins og verið hefur. Jeg er

hræddur um, að það hafi áhrif á kostnaðinn fyrir flutning og farþega, ef póstskipið á að fara norður fyrir land, því ferðirnar verða að mun lengri hve vel sem fellur, og að það hafi aptur áhrif á verð þess, sem flutt er. Hvað snerti það, að skipið verði látið koma við á Húnaflóa, þá held jeg að póststjórnin hikaði sjer við að láta skipið koma þangað, einkum síðari part sumars, ef hún þekkti til þar. Það er ekki enn búið að fullreyna, hvernig Húnaflói er yfirferðar, og hefur einn skipstjóri sagt mjer, að hann hefði fundið þar grunn á einum stað langt út í flóa, þar sem þess var eingin von. Jeg álít ferðaáætlunina Nr. 2. hafa þann galla, að verra er að koma vörum frá útlöndum til hafna á Íslandi með því fyrirkomulagi á ferðunum, og sömuleiðis er vafasamt, hvort tillagið frá Danmörku fæst með því móti.

Páll Pálsson, bóndi: Mig furðar á því, að framsögumaður skuli ekki vilja bæta Borðeyri inn í Nr. 1, en á Nr. 2. og Nr. 3 er ýmist Borðeyri eða Skagaströnd og það einmitt seint í september, og virðist mjer það nokkur ósamkvæmni hjá nefndinni, sem jeg veit ekki, á hverju getur verið byggð. Jeg skil ekki í því, að 2. þingmaður Gullbringusýslu skuli hafa á móti því að skipið komi við á Borðeyri, því það er einmitt mest í hag Gullbringusýslubúa að skipið komi þar vegna kaupafólks, sem þarf að fá flutning með skipinu. Þó skip hafi rekizt á grunn í Húnaflóa, þá hefur það líka átt sjer stað í Faxaflóa; það getur því ekki verið því til fyrirstöðu, því öllum er kunnugt að miklu stærri skip en Díana hafa fleirum sinnum komið til Borðeyrar, án þess að hafa neitt hlekkzt á. Jeg vona, að ef Nr. 1 verður samþykkt, þá verði bætt inn í Borðeyri eða Skagaströnd, að skipið komi þar, svo sem 14. september.

Framsögumaður: Jeg skal svara þingmanni Húnvetninga því, að þess vegna er ákveðið í Nr. 3, að skipið skuli koma við á Borðeyri í miðjum september, að hinn skozki kaupmaður hefur tjáð sig fúsan til, að sigla þar inn, en mjer er full kunnugt, að danskir skipstjórar eru ófáanlegir til að sigla þar upp, og því vildi jeg ekki gjöra þetta að lífsspursmáli, og eiga á hættu að það spillti fyrir. 2. þingmaður Gullbringusýslu áleit Nr. 2 vera bezta af áætlununum; það situr ekki á mjer, að lasta mín eigin verk, en jeg get ekki verið honum samdóma um þetta af þeim ástæðum, er jeg hef áður tekið fram. Þótt ferðir aðalpóstskipsins milli landa verði 8, þá verða ekki beinir flutningar frá útlöndum til nokkurs staðar á landinu nema Reykjavíkur einnar, sem eykur kostnað fyrir alla aðra parta landsins, og hinn annar ókostur er sá, að ferðirnar milli hafna í landinu sjálfu, geta aldrei borið sig með þessu móti, og verða allt of dýrar fyrir landssjóðinn, einkum þegar hann á að kosta þær einn.

— Þá var umræðunni lokið án atkvæðagreiðslu.

Síðari umræða í neðri deild, á 50. fundi, 20. ágúst.

Breytingartillögur: I 453. 523.

Framsögumaður (Tr. Gunnarss.): Jeg vona, að mál þetta sje nú orðið nægilega ljóst fyrir þingmönnum, svo eigi þurfi að tala mikið um það. Spursmálið er hjer um, hver af hinum 3 áætlunum er bezt, eða þó heldur, hverri áætluninni Nr. 2 og 3 á að sleppa, og hverja láta fylgja til vara hinni fyrstu; sem flestir munu álíta þá beztu. Fyrir mitt leyti ræð jeg helzt til að fella áætlunina Nr. 2. Breytinguna frá hinum 7 þingmönnum, sem fer fram á að strandferðaskipið komi við á Borðeyri 14. september, hef jeg áður vikið á, að eigi mundi vera heppileg, ekki af því, að jeg eigi unni Húnvetningum að fá skipið, heldur er jeg hræddur um, að stjórnin gangi ekki inn á, að láta skip sitt koma þar; einn komustaður, hversu áríðandi fyrir 1 eða 2 hjeruð sem hann kann að vera, má ekki standa öllum landsmönnum í vegi fyrir að velja þá áætlun, sem hentugust er fyrir allt landið. Hvað snertir hitt breytingaratkvæðið, að fá seglskip til að fara póstferð í janúar, skal

jeg lofa uppástungumanni sjálfum að mæla með því.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði ekki að standa upp, en af því hinn háttvirti framsögumaður þagði um viðaukatillögu þá, sem hjer liggur fyrir, skal jeg taka fram hið sama og jeg áður hef bent á, að sá galli er á áætlunum þeim, sem hjer liggja fyrir, að póstskip kemur samkvæmt þeim ekki fyr í fyrsta sinni á árinu til landsins, en nú á sjer stað. Jeg ímynda mjer, að stjórnin, sem þegar hefur bætt mikið úr póstferðunum milli Danmerkur og Íslands, sýni þá velvild að láta seglskip ganga hingað með póst með líkum hætti og á sama tíma og áður var siður, það er sem fyrst eptir nýár. Jeg veit ekki til, að þær ferðir yrðu nokkru sinni að tjóni. Að vísu er þá lítið um vöruflutninga, og að því leyti er ekki ráðlegt, að skip þetta sje gufuskip, sízt stórt, en samgöngur eru þá dýrmætastar, og seglskip getur eigi kostað mjög mikið. Jeg ætla að þessi breyting yrði mörgum til gagns, og landsbúum yfir höfuð mjög geðþekk, og vil sterklega mæla með henni.

Páll bóndi Pálsson: Mjer þótti nú framsögumanni farast vel orð, og jeg er honum samþykkur í því, að halda beri 1. og 3. áætlun, en helzt fella hina aðra, en vel að merkja því að eins að breyting okkar 7 þingmanna standi. Eptir minni og margra annara skoðun er viðbáran um óhreina og hættulega leið inn á Borðeyri ekki á miklum rökum byggð, og hafa þegar sýnt það hin mörgu og stóru gufuskip, sem þangað hafa komið; fiskur gengur þar beina leið inn undir verzlunarstaðinn, og má þar af ráða, að nægilega djúpir álar liggja inn allan flóann fyrir hvert skip, sem vera skal, enda hefur skipum á þeirri innsiglingu mjer vitanlega, aldrei hlekkzt á, nema því eina, er ekki þáði neinn hafnsögumann; mjer virðist því rjettast að samþykkja Nr. 1 og Nr. 3 með því viðaukaatkvæði, er jeg hef gjört.

Framsögumaður: Jeg verð þó að vona að deildin sje ekki sömu skoðunar sem 2. þingmaður Húnvetninga, að samþykkja því að eins 1. og 3. áætlun, að skipið komi við á Borðeyri, eða þá staði, er þeir helzt kjósa fyrir sitt pláss. Menn hljóta þó að athuga og laga sig eptir nauðsyn alls landsins, en eigi eptir því einstaklega. Við atkvæðagreiðsluna vona jeg að þingmaðurinn setji hærra þörf alls landsins en Húnavatnssýslu einnar, og hann greiði atkvæði með Nr. 1., þó breytingaratkvæði hans ekki komist að. Fyrst jeg stóð upp, vil jeg geta þess, að jeg álít ekki sem rjettast, að póststjórnin fylgi því fram, að hún ein eigi að ráða allri tilhögun þessara ferða beggja skipanna. Hún byggir á því, að þar sem hún eptir stöðulögunum á að sjá um póstinn milli landa, þá komi ekki öðrum við, hvernig þeim sje hagað; þó eru póstferðir þessar að mestu fyrir oss Íslendinga en ekki aðra, og koma oss því allra mest við. Póststjórnin ber því við, að það sje svo hættulegt að fara þessar norðurferðir; jeg skal ekki fortaka að það geti komið fyrir að hafísinn hindri einstöku sinnum. En mjer virðist það ljóst, að meðan hún ræður öllu um ferðirnar, þá er hennar ábyrgð meiri, heldur en þegar hún einungis fer eptir tillögum Íslendinga, því þá eru þeir að mestu búnir að taka ábyrgðina upp á sig, og hljóta að gefa sjer sökina, þegar út af ber, en ekki henni, og ekki áfella stjórnina, þó afleiðingin verði önnur en ætlazt var til í fyrstu, þetta virðist mjer hún geti sjeð, að með þessu getur hún hrundið miklum vanda af sjer, og gjört sig vinsælli hjer á landi.

Björn Jónsson: Mjer finnst það ekki allskostar rjett að orði komizt af hinum háttvirta framsögumanni, að það væri gjört einungis fyrir eina sýslu, að láta strandferðaskipið koma við á Borðeyri. Húnavatnssýsla, Strandasýsla, Dalasýsla og jafnvel Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og suðurhluti Barðastrandarsýslu sækja meira eða minna að Borðeyri, enda liggja mjög fáir kaupstaðir betur við viðskiptum við margar góðar sveitir landsins. Er því mjög svo áríðandi, að þar komi strandferðapóstskip. Það er meira að segja mikilsvert fyrir Suðurland

líka: eins og kunnugt er, fer hjeðan fjöldi fólks í kaupavinnu á hverju sumri norður í Húnavatnsýslu og Strandsýslu, og mætti því verða að hinu mesta liði, ef það gæti notað strandferðaskipið báðar leiðir, fyrir og eptir slátt, að minnsta kosti fyrir farangur sinn, einkum kaupið, sem mjög er kostnaðarsamt að koma landveg. Því er öldungis ómissandi, að strandferðaskipið komi við á Borðeyri, og einmitt ekki sízt í september-ferðinni. Viðbárur póststjórnarinnar eru nokkuð undarlegar, þegar þess er gætt, að útlend skip, enda nokkur hinna stærstu, sem koma til landsins, sigla þar árlega út og inn. Jeg man eigi betur en að þar kæmi fyrir 2—3 árum hið langstærsta gufuskip, er nokkurn tíma hefur komið hingað til lands, um 1600 smálestir, og varð ekkert að sök. Jeg ætla að hin heiðraða deild ætti eigi að taka þær viðbárur verulega til greina, og það því síður sem landshöfðinginn hefur auglýst, að Húnaflóa skuli kanna betur og mæla að sumri komanda. Mætti þá fara svo, að hræðsla sú, sem nú heptir þessa ráðstöfun, ekki að eins minnki, heldur hverfi með öllu.

Forseti, Jón Sigurðsson, hafði gengið úr sæti sínu á þingmannabekkina, og tók þannig til máls: Jeg stend upp til að tala nokkur orð í máli þessu fyrir þá sök, að mjer finnst málið of lítið rætt, frá þess grundvelli og í heild sinni. Hjer liggja þá fyrir 3 áætlanir hver annari töluvert frábrugðnar. Nú mætti fara svo, eptir því sem mjer hafa skilizt ræður sumra þingmanna, að tvær af þeim yrðu felldar, 2. og 3., og einungis hin fyrsta næði samþykki þingsins, og sem án efa er hagfelldast fyrir landið. En hvað svo? Þá gæti það orðið niðurstaðan, að ómögulegt yrði að ná samþykki stjórnarinnar, til þess að ferðunum yrði hagað eins og þar er ætlazt til, og mundi þar af leiða, að allt stæði við það sem nú er. Mjer finnst það því vera skylda þingsins og þörf landsins, að stjórninni sje gjört ljóst og skiljanlegt, hverjir aðalgallar hafi til þessa spillt strandferðunum. Hinn óhentugi tími er þá fyrst á blaði, og hefur mörgum sinnum áður verið sýnt fram á í ræðum og ritum, hve slæm áhrif sú ákvörðun hefur haft á strandferðirnar. Í ár hefur nú stjórnin að vísu bætt úr þessum galla að nokkru leyti, þar sem þingmönnum hefur verið gjört mögulegt að fara með skipinu fram og til baka, og skal jeg fúslega játa, að sú tilhögun veitir oss þingmönnum töluverð hægindi og enda töluverðan sparnað fyrir landssjóðinn, en það hafa miklu fleiri aðrir þörf á haganlegri ferðum, svo úr þessari tilhögun get jeg ekki mikið gjört, enda þurfum við þingmenn ekki á henni að halda, nema annaðhvort ár; en persónulega er jeg þakklátur fyrir þessa lagfæring. En hjer er fleira sjerstaklegt athugandi, sem jeg vildi taka fram, og sem jeg get talað um af eigin reynslu, því jeg hef farið tvívegis með skipinu, og ætti því að þekkja vel til, hvernig þar er að vera. Það er tilhögunin á skipinu, sem jeg vil taka fram að sje mjög óhagkvæm. 1. káheta skipsins er bæði stór og þægileg, en hjer á landi eru þeir færri, sem hana geta notað, því hjer er ekki margt af því ríkisfólki, sem geti sjer að meinalausu kastað stórfje til þessara ferða. Kostnaðurinn við að fara með skipinu mun á 1. káetu (fæðispeningar og fargjald) vera 12—14 kr. dag hvern, og má með sanni segja, að einungis hálaunaðir menn hafa ráð á að lifa við svo dýran kost. Allur þorri manna verður því að leita til 2. káhetu, en hún rúmar að eins 10 til 12 manns, og leiðir af því hvorki meira nje minna en það, að þorra manna er aldeilis fyrirmunað að ferðast með skipinu. 2. káheta er slæm og mjög óhentug, þótt matur sje þar góður, og kvennaklefinn er óbrúkandi fyrir veikbyggt og veikt fólk. Á þessu þarf því nauðsynlega að ráða bót; skipið þarf miklu stærri 2. káhetu, en 1. káheta þarf vart að vera stærri en handa 10—16 mönnum, þar sem hún ætti að rúma 30 til 50 manns. Það er og stór galli, að ferðamenn eru bundnir við kostkaup, og það svo dýr, því einatt kemur það fyrir, að menn eru sjóveikir og neyta hvorki matar nje drykkjar, enda fá ekki það, sem þeir

helzt þyrftu og sjálfir óska. Tel jeg því nauðsynlegt að við þennan skyldukost væri hætt á skipinu, og menn mættu sjálfir hafa nesti með sjer eða innlendan matsölumann; yrði það margfallt ódýrra og þægilegra. Þetta eru nú helztu stórgallarnir við útreiðslu skipsins og tilhögun á því. 1. áætlunin er eflaust hin langbezta, sem hjer liggur fyrir, 2. áætlunin kann að vera brúkandi, ef ekki er annars kostur, en hin 3. virðist mjer neyðarúrræði, eins og hjer stendur á. En eigi að halda hinu gamla fyrirkomulagi, þá vil jeg geta þess, að álit Þingeyjarsýslubúa á þeim strandferðum, sem hafa verið, er það, að eigi sje tilvinnandi að leggja einn eyri fjár til þeirra, enda er jeg mjög á sama máli sjálfur.

Framsögumaður: Hinn heiðraði forseti lofaði í upphafi ræðu sinnar, að skoða þetta mál frá þess almennu hlið, en mjer virtist hann einkum hreyfa þess sjerstaklegu hliðum. Hann sagði að fyrirkomulag ferðanna í ár væri að eins gjört haganlegra fyrir þingmenn. Þetta er ekki með öllu rjett að segja. Auk þingmanna kemur þessi tilhögun lærða skólanum eða ferðum skólapilta að miklum notum, kaupafólki öllu, sem skipið vildi nota, og mörgum öðrum, sem þurfa að ferðast um það leyti er þingmenn fara til þings. Tilhögunin er og samkvæm uppástungu og beinni áskorun þingsins í hitt eð fyrra, þetta er ekki tóm ráðstöfun stjórnarinnar, og þykir mjer eigi rjett að saka stjórnina um það, er hún gjörir beint eptir tillögum þingsins. Hvað káhetur skipsins snertir, þá er 1. káheta góð í alla staði, en hitt er satt, að 2. káheta er mikils til of lítil, en þar sem forseti talaði um lífsháska, þá get jeg ekki verið því samdóma, nema hvað menn ætíð eru í nokkrum lífsháska, þegar menn eiga við vind og sjó að skipta; í þau 7 ár, sem jeg hef með skipinu ferðazt, veit jeg ekki til, að rúmleysi eða illur aðbúnaður í því hafi orðið lífi eða heilsu nokkurs manns að skaða. Þar sem hinn heiðraði forseti talaði um fæði og plass farþega á Diönu, þá vona jeg að hann hafi tekið eptir, að nefndin sjálf hefur einmitt tekið allt þetta fram í nefndarálitinu, sem hjer liggur fyrir; hún hefur lagt til, að á 1. plássi skyldi vera rúm fyrir 30 manna, á 2. káhetu 50, og þilfarspláss fyrir 50 ferðamenn, og að mönnum sje ekki gjört að skyldu að kaupa fæði á skipinu, nema ef vera skyldi á meðan það fer milli landa. Við fyrri umræðu þessa máls skaut jeg því til landshöfðingjans, hvort hann áliti, að þessi tvö atriði þyrfti að taka upp sem þingsályktun, en hann áleit það nægja að hafa þetta að eins í ástæðunum, og lofaði að sjá um, að þetta skyldi verða tekið til greina, þegar samningurinn væri gjörður við skipseiganda. Skipstjórinn á Diönu er einnig á sama máli, að 2. og 3. pláss sje óhentugt og lítið; jeg hef átt tal við hann um það, og hefur hann lofað því, að hans meðmæli skyldu ekki vanta, að úr því yrði bætt, og skyldi gjört yfir framskipið, ef Diana verður höfð til ferðanna. Jeg hef líka minnzt á þetta efni við Slimon, og hefur hann lofað að þetta ákveðna rúm skyldi vera fyrir farþega, og þeir eigi skyldir að kaupa fæði, ef hann verður sá, sem gjörir strandferðirnar. Ummæli forseta, að hann eða kjósendur hans vildu ekki greiða 1 eyri fyrir strandferðaskip með þeirri tilhögun, sem nú er, þá þykja mjer þau orð helzt til of hörð, og leyfi mjer að mótmæla, að sú skoðun sje almenn í landinu. Það er ekki hugsandi fyrir oss, að koma slíkum fyrirtækjum, sem strandferðir eru, svoleiðis á, að þær sjeu fullkomnar þegar í byrjuninni, eða sem næst allra vild og þörf; til slíks þarf langan tíma og mikla viðleitni, en bæturnar koma smásaman, ef áfram er haldið með þolgæði, og ekkert land í heimi mundi afbiðja gufuskipaferðir, eptir að þær eru ákomnar; í þeim og greiðum samgöngum liggur miklu meiri framför en vjer getum sagt um. Jeg játa, að strandferðirnar eru ekki enn þá svo góðar, sem þær geta verið, en við eigum að reyna til að bæta úr brestum þeim smátt og smátt, og gangi fram 1. áætlunin, sem hjer liggur fyrir, er

mál þetta að mínu áliti á góðum framfaravegi.

Forseti: Jeg er framsögumanni þakklátur fyrir hinar ýmislegu bendingar og upplýsingar, sem hann gaf mjer og deildinni. Jeg held hann hafi misskilið mig, ef hann hefur tekið orð mín svo, að jeg í nokkurn máta væri að finna að við nefndina. Jeg gat þess að eins, að jeg hefði heldur óskað, að nefndin hefði tekið upp í þingsályktunina ýms atriði t. d. um plássið, kost o. s. frv., en nú hefur framsögumaður skýrt frá, að nefndin hafi ráðfært sig um þetta efni við landshöfðingja, og álít jeg því þessum atriðum nægilega borgið. Hvað það snertir, að framsögumaður bar á móti því, að það væri almenningsvilji, að ekki ætti að leggja neitt fje til strandsiglinga, eins og þær eru nú, þá er mjer óhætt að segja svo mikið, að jeg hef almennt heyrt menn segja, að ekki sje tilvinnandi, að leggja fje til þessara ferða, því að það vanti mikið á, að þær fullnægi þörfum vorum. Jeg hef ef til vill verið nokkuð beiskorður um 2. káetu. en jeg kinoka mjer ekki við, að lýsa því yfir, að jeg var sár yfir því, hvernig þar leit út. Það eru engar öfgar, að það er lífshætta fyrir veikt kvennfólk, að vera niðri í því pestarlopti, sem þar er, þegar illt er í sjó og byrgt fyrir káetuna. Jeg vona, að menn skilji ekki orð mín svo, að jeg vilji kasta skugga á nokkurn af þeim, sem fyrir skipinu * eða á því eru, heldur kemur þetta af því, að plássið er óhentugt fyrir almenning hjer á landi. Jeg var heldur ekki að finna að því, að ferðunum var hagað í hag fyrir þingmenn, en jeg álít, að það eigi ekki að vera aðalmarkið með ferðafyrirkomulaginu, að haga því svo, að það sje haganlegt fyrir þingmenn, heldur eigi að líta mest á það, að ferðirnar sjeu í hag fyrir almenning yfir höfuð. Það þarf ekki stóra 1. káetu á skipi, er gengur milli hafna á Íslandi, því að hjer eru ekki svo margir höfðingjar, er þurfa hennar með; flestir, sem nota skipið, eru bændur, búþegnar og skólapiltar, sem ekki þurfa svo dýrt viðurværi og kostnaðarsaman aðbúnað, eins og á 1. plássi er.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil geta þess, að sú breyting á áætluninni Nr. 1., sem stungið er upp á, að skipið komi við á Borðeyri, er ekkert hjeraðsspursmál, því það er fyrst og fremst, eins og þingmaður Strandamanna tók fram, til hags fyrir Dalasýslu og nokkurn hluta Strandasýslu, en það er einnig hagur fyrir Gullbringusýslu og Reykjavík, fyrir kaupafólkið, sem þaðan fer norður; ef það ekki á von á að komast til baka með skipinu, og ef það getur ekki sent með því kaup sitt, þá eru ferðirnar því alveg gagnslausar, og er það þá verra en ekki neitt, því þá mundi hver maður með fullri ráðdeild heldur leigja sjer hesta, og kostar þó hver hestur frá 14—16 krónur. En viðvíkjandi því, að betra sje að leggja ekkert fje til gufuskipsferða kring um landið, ef ferðaáætlun og öll tilhögun sje sú sama, þá skal jeg játa það, að mörgum Sunnlendingum gramdist mjög næstliðið haust við það tap og narr, þegar skipið ekki kom á Skagaströnd; en samt ætla jeg ekki ráðlegt að hætta við gufuskipsferðir nú þegar. Jeg er alveg samdóma forseta um það, að það er nauðsynlegt, að alþýðumenn fái að fæða sig sjálfir á skipinu, því að það verður að gjöra mönnum sem ljettast að nota skipið, einkum allri alþýðu og hinum fátækari.

Þorsteinn Jónsson: Jeg verð eins og vant er, að minnast á Vestmannaeyjar; þeirra er ekki getið í áætluninni, og því verð jeg að áskilja mjer, að þeirra verði getið í athugasemd við áætlunina eins og áður, að skipið skuli koma við í Vestmannaeyjum þær fáu ferðir, sem það fer fyrir sunnan land, svo þær ekki missi þær fáu ferðir, sem þær geta fengið. Jeg get gefið atkvæði með Nr. 1., þó mjer líki betur Nr. 2. af því, að þá eru ferðirnar fleiri fyrir sunnan, af því jeg álít, að hagur landsins eigi að sitja í fyrirrúmi, en mjer

finnst það tillit eigi að taka til Vestmannaeyja, að skipið komi þar við þær fáu ferðir, sem það fer suður um landið.

Framsögumaður: Mjer þykir það vorkunn þó þingmaður Vestmannaeyinga hugsi um hag Vestmannaeyja í þessu máli. Nefndin vildi gjarnan hjálpa eyjunum í þessu efni, en það var ekki hægt, þar sem skipin eru látin fara norður um landið, nema 2 fyrstu ferðirnar; hjeðan af er ekki tími til að koma að athugasemd um þetta. 2. þingmaður Árnesinga minntist enn á Borðeyri, og því vil jeg taka það upp aptur, að nefndin vildi gjarnan stuðla að því, að skipið yrði látið koma þar við, eins og hún hefur sýnt með því, að taka þá ákvörðun upp í Nr. 2 og 3, en hún þorði ekki að eiga á hættu að setja þá ákvörðun í Nr. 1; samt er ekkert á móti því, að samþykkja breytingaratkvæðið; stjórnin fellir Borðeyri úr, ef hún álítur með öllu ófært, að skipið geti komið þangað.

Friðrik Stefánsson: Áður þessum umræðum er lokið, vil jeg lýsa því yfir, að kjósendur mínir skoruðu á mig, að framfylgja því, að breyting verði gjörð á farrúmi strandferðaskipsins, þannig að 2. rúm á því væri stórum aukið, en 1. rúm minnkað. Það þarf að taka tillit til þess, að ferðirnar sjeu hentugar fyrir þjóðina í heild sinni langt fram yfir það, þó skólapiltum og alþingismönnum hafi, eptir því sem framsögumanni fórust orð, verið gjört hægra fyrir, því hversu heiðarlegir, sem þessir 2 flokkar nú eru, þá er ekki spursmál að gagn og þörf þjóðarinnar á og hlýtur að vera í fyrirúmi fyrir þeim, svo framarlega, sem þörf og metnaður þeirra og þjóðarinnar verður ekki samrýmdur; líka tók framsögumaður það fram, að stjórnin mundi laga strandferðirnar, ef við hefðum þolgæði, en jeg álít skyldu þingsins nú þegar, að koma máli þessu í sem bezt horf, en bíða ekki meira en búið er eptir stjórnini. Jeg vil líka mæla með því að breytingartillagan um, að skipið komi við á Borðeyri verði samþykkt, því að sá staður liggur vel við, fyrir margar sveitir.

Þorsteinn Jónsson: Jeg get verið nefndinni þakklátur fyrir það, að hún hafði Vestmannaeyjar í huga. Jeg þorði ekki að stinga upp á breytingu við áætlunina, en jeg álít rjett, að það komi fram sem bending til þeirra, sem semja eiga um póstskipsferðirnar, að þeir komi því í athugasemd, að skipið komi við í Vestmannaeyjum, þegar veður og vindur leyfir, og bíði þar eins og áður hefur verið; þetta vil jeg haldist enn, að skipið verði látið koma þar við þær ferðirnar, sem það fer suður um landið.

Þá var gengið til atkvæða og var

1. 1. liður samþykktur með 20 atkvæðum.
2. 2. — felldur — 17 atkv. gegn 3.
3. 3. — samþykktur — 19 —
4. Viðaukaatkvæði frá Þórarni Böðvarssyni með fleirum (I 523) samþykkt með 17 atkvæðum.
5. Viðaukauppástunga við gufuskipsferðaáætlanina Nr. 1 frá Páli Pálssyni og fleirum (I 453) samþykkt með 19 atkvæðum.
6. Ályktunin öll með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti hana nú mundu verða afgreidda til efri deildar.

Ein umræða í efri deild, á 48. fundi 22. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í neðri deild, sjá I 523.

Landshöfðingi kvaðst leyfa sjer að mæla með því, að deildin felldi úr þingsályktun þeirri, er hjer lægi fyrir, 2. töluł., er hljóðaði þannig: »Að öðrum kosti« o. s. frv., því að sjer virtist þessi töluliður mjög ísjárverður, þeger tillit væri tekið til þess, hvaða afleiðingar hann kynni að hafa, og vildi hann leyfa sjer að fara fáeinum orðum um það.

Hann væri ályktuninni samdóma um það, að æskilegt væri að koma betra fyrirkomulagi á gufuskipsferðirnar bæði milli Danmerkur og Íslands og umhverfis strendur landsins, og sjer í lagi að koma á betra sambandi milli strandsiglinganna og hinna póstferðanna. Deildinni væri það kunnugt, að kostnaðurinn af gufuskipsferðunum milli

Danmerkur og Íslands greiddist af ríkissjóðnum, og stjórn þeirra væri falin hinni dönsku póststjórn á hendur; og að strandsiglingarnar samkvæmt tillögum alþingis 1875 væru settar í samband við póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, þannig að ríkissjóðurinn borgaði helming kostnaðarins, en Ísland hinn helminginn, allt að 15000 kr., en stjórn þessara gufuskipsferða væri einnig samkvæmt þessum tillögum, falin hinni dönsku póststjórn á hendur. Þegar vjer óskuðum breytingar á fyrirkomulagi því, er nú væri á strandsiglingunum, ættum vjer að semja um það við hina dönsku póststjórn, og þess vegna gæti hann fallizt á 1. tölul. þingsályktunarinnar, og ætlaði að styðja að þeirri uppástungu sem bezt hann gæti, og þar sem framsögumaður þessa máls í neðri deildinni hefði skýrt frá, að von væri á, að hið «forenede Dampskibsselskab i Kjöbenhavn», er hefði tekizt póstferðirnar á milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur á hendur, nú væri tilleiðanlegt til að fallast á ferðaáætlun þá, er tilgreind væri í 1. tölul., þá virtist sjer, samkvæmt því, sem fram hefði farið í tilefni af þingsályktuninni í hitt eð fyrra, og sem hann ekki efaðist um að deildin hefði kynnt sjer. (Sjá stjórnartíð. B. bls. 42—45), að líkindi væru til þess, að hin danska póststjórn mundi nú aðhyllast hana, því fjelagið vildi þá ekki ganga að þessari ferðaáætlun; og þess vegna hefði það verið ómögulegt, jafnvel þótt póststjórnin hefði, til þess að verða að óskum alþingis, viljað vinna það til, að sjá burt frá þeim óhagræðum, er kynnu að leiða af því, að hafísinn á stundum kynni að tálma hinum reglulegu póstgöngum milli Íslands og Danmerkur og annara landa, — að samþykkja þessa ferðaáætlun, sem ráðgjafinn fyrir Ísland hefði mælt sterklega með.

Það væri aðalkostir þess fyrirkomulags, sem nú væri, að hin danska póststjórn hefði alla ábyrgð af póstgufuskipsferðum, auk þess að Ísland ekki borgaði meira en helming kostnaðar þess, er leiddi af strandsiglingunum. Þessari tryggingu ættum vjer að hans áliti eigi að sleppa, nema því að eins, að vjer gætum útvegað eins góða trygging fyrir fyrirkomulagi því, er ætti að koma í staðinn. En honum væri alveg ókunnugt um það, hvaða trygging Slimon gæti eða vildi setja; hvort hann vildi skuldbinda sig um fleiri ár, eða hvort vjer að ári liðnu ættum að hætta alveg strandsiglingunum. Það væri auðsjeð, að ef þingsályktunin yrði samþykkt, eins og hún lægi fyrir, ætti stjórnin fyrst að hlutast til um samning við hina dönsku póststjórn að fá ferðaáætlun þá, er ræddi um í 1. tölul., samþykkta; heppnaðist þetta eigi, og til 2. tölul. yrði að taka, þá væri alveg búið með fyrirkomulag það, er nú væri á strandsiglingunum, og væri þetta fyrirkomulag, þó hann játaði, að því væri ábótavant, samt sem áður Íslandi mjög í hag, en ef vjer slepptum þessu og samningunum við hina dönsku póststjórn, þá yrði eptir hans sannfæringu ekki seinna spursmál um, að ríkisdagurinn í Danmörku gengi að þeim kostum, sem hann 1875 samkvæmt tillögum alþingis samþykkti, að greiða helming af kostnaði strandsiglinganna, og ef Slimon eða einhver annar eigi gæti sett nægilega tryggingu, eða þá ekki vildi það, þá væri úti um strandsiglingarnar fyrst um sinn, og ekki útsjeð um það, hve nær vjer gætum aptur komið þeim á án óbærilegs kostnaðar fyrir landssjóðinn. Það væri þessi hætta, sem 2. tölul. eptir hans áliti gæti haft í för með sjer, og sem hann fyrir sitt leyti hjeldi að vjer ættum að komast hjá. Hann áliti það mjög ísjárvert alveg að sleppa því fyrirkomulagi, sem nú væri, þangað til vjer ættum það víst, að geta náð einhverju betra; en þetta ættum vjer nú sem stæði, ekki víst, því Slimon hefði ekki boðið neina trygging fyrir skuldbindingar þær, er hann byðist til að takast á hendur, og þegar af þeirri ástæðu væri tilboð hans að hans áliti alveg óaðgengilegt.

Aptur á móti vonaði hann, að vjer við

samning við póststjórnina í Danmörku gætum náð samþykkt hennar á ferðaáætlun þeirri, er ræðir um, og hann skyldi fyrir sitt leyti styðja að því, sem bezt hann gæti, einnig væri það þingmönnum kunnugt, að ráðgjafi vor hefði aðhyllzt þessa ferðaáætlun í öllum aðalatriðum hennar. Hvað snerti hin einstöku atriði hennar, mætti sjálfsagt koma breytingum á, eins og hann hefði tekið fram í neðri deildinni, og framsögumaður þar hefði verið sjer samdóma um. Hann skyldi t. d. benda á, að hann mundi leitast við að fá Djúpavog inn í áætlunina og einnig Flatey, þar sem í sumar væri búið að mæla út innsiglinguna; aptur á móti yrði að sleppa Borðeyri, þangað til Húnaflóinn væri uppmældur, og í stað þess halda Skagaströnd fyrst um sinn.

Jón Jónsson kvaðst vilja beiðast útskýringar á tveimur atriðum í ræðu landshöfðingjans. Landshöfðinginn hefði getið um, að ábyrgðin á sendingum milli Íslands og útlanda mundi verða oss þungbærari, en nú er, ef Englendingar tækju við gufuskipsferðunum af Dönum. Hann vildi spyrja, hvort hin danska póststjórn hefði ábyrgð á fleirum sendingum en þeim, sem væru sendar frá Danmörku, eins og hin íslenzka póststjórn mundi hafa ábyrgð á því, sem hún sendi, og virtist þetta vera reglan í 11. gr. auglýsingar 26. sept. 1872. Í öðru lagi vildi hann spyrja, hvort þingsályktun vor gæti haft nokkur áhrif á skuldbindingar ríkissjóðsins samkv. 6. gr. laga frá 2. jan. 1871 til að kosta póstferðir milli Danmerkur og Íslands. Ef það væri eigi, gæti hann eigi sjeð, að þingsályktun þessi vær eins ísjárverð og landshöfðingi hjeldi.

Landshöfðingi kvaðst vilja svara 2. þingmanni Skagfirðinga því, að samkvæmt auglýsingu 1875 um póstsendingar milli Íslands og Danmerkur væru allar sendingar afhentar dönsku póststjórninni við hús póstmeistarans, og væru þær úr því á hennar ábyrgð. Hvað skuldbinding ríkissjóðsins samkvæmt lögum frá 2. jan. 1871 snerti, þá væri vitaskuld, að hún stæði órofin, en hún miðaði að eins að póstgufuskipsferðunum milli Danmerkur og Íslands. En samkvæmt þingsályktuninni lægi það í augum uppi, að fyrst yrði að leita samkomulags við póststjórnina dönsku, áður en það kæmi til tals að gjöra samning við Slimon.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja víkja máli sínu að 3. gr. uppástungunnar, þar sem farið væri fram á, að senda seglskip 2. janúar annaðhvort frá Danmörku, Skotlandi eða Hjaltlandseyjum. Hann vildi hafa þessa grein orðaða nær sönnum þörfum vorum, því það væri aðalaugnamiðið, að póstur kæmi hingað um þetta leyti, og gæti hann fyrir sitt leyti fallizt á hana, ef að ekki væri til tekið, hvaðan einmitt skipið ætti að fara, það yrði opt að vera komið undir kringumstæðum og því, hvaðan hentugast væri að senda. Að vísu værum vjer í nokkru sambandi við Leith, en það væru og margir aðrir staðir, sem samband mætti hafa við t. d Liverpool eða þá Noregur eða Svíaríki. Hann vonaði, að stjórnin mundi haga þessu sem bezt, og því mundi hann gefa greininni atkvæði sitt, því að hann hefði álitið annað betur fara. Hvað 2. gr. snerti, þá virtist sjer hún benda á annað fyrirkomulag, en nú væri; það hefði hjer blandast saman, að ríkissjóðurinn samkvæmt stöðulögunum kostar póstferðirnar til Íslands, og Íslendingar aptur leggja nokkuð fje til þessara ferða, af því ýmsir staðir í landinu væru settir í samband sín á milli, án þess að þeir hefðu enn getað fengið beinlínis atkvæði um ferðir þessar, en ef landið sjálft ætti nú að fara að takast samgöngurnar á hendur, yrði víst að ætla ríflegra fje, og landsstjórnin sjálf að takast á hendur alla tilhögun ferðanna. Hin 2. grein innihjeldi þannig ákvörðun, sem ómögulegt væri að fallast á nú sem

stæði, enda þótt það, sem hún færi fram á, gæti verið æskilegt. Hvað ferðaáætlunina Nr. 1 snerti, þá væri hún full góð, eða jafnvel betri en áður hefði verið. Þar væri reyndar hugsað mest um sambandið milli Danmerkur og Íslands, en minna tillit tekið til samgangna í landinu sjálfu, og að því leyti væri henni ábótavant. Hann kvaðst eigi vera samdóma landshöfðingja um það, að vilja sleppa Borðeyri, því þar væri ágæt höfn, en annarstaðar við Húnaflóa annmarkasamar hafnir; ástæða hans hefði verið sú, að innsiglingin væri örðug og alls eigi hættulaus, en þetta mætti bæta, með því að mæla innsiglinguna þar upp, og hefði það eigi verið gjört hingað til. Nú vonaði hann, að landshöfðinginn vildi gjöra sitt til að slík uppmæling yrði sem fyrst gjörð og mundi þá svo reynast, að allgjörlegt væri að sigla þar upp með gufuskip.

Landshöfðingi kvaðst geta verið hinum 6. konungkjörna þingmanni samdóma um það, að gott væri ef Borðeyri gæti verið með á ferðaáætluninni. Eptir tilmælum hans hefði yfirforinginn á Ingólfi leitast við að rannsaka innsiglinguna að Borðeyri, og hefði hann nýlega fengið skýrslu frá honum um það efni, og ástandið yfir höfuð á Húnaflóa, og hefði hann komizt að þeirri niðurstöðu, að óráðlegt væri að láta skipið fara þar inn að svo stöddu.

Stefán Eiríksson kvaðst ætla að minnast á ferðaáætlunina Nr. 1 og hefði það glatt sig, að heyra undirtektir hins háttvirta landshöfðingja hvað Djúpavog snerti; það væri og megn áhugi í Austur-Skaptafellssýslu, að skipið kæmi þar við, því hingað til hefðu þeir orðið útundan, það væri að sjá af áætluninni Nr. 1 eins og að neðri deild alþingis vissi ekki einu sinni, eða vildi ekki vita, að Djúpivogur væri til, og þó væri þar einhver hin bezta höfn með fram ströndum Íslands, og furðaði sig á því að neðri deildin skyldi hafa sleppt þeim stað og eigi tekið hann eins vel og Eskifjörð, þar sem 4 dagleiðir væri að fara, ef sækja ætti eitthvað, er kynni að hafa komið með skipinu á Eskifjörð, svo sem bókapakkar eða þess konar, en kæmi skipið á Djúpavog í hverri hingaðferð sinni frá Höfn, væru einungis 2 dagleiðir að ná í það, sem það flytti til Austurskaptafellssýslu; hann vonaði því að hinn hæstvirti landshöfðingi sæi um, að skipið kæmi við í hverri ferð sinni frá Höfn á Djúpavog, og með því Djúpivogur væri í beinni leið þess, þegar það ætti að koma fyrst að austurlandinu á annað borð. Hvað nú sjálfa uppástunguna snertir, þá gæti hann fallizt á 1. tölulið; en áhorfsmál gæti verið hvað hinn 2. tölul. snerti, en það lægi varla annað í honum, en það að ef stjórnin eigi vildi fallast á hina fyrri ferðaáætlun, þá ætti að semja við einhvern annan mann; það væri því, eptir því sem hann skildi þennan tölul., einungis aðhald fyrir landsstjórnina að fylgja fram 1. tölul. Það gæti þá ef til vill farið svo, að samkomulag fengist eigi, og að því leyti gæti þessi 2. tölul. verið ísjárverður, með því það gæti orðið talsverður kostnaður að semja við Slimon fram yfir það, sem væri til ætlað í fjárlögunum.

Eiríkur Kúld kvaðst vera landshöfðingja þakklátur, að því er Flatey snerti, þó hefði hann óskað að skipið kæmi þar optar, enda væri það og hægt, þar sem nú væri búið að mæla þar upp. Viðvíkjandi 2. tölul. gæti hann eigi fyllilega aðhyllzt hann; það væri eitt athugavert í honum; það stæði í greininni, að landsstjórnin ætti að semja við Slimon eða einhvern annan, er byði jafngóð kjör, en væri þá meiningin, að hann ætti að sitja með sama boði og danska póststjórnin í fyrirrúmi. Hvað þá snerti skip Slimons, þá væri það eigi, að sínu áliti, hentugt til þessara ferða, nema því yrði allmikið breytt. Viðvíkjandi því, að skipið eigi kæmi á Borðeyri, þá hefði landshöfðingi

tekið fram ástæðurnar fyrir því, og vildi hann því eigi styðja það. Húnaflói væri, eins og allir vissu, lítt mældur, og nýlega hefði skip rekið sig þar á sker. Það væri þó æskilegt, ef skipið kæmi þar við á haustin, en óheppilegt væri að láta það koma þar við á vorin, þar sem opt væri ís þar fram eptir öllu vori, og gæti það því hamlað mjög ferðum skipsins. Uppástungan um Slimons skip væri víst mest sprottin af grein í einu blaðanna, að því er sig minnti hefði það verið Ísafold; það hefði komið upp fyr í landið út af Diönu, er hún síðasta haust eigi kom á Skagaströnd, og menn hefðu því tekið þessari uppástungu eins og feginshendi. Það væri og varasamt, að fara að semja við aðrar þjóðir. Hvað 3. tölulið snerti, þá væri það æskilegt, að sleppt væri Skotlandi og Hjaltlandseyjum, það væri engin ástæða til að halda því, það væri sjaldan um það leyti mikil ísalög í Danmörku, og svo mundi stjórnin varla binda sig við það.

Ásgeir Einarsson sagðist verða að álíta, að bezt væri að vera í gufuskipssambandi við Danmörku, og vissi hann að stjórnin mundi gjöra sitt bezta, ef hún gæti ekki fengið þann samning við gufuskipafjelagið, er aðgengilegur væri, þá mætti hún semja við einhvern annan, sem byði eins góð kjör sem Slimon, og gæti hann því eigi sjeð, að þessi grein gæti bundið hendur stjórnarinnar. Þá hefði verið talað um ábyrgð póststjórnarinnar, en sú væri nú góð; það hefði sýnt sig þegar í fyrra, þar sem mikill flutningur fólks hefði verið á Skagaströnd, og allt sem hefði átt að koma á Skagaströnd frá Kaupmannahöfn, var flutt vestur á Ísafjörð, eigendum til stór skaða, og ofan í kaupið rengdur útdráttur úr dagbók (lögbók) skipstjóra, sem hefði verið á Skagaströnd, þegar gufuskipið fór hjá, og brjef embættismanna og annara merkra manna, og væri vonandi að slík afglöp kæmu eigi optar fyrir, og að póststjórnin ljeti sjer annt um að duglegir og ötulir menn væru fyrir skipinu; en þaðværi sá maður, er nú rjeði fyrir skipinu, og hefði hann að sínu áliti mikinn áhuga á, að allt gengi sem bezt. Þá kæmi nú það, sem snerti Ísland sjálft, að þá hefði Borðeyri verið sleppt. Hann kvaðst ætla á, hvaðan sú alda væri runnin, ef til vill af því, hversu skipstjóri strandsiglingaskipsins, sá er þá var, hefði lýst Norðurlandi. Hann kvaðst hafa talað við landshöfðingja í hitt eð fyrra, og hefði hann sagt, að Húnaflói mundi verða mældur á næstkomandi sumri, en eigi væri búið að því enn, en aptur hefði Breiðiflói inn að Flatey verið mældur, og hefði eigi verið tími til að mæla á Húnaflóa. Þetta kæmi varla til af því að meiri aðsókn væri til Flateyjar en á Borðeyri, þar sem þrjár sýslur sæktu að; hvað innsiglinguna snerti, þá væri hún eigi eins hættuleg og menn vildu gjöra hana; að gufuskip hefði rekið sig þar á sannaði eigi neitt, því það hefði komið til af því, að það hefði neitað að taka hafnsögumann. Það væri nærri því beinn áll, sem eptir ætti að fara, og danskir skipstjórar væru vist búnir að setja grunnin, sem utan við hann væru, í kort þeirra, svo hefði og strandvarnaskipið, ef það hefði farið þar um, nú líklega haft nægan tíma til að vera búið að stika djúpið. Þar sem þingmaður Barðstrendinga hefði verið að tala um ís, er gæti hamlað skipinu frá að koma á Borðeyri, og hann hefði stundum verið þar 20. júní, þá vildi hann spyrja þingmanninn að því, hve nær það hefði verið, og mundi hann líklega vera eins vel heima í þessu, eins og hann hefði verið í landafræði, er hann hefði haldið að Laxá rynni í Blöndu.

Árni Thorsteinson kvaðst ætla, að þingmaður Barðstrendinga mundi hafa skilið rjett orð sín um 2. tölul., en hann vildi þó athuga, að hann væri alls ekki mótfallinn Slimon eða öðrum þeim, er byðu betri kjör en þau, er vjer nú hefðum; en það væri eigi ætlun sín, að landsstjórnin ætti að tak-

ast á hendur allan kostnaðinn nú sem stendur, þegar málið er nú þegar svo í garðinn búið, að það er ekki hægt á þessu þingi. Kostnaðurinn yrði nú með fram að greiðast úr ríkissjóði, eins og verið hefði hingað til. Ef segja ætti skilið við hið núverandi fyrirkomulag, yrði að gjöra það með beinni ákvörðun; en ef vjer vildum annast póstferðir vorar, þá leiddi þar af, að vjer einnig yrðum að bera kostnaðinn af þeim, og taka öll ráð í tíma.

Benedikt Kristjánsson kvaðst vilja láta í ljósi sannfæring sína áður en hann greiddi atkvæði í máli þessu, og fyndi hann ekkert að hinum einstöku greinum málsins. Í 3. tölul. væri gjört ráð fyrir að fá nýja póstferð á seglskipi í janúarmánuði, helzt frá Danmörku, en ella frá Skotlandi eða Hjaltlandi. Sú ákvörðun hefði þá þýðing, að betra væri lítið en ekkert, ef hugsandi væri að fá meira. Það væri eigi hentugt að ákveða, að skipið kæmi frá Danmörku fyrir sakir þess, að opt væri ísalög mikil á Eyrarsundi, svo að ómögulegt væri um að fara. 2. tölul. sýndist sjer vera nokkurs konar varaatkvæði. Í 1. tölul. væri skorað á landsstjórnina að fá ferðaáætluninni Nr. 1 framgengt, en að öðrum kosti hefði hún frjálsar hendur að semja við hvern þann, er hún vildi. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði rætt um, að ríkisstjórnin en ekki landsstjórnin skyldi annast um þetta, en sjer sýndist ríkisstjórnin einnig vera landsstjórn í málum þeim, er landið snerti, eða hinum sameiginlegu málum ríkisins, en í þessu máli væri hún rjett nefnd landsstjórn, þar eð mál það, er hjer um ræddi, snerti Ísland. Að lyktum vildi hann geta þess, að hann myndi atkvæði greiða fyrir uppástungu þessari.

Landshöfðinginn kvaðst ætla, að þar sem hinn 6. konungkjörni þingmaður fyndi að orðinu landsstjórn í 2. tölul., þá mundi það vera sprottið af misskilningi; að sínu áliti væri það einmitt landstjórnin, er gjöra ætti samning þann, er þar um ræddi, því að þar væri eigi að tala um póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur, heldur eingöngu um strandsiglingarnar, því að ef svo færi, að póststjórnin danska fengist eigi til að samþykkja fyrri ferðaáætlanina, þá ætti landstjórnin eptir 2. tölulið, að slíta strandsiglingarnar úr því sambandi, sem þær hefðu verið í við póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands síðan 1875, og sem væri beint eptir ályktun þingsins þá, og þá væri það hún, sem ætti að gjöra nýja samninga við einhvern um að taka þær að sjer, án þess að það hefði nein áhrif á póstferðirnar landa á milli, sem hin danska póstjórn mundi kosta jafnt sem fyr. Hann vildi taka það fram aptur, að ef farið yrði eptir 2. tölulið, þá mundi eigi framar verða mögulegt, að koma því fyrirkomulagi á póstferðirnar, sem nú væri, og sem hann, þrátt fyrir alla galla, sem á því kynnu að vera, hlyti að álíta Íslandi mjög hagfellt. Einnig vildi hann geta þess, að þær 18000 krónur, er þingið veitti til þessara ferða, væru mjög svo ónógar, nema því að eins að maður sá, er tæki að sjer ferðirnar, þyrfti einnig að nota skipið í sinar þarfir, og hefði þannig póstgöngur vorar í hjáverkum, en þá væri hann hræddur um, að hann hagaði ferðunum kann ske eigi alltaf eptir því sem haganlegast væri landsmönnum, og fyrir sitt leyti kvæði hann hreint nei við því fyrirkomulagi, er gjörði strandsiglingar vorar að hjáverkum einhvers skozks kaupmanns, Til sönnunar því, að 18000 krónur mundu eigi duga, nema fyrirkomulagið væri þannig, skyldi hann benda deildinni á, að til gufuskipsferðanna hefðu lagðar verið 32000 krónur síðast liðið ár, og væri í þeirri upphæð eigi reiknuð leiga af skipinu, af því að póststjórnin, sem hafði að sjer tekið ferðirnar, átti sjálf skipið, og eigi heldur ábyrgðargjald, því að hún hefði einnig sjálf ábyrgðina. Viðvíkjandi 3. tölulið, væri hann alveg á sama máli og hinn 6. konungkjörni þingmaður og þingmaður Barðstrendinga. Hann vildi lýsa yfir því, að þingmaður Húnvetninga hefði rjett að mæla; hann hefði

tvisvar lofað honum, að gjöra sitt til þess, að Húnaflói yrði mældur; nú hefði hann talað við skipstjóra á »Íngólfi», og vegna þess hefði hann haldið til Borðeyrar og kannað þar leiðina eptir þörfum, og komizt að þeirri niðurstöðu, að óráðlegt væri, að ætla póstskipi að leggja þar inn að svo komnu máli, og mæling á Húnaflóa mundi krefja langan tíma, og vera örðug. Hann gæti með engu móti fallizt á að láta skipið koma við á þeim stað, er það kann ske yrði að liggja kyrt inni marga daga, gagnslaust fyrir landsmenn. Þingmenn skyldu minnast þess, hvernig fór, er »Cumbrae» hleypti þar á grunn, þá varð að flytja alla menn í land, og þar hlutu þeir að bíða í hálfan mánuð, meðan sótt var annað skip. Þetta vildi hann með engu móti eiga á hættu.

Ásgeir Einarsson kvaðst kunna landshöfðingja þökk fyrir, að hann bar eigi orð sín til baka, en hann væri svo kunnugur á Húnaflóa, að hann gæti eigi skilið í því, að eigi mætti finna leið og hana krókalitla inn að Hrútafirði, og þá væri leiðsögumaður til staðar. Þó að «Cumbrae» rækist á grunn, væri það engin sönnun, því að fyrst og fremst hefði skipstjóri eigi viljað þiggja hafnsögumann, og síðan farið svo vitlausa leið, að vart mundi fær opnum skipum. Hann ímyndaði sjer, að hið danska varnarskip gerði eigi annað þarfara en mæla Húnaflóa, því varnir þess mót útlendum fiskiskipum væru bæði ómögulegar fyrir eitt skip kring um allt land, og svo mundi það eigi leggja kapp á það. Sjer þætti að vísu betra lítið en ekkert, þar sem skipið ætti að koma á Skagaströnd, og þar væri lítil hætta að skipið mundi stranda, en aptur gæti það komið þar fyrir, sem eigi væri að óttast á Borðeyri sökum þess, að þar er höfn ágæt, að eigi væri mögulegt, að flytja neitt út í skipið. Að Borðeyri gætu og sótt miklu fleiri, þar sem hún lægi á mótum 3. sýslna, og því kysu Húnvetningar hana heldur en Skagaströnd, jafnvel þó að lengra væri að sækja þangað, fyrir marga þeirra, og hann væri þess fullviss, að landshöfðinginn mundi gjöra sitt bezta til, að sjá til þess, að strandferðaskipið yrði látið koma þar við, heldur en á Skagaströnd.

Benedikt Kristjánsson kvaðst vera á sama máli og þingmaður Húnvetninga um, að nauðsyn bæri til að strandferðaskipið kæmi við á Borðeyri; þó að innsiglingin væri varasöm, þá væru þó álar nógu djúpir, og þó að þeir væru mjóir, þá gjörði það minna til gufuskipi, heldur en seglskipi, er opt þyrfti að sigla nokkuð í króka, vegna veðurstöðu. Hann kynni landshöfðingja þökk fyrir, að hann hefði leiðrjett þá skoðun hjá sjer, að strandsiglingarnar heyrðu ekki undir hin sameiginlegu mál; það hefði villt sig, að hann vissi, að stjórnin hefði lagt fje til strandsiglinganna, og því hefði hann ætlað, að hún mundi skoða svo skuldbindinguna í stöðulögunum, sem hún næði einnig til strandsiglinganna; en fyrst nú eigi væri svo, þá væri enn minni ástæða til að breyta orðinu landstjórn. Hvað 2. tölul. yfir höfuð snerti, þá mundi hann eigi hika við að gefa honum og allri uppástungunni atkvæði sitt án nokkurrar breytingar; töluliðurinn væri að eins til þess, að landstjórnin hefði frjálsari hendur, svo að hún gæti, ef 1. töluliður fengi eigi byr hjá dönsku póststjórninni, reynt til að fá það sama hjá einhverjum öðrum með samningum, og hann gæti eigi betur sjeð, en að hagfelldara væri fyrir landstjórnina að hafa töluliðinn kyrran í uppástungunni. Hvað það snerti, að strandsiglingarnar mundu verða hafðar í hjáverkum með því fyrirkomulagi, er ætlazt væri til í 2. tölul., þá væri það einmitt kostnaðarminnst, ef sá, er tæki að sjer ferðirnar, gæti sameinað sitt eigið gagn við landsins gagn, og hann gæti vel ímyndað sjer, að hann þyrfti eigi að vanrækja í neinu skyldur sínar fyrir það, enda væri það eðlilegast í öllum

viðskiptum, að hver einn hefði sinn eiginn hag fyrir augum jafnframt.

Eiríkur Kúld sagðist ætla að svara þingmanni Húnvetninga og þingmanni Þingeyinga fáeinum orðum. Þeir hefðu sagt, að innsigling á Borðeyri væri hættulaus fyrir gufuskip, því þar væru nógu djúpir álar, en þeir væru að vísu nokkuð mjóir; ef nú ætti að fara inn í myrkri, yrði hann þó að ætla, að eigi væri óhugsandi, að skeikað væri frá rjettri stefnu. Þingmaður Húnvetninga hefði sagt, að ís gæti eigi hamlað í júnímánuði, en hann vildi þá minna hann á, að skip hefðu eigi komizt þar inn fyr en í júlímánuði; þó nú þessir þingmenn kynnu að vera góðir skipstjórar, þá mundi víst sá maður, er hefði gefið skýrsluna um Húnaflóa, vera mun betri og væru því skýrslur hans að líkindum áreiðanlegri. Að Flatey hefði einhver meiri not af þessum ferðum en Borðeyri gæti haft, það vildi hann biðja þingmanninn að taka sjer eigi svo nærri, eins og hann virtist hafa gjört.

Forseti bar því næst uppástunguna upp til atkvæða, og var

1. tölul. samþ. í einu hljóði.

2. tölul. samþykktur með 6 atkv. gegn 5, að við höfðu nafnakalli, sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

«já».

Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

«Nei:»

Eiríkur Kúld,
Borgur Thorberg,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Jón Hjaltalín.

3. tölul. samþykktur í einu hljóði.

Síðan var málið afgreitt til landshöfðingja sem

þingsályktun,

samþykkt í báðum deildum alþingis.

XVIII. SMÁSKAMTALÆKNINGAR.

Frumvarp til laga um smáskamtalækningar. Sjá I 81.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 10. fundi, 12. júlí.

Flutningsmaður (*B. Sveinsson*): Jeg ætla eins og góðu börnin að byrja með játningu. Jeg kannast þá við, að mál þetta er nýmæli. En Njáll gamli sagði, að nýmæli kæmu optast á stað tvímælum. En tvímælin eru tvenns konar, sum leiða frá sannleikanum, sum að honum; jeg vildi nú óska, að í þessu máli kæmi fram sem minnst af hinum fyrri, en sem mest af hinum síðari, því hjer er sannarlega um alvarlegt og þýðingarmikið mál að ræða. Jeg ætla þá fyrst að taka fram hvöt þá, er jeg hef haft til að koma fram með þetta frumvarp, svo menn skilji, hvað liggur til grundvallar fyrir því. Eptir því sem mjer er kunnugt, eru á að gizka 30—40 ár síðan, að homöopathian fyrst kom fram í Norðurlandi. Sá hinn fyrsti, er iðkaði hana, mun hafa verið sira Magnús Jónsson, prestur að Grenjaðarstað, alþekktur stillingarmaður og vísindamaður, enda hefur hann ávallt haft á sjer hið mesta traust, og notið virðingar hjá öllum æðri og lægri. Annan mann má nefna við hliðina á honum, sira Þorstein sál. á Hálsi, og má hið sama segja um báða þá, að almenningur hóf þá upp í skýin fyrir heppilegar smáskamtalækningar. Það má með sanni segja, að til þessara manna leituðu bæði sjúkir og heilbrigðir; hinir sjúku til að fá heilsu og heilbrigði, hinir heilbrigðu til að nema smáskamtafræðina. Jeg tek það fram, að til þessara manna leituðu sjúklingar og læknaefni af öllu landinu; jeg get, ef jeg vildi, tilfært dæmi upp á hvorttveggja, jafnvel úr

Skaptafellssýslu. Það er nú eptirtektavert, að þessi árstraumur hóf rás sína í Þingeyjarsýslu; því það er sannfæring mín, byggð á kunnugleika um mestan hluta Íslands, að alþýða er þar bezt menntuð og andlega sjálfstæðust á landi hjer, og einmitt þarna fjekk homöopathian viðurkenning sína. Á þetta legg jeg svo mikla áherzlu til að sýna og sanna, að smáskamtalækningar geta ekki verið byggðar á hjegóma og hindurvitni. Enda get jeg bætt því við, að smáskamtalækningar eru að fá meiri og meiri viðurkenning meðal hinna sjúku hjerna í sjálfum höfuðstað landsins, og jeg veit eigi betur en að einn háttvirtur geistlegur herra, sem er á meðal vor á þingmannabekkjunum, sje lærður og æfður smáskamtalæknir. En hvað á nú við þetta að gjöra? Fyrir nokkrum árum síðan reis upp ofsókn gegn smáskamtalækningunum af hálfu hins opinbera; en ofsóknir þær duttu aptur um koll og urðu að engu, og smáskamtalækningarnar hjeldu áfram og útbreiddust sem eldur í sinu, eptir sem áður. En nú hefur aptur komið moldviðri af málsóknum gegn smáskamtalæknunum. En á hverju er slíkt byggt? Jeg býzt við, að mjer verði svarað: «Á gildandi lögum». Þá vil jeg spyrja: «Á hvaða lögum?» Jeg ímynda mjer, að aðallöggjöfin, er menn munu vitna til, sje tilsk. 5. sept. 1794, sbr. við ákvörðun í instrúxi fyrir landlækni, dags. 21. des. 1824, 32. gr. Má jeg spyrja: eru þetta gildandi lög gegn smáskamtalækningum á Íslandi? Jeg held ekki. Að vísu er það ómótmælanlegt, að þau hafa verið lesin upp á alþingi 1795; en jeg efast um, að það út af fyrir sig sje nóg. Gæti menn að því, að tilskipunin er á d ö n s k u, og hefur mjer vitanlega aldrei verið birt á íslenzkri tungu. Gæti menn að því, að enda þótt það hafi verið álitið nóg á þeim tímum, sem tilskipunin er frá, til þess að gefa henni lagagildi, að hún var lesin upp á dönsku á alþingi, þá leiðir ekki þar af, að þetta sje nóg á þessum tímum. Jeg skal í þessu tilliti taka það fram, að mjer virðist það ærið vafasamt, að lagagildi þessarar tilskipunar geti samrýmzt við tilskipun 15. des. 1831, er ákveður, að ö l l lög, er gild skulu vera fyrir Ísland, skulu vera bæði á íslenzku og dönsku. Og þó menn nú ekki vildu byggja á þessu, þá geta menn þó ekki hlaupið fram hjá grundvallarreglum og anda hinnar nýju stjórnarskrár, og eptir þessu er ekkert l ö g, nema löggjafans a u g l ý s t i vilji á voru máli, íslenzkunni. Jafnhliða öllu þessu get jeg þess, að mjer vitanlega hefur þessi tilskipun frá 1795 aldrei rótfest sig með praxis eða dómsvenju hjer á landi. Þetta er nú það, er jeg vil taka fram viðvíkjandi hinni f o r m l e g u hlið málsins. Þá er nú innihald tilskipunarinnar. Getur nokkur sagt, að löggjafinn hafi ætlazt til, að tilskipun sú, er hjer er um að ræða, skyldi verða gildandi fyrir Ísland? Í tilskipuninni er Danmörk nefnd, en ekki Ísland; og sjúkdómar þeir, er í henni eru nefndir, eru enn fremur þess eðlis, að þeir eru óvenjulegir á Íslandi. Enn er það, að m e n n þeir, er tilskipunin beinist að, eru hinir svo kölluðu «kloge Mænd og Qvinder». Þessi orð geta þó ekki heimfærzt upp á p r e s t a þá og vísindamenn, sem jeg áður nefndi.

En nú er eptir aðalatriðið, og það er það, að «homöopathian» var e k k i t i l, þegar þessi tilskipun var gefin. Hvernig gat löggjafinn því haft hana fyrir augum? En menn munu segja: Analogia hennar nær til smáskamtalækninganna, en við því kveð jeg nei, því stórskamtalæknararnir, sem tilskipunin eingöngu hefur fyrir augum, segja einmitt, að smáskamtalækningarnar sjeu áhrifalausar, og allt svo ómögulegt, að þær setji heilsu manna og líf í hættu, sem er skilyrðið fyrir því, að tilskipun 1794 verði beitt. Það er því ekk-

ert spursmál um, að lög þessi geta eigi átt við smáskamtalæknana að minni hyggju. Má jeg spyrja: Hvað á þá að gjöra við þetta? Að láta málið ganga sinn gang, er ógjörningur. Allopatharnir hafa engan frið, meðan þeir vita af homöopötunum svona sem þeir segja í lagaleysi. Jeg verð því að álíta ráðlegt og æskilegt, að þessum ófriði og ofsóknum sje sett takmörk með lögum. Það er og kunnugt, að í öðrum löndum hefur homöopathían rutt sjer til rúms, þrátt fyrir allar ofsóknir og mótspyrnur; vísindin viðurkenna hana, og stjórnirnar einnig, og mjer virðist, að það sitji ekki á Íslendingum, að reisa sjer þann hurðarás um öxl, að bæla homöopathiuna niður. Eptir minni skoðun, ættu lækningar að vera sem frjálsastar, og að eins bundnar nauðsynlegum takmörkum af hálfu hins opinbera. Þess vegna og í þessa stefnu hef jeg komið fram með frumvarp þetta, sem sjálfsagt er ófullkomið og þarf breytinga við. Jeg leyfi mjer því, að stinga upp á því, að 5 manna nefnd sje skipuð í mál þetta, og umræðu þess svo frestað.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg þarf ekki miklu að bæta við orð flutningsmanns, hann rakti sögu smáskamtalækninga hjer á landi, og taldi upp, hverjir hefðu iðkað þær, en hann fór minnst út í það gagn, sem þeir og aðrir hafa gjort með lækningum sínum. Jeg veit ekki betur, en það sje eindregið álit almennings, að smáskamtalækningar hafi gjört mikið gagn, og þó almenningur heyri það opt, að hann hafi ekkert vit á slíku, þá hefur hann þó vit á því, hve nær hann kennir til, og hve nær hann hættir að kenna til. Jeg er því meðmæltur, að smáskamtalæknar hafi sömu rjettindi og þeir sem stunda læknisfræði, án þess að vera prófaðir, en jeg efast um hvort rjett er, að gefa lög um það efni; jeg álít það ísjárvert fyrir löggjafarvaldið að leyfa það, sem ekki er bundið þeim skilyrðum, sem vani er að binda slíkt við. Jeg er ekki lagamaður, en jeg held þó, að ekki þurfi lög um þetta; flutningsmaður sagði sjálfur, að sú eina löggjöf, sem snerti þetta, væri eigi gild hjer á landi, og það er víst rjett; þó jeg sje ekki sjálfur lagamaður, get jeg þó lesið, hvað aðrir, sem eru lagamenn, segja, og þannig hef jeg lesið brjef ráðherrans til amtmannsins fyrir norðan 29. maí 1855; hafði amtmaður skotið því til ráðherrans, hvort banna ætti smáskamtalækningar í Norðuramtinu og sagði meðal annars, að þó farið væri að lögsækja smáskamtalækna, mundu þeir þó ekki verða sakfelldir fremur en aðrir skottulæknar, ef þeir ekki hefðu gjört skaða. Á þessa skoðun fjellst ráðherrann, og efast jeg ekki um, að það sje rjettur úrskurður og ímynda mjer því, að ekki þurfi nýrra laga við; en ef lög verða sett, þá ætti að setja þá reglu, að hverjum væri bannað að iðka smáskamtalækningar, þegar uppvíst er, að hann hafi gjört hinn minnsta skaða með aðferð sinni, eða með öðrum orðum, að setja nákvæmari regluum aðgæzlu á þeim sem stunda lækningar án leyfis, og ákvarðanir um að hegna þeim, sem gjöra skaða. Að vísu eru hegningarlögin til, en jeg verð þó að álíta, að reglur um þetta væri ekki óþarfar.

Guðmundur Einarsson: Deildinni mun ekki úr minni liðið, að fellt var hjer um daginn frumvarp um stofnun læknishjeraðs í Dalasýslu; landshöfðinginn taldi það sem aðalástæðu móti frumvarpinu, að enn væru óveitt 4 læknishjeruð, og dreg jeg þá ályktun út af því, að mest sje nauðsynin á læknishjálp í þeim hjeruðum. Þessi þörf á lækni verður því tilfinnanlegri, þegar farið er að elta þá og ofsækja, sem veita hjálp og liðsinni, þar sem ekki verður náð í lækni, og er það óheppilegt hapt á frelsi manna. Jeg er nú orðinn 60 ára gamall, og veit marga ólærða lækna, sem hafa hjálpað, og hjálp þeirra komið að miklu gagni, en jeg þekki ekki eitt einasta dæmi þess, að þeir hafi gjört

skaða. Jeg vil ekki tala um hómöopathiuna, því að jeg er ekki fær að dæma um hana, nema mjer hefur hún einu sinni hjálpað, og læknaði í mjer tannpínu, þegar jeg hafði árangurslaust reynt mörg allopathisk meðul við henni, svo að jeg hef aldrei fundið til hennar síðan. Jeg fyrir mitt leyti tel það hina mestu fásinnu að takmarka þá hjálp, sem einstakir menn af náttúrufari, nanðsyn og góðsemi láta í tje, til að reyna til að líkna sjúkum; já jeg vil taka dýpra i árinni og kalla það enda ókristilegt að lögsækja menn fyrir slíkar sakir, og vil jeg því fara miklu lengra en frumvarpið, og veita fullt lækningafrelsi; jeg er samdóma 2. þingmanni Gullbringusýslu, að þá fyrst eigi að setja mönnum takmörk, þegar þeir gjöra skaða með lækninga káki, og þá eru líka hegningarlögin til taks, en eins og jeg áður sagði, jeg þekki ekki eitt einasta dæmi, að skaði hafi hlotizt af lækningum ólærðra manna. Jeg mæli með því, að mál þetta verði ekki fellt, heldur betur skoðað og nefnd skipuð í það.

Flutningsmaður (*B. Sv.*): Jeg vil taka það fram, að það er fjarskalegur munur á því, að innleiða almennt lækningafrelsi einnig fyrir allopatha, eða eins og frumvarpið gjörir, að friða smáskamtalækningar; þetta leiðir af þeim mun, sem er á allopathiu og homöopathiu. Eptir minni skoðun getur allopathian verið skaðleg, ef hún ekki er rjettilega brúkuð, en eptir vitnisburði allopatha og allra homöophatha eru smáskamtalækningarnar alveg hættulausar (*Halldór Kr. Friðriksson:* Nei!). Jeg talaði við lækni þann, er síðast var í Þingeyjarsýslu, og hinn háttvirti þingmaður mun þekkja hann, og sagði hann mjer, að smáskamtalækningarnar væru alveg óskaðlegar; það eina, sem þær gjætu gjört illt, væri það, að þær gætu komið því til leiðar, að ekki væri leitað stórskamtalæknis, en þessi mótbára getur ekki komið fram þar, sem engan lækni er að fá. Allopathiskir læknar geta fengið *veniam practicandi* (lækningaleyfi), þó ekki hafi þeir tekið próf, af því hinir prófuðu læknar þekkja þeirra meðul, og hafa því ekki á móti þeim, en öðru máli er að gegna um smáskamtalækna.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla mjer ekki að fara að dæma um allopathiu eða homöopathiu, því til þess er jeg eigi fær, en jeg álít þó, að þetta frumvarp eigi að styðjast við nokkurn misskilning. Ef lög 5. septembr. 1794 eru ekki gild hjer á landi, ef þessir smáskamtalæknar hafa leyfi til að iðka lækningar, þá veit jeg ekki, hvers vegna á að vera að endurtaka það leyfi, en ef þau lög eru ekki gild, þá eru þeir undir sömu lögum og aðrir óprófaðir læknar. Það er mjög óvíst, hvort þetta frumvarp verður að verulegu liði, þótt það verði lög, því að með því er vissum flokki ólærðra manna veitt rjettindi fram yfir aðra, þeim gefið leyfi til þess, sem öðrum er bannað. Mjer finnst það ekki nóg, þó smáskamtalæknirinn segi: jeg er smáskamtalæknir, og hann þess vegna eigi að fá leyfi til þess, að mega iðka lækningar, en hinum ef til vill bannað, þótt hann sje laglegur til lækninga. Það getur ekki verið rjett, að sýslunefndin ein eigi að dæma um það, hvort þessir skottulæknar sjeu svo vel viti bornir eða vel að sjer, að þeir sjeu færir til að taka að sjer lækningar, eða hún eigi að skera úr, hvort þessum manninum sje trúandi, en hinum ekki trúandi fyrir leyfi til lækninga. Þetta frumvarp hefði aldrei átt að koma fram, en ef það gengur til 2. umræðu, þá er nauðynlegt að skipa nefnd, og nefndin ætti þá að breyta því svo, að smáskamtalæknum sje gjört að skyldu að sýna eitthvert vottorð fyrir þekkingu sinni, það er ekki nóg, að læra hálfan mánuð hjá manni, sem sjálfur hefur stundað lækningar hálfan mánuð, því að með því móti getur enginn náð þeirri þekkingu, sem hið opinbera getur látið sjer nægja. Þó

ekki sje heimtað, að allir hafi gengið á læknaskólann í Reykjavík eða háskólann í Kaupmannahöfn, þá er þó einhver þekking nauðsynleg, og eitthvert vottorð fyrir þekkingu, ef manninum á að vera trúandi fyrir lækningum, því að, ef allopathisk lyf geta verið hættuleg, þá hlýtur hið sama að eiga sjer stað um hömöopathisk lyf; annaðhvort eru þau til einskis gagns, eða þau geta einnig verið skaðleg.

Hjálmur Pjetursson: Þingmaður Dalamanna tók fram, af hverju nauðsynlegt væri að hreyfa þessu máli, og þarf jeg því eigi að taka það fram, enda er öllum kunnugt, að læknar eru allt of fáir hjer á landi, og veitti ekki af, að einn læknir væri í hverju prestakalli. En nú er hvorki til fje nje lærðir læknar til þess, og hvert ráð á þá að hafa? það ráð sýnist liggja beint fyrir, að veita þeim mönnum, sem hafa til að bera góðan vilja og gott mannorð, og eru skynsamir menn, lækningaleyfi, meðan þeir gjöra gagn með lækningum sínum. Þeir, sem ekki gjöra gagn, halda ekki lengi áfram lækningatilraunum, því þeir missa fljótt álit almennings, og alla tiltrú í því efni. En hvað þetta mál að öðru leyti snertir, þá er það eigi einungis vegna almennings-þarfarinnar, að nauðsynlegt er að friða með lögum smáskamtalækningarnar, þótt þetta sje stærsta atriðið, heldur og líka vegna dómaranna og stórskamta-læknanna; fyrir dómarana væri það þægilegast, að þurfa ekki að eiga í málavastri út af þessu, og er jeg viss um, að sumum þeirra þykir engin ánægja að þurfa að þræla í þessu smáskamtamálaþrasi; fyrir læknana og læknastjórnina væri líka bezt og þægilegast, að þetta ástand, sem nú er, gæti breytzt til batnaðar, því að hún gæti þá sparað sjer þessa undarlegu og hlægilegu dóma um lyf hömöopathanna, sem ýmist eiga að vera sykurkúlur einar eða vatn o. s. frv., ýmist megnasta eitur. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að lyf og lækningar smáskamtalækna gæti verið hættulegt, en hann færði engin rök fyrir þessu, og að minnsta kosti mun hann ekki geta sannfært mig um það. Þar á móti mundi jeg geta leitt eins mörg vitni að gagnsemi smáskamtalækna, eins og orðin voru í ræðu hans. Jeg álít nefnd ónauðsynlega í þessu máli; ef breytingar þarf að gjöra á formi eða efni frumvarpsins, þá virðist mjer mega gjöra það með breytingaratkvæðum.

Arnljótur Ólafsson: Mjer virðist frumvarp það, er hjer liggur fyrir, svo hóflegt og vel samið, að jeg mun gefa því atkvæði mitt. Margir prófaðir allopathar hafa ekki á móti óprófuðum allopöthum, þeim er vjer köllum skottulækna, en eru þó leynt eða ljóst mótfallnir homöopöthum. Þetta kemur til af því, að þeir hafa fullt vit á lækningaaðferð hinna óprófuðu allopatha, en þeir hafa ekki vit á lækningum homöopatha. Þar af leiðir, að hinir prófuðu allopathar geta eigi dæmt, og vjer getum eigi ætlazt til, að þeir dæmi með rjettsýni um þá læknisaðferð, er þeir bera ekki skyn á, nje heldur hlutdrægnislaust um þessa læknisaðferð, er svo móthverf er lækningahætti sjálfra þeirra, er þeir hljóta að treysta, ef eigi trúa á, einkum ef þeim leikur öfund á lækningaheppni smáskamtamanna og atvinnu þeirra. Þingmaður Reykvíkinga áleit ísjárvert, að hleypa mönnum þeim, sem ekki hefðu þekkingarvottorð, að því, að sjá um líf og heilsu manna. En má jeg spyrja? Hver er beðinn, hvað þá heldur neyddur, til að leita hjálpar hjá smáskamtalækni, fremur en hjá hinum prófaða stórskamtalækni? Þess er enginn maður beðinn, og til þess er enginn neyddur, og það gjörir heldur enginn maður, fyr en hann hefur fengið á honum fullt traust. En takist nú hinum óprófaða smáskamtalækni betur en hinum prófaða stórskamtalækni, hafi sjúklingurinn meira traust á hinum smáu en stóru skömtum, hver þörf

er þá á prófi eða kunnáttuvottorði? Sjúklingarnir, sem leita homöopathans, þurfa sannarlega eigi þessa vottorðs við, heldur hinir, sem eigi leita hans, og til hvers er það? Það eru til tvenns konar próf, eitt er lærdómspróf, annað er reynslupróf, og vona jeg, að jeg fari eigi svo mjög skakkt, þar sem jeg met reynsluprófið miklu meira en hitt, og þetta reynslupróf hafa homöopatharnir.

Af því jeg sje, að þingmaður Reykvíkinga er að búa sig til að standa upp, þá vil jeg biðja hann að leysa úr þeirri spurningu: hvort honum þyki betra, að deyja undir hendi hins prófaða læknis eptir «kunstarinnar reglum», sem menn kalla svo, heldur en að þiggja líf og heilsu hjá óprófuðum lækni, er læknar hann gegn «kunstarinnar reglum».

Guðmundur Einarsson: Þingmaður Reykvíkinga vildi hafa vissu fyrir því, að sá hefði þekking á lækningum, sem lækna mætti; það er nú að vísu rjett, en jeg vil benda á það, að þekking og kunnátta fæst með fleiru móti en beinlínis á þann hátt, sem kallaður er vísindalegur. Þekkingin framleiðist af hugviti, æfingu og reynslu. Hinn ólærði læknir myndast á líkan hátt og skáldið. Eins og skáldið myndast fyrst af því, að samhendur eða vísur fljúga í hugann ósjálfrátt við gefin tækifæri, og þegar ljóðmælin heyrast, er þeim hrósað. Við það fer hinn hagmælti að æfa sig, aðrir fara að hvetja hann og enda biðja hann að yrkja og með fram fer hann að lesa, sem menn kalla upp á eigin hönd bækur, sem þar að lúta, eins að sínu leyti fer um þann, sem hefur hugvit til lækninga. Hann verður fyrst fljótráður að taka eithvað til bragðs, þegar læknishjálpar þarf við. Hann er handlaginn o. s. frv. Hann hefur stálminni, við hvað hafi batnað í því og því tilfelli, honum flýgur ósjálfrátt í hug, til hvers nú skuli grípa, og það hjálpar. Við þetta fá menn traust á honum og hann á sjálfum sjer. Aðsóknin vex, einkum sje hann langt frá lækni, eða þar sem lítið traust er borið til hins skipaða læknis; hann fer að lesa lækningabækur, æfingin kemur, reynslan vex. Reynslan er sannleikur og óhætt að treysta alþýðudómi eða almenningsáliti í því, að haldist lengi aðsókn að ólærðum lækni, sem lækni, þá er hann nýtur og þarna er þá komin *vissan* fyrir þekkingunni. Nú bætist við, hafi hann bezta vilja, gefi meðulin, fari ferðir fyrir lítið eða ekkert, þá kemur nú peningaspursmálið með í leikinn.

Um leið get jeg þess, að fundarávarpið frá Dalasýslu sýnir, að borgun fyrir aukaverk lækna er þar og enda víðar orðin þyrnir í augum manna og vilja menn fá þá ákvörðun afnumda, og mun jeg koma með frumvarp til þess, sjái jeg mjer fært.

Halldór Kr. Friðriksson: Þó jeg gjarnan vildi gjöra 1. þingmanni Norðurmúlusýslu það til geðs, að játa það, að homöopatharnir væru ágætir, verður það þó ekki dulið, að meiningar manna um þá eru tvískiptar; það er auðvitað, að mjög mikið er komið undir góðvild og gáfum, eins og þingmaður Dalamanna sagði, en eitthvað er óviðkunnanlegt í því, að dæmi skuli finnast þess, að sveitarómagi skuli hafa verið tekinn og látinn læra smáskamtalækningar, sjálfsagt til þess að ljetta sjer á sveitinni, það er meir enn satt, að einstakur maður getur verið og er öðrum náttúraðri til að vera læknir, en þetta er ekki næg ástæða fyrir því, að trúa hverjum og einum fyrir lífi manna og heilsu, en það er ekki svo hægt, að sanna upp á þessa skottulækna, að þeir hafi gjört sjúklingum tjón með lækningum sínum. Það skal jeg að vísu játa, að reynslan er hið bezta próf og bezta sönnun fyrir dugnaði, en það vona jeg samt, að þingmönnum skiljist, að þar sem prófið er undangengið, eru líkindin til, að það hafi eitthvað að minnsta kosti að þýða, og að

eitthvert próf sje nauðsynlegt, áður en menn fái leyfi til að reyna sig. 1. þingm. Norðurmúlasýslu sagði, að á litlu stæði, hvort maður dæi hjá allopatha eða homöopatha. Þessu og öðru eins er nú reyndar ekki hægt að svara; en það vil jeg vona, að honum finnist eðlilegt, þó jeg fremur treysti manni, sem hefur vottorð um þekking sína en hinum, sem ekkert hefur vottorðið.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu og var það samþykkt með 17 atkv. Sömuleiðis var samþykkt að setja 5 manna nefnd, og í hana kosnir þeir

Arnljótur Ólafsson	með	14 atkv.
Guðmundur Einarsson	—	14 —
Benedikt Sveinsson	—	11 —
Hjálmur Pjetursson	—	11 —
Stefán Stephensen	—	6 —

Önnur umræða í neðri deild, á 16. fundi 19. júlí.

Breytingartillögur (nefndarálit) I 137 til 138.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Hin háttvirta deild sjer, að af breytingartillögum nefndarinnar við frumvarpið eru einar tvær efnisbreytingar, en hinar eru einungis orðabreytingar, eða lítið eitt meira. Efnisbreytingarnar eru undir 1. tölulið, staflið b., og undir 2. tölulið. Nokkrir þingmenn, en þó einkum þingmaður Reykvíkinga, hafa álitið nauðsyn á vottorði um þekking á smáskamtalækningum. Jeg skal játa, að slík mótbára er á rökum byggð, og hefur nefndin viljað bæta úr þessu með því, að gjöra skilning á danskri tungu að skilyrði, fyrir því að engin kennslubók í samveikisfræði er enn til á voru máli, en allnýtilegar bækur eru til á dönsku, þótt þær sjeu miklu yfirgripsmeiri á öðrum tungum, og því bætti nefndin því skilyrði við: «og hafi hann nægilegt vottorð um, að hann skilji dönsku». Viðauki nefndarinnar um, að ekki þurfi leyfis til þess að við hafa smáskamtalækningar á heimili sínu álít jeg að vísu fremur óþarfan, því það er nú orðin föst veuja að meina engum húslækningar eða heimilislækningar; en það skaðar að minnsta kosti ekki, þó þetta sje ekki, þó þetta sje tekið ljóslega fram. Nefndin ræður til að taka upp nýa grein, sem þá yrði 3. grein og hljóðaði þannig: «heimilt er þeim, sem fengið hafa «lækningaleyfi eptir 2. grein, að útvega «sjer smáskamtameðul, þótt annarstaðar «sje, en lyfjabúðum í landinu»; þetta finnst mjer eðlilegt og nauðsynlegt því engin lyfjabúð landsins mun vera útbúin með samansett smáskamtameðul, nema ef vera skyldi lyfjabúðin í Reykjavík, sem þó er óvíst. Hinar aðrar breytingar, sem nefndin hefur stungið upp á, þarf jeg ekki um að tala, því þær eru að mestu leyti orðabreytingar einar. Hvað málið sjálft snertir, þá mun það flestum kunnugt. Jeg skal þó benda til þess, hvernig stjórnin tók í smáskamtamálið fyrst hjer á landi. Ráðherrabrjefið 29. maí 1855 sýnir, að það er sprottið af umkvörtun lyfsalans á Akureyri yfir smáskamtalækningum, og ber lyfsalinn það fram sem ástæðu fyrir umkvörtun sinni, að smáskamtasalan spillti svo mjög fyrir sinni meðalasölu, að hann mundi neyðast til að hætta, ef hjer væri eigi bót á ráðin. Honum svaraði stjórnin því, að ekki tjáði að fara fram á þetta, meðan engin sönnun væri fram komin fyrir því, að smáskamtalæknar bæru sig «stórlega rangt að» eða að «lífi og heilsu manna væri hætta búin» af læknisaðferð þeirra. Skömmu síðar kvartaði landlæknir vor undan smáskamtalækningunum á Norðurlandi, og var honum svarað í ráðgjafabrjefi 19. júlí 1856, að ekki kæmi til mála að banna þessa læknisaðferð, meðan ekki yrði bent á neitt «víst tilfelli», er sýndi, að «lækningar homöpatha hefðu haft skaðlegar afleiðingar», og var þá skorað á landlækni, að hann rannsakaði lyf smáskamtalækn-

anna, áður nokkuð yrði gjört, en hann þóttist ekki hafa tök á því, og hefur sjálfsagt af einhverjum ástæðum, sem vjer getum gizkað á, hverjar verið hafi, heldur ekki haft það. Nú líður og bíður eitt árið enn; þá samansafnast þeir í einn stóran stormbyl, lyfsalinn í Reykjavík, lyfsalinn á Akureyri og landlæknirinn sjálfur. En ráðgjafinn lægði storm þennan með brjefi 31. marz 1857, og allt fór enn á sömu leið sem fyr; það varð ekki sannað, að læknisaðferð smáskamtalækna hefði gjört skaða, og allar ofsóknir gegn smáskömtunum á Norðurlandi duttu alveg úr sögunni. En nú er hafinn og settur rannsóknarrjettur gegn smáskömtunum á Suðurlandi. Hann er öllum í fersku minni; jeg þarf eigi að lýsa honum. Jeg vil einungis drepa á 4. tölublað Heilbrigðistíðindanna, þar sem talað er um smáskamtalækningarnar í Kálfatjarnarsókn. Að vísu hefur presturinn á Kálfatjörn hrakið að miklu leyti hinn harðyrta áburð á smáskamtalæknana með skýrslu sinni í Ísafold, 16. tölublað 1879. En þó vil jeg leyfa mjer, til þess að fullkomna þessa skýrslu prestsins, að lesa nokkur orð upp úr brjefi frá valinkunnum heiðursmanni, Guðmundi hreppstjóra Guðmundssyni í Landakoti á Vatnsleysuströnd. Hann skýrir frá, hve margir hafi veikzt, og verið læknaðir á 7 bæjum kring um sig, og síðan segir hann: «Hafa þá 45 manns orðið veikir á hinum nefndu bæjum, og öllum þeirra, að undan teknum ef til vill tveimur mönnum, batnað af homöopatha meðulum, svo framarlega sem þeir hafa þurft á nokkurri meðalabrúkun að halda»; en um það kveðst hann eigi bær að dæma. Hann gjörir og grein fyrir því, að í byrjun sýkinnar hafi svo sem enga hjálp verið að fá hjá smáskamtalæknum sakir meðalaleysis; en er nýr smáskamtalæknir kom með meðul, þá segir hann, «ljetti manndauðanum að mestu». Þegar nú vor lærði og ágæti höfundur Heilbrigðistíðindanna, sem er lækna lærðastur hjer á landi og hinn hjartabezti maður, misskilur og mishermir svona freklega allt, sem snertir smáskamtalækningar, eins og hann hefur gjört í tjeðu 4. tölublaði Heilbrigðistíðindanna, hvers má þá vænta af hinum? Þessa vegna finnst mjer brýna nauðsyn til bera, að taka í taumana á þeim, er valda slíkum ófriði, óvild og gremju í þjóðfjelaginu með ofsóknum, er byggðar eru á þvílíkum misskilningi og fullkominni vanþekkingu.

Forseti leitaði því næst atkvæða og fjellu þau þannig:

1. grein frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
   1. liður (a) í breytingartillögum nefndarinnar var samþykktur með 12 atkv. gegn 2.
   1. liður b samþykktur með 11 atkv.
   1. — c samþ. án atkvæðagreiðslu.
2. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkv.
   2. liður í breytingartillögu nefndarinnar samþ. með 16 atkv.
   3. liður í breytingartillögu nefndarinnar samþ. án atkvæðagreiðslu.
3. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþ. með 16 atkv.
   4. liður a. í breytingartillögu nefndarinnar samþykktur með 15 atkv.
   4. liður b. samþykktur með 15 atkv.
4. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþ. með 16 atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu, og málinu vísað til 3. umræðu með 17 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 18. fundi, 22. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 155—156.

Breytingartillögur: I 198. 199.

Varaforseti: Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að tilskipun sú, sem breytingartillaga hinna 6 þingmanna fer fram á, að 5. grein sje numin úr, er, að því er jeg veit bezt, eigi löggild á Íslandi, getur því eigi komið til mála, að nema lög úr gildi, sem ekki eru löggild. Reyndar hefur hún verið lesin upp á alþingi við Öxará, en hvergi löggilt, nema það væri í hegningartilskipun frá 1831. Af því það kynni að draga dilk eptir sjer, ef annar partur löggjafarvaldsins beinlínis eða óbeinlínis játaði það að vera lög, sem ekki eru lög, skal jeg biðja 1. þingmann Norðurmúlasýslu um skýring á því, hvort jeg fari rjett með.

Benedikt Sveinsson: Jeg þóttist við 1. umræðu reyna að leiða rök að því, að þessi tilskipun, dagsett 5. septembr. 1794 væri sem slík ógild hjer á landi, og þótt hún hefði lagagildi að því er til allopatha eða stórskamtalækna kemur, þá gæti hún að minni meiningu alls eigi náð til homöopatha eða smáskamtalæknanna. En nú ræðir þetta frumvarp einungis um homöopatha, og þess vegna kemur þessi tilskipun alls ekkert frumvarpi því við, sem hjer um ræðir. Að öðru leyti skal jeg að þessu sinni ekki tala frekar um málið; jeg veit að aðrir þingmenn muni verða til að halda svörum uppi fyrir frumvarpinu, en ef við þarf, þá mun jeg geta komið með smávegis upplýsingar málinu til stuðnings.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal geta þess, að jeg er því samdóma, að tilskipun þessi hafi eigi út af fyrir sig haft gildi, og að eigi muni hafa verið farið eptir henni hjer á landi sem hegningarlögum fyrst fram eptir. En hitt er annað mál, hvort hún hafi eigi orðið hjer að lögum með tilsk. 21. des. 1838. Þá er enn vafasamt, hvernig skilja eigi 5. grein í tilsk. 5. sept. 1794, þó hún aldrei nema væri álitin lög hjer á landi. Það er full sannfæring mín, að þessi grein hafi eigi verið skilin, svo sem dómstólarnir hjer skilja hana nú, ef yfirvöldin hafa annars álitið hana gildandi. Þetta álit mitt styðst við öll brjef dómsmálastjórans til amtmannsins fyrir norðan, 29. maí 1855, 19. júlí 1856 og 31. marz 1857. Í brjefinu 29. maí 1855 segir, að ráðgjafinn fallist á þá skoðun amtmannsins, að smáskamtalæknar «muni eigi verða sakfelldir, þótt mál væri höfðað móti þeim, nema þeir hefðu borið sig stórlega rangt að», og í brjefinu 19. júlí 1856 samsinnir stjórnin amtmanni, að hann hafi eigi haft næga ástæðu til að láta höfða mál á hendur smáskamtalæknum; af því, segir ráðgjafinn, «að ekki hafi verið tekið til neitt víst tilfelli, að lækningar homöopatha hafi haft skaðlegar afleiðingar, eða að nokkurs manns lífi og heilsu af þeim hafi verið hætta búin». Af þessum brjefum er auðsætt, að ráðgjafinn hefur eigi álitið smáskamtalækna hegningarverða eptir 5. gr. tilskipunarinnar fyrir það atvik eitt, að þeir taka sjúkling til lækningar, heldur fyrir það, ef þeir fremja eitthvert það verk, er saknæmt er í sjálfu sjer eptir almennum hegningarlögum. En nú er svo komið, að hjer á Suðurlandi er höfðað mál gegn smáskamtalækni, ekki af því, að lækningar hans sjeu til skaða, ekki fyrir sviksemi, ekki fyrir það, að lífi manna og heilsu væri hætta búin af lækningum hans; ekki af því, í einu orði sagt, að hann hafi gjört sig sekan í afbroti eptir almennum hegningarlögum, heldur af því eingöngu, að hann hefur farið með skottulækningar. Þetta mál er höfðað og dæmt eptir þeim skilningi á 5. gr. tilskip., að það atvik eitt sje saknæmt að taka sjúkling til lækningar, þótt það skilyrði vanti, að skottulæknirinn hafi stofnað lífi og heilsu mannsins í hættu, eða án tillits til þess, hvort brotið sje saknæmt eptir almennum hegningarlögum. Heyrt hef jeg, að hæstirjettur í Danmörku fylgi því fram, að dæma skuli skottulækna seka fyrir þessar lækningar samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar, og byggi dóm

sinn á því, að í hinum almennu hegningarlögum Dana, þar sem talin eru öll sakalög þau, er numin voru úr gildi, sje tilskipun þessi ekki talin með. Jeg er hræddur um, að landsyfirrjetturinn hjer muni heldur fylgja hæstarjettardómi, heldur en skoðun þeirra 1. þingmanns Árnessýslu og 1. þingmanns Gullbringusýslu. Nú kunna lagamenn að segja: «tilskipun þessi er eigi gild af sjálfri sjer, heldur eptir tilskipun frá 1838». Er þá tilskipunin gild eða ekki gild? Í breytingartillögunni er þannig orðað, «5. gr. í tilsk. 5. sept. 1794 er úr gildi numin». Þetta er orðað þannig af ásetningi, og þýðir að eins, að tilskipunin sje úr því gildi numin, sem dómararnir kunna að gefa henni. Í lagaboðum, er breyta eldri lögum, stendur, að sú eða sú tilskipun sje úr lögum numin. Fyrir því, sje gildi tilskipunarinnar nokkuð, þá er það farið; sje gildið ekki til, þá er afnámsgreinin ofmælt, það skal jeg játa. Jeg hef viljað forðast að kalla hana lög, þótt jeg sje í talsverðum vafa. Þetta er minn skilningur á löggjöfinni eða á dómvenjunni, sem jeg er hræddari við en lögin sjálf.

Varaforseti: Jeg veit, að þingmönnunum hefur ekki gengið nema gott til, að koma með þessa breytingartillögu, og jeg gæti vel greitt atkvæði með henni, ef jeg sæi ekki, að það mundi draga dilk eptir sjer; en jeg ætla að gjalda skuli varhuga við, að játa nokkuð gilt, sem ekki er fullgilt, og mjer er nær að segja, að margar óhentugar ákvarðanir, sem nú liggja í þagnargildi, gætu álitizt gildar, ef vjer ljetum það viðgangast, að slíkar breytingartillögur sem þessi kæmust að. Þingmaðurinn játar, að þessi tilskipun hafi aldrei verið lögleidd. En það verður spurning um, hvort hún hafi ekki verið lögleidd með tilskipun 21. des. 1831. Jeg veit að lagamennirnir og dómstólarnir segja það ef til vill, jeg er ekki dómstóll. En hvað skipar hún fyrir um? Hún skipar fyrir um vissar greinir í tilskipunum frá 1827. Í 1. kafla er skipað fyrir um útvíkkun á reglugjörð fyrir yfirvöld; í 2. kafla um útvíkkun vissra greina í lögum um að af nema útlegð; í 3. kafla um borgun til sáttanefnda; í 4. kafla um hjónaband; í 5. kafla um heimfæring norsku laga 6—13—5; í 6. kafla um vottorð, sem prestar á Íslandi eiga að gefa. Þá er tilskipunin ekki lengri. Getur nú nokkur heilvita maður sagt, að lög gegn skottulækningum sjeu með þessu lögleiddar? Jeg vona, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu geti eigi ætlað hæstarjetti þann skilning, þótt einhver undirdómari kunni að hafa hann. Jeg verð annars að játa, að breytingartillaga þessi er ekki samin með þeim skarpleik, sem 1. þingmanni Norðurmúlasýslu er annars svo eiginn og sem jeg rak mig á hjá honum í gær, og vona jeg að hann láti eigi nafn sitt optar sjást undir slíkum breytingaratkvæðum.

Framsögumaður: Jeg er fús á að taka breytingartillögu þessa aptur. Jeg er sannfærður um, að tilskipan þessi var eingöngu gefin Danmörku með fyrsta. Á þeim tíma var Norvegur í sambandi við Danmörk og engin lög giltu á Íslandi, nema þau væru annaðhvort gefin sjerstaklega fyrir landið, eða þá gefin Noregi sem almenn lög. En hjer er teikn móti teiknum, tilskipunin 5. sept. 1794 er annað teiknið, en dómarnir hitt. Þessi breytingartillaga er ekki gjörð frá lagasetningarinnar sjónarmiði, heldur frá sjónarmiði dómstólanna. Nú er búið að höfða mál eptir þessari tilskipun; dómur landsyfirrjettarins er, því miður, eigi upp kveðinn enn, og verið getur, að eigi verði upp kveðinn dómur í aðalmálinu. En jeg er hræddur um, að einhverjum skörpum manni, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu þekkir vel, hafi þó dottið í hug að dæma eptir tilsk. 5. sept. 1794 í sama skilningi sem hjeraðsdómurinn. En jeg álít, að breytingartillagan hafi nú náð tilgangi sínum, sem sje að vekja athygli á þessu, og í trausti

til dómstólanna og í trausti til «skarpleikans» tek jeg hana aptur.

Guðmundur Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að í tilskipun 25. febr. 1824 er með berum orðum tekið fram, að skottulæknum skuli hegnt eptir tilskipun frá 5. jan. 1794, og jeg veit líka, að landphysicus hefur eptir 6. gr. hennar gefið veniam practicandi (lækninga-leyfi). Þannig er hún óbeinlínis komin hjer inn. Væri hún ekki í gildi, hvernig mætti þá dæma eptir henni og vitna í hana. Jeg skal þessu til sönnunar geta þess, að sýslumaðurinn í Mýrasýslu hefur nú nýlega, eptir því sem mjer hefur borizt, dæmt tvo dóma eptir henni einmitt viðvíkjandi hinum svo nefndu skottulækningum, og dæmt 40 króna sekt á hendur þeim, er læknuðu.

Benedikt Sveinsson: Jeg er á sama máli, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu, að það sje áríðandi, að slík breytingartillaga, sem hjer um ræðir, fái ekki framgang, og flutningsmaður hefur þess vegna gjört vel í því, að taka hana aptur, því ef deildin hefði samþykkt þessa breytingartillögu, þá væri ekki annað að sjá, en að deildin hefði álitið að þessi tilskipun hefði verið gildandi áður um smáskamtalækningar, sem, eins og jeg tók fram við fyrstu umræðu skýrt og skorinort, eptir sögusögn sjálfra allopathanna, eptir eðli sínu, ekki geti haft skaðleg áhrif á líf eða heilsu manna, sbr. stjórnarbrjef 19. júlí 1856, sem skilur hina umgetnu tilskipun alveg rjett. Allt öðru máli skiptir um stórskamtalækningatilraunir; þær geta skaðað líf og heilsu, en þá falla þær undir hin almennu hegningarlög, og er það því engin sönnun fyrir lagagildi tilsk. 5. sept. 1794 hjer á landi, þó slíkt varði hegningu. Að því er kemur til álita dómstólanna, þá breytir þessi tillaga því sannarlega ekki til batnaðar, því að ef hún hefði verið samþykkt, þá hefðu dómstólarnir getað byggt á því og sagt: svona leit neðri deild alþingis á málið. Hvað því viðvíkur, sem þingmaður Dalamanna sagði, að instrúxið frá 1824 sýndi það og sannaði, að tilsk. 5. sept. 1794 sem slík væri gildandi hjer á landi, þá skal jeg segja honum það, að instrúxið er ekki almenn lög og getur ekki haft almennan bindandi krapt. Það getur skuldbundið þann mann, sem það er gefið fyrir, og á að hegða sjer eptir því. Úr því jeg fór nú enn að tala um þetta mál, vil jeg enn fremur leiða rök að því atriði, að tilsk. 5. sept. 1794 hefur heldur aldrei gjört sig gildandi í rjettarmeðvitundinni hjer á landi hvað smákammtalækningar snertir, en að þær þvert á móti hafi rótfest sig í almennri viðurkenningu, sem leyfilegar og gagnlegar, um allt land. Jeg hef þá hjerna í höndunum frumrituð eiginhandarvottorð frá 3 sýslumönnum, sýslumanni Rangæinga, sýslumanni Árnessýslu og sýslumanni Strandasýslu, og er í þessum vottorðum öllum gefinn ágætur vitnisburður fyrir lækningar alþekktum smáskamtalækni, sem jeg hirði ekki um að nafngreina, en get nafngreint. Hvernig getur nú nokkur maður ímyndað sjer, að þessir menn gæfu slík vottorð, ef þeir álitu, að til væru gildandi lög, sem undir hegningu bönnuðu smáskamtalækningar? Jeg hef líka öldungis samkynja eiginhandar-vottorð í höndum hjerna í salnum frá 9 prestum, frá prestinum á Kálfafellsstað, Kálfatjörn, Stóra-Núpi, Holti, Arnarbæli og Vestmannaeyjum o. fl., um þvert og endilangt Suðurland. Sannar nú þetta eigi, að það sje ekki of sagt að smáskamtalækningarnar sjeu útbreiddar og rótfestar alstaðar, ekki einungis meðal alþýðunnar heldur einnig meðal hinna menntuðu manna þjóðarinnar, þar á meðal sjálfra valdsmannanna? Enn hef jeg vottorð frá 10 málsmetandi alþýðumönnum, en þau skal jeg hjer ekki leggja mjög mikla áherzlu á, þó þau sanni allt hið sama sem embættismannavottorðin. En það get

jeg ekki lagt á hylluna, að jeg hef líka í höndum eiginhandar vottorð frá allopathiskum hjeraðslækni hjer í grendinni, sem korónar allan þenna vottorðagrúa. Nú vona jeg að nokkuð sje komið máli mínu til sönnunar, og þó get jeg ofan á allt saman sagt þingmanni Reykvíkinga, fyrst hann er að gjöra athugasemdir við ræðu mína, að jeg þekki einn allopathiskan lækni, sem á konu, sem er smáskamtalæknir, og hefur tekizt vel, og er jeg viss, að þingmaðurinn mundi sjálfur fús á að þiggja lækning af henni, ef hann þyrfti lækninga við. Jeg ætla því, að konan lækni mann sinn homöopathice, þá er hann sýkist, og maðurinn konuna allopathice, þá er hún sýkist. Þetta má hinn háttvirti þingmaður ekki lá. Þetta vona jeg að sje þá óbilug innri sönnun fyrir því, að tilskipunin hafi aldrei gjört sig gildandi í rjettarmeðvitund þjóðarinnar sem bindandi og viðurkennd lagasetning hjer á landi gegn smáskamtalækningum. Að öðru leyti vona jeg, að efri deildin lagi, það sem frumvarpi þessu kann að verða ábótavant.

Guðmundur Einarsson. Jeg skal játa, að það situr illa á mjer, að keppa við lögfræðinga, en það get jeg með sönnu sagt, að hans hátign konungurinn hefur samkvæmt instrúxi frá 25. febr 1824 skipað landphysicus að klaga fyrir skottulækningar, og að sá seki sje dæmdur til sekta eptir tilskipun 5. jan. 1794. Þegar nú konungur skipar þetta, hvernig verður þá sagt, að það sjeu ekki lög, hve margir vitnisburðir sem kunna að koma. Það sem 1. þingmaður Árnesinga sagði, kom flest málinu ekki við. Tilskipanin og instrúxið staðfesta hvort annað, og að segja, að það sje ekki lögmætt sem einvaldur konungur skipar, það sýnist mjer hart, en það verða menn að gefa mjer rjett í, að konungur hefur skipað, að dæma eptir þessari tilskipun.

Björn Jónsson. Jeg skal geta þess, að oss, sem sömdum breytingartillöguna við 3. gr. frumvarpsins, þótti ekki heppilegt að gjöra það að skilyrði fyrir lækningaleyfi að kunna einungis dönsku, eða dönsku fremur öðrum málum; svo að manni, er kynni t. d. prýðilega ensku, en ekki dönsku, eða þýzku, en ekki dönsku, eða frakknesku, en en ekki dönsku, — honum skyldi neita um lækningaleyfi fyrir það; einkum og sjer í lagi þar sem að alkunnugt er, að á þessum málum eru til miklu meiri og betri bækur í þessari læknislist en á dönsku. Af því virtist oss heppilegra að gjöra það að skilyrði, að kunna einhverja af höfuðtungum Norðurálfunnar, en að binda það við eitt einstakt tungumál, og það meðal hinna miður merkilegu.

Framsögumaður: Jeg fellst mjög svo gjarnan á þessa breytingartillögu. Og jeg skal að endingu geta þess, að þetta mál er að miklu leyti sprottið af því, hve örðugt er hjer á landi, að ná til hinna lögskipuðu lækna, því þegar menn gá að, hve margar ferhyrningsmílur landið er, og að tala hinna lögskipuðu lækna er að eins 20, og þó nú að eins 16 til, 4 lækna vantar enn, og menn svo deila ferhyrningsmílna fjöldanum með læknatölunni, þá kemur stærra svæði á hvern stjórnarlækni, en «Amt» er í Danmörku. Þetta vildi jeg, að hver sá maður hugleiddi, sem í hjarta sínu er á móti samveikislækningum, og jeg vona, að stjórnin gæti að þessu, áður en hún fellir frumvarpið, sem sumir spá og sumir hóta að hún muni gjöra, en sem jeg óttast alls ekki.

Þegar hjer var komið umræðunum, tóku eigi fleiri til máls; bar þá forseti undir atkvæði:

1. Breytingartillögu frá 7 þingmönnum, sem deildin hafði leyft, að borin væri undir atkvæði, þótt hún kæmi eigi fram, fyr en á fundinum, var hún samþykkt með 18 atkvæðum.
2. Breytingartillaga 6 þingmanna við

sama frumvarp var tekin aptur.

3. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 22. fundi, 26. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 184.

Jón Hjaltalín sagðist standa upp í máli þessu fremur af skyldutilfinningu en löngun. Þingmönnum væri það fullljóst, að hann hefði jafnan barizt gegn smáskamtalækningunum, en sagði að sjer sýndist nauðsynlegt, að þingmenn fengju að heyra stutt ágrip af æfisögu homöopathíunnar. Hvað frumvarp neðri deildarinnar snerti, þá sæi hann ekki heila brú í því. Hann vildi nú fara fáeinum orðum um mál þetta, en vera sem vægastur í orðum sínum um það, en vilja þreyta deildina með dálitlum smásögum um lækningar þessar. Smáskamtalækningar hefðu verið óþekktar þangað til í byrjun þessarar aldar; þá hefði risið upp maður einn á Þjóðverjalandi, fæddur á Saxlandi, sem hefði byrjað lækningaaðferð þessa. Faðir hans hefði viljað láta hann stunda guðfræði, en hann hefði ekki viljað það. Hann hefði þótt nokkuð undarlegur á stúdentaárum sínum, og lítið viljað þýðast aðra lagsbræður sína. Síðan hefði maður þessi gefið út 2 bækur, aðra hefði hann kallað «*Hina hreinu meðalafræði*», en hina «*Potensering*»; þetta hefði mönnum þótt næsta undarlegt og ótrúlegt, að þynning meðalanna mundi auka krapt þeirra og gagnstætt skynsamri ályktun og almennri daglegri reynslu, og hefðu því rit þessi mætt mótspyrnu margra manna, bæði lækna, heimspekinga, efnafræðinga og kraptafræðinga. Hann fór samt að praktísera með þeirri grundvallarreglu: «*Similia similibus curantur*», en sú regla er beint á móti áliti allra lærða manna. Bezt hefði hann komið fram við prinzessu eina af Saxen-Koburg-Gotha. Síðan hefði hann farið til Parísarborgar og kvænzt þar ungri og auðugri stúlku; en þar fór ekki betur fyrir honum, því að Frakkar veittu honum mótspyrnu, sem þeir og enn í dag veita lækningum þessum. Hann vildi ekki tala um neitt það, er hann ekki gæti sýnt og sannað. Hvað það snerti, að *similia similibus curantur*, þá reyndist það ósatt, er prófað væri, og þætti sjer undarlegt, er skynsamir menn, er ekkert þekktu til þess, skyldu halda slíku fram. Þessi aðferð hefði ekki komið fyrir hjá Grikkjum eða Rómverjum, og yrðum við þó að játa, að við stæðum þeim ei mikið framar. Kínverjar hefðu gefið skýrslu um það, að hin sömu meðul, sem allopathar nú almennt brúkuðu, hefðu verið brúkuð fyrir 4000 árum síðan. Lækningaaðferð þessi hefði flutzt hingað með manni, sem hefði haft «*veniam practicandi*». Síðan hefðu höfuðlærdómar hennar breiðzt út með kraptaverkum sínum. Í fyrra hefði 9 ára gamall drengur fyrir austan gjört sjálfan sig að homöopatha, þess vegna hefði hann í vetur í Heilbrigðistíðindunum óskað nákvæmari laga um þetta málefni, en áður hefði verið. Hann kvaðst hafa lofað neðri deildinni, að gjöra viðaukaatkvæði við frumvarp þetta um baðlækningar, sjóböð og ölkeldulækningar, en þegar hann hefði sjeð þetta stóra frumvarp, sem engin heil brú hafi verið í, þá hefði sjer fallið allur ketill í eld. Sjer þætti sorglegt ef efri deildin tæki við því, og minnkun ef hún samþykkti það. Baráttan milli stórskamta- og smáskamtalækna væri enn þá, þótt smáskamtalæknar í seinni tíð hefðu reynt til að laga sig dálítið eptir stórskamtalæknum. Hann bæri ekki á móti því, að smáskamtalæknar segðust lækna, en hann vildi vita reynslu fyrir því. Lyfjabúðir þeirra hefðu verið rannsakaðar, og í þeim stundum fundizt banvænt eitur, og hefðu tvær slíkar verið gjörðar upptækar, og

lyfsalarnir orðið fyrir fjársektum. Þá hefði það einnig verið almennt viðurkennt, að lækningar þessar væru að eins til þess að narra fje af fólki.

Maður einn hefði fengið fjárstyrk til þess að ferðast í Ameríku, til að skoða jurtir, og fann hann, að lækningakraptur þeirra var mjög misjafn, allt eptir hvar þær greru, og því hjelt hann, að bezt væri að draga lækningaefnin sjálf út úr plöntunum; við það varð það margfalt minna fyrirferðar. Þetta hefðu smáskamtalæknar notað sjer, því að það hefði gefið þeim enn betra ráð til að narra fólk. Þetta allt væri ekkert meðmæli til þess að styðja þá vitleysu, er menn kölluðu «homöopathi». Nú segðu smáskamtalæknar: «við stólum eigi á þynningar, heldur á krapt jurtanna». Þannig hefðu lækningar þessar haldið áfram, þó hnignandi. Nú hefðu 2 hinir merkustu læknar skrifað um lækningar þessar þannig, að þær nörruðu fólk og spiluðu með heilsu manna; á sömu skoðun væru einnig vísindaleg fjelög í París. Hvað hreystiverkin hjer á landi snerti, þá væru þau sem draumórar; margir sjúkdómar bæði hjer og annarstaðar væru þannig, að þeir bötnuðu af sjálfu sjer, og þyrftu því enga lækning. Það væru viðurkennt, að 40 af 100 yrðu veikir á ári hverju að meðaltali, og af þessum 40 deyja vanalega 2 af 100. Hann vildi segja dálitla sögu af Egiptalandi viðvíkjandi þessu máli. Mehemed Ali hefði haft frakkneskan hirðlækni, ágætlega menntaðan mann. En einu sinni hefði komið til hans annar frakkneskur maður, sem hefði gefið sig út fyrir lækni; hann hefði farið allt öðrum orðum um lækningaaðferð sína en hinn, og hefði súltaninn þá kallað lækni sinn fyrir sig og spurt, hvernig stæði á því, að hann aldrei hefði við haft þessa aðferð, eða hvort hann þekkti hana ekki, og hefði læknirinn þá svarað honum því, að hann hefði vitað um þessar lækningar, en þær væru svo fyrirlitnar, að enginn lærður maður vildi líta við þeim. Súltaninn kvaðst þá vilja reyna þá báða, þar eð hann sjálfur væri ekkert inn í læknisfræði, og sendi þá til Kairó, þar sem gekk ákafur sjúkdómur. Próf þetta hefði farið svo, að allir þeir, sem voru undir lækningu smáskamtalæknisins, hefðu sofnað, en hinum mörgum batnað, er stórskamtalæknirinn átti við. Því næst hefði súltaninn kallað báða fyrir sig, og sagt smáskamtalækninum, að til þess að enginn slíkur læknir dirfðist að koma til sín, þá ætlaði hann að láta skera af honum bæði eyrun og senda hann heim aptur. Eins mundi vera ástatt hjá okkur, að lækningar þessar væru meiri á orði en borði; hann þekkti engan, sem hefði batnað af smáskamtalækningum, en marga, sem hefðu brúkað meðul frá þess konar læknum, og hefðu sumir sagzt ekki vera búnir að brúka þau nógu lengi, en aðrir hefðu bölvað þeim, og kveðið þau ónýt; hann gæti því ekki þakkað dropunum það, þó einhverjum hafi batnað, sem þá hefðu brúkað; heldur náttúrunni. Árið 1834 hefðu fyrirlestrar verið haldnir í smáskamtafræði af hálærðum manni, og hefði hann hlustað á fyrirlestra hans. Hann hefði sagt, að svona væri lærdómurinn, en hann gæti eigi hrósað lækningum þessum, því ef gefið væri inn í vatni, þá væri það tómt vatn, en ef gefið væri inn í sykri, þá væri það tómur sykur. Hann hefði sjálfur sjeð sorglegt dæmi í Kaupmannahöfn, að ung og efnileg stúlka í blóma lífsins dó undir lækningum smáskamtalækna, og hefði hann þá spurt lækninn, er með sjer hafi verið, hvort hann ætlaði eigi að klaga lækna þessa, og hafi hann svarað sjer því, að slíkt hefði ekkert að þýða, alþýðan væri svo hjátrúarfull, að hún hjeldi áfram að leita til þeirra eptir sem áður. Enn fremur vildi hann taka það fram, að sum af meðulum þeirra (aconit) væru svo eitruð, að ein byggkornsstærð af því gæti drepið 50 manna. Nýlega hefði duglegur læknir í Aberdeen, að nafni Hamilton, skrifað grein í blöðin um það, að hann hafi læknað lungnabólgu með háum þynningum, og hefði hann því verið kallaður smáskamtalæknir, en hann hefði afsalað sjer því nafni, og sagt, að því færi fjarri,

að hann væri það. Enn fremur vildi hann tilfæra eitt dæmi enn þá. Læknir nokkur hefði verið sóttur til manns, er lá í þvagteppu, og hefðu þar verið fyrir 2 smáskamtalæknar, en eigi getað hjálpað, og hefðu því beðið lækninn að hjálpa, og hefði hann sagzt skyldi gjöra það í þetta sinn, en jafnframt segja þeim, að hann gæti eigi verið þekktur fyrir að ganga samhliða þeim. Síðan hefði það komið út í blöðunum, hver af þessum 3 mönnum mundi hafa gjört rjettast, og var það af öllum játað, að það væri stórskamtalæknirinn. Öll lærð fjelög í Lundúnum hefðu sagt, að þetta væri lygafullur lærdómur og hjátrú. Þynning meðalanna væri svo mikil, að ómögulegt væri að prófa þau. Enn fremur hefði einn hinn lærðasti maður ritað 2 bækur um efnafræði, og hrekur þar smáskamtalækningar, og segir oss eigi lengra komna áleiðis í efnafræði, en forfeður vorir hafi verið, homöopathian sje hin argasta hjátrú, er hingað til hafi komið í ljós; sjer sýndist mega líkja hanni við draugatrú eða galdrastaf, sem í fornöld hafi verið brenndir og mönnum batnað af. Sjer sýndist mjög ísjárvert að láta þetta darka svona, og leyfa mönnum að leika sjer að heilsu manna. Það kynnu helzt að vera stúlkur, sem hændust að smáskamtalæknum, þar eð þeim þætti illur smekkur að allopathiskum meðulum; þannig mundi það ganga til víðast, og svo væri hjer, og þannig dæma hinir beztu læknar þessa tíma. Þetta ætlaði þingið nú að innleiða, en þótt það væri barið hjer í gegn, þá stæði það undir öðru valdi, sem naumast mundi samþykkja það. Hann vonaði, að efri deildin mundi ekki fallast á það, enda væri það smán fyrir lærða menn. Hvað ábyrgð sýslunefndarinnar snerti, þá gerði hann lítið úr henni og mundi þar sannast, að blindur leiddi blindan, og mundi smáskamtalæknirinn eiga hægt með að svæfa sýslunefndina með einni inntöku. Sem dæmi upp á það, hvað fyrirlitnir smáskamtalæknar væru ytra, vildi hann segja deildinni frá því, að einu sinni hefði hann hitt smáskamtalækni einn í Edinarborg, sem hefði verið kunningi sinn; hann hefði boðið sjer heim með sjer, en kvaðst eigi hafa þegið það; annar maður sem var allopathi, hafi verið þar við staddur og hafi hann þakkað sjer fyrir þetta afboð sitt, því að hann sagði, að það hefði án efa rýrt mannorð sitt, ef hann hefði sjezt fara heim með homöopatha. Í Pjetursborg hefði læknir einn viljað þynna mikið meðul, og væri það í mörgum tilfellum nauðsynlegt, en eigi eins mikið og smáskamtalæknar gjöra. Hann gæti sagt það smáskömtunum til lofs, að fáum hefði versnað, en sjálfsagt engum batnað. Hann vildi leiða athygli deildarmanna að því, að læknisfræðin væri eigi til að spauga með. Menn mundu kinoka sjer við, að taka 9 vetra gamlan dreng fyrir skipstjóra landa á milli, en það yrði hann að segja, að læknisfræðin væri eigi vandaminni en skipstjórn, það væri því hæpið, að trúa mönnum, sem ekkert kynnu í náttúrufræði, fyrir læknastörfum. Hvað hina svo nefndu skottulækna snerti, þá væri öðru máli að gegna með þá, þeir hefðu bækur fyrir sjer, og gætu einnig fengið upplýsingar hjá lærðari mönnum í læknisfræði. Hann vildi nú af öllu þessu biðja deildina, að skoða hug sinn vel, áður en hún gerði landi og lýð skömm með því, að fallast á frumvarp þetta. Að minnsta kosti hefði hann ætíð elskað svo ættjörð sína, að hann vildi eigi, að þingið leiddi slíka forsmán í lög henni til minnkunar. Hann vildi því enn benda deildinni á heiður sinn.

Benidikt Kristjánsson kvaðst ei mundu verða langorður að þessu sinni; sagði hann að í málinu væru framkomnar margar góðar bendingar. Sagði hann, að 4. konungkjörna þingmanni hefði farizt svo orð, að þingið væri ei bært að dæma um þetta mál, en það kvað hann eigi rjett vera, með því að hjer væri einungis að ræða um lækningafrelsi; sagði hann, að þeir læknar, sem að dómi hins 4. konungkjörna þingmanns lærðu mest allra manna undir sólunni, gætu þó eptir gildandi lögum eigi neytt neinn til að þiggja lækning sína. Kvaðst hann

eigi vilja hlaupa með hinum 4. konungkjörna þingmanni suður á Egiptaland eða hvert á land er honum kæmi í hug, til að leita að dæmum með eða mót smáskamtalækningum, því strax á Þjóðverjalandi væru víða hómöopatiskir spítalar. Sagði hann, að það væri alls eigi nóg, að segja, að þetta væri vitleysa; bezt væri að halda sjer við hinar lærdómslegu grundvallarreglur homöopatha; kvaðst hann mega spyrja, ef t. d. hönd sín frysi, hvort hann eigi ætti þá að halda henni í köldu vatni; meðalið verkaði með sjúkdómnum, en eigi móti honum; ef reynsla væri til fyrir nokkurri meðalabrúkuu, þá væri hún til fyrir homöopathíunni; auðvitað væri, að ef meðalið verkaði með sjúkdóminum, þá mætti eigi gefa sterkt meðalið, lítið þynnt eða í stórum skömtum. Sagði hann, að þær sem allopathar byggðu á fyrstu verkun meðalsins, þar byggðu homöopathar á eptir verkunum; eins og homöopathar brúkuðu mikið aconit, sem reyndar væri sterkt meðal, þannig brúkuðu allopathar blóðtöku, sem að sínu leyti gæti og verið hættuleg; allopathar gætu því alveg eins drepið menn með handvömm, sem homöopathar, með því að brúka meðul sín gagnstætt lækningareglum sínum. Kvaðst hann skyldi leyfa sjer að benda hinni heiðruðu þingdeild á, að 4. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að eigi væri heil brú í frumvarpi neðri deildarinnar, en slík orð gæti hann eigi tekið trúanleg. Að endingu sagðist hann leggja það til, að málið gengi til annarar umræðu, þó ekki væri til annars en þess, að sjá mætti hverjar ástæður kæmu fyrir þessum þunga dómi um frumvarpið.

Sighvatur Árnason sagðist leyfa sjer að mæla fram með máli þessu, þrátt fyrir það þó 4. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að það væri minnkun fyrir deildina að láta það ná fram að ganga. Sagði hann, að ræða hans hefði eigi getað sannfært sig, mest af því, að þar sem saga hans hefði snert oss, þá væri reynslan hjer gagnstæð sögu hans. Hann kvaðst hafa hugsað þetta mál vandlega, og þar til hafa bæði eigin og annara manna reynslu fyrir sjer viðvíkjandi smáskamtalækningum. Þeir homöopathar, sem hefðu haft löngun og náttúru til að lækna og hjálpa, þeim hefði tekizt að ryðja sjer til rúms, og hefðu gjört mikið gagn. Hann kvaðst vilja bæta því við frumvarpið bæði að því er snerti homöopatha og allopatha, að hverjum manni væri frjálst að fylgja þeirri löngun sinni og náttúru, að gjöra gagn og hjálpa þeim, er væru hjálparþurfar, því það væri með öllu órjett, að hrinda frá þeim mönnum, er gætu hjálpað. Hann sagði, að 4. konungkjörna þingmanni hefðu farizt svo orð, að homöopathar væru blindir leiðtogar, en þá vildi hann segja, að lærðir allopathar, er eigi hefðu löngun til að lækna eða hefðu enga náttúru til þess, væru eins og farfað trje, fúið innan, er eigi gæti borið góðan ávöxt. Kvað hann það mundu verða mjög óvinsælt, ef þingið felldi þetta mál, því það væri kunnugt, að homöopathar hefðu víða hjálpað, þar sem lærðir læknar hefðu verið frágengnir, og væri það næsta undarlegt, að slík dæmi hefðu getað farið svo fram hjá hinum 4. konungkjörna þingmanni, að hann eigi hefði orðið þeirra var, þar sem slíkt hefði þó átt sjer stað hjer í sjálfum höfuðstaðnum, og því undarlegra, að hann, svo góður og frægur læknir, skuli mæla móti málinu og vera því mótfallinn. Hann sagði, að það væri hending og trú, sem hjer kæmi til, en slíkt mætti og segja um lækningar allopatha, og væri það engin röksemd á móti frumvarpinu. Að lyktum kvað hann sjer vera í hug, að koma með breytingaratkvæði við frumvarpið síðar meir.

Jón Hjaltalín kvaðst taka það upp, sem hinir aðrir þingmenn hefðu sagt, að hann gæti eigi sannfærzt af þeim. Sagði hann það mjög efasamt, hvort stjórnin mundi undirskrifa slík lög; það hefði aldrei verið ósk sín, að landar sínir yrðu sjer til minnkunar, og kvaðst því eigi geta þolað, að þeir yrðu fyrir þeim óhróðri, sem þeir hlytu að verða fyrir, ef frumvarpið kæmist í gegn. Hann kvaðst mega spyrja, hvort það væri

forsvaranlegt að fara fram hjá lærðum lækni til að ná í homöopatha, og hvort þingmaður Rangæinga og Þingeyinga sæu eigi, hvílíkur ábyrgðarhluti slíkt væri? Hann sagðist ekki geta talið þá upp, sem hefðu farizt af völdum homöopathíunnar, en hitt væri víst, að þeir væru margir, því hann hefði opt komið til manna, sem úr höndum homöopatha hefðu verið komnir í opið andlátið; hann kvaðst játa það óumflýanlegt að hafa skottulækna; þeir hefðu og margir verið góðir og gagnsamir, enda væru til hjer á landi margar góðar lækningabækur, er þeir gætu haft stuðning af; líka væri í öðrum löndum t. d. Englandi og Skotlandi mesti fjöldi slíkra manna; við þessum mönnum, sem í raun og veru geta gjört mikið gagn, vildi nú enginn líta, því enginn væri nú brúkandi nema homöopatharnir. Hann kvað það einkennilegt við homöopathíuna, að hún vildi gjöra það að ósannindum, er allur heimurinn játaði satt að vera; vjer hefðum margt það í steina- og grasaríkinu, sem gæti hjálpað, en í stað þess að nota þetta, hlypu menn sí og æ til homöopathanna.

Jón Jónsson sagðist ekki geta dæmt um, hvort «allopathar» eða «homöopathar» hefðu rjettara fyrir sjer, en betur kynni hann við smáskamta af þeim læknismeðulum, er landlæknirinn hefði sagt, að sandkorn af þeim gæti drepið mann. Hinn 4. konungkjörni þingmaður, hið æðsta læknisvald hjer á landi, hefði sagt, að land vort væri svo stórt og örðugt yfirferðar, að alveg nauðsynlegt væri að hafa skottulækna auk embættislæknanna; en einmitt þetta væri helzta ástæðan fyrir þessum lögum. Það væri nauðsynlegt að hafa þetta hugfast, að vjer hefðum vitnisburð hins 4. konungkjörna þingmanns sjálfs fyrir nauðsyn málsins (*Jón Hjaltalín*: Ekki fyrir homöopathíunni). Það væri það sama. Hann kvað hinn 4. konungkjörna þingmann hafa talað mikið um níu vetra gamlan pilt, er farinn hefði verið að fást við homöopathiskar bækur, en ef hann hefði lesið frumvarpið, þá hefði hann hlotið að sjá, að það er einmitt tilgangur frumvarpsins, að koma í veg fyrir slíkt ófrelsi.

Ásgeir Einarsson kvaðst hafa heyrt hinn 4. konungkjörna þingmann telja upp ofsóknir þær, er homöopathían hefði átt að sæta, og hefði hún samt sem áður haldizt við allt fram á þennan dag; hefðu sjer því flogið í hug orð Gamalíels: «Ef lærdómur þessi er frá mönnum, mun hann verða að engu af sjálfu sjer, en sje hann frá guði, mun það til einskis, þótt vjer rísum móti honum». Hann kvaðst eigi betur vita, en að skólar sjeu stofnaðir víða í útlöndum, þar sem menn geti numið homöpathíu, sem hverja aðra vísindagrein, og sýndist sjer það þó vera því til sönnunar, að homöopathíunni væri eigi hafnað af öllum menntuðum mönnum, eins og þingmaðurinn hefði sagt; kvaðst hann hyggja, að margt væri satt í sögum hins 4. konungkjörna þingmanns, en eigi fyndust sjer þær gildar ástæður móti homöopathíunni, enda kæmi fram í þeim allmikil ósamkvæmni, þar sem meðulin væru stundum megnasta eitur, en stundum einn saklaus vatnsdropi, eða *sykurmoli*. Að síðustu kvaðst hann ætla hinn 4. konungkjörna þingmaun svo vitran mann, að vildi hann ljettan á leggja, þá gæti hann bætt frumvarpið svo stórum munaði.

Forseti gat þess, að 4 þingmenn, nefnilega Sighvatur Árnason, Jón Pjetursson, Stefán Eiríksson og Bergur Thorberg, hefðu óskað, að umræðunum væri hætt, og þar enginn hafði á móti því, þá áleit forseti samþykkt, að þeim væri hætt, og bar forseti þá undir atkvæði, hvort frumvarpið skyldi ganga til annarar umræðu. Þrír þingmenn: Jón Hjaltalín, Bergur Thorberg og Magnús Stephensen, höfðu beðið um nafnakall, og var það því við haft.

Já sögðu:

Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei sögðu:
Bergur Thorberg,
Magnús Stephensen,
Jón Hjaltalín.

Árni Thorsteinson og Eiríkur Kúld voru eigi við staddir, en höfðu fengið leyfi forseta að ganga af fundi, og var það þannig samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3, að frumvarpið skyldi ganga til annarar umræðu.

Önnur umræða í efri deild, á 24. fundi, 29. júli.

Breytingartillögur: I 237. 238. Atkvæðaskrá: I 240—41.

Benedikt Kristjánsson sagði, að nú hefði komið breytingaratkvæði við frumvarpið, bæði frá sjer og öðrum fleirum; en það er snerti sínar breytingar, þá væru þær litlar, og hann vonaði meinlausar; hann kvað sjer eigi þykja frágangssök fyrir neinn, þótt leyfisbrjefið væri hækkað úr 10 kr. upp í 20 kr.; 10 krónur hefði sjer þótt of lítið. 2. breytingin væri sú, að felld væri úr sú ákvörðun, að hreppsnefndin ætti að gefa viðkomanda meðmæli; að vísu væri auðvitað, að heilbrigðisráð væri eigi annað en hreppsnefnd samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, þær væru, ef til vildi, eigi formlega stofnaðar, en fyrst hreppsnefndum væri gjört að skyldu, að hafa eptirlit með heilbrigðisástandinu í hreppunum, þá væru þær sjálfkjörnar heilbrigðisnefndir. 3. breytingin væri sú, að fella burt síðustu orð 5. greinar, og hafi sú ástæða verið til þess, að setningin hafi verið málfræðislega röng að sinni ætlun. Sjer fyndist eigi heldur sú ákvörðun nauðsynleg, að tala um aðrar sektir, en fyrir það, að byrja lækningar án leyfisbrjefs, því að öllum þingmönnum væri kunnugt, að ef læknirinn skaðaði heilsu manna, eða stofnaði lífi þeirra í hættu með lækningum sínum, þá væru önnur lög til, er ákvæðu hegningu við slíkum brotum. Hjer hefðu einnig komið breytingaratkvæði úr annari átt, en þó deildin samþykkti þau, þá óskaði hann samt, að síðari hluti 1. tölul. í breytingaratkvæði sínu væri borinn undir atkvæði sjerstaklega, þó fyrri hlutinn fjelli, því að sjer þætti óheppilegt, að leyfa öllum að hafa lyfjabúð á heimili sínu. Því næst kvaðst hann vilja fara nokkrum orðum um málefnið sjálft, og skella skollaeyrunum við öllum háværum áminningum um að vera stuttorður og spara landsfje með því að þegja. Fyrst vildi hann spyrja, hvort þörf væri á frumvarpinu, og hvar í hún væri fólgin. Það væri auðvitað, að þörfin kæmi af fæð læknanna; það væri kunnugt, að 3 eða 4 læknahjeruð hefðu allt til þessa staðið óskipuð læknum. Með lögum um læknaskipun hefði verið ákveðin svo víðlend læknahjeruð, sem mest mátti verða, og mætti því eigi vera færri en 1 læknir í hjeraði, svo að auðsjeð væri, að hjer væri brýn nauðsyn á einhverri bót. Þótt nú öll læknahjeruð væru skipuð læknum, þá væru mörg þeirra svo víðlend og ógreið yfirferðar vegna ófærða á vetrum og annara farartálma, að 1 læknir nægði ekki í hverju þeirra, einkum í hinum víðlendari, ef hann væri fjarlægur og bráðrar hjálpar þyrfti. En hvernig ætti nú að bæta úr þessu? menn yrðu að gæta að táknum tímanna, og íhuga, hver afleiðingin hefði orðið af læknaskortinum; þar af sæist, hver bót lægi til; hann kvaðst mega spyrja, hvort skottulæknar, er fengjust við stórskamtalækningar, hefðu fjölgað, og færi því fjarri, þar sem hann þekkti til; en aptur á móti hefðu smáskamtalæknar fjölgað óðum. Hvað Þingeyjarsýslu snerti, þá hefði hún um langan tíma enga læknishjálp haft nema frá smáskamtalæknum, því að þótt læknirinn á Akureyri hafi að nafninu til verið læknir þeirrar sýslu, þá væri sá vegur norðan af Melrakkasljettu til Akureyrar, að fáum mundi detta í hug að leita hans, ef bráðrar hjálpar þyrfti, þar að auki væri vegurinn stundum með öllu ófær, og væri nú eigi skylda þingsins að bæta úr þessu með því að veita smáskamtalæknum leyfi til að hjálpa. Að vísu væri það æskilegast, að læknar fengju sem mestan lærdóm, og væri það fjærri sjer að gjöra lítið

úr honum; en hvað væri það í rauninni, er gerði lækninn góðan? Það væri traust þeirra, er ættu að njóta hans, því að það væri eigi til neins að segja þann góðan, er enginn treysti, því að fáir mundu nota hann; en traustið á honum væri byggt á reynslu þeirra, er notið hafa hjálpar hans. En hvað segði nú reynslan um smáskamtalæknana? Að vísu hefði hann verið svo óhygginn, að taka eigi með sjer skýrslu því viðvíkjandi, einkum frá Þjóðverjalandi, þessar skýrslur bæru með sjer, að smáskamtalæknar á spítölum sínum hefðu fyllilega getað haldið til kapps við stórskamtalækna, og fyrir því hefði hann vitnisburði vandaðra og lærðra manna hjer á landi, og þætti sjer umgetnar skýrslur engu ógildari en skýrslur stórskamtalækna; og að minnsta kosti væri ekki ósæmilegra að treysta þeim mönnum, sem bæru homöopötum góðan vitnisburð betur en kerlingasögum úr öðrum heimsálfum; sjer sýndist annars betur eiga við, að safna skýrslum hjeðan af landi, og mundi þá engu síður ljótar sögur koma af stórskamta- en smáskamtalæknum. Sjer þætti vottorð áreiðanlegra manna nægilegt, sem vaxnir væru upp úr allri hjátrú og lausir við hjegilju og hindurvitni, sem eigi mundi þurfa að gjöra mikið úr, að minnsta kosti þekkti hann ei til þeirra á Norðurlandi. Hið löggefandi alþingi ætti að gefa þessum læknum upp örvun, til þess að leggja sig eptir lækningum með því að friða þá, svo að þeir megi án lögsókna hjálpa sjúklingum, svo lengi sem þeir ekki verða kunnir að því að skaða heilsu og líf þeirra. Hvötina til frumvarps þessa mundu allir þekkja; það væri fús og frjáls vilji þjóðarinnar til þess að losa smáskamtalækna við ofsóknir og lögsóknir, er þeir ei veittu skaða með lækningum sínum; því að fyrir þess konar mönnum ætti löggefandi þingið einnig að vernda þjóðina. Margir kynnu nú að hafa á móti að veita þeim læknisleyfi, þar eð þeir hefðu ei tekið próf; en gætu þeir þá bent oss á nokkurn stórskamtalækni, sem væri fær um að prófa þá í smáskamtafræði; hann fyrir sitt leyti þekkti engan; lögin gætu því engin takmörk sett þeim, nema samvizkusemi. Þó að frumvarpið í heild sinni sýndist eigi alls kostar aðgengilegt, vonaði hann þó, að litið væri á vilja og þörf þjóðarinnar, og treysti því deildinni til þess, að hún samþykkti það, með hinum nauðsynlegu breytingum, er við það væru fram komnar.

Sighvatur Árnason kvaðst halda, að fyrir frumvarpi þessu ætlaði að fara, sem hinu næst á undan [um leysing á sóknarbandi, sem var hrundið]. Hann sæi enga hættu, þó frumvarp þetta yrði að lögum, heldur mundi það miklu fremur gjöra gagn. Það, sem lægi til grundvallar fyrir frumvarpinu, væri eigi eingöngu læknafæðin, heldur og margt annað. Ef hinn skipaði læknir reyndist lítt nýtur, væri sannarlega hart aðgöngu að hrinda þeim mönnum frá lækningatilraunum, sem til þess væru hæfir, hvort heldur þeir væru kallaðir lærðir eða ólærðir, homöophatar eða allophatar, og slíkt stefndi á móti því að vernda líf og heilsu manna. En aptur á hinn bóginn, ef hinn skipaði læknir reyndist góður og ötull læknir, væri ekki hætt við því, að ónýtir homöopathar eða skottulæknar ættu sjer stað í umdæmi hans, heldur þeir einir, sem ryddu sjer til rúms með hæfilegleikum sínum til lækninga. Að öðru leyti hefði þingmaður Þingeyinga tekið flest það fram, er hjer til grundvallar lægi, og þyrfti hann því eigi að fara fleirum orðum um það, en hann vildi spyrja, hvort það ætti sjer stað í öðrum löndum, t. d. á Englandi, að stjórnin bannaði mönnum að við hafa lækningatilraunir hvort heldur homöopathiskar eða allopathiskar, eða hvaða hegning lægi við slíku? Viðvíkjandi 6. tölul. á atkvæðaskránni fyndist sjer eigi ástæða til að hækka borgun fyrir leyfisbrjefið úr 10 upp í 20 krónur, því hann vildi helzt hafa sem minnst böndá öllu þessu.

Jón Hjaltalín sagði, að hann vildi helzt ekkert frekar í þessu máli tala, það væri svo hvort sem væri til lítils; hann kvaðst eingöngu ætla að svara þingmanni Rangæinga

upp á spurningar hans; en hann mundi líklega eigi trúa sjer. Hann gæti farið til Skotlands, Hollands, Danmerkur, Noregs og víðar, og reynt að setjast þar að, sem homöopathiskur læknir, og svo vita, hvort hann eigi fljótt fengi «visit» af pólitíinu, er bæði hann að greiða góða sanninn. Í Danmörku hefði prestur nýlega verið sektaður fyrir ólöglegar lækningar. (*Sighvatur Árnason:* En á Þýzkalandi?). Bismark mundi víst hafa vit á að finna ráð við því, sem annars eigi væri annað en hreinn og beinn social-communismi. Að öðru leyti væri fremur ástæða til að nota hjer á landi vatnslækningar, svo sem ýmisleg böð og ölkelduvötn, sem aðrar siðaðar þjóðir, og mundu þær gjöra mörg hundruð sinnum meira gagn en homöopatha- og skottulækningar þær, sem nú tíðkuðust. Hann kvaðst svo eigi ætla að tala frekar í þessu máli, enda mundi það hafa lítinn árangur.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja fara nokkrum orðum um breyting þá, er hann og fleiri hefðu gjört við frumvarpið. Þeim hefði eigi þótt við eiga að heimta, að smáskamtalæknirinn kynni ýms útlend tungumál, en eigi íslenzku, og hefðu þeir því þess vegna komið með breytingaruppástungu við það, nefnilega, að landshöfðinginn samkvæmt skýrslu viðkomandi prests og hreppstjóra, sem væru eiðsvarnir menn, veitti þetta leyfi, og hefði þeim sýnzt það meiri trygging, en ef sýslunefndinni væri falið það á hendur, þar eð í henni sætu sumir menn óeiðsvarnir. Hvað heilbrigðisráð snertir, þá væru þau enn að vísu á pappírnum að eins og eigi alstaðar til, en eptir sveitarstjórnarlögunum ættu þau þó að verða stofnuð sem fyrst. Ræður þær, er fluttar hefðu verið móti máli þessu, hefðu enn þá meir en hinar, sem með því hefðu verið fluttar, sannfært sig um nauðsyn þess, og vildi hann fara sem vægustum orðum um þær. Þegar hann hefði komið hingað til þingsins, hefði hann verið í efa um, hvoru megin hann ætti að vera, en nú, eptir að hafa heyrt allar upplýsingar með og mót í málinu, þá væri hann eindreginn í því, að greiða atkvæði með frumvarpinu. Sjer þætti leitt, að hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði gengið út, því að hann ætlaði að svara honum fáum orðum viðvíkjandi ræðu hans, er mál þetta kom til fyrstu umræðu. Hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði komið fram með það, sem aðalástæðu gegn smáskamtalækningum, að í homöopathiskri lyfjabúð einni hefði fundizt banvænt eitur, og kæmi sjer eigi í hug að efa það, en jafnframt vildi hann þá spyrja, hvort eigi mundi líka finnast eitur í lyfjabúðum stórskamtalækna? Hinn sami þingmaður hefði einnig skýrt frá því áliti eins stórskamtalæknis, að ef smáskamtadropar væru látnir í vatn, þá yrðu þeir að vatni, en ef þeir væru látnir drjúpa í sykur, þá yrðu þeir að sykri, og mundi þá naumast vera hægt að álíta þetta eitur mjög hættulegt; en hann vildi nú spyrja, hvað yrði úr dropum stórskamtalækna, er þeir væru látnir í vatn? yrðu þeir þá ekki líka að tómu vatni? sjer þætti merkilegt að koma með slíkar skoðanir, sem væru svona þýðingarlitlar á móti smáskamtalækningum. Hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði tekið skýrt fram, að enginn hefði versnað hjá smáskamtalæknum, en heldur eigi batnað; en það væri nú bót, ef ei versnaði við tilraunina; en það þætti líklegt, að þessi orð ættu einnig heima hjá stórskamtalæknum: «humanum est errare». En hann vildi nú spyrja, hvort eigi væri dæmi til þess, að sjúklingum hefði enda versnað hjá stórskamtalæknum, og mundi hann verða að svara því með já; því að enginn homöopathi og enginn allopathi dauðanum ver. Sami þingmaður hefði einnig sagt, að náttúran læknaði, en eigi smáskamtalæknarnir, en nú vildi hann spyrja, hvort stórskamtalæknarnir vísuðu náttúrunni á burt, þegar þeir eru að lækna; það þætti sjer ólíklegt, hann byggist þvert á móti við, að þeir mundu veita henni lækningaleyfi (veniam practicandi). Sami þingmaður hefði einnig komið með það sem ástæðu gegn smáskamtalæknum, að ung stúlka í Kaupmannahöfn hefði einu sinni dáið undir

lækningu þeirra, en sjer þætti gaman að vita, hvort deildin þekkti ekkert dæmi til þess, að ung stúlka hafi dáið undir umsjón stórskamtalækna! Sannanir þær, er sami þingmaður hafi sótt suður um allan heim móti málefni þessu, sönnuðu alls ekkert nema það, að homöopathían hefði orðið fyrir ofsóknum, og líkum ofsóknum hefðu mörg meiri og eldri mál átt að sæta; allir þekktu hvílíkum ofsóknum kristnin hefði orðið að sæta á ýmsum tímum, þó ólíku væri saman að jafna, t. a. m. af Diocletianusi ofarlega á 4. öld o. fl., en þó gátu allar þær ofsóknir engu áorkað móti hinu sanna og rjetta. Sögur sunnan af Egiptalandi um smáskamtalækna mundu vera jafn rangar og ótrúlegar, eins og sögurnar um stórskamtalækna hjer. Hann vildi því segja eina smásögu, sem hann hefði heyrt búna til um einn stórskamtalækni hjer: Stórskamtalæknir einn hefði ætlað að «operera» auga á manni einum, sem hann var blindur á, en í misgripum hefði hann átt við hitt augað, svo að maðurinn varð blindur á báðum augum, og sem hann varð þessa vís, ljet hann senda sjúklingnum eitthvert te úr lyfjabúðinni. Hver mundi nú trúa slíkum sögum? Sjer sýndist því hæpið að berja eitthvað fram með ofurkappi, í staðinn fyrir með skynsemi og sönnunum. Hann vildi leiðrjetta orð hins 4. konungkjörna þingmanns, þar sem hann hefði sagt, að lækningar væru eigi frjálsar á Englandi; hann vissi ekki betur, en þar væru allar lækningar frjálsar, hverju nafni sem nefndust, en hjá Dönum væru þær miklu einskorðaðri.

Hinn sami þingmaður hefði mikið talað um böðin, þau gætu nú að vísu verið góð, en flestir mundu nú mega deyja fyrir þeim, þar eð þau væru eigi nema á einstöku stöðum, svo að fæstum, að minnsta kosti fátæklingum, væri mögulegt að ná til þeirra. Smáskamtalækningin væri hjer í barndómi, sem von væri, þar eð enginn væri sá, er fær væri um að kenna þá fræði, og prófa menn í henni; öðru máli væri að gegna, ef stórskamtalæknar hefðu kynnt sjer svo fræðigrein þessa, að þeir væru færir um að leiðbeina í henni. Hann sagði, að það væri fjarri sjer að gjöra lítið úr stórskamtalæknum, þvert á móti væri hann þakklátur fyrir hvern einn, er fengist, en sjer fyndist að allar lækningar ættu að vera frjálsar, og láta reynsluna sýna og sanna, hver væri læknir og hver ekki, hvort sem hann er allopathi eða homöopathi; hann tryði betur sjúklingnum en lækninum í því, hvort það eða það meðal hefði bætt eða skemmt hann; það væri líka undarlegt að vera frjáls í trúarefnum sínum eða með sálu sína, og mega flýja til hvers sálusorgara, er maður vildi, en mega eigi flýja með líkamann til hvers læknis, er maður vildi. Meðan svo væri ástatt, að smáskamtalæknirinn væri sektaður fyrir lækningar sínar, væri eigi að undra, þótt hann yrði leiður á að hjálpa, er hann mætti búast við lögsókn, hve góðviljaður sem hann væri. Hann kvaðst vona, að deildin leyfði málinu framgang, og að reynslan fengi svo að skera úr; því að ef það væri byggt á sannleika, mundi það ryðja sjer til rúms, en annars mundi það falla um koll með tímanum.

Stefán Eiríksson kvaðst að vísu eigi hafa verið trúaður á smáskamtalækningar, en þó mundi hann gefa frumvarpinu atkvæði sitt, af því að hann vonaði, að það kæmi í veg fyrir, að allir hlypu í að verða smáskamtalæknar, eins og fyr hefði átt sjer stað, en frumvarpið veitti eigi lækningaleyfi nema valinkunnum mönnum; og þó að lagafrumvarp þetta næði eigi fram að ganga, mundu menn eins hafa þessar lækningar í frammi fyrir það. Hjer dygði eigi að þrátta um, hvort nokkurt lið væri í þessum lækningum, því að reynslan væri búin að sýna og sanna, að eins batnaði við þær lækningatilraunir, eins og við allopatha tilraunir. Hvað breytingaratkvæðin snerti, þá gæti hann eigi fallizt á annan tölul. þingmanns Þingeyinga, sjer þætti óþarfi að færa 10 kr. upp í 20 kr. Breytingaratkvæði hinna 3 þingmanna þætti sjer einnig að vísu ónauðsynlegt, því sýslunefndir gætu eins vel gefið leyfið eins

og landshöfðinginn, þó að hann tryði honum til þess, ef hann fengi þetta vald í hendur, að hann mundi ekki synja leyfisins, heldur fara í því efni eptir tillögum hlutaðeigandi prests og hreppstjóra; það gæti að vísu hugsazt, að konungur mundi heldur samþykkja lögin með þessari ákvörðun, að taka inn í frumvarpið þessa breytingu við 2. gr., er hinir háttvirtu 3 þingmenn hefðu komið með, og því væri hann henni eigi sjerlega mótfallinn, og mundi því gefa frumvarpinu atkvæði sitt, þó 2. gr. þess breyttist.

Jón Jónsson sagðist opt hafa tekið eptir því, að miður rjett ástæða fyrir góðu máli gæti skaðað málið; hann vildi því gjöra stutta athugasemd við ræðu þingmanns Barðstrendinga. Hann þekkti að vísu eigi ensk læknalög til hlítar, en það vissi hann, að þó þau væru frjálsari en læknalög Dana, væru þau ekki svo frjáls, sem þingmaður Barðstrendinga hefði sagt. Á Englandi væri læknum skipt eptir því, hvort þeir fengjust mest við innvortis-sjúkdóma (physicians) eða við útvortis veikindi (surgeons). Báðir þessir flokkar þyrftu að hafa leyfi eða »license« að undangengnu prófi, áður en þeir mœttu »praktisera«. Surgeons-prófið mundi þó vera mjög óverulegt, eitthvað líkt og apothekarapróf í Danmörku. En þetta virtsjer hafa litla þýðing. Hjer gæti eigi verið spurning um önnur lönd en Ísland, og hver maður, sem greiddi atkvæði í þessu máli, ætti að hafa það hugfast, að hið æðsta læknisvald hjer á landi, landlæknirinn, hefði hjer í deildinni optar en einu sinni sagt, að Ísland væri svo strjálbyggt, að þó embættismennirnir kæmu í hvert hjerað eða prestakall, væri nauðsynlegt með fram að hafa skottulækna. En afleiðingin af þeim gæti ekki önnur verið en sú, að við þyrftum að leyfa allar skottulækningar, ekki að eins smáskamtalækningar, heldur jafnvel einnig stórskamtalækningar.

— Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða um frumvarpið, og fjellu þau þannig: (Sjá I 240—41).

1. grein.

1. Frumvarpsins 1. gr. samþykkt með 7 atkvæðum.

2. grein.

2. Breytingaruppástunga Eríks Kúlds, Jóns Pjeturssonar og Ásgeirs Einarssonar samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.

Seinni hluti greinarinnar: «þó þarf enginn — á heimili sínu», felldur með 10 samhljóða atkvæðum.

3. Breytingaratkvæði Benedikts Kristjánssonar þar við samþykkt.

4. Frumvarpsins 2. gr. fallin.

3. grein.

5. Frumvarpsins 3. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.

4. grein.

6. Breytingaratkvæði Bened. Kristjánssonar. Hjer var við haft nafnakall, og sögðu:

«Já»:

Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson.

«Nei»:

Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Jón Hjaltalín var eigi viðstaddur, tölulíðurinn samþykktur með 6 atkv. gegn 4.

7. Frumvarpsins 4. gr. með breytingu. Hjer var einnig við haft nafnakall og sögðu

«já»:

Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson.

«Nei»:

Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Jón Hjaltalín var eigi viðstaddur. Greinin þannig samþykkt með 6 atkv. gegn 4. 5. grein.

8. Breytingaratkv. Bened. Kristjánssonar fellt með 6 atkv. gegn 4.
9. Frumvarpsins 5. gr. samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.
10. Fyrirsögnin samþykkt með 8 atkvæðum.
11. Frumvarpinu skotið til 3. umræðu með 8 atkv.

Þriðja umræða í efri deild, á 25. fundi, 31. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 241.

Eiríkur Kúld sagðist að eins ætla að gjöra litla athugasemd. Það kynni að vera, að mönnum þætti 2. og 4. gr. eigi samkvæm, þar sem eptir 2. gr. að landshöfðingi ætti að veita leyfi, en eptir 4. gr. ætti að fá leyfi hjá sýslumanni. En kann ske mætti skilja þetta öðruvísi, og vonaði hann, að neðri deildin lagaði það.

Jón Hjaltalín sagðist vera svo reyndur orðinn á þingi, að hann vel vissi, að eigi væri til neins fyrir sig að tala á móti meiri hlutanum; það hefði sýnt sig í kláðamálinu, þegar menn hefðu viljað drepa 60,000 af heilbrigðu fje; það væri reyndar satt, að homöopathar hefðu á seinni tímum lagað sig meira eptir allopöthum; hann ætlaði svo eigi að tala frekar í þessu máli, það mundi sjást, hvoru megin hann væri, þegar til atkvæða væri gengið.

— Síðan var gengið til atkvæða, og var eptir ósk hins 4. konungkjörna þingmanns við haft nafnakall, og sögðu:

«Já»:
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson.

«Nei:»
Bergur Therberg,
Magnús Stephensen,
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,

og var frumvarpið þannig samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

Síðan var það afgreitt aptur til neðri deildar.

Ein umræða í neðri deild, á 35. fundi, 9. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 249.

Nefndarálit (með breytingartillögu): I 292.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Frumvarp þetta er nú komið frá efri deild þingsins mjög breytt í einu verulegu atriði. Neðri deildin hafði ákveðið lækningaleyfið með því að fela það á hendur sýslunefndum; efri deildin hefur nú falið landshöfðingja á hendur að veita þetta leyfi. Nefnd þessarar deildar var á báðum áttum; meiri hlutinn þorði ekki að gjöra verulegar breytingar við frumvarpið af ótta fyrir því, að þá yrðu ekki lög þessi búin í þinglok, og varð sá endir á, að hann vildi ráða til, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn vildi hætta til breytingar, og samdi því það breytingaratkvæði, sem hjer liggur fyrir, og fer fram á, að amtsráðin veiti hið umtalaða leyfi. Minni hlutinn áleit það bæði óhentugt í sjálfu sjer og gagnstætt allri stjórnlegri reglu, að fela æðsta embættismanni landsins bein afskipti af sveitamálum, sem hann og getur eigi þekkt nægilega vel til. Hvar finnast dæmi til þeirrar ráðstöfunar í öllu voru stjórnarfyrirkomulagi? Það lítur svo út sem höfundar þess atriðis þekki sárlítið til þeirra hluta. Jeg vona fastlega, að hin heiðraða deild láti tilsögn minni hlutans ná fram að ganga.

Guðmundur Einarsson: Jeg get ekki verið hinum heiðraða framsögumanni samdóma. Jeg álít hyggilegt að samþykkja frumvarpið, þó mjer þyki það athugavert í sumum greinum. Jeg vil að málið komist áfram sem lög frá þinginu, og því ráði jeg

ekki að ráða til breytingar á því og senda hinni háttvirtu efri deild það aptur. Betra er svo búið en ver búið. «Principið» er þó viðurkennt. Framsögumaður segir, að það sje móti allri stjórnlegri reglu að fela landshöfðingja veiting þessa leyfis. Jeg segi: skýzt þótt skýrir sjeu; man hann þá ekki, að þetta er í samhljóðan við instrúxið frá 25. febr. 1825 (þetta marg-tilvitnaða instrúx). Þar er amtmönnum falið að gefa vissum mönnum lækningaleyfi (veniam practicandi), og nú hef jeg frjett, að landshöfðingja sje falið á hendur að gefa slíkt leyfi sem æðsta valdsmanni landsins? Hann segir, að landshöfðingi þekki ekki til í þeim ýmsu sveitum. En þá koma prestar, hreppstjórar, heilbrigðisnefndir með sínar skýringar; þekkja þær ekki til, og það nægilega? Jeg ræð hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið, með fullu trausti í þessu efni til landshöfðingja, að hann veiti leyfið, þegar beiðninni fylgja skýrar og áreiðanlegar meðmælingar.

Arnljótur Ólafsson: Einmitt í samhljóðun við amtsráðsráðstöfun mína, það sem þingmaður Dalamanna sagði. Allt annað mál, annað ástand, þegar instruxið var gefið.

Varaforseti: Mig furðar á, hvað hinn heiðraði framsögumaður, sem venjulega er svo hlýr og hlyntur landshöfðingjanum, er honum óhotalegur nú, og vill nú svipta hann því litla valdi, sem þetta frumvarp gefur honum, og það því fremur, sem í erindisbrjefi landshöfðingjans er sagt, að hinn endanlegi úrskurður í sveitarstjórnarmálum skuli vera hjá honum. Mig furðar á því, að þingmaðurinn, sem jeg hef heyrt lýsa svo öruggu trausti til landshöfðingjans, skuli hafa svo lítið traust til hans í þessu. Hvað það snertir að draga þetta vald undan landshöfðingjanum, þá er það ekki mögulegt, því að þess konar mál hljóta að koma undir hans úrskurð þegar minnst varir, samkvæmt erindisbrjefi hans. Þegar svo er áliðið þingtíma, er ekki ráðlegt að þæfa mál sakir smámuna. Jeg gef atkvæði frumvarpinu, eins og það kom frá efri deildinni.

. *Páll Pálsson* prestur. Af sömu ástæðu, sem hinn heiðraði varaforseti tók fram, lýsi jeg yfir því, að jeg gef meiri hlutanum mitt atkvæði.

Hjálmur Pjetursson. Jeg er að öllu leyti samþykkur þingmanni Dalamanna, og þarf heldur ekki að bæta mörgu við það, er hann tók fram. Einungis vil jeg geta þess, út af orðum 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, að það var eigi eingöngu af ótta fyrir því, að málið fjelli hjer á þinginu, að jeg eigi vildi fylgja honum, heldur og líka af því, að jeg get eigi fellt mig við, að amtsráðið veiti hið hjer umrædda leyfi, því mjer finnst, að það eigi ekki við, og sje ópægilegt í framkvæmdinni, þar sem amtsráðin eigi koma saman nema einu sinni á ári; en ef hann hefði stungið uppá því, að amtmaðurinn veitti leyfið, þá hefði jeg líklegast fylgt þingmanninum og orðið með honum í minni hluta í nefndinni; en mjer sýnist þetta eigi gera mikið til, og jeg get eigi ætlað, að það sje svo mikil hætta, að leggja þetta undir landshöfðingjann, að tilvinnandi sje að fara að breyta frumvarpinu, og eiga þannig á hættu að málið kunni að falla.

Jeg ræð því deildinni til, að aðhyllast frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

Framsögumaður: Jeg skal ekki svara varaforseta neinu um traust það, er hann sagði, að jeg hefði á landshöfðingjanum, heldur skal jeg að eins benda á 1. gr., þar sem stendur, að »smáskamtalækningar sjeu f y r s t u m s i n n leyfðar» o. s. frv., og biðja menn bera hana saman við 20—100 kr. sektirnar í 5. gr. Þegar menn bera þessar greinir saman við þann rjett, sem menn hafa nú jafnvel eptir 5. gr. tilskip. frá 15. sept. 1794, þá er það leyfi, sem þetta frumvarp gefur, engu rýmra, en það sem verið hefur, nema enda miklu miður sje. Jeg kýs heldur hin gömlu lög. Þó landshöfðinginn sje góður, og þó jeg treysti honum til að af nema jafnvel heil amtmannsembætti, þá get jeg ekki treyst honum til, að hafa næga þekking á hverju sveitar með-

mæli um smáskamtalækna. Gangi mitt breytingaratkvæði ekki fram, gef jeg því atkvæði móti lögum þessum. Og þess verð jeg enn að geta, að mjer er eigi kunnugt nokkurt dæmi annað í landstjórnarfari voru nje annara þjóða, að hið æðsta stjórnarvald í landinu sjálfu (sbr. 2. gr. stjórnarskr.), það er landshöfðinginn, skuli leggja úrskurð á mál, er kemur rakleiðis til hans frá presti eða hreppstjóra í sveit. Jeg ætla því, að jeg hafi eigi ófyrirsynju sagt, að slíkt stökk væri eigi að eins ólögulegt, heldur enda gagnstætt öllum rjettum landstjórnarhætti.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal með fáum orðum gefa ástæðu fyrir mínu atkvæði í þessu máli. Jeg er að því leyti samþykkur 1. þingmanni Norðurmúlasýslu, að jeg álít það ónauðsynlegt að fela landshöfðingja þessa leyfisveiting, en hitt játa jeg, að það á við í þeim skilningi, að það sje ekki móti formi. Allt annað mál er það, hver factisk áhrif það kann að hafa fyrir smáskamtalækna og rjettindi þeirra hjer á landi. Í sambandi við þessar athugasemdir mínar lýsi jeg því hátíðlega yfir, að tilgangur og augnamið frumvarpsins var og er sá, að veita smáskamtalæknum hjer á landi lagavernd. Þetta liggur berlega í orðum 1. gr frumvarpsins, og hún er alveg óbreytt frá því, sem hún var og jeg sjálfur samdi hana, enda mun þetta koma heim við það, sem jeg hef talað í þessu máli, og þingtíðindin sýna. 2. gr. frumvarpsins skil jeg því svo, að landshöfðingi eigi að veita lækningaleyfi þeim, sem fengið hefur meðmæli þau, sem greinin tiltekur. Upp á þenna skilning laganna, gef jeg þeim atkvæði mitt. Jeg sje þannig ekki betur, en að þingið gefi smáskamtalæknum, sem þess eru verðugir, nægilega lagavernd með þessu frumvarpi, og að það í öllu falli bæti úr því, sem er.

Framsögumaður: Jeg játa, að mjer er skylt að leggja mikla áherzlu á orð 1. þingmanns Árnesinga, einkum þar sem um lagaskilning er að ræða. Mjer heyrðist þingmaðurinn leggja þann skilning í orðið «heimilt» í 2.gr., að hve nær sem einhver maður fengi meðmæli prests, hreppstjóra og heilbrigðisnefndar, þá sje það eigi að eins heimilt landshöfðingja að veita leyfi þetta, heldur lagaskylda hans. En mjer er spurn: Hefur landshöfðinginn eigi líka heimild til að neita um leyfi þetta? Ef hann eigi hefur heimild til að neita um það, þá skal jeg glaður ganga að frumvarpi þessu, og gefa því atkvæði mitt. En ef hann getur neitað jafnt sem játað leyfinu, þá er jeg frumvarpinu mótfallinn.

Varaforseti: Jeg legg hjer um bil sama skilning í orð 2. greinar, sem 1. þingmaður Árnesinga. Landshöfðinginn getur veitt leyfið, ef mælt er með manninum, en hann getur alls eigi veitt það, ef maðurinn fær engin meðmæli. Hjer liggur sama þýðing í orðinu «heimilt», sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu lagði í hið sama orð í 34. gr. stjórnarskrárinnar.

Framsögumaður: Jeg er að engu fróðari. Jeg gat eigi fræðzt um það, er jeg vildi fræðast um, það er: hvort landshöfðingjanum er eigi jafnheimilt að neita sem játa.

Benedikt Sveinsson: Jeg vona til að hinn háttvirti framsögumaður leggi hvorki meira nje minna í orð þau, er jeg talaði, en vera ber. Þessi lög eru eigi út í bláinn gjörð eða til gamans, heldur til þess, að koma nauðsynlegri lagaskipun á um smáskamtalækna, þannig að þeir, sem til þess hafa unnið, fái lögheimiluð rjettindi. Eptir þessu verður heimild landshöfðingja í 2. gr. sama sem skylda hans, sem embættismanns, að fullnægja tilgangi og fyrirmælum laganna. Meira sagði jeg ekki, meira meinti jeg ekki.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði deildarmanna, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði 1. þingmanns Norðurmúlasýslu fellt með 14 atkvæðum gegn 4.

2. Frumvarpið óbreytt samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.

Kvað forseti það nú mundu verða af-

greitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XIX. VITAGJALD.

Frumvarp til laga um vitagjald af skipum Sjá I 80.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Hjer liggur fyrir frumvarp til laga um að af nema lög, sem eru ekki nema liðugt ársgömul; þingið á að vísu að vera varkárt í, að breyta nýjum lögum að nauðsynjalausu, en ef nauðsyn er til, þá er sjálfsagt að breyta strax, eins og deildin einnig hefur gjört í lögunum um húsatíund til kirkju. Það sem oss uppástungumönnum gekk til að breyta lögunum um vitagjald, var í fyrsta lagi, að gjaldið er of hátt, og í öðru lagi, af því, að grundvöllurinn, sem gjaldið er byggt á, ekki er sem hagfelldastur. Eins og þingmönnum er kunnugt, þá er gjaldið eptir nú gildandi lögum 40 aurar af hverri smálest af skipum, er hafna sig milli Reykjaness við Faxaflóa og Snæfellsjökuls, en 20 aurar af smálest hvers skips, er hafnar sig milli Snæfellsjökuls og Horns á Hornströndum. Nú er ekki enn fullkomlega reynt, hve mikið kæmi inn til vitans, en á að gizka munu það vera yfir 6000 kr. á ári, og er það óþarflega hátt gjald vitanum til viðurhalds. Því í fjárlögunum álítur stjórnin, að árlegt viðhald ekki verði nema 2700 kr., og í samanburði við vitagjald erlendis er vitagjaldið afarhátt. Þannig hef jeg til dæmis talað við einn útlendan skipstjóra, sem sagðist hafa siglt fram hjá 20 vitum á Englandi, og galt þó minna vitagjald, en fyrir þenna eina íslenzka vita. Nú er spurningin, hvort vitagjaldið verður ekki of lagt 15 aurar á smálest; upp á það er ekki gott að svara fyrir víst, en vjer uppástungumenn ímyndum oss, að nærri láti, að það verði nokkuð meira, en til árlegs viðurhalds vitans. Að grundvöllurinn fyrir gjaldinu er óeðlilegur, liggur í þeim orðum laganna: að hvert skip, sem hafnar sig á svæðinu milli Reykjaness og Horns á Hornströndum þarf að greiða vitagjald, þó það aldrei fari fram hjá vitanum. Þannig getur það komið fyrir t. d., að skip frá Norðurlandi fari 4 ferðir frá Eyjafirði til Ísafjarðar, og þurfi þá í hverri ferð að greiða vitagjald, þó það, sem eðlilegt er, aldrei hafi sjeð vitann, og á þessum ójöfnuði á frumvarpið einnig að ráða bót. Þetta tvennt þarf breytingar við, og er ráðin bót á því, ef þetta frumvarp verður samþykkt. Jeg vil geta þess, að úr frumvarpinu hefur fallið seinasti liður 1. greinar laganna: «Ráðherra Íslands hefur heimild til að semja o. s. frv.» og má bæta því við, við 2. umræðu. Meðan engin mótmæli koma fram, finn jeg ekki ástæðu til að tala meira um málið, en óska þess, að því sje vísað til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal fúslega játa því, að sanngirni og rjettvísi mælir með frumvarpi þessu, en jeg held jafnframt, að það hafi nokkra galla. Gjaldið í frumvarpinu er miklu sanngjarnara og hóflegra en í lögum þeim, sem nú gilda. Hitt tel jeg víst, að fiskiskútur, sem fara fram hjá vitanum til fiskiveiða, verði undanþegnar gjaldi þessu. Jeg vil benda flutningsmanni á seinustu málsgrein 1. greinar, sem jeg ætla að þyrfti að orða öðruvísi, því að ekki mun gott að framkvæma hana, eins og hún er.

Flutningsmaður (T. G.): Þessi málsgrein finnst mjer ekki neitt óskiljanleg; meiningin er: að þau skip, sem koma sunnan um landið og fara fram hjá vitanum, eiga að borga, en ekki þau, sem koma norðan um; en ætli eitthvert skip, sem hefur komið norðan um landið á leiðinni til útlanda, aptur að sigla sunnan um landið fram hjá vitanum, þá á það að greiða vitagjald áður á þeirri höfu, er það fer síðast frá.

Páll Pálsson bóndi: Mjer finnst 1. gr. ekki vel skiljanleg, t. d. get jeg ekki sjeð, hvort á að borga í hvert skipti, sem skipið

kemur á höfn, eða einungis einu sinni. Einnig finnst mjer það geta komið fyrir, að skip sleppi við gjaldið; ef t. d. skipstjóri segist ætla norður um, en mætir ís, snýr við og fer fram hjá Reykjanesi án þess að koma við á nokkurri höfn hjer á landi, hvar á þá að greiða gjaldið?

Flutningsmaður: Mjer sýnist það liggja í augum uppi, og vera skýrt tekið fram í 1. gr. frumvarpsins, að gjaldið á að greiðast á þeirri höfn, sem skipið kemur fyrst á, í hvert skipti eptir að það hefur siglt fram hjá vitanum, hvort sem það kemur frá útlöndum eða frá annari höfn á landinu.

Þorsteinn Jónsson: Síðan jeg hef heyrt þessa síðustu skýring flutningsmanns, get jeg ekki verið frumvarpinu meðmæltur, því að með því leggst vitagjaldið á íslenzk fiskiskip, en ef vitagjaldið er svo hátt, að nú þegar þurfi að breyta því, þá sýnist mjer ekki ástæða til að leggja það á íslenzku þilskipin, sem minnst brúka vitann; því það er ekki svo mikið gjört hjer á landi fyrir sjávarútveginn, að vert sje að leggja á hann nýja skatta.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki ímyndað mjer annað, en að það sje ótilfinnanlegt fyrir fiskiskip, þó það verði að greiða 15 aura af hverri smálest, eða samtals $20 \times 15 = 3$ kr. eða þar um bil. Það er t. d. hjer í Reykjavík maður, sem á hverju sumri sendir 2 skip sín austur til Seyðisfjarðar til fiskiveiða, og tel jeg víst, að hann muni ekki telja eptir sjer að greiða nokkrar krónur í vitagjald fyrir aðra ferðina, heldur gjöra það með fúsu geði. Vjer tökum nú þúsundum saman af útlendum skipum, og þar að auki tökum vjer lestagjald af þeim, og er þá ósanngjarnt að vjer sjálfir skulum ekki vilja greiða neitt til vors eigin vita.

Páll Pálsson bóndi: Því miður nægir mjer ekki útskýring flutningsmanns. Ef skipstjóri segist ætla norður fyrir, en snýr svo við og fer suður fyrir land, þá er ómögulegt að taka af honum gjaldið. Yfir höfuð finnst mjer það óeðlilegt, að skip skuli eiga að greiða vitagjald í hvert skipti, sem það fer milli hafna og siglir fram hjá vitanum, þó það sje um hásumarið, þegar gagnið af vitanum er ekkert.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að vera á því máli, að óeðlilegt sje, að gjalda þurfi vitagjald þann tíma árs, sem vitinn ekki er kyntur. Enn fremur skil jeg ekki, hvaða rjettlæti það er, að skemmtiskútur ríkra útlendinga skuli vera lausar við að greiða vitagjald, er fátækar íslenzkar fiskiskútur mega borga.

Varaforseti: Jeg vil leyfa mjer að fræða þingmanninn um, að stjórn vor hefur gjört þá samninga við útlendar þjóðir, að skemmtiskútur skuli undanþegnar öllum gjöldum, og erum vjer því ekki færir um að breyta því.

Þorlákur Guðmundsson sagðist geta verið varaforseta þakklátur fyrir þær upplýsingar, er hann hefði gefið sjer, viðvíkjandi skemmtiskútum, en hann yrði að vera fastur á því, að íslenzk fiskiskip eigi að vera undanþegin vitagjaldi, en hvað lækkun á gjaldinu viðvíkur, þá er nú framkomin nokkur sönnun fyrir því, að hún sje á rökum byggð, enda mun það ekki hafa upphaflega verið meiningin, að hafa vitagjaldið svo hátt, að það borgi vitann út, heldur að það haldi honum við.

Flutningsmaður: Jeg vona að þingmaður Vestmannaeyinga leyfi þó málinu að ganga til 2. umræðu, ef honum finnst annars vera rjettarbót í frumvarpinu; hann getur þá komið með breytingar við það. Það er vottur um mikla hlutdrægni, að leggja gjöld á öll útlend skip, en vilja ekkert gjald þola á vor skip, þó vjer höfum miklu meira gagn af vitanum en útlendingar. Þingmanni Húnvetninga fannst það óeðlilegt, að gjaldið skuli eiga að greiðast í hvert skipti; en það er aðgætandi, að sama stendur einmitt í lögunum, þeim sem nú gilda, og stendur það þá í gildi, ef þetta frumvarp verður fellt frá 2. umræðu. Hvað það tilfelli snertir, ef skipstjóri hefur sagt, að hann ætli ekki fram hjá vitanum, en snýr við í hafi og fer suður um, þá er ómögulegt við því að gjöra; þar á móti er hægt að komast að

því, hvort skipið hefur komið fram hjá vitanum eða ekki, því undir eins og lögreglustjóri efar framburð skipstjóra, þá getur hann heimtað að sjá dagbók skipsins, þar stendur allt greinilega um ferð skipsins. Þess vegna er 3. greinin um sektir sett í frumvarpið, til þess að varna slíku.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil gjöra flutningsmanni það til geðs, að gefa atkvæði með frumvarpinu, að það gangi til 2. umræðu, í þeirri von, að hann gjöri breyting á því. Það vakir fyrir mjer, að fyrir oss sje minni þörf á vita en fyrir útlendinga, því að vor skip eru helzt á ferð um hásumartímann, og þeir, sem eru á ferð á öðrum tíma árs, eru svo gagnkunnugir, að þeir þurfa ekki vitans með.

Þá var gengið til atkvæða, og var samþykkt með 19 atkvæðum, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

Önnur umræða í neðri deild, á 11. fundi, 14. júlí.

Breytingartillaga: I 123.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Mjer þykir það gleðilegur vottur um það, að deildinni geðjist að frumvarpi þessu, að eigi hefur komið nema eitt breytingaratkvæði frá þingmönnum við það. Jeg er að öllu leyti samþykkur 2. tölulið breytingaruppástungunnar, en 1. tölulið get jeg ekki fallizt á. Jeg veit ekki hvers vegna íslenzk fiskiskip eiga fremur að vera undanþegin þessu gjaldi, er þau fara hafna á milli hjer á landi, en þó þau fari landa á milli. Þetta gjald af skipi, 25 smálesta að stærð, er ekki nema 3 kr. 75 a., og er þetta svo lítið, að mjer finnst það vera smámunasemi, að vilja koma sjer hjá að gjalda það og koma því öllu á erlend skip, og sýnist mjer að hætta sje að sneiða hjá jafnrjetti og setja annan blæ á lögin, en þann, sem æskilegt er að sje á hverju lagaboði. Jeg er því þessum lið breytingaruppástungunnar mótfallinn.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er búinn að gjöra grein fyrir ástæðum mínum fyrir breytingaruppástungu minni. Flutningsmaður hefur það á móti uppástungu minni, að eptir henni sje farið fram á ójafnrjetti. Mjer fyrir mitt leyti finnst það eigi ójafnrjetti þótt íslensk fiskiskip sjeu undanþegin þessu gjaldi, þar svo er, að þau eru sjaldnast á ferð þegar vitans þarf með, og hjerlendir skipstjórar eru þar að auki kunnugri hjer við strendur heldur en útlendingar, og þurfa af þeirri ástæðu vitans síður með. Og eins og jeg tók fram við hina 1. umræðu, þykir mjer það eigi sanngjarnt, að byrja þegar að leggja toll á þennan litla framfaravísi vorn, sem jeg þykist vita að landstjórnin vilji hlynna að.

Benedikt Sveinsson: Mjer virðist óheppilegt, að fara að breyta þessum lögum; það getur verið að gjaldið sje hátt, en þó hefur engin umkvörtun komið um það, og víst er það ekki of mikið fyrir landssjóðinn, hann getur tekið á móti því. Jeg fyrir mitt leyti hefði helzt viljað, að þetta frumvarp hefði eigi komið fyr en einhverjir óskuðu breytinga á lögunum, en verði það að lögum, verð jeg að vera með breytingu þingmanns Vestmannaeyinga. Það var þó meiri munur áður, þegar öll innlend skip voru laus við vitagjald, heldur en þó nú verður eptir þessari uppástungu, og er þá með henni stigið nokkurt stig til jafnrjettis. En jeg vil að öðru leyti lýsa því yfir, að jeg álít það mjög ískyggilega og varúðarverða kenning og grundvallarsetning, að Íslendingar í sínu eigin landi ekki megi eða eigi að njóta neinna forrjettinda fram yfir aðrar þjóðir. Minn vilji er, að frumvarp þetta verði ekki að lögum, en verði það, verð jeg að vera á máli þingmanns Vestmannaeyinga.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli flutningsmannsins á því, að örðugt muni verða að hafa eptirlit á því, að vitagjaldið verði borgað, þegar svo stendur á sem segir í síðasta málslið 1. gr.: «en hafi skipið eigi farið fram hjá vitanum, er það sigldi til hafnar, skal greiða gjaldið á þeirri höfn, er það fer síðast frá, áður en það á að sigla fram hjá vitanum». Jeg vil því skjóta því til flutningsmanns hvort ekki

muni ástæða til að gjöra breyting á ákvörðun þessari við 3. umræðu. Jeg er annars á því, að sanngirni mæli með 1. tölulið breytingaruppástungu þingmanns Vestmannaeyinga.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg fyrir mitt leyti verð að vera á sama máli sem flutningsmaður, að eigi mæli mikil sanngirni með því, að sleppa íslenzkum skipum við vitagjaldið, því að vitinn er einnig gjörður fyrir Íslendinga, og þeir hafa hans eins mikil not og útlendingar. Vjer vitum, að það eru ekki mörg skip, sem sigla fram hjá Reykjanesi og á aðrar hafnir. Þau fiskiskip, sem sigla austur fyrir land á vorin og koma aptur í septembermánuði, hafa gagn af honum aðra leiðina, og á útmánuðum, er þau stunda hákarlaveiðar, nota þau hann ókeypis. Hjer er einn maður í Reykjavík, sem sendir nú árlega 2 skip til fiskiveiða austur fyrir land; af þessum skipum mundi þetta gjald nema 8 til 9 kr.; er þetta alls eigi tilfinnanlegt gjald, en lítur betur út fyrir oss Íslendinga, að vjer ekki hlífum oss við slíku gjaldi, en látum það allt lenda á útlendingum. Kunnugleiki skipstjóranna varðar litlu; þegar bjart er á sumrin, þurfum hvorki vjer nje útlendingar vitans við, en þegar dimmt er, þurfa Íslendingar hans eins og útlendingar. Spítalagjald kemur hjer ekki við; ef útlendingar verka fiskinn á landi, eiga þeir að gjalda spítalagjald af honum eins og aðrir. En það, að engin umkvörtun hefur komið um þetta, þá er það satt að segja mjer að kenna; kaupmenn hjer í Reykjavík hafa boðið mjer skriflega umkvörtun sína, er jeg gæti lagt fyrir þingið, en jeg sagði þeim, að hin heiðraða deild mundi taka orð mín trúanleg, en allt um það getur umkvörtunin verið komin á morgun, ef krafizt verður. Það er snertir hina aðra athugasemd, að landsjóðnum mundi eigi veita af að fá gjald þetta, þá er jeg því samdóma, að landssjóðurinn eigi að fá sinn árlega kostnað fullborgaðan án þess að græða. Það var tilætlun þingsins 1877, að gefa fje til vitasmíðisins, og á því alls eigi við að halda þessu háa gjaldi til þess, að fá þann kostnað endurgoldinn. Það er víst, að gjaldið er hjer í Reykjavík þegar orðið þetta árið yfir 2500 kr., og það er víst, að enn muni viðbætast undir 1300 kr. Gjaldið af frakkneskum skipum er hjer í Reykjavík þegar orðið 900—1000 kr.; svo bætist við gjald af þeim frakkneskum skipum, sem koma að Vesturlandi, og verður það umfram alla áætlun. Allt gjaldið mun því verða allt að 7000 kr., en í áætluninni er gjört ráð fyrir, að útgjöldin nemi 2800 krónum. Þessir 15 aurar, sem í frumvarpinu er stungið upp á, svara fyllilega til þessarar áætlunar eptir því sem reynslan sýnir. Það er satt sem landshöfðingi segir, að það er næsta örðugt að fá toll hjá þeim skipum, sem fara frá landinu, en þó finnst mjer ekki svo mikið úr því gjörandi, því að allur þorrinn af skipum kemur sunnan fyrir land, og það er eigi nema einstaka skip, sem kemur norðan fyrir, en þau norðanskip, sem koma hjer í Reykjavík, hljóta að fara fram hjá vitanum.

Arnljótur Ólafsson: Ef jeg skil frumvarpið rjett, finnst mjer, að bæði flutningsmaður og breytingaratkvæðið hafi rjett að nokkru leyti, en órjett aptur að öðru leyti. Frumvarpið hljóðar um vitagjald af öllum þeim skipum, sem sigla fram hjá Reykjanesi með verzlunarvörur eða flutning, en eigi um þau skip, sem fara til fiskiveiða. Af því að fiskiveiðaskipin eru eigi nefnd sjerstaklega í frumvarpinu, hefur þingmaður Vestmannaeyinga rjett að því leyti, sem hann leggur það til, að íslenzk fiskiskip sjeu undan þegin gjaldinu, en hann fer of langt, þar sem hann segir: »nema þau hafni sig á ferð frá útlöndum eða til útlanda», því að þau geta flutt vörur milli hafna á Íslandi. Jeg vildi því við 3. umræðu, að svofelld breyting væri gjör: »þó eru íslenzk skip undan þegin þessu gjaldi, er þau fara fram hjá vitanum á fiskiferðum sínum»; því jeg vil, að þá er þau fara með flutning, skuli þau greiða vitagjald. Ef þannig er breytt breytingaratkvæðinu,

helzt jafnrjettið. Vona jeg, að þetta hafi verið meining þingmanns Vestmannaeyinga.

Landshöfðingi gat um, að niðurlag 1. gr. frumvarpsins væri vandkvæðum bundið. Getur verið, en jeg er viss um, að sanngirni hefur komið uppástungumanni til að orða það þannig, til þess að afstýra því, að skip, sem koma á þetta svæði, sem sje milli Hornstranda og Reykjaness, skyldu greiða vitagjald. Þegar t. a. m. Díana kemur hingað til Reykjavíkur að vestan, þá spyr lögreglustjórinn skipstjóra, hvaðan komstu? hann segir, að vestan, þá átt þú ekki að greiða vitagjald, nú spyr lögreglustjóri skipstjóra aptur, hvert fer þú hjeðan? hann segir vestur, þá átt þú ekkert vitagjald heldur að greiða; en segi skipstjóri rangt til um ferðir sínar, þá má komast að því sanna með því að rannsaka dagbækur hans. Komi skipið á enga höfn, þá er það dottið úr sögunni, og er betra að eitt skip fari þannig, en að krefjast vitagjalds af skipum, sem ekkert gagn hafa af vitanum.

Þórarinn Böðvarsson: Þær mörgu skýringar og viðaukar, sem komnir eru við frumvarp þetta, eru eins og fyrirboði þess, að yfirvöldin muni skilja það margvíslega.

Jeg held, að bezt sje að taka frumvarpið beint eptir orðunum, og þá á eptir því að gjalda af öllum skipum, hvort sem þau eru fiskiskip eða ekki. En jeg þykist sannfærður um, að ef leggja skal gjald þetta á íslenzk fiskiskip, þá sje það heldur til að hamla þeim frá að leita þangað, sem bezt er aflavon, og er jeg viss um að þetta hefur ekki verið meining uppástungumanna. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að innlend fiskiskip hefðu eins mikið gagn af vitanum og útlend, en þá skal jeg geta þess, að fiskiskip úr Faxaflóa fara því nær aldrei út úr flóanum, þegar ljós er á vitanum, en á hinum tímanum þurfa þau hans eigi með, og verð jeg því að álíta það mjög ósanngjarnt, að láta þau taka þátt í þessu tollgjaldi. Eptir frumvarpinu eiga þau að gjalda vitagjald í hvert skipti, sem þau fara út fyrir Reykjanes, en það er jeg viss um, að eigi er samkvæmt vilja flutningsmanns. En svo kemur nú hitt atriðið til greina; hvað er að fara fram hjá vitanum? Þegar skip t. a. m. leggja út úr Hafnarfirði, getur veðurstaðan opt verið þannig, að þau fari nær vitanum en Snæfellsnesi, þó þau ætli vestur um; eiga þau þá að greiða vitagjald? Eins og jeg áður hef gjört, vildi jeg og vekja athygli á niðurlagi 1. greinar, þar sem stendur, að gjaldið skuli greiða á þeirri höfn, er skipið fer síðast frá, áður en það á að sigla fram hjá vitanum, og hygg jeg, að örðugt muni að hafa eptirlit í því tilliti. Enn vil jeg spyrja að einu: fyrst nú íslenzk fiskiskip eiga að greiða þetta gjald, hvað er þá að segja um þau skip, sem mestan fisk fá við strendur vorar, og vitinn að mínu áliti einkum er til gagns, nefnilega frakknesku fiskiskúturnar; eiga þær ekkert gjald að greiða? Þetta er ekkert nefnt í frumvarpinu.

Benedikt Sveinsson: Í frumvarpinu stendur: fyrir hvert það skip, að undan teknum skemmtiskútum og herskipum o. s. frv. skal greiða vitagjald. Það er því auðsjáanlegt, að hjer í eru einnig meðtalin fiskiskip. Hvað snertir frakknesku fiskiskúturnar, þá má svo að orði kveða, að vitinn sje eiginlega byggður handa þeim. Jeg veit ekki til, að íslenzk skip hafi nokkurn tíma strandað við Reykjanes, enda leggja íslenzk skip sjaldnast út, fyr en nóttin er björt orðin. Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki orð þingmanns Reykvíkinga, en það get jeg sagt honum, að það fje er enn óborgað, er landssjóðurinn lagði til vitans; þegar búið er að borga það, þá gæti komið til greina, að gjaldið væri fært niður. Hvað snertir orð þau, er 1. þingmaður Norðurmúlasýslu fór um breytingaratkvæði þingmanns Vestmannaeyinga, þá er ætlun mín, að eigi sje þörf á að taka ýtarlegar fram þessa ákvörðun í 1. tölul. breytingaratkvæðisins, því að þar sem talað er um íslenzk fiskiskip, þá getur eigi verið um önnur skip að ræða en þau, er það árið eru

látin ganga til fiskiveiða; því að ef eitt skip, sem áður hefur verið haft til fiskiveiða, er þetta árið haft til flutninga, þá er það eigi lengur fiskiskip, heldur flutningaskip, því að skipið er nefnt eptir farminum, sem það flytur.

Páll Pálsson bóndi: Mjer finnst ekki sanngjarnt, að íslenzk fiskiskip gjaldi sama gjald sem útlend skip, eða hærra, þar þau eiga að borga í hverri ferð, er þau fara fram hjá vitanum, og það um hásumartímann, þegar þau hafa hans engin not; yfir höfuð ættu íslenzk fiskiskip að vera frí fyrir þessu vitagjaldi. Það er athugavert við frumvarp þetta, hvort útlend skip geti ekki farið í kring um lögin. Jeg set svo, að skip ætti að leggja út frá Hafnarfirði eða Keflavík, og segist ætla vestur og norður fyrir land, en þegar það er komið út í flóann, þá siglir það í þess stað suður með landi, fyrir Reykjanes og fram hjá vitanum. Hvernig geta menn þá orðið vísir hins sanna um ferð skipsins? (*Halldór Kr. Friðriksson:* «Það sýna sjóbækurnar»). Jeg veit eigi, hvort skipstjórar eru skyldir að sýna þær, og hver gengur eptir því, að þær sjeu skoðaðar, ef skipin hafna sig hvergi á íslenzkum höfnum, eptir það að þau leggja út frá höfn þeirri, er þau fóru síðast frá, áður en þau sigldu fram hjá vitanum. Enn fremur er það vafasamt, hvort utanríkisskip, sem hafna sig einhverstaðar á Íslandi, sjeu skyld að sýna dagbækur sínar.

Tryggvi Gunnarsson: Það er furða, hve miklar og margbrotnar ræður hafa leitt af svo einföldu máli. Spursmálið er um, hvort eigi að lækka gjald, sem búið er að sanna að sje tvöfalt hærra, en það þarf að vera, og hvort ekki eigi að koma í veg fyrir sem fyrst, að þau skip greiði vitagjald, sem fara norðanlands til Vesturlandsins, og aldrei sjá Suðurland eða vitann. Það sýndist að ekki ætti að vera svo vandasamt að skera úr þessu. Hvort íslenzk fiskiskip greiða vitagjald eða ekki, er mjer ekkert kappsmál, landsjóðnum munar það engu; að eins virtist mjer, að lögin sýndu meira jafnrjetti, ef jafnt gengi yfir alla, og næsta ótrúlegt er það, að slíkt mundi hindra nokkurn frá að stunda atvinnuveg sinn við fiskiveiðar, þó hann þyrfti að greiða 3—6 króna gjald til vitans. Hvað breytingu þá snertir á 1. gr., er landshöfðinginn talaði um, þá skal jeg vandlega hugleiða, hvort hægt er að taka hann sem breytingartillögu til 3. umræðu.

Varaforseti (*Grímur Thomsen*): Það eru helzt útlend fiskiskip, sem hafa gagn af vitanum, en það mun líka kunnugt, að ekki er von á gjaldi frá þeim, að minnsta kosti virðist ráðherrabrjefið, sem lesa má í Stjórnartíðindunum 1878 bls. 80 að benda til þess. (*Les upp úr brjefinu*). Jeg vil hjer sem ella fara varlega í allar breytingar, og virðist mál þetta vel mega bíða næsta þings, enda sýnist mjer, að eins Dönum og Íslendingum verða íþyngt með þessu, en ekki von á neinum samningi um vitagjaldsgreiðslu frá útlendingum, sem þó ausa gullinu upp — að jeg taki svo til orða — við strendur Íslands og borga ekki einn eyri fyrir.

Mín uppástunga verður því, að máli þessu verði frestað, þó jeg helzt óskaði, að það væri hreinlega tekið aptur.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er nú að vísu á móti því, að vera að breyta nýjum lögum. Það er nú fram komin sönnun fyrir því, að gjaldið sje of hátt, en að vera að innleiða vitagjald á þessi fáu og fátæku fiskiskip okkar, er ekki rjett eða ráðlegt. Jeg skal taka til dæmis, að hjer við Faxaflóa ganga 4 skip til hákarlaveiða á vetrum og fara gjarnast út seinast í febrúar, eða fyrst í marzmánuði. Nú getur opt svo til borið, að þau hleypi út 3—4 sinnum til einskis og komist í öllum þeim ferðum vestur fyrir Reykjanes, enda kannske farist í síðustu ferðinni. Er þá rjett að taka það gjald. Jeg vil segja nei.

Landshöfðingi: Jeg er hræddur um, að hinn háttvirti varaforseti hafi misskilið ráðherrabrjefið 24. maí 1878. Eptir þessu hafa frakknesk fiskiskip að eins hjer í Reykjavík á þessu vori greitt rúmar 900 kr.

Varaforseti (Gr. Thomsen): Jeg hef ekki misskilið það, að vitinn hefur kostað landið mikið meir en til stóð, og að enn þá er ekki von á því fasta árgjaldi frá Frökkum, sem ráð var fyrir gjört í hinum gildandi vitagjaldslögum.

Halldór Kr. Friðriksson: Gjaldið virðist mjer ekki neitt sjerlega óvíst, enda hefur það víst aldrei verið hugsunin og ekki tilætlazt, að vitagjaldið skyldi greitt vegna kostnaðarins, að búa vitann til.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil minna 1. þingmann Gullbringusýslu á, að þegar rætt var um lögin og gjaldið til vitans á síðasta þingi, þá var talað um, að landið skyldi bera kostnaðinn við vitabygginguna, ásamt ríkissjóði Dana, en gjaldið skyldi vera til árlegs kostnaðar og viðhalds, sem nú sjest að er óþarflega hátt og gjaldendum með því um of íþyngt, og þess vegna væri bezt að leiðrjetta það sem fyrst.

Forseti: Þá er lokið umræðunum um þetta mál að svo stöddu, og skal jeg biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Var þá fyrri liður breytingaratkvæðis þingmanns Vestmannaeyinga (I 123) samþykktur með 14 atkv., og síðari liðurinn sömuleiðis samþykktur með 14 atkv.

Frumvarpsins

1. grein samþykkt með 11 atkv. gegn 8.
2. — —— — 11 — — 6.
3. — —— — 11 — — 5.
4. — —— — 11 — — 6.
6. — —— — 11 — — 7.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu og málinu visað til 3. umræðu með 11 atkvæðum gegn 8.

Þriðja umræða í neðri deild, á 13. fundi, 16. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 126.

Breytingaratkvæði: I 129.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson). Jeg er ekki mótfallinn breytingaratkvæðum þeim, sem hjer eru fram komin, nema því, sem er undir 4. tölulið, þar sem farið er fram á að fresta löggildingunni til 1881. Því mjer virðist það hafa inni að halda mikla ósamkvæmni, og vil jeg því biðja þingmenn að hugleiða þetta atriði vandlega. Þegar lögum er breytt, verða menn sjálfsagt að gjöra ráð fyrir, að það sje til batnaðar, en fyrst svo er, er þá ekki rjettast, að sú breyting nái lagagildi s e m allra f y r s t, en eigi vera að fresta því hálft annað ár, eptir að lögin eru búin til.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Það er hverju orði sannara, sem þingmaðurinn, er síðast mælti, sagði, að s e m f y r s t ættu allar breytingar, sem eru til batnaðar, að koma; en í þessu máli mætti vel fara þó drægist. Jeg veit hvað honum gengur til, það er hinn ærni kostnaður, sem staðið hefur af vitanum. Jeg er einnig samdóma þeim, sem álíta gjaldið of hátt að svo stöddu, því einmitt þau skip, sem mesta gagnið hafa af vitanum, nefnilega hin útlendu fiskiskip, sleppa má ske alveg, því þau hafna sig ef til vill aldrei, nema þau laskist eða einhver maðurinn á skipinu verði fárveikur. En þau skip, sem aldrei hafna sig og því aldrei þurfa að borga, hafa eins mikið og jafnvel meira gagn af vitanum en hin. Það þyrfti því samning milli stjórnanna um víst gjald af hverju skipi, hvort sem það hafnaði sig eða ekki. Þetta virðist sanngirni, og sanngirni er hin eina rjetta undirstaða allra samninga.

Tryggvi Gunnarsson: Einmitt það, sem hinn háttvirti þingmaður nú tók fram, að ekki væru samningar til við aðrar þjóðir um þetta vitagjald, sýnir bezt, að þörf er á að

frumvarp þetta verði að lögum sem fyrst og nái gildi, áður en stjórnin hefur lokið að semja við Englendinga og Frakka, því hjer er ákveðið, að öll skip, sem fara fyrir Reykjanes, skuli borga vitagjald hvar sem þau koma í höfn á landinu; en eptir nú gildandi lögum á einungis að borga fyrir þau skip, sem hafna sig milli Reykjaness og Horns á Hornströndum.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls er umræðu þessari lokið. Var síðan til atkvæða gengið, og

1. liður breytingaratkvæðis 8 þingmanna samþykktur með 13 atkvæðum.
2. liður samþykktur með 17 atkvæðum.
3. — —— — 16 ——
4. — —— — 15 ——

gegn 1, og frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 17 atkvæðum.

Síðan var frumvarpið afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 15. fundi, 18. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 133—34.

Ásgeir Einarsson kvaðst ætla að tala fáein orð í máli þessu, þótt hann vissi af því, að allmargir í neðri deildinni væru á sinni skoðun, og hefðu getað látið hana þar í ljósi. Sjer þætti óviðurkvæmilegt að láta þau skip greiða vitagjald, sem þyrftu að flýja undan ís suður fyrir land, og það því fremur, sem það væri vanalega um þann tíma ársins, er nætur væru bjartar, og einskis vita þyrfti með; þetta hefði opt komið fyrir, og svo mundi einnig hjer eptir verða. Það væri líka hægðarleikur fyrir skipstjóra, ef hann vildi komast hjá að greiða gjaldið, að leggja eigi skipi sínu til hafnar á lögboðnum höfnum, heldur á víkum og vogum, er eigi væru löggildar skipalegur, þar sem viðkomandi lögreglustjóri mundi eiga erfitt með að ná í gjaldið. Hann vildi því leiða athygli deildarinnar að því, hvort henni þætti ekki ráðlegt að undanskilja skip þau, er flýja undan ís; fyrir sitt leyti þætti sjer það eins sanngjarnt að undanskilja þau eins og herskip og skemmtiskip.

Stefán Eiríksson kvaðst ekki vita, hvort nokkur ósk hefði komið til neðri deildarinnar um að lækka vitagjaldið; ef enginn hefði óskað þess, þá þætti sjer undarlegt, að menn skyldu vera að breyta eins árs gömlum lögum; vitinn hefði kostað landssjóðinn ærna fje, og vitavörðurinn mundi víst eigi þykjast hafa of mikil laun sem von væri (800 kr.). Hann væri að vísu ekki kunnugur máli þessu, en ekki heldur hafa orðið var við neina umkvörtun um vitagjaldið. Hvað það snerti, að ráðherrann ætti að semja við annara landa þjóðir um vissa fjárupphæð árlega í vitagjald, þá gæti hann ímyndað sjer, að hann gæfi öll útlend fiskiskip laus við tollinn, en sjer fyndist, að skip þau gera oss opt þungar búsifjar á fiskiveiðum sínum við strendur Íslands, og því ættu þau að greiða toll þennan; sjer fyndist eiga að bæta því við 1. gr., að gjaldið mætti eigi vera minna en 10 a. af hverri smálest á slíkum skipum.

Jón Jónsson kvaðst vera þeim 2 þingmönnum, er síðast töluðu, samdóma um það, að ísjárvert væri að jafna tollinum þannig niður; það mundi valda mikilli óánægju hjá kjósendum á norður- austur- og suðurströndum landsins, sem nú væri lagt vitagjald á, jafnt því, er liggur á þeim, er búa á vesturströndum landsins. Ástæða gæti verið til að lækka nokkuð vitagjald það, er nú væri ákveðið, en það væri þá fráleitt að láta lækkunina vera svo misjafna, sem gert væri í frumvarpinu, þar sem á höfnum milli Reykjaness og Snæfellsjökuls gjaldið væri fært úr 40 a. niður í 15 a. eða lækkað um

25 a., en á milli Snæfellsjökuls og Horns á Hornströndum að eins úr 20 a. niður í 15 a. eða lækkað um 5 a. Hann yrði þar að auki að taka fram, að grundvöllurinn fyrir gjaldheimtunni væri langt um einfaldari og betri í lögum 12. apríl 1878, þar sem eigi væri annað skilyrði fyrir að heimta gjaldið, en að skipið kæmi á vissa höfn, en í frumvarpinu, sem byggði gjaldið á sögusögn skipstjóra um þá leið, er skipið hefði farið. Hann vildi því stinga upp á því, að 3 manna nefnd væri sett í máli þessu, sem auk þess, sem hún íhugaði aðalatriði málsins, gæti einnig fengið skýrslu frá embættismönnum um það, hvernig gjaldið hafi greiðzt, og hvernig skipstjórar hafi tekið undir hin gömlu lög um vitagjaldið.

Jón Hjaltalín kvaðst ætla, að ef þingið ætlaði að gjöra það að vana sínum, að fella úr gildi eins árs gömul lög, þá mundu íslenzku lögin verða rýr á endanum, og væri hann alveg mótfallinn þeim breytingum, er hjer væri um að ræða.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi vera á þeirri skoðun þingmanns Skagfirðinga, að nauðsynlegt væri að setja nefnd til að útvega skýrslur og upplýsingar í máli þessu, því að neðri deildin mundi án efa hafa gjört það, og væri því hægt að fá þær þar, ef menn vildu. Hvað það snerti, að þingmaður Skaptfellinga hefði óttazt, að ráðherrann mundi sleppa útlendum fiskiskipum alveg lausum við gjaldið, þá sýndist sjer það eigi hræðilegt, þau væru undir sömu lögum sem önnur skip, er þau kæmu hingað og gyldu toll, ef þau höfnuðu sig; að öðru leyti kvaðst hann ekki vera með öllu samþykkur frumvarpinu, en vilja hafa það nokkuð öðru vísi. Hann yrði að játa, að hin heiðraða neðri deild virtist í þessu máli að hafa viljað fylgja meiri jafnrjettishugsun, en 1877 í málinu um kirkjugjöld Reykjavíkur, með því að hún hefði nú breytt þeirri grundvallarhugsun, sem legið hefði fyrir lögunum um vitagjaldið, þar sem það hefði 1877 verið ákveðið 40 kr. af þeim skipum, sem mest yrðu að nota vitann, en þar á móti 20 a. af hverri smálest af þeim skipum, er höfn tækju á svæðinu frá Öndverðarnesi til Hornbjargs. Nú hefði neðri deildin gjört öllum skipum jafnt undir höfði með þessu 15 a. gjaldi. Hann kvaðst 1877 hafa álitið vitagjaldið of hátt, og áliti því rjett, að það væri lækkað, en aptur þætti sjer ekki sanngjarnt, að skip þau, sem kæmu fyrir vestan, gyldu jafnt þeim, sem mest not hefðu af vitanum. Hann væri viss um, að mörg skip, einkum eldri skipstjóra, sem kæmu til Ísafjarðar og Stykkishólms, ætluðu sjer fyrstu landsýn Snæfellsjökul, og kæmu aldrei nærri vitanum. Hann hefði því helzt óskað, að neðri deildin hefði skipt vitagjaldinu eptir sömu reglu og 1877, og það hefði verið ákveðið 20 a. og 10 a. eptir sömu reglu og þá, og mundi hann, ef til vildi, koma með breytingaratkvæði í þá átt, og vonaði þá, að þingmaður Húnvetninga mundi betur geta sætt sig við frumvarpið.

Varaforseti (*B. Thorberg*) kvað lögin að vísu eigi gömul, en næga reynslu fyrir því, hve ósanngjörn þau væru, og vildi hann sem fyrst ráða bót á því, þar eð engin ástæða, væri að fresta því eða láta það dragast lengur. Sjer þætti sanngjarnt, að binda gjaldið við stærra svæði og lækka það, og væri hann meðmæltur frumvarpinu. Mótbárur móti hinum einstöku ákvörðunum frumvarpsins snertu eins fyrri lögin; þar væri hin sama heimild veitt ráðgjafanum, en til þess væri eigi ætlazt, að útlend fiskiskip yrðu undan þegin, heldur væri það tilgangurinn, að ráðgjafinn gæti gjört samninga við eitthvert land um, að það skyldi árlega borga einhverja vissa upphæð fyrir fiskiskip sín; með því kæmust menn hjá að eltast við hverja skútu, sem annars væri hætt við að slyppi borgunarlaust. Það hefði verið tekið fram, að illt mundi verða að komast eptir því, hvort skipið hefði farið fram hjá vitanum eða eigi,

en eins og skipstjóri væri skyldugur að sýna skipaskjölin, eins ætti hann að gefa skýrslu um þetta atriði eptir dagbók sinni; mundu engir sjerlegír örðugleikar verða á þessu. Nefnd þætti sjer eigi nauðsynleg, en vildi ráða til að fallast á frumvarpið, eins og það lægi fyrir.

Jón Jónsson sagði, að varaforseti hefði sagt, að reynsla væri fyrir ósanngirni vitagjaldsins, en hann hefði ekki skýrt frá, hvernig sú reynsla hefði komið í ljós, eða hvernig hún yrði sönnuð; hann hefði ennfremur tekið það fram, að sanngjarnt væri, að þeir einir greiddu gjald þetta, er færu fram hjá vitanum, en hefði eigi komið með neinar ástæður fyrir því, heldur viljað láta þingmönnum vera ljósa þá sanngirni, að eigi þyrfti að færa ástæður fyrir henni; en hann hefði þó í ræðu sinni tekið fram annað atriði, sem einmitt sýndi fram á hið gagnstæða, þar sem hann játaði, að siglingar væru mestar um það leytið, sem eigi væri kveikt á vitanum, og væri það bert, að þau skip, er þá færu fram hjá, hefðu hans engin not. Hann hefði enn fremur viljað bæta úr ósanngirninni við Norðlendinga, með því að sýna fram á, að Sunnlendingar yrðu líka fyrir ósanngirni í þessu tilliti; en hann vildi þar í móti taka það fram, að þó skip, sem kæmi á höfn á vesturströndum Íslands, færi á hingaðleið sinni fram hjá vitanum, áður en kveikt væri á honum, þá gæti vel skeð, að það færi eigi til baka fyr en búið væri að kveikja á honum, og hefði því þannig hálf not af honum; þar á móti gætu skip þau, er færu á einhverja verzlunarstaði fyrir Norður- og Austurlandi, að eins af hendingu haft gagn af vitanum, ef þau hrektust fyrir veðri, og því væri með öllu ósanngjarnt, að leggja gjaldið á þau. Svo vildi hann biðja menn að gæta þess, að vitinn gæti, ef til vill, lækkað ábyrgðargjald fyrir þau skip, er kæmu til hafnar á vesturströndum Íslands, en slík áhrif gæti vitinn eigi haft á norðlenzk skip. Varaforseti hefði verið sjer samdóma í því, að nokkrir örðugleikar mundu verða á að heimta gjald þetta, en ef hann hefði sjálfur fengizt við lögreglustjórastörf, mundi hann hafa kallað á því mikla örðugleika; í þessu tilfelli hjálpuðu ekkert skipskjölin, og þó að lögreglustjóri fengi að sjá dagbókina, þá væri hægt fyrir skipstjóra, ef hann á annað borð vildi sleppa hjá gjaldinu, að sleppa því úr henni, að hann hefði sjeð vitann. Annars væri það aðgætandi, að vjer værum svo sælir, að hafa þau borgaraleg rjettindi, að vera eigi skyldir að gefa lögreglustjóra neinar skýrslur, nema lög heimiluðu honum að heimta þær; ef hann án lagaheimildar færi að hnýsast í það, sem eigi kæmi honum við, mundi hann að eins verða sjer til skammar, en nú vantaði í þessi lög ákvörðun um, að það sje lögreglustjórans lagaskylda, að heimta þessa skýrslu af skipstjórum, og því ímyndaði hann sjer, að ef skipstjóri þekkti stöðu sína, mundi þessi skýrslukrafa að eins verða lögreglustjóranum til gremju og örðugleika. Sjer þætti grundvöllurinn í hinum eldri lögum miklu betri, og vildi yfir höfuð mæla fram með nefnd; ef það yrði eigi gjört, þætti sjer mjög ísjárvert, hvort hann gæti gefið frumvarpinu atkvæði sitt.

Ásgeir Einarsson kvaðst hafa verið samdóma þingmanni Barðstrendinga í því, að eigi væri nauðsyn á nefnd, en nú hefði hann heyrt svo margar athuganir við frumvarpið, að sjer þætti nú vafasamt, hvort lengri tíma tæki, að koma fram með og ræða öll þau breytingaratkvæði, eða setja nefnd. Varaforseti hefði sagt, að frumvarp þetta væri sanngjarnara, en hin eldri lögin; það sýndist sjer ekki vera, eptir stefnu þeirri, er tekin hefði verið í vitamálinu; það hefði verið sanngjarnt, ef vitagjaldið hefði verið lagt á land allt af þeirri ástæðu, að byggja ætti annan vita á Norðurlandi, þar sem væri hentugt vitastæði, en nú væri eigi um það

að tala í þetta sinn. Þá er hann á síðasta þingi hefði gefið atkvæði með þessu máli, hefði hann einkum haft í huga janúarferð póstskipsins, sem væri jafnvel mest áríðandi af öllum ferðum þess jafnvel fyrir land allt, því að um þann tíma gætu menn á engan annan hátt pantað neitt frá útlöndum. Það sem þingmaður Skagfirðinga hefði sagt um dagbók skipstjóra, að hún mundi eigi áreiðanleg, þá vissi hann eigi betur, en hún væri mjög áríðandi, og þeir yrðu að vera viðbúnir að staðfesta hana með eiði, ef þess væri krafizt. Hann sæi að vísu, að í stjórnartíðindunum væri gjört lítið úr skýrslu úr dagbók skipstjóra nokkurs á Skagaströnd, sem hefði verið álitin ófullkomnari en illa vönduð skýrsla eptir einstakan mann. Með því nú að svona margt gæti komið til greina, vildi hann mæla með nefnd.

Jón Hjaltalín kvaðst vilja taka það fram ljósar, sem áður hefði hann sagt, að hið eina, sem hann felldi sig við að gjöra í þessu máli, væri að fleygja frumvarpinu öllu saman. Það væri skylda þingsins að afla sjer trausts landsmanna, en úr því mundi eigi verða, meðan þeir gætu sagt um það, að það segði eitt þetta árið og annað hitt o. s. frv. Það væri rangt af þinginu, að hugsa til að búa út þau lög, sem enginn fyndi að; hann vildi í því skyni benda mönnum á orð hins enska skálds Goldsmiths: «Sá, sem ætlar að sjá eitthvað fullkomið, ætlar sjer að sjá það, sem aldrei hefur sjezt, og aldrei mun sjást». Frá ökonomisku sjónarmiði, væri það einnig mjög óheppilegt að káka á hverju ári við sömu lögin.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja svara orðum hins 4. konungkjörna þingmanns því, að þessu máli væri nokkuð öðru vísi háttað; það væri sjaldan, að neðri deildin hefði sýnt þessari deild slíkan sóma, sem nú. Þegar mál þetta var rætt á síðasta þingi, hefði efri deildin viljað hafa vitagjaldið lægra, en neðri deildin eigi, þess vegna væri það nú sómi fyrir efri deildina, er neðri deildin sendi henni nú að fyrra bragði frumvarp, þar sem til væri tekið lægra vitagjald, en deildin nokkurn tíma hefði þorað að fara fram á. Þar sem þingmaður Skagfirðinga neitaði því, að reynslan hefði sýnt ósanngirni vitagjaldsins, eins og það væri nú, vildi hann skýra frá, að eptir reikningi ýmissa kunnugra manna yrði það 6—8 þúsund krónur um árið, og stjórnin, sem að líkindum hefði bezt skilríki í höndum, teldi það í frumvarpi sínu til fjárlaganna 5000 kr. Þó að því reynsla væri enn eigi búin að sanna, að gjaldið væri of hátt með tiltekinni töluupphæð, væri þó vissa fengin á þennan hátt fyrir því, að það væri ósanngjarnt, og meira, en vitinn þyrfti með. Enn vildi hann taka það fram, að sjer þætti grundvöllur frumvarpsins, að binda gjaldið við þau skip, er færu fram hjá vitanum, vera sanngjarnari, en grundvöllur hinna eldri laganna.

Varaforseti (*Bergur Thorberg*) kvaðst eigi ætla að svara þingmanni Skagfirðinga mörgum orðum, nje rekast í viðureigninni milli lögreglustjóra og þrákelkinna einstaklinga, því að bæði kæmi það lítið málinu sjálfu við, enda vonaði hann, að skipstjórarnir yrðu eigi eins erfiðir og þingmaðurinn hefði haft orð á, en hann vildi geta þess, að hann hefði eigi haft orð sín alls kostar rjett eptir, hann hefði aldrei sagt, að með breytingum þessum væri öll ósanngirni horfin, heldur að í þeim væri meiri sanngirni, en lögunum frá 2. apríl 1878; eptir þeim gat komið fyrir, að skip, sem engin not hefði haft af vitanum, yrði að greiða 40 aura af smálest hverri í vitagjald, en eptir þessu frumvarpi þó aldrei meira en 15 aura, og það sýndist sjer ljóst, að það væri eigi eins tilfinnanlegt. Eigi gæti hann skilið, að óvinnandi væri að komast að, hverja leið skip hefði farið, er það kæmi til hafnar, því að í því tilliti væri það rjett, sem þingmaður Húnvetninga hefði tekið fram um dagbók

skipstjóra; þar væri að finna upplýsing um þetta, og ef lögreglustjóri heimtar skýrslu, sem viðkemur embætti hans, væru skipstjórar skyldir að gefa hana, og vænti hann að þeir mundu eigi baka mikla erfiðleika með óþægð sinni. Hvort nefnd væri sett, fyndist sjer standa á litlu og eigi vera nein nauðsyn á því.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi ætla að tefja umræðurnar, sem þegar væru orðnar alllangar. Hann vildi að eins taka það fram, að hann hefði enga upplýsing fengið enn um það frá þingdeildinni, hvort nokkur áskorun hefði komið til neðri deildarinnar um að breyta hinum núgildandi lögum um vitagjald; en kunnugir menn hefðu að vísu sagt, að vitagjaldið væri of hátt sem stæði; hann vildi samt biðja menn vel að gæta þess, að landssjóðurinn hefði kostað ærnum peningum til vitabyggingarinnar, og meir að segja hefði því verið hreyft í blöðum, að frágangurinn muni eigi vera svo góður að uggvænt væri, hvort eigi þyrfti enn töluverða aðgjörð á vitanum; þar að auki væri þar vitavörður, sem eigi mundi þykjast hafa of há laun, og mætti þingið að líkindum búast við, að hann beiddist launahækkunar. Þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að öll skip væru undir sömu lögum, en sjer fyndist, að fiskiskipin útlendu eigi verða undir sömu lögum, ef ráðherrann gjörði sjerstakan samning um þau, þá þyrftu þau ekki að greiða gjaldið, þó þau færu fram hjá Reykjanesi. Nefnd þætti sjer ónauðsynleg í máli þessu.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort vísa skyldi málinu til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum; þá ljet hann ganga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa í málinu, og var sú tillaga felld með 7 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 18. fundi, 22. júlí.

Breytingartillögur: I 146. 154. 155.

Atkvæðaskrá: I 183.

Benedikt Kristjánsson sagði, að í máli þessu hefðu komið breytingaratkvæði úr þremur áttum, síðan það kom frá neðri deildinni, 2 þeirra bæru það með sjer, að margt mætti nú milli vera á lækkun gjalds þessa frá því, sem það er, þar sem það er 40 a., en væri komið niður í 15 a. í frumvarpi neðri deildar. Í hitt eð fyrra hefði það ei mátt vera minna en 40 a., en nú mætti það eigi meira vera en 15 a. Hann væri að vísu ókunnugur því, hve mikið þyrfti árlega til viðhalds og kostnaðar við vitann, en þó þætti sjer ei ólíklegt, að svo gæti farið, að það yrði meira en ráð væri gjört fyrir, en það teldi hann víst, að menn eigi vildu láta landssjóðinn líða skaða við það; annaðhvort hefði því gjaldið verið mikið of hátt ákveðið í hitt eð fyrra, eða þá of lágt nú, ljós og annar kostnaður hlyti að vera orðið miklu ódýrara, en ráð hefði verið gjört fyrir, ef nokkur ástæða væri fyrir þessari lækkun vitagjaldsins, en að hálfreyndu sýndist sjer ísjárvert, að lækka gjaldið svo mikið, þar eð það væri eigi víst að það dygði án styrktar landssjóðsins. Breyting sín hefði farið fram á, að skip þau, er leituðu hafna í Faxaflóa milli Reykjaness og Öndverðarness, skyldu greiða 20 aura í stað 15 a., en 15 aura þau, er legðu til hafna annarsstaðar á Íslandi; hann hefði hugsað sjer, að öll þau skip, er kæmu í Faxaflóa, mundu halda sig sem næst vitanum, og þess vegna hafa mest gagn af honum; aptur á móti mundu þau skip, er halda vestur fyrir land, fara sem dýpst fyrir utan Geirfuglaskerin, og kæmi þá vitinn þeim að engu gagni, og þótt þessi skip færu milli Reykjaness og Eldeyjar, þá hefðu þau minna gagn af honum, en skip í Faxaflóa, er hefðu gagn af honum báðar leiðir, en hin ekki nema aðra leið, er þau ekki allsjaldan fara norður um land hina leiðina; það væri því sanngjarnt, að þau skip sem legðu til hafnar í Faxaflóa, greiddu hærri toll, en þau, er færu vestur og norður um land. Hvað breytingaruppástungu þingmanns Húnvetn-

inga snerti, þá sýndist sjer engin ástæða að hlífa skipum við tolli, þótt þau væru að flýja undan hafís, einkum þegar það væri helzt á vorin, er hafís væri að óttast, fyrir þann tíma, er hætt væri að kveika á vitanum, (það mundi vera í miðjum maímánuði); það væri því lítil ástæða, að undanskilja norðlenzk skip undan tollinum; hann kvaðst ekki gjöra þessa breytingaruppástungu að kappsmáli, þar eð það væri að eins sitt álit, og vildi hann því eigi tala meira um 1. greinina.

Hvað 2. greinina snertir, þá hefði hann heyrt lögfróðan mann í þessari deild hreyfa því, að skipstjóri mundi ei skyldur vera að sýna dagbók sína, og væri því ei ómögulegt, að þá lögreglustjóra mætti finna, er væru á sömu skoðun sem þessi lögfræðingur; þess vegna hefði hann viljað láta gjöra fastar ákvarðanir um það, að skipstjóri væri skyldur til þess, að sýna dagbók sína.

Hvað 3. breytinguna snertir, nl. við 4. gr., þá væri hún að eins innifalin í því að breyta 1881 í 1880. Hann gæti eigi skilið í því, hvað neðri deildin sæi sjer í því, að semja lög til þess að liggja heilt ár áður en þau næðu gildi, nema ef það væri það, að safna nægum birgðum í landssjóð, áður en hin nýju lög með hinu niðursetta vitagjaldi gengju í gildi; þetta sýndist sjer ei rjett, en kunna betur við, að gjaldið væri minna lækkað, en láta lögin strax öðlast gildi.

Jón Jónsson kvað sjer þykja yfir höfuð mjög ísjárvert að umsteypa að öllu leyti lögum, sem eigi væru eldri en þessi; það gæti gefið stjórninni vopn í hendur gagnvart tillögum þingsins, þegar þingið þannig sjálft játaði, að það sem áður hefði komið frá því, væri alveg óbrúkandi. Þingmenn sjálfir gætu einnig skákað í því hróksvaldi með frumvörp sín, og drifið þau í gegn með kappi án þess að yfirvega þau nákvæmlega, friðandi samvizku sína með því, að hægt væri að fá því breytt á næsta þingi. Hjer til kæmi, að það væri mjög vafasamt, hvort þessi stefna væri betri en hin gamla. Það væri miklu auðveldara að heimta gjald eptir hinum gömlu lögum, heldur en eptir þeim, sem nú væri stungið upp á. Um allan hinn menntaða heim væri það siður, að krefja þá eina um vitagjald, er á þær hafnir kæmu, er næst væru við vitann; hinir, er fram hjá sigldu, þyrftu ekkert að greiða. Af öllu þessu mætti sjá, að ísjárvert væri að aðhyllast svo umfangsmikla breyting sem þessa. Þar á móti, gæti verið ástæða til að breyta einstöku atriði í gömlu lögunum, og því hefði hann komið með breytingaruppástungu sína, nl. að undanskilja öll skip að norðan, sem hafna sig milli Horns og Snæfellsjökuls; aptur þætti sjer sanngjarnt, að þau skip að norðan, er höfnuðu sig í Faxaflóa greiddu vitagjald, þar eð hann væri eigi breiðari en svo, að þau gætu haft gagn af vitanum.

Árni Thorsteinson kvaðst helzt vilja fallast á frumvarpið eins og það hefði komið frá neðri deildinni; sjer fyndust ei breytingar þessar þess verðar, að lengja fyrir þær þingtímann, og láta málið ganga á milli deilda. Breytingarnar gengju allar út á að lækka gjaldið, sumar í 30 aura, aðrar í 20 a., og enn aðrar í 15 aura. Eptir hans áliti sje það aðalkosturinn við frumvarp neðri deildarinnar, að allir njóti þar jafnrjettis, og það sje sanngjarnt, að sjerhvert skip, er siglir fram hjá vitanum, greiði hið sama gjald, þar eð það, er það fari fram hjá vitanum, njóti jafnt gæða hans. Hann hefði búizt við að heyra einhverja ástæðu fyrir því, að gjaldið sje lagt misjafnt á sjófarendur, en að eins heyrt eina frá þingmanni Þingeyinga svo látandi, að öll skip, er inn á Faxaflóa kæmu, færu á milli Reykjaness og Geirfuglaskers, en það gæti hann ekki tekið sem gilda ástæðu, því að það væri vindur og veður, sem rjeði því, hvort skipin færu fyrir innan eða utan Geirfuglasker, og bæri það optlega við, að skip, sem færu til eða frá Faxaflóa, færu fyrir utan skerin. Hið sama væri og með skip frá öðrum stöðum, allt væri komið undir atvikum með það, hvor leiðin væri valin. Hvað norðlenzku skipin snerti, þá hefðu þau hin sömu not af vitanum, sem

önnur skip, er færu þar fram hjá. Hann vildi eigi gjöra kappsmál úr þessu, en að sínu leyti samþykkja frumvarp neðri deildarinnar; hann vildi þar næst benda 2. þingmanni Skagfirðinga á, hvort eigi væri betur ákveðið að segja «Öndverðarnes» en «Snæfellsjökul» eða «Snæfellsnes» (2. þingmaður Skagfirðinga kvað ekkert á móti því).

Stefán Eiríksson kvaðst ekki við fyrri umræðu málsins hafa verið með þessum breytingum, nema ef bænir þeim viðvíkjandi hefðu komið til þingsins, sem hann vissi ekki til. Þó mönnum sýndist nú ástæða til að lækka gjaldið, þá þætti sjer ekki ólíklegt, að á næsta þingi sýndist ástæða til að hækka það aptur; þess vegna hefði sjer og hinum tveimur þingmönnum, sem hefðu búið til breytingaratkvæðin, sýnzt bezt fara, að fara milli vega, helmingi lægra en vitagjaldið hefði verið ákveðin í lögum 12. apríl 1878 einungis fyrir þau skip, sem höfnuðu sig í Faxaflóa; en sjer væri eigi ljóst, á hvaða reikningsáliti neðri deildin hefði byggt skoðun sína; það væri komin fram í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar ályktun um það, að árlega þyrfti að leggja vitanum 2500 kr., en hjá hinni sömu nefnd væru tekjumegin 5000 kr.; hann ímyndaði sjer, að þetta hlyti að vera ágizkun ein hjá nefndinni í fjárlagamálinu; því hún gæti ekki vitað nú, hvað kæmi inn í vitagjald eptir lögum 12. apríl 1878, og því hlyti hann að vera móti því, að gjaldið af öllum skipum væri lækkað niður í 15 aura.

Ásgeir Einarsson sagði, að breytingaratkvæði sitt væri eigi þýðingarmikið, og væri það sprottið af sanngirnistilfinningu hjá sjer, en hjer væru fleiri þingmenn frá Norðurlandi, einkum í neðri deildinni; en þegar þeir væru ánægðir með gjald þetta, tæki hann sjer það eigi nærri fyrir sitt leyti, þó það fengi ekki góðan byr; en það þætti sjer hart, að skip þau, er flýðu undan ís, skyldu þurfa að greiða gjald þetta. Nú væri eptir að vita, hvernig gengi að ná gjaldinu; það væri mjög leitt að hafa þau lög, er fara mætti í kringum. Fyrir Vesturlandi hagaði svo til, að víða væru víkur og vogar, sem skipstjórar gætu lagt skipum sínum, til þess að koma ei á lögboðnar hafnir, þar sem þeir þyrftu að greiða gjaldið. Sjer sýndist ekkert ósennilegt, að skipstjórinn mundi heldur kjósa lakari höfn og vera laus við gjaldið, en góða höfn og þurfa að greiða það.

Jón Jónsson sagði, að þingmaður Húnvetninga hefði tekið fram eitt, er tvírætt væri í lagafrumvarpinu, en hann kvaðst vilja taka annað fram; sjer sýndist vafasamt, hvort skip, er sigldu fyrir utan Geirfuglasker, hefðu farið fram hjá Reykjanesi, eins og hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði virzt benda á. Ef fylgja ætti þessari skoðun, þætti sjer gaman að sjá, hve mikið vitagjald fengist; það væri satt, að óreiknandi væri, hversu mikill kostnaður gæti orðið við vitann, en allt um það vildi hann mæla móti því, að norðlenzk skip greiddu gjaldið. Þau hjeruð, sem hefðu gagn af vitanum, ættu eptir öllum lögum og sanngirni að kosta hann eingöngu.

Benedikt Kristjánsson kvaðst að eins vilja benda á þá mótbáru þingmanns Húnvetninga, að eigi væri hægt að vita, hvort skip færu fram hjá vitanum eða eigi, og að hann vegna þess örðugleika vildi mæla móti þessu; það væri sín skoðun, að það skip væri kallað fara fram hjá vitanum, er færi yfir þann hádegisbaug, er vitinn væri á, og það mundi sjaldan liggja í lágunum, ef skip frá Norðurlandi færi suður um land, og svo vestur fyrir, en þá færi það fram hjá vitanum, hvort sem það færi nærri honum eða eigi, og hvort sem það færi milli lands og Fuglaskerja eða fyrir utan þau; en það væri sjálfsagt, að það gæti samt farið svo fjarri landi, að það hefði eigi not af honum; en til þess væri ekkert tillit tekið, og spryttu því eigi neinir örðugleikar af því. Mönnum þætti of hátt, að setja gjaldið úr 15 aurum upp í 20 aura, en hann vildi biðja þá vel að gæta þess, að óvíst væri, hvort gjaldið kæmi þyngra niður fyrir það, ef samþykkt væri einnig að breyta ártalinu eins og breyting-

aratkvæðið færi fram á, því að þá kæmist lækkun gjaldsins á einu ári fyr en ella; en ef frumvarp neðri deildar væri samþykkt óbreytt, yrði vitagjaldinu haldið í 40 aurum það ár, og ímyndaði hann sjer, að kaupmönnum mundi kannske finnast það vinna sig upp, þó að vitagjaldið yrði svo 5 aurum lægra þar á eptir.

Eiríkur Kúld kvaðst helzt mundu hafa kosið frumvarp neðri deildarinnar óbreytt. Hann væri sannfærður um, að þingmanni Húnvetninga gengi gott eitt til breytinga sinna, en hann gæti þó eigi verið honum samdóma. Hann hefði haft það móti lögunum, að hægt væri að fara kringum þau, og að skipstjórar mundu heldur leita inn á víkur en löggiltar hafnir, til þess að komast hjá gjaldinu; þetta ímyndaði hann sjer að væri of mikill kvíði, því að skipstjórar mundu vegna ábyrgðargjaldsins fremur leita hinna löggiltu hafna, og horfa minna í vitagjaldið. Frumvarp neðri deildar færi fram á jafnrjetti af tveimur orsökum eptir sinni skoðun, fyrst af því, að deildin hefði verið hrædd um, ef svo mikið væri lækkað gjaldið, þá kynni það að verða minna, en þyrfti til viðhalds vitanum, og hefði hún viljað koma í veg fyrir það, með því að leggja það á öll skip; í öðru lagi af því, að hún ætlaðist til, að byggðir yrðu fleiri vitar víðar um land, ef nóg yrði gjaldið, og það styddi frumvarpið mest í sínum augum. Á þingi 1877 hefði sjer þótt vitagjaldið allt of hátt, og 15 aurar þætti sjer full hátt. Hið eina í frumvarpinu, sem hann felldi sig eigi við, væri ártalið 1881; þó að sagt væri að of snemmt væri að breyta lögunum af því hversu ný þau væru, þá sýndist sjer það engin ástæða til að draga það, að lög þessi fengju gildi, því að allan ójöfnuð ætti að af nema sem fyrst. Það mundi vera almennt í öðrum löndum, að menn hikuðu eigi við, að breyta því í lögum sínum, sem reynslan væri búin að sýna að rangt væri, án tillits til þess, hvort það væri nýtt. Ef binda ætti gjaldið að eins við þau skip, er not hefðu af vitanum, yrðu skip þau, er lentu annarsstaðar en í Faxaflóa ljett úti, og ef gjaldið yrði eigi hærra en 15 aurar, þætti sjer rjett, að það gengi yfir alla. Hann ætlaði sjer því að fallast á allt frumvarpið óbreytt, nema að eins aðhyllast breytingaratkvæðið undir 9. tölulið, og ef hann sæi að frumvarpið ætlaði að falla, mundi hann og fallast á 3. tölulið.

Ásgeir Einarsson kvaðst vilja benda þingmanni Barðstrendinga á, að 9. tölul. og 3. tölul. stæðu í svo nánu sambandi, að sjer fyndist maður annaðhvort verða að fallast á hvorntveggja eða hvorugan, því að undir 3. tölul. væri stungið upp á að hækka gjaldið, og með tilliti til þess væri svo í 9. tölul. farið fram á, að flýta því, að lögin næðu gildi, til þess að bæta upp það sem hið hærra gjald fjelli fyr, nefnilega 1880. Hann vildi eigi þrátta um breytingaratkvæði sín við þá, er í móti mæltu, því að hann væri ánægður, ef hlutaðeigendur sæju þau, og reynslan sýndi, hvort þau væru heimskuleg eða ósanngjörn.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaruppástunga 2. þingmanns Skagfirðinga felld með 7 atkvæðum.
2. Breytingaratkvæði 1. þingmanns Húnvetninga fellt með 6 atkvæðum.
3. Breytingaruppástunga Benedikts Kristjánssonar o. fl. samþykkt með 9 atkvæðum.
4. Breytingaratkvæði 1. þingmanns Húnvetninga samþykkt með 6 atkvæðum móti 5.
5. 1. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 7 atkvæðum.
6. Breytingaruppástunga Benedikts Kristjánssonar o. fl. samþykkt með 7 atkvæðum.
7. 2. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 8 atkvæðum.
8. 3. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.
9. Breytingaruppástunga Benedikts Krist-

jánssonar o. fl. samþykkt með 9 atkvæðum.

10. 4. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.
11. 5. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 9 atkvæðum.
12. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt með 5 atkvæðum.
13. Að frumvarpið þannig orðað gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 200—201.

Jón Jónsson kvaðst eigi vilja þreyta deildina með langri ræðu, þar hann hefði áður talað í máli þessu, en það væri eitt atriði, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður benti á, en sem ekki hefði verið tekið nógu sterklega fram, þó það væri mjög mikilsvirði, nefnil., hversu langt frá Reykjanesi skip þyrfti að fara, til þess það væri álitið að hafa farið fram hjá vitanum og þannig gjaldskylt, því að fram hjá væri eigi sama sem fram fyrir. Öll skip, sem færu fyrir utan Fuglasker eða jafnvel fyrir austan landið fram yfir það breiddarstig, sem vitinn væri á, mætti segja að færu fram fyrir Reykjanes, þó þau væru í margra mílna fjarlægð frá Reykjanesi og því ekki yrði sagt, að þau hefðu farið fram hjá Reykjanesi. Hann sagði, að það væri hægt fyrir hvern skipstjóra að segja, að hann hefði farið fyrir utan Geirfuglasker, ekki sjeð Reykjanes, og væri því undanþeginn gjaldinu. Það væri í augum uppi, að lögreglustjórinn yrði að geta fært sönnur fyrir því, að skipstjórinn hefði farið milli Reykjaness og Geirfuglaskers, ef nokkurt vitagjald ætti að geta fengizt hjá honum. Vitagjaldið mundi því, ef lögin hefðu framgang, verða lítið eða ekkert, og vitakostnaðurinn mestallur lenda á landssjóði; en það gæti varla verið vilji þingsins. Hann væri því sannfærður um, að betra væri að fella frumvarp þetta, en fá slík lög og þessi.

Árni Thorsteinson sagði, að þingmanninum hefði farið sem bjargfugli í Drangey; þar væri argið og gargið svo mikið, að eigi heyrðist mannsins mál, og eptirtekt fuglsins svo lítil, að hann vissi eigi fyr en að snaran rennur að hálsi hans. Þingmaðurinn hefði fallið í snöru, þar sem hann hefði eignað sjer þá skoðun, að vitagjald ætti ekki að greiða af skipum, sem fara fyrir utan Fuglasker. Hann hefði ekki vikið orðum að þeirri skoðun, að skip sem færu fyrir utan Geirfuglasker, ættu að vera undanþegin vitagjaldi, hann vildi því mótmæla þessari skoðun sem sinni; en ef þingmanninum þætti vafasamt, hvort þau skip ættu að greiða vitagjaldið, sem færu fyrir utan Geirfuglasker, þá hefði hann í tíma átt að hafa komið með breytingaruppástungu, sem hefði tekið af öll tvímæli, og það skyldi hann hafa fallizt á, en nú væri það um seinan við 3. umræðu.

Jón Jónsson kvaðst aldrei hafa heyrt hinn 6. konungkjörna þingmann garga, heldur tala, og hefði hann skilið nokkur orð í ræðu þingmannsins við aðra umræðu þessa máls, eins og hann fyndi að orðunum «fram hjá Reykjanesi». Áður hefði hann komið með breytingaratkvæði til þess að taka öll tvímæli af, en það hefði verið fellt af deildinni.

Jón Pjetursson sagði, að eigi væri gott að skilja 1. kafla 1. gr. «fram hjá Reykjanesi». Eptir orðunum sýndist sjer liggja beinast við að skilja þetta að eins um skip, er kæmu austan fyrir land og færu fram hjá vitanum, en ef átt væri við breiddargráðuna, þá næði það yfir öll skip, er kæmu til Íslands. Sjer sýndust orðin því mjög vafasöm.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi geta sjeð, að nokkur efi væri á því, að öll skip, hvaðan sem þau kæmu, ættu að greiða gjaldið; hann gæti eigi skilið í þeirri skoðun 2. þingmanns Skagfirðinga, að skip þau, er færu suður og austur um land, gætu annarsstaðar farið en fram hjá Reykjanesi, nema ef svo væri, að hann ætlaðist til að þau færu gegnum Hengilinn!! Hann væri nú meðmæltari þessu frumvarpi en hann hefði verið frumvarpi sama efnis 1877.

Síðan var frumvarpið samþykkt með 10 atkvæðum og sent aptur neðri deild.

Ein umræða í neðri deild, á 22. fundi 26. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 212.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg hef farið í gegnum frumvarp þetta eins og það nú liggur fyrir; finn jeg eigi nema tvær breytingar á því frá því sem það var, er það fór hjeðan úr deildinni. Önnur er sú, að gjaldið hefur verið hækkað um 5 a. fyrir hverja smálest á skipum, sem hafna sig í Faxaflóa, en hin er sú, að ártalinu er breytt frá 1881 í 1880. Hina síðartöldu breyting tel jeg til bóta, og líkar mjer því frumvarpið að því leyti betur nú, en þegar það fór. Hvað hina breytinguna snertir, þá vil jeg óska, að hún hefði eigi verið gjörð. Þó svo megi segja, að um 5 aura muni ekki miklu, og að eigi sje rangt, þó skip, sem koma á Faxaflóa haust og vor, greiði nokkru meira gjald en önnur skip, þá er hið misháa gjald óeðlilegt á sumrin, þegar alls ekki er kveikt á vitanum, og öll skipin hafa jafnlítið gagn af honum. En þó svona sje, þá er ekki víst að málið batni við að fara í annað sinn upp til efri deildarinnar, og vil jeg því heldur ráða til, að deildin samþykki það eins og það er.

Varaforseti: Mín skoðun er, að frumvarpi þessu hafi verið spillt til muna af efri deildinni. Jeg sje enga ástæðu til að breyta vitagjaldinu; hjer er gjörður 5 aura munur, sem er svo lítill, að engin ástæða var til að láta eigi ganga jafnt yfir alla. Annað er það, að það var skarpt tekið fram við 3. umræðu hjer í deildinni, að hagfellt væri að láta lög þessi eigi öðlast gildi fyr en 1881 af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að landssjóðurinn þyrfti fjárins með sakir kostnaðarins til vitans, og svo líka af því, að hægra væri að ná samningi við Frakka um vitagjald, meðan lög þessi ekki væru komin á og þeir ættu von á, að gjaldið yrði lækkað. En ef þetta á að verða að lögum, þá er jeg viss um, að samningurinn við Frakka dregst ekki 1 eð 2 ár, heldur 10—20 ár. Jeg verð því að álíta, að það sje miklu betra, að gömlu lögin standi til 1881, og það er mjer óskiljanlegt, ef þessi deild, sem er miklu fjölmennari, líður efri deildinni að breyta þannig að þarfleysu, eins og hjer er gjört. Jeg verð því að ráða til, að frumvarpið sje f e l l t.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer sýnist það illa gjört, að ráða til að fella frumvarpið, þó jeg sje varaforseta samdóma um það, að breytingar þessar sjeu ekki sem heppilegastar, en mjer virðist, að þær gjöri eigi þann skaða, að ástæða sje til að fella frumvarpið fyrir þá sök. Það er snertir tímabreytinguna, þá get jeg ekki skilið, að samningurinn við Frakka gangi eigi jafngreitt fyrir því; jeg ímynda mjer, að þeir verði jafnfúsir á að semja, hvort gömlu lögin standa einu ári lengur eða skemur, en hjer er um það að ræða, hvort landsjóðurinn verði skaðlaus. Mjer þykir þessi breyting efri deildarinnar frá 15 aurum í 20 a. eigi vera heppileg, vegna þess að gjaldið er bundið við þá, sem fara fram hjá vitanum, hvaðan sem þeir koma. En jeg álít samt eigi rjett að fella frumvarpið fyrir það. Ef ójöfnuðurinn er nokkur, þá er hann við þá, sem leita hafnar í Faxaflóa, en jeg get ekki sjeð, að þeir þurfi að líta hornauga til annara þó þeir gjaldi minna.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer þótti það undarleg ástæða hjá varaforseta, að lögin mættu eigi ná gildi, fyr en stjórnin væri búin að semja við Frakka, vegna þess að þá mundu þeir draga samninginn, ef ný lög og lægra vitagjald væri staðfest áður; mín skoðun um þetta er þessu alveg gagnstæð, því það hlýtur að vera hin sterkasta hvöt fyrir Frakka, að semja alls eigi fyr en búið er með lögum að lækka gjaldið, fyrst þeir vita að nú er í ráði, að lækka það um helming. Það mundi hver og einn gjöra að draga samning þar til vissa væri fyrir, að hann kæmist að betri kostum. Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að meðan lögunum er ekki breytt, draga Frakkar að semja.

þegar málið var hjer í deildinni í fyrra sinnið, þá þótti varaforseta gjaldið of lágt; nú ætti honum að líka vel, að það er fært úr 15 a. upp í 20 a., því með því er bætt úr því tapi, sem honum þykir að landssjóðurinn hafi orðið fyrir, með því að lögin ná gildi einu ári fyr, nl. 1880 í staðinn fyrir 1881; því vil jeg spyrja varaforseta, hvort hann hefur gætt að því, hvað 5 aura gjaldhækkun gjörir í 10 ár; og að það gjörir miklu meiri tekjur í landssjóð, en þó gamla gjaldið stæði einu ári lengur.

Varaforseti: Það getur verið mikill munur á því, hvort rjettarbótin kemst þegar á eða síður. Meðan gjaldið er hátt, er það ósk hverrar þjóðar að fá það lægra, en sje það þegar lægt, þá dragast samningarnir. Ef því frumvarp þetta fellur, hafa Frakkar ástæðu til að fá nýja samninga, því þá hugsa þeir sem svo, að þetta gamla gjald eigi að standa. Og þótt breytingin í 1. gr. sje óheppileg, þá held jeg samt að bíða megi í 2 ár. Eptir því sem vitinn kostaði, veitir landssjóðnum ekki af að fá sem mest fyrir kostnað sinn; jeg get því eigi sjeð, að þetta eina ár sje svo óbærilegt. En eins og jeg sagði áður, vil jeg að deildin felli frumvarpið.

Benedikt Sveinsson: Mjer blandast ekki hugur um, að greiða atkvæði gegn frumvarpi þessu; jeg sje enga rjettarbót í því. Jeg sje eigi hver rjettarbót er í því, að ljetta tolli á Frökkum, en þyngja hann á Íslendingum, eða með öðrum orðum, að losa útlendinga við hærri toll, en innleiða hann og hækka á innlendum mönnum. Það getur verið, að aðrir finni minna til þess en jeg, hve mikið oss Íslendinga skortir á að hafa jafnrjetti við aðrar þjóðir, og jeg get því ekki fallizt á jafnrjettishugmynd þá, sem í frumvarpi þessu á að vera, og sem 1. þingmaður Suðurmúlasýslu heldur svo fast fram, að minnsta kosti ekki fyr en landssjóðurinn er búinn að fá sinn kostnað fullkomlega borgaðan, en þangað til álít jeg rjett, að Frakkar eins og aðrir greiði af þeim fiskiskútum þeirra, sem leita hjer hafna, hið hærra gjald. Jeg verð því að álíta, að miklu betra sje að láta standa við gömlu lögin að svo stöddu, það væri ekki ósnotur «politik», að byggja fyrst vitann, sem mest og bezt lýsir frönskum fiskiskútum upp að landinu, og hlífa þeim svo við að borga gjaldið til vitans, en leggja það á landssjóðinn, eða með öðrum orðum á Íslendinga, sem líða óbætanlegt tjón af fiskiveiðum Frakka og annara útlendinga.

Arnljótur Ólafsson: Sannfæring mín fer að verða á reiki, þegar jeg heyri, að tvo ágæta þingmenn vora greinir svo mikið á um þetta efni. Mjer finnst ágreiningurinn snerta tvö atriði, annað það, hvort hagfelldari samningur muni nást við Frakka með gömlu vitalögunum eða hinum nýju, og hitt, hvort þetta vitagjald, 20 aurar, muni nægilegt til að borga vitann og halda honum uppi. Það er kemur til þess, hvort þetta frumvarp bæti gömlu lögin eða ekki, um það þarf ekki að tala, því að það er auðsjeð, að það hefur mikla yfirburði yfir gömlu lögin. En hitt, er snertir samninginn við Frakka, þá verð jeg að víkja til þess, er sagt hefur verið um mál þetta; varaforseti hefur tekið það fram, að samningatilraunir Dana við Frakka hafi verið hægar og linar. En nú vil jeg spyrja, hvort líklegra muni, að Frakkar semji um vitagjald af skipum sínum undir ósanngjörnum vitalögum, og sem þeir fá að vita að þegar á að breyta, heldur en undir sanngjörnum og föstum lögum? Jeg játa, að jeg veit ekki hundraðasta part í sögu Frakka á við varaforseta; en svo mikið hef jeg þó lesið í sögu þeirra, að jeg get ekki ætlað, að Frakkar sjeu svo skapi farnir, að þeir láti kúga sig, þótt við stærri þjóð sje að eiga en Dani. Jeg get því eigi annað ætlað, en að samningurinn gangi betur við Frakka eptir viðunanlegum og varanlegum lögum, en þessum, sem nú eru að dauða komin. Jeg vona, að þingmenn sjái, að náttúrlegt sje, að menn vilji heldur gjöra samninga með sanngjörnum en ósanngjörnum skilmálum. Það hefur verið tekið fram, að vitagjaldið mundi vel geta

borgað skuld vitans við landssjóð, ef frumvarp þetta yrði eigi að lögum fyr en 1881; en 1. þingmaður Suðurmúlasýslu hefur sagt og sýnt, að þessir 5 aur. mundu drýgri í mörg ár, en hinn hái tollur í eitt ár. Margt smátt gjörir eitt stórt, og Franklín sagði, að maður ætti að hirða tvískildinginn.

Benedikt Sveinsson: Það er misskilningur, að varaforseti hafi meint, að Frakkar mundu fúsari á að greiða hátt en lágt vitagjald. Meining varaforseta er, að fá megi Frakka til að borga vitagjald með þeim vitagjaldslögum, sem nú eru, og að það megi fá þá til að ganga inn í samninga með hinum núgildandi lögum. Jeg tek það enn fram, að jeg skil ekki í því, að deildin vilji samþykkja lög þessi. Flest þau skip, sem koma hingað, eru frakknesk, og einmitt þessi frakknesku skip, sem eyða atvinnuvegi vorum, hafa mest gagn af vitanum, og hví skyldi þá vægja þeim? Oss er miklu nær, að halda fram rjetti vorum gegn þeim, og líta á vorn eiginn hag, eins og jeg áðan tók fram.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg get enn eigi skilið ástæður þær, er varaforseti og 1. þingmaður Árnesinga hafa til þess, að fella frumvarp þetta. Minn tilgangur er alls eigi að hlífa Frökkum og íþyngja innlendum með lögum þessum, heldur þvert á móti; jeg álít, að þegar á allt er litið, þá verði þeim frumvarp þetta eigi til hagnaðar, og að einmitt af því, að samningurinn er eigi enn kominn á, þá sje nauðsynlegt, að frumvarp það, er nú liggur fyrir, verði samþykkt. Eptir gömlu lögunum eiga engin önnur skip að greiða vitagjald, en þau, er leggjast í höfn millum Reykjaness og Hornstranda, en eptir þessu frumvarpi hvert það skip, er fer fram hjá Reykjanesi, hvar sem það leggst á höfn í landinu, svo að eptir því leggst gjaldið á næstum öll skip Frakka, er liggja hjer við land á sumrum við fiskiveiðar, en eptir nú gildandi lögum verða það helmingi færri skip, sem greiða gjaldið, því öll þau skip, er halda til á Austfjörðum og kringum Norðurland, er telja má að sje allt að helmingi, eru eptir þeim laus við gjaldið. Fyrri þingmaður Árnesinga sagði, að hjer yrði að líta á fátækt Íslendinga; en jeg segi, að fyrst verði að líta á, hvað rjett er og sanngjarnt. Hefur hann gætt að því, að ríkissjóður Dana hefur gefið ljóskerið, og lagt til vitans 12000—15000 kr. fyrir það, sem dönsk skip hafa not af honum, og að það er eigi rjett, að halda við ósanngjarnlega háu gjaldi á dönskum skipum árum saman, til þess að reyna að láta þau borga vitann í annað sinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Það liggur í augum uppi, að það er eigi sanngjarnt, að frakknesk fiskiskip, sem búin eru að nota vitann allt vorið, og koma síðan inn á Dýrafjörð, greiði að eins 20 aura í vitagjald, en íslenzk kaupför, sem leggjast á höfn í Faxaflóa, greiði 40 aura, þótt þau aldrei sjái vitann. Það er eins og ætlazt sje til, að skip þessi greiði helmingi hærra gjald, af því að Frakkar hafa not af vitanum.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti frumvarpið undir atkvæði deildarinnar, og var það samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1; kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá þinginu.

XX. GAGNFRÆÐASKÓLI.

Frumvarp til laga um breyting á lögum dags. 14. desbr. 1877 um gagnfræðaskóla á Möðruvöllum. Sjá I 82.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 10. fundi, 12. júlí.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg álít það eigi rjett í þetta skipti, að fara neinum orðum um, hve mikið gagn almennir menntaskólar hafi í för með sjer, nje heldur um rjettindi Norðlendinga til að fá skóla í stað Hólaskóla, því það væri

í rauninni að gjöra deildinni þær getsakir, að hún kynni eigi að meta almenna menntun, nje gæti litið á mál þetta með sanngirni og rjettsýni. Tilefnið til frumvarps þessa er það, að 3. gr. laga þeirra, er nú gilda um Möðruvallaskólann, fjekk í efri deild þingsins þá mikilvægu óhappabreyting, að ákveðið var, að skólastjóri skyldi vera búfræðingur. Þessi breyting bendir á, að efri deildin hefur æði mikið misskilið þetta mál. Hún hefur sjálfsagt ætlað, að Norðlendingar væru að biðja um styrk til að koma á fót hjá sjer búnaðarskóla þeim, sem nú er verið að safna til í Norðurumdæminu, sem í báðum hinum ömtum landsins. Þetta ákvæði laganna getur eigi staðizt, því sje skólastjóri búfræðingur, þá leiðir þar af, að enginn lærður maður hjer á landi getur orðið þar skólastjóri, því vjer höfum hjer á landi engan búfræðing, sem jafnframt er skólagenginn. En þá getur skólinn á Möðruvöllum eigi framar heitið gagnfræðaskóli, heldur búfræðisskóli, því nýju málin, náttúrufræðin og nýja sagan eru hinar helztu greinir gagnfræðinnar. Jeg hef því gjört þá minnstu breyting, sem nauðsynleg var til þess, að þessi skólanefna gæti borið nafnið gagnfræðaskóli. Laun skólastjórans í 3. gr. eru jöfn launum yfirkennarans við lærða skólann, en laun 2. kennarans eins og laun lægsta kennara lærða skólans. Þessi laun kunna nú að virðast nokkuð há, en allir munu samdóma um það, að skólakennarar, hvort heldur er hjer eða annarsstaðar, sem vinna 5 til 6 tíma á dag, og enda lengur, þeir vinna meira fyrir launum sínum, en nokkur annar embættismaður hjer á landi, að undan teknum landshöfðingjanum, enda hafa launabætur kennaranna 1875 aldrei vakið neina óánægju, heldur hafa jafnvel þeir, sem mestri óánægju hafa lýst yfir hinum háu launum embættismanna, látið ánægju sína í ljósi yfir því, að laun kennaranna voru hækkuð. Jeg vil taka það fram, að 1. gr. má missa sig, þannig, að hún dragist inn í 2. grein, þar eð skólinn er þegar stofnaður. Í 6. gr. er sú breyting á gjör, að landshöfðinginn skuli hlutast til um, að reglugjörð verði samin fyrir skólann, í stað þess í lögunum er ákveðið, að ráðgjafinn gjöri það. Þessi breyting finnst mjer viðfelldnari og rjettari, því, ef amtsráðið í Norður- og austuramtinu á að hafa yfirstjórn skólans, þá sýnist óþarfi að fara út yfir pollinn til þess að fá samda reglugjörðina. Þessi skóli á að vera alþýðumenntunarskóli, en ekki skóli fyrir embættismannaefni, svo stjórnin þarf ekki að hafa það tillit með honum, sem hinum lærðu skólum.

Þá var gengið til atkvæða og var málinu vísað til 2. umræðu með 15 atkvæðum gegn 2.

Önnur umræða í neðri deild, á 13. fundi, 16. júlí.

Breytingartillögur: I 126—127.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Það mundi vera rangt af mjer, að fara að tala um nytsemi og nauðsyn almennrar menntunar eða um þann sanngirnisrjett Norðlendinga að fá gagnfræðaskólann, sem er eins og latínuskólinn fyrir land allt, settan í sínum fjórðungi; það mundi vera rangt af mjer, segi jeg, því það gæti tekizt svo sem jeg gjörði þingmönnum þær getsakir, að þeir kynnu lítt að meta almenna menntun og hefðu eigi ljósa og fasta sanngirnis- og rjettlætistilfinning til að bera. Jeg skal því að eins minnast með fám orðum á lagafrumvarpið. Í frumvarpi þessu hef jeg gjört mjer það að skyldu, að fara sem allra næst lögunum 14. des. 1877 um Möðruvallaskólann, og taka því til sem allra fæstar gagnfræðagreinir, er auðið er, til þess þó að skólinn gæti heitið gagnfræðaskóli; en það getur hann eigi heitið eptir lögunum 14. des. 1877. Lagafrumvarp þetta álít jeg þó nægilegt sem lög fyrir gagnfræðaskóla í byrjuninni, og hann verður þó fyrstu árin aldrei annað en byrjun. Enda er æfinlega mest komið undir, hversu vel er kennt, en eigi hversu mikið. Fyrir því hef jeg orðið að setja laun gagnfræðakennaranna svo há, að líkindi sjeu til,

oss er þörf á, að kunna meira en vort móðurmál; vjer erum svo fámenn þjóð, að vjer þurfum að læra önnur mál, annars getum vjer ekki náð nokkurri fullkominni stjórnfræðislegri kunnáttu. Á þá að fyrirgirða, að maður geti aflað sjer menntunar, eða á að neyða menn til að fara í Reykjavíkurskóla og læra gömlu málin, gamla goðafræði Suðurlanda, bókfræði þeirra, staðalýsing o. s. frv., að læra þykkvamálsfræði og annað þesskonar rusl, til þess að geta tínt með fáein gullkorn af gagnfræði, sem er hinn eini vísir fyrir almennri menntun.

Jeg vil svo svara þingmanni Dalamanna fám orðum um launin. Ef vjer eigum að hafa menn, sem geta stjórnað skólanum og kennt fræðigreinir þær, sem til er ætlazt að hann kenni, þá þarf hann að kunna ensku, dönsku og náttúrufræði, svo að honum sjeu ljós öll meginatriði hennar, og til þess útheimtist meiri kunnátta, en til þess að þræða einhverja danska kennslubók orð fyrir orð. Jeg get ekki sjeð, að skólastjóri geti haft minni laun en efsti kennarinn við skólann í Reykjavík, því að þó hann hafi húsnæði ókeypis, þá á hann í þess stað að hafa eptirlit með skólapiltum og umhyggju fyrir skólans þörfum og velferð, og þegar á það er litið, hve dýr umsjónin hefur verið í Reykjavíkurskóla, þá get jeg ekki ætlað að þessi forstöðumannslaun sjeu of há. Jeg fæ ekki sjeð, að hægt sje og því síður skynsamlegt nje rjett gjört að bjóða þessum mönnum minni laun, þó þeir sjeu kennarar við alþýðuskóla, því að með því setur maður þjóðina allt of lágt niður. En hvað snertir fæðiskostnað, að hann sje ódýrari á Akureyri en í Reykjavík, þá er ekki svo, það er ekki ætlazt til, að skólastjóri hafi bú, og hann getur eigi haft bú, með því að hann á að búa í skólahúsinu, en jörðin er fengin búfræðingnum, og í annan stað er það víst, að hann fær eigi betra verð á nokkurri matvöru þar en hjer er í Reykjavík, nema það kynni vera á mjólk.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg var ekki svo lukkulegur, að vera við 1. umræðu þessa máls, en það, sem jeg nú heyri frá hinum sítalandi vörum flutningsmanns, kemur mjer nú til að tala. Jeg man, að í hitt eð fyrra, þá er mál þetta kom fyrir þingið, þá komu 3, 4, 5 eða 6 frumvörp frá þessum hinum sama flutningsmanni, nú bætast við 2 frá sama manni. Mjer liggur nú við að spyrja, hvar mun staðar nema? Jeg veit það sannarlega ekki, þegar svona rignir uppástungum um að breyta lögum, sem þó eigi er farið að reyna. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það sje ekki rjett. Ef lögin eru ómöguleg eptir allar hinar fyrri uppástungur, trúi jeg vart, að þau verði brúkanleg við þessar 2 breytingaruppástungur, sem hjer liggja fyrir. Jeg vil helzt ráða til þess, að þingið taki hvíld við málið í þetta sinn; jeg þykist vita, að það muni næst fúslega breyta því í lögum þessum, sem reynslan er búin að sýna að breyta þarf. Hvað snertir uppástungu flutningsmanns um launahækkun handa kennurunum, þá virðist mjer hún ískyggileg, því að jeg held, að enginn í Norðurlandi muni geta verið þekktur fyrir, að verða kennari við þennan skóla og láta slíkan gullstraum renna ofan í sig, hann er meiri en hjá hinum hálaunuðu landsómögum í Reykjavík, því að kennarinn á þar að auki að hafa leigulausan bústað og það gjörir mikið til. Jeg vil því ráða til þess, að nú sje farið hægt í málið, ekki af því, að jeg vilji spilla fyrir skólanum, því að hans get jeg vel unnt Norðlingum, heldur af því að jeg vona, að skólinn verði á næsta þingi kominn svo langt, að menn geti sjeð þá galla, sem kynnu að vera á honum.

Varaforseti: Mjer liggur við að óttast, að þær tilfinningar, sem þingmenn hafa í öðrum málum, flytjist yfir á ný mál, og fyrir því stend jeg upp sem forlíkunarmaður. Þegar jeg næstliðið þing var í nefnd í þessu máli, þá varð talsverður ágreiningur um það, hvort búfræðiskennsla ætti að vera i skólanum eða ekki; vildi þá þingmaður Norðurmúlasýslu vísa búfræðiskennslunni á

bug, en nú hefur hann þó sætt sig við, að taka hana í breytingartillögur sínar, og er frumvarpið með þessum breytingum nær minni skoðun, en án þeirra. 2. þingmaður Gullbringusýslu var þá á því, að hafa búfræðiskennslu, og mun hann eigi hafa breytt skoðun sinni. Jeg er á því, að búfræðiskennsla eigi að vera í skólanum, bæði verkleg og bókleg, og að því leyti er frumvarpið nær tilgangi skólans en áður. Hvort stofna skuli gagnfræðisskóla á Möðruvöllum eða ekki, kemur ekki til greina, það er ákveðið; 1. grein er því óþörf. Hvað það snertir, að flutningsmaður ákveður of há laun að sumra dómi, þá er honum það virðandi til vorkunar. Þegar fleiri skólar eru stofnaðir í einu landi, þá rís náttúrlega keppni á milli þeirra um, að fá sem bezta kennara, en um það geta þeir ekki gjört sjer von, nema þeir bjóði góða kosti. Setjum svo, að flutningsmaður hafi hugsað sjer að lokka þingmann Reykvíkinga til að verða kennari á Möðruvöllum, — þar eru hinar sömu kennslugreinir sem hann kennir hjer við skólann, svo sem íslenzka danska o. s. frv. — en þetta getur flutningsmaður ekki, nema með því að bjóða honum sömu kjör eða betri. Það er rjett skoðun, að embættismenn í sömu stöðu njóti jafnrjettis. Jeg vil minna þingmann Reykvíkinga á, að þegar rætt var um launalögin 1875, þá þóttu honum laun kennaranna víst of lág, þó hann nú geti eigi unnt kennurum við þennan norðlenzka skóla ekki hærri launa. Jeg fyrir mitt leyti vil styðja hinn norðlenzka skóla, af því að bæði jafnrjetti og öll sanngirni mælir með því. Norðlendingar sakna Hólaskóla, sem vonlegt er; frá biskupsstólnum rann mikið fje í landssjóð; vil jeg því gjöra allt mitt til, að þeir fái skólann eins og þeir vilja, þá getum vjer, ef þeir seinna taka að kvarta um fyrirkomulag hans, sagt þeim: «Svona vilduð þjer hafa hann sjálfir». En að vera að þrátta um nokkra aura, er hreppapolitik, sem ekki ætti að komast hjer inn á þingið, eins og forðum, þegar ræða var um sjómannaskólann, þá vildi sinn hafa hann í hverjum landsparti, og skólinn komst ekki á.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg fæ eigi sjeð, en að mótbárur flutningsmanns móti búfræðiskennslunni sjeu verulegur misskilningur. Þegar nú er að ræða um, hvað kenna skuli í skólanum, þá eru það hinar sömu vísindagreinir og í hitt eð fyrra, nema steinafræði, henni er við bætt. Jeg get ekki betur skilið, en að búfræðingurinn geti kennt hjer um bil helminginn af þeim visindagreinum, sem flutningsmaður vill kenna láta, t. a. m. aflfræði, efnafræði, eða eptir frumvarpinu hallamæling o. s. frv., eða þær vísindagreinir, sem síðast standa í lögunum; því að það eru einmitt þær vísindagreinir, sem góður búfræðingur á að hafa numið og nemur, t. a. m. við búnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Hjer er ekki um það að tala, hvort þessi maður sje skólagenginn, heldur um það, hvort hann kann þessar vísindagreinir, og getur kennt þær; ef hann getur það, gjörir lítið til, hvort hann hefur lært hjer í skólanum eða annarsstaðar. En nú vill svo vel til, að vjer höfum mann, sem einmitt hefur lært búfræði erlendis, og sem sigldi í haust til að taka próf við búnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, og mun gjöra það næsta vetur, svo að hann gæti tekizt þessi kennslustörf á hendur ef með þyrfti. Jeg skal fúslega játa, að mjer þykir sannarlega mikið varið í menntun, og vil styðja hana sem mest jeg má, en jeg verð að álíta, að bændur vorir hafi miklu meiri þörf á verklegri menntun, en bóklegri. Hjer er margur bóndi, sem les margar bækur, og er vel að sjer í mörgu, en þegar til hins verklega kemur, eru það sannarlega fleiri en færri, sem er mjög ábótavant. Jeg ætla því, að sú skoðun sje rjett, að byrja eigi á hinu verklega, og síðan, er kennslan í hinu verklega er komin á, þá að auka gagnfræðiskennsluna eptir þörfum. Jeg verð

að ætla það miklu rjettara, að byrja á hinu verklega og taka síðan hið bóklega, því að undir eins og menn sjá, að eitthvað vantar í það, er hægra að bæta úr því, og auka stofnunina, en að breyta stofnuninni frá rótum, og eigi að eins hægra, heldur miklu rjettara og haganlegra, og til meiri framfara. Jeg sje ekki, að neitt vanti í lögin frá 14. desbr. 1877, sem bætt er úr með þessu nýja frumvarpi, heldur sýnist mjer, að hið nýja sleppi úr því, sem næst liggur. Það getur verið satt, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að Norðlendingar ættu að fá skólann eins og þeir vilja, en jeg verð að álíta, að það sje ekki að öllu leyti rjett, að þeir ráði einir yfir almenningsfje, og verji því að öllu leyti eptir sínum hugþótta; það er ekki óhugsandi, að þeir noti það eigi sem rjettast, og finnst mjer sjálfsagt, að hafa tilsjón með þeim. Annað mál væri, ef að þeir kostuðu sjálfir eingöngu skólann, eða þá að eins með styrk frá hinu opinbera, þótt þeir þá rjeðu fyrirkomulaginu.

Friðrik Stefánsson: Jeg er svo glaður yfir því, hve mál þetta er komið vel á veg, og felli mig svo vel við lögin, sem staðfest eru af stjórninni 14. desember 1877, að jeg álít óviturlegt að fara að breyta þeim, á meðan skólinn er ekki kominn á, því jeg er alls óhræddur, að þing og stjorn muni leggja skólanum með framtíðinni meira fje, ef reynslan sýnir þess þörf. Flutningsmaður þykir mjer líka til taka of há laun, í samanburði við embættismenn til sveita, og það lítur ekki út fyrir, að hann viðhafi nú sparnaðarregluna fyrir landssjóðinn. Mjer finnst, að fara ætti meðalveginn og láta kennarann fá 2400 kr. í staðinn fyrir 3200. Fyrir tillögu þingmanns Reykvíkinga þakka jeg honum lítið; Norðlendingar munu víst fáir óska að vera undir hans tilsjón í þessu máli.

Einar Ásmundsson: Jeg álít þetta mál alls eigi kappsmál milli hjeraða, heldur ef til vill að nokkru leyti milli stjetta. Aðaltilgangur skólans er að auka menntun alþýðu, sem hingað til hefur verið vanrækt þjóðinni til skaða. Menn hafa varið og verja ár hvert mörgum þúsundum króna til að mennta fáeina unglinga til að verða embættismenn, en til að ala upp hinar mörgu þúsundir unglinga, sem eiga að stunda atvinnuvegu landsins, er því nær engu varið af almannafje. Vjer bændur erum þó líka embættismenn þjóðarinnar, vjer stundum atvinuvegu landsins, og vor stjett er landinu ómissandi, engu síður en aðrar stjettir. Jeg veit ekki betur, en að orðið embættismaður þýði ekkert annað eða meira eða merkilegra en orðið verkmaður eða vinnumaður, og ef einhver vill mæla móti þessari þýðingu, þá vil jeg biðja hann að bera saman tvö orð í málinu, sem eru náskyld, það eru orðin embætti og ambátt. Jeg ætla nú að taka fram, hve miklu fje er árlega varið til að mennta þessa embættismenn, sem þykjast hafa einkaleyfi til að heita embættismenn. Til lærða skólans er ár hvert varið 35000 kr., til prestaskólans 14000 kr. og til læknaskólans 4000 kr. En hverju er nú varið til alþýðumenntunarinnar? Á þessum allra síðustu árum hefur verið varið 600 kr. til kvennaskóla og 1300 krónum til barnaskóla, það eru heilar 19000 kr. til alþýðuskóla, á móti 53000 kr., sem varið er til að mennta fáeina unglinga, sem menn kunna að geta búizt við að einhvern tíma verði embættismenn. Er nokkurt vit í þessu? nokkur sanngirni, nokkur skynsemi? Nei. Mjer þykir líklegt, að það sje sannfæring flestra, að nauðsyn beri til að mennta alþýðuna, til þess hún geti stundað sitt ætlunarverk, sem vissulega er engu ónauðsynlegra fyrir ættjörðina en verk þeirra, sem venjulega eru kallaðir embættismenn. Það hefur verið haft sem vopn á móti frumvarpinu, að laun til kennaranna við gagnfræðaskólann væru of há, en flutningsmaður og varaforseti hafa svarað því; jeg vil að eins geta þess, að fiestallar matvörur eru eins dýrar í sveit fyrir búlausa menn, eins og í kaupstöðum, og í frumvarpinu er svo til ætlazt, að kenn-

arinn sje búlaus maður. Hvernig ætti til að mynda brauðið að vera ódýrara uppi í dölum en í kaupstöðunum niður við sjó. Jeg verð því að álíta, að þeir, sem mæla í móti þessari launaupphæð, annað hvort vilji með vífilengjum eyða málinu, eða álíti menntun alþýðu svo lítilsverða, að lítið þurfi að henni að hlynna, og til kennara við skóla handa alþýðumönnum megi nota einhverja vesalinga, sem fást til þess fyrir lítið kaup. Þeir álíta ef til vill, að ekki sjeu vandskírð fátækra manna börn; þeir þingmenn, sem mælt hafa móti þessari launaupphæð, sem til er tekin í frumvarpinu, eru flestir lærðir menn, og að eins einn bóndi, 1. þingmaður Skagfirðinga, hann stendur upp til að mæla á móti þessum fáu krónum til alþýðumenntunar, og vill eigi, að þeim lögum sje breytt, er samin eru í hitt eð fyrra, og sem að mörgu leyti voru óhentug og einungis orðin til af því, að þinginu vannst ekki tími til að leggja síðustu hönd á þau. Það er merkilegt, að hann, bóndinn, skuli eins og sjá ofsjónum yfir, að lagt sje dálítið fje til alþýðumenntunar, þar sem nú fje það, sem varið er til menntunar hinum mörgu þúsundum ungmenna af alþýðuflokknum, er að eins $^1/_{28}$ af því, sem varið er til að mennta um 100 pilta í þeirri von, að þeir geti orðið embættismenn, Jeg skil ekki annað, en hann, ef hann hugsar sig um og lítur á þarfir alþýðu, sjái, hversu þetta er ósanngjarnt; vona jeg því, að hann standi næst upp til að biðja fyrirgefningar á því, að honum skuli hafa orðið á, að tala í þessa átt.

Flutningsmaður: Jeg kann 1. þingmanni Gullbringusýslu og 1. þingmanni Eyfirðinga miklar þakkir fyrir hina ljósu og góðu vörn þeirra fyrir Möðruvallaskóla. Öðrum þingmanni Gullbringusýslu álít jeg bezt ósvarað, en þingmanni Reykvíkinga verð jeg að benda á einn galla, sem hann hefur með öllum sínum góðu kostum, og galli þessi er, að hann sýnist ekki ætíð vera sjálfum sjer samkvæmur. Honum þykir ófært að breyta þeim lögum, er hjer um ræðir, af því þau sjeu svo ný, en við lög þau, um vitagjald af skipum, sem hjer voru rædd núna rjett á undan, kom þó frumvarp til breytinga einmitt frá honum. Þessi vitagjaldslög, sem sami háttvirti þingmaður samdi frumvarp til á síðasta þingi, og fjekk þingmenn þá til að samþykkja því nær óbreytt, þau eru þó ýngri, þau eru frá 12. apríl 1878, en þessi lög, sem hjer ræðir um, eru frá 14. desemb. 1877. Enn fremur mun hann vera ófús á að breyta lögum um kirkjutíund í Reykjavík, dags. 27. febrúar 1878. Nú skil jeg ekki, hvers vegna hann er á móti breytingu á þessum lögum, sem eru ómöguleg að vitni hinna skynsömustu manna utanlands og innan, þar sem hann þó vill breyta tveimur öðrum enn yngri lögum. Vera kann að hann segi, að nauðsyn beri til að breyta hinum tveim, en ekki þessum. Mótbáru þeirri vil jeg svara með því að lesa upp úr nefndarálitinu í þessu máli í 2. parti alþingistíðindanna 1877, bls. 156—57, þar sem stendur: «Nefndin efar eigi, að á næsta þingi muni efri deildin verða tilleiðanleg að breyta svo 2.—4. grein frumvarps þessa, að gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum beri nafn með rjettu». Nefndin var áður búin í áliti sínu að sýna, af hverjum ástæðum lögin væru óhafandi, og sú eina ástæða til þess að lögin voru þá samþykkt óbreytt frá efri deildinni, var tímaleysi, svo og hitt, að allur kostnaður til byggingar skólans skyldi tekinn úr landssjóði, og neðri deildin sagði þá sem svo: jeg gef atkvæði mitt með frumvarpinu einungis til að fá fje til að byggja skólahúsið, og meira verður eigi gjört hvort heldur er til næsta þings, og í þeirri von, að þingið fallist á að breyta 3.—4. grein laganna á næsta þingi. Jeg vona, að þingmaður Reykvíkinga virði þó mikils atkvæði þingsins 1877, hversu mikið sem hann meta kann sína eigin skoðun. Eitt atriði er enn, sem sýnir, að þingmanni Reykvíkinga eru mislagðar hendur, hann segir, að jeg hafi byggt út úr frumvarpinu allri búfræði; en má jeg spyrja, er það að byggja út búfræðinni að tiltaka einmitt, að þriðji kennarinn við skólann skuli vera búfræðingur? Ef

þetta er að útilykja, þá veit jeg ekki, hvað þingmaðurinn vill skilja við að innilykja. Hann vill eigi veita fje til gagnfræðaskóla, en vill troða upp á oss fje til að efla búfræði. Veit hann þá ekki, að verið er að safna fje til búnaðarskóla, og að það fje er nú í árslok orðið á tíunda þúsund króna, og það er nóg fje til að launa kennaranum? Jeg vona nú, að þingmaður Reykvíkinga verði sjálfum sjer svo samkvæmur, að hann annaðhvort gefi atkvæði sitt til þess, að lögum þessum sje breytt, eða þá, að hann verði á móti breytingu kirkjugjaldsins í kauptúnum.

Páll Pálsson bóndi: Flutningsmaður hefur reyndar tekið af mjer ómakið með því að taka margt það fram, er jeg ætlaði að segja; en það er sannfæring mín, að alþýðu vantar bæði bóklega og verklega menntun, og jeg er samdóma þingmanni Reykvíkinga um það, að hana vantar alla búfræðislega þekking, en til að bæta úr því, finnst mjer frumvarpið fara svo langt, sem hægt er; eptir minni skoðun á hvortveggja að vera jöfnum höndum bæði hið bóklega og hið verklega. Það, er snertir þá breyting, að 1. gr. í frumvarpinu falli burt, þá sýnist mjer það eigi rjett, því að skólinn er ekki fullstofnaður fyr en byrjað er að kenna í honum, og reglugjörð samin fyrir hann; þá fyrst getur það heitið skóli, en ekki þó verið sje að byggja hús handa skólanum; mjer virðist því, að 1. grein ætti að standa kyr í frumvarpinu.

Friðrik Stefánsson: Hjer sannast það fornkveðna: «lengi að lifa, er lengi að syndga». Það mun hinn 1. háttvirti þingmaður Eyfirðinga samþykkja, en nú vill svo til, að hann er eldri þingmaður en jeg, svo full líklegt er, að hann sje búinn að syndga meira í þinginu, og ætti því full vel við, án þess að jeg nú ætli að rekja lífsferil hans sem þingmanns, að hann brúkaði þessa ráðlegging handa sjálfum sjer, nefnilega þá að biðja forláts, því það má hann reiða sig á, að jeg stóð ekki upp til að biðja hann nje aðra forláts á orðum mínum. Jeg vona, að enginn hafi getað skilið orð mín svo, að jeg vildi eigi hafa skólann á Möðruvöllum, eða á jeg að biðja hann forláts fyrir það, að jeg vildi fara meðalveginn í launahækkuninni, sem var, að kennarinn fengi 2400 kr. í laun, sje svo, mun það ekki verða, meðan sannfæring mín um það er hin sama sem nú; líka mun hann vita, að stjórnarskráin segir, að þingmenn sjeu að eins bundnir við sannfæring sína, svo jeg vil ráðleggja honum «að standa minna og mjórra», og bjóða mjer ekki optar slíkt, því það verður í alla staði árangurslaust fyrir hann.

Þórarinn Böðvarsson: Hafi 1. þingmaður Gullbringusýslu meint það til mín, að í mjer væri rígur eða hefndarhugur, þá verð jeg að bera það af mjer. Jeg er sama hugar og í skólanefndinni, og vil skólanum sem bezt, en mjer þykir óþarfi að breyta lögum þessum, fyr en skólinn er kominn á stofn; aptur er flutningsmanni vorkun, þar sem frumvarp það er að lögum varð, var að nokkru leyti á móti vilja hans, en þó verð jeg að álíta rjettara að reyna það áður en því er breytt.

Flutningsmaður: Jeg ætla að eins að svara 2. þingmanni Húnvetninga því, að lögin 14. desbr. 1877 hafa gjört svo mikið að verkum, að gagnfræðaskólinn er þegar byggður, þar sem því í 2. gr. segir: »Fræðigreinir þær, er kenna skal í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum», þá er byggt á því, að skólinn sje til, og skólinn á að vera til, þegar þetta er orðið að lögum. En þó getur það verið óhultara, að halda 1. og 2. gr. eins og þær eru í lagafrumvarpinu.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var

1. liður í breytingartillögu Arnljóts Ólafssonar felldur með 11 atkvæðum gegn 9. Þar með voru 2. og 3. liður sjálffallnir.
2. gr. frumvarpsins var samþykkt með 13 atkvæðum.
3. gr. frumvarpsins felld með 11 atkvæð-

um gegn 10, að við höfðu nafnakalli, og sögðu,

«Já:»

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Páll Pálsson bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

«Nei:»

Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson prestur,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

4. liður í breytingartillögunum samþykktur með 13 atkvæðum.
4. gr. frumvarpsins samþykkt með 14 atkvæðum.
5. liður í breytingartillögunum samþykktur með 11 atkvæðum.
5. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 12 atkvæðum.
6. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
6. liður í breytingartillögunum tekinn aptur að sinni.

Að málið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 13 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 134.

Breytingartillögur: I 138. 139. 154. 180.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Auk breytingaruppástungu þeirrar, er fyrst var gjörð við frumvarp þetta, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, og undirskrifuð er af 7 þingdeildarmönnum, eru nú komin 3 breytingaratkvæði, og ætla jeg að fara nokkrum orðum um þau. Sný jeg mjer þá fyrst að breytingaruppástungu þeirri, er gjörð hefur verið við 3. grein, og hljóðar um, að búfræðing þeim, er setja skal við skólann, sjeu greidd laun úr landssjóði. Þegar jeg skoða breytingaratkvæði þetta út af fyrir sig, þá finnst mjer það rjett og eðlilegt; og ef það er vilji þingsins, að breytingaruppástunga þessi nái fram að ganga, þá er jeg fús til að aðhyllast hana.

Þegar jeg kom fram með frumvarp þetta, gjörði jeg mjer að reglu, að fara eigi fram á meira en það, er minnst mátti verða; jeg hugsaði mjer, að fara sem stytzt í kostnaðinn; því að jeg hugsaði, að með því móti mundi frumvarp þetta að líkindum ná fram að ganga; því að lög þau um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, er nú eru, er jeg sannfærður um að allir telja ómöguleg. Þegar jeg skoða breytingaratkvæði þetta, þá sje jeg koma fram í því örlæti þingmanna þeirra, er undir það eru ritaðir, því að vilji þessara manna er auðsjáanlega sá, að allar almennar stofnanir, sjeu kostaðar af landssjóði. Það sem mjer gekk til að halda þeirri ákvörðun, sem er í 3. gr. frumvarpsins, svo sem það var samþykkt við 2. umræðu, sem sje að búfræðingur sá, er setja skal við Möðruvallaskólann, sje launaður af búnaðarskólasjóði Norður- og Austuramtsins, — var það, að jeg hugði, að sumum mundi þykja nóg, þótt eigi væri seilzt í landssjóðinn nema handa gagnfræðakennaranum sjálfum. Jeg tek því fegins hendi við breytingaruppástungu þessari, sem vott um örlæti þingsins. Í sambandi við þessa breytingaruppástungu sný jeg mjer að

breytingaruppástungunni við 4. grein frumvarpsins, er fer fram á, að 4. grein orðist þannig: »Landsstjórnin hefur á hendi umráð og yfirumsjón skólans». Jeg verð alveg að fallast á hreytingaruppástungu þessa, og virðist mjer hún eigi annað en sjálfsögð breyting á lögunum, þar sem skólinn að öllu leyti skal kostast af landssjóði. Jeg get því minna sjeð eptir 4. grein frumvarpsins, sem hún er komin inn í lögin í efri deildinni. Í rauninni geta menn sagt: »stiptsyfirvöldin hafa stjórn yfir latínuskólanum; en þó er auðvitað, að skólinn stendur undir landsstjórninni, þar sem allar fjárveitingar til skólans standa undir landsstjórninni. En nú kem jeg að breytingaratkvæðinu frá einum þingmanni, frá 1. þingmanni Skaptfellinga, þess efnis að færa niður laun kennaranna við gagnfræðaskólann. Jeg vona, að hinar tillögurnar sannfæri hann um, að hann eigi að taka þessa breytingaruppástungu sína aptur, því að það er eigi líklegt, að hún gangi fram, gegn þeim örlætishug, sem nú býr í deildinni. Jeg vil nú leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hugmynd þá, er felst í orðinu «gagnfræðaskóli». Menn vita, hverjar kennslugreinir eru um hönd hafðar í gagnfræðaskóla, og eru þær mjög svo hinar sömu að nafninu til, sem í latínuskólanum. En mikill munur er á, hvort t. d. ein tunga er kennd á gagnfræðislegan eða málfræðislegan hátt. Mark og mið gagnfræðakennslunnar er það, að hafa tillit til þess lífs og þeirra kjara, sem sú þjóð, er skólinn er ætlaður, hefur við að búa, og að hafa það fyrir augum, er þessari þjóð er mest umvarðandi. Í gagnfræðaskólanum er málið helzt kennt á þeim bókum, sem eru hinar nauðsynlegustu og nytsömustu. Gagnfræðaskólarnir hafa það eigi fyrir mið, að kenna sjerstökum lærdómsmönnum, heldur er það mark þeirra og mið, að kenna mönnum almenna menntun, að auðga þekkinguna, skerpa skilninginn og glæða góðar tilfinningar. Latínuskólinn hefur það fyrir mark og mið, að kenna mönnum að skrifa latínu, eins og Cicero og Cæsar gjörðu; þar er manni eigi kennt að taka andann úr rithöfundunum, heldur er að eins grammatíkin kennd, t. a. m. að ut eigi aldrei að vera með Indieativo (Hlátur!), nema með vissum undantekningum. Jafnvel á hinum núverandi tíma er íslenzkan kennd þannig í latínuskólanum, að kennt er að eins að rita stafrjett og málrjett, en hvorki kjarni íslenzkunnar nje málfegurð er kennd; þar er eigi kennt hið minnsta í bókfræði Íslendinga nje annara þeirra tungna, er þar eru kenndar, nema í bókfræði Rómverja og Grikkja. Jeg segi fyrir mig, að þegar jeg fór úr latínuskólanum í Reykjavík, þá þekkti jeg ekkert til bókfræði Dana nje Þjóðverja, hvað þá heldur Englendinga og Frakka. Fyrir því er svo, að ef saga er kennd í gagnfræðaskóla og latínuskóla, þá er hún kennd í latínuskólanum á þann hátt, að hinir ytri viðburðir eru kenndir, konungaröfn, ættartölur, bardagar, rán, svik, prettir, en gagnfræðakennslan tekur að eins nýju söguna, en byrjar eigi á Hómer, eins og gjört er í latínuskólanum. Í gagnfræðaskólanum er veraldarsagan ekki skoðuð sem saga ytri viðburða einungis, heldur er hún frásaga um líf og þroska þjóðanna; hún grípur yfir megin bókmenntasögunnar, landstjórnarsögunnar og siðferðissögunnar, hún t. d. kennir eigi, hvernig munkarnir rituðu latínu, heldur hvernig munkalatínan útrýmdi íslenzkri bókfræði. Vjer þurfum því að hafa sannarlega menntaðan mann fyrir kennara við gagnfræðaskólann, og er það eigi nóg, að það sje maður nýskroppinn út úr latínuskólanum, heldur á það að vera maður, sem gengið hefur í menntaskóla lífsins. Fyrir þá sök eru laun þau, er tiltekin eru í frumvarpinu, einmitt fremur of lág, en of há. Ef miðað er við það, að á skólanum eigi að kenna annaðhvort nýbak-

aður stúdent eða kandídat philosophiae, þá kunna launin að vera nogu há; en jeg álít slíka menn eigi færa til að kenna þar. Það er eigi nóg til þess að vera fær um að kenna náttúrufræði, að geta þulið upp einhverja náttúrufræðisbók. Í stuttu máli: ef vjer tökum til dæmis danska bók, sem heitir «Náttúruöflin í mannsins hendi», og berum hana saman við þá kennslubók í alfræði, sem kennt er eptir í latínuskólanum, þá sjáum vjer, að það er að eins lögmálið, sem lært er í latínuskólanum, en verkanir aflsins og nytsemi þess á gagnfræðaskólanum. Jeg get því eigi fallizt á launalækkun þá, er 1. þingmaður Skaptfellinga hefur farið fram á í breytingaruppástungu sinni. Jeg ætla eigi heldur að þessu sinni, að fara fleirum orðum um mál þetta, fyr en jeg heyri einhverjar mótbárur koma fram gegn því.

Páll prestur Pálsson: Flutningsmaður hefur misskilið tilgang þann, er jeg hafði með breytingaruppástungu minni. Jeg kom með hana af þeirri orsök, að svo leit út eptir frumvarpinu, sem Möðruvallaskólinn ætti að vera fjórðungaskóli, en eigi landsskóli. Þess vegna áleit jeg, að landssjóðurinn legði nóg til, þótt eigi væri meira en upphæð sú er, sem jeg hef farið fram á í breytingaruppástungunni. En ef það er meiningin, að Möðruvallaskólinn eigi að öllu leyti að vera landsskóli, þá hef jeg ekkert á móti launaupphæð þeirri, er flutningsmaður hefur farið fram á. Annars virtist mjer hin lærða ræða flutningsmanns einkum miða til þess að gjöra landshöfðingja ljettara fyrir með að semja reglugjörð fyrir Möðruvallaskólann.

Flutningsmaður: Ef þetta er meining þingmannsins, þá er hún byggð á misskilningi. Jeg skil eigi í því, hvernig nokkrum getur dottið í hug, að Möðruvallaskólinn eigi að vera fjórðungsskóli, þar sem allir hafa aðgang að honum, úr hverjum hluta landsins sem vera skal (*Páll prestur Pálsson*: En ákvörðunin í 4. grein frumvarpsins, að amtsráðið í Norður- og Austuramtinu skuli hafa á hendi yfirstjórn skólans?) Þó amtsráðið aldrei nema hefði á hendi yfirstjórn skólans, þá getur það eigi neitað neinum um aðgang að skólanum, fremur en stiptsyfirvöldin geta það hjer við latínuskólann, þó þau hafi yfirstjórn hans á hendi. Eður hver er munurinn á því, að stiptsyfirvöldin hafi yfirstjórn latínuskólans á hendi, en amtsráðið í Norður- og Austuramtinu yfirstjórn Möðruvallaskólans. Getur 1. þingmaður Skaptafellssýslu ímyndað sjer, að amtsráðið hafi meira að segja yfir Möðruvallaskólanum, en stiptsyfirvöldin hjer yfir latínuskólanum? Mjer finnst þessi ákvörðun því alls ekkert hneikslanleg, en ef öðrum þingdeildarmönnum virðist svo, þá er jeg alls ekki mótfallinn því, að 4. grein frumvarpsins verði felld í burtu, og orðist á þann hátt, er þeir 8 þingdeildarmenn hafa stungið upp á. Jeg vildi helzt óska, að landsstjórnin væri svo fingralöng, að hún gæti náð hjeðan sunnan úr Reykjavík norður að Möðruvöllum, í hvert skipti sem kennarana eða piltana vantar eitthvað, svo að enginn þyrfti að gruna amtsráðið um ráðríki, nje yfirgang. Jeg ætla að bæta því við, að jeg álít sjálfsagt, að forstöðumaður gagnfræðaskólans hefði sjálfur á hendi alla umsjón yfir kennslunni, en fari að eins eptir þeirri reglugjörð, sem skólanum er sett.

Friðrik Stefánsson: Mál þetta er nú svo vel til vegar komið, að jeg ætla að það muni, sem maður segir, ganga með glans í gegnum báðar þingdeildirnar. Orsökin til þess, að jeg kom með breytingaruppástungurnar við 3. og 5. gr. frumvarpsins, var sú, að jeg skoða gagnfræðaskólann á Möðruvöllum sem yfirbændaháskóla, og eigi því ekki búfræðingur sá, sem við hann er skipaður, að fá nein laun af búnaðarskólasjóði Norður- og Austuramtsins nje neitt fje að

leggjast Möðruvallaskólanum úr þeim sjóði. Því það er álit mitt, að allir landsmenn hafi jafnan rjett til að ganga í skóla þennan, og hann eigi því að öllu leyti að kostast af landssjóði, þar sem einnig aðalstjórn skólans hlýtur að vera hjá landsstjórninni; enda liggur það fyrir utan vald og verksvið alþingis eptir nú gildandi lögum, að vasast inn á búnaðarskólasjóðinn. Frá Möðruvallaskólanum eiga þeir búfræðingar að koma, sem kenna skulu í búnaðarskólum þeim, er í ráði er að verði stofnaðir út um landið, en þeim skólum á búnaðarskólagjaldið að koma upp.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð enn sem fyr að láta það álit mitt í ljósi, að jeg sje enga ástæðu til að breyta eldri lögum, meðan eigi er sýnt, að þau sjeu óhaganleg, og breyting á þeim sje til batnaðar, enda ætla jeg að hægt sje, að laga kennsluna í Möðruvallaskólanum að ýmsu leyti, þegar hann er kominn á fastan fót og sjá má, að kennsluna megi auka á sem haganlegastan hátt. Mjer virðist það vera að taka fram fyrir sig, að fara nú þegar að breyta lögunum um Möðruvallaskólann, sem þingið samþykkti 1877. Jeg get eigi látið ósvarað ræðu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu. Það lítur út fyrir, að þingmaðurinn haldi, að hann einn hafi vit á kennslu og að allir kennararnir við Reykjavíkurskólann fari villt; öll kennslan hjer sje rammskökk, andalaus og gagnlaus; hann segir, að ekkert sje kennt í sögu, nema taldir upp bardagar, konunganöfn og ættartölur þuldar upp, o. s. frv., en öllum andanum sleppt. En má jeg þá spyrja: á þingmaðurinn vísan þann mann að Möðruvallaskólanum, er kennt geti eintóman anda vísindagreinanna. Jeg efast mjög um það, enda var kennslunni í Reykjavíkurskóla lýst af hanum miður góðgjarnlega. Jeg skal eigi lofa kennsluna hjer við Reykjavíkurskóla; en það get jeg með sanni sagt, að þeir, sem kenna hjer í skólanum, eru víst ekki allir svo klaufalegir, að þingmaðurinn eigi víst að fá aðra betri annarsstaðar frá. Það leit svo út af orðum þingmannsins, að gagnfræðaskólinn sje eintómur a n d i, en latínuskólinn o r ð i ð eintómt. Gagnfræðin er þekking á því, sem maðurinn ætlar sjer að nota beinlínis í lífinu; það er auðvitað, það fylgir þar með að skerpa skilninginn og auka þekkinguna; því að undir eins og þekkingin eykst, skerpist skilningurinn. En þennan sama tilgang hefur latínuskólinn einnig. Sá er munurinn, að ætlazt er til, að í gagnfræðaskólanum auki maðurinn þekking sína á því, sem honum má beinlínis verða til gagns í lífinu, en í latínuskólanum á því, er honum má óbeinlínis til gagns verða, enda miðar og allt þar enn meira til að skerpa skilninginn en í gagnfræðaskólanum. Annars ætla jeg eigi að berjast á móti gagnfræðaskóla þessum; hann er nú einu sinni ákveðinn, og óska jeg að hann verði að sem mestum notum, þótt jeg sje viss, að hann mundi verða að eins miklum eða betri notum, ef hann væri í öðru formi en 1. þingmaður Norðurmúlasýslu ætlast til að hann verði. Það er til launaupphæðanna kemur, þá skal jeg eigi berjast móti þeim. En jeg get fullvissað 1. þingmann Norðurmúlasýslu um, að hver stúdent úr Reykjavíkurskóla er fær um að vera kennari við Möðruvallaskólann. Slíkt er eigi eingöngu undir þekkingunni komið, heldur og undir sjerstöku lagi til að kenna. Fyrst og fremst er spurningin um það, hvort hlutaðeigandi hefur nokkra þekking og síðan um það, hvort hann er laginn til að kenna. Það er auðvitað, að hver maður eykur þekking sína meðan hann kennir.

Flutningsmaður: Ræða þingmanns Reykvíkinga er sprottin af misskilningi. Þar sem jeg tók fram muninn á gagnfræðaskóla og latínuskóla, og tók til dæmis skólann í Reykjavík, þá gjörði jeg það eigi til að lasta Reykjavíkurskóla, heldur tók jeg hann til dæmis, af því að jeg þekkti bezt til hans,

og það gerði jeg eingöngu til að sýna mönnum aðalmuninn á kennsluhættinum við gagnfræðaskóla og latínuskóla. Eptir minni þekkingu stendur skólinn í Reykjavík alls eigi á baki bræðra sinna, latínuskólanna í Danmörku. Jeg skal þá taka dæmi af háskólanum í Kaupmannahöfn. Þar er settur háskólakennari í íslenzkri tungu, er þjóð vorri er til ágætis; en þó er hann settur einmitt til þess að kenna hana málfræðingaefnum. En enginn háskólakennari er þar enn settur í íslenzkum bókmenntum og sögu landsins, sem þó miklu gagnlegri fróðleikur liggur í. Til þess er þó full nauðsyn, og þennan sóma ætti þó fornsaga vor, bókmenntir og lög skilið. Jeg vildi sýna með þessu, hver sjónstefnumunur væri á því að kenna í gagnfræðaskóla og að kenna í latínuskóla. Í latínuskólanum er kennd málfræði, og þegar lengst er farið, þá er kennslan samanburður málanna. Sá sem í því efni fór lengst í Reykjavíkur latínuskóla, hann er nú dáinn; en sá hinn sami fór lítið eða ekki út í bókmenntasöguna, heldur út í orðamyndir og stofnmyndir. Slíkt er eigi gagnfræðisleg kennsla. Í gagnfræðaskólanum eru bækurnar lesnar til þess, að hafa þær sem verkfæri til þess að ná úr þeim gagnlegri þekkingu. Jeg lærði þríhyrningafræði við háskólann í Kaupmannahöfn, og stóð mig prýðilega í henni við prófið; en þegar jeg fór frá prófborðinu, spurði jeg sjálfan mig: «hvert gagn hefur þú nú haft af öllu þessu? til hvers hefur þú lært þetta?» Því að þótt jeg hefði átt líf mitt að leysa, þá hefði jeg ekki getað mælt eina dagsláttu á velli, með öllum þessum þríhyrningalærdómi. Jeg ætla að enda ræðu mína með því, að biðja þingmenn að skilja orð mín, eins og þau eru töluð, það er að skilja þannig, að jeg hef með þeim viljað benda á muninn á gagnfræðaskóla og latínuskóla.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, var gengið til atkvæða um málið, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði frá 1. þingmanni Skaptfellinga (I 139) fellt með 14 atkvæðum gegn 7.
2. 1. liður í breytingaratkvæði 7 þingmanna (I 138) samþykktur með 16 atkvæðum.
3. 1. liður í breytingaratkvæði 6 þingmanna (I 154) samþykktur með 18 atkvæðum.
4. Breytingaratkvæði 8 þingmanna (I 180) samþykkt með 19 atkvæðum. Hafði meiri hluti þingdeildarinnar leyft, að það yrði borið undir atkvæði, þótt það kæmi eigi fram fyr en á fundinum.
5. 2. liður í breytingaratkvæði 6 þingmanna (I 154) samþykktur með 19 atkvæðum.
6. 2. liður í breytingaratkvæði 7 þingmanna (I 138) samþykktur með 16 atkvæðum.
7. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkvæðum.

Kvað forseti frumvarpið mundu nú verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 181—82.

Stefán Eiríksson kvaðst vilja leita upplýsingar um það hjá deildinni, hvort þörf væri þessa frumvarps, þar sem ekki væri enn í verkinu farið að framkvæma lög 14. des. 1877. Í því frumvarpi hefði verið ákveðið, að 2 kennarar skyldu vera við skólann og hafa 3200 kr. í laun báðir, en í frumvarpi því, er hjer lægi fyrir, ættu kennararnir að vera 3, og hafa 5800 kr. allir. Með þessum kostnaðarauka sýndist sjer eigi lítil byrði lögð á landssjóðinn. Sjer hefði sýnzt, að nauðsynlegt hefði verið, að láta lögin frá 1877 sýna sig í verkinu, áður en breyting hefði verið gjörð á þeim, af því að deildin mundi ekki geta sannfært sig um nauðsyn þessa frumvarps,

sem hjer væri til umræðu; vildi hann stinga upp á 3 manna nefnd í málinu og fresta fyrstu umræðu.

Eiríkur Kúld kvaðst að nokkru leyti vera samdóma þingmanni Skaptfellinga í þessu máli. Lögin frá 1877 væru enn eigi farin að sýna, hvort nokkra breyting þyrfti. Enginn kennari væri enn kominn að skólanum, og þó væri talað um launahækkun 5800 kr., í staðinn fyrir 3200 kr. Hann vissi ekki til, að neinn hefði kvartað yfir því, hvað launin væru lág, eða væru það kennararnir á Möðruvöllum, sem engir væru til? og skildi hann því ekki í þessari breytingu neðri deildarinnar á lögunum, sem ekki væri farið að reyna og enginn kvartaði yfir. Sjer sýndist því ekkert annað vera að gjöra við frumvarp þetta en fella það strax.

Benedikt Kristjánsson kvaðst ekki geta verið á sama máli og þingmaður Barðstrendinga. Sjer þætti mjög óbræðralegt, að fella frumvarpið, en hjer sannaðist hið fornkveðna, að «margur dansar, þó hann dansi nauðugur». Eptir því sem hann bezt vissi, þá hefði neðri deildin 1877 samþykkt frumvarpið, ekki af því, að henni líkaði það, heldur af því, að hún vildi það heldur en ekkert. Breytingar þær við lög þessi, er hjer lægju fyrir, væru einkum launahækkunin, en hann kvaðst mega spyrja, hvort að kennarar við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum mundu hafa minni og óvandasamari starfa en kennarar hjer við latínuskólann, læknaskólann og prestaskólann. Því kvaðst hann mæla móti. Hann vildi biðja deildina vel að gæta þess, að hjer væri að ræða um hina fyrstu stofnun til alþýðumenntunar, og þegar menn væru mildir á fje við allar stofnanir menntamanna, mundi þá sæmilegt, að vera sýtingssamur við þessa einu alþýðumenntunarstofnun. Hann vonaði, að deildin kastaði eigi frumvarpi þessu frá sjer, en lofaði því að ganga til 2. umræðu.

Jón Jónsson sagði, að þingmaður Barðstrendinga væri nú kominn á allt aðra skoðun en um daginn, þegar rætt hefði verið um vitagjaldið; þá hefði eigi mátt horfa í það, að hin eldri lög, sem ætti að breyta, væru nýsett, þá hefði átt að sýna neðri deildinni nærgætni og aðhyllast tillögur hennar; en nú mætti ekki hreyfa við lögum, sem þó væru eldri en vitalögin, og nú væri öll nærgætnin gegn neðri deildinni horfin. Þingmaður Skaptfellinga hefði stungið upp á nefnd í málinu, og vissi hann, að þingmaðurinn hefði haft bezta tilgang með þessa uppástungu, en jafnframt vildi hann leiða athygli þingmannsins að því, að málið hefði áður verið nákvæmlega skoðað, er það kom fyrir þingið 1877, og síðan hefðu þeir menn, er næst því stæðu, fjallað um það, og fengið tækifæri til ýtarlegar að skoða málið, og væri varla ætlandi, að nefnd hjer í deildinni gæti fullkomnað það verk, sem þannig hefði komið fram eptir mjög vandlegan undirbúnað. Hvað launahækkunina snerti, væri auðvelt að koma með breytingaruppástungu því viðvíkjandi. Hann vildi taka fram eitt mikilsvert atriði, sem væri það, að samkvæmt lögum 14. des. 1877 væri gagnfræðaskólinn eins konar ómynd. Samkvæmt þeim ætti búfræðingur að vera skólastjóri, þó skólinn væri gagnfræðaskóli, en þess bæri vel að gæta, að búfræðin væri að eins lítil grein af gagnfræðinni, og mundi torvelt að finna búfræðing þann, er fær væri að standa fyrir gagnfræðaskóla, hann yrði undir eins að vera skólagenginn fræðimaður. Hann vildi biðja þingmann Skaptfellinga að verða eigi á sömu skoðun og þingmaður Barðstrendinga, þó svo færi, að deildin samþykkti eigi nefnd í málinu, og færi ekki vel á því, að hann, sem um daginn hefði verið með í því að efla menntunarstofnanir landsins, nú skyldi ganga í flokk með þeim mönnum, er gerðu sem minnst úr hinu andlega lífi hjer á landi.

Stefán Eiríksson kvaðst kunna þingmanni Skagfirðinga þakkir fyrir bendingar

þær, er hann hefði gefið sjer, en þó hefðu þær eigi sannfært sig hið minnsta. Meðan lögin frá 14. desbr. 1877 reyndust eigi ónóg, og meðan ekki væri farið að framkvæma þau, sýndist óþarft að fara að búa til lög með jafnmikilli launahækkun og hjer væri farið fram á; en færi svo, að skólinn samsvaraði eigi tilgangi sínum eptir lögunum 14. desember 1877, þá væri allur tími til stefnu að breyta þeim lögum. Hvað fyrirsögnina snerti, sem þingmaður Skagfirðinga hefði verið að tala um, þá myndi hann eigi betur, en hún væri hin sama fyrir lögunum frá 14. desbr. 1877, og þessu frumvarpi, er nú væri verið að ræða.

Benedikt Kristjánsson kvaðst hafa ætlað, að ætlunarverk skólans væri meðal annars að mennta tilvonandi kennara við búnaðarskóla. Það væru lög á landi hjer að safna fje til búnaðarskólasjóðs, sem hann vonaði, að einhvern tíma yrði fær um, að standa straum af búnaðarskólum, og væri því aríðandi, að hafa menn á reiðum höndum, er gætu kennt við slíka skóla. Að vísu mundu menn eigi geta fengið fullkomna menntun í gagnfræðaskólanum, til þess að geta staðið fyrir búnaðarskólum, en þó svo mikla, að þeir þyrftu eigi að sigla nema eitt ár, til þess að fá meiri reynslu og æfing í búfræði. Hann væri því yfir höfuð hlynntur frumvarpi þessu, þar eð þetta væri sú eina menntastofnun fyrir alþýðu, sem bæri mestan hluta allra útgjalda. Alþýðan safnaði föngum í búrið, og því ætti illa við, að hún fengi ekki nema lágt í öskunum sínum.

Jón Jónsson kvaðst samþykkur þingmanni Þingeyinga um, að gagnfræðaskóla þyrfti með til að útvega kennara við búnaðarskóla, því fremur sem frumvarp, er nýlega væri komið frá neðri deildinni, sýndi, að margir þingmenn hefðu áhuga á að koma upp búnaðarskóla í hverri sýslu. Þar að auki væri von um, að barnaskólar fjölguðu úr þessu, og væri vonandi, að sveitir landsins ljetu ekki skömm þá, er bæjarstjórnin í Reykjavík. . . . (Forseti gjörði þingmanninum áminning). Það vonda dæmi, sem sum sveitafjelög, er slíkt sízt ætti að spyrjast um, hefðu gefið á þessum síðustu timum, leiddi sig til þess, að gera lítið úr barnaskólum og barna uppfræðingu, er væri og ætti að væra eitt hið mesta verferðarmál þjóðarinnar. Hvort sem tillit væri haft til búnaðarskóla eða til barnaskóla, sem óbeinlínis gætu haft stuðning af gagnfræðaskólanum, væri óheppilegt eða jafnvel óhafandi að skipa, að enginn annar mætti skólastjóri vera, en búfræðingur, og væri mjög ólíklegt, að kostur væri á að fá búfræðing hæfan í slíkt embætti í hvert sinn, er ætti að skipa það; enda mundi þessi ákvörðun á sínum tíma hafa verið sett inn í lögin af þeim manni eða þeim mönnum, sem ekki hefðu verið skólanum sjerlega velviljaðir, og ekki hefðu látið það fá mikið á sig, þótt stofnunin hefði alveg farizt fyrir.

Jón Hjaltalín kvaðst yfir höfuð vera meðmæltur öllum skólum, en þegar hann hefði heyrt í gær, að 15 lögfræðingaefni væru til, þá hefði hann ei viljað standa upp fyrir lagaskólanum, en með þessu frumvarpi neðri deildarinnar vildi hann sterklega mæla. Það væri sorglegt að ræða lengi um það, hvort nauðsyn sje á að uppfræða alþýðu, og skömm að því. Sjer sýndist, að deildin ætti að fallast á frumvarp neðri deildarinnar óbreytt, því sjer þætti litil þörf á að eyða löngum tíma til að ræða orðabreytingar. Hann gæti sagt sögu þessu viðvíkjandi úr Ameríku, er hann hefði lesið, hún væri þannig: Maður nokkur hefði komið þar í einn skóla, er í alla staði var vel vandaður og ágætur útlits, og spurði hann skólastjórann, er sjálfur átti skólann, hvort honum þætti skólanum í nokkru ábótavant, og hafi þá skólastjórinn svarað því, að hann að vísu ekkert hefði til hans sparað, en eitt vantaði hann þó, og það væri

lærisveinar; þetta sýndi, hvílíkan áhuga menn erlendis hefðu á menntastofnunum. Hann gæti til fært margt sorglegt, sem væri afleiðing af menntunarleysi alþýðu á Íslandi, og kvaðst eigi geta annað, en beðið guð að hjálpa Íslendingum, er þeir eigi gætu sjeð af nokkrum aurum eða krónum til þess að mennta alþýðu.

Eiríkur Kúld kvaðst standa upp til að hrinda af sjer áburði 2. þingmanns Skagfirðinga. Hann hefði verið í nefndinni 1877, sem sett var í málið, og sæist á alþingistíðindum það ár, að hann hefði verið allt of hlynntur stofnun þessari til þess að fá ákúrur fyrir það, og bað þingmanninn að taka orð sín aptur. Hann væri með öllu á sama máli og hinn 4. konungkjörni þingmaður um það, að skólinn á Möðruvöllum væri nauðsynleg stofnun, en það sæi hann eigi, hvers vegna launin væru hækkuð, þar sem engin umkvörtun eða reynsla væri komin fyrir því, að þau væru of lítil, og frumvarpið færi einkum fram á að hækka laun þeirra kennara, sem enn þá væru eigi til; hann væri fús að hækka þau, ef nokkur ástæða væri til þess, en meðan enginn væri orðinn þar kennari, sýndist sjer engin ástæða vera til þess. Sig furðaði nú á orðum þingmanns Þingeyinga, sem 1877 hefði ásamt sjer verið í nefndinni og þá látið það í ljósi, að eigi bæri að auka launin fyr en þörf gerðist; en nú sem stæði sýndist sjer engin þörf á því. Sjer sýndist óþarfi að ræða þetta mál meir á þessu þingi, því að hann byggist við því, að sama beiðni mundi koma fyrir þingið 1881, og mundi þá verða meiri ástæða til að taka hana til greina.

Jón Hjaltalín sagði, að þetta væri alls eigi óþarft, því að þó að hækkunin eigi fengist, ætti að búa svo um hnútana, að hún fengist. Launin þyrftu að hækka, þar eð verð hækkaði á öllum vörum. Það væri ómögulegt að neita gagninu af búnaðarskólunum, nema því að eins, að þeir væru grundvallaðir á gömlum vana; en væri gagnfræðin tekin í sínu sanna eðli, þá væri mikil búfræði í henni. Sjer þætti rjett að hætta umræðum um þetta efni.

Ásgeir Einarsson sagði, að mótmælin hefðu mest gengið út á launahækkunina, og þætti sjer það nýung, að þingmaður Barðstrendinga skyldi vera á móti henni, nema ef hann hjeldi, að kennari mundi þrífast betur í kuldanum í Norðurlandi en í veðurblíðviðrinu hjer syðra. Þingmaðurinn hafi sagt sjer þætti skrítið, að hækka launin áður en nokkur kennari kemur til skólans, en hann kvaðst ekki vita betur, en fastákveðin laun hefðu verið á embættum þeim, er stóðu laus í hitt ið fyrra; hann hefði þá ei verið meðmæltur gagnfræðaskóla á Möðruvöllum, heldur í Reykjavík, en úr því að þetta hefði nú orðið ofan á, þá vildi hann einnig að það gæti orðið sem gagnlegast. Bæði þingmaður Barðstrendinga og fleiri vissu, hvernig frumvarpið þá hraktist milli deildanna, og að neðri deildin neyddist að lokum til þess að fallast á það, heldur en að láta það deyja út af; tilhögunin væri nú hagkvæmari en þá var; hvað launin snerti, þá væri hægt að stinga niður penna og breyta tölunum. Sjer þætti ósæmilegt að fella frumvarpið frá 2. umræðu.

Forseti ætlaði þá að láta ganga til atkvæða, en þá stóð upp:

Magnús Stephensen og kvaðst hafa búizt við, að forseti ljeti það ekki viðgangast, að nokkrum þingmanni hjeldist uppi í sama málinu að gjöra þinginu og konunginum þær getsakir, að lög samþykkt af þeim væru ómynd, að bera bæjarstjórninni á brýn, að hún gjörði sjer skömm, og bera brixlyrði á einstaka þingmenn.

Jón Jónsson bað sjer hljóðs, til að bera af sjer áburð.

Forseti sagði, að þetta væri enginn áburður, því að orð hans hefðu verið

rjett til færð, og bað þingmanninn að gæta velsæmis á þingfundum.

Jón Jónsn kvaðst hafa gjört það eptir megni.

Forseti bar það síðan undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 7 atkvæðum. Einnig ljet hann ganga til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi setja í málinu, og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

Þessir voru kosnir:

Eiríkur Kúld	með 5	atkvæðum.
Stefán Eiríksson	— 5	——
og Sighvatur Árnason	— 4	——

og málið afhent Stefáni Eiríkssyni.

Önnur umræða í efri deild, á 27. fundi, 4. ágúst.

Nefndarálit, með breytingartillögum, sjá I 254—55.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*) kvað það sjást á nefndarálitinu, að nefndin vildi styðja málið, enda þó að henni þætti fyrsta kominn tími til að breyta hinum fyrri lögum um það efni; kæmi það einkum af því, að henni litist, að skólinn mundi betur ná tilgangi sínum, ef farið væri eptir þessu frumvarpi en hinum eldri lögum; en hvað launaupphæð yfirkennarans snerti, þætti nefndinni frumvarpið taka óþarflega djúpt í árinni, og setja þau óþarflega há í samanburði við laun annara kennara, einkum er þess væri gætt, að kennarinn þyrfti eigi að hafa meiri menntun, en að vera góður stúdent. Viðvíkjandi hinum kennaranum hefði nefndin stungið upp á, að færa laun hans niður í 1600 krónur úr 2000, en veita honum svo leigulaust húsnæði í skólahúsinu, og ímyndaði hún sjer, að húsaleigan mundi nærfellt svara þeim 400 kr., er launin væru færð niður. Hvað búfræðinginn snerti, hefði nefndin lagt mikla áherzlu á leigulausa ábúð af slíku höfuðbóli sem Möðruvöllum; þeir væru 100 hundruð eptir fornu mati, og þó að þeir væru færðir niður í 74 í nýja matinu, þá væri eigi þar með sagt, að jörðin hefði neitt gengið af sjer, því að jarðamatið nýja hefði farið sitt í hverja áttina í hinum ýmsu hjeruðum, og hann hefði einmitt gætt að því, að þessi jörð hefði eigi sjerstaklega lækkað í Eyjafirði; eins og jörðin væri nú, fylgdu henni 7 kúgildi; leigur væru 14 fjórðungar og landskuld 500 álnir; ef nú enn væri litið á það, að hann ætti að kenna verklega búfræði, þá fengi hann þar með vinnumenn á jörðina, sem að minnsta kosti yrði honum mikill óbeinlínis hagur við búnaðinn.

Benedikt Kristjánsson kvaðst eigi ætla að ámæla nefndinni, þó að hún vildi velja nokkurs konar meðalveg að sínu áliti, og hlífa landssjóðnum við óþörfum útgjöldum. Menn hefðu sagt, að þó að byrjað væri með litlu, þá mætti rífka er fram liðu stundir; hann sæi eigi, að komið gæti til skoðunar önnur ríkun, en að fjölga kennslugreinum eða bæta við kennurum; en eptir því óskaði hjer enginn, heldur væri að eins talað um að hækka laun kennaranna; hann vildi engum lá, þó að hann vildi fá hæfa kennara fyrir sem minnst laun; en það hefði verið grundvallarregla þingsins, er það setti launalögin, að láta embættismanninn fá hin hæstu laun, er hann nokkurn tíma fengi í sama embætti, þegar hann tæki við embættinu, og bæta aldrei við hann síðan; þessari reglu hefði það fylgt fast fram síðan og sýnt, að launahækkanir væru alls eigi eptir þess höfði; vegna þess yrðu menn nú að gjöra sjer grein fyrir, hvort með þeim launum, er nefndin vildi til taka, nokkur kennari fengist, er hæfilegur væri. Í frumvarpinu væri eigi farið fram á hærri laun, en yfirkennarinn við latínuskólann hefði, og sýndist sjer embætti hans engu vandasamara, og það væri jafnvel nær að bera hann saman við rektor. Menn mættu eigi vera of sýtingssamir, er verið væri að stofna hinn

fyrsta alþýðumenntunarskóla á landinu; yfirkennarinn við hann yrði eins og að ryðja nýja braut, og laga skólann eptir ástandi, hugsunarháttum, þjóðareinkunn og andlegum þörfum landsmanna, og væri því staða yfirkennarans mjög vandasöm, einkum er þess væri gætt, að kennslan býr svo lengi að byrjuninni; það væri eigi að tala um að fá nema ónýtan mann, ef launin væru eigi hærri en nefndin vildi, og þá væri spursmálið, hvort menn vildu heldur ónýtan kennara með lágum launum, eða nýtan með háum, og skoðaði hann eigi huga sinn um, að kjósa heldur hið síðara.

Hvað breyting nefndarinnar snerti, að ætla öðrum kennara skólans frítt húsnæði, þá hefði hann fyrir sjer skýrslu frá manni þeim, er fyrir skólabyggingunni stæði, og segði hann, að annar kennarinn gæti með engu móti fengið húsnæði í skólahúsinu, og þá væri ekkert hús á Möðruvöllum til að vísa honum inn í, nema ljelegur torfbær, og mundi hann því vera neyddur til að byggja sjer hús sjálfur. Nefndin gjörði afarmikið úr afnotum jarðarinnur fyrir brytann; hún væri að vísu há að hundraðatali, og hefði tún mikið og engi gott, en aptur væri hún landlítil og landkostir eigi góðir; hún gæti í hæsta lagi leigzt fyrir 400 krónur, og ef það afgjald væri lagt við laun þau, er nefndin ætlaði brytanum, yrðu það samtals 600 kr.; en hann ímyndaði sjer, að búfræðingurinn mundi heldur kjósa, að búa á sinni eigin jörð og stofna þar skóla og auka og margfalda verð jarðeignar sinnar með jarðabótum, heldur en ganga að þessum kostum. Yfir höfuð að tala þætti sjer sjálfsagt, eptir því sem öll atvik lægju hjer fyrir, að greiða heldur atkvæði með þeim launaupphæðum, er stæðu í frumvarpi neðri deildarinnar, en í áliti nefndarinnar.

Framsögumaður kvað þingmann Þingeyinga eigi hafa viljað taka hart á nefndinni, og eins vildi hann nú eigi taka hart á honum, þó að hann væri hlynntur skólanum í meira lagi, eptir sínu áliti. Viðvíkjandi húsnæði annars kennarans í skólahúsinu, þá gæti hann eigi skilið lögin frá 14. des. 1877 öðruvísi en svo, að til þess væri ætlazt, að húsið væri þannig byggt, að tveir kennarar gætu búið í því; ef það væri misskilningur sinn, sem ekki mundi vera, væri hann fús á að átta sig á því. Viðvíkjandi búfræðingnum vildi hann játa það, að sjálft eptirgjaldið af jörðinni yrði naumast hærra metið en 400 krónur, en sjer þætti yfir höfuð að tala of litið gjört úr góðum bújörðum, er talað væri um laun embættismanna í sveit, einkum mætti þó taka mikið tillit til þess hjer, þar sem búfræðingur ætti í hlut, er hlyti að kunna að færa sjer í nyt gæði jarðarinnar, og þess vegna vildi hann eigi beinlínis binda sig við landskuldina sjálfa í þessu tilfelli, heldur með fram notkunargildi slíkrar jarðar.

Jón Jónsson sagði, að þingmaður Þingeyinga hefði sagt, að hann vildi eigi vera svo djarfur, að bera saman kennsluna í gagnfræðaskólanum við kennsluna í lærða skólanum, en hann yrði að álíta, að þetta væri eigi svo fráleitt, því kennslugreinirnar væru að miklu leyti hinar sömu sem í neðri bekkjunum í latínuskólanum. Hann kvaðst eigi hafa fyrir sjer reglugjörð lærða skólans, en eptir því sem hann minnti, væru kennslugreinirnar þar 10, en í gagnfræðaskólanum væru þær 9, og væri því næsta líkt um. Tilgangur skólans væri eigi einungis að vera almúgaskóli, heldur líka sá, að útvega góða barnakennara og búnaðarskólakennara. Um búfræðina hefði þingmaður Þingeyinga tekið flest það fram, er hann hefði ætlað að segja. Með tilliti til bústaðarins handa kennaranum hefði nefndin ekki tekið eptir því, að hjer væri einmitt veruleg breyting í neðri deild-

ar frumvarpinu frá hinum eldri lögum, og væri ástæða til hennar sú, að það hefði reynzt óhægt, að byggja skólahúsið svo, að 2 kennarar gætu haft þar bústað.

Jón Hjaltalín kvaðst fella sig vel við hugmyndina um stofnun gagnfræðaskóla. Það væri hið eina merki til þess, að við eigi yrðum óvitar um landbúnað, en í honum stæðum vjer mjög langt til baka. Menn mættu eigi spara of mikið, svo menn gætu fengið duglega menn, sem gætu uppfyllt skyldur sínar. Það væri meira í orði en á borði, þegar menn væru að tala um 2000 eða 1600 krónur. Því full dýrt væri nú orðið að lifa á Íslandi, en eigi lifðu menn á loptinu einu, því til þess yrði að ummynda allan okkar líkama; menn yrðu að gjöra skólann svo út, að hann gæti staðizt; og vildi hann helzt gefa atkvæði frumvarpinu óbreyttu.

Benedikt Kristjánsson tók það fram, að 1. þingmanni Rangæinga hefði þótt efi geta leikið á, að húsnæði vantaði fyrir annan kennarann við gagnfræðaskólann. Ef menn litu á lögin af 14. desbr. 1877, þar sem gjört væri ráð fyrir, að einungis tveir kennarar væru skipaðir við skólann, þá væri auðsætt, að húsnæði vantaði handa einum, er hinum þriðja væri bætt við, eins og gjört væri í frumvarpi þessu. Hann tók það fram, að sumum hefði þótt það vel við eiga og stungið upp á því, að hafa gagnfræðakennslu hjer við lærða skólann í Reykjavík, en þá gagnfræðakennslu sæi hann enn sem komið væri einungis álengdar, því nú sem stæði væri eigi húsrúmið svo mikið í lærða skólanum, að það leyfði slíkt; ef koma ætti því í kring, þá yrði fyrst að stækka skólahúsið; en þess utan kvað hann sjer eigi virðast það æskilegt, að koma gagnfræðakennslunni í svo náið samband við lærða skólann; það væri lærða skólans ætlunarverk, að veita mönnum þá menntun, sem þeim væri nauðsynleg undir embættisnám. Gagnfræðin þyrfti því að vera sjerstakur «Cursus», svo að hennar fræðigreinir gætu menn lært, án þess að læra hinar námsgreinir lærða skólans, því það væri eigi tilgangur gagnfræðakennslunnar, að gjöra menn að embættismönnum, heldur sá, að gjöra menn menntaða og dugandi til hverrar lífsstöðu sem vera skyldi í borgaralegu fjelagi. Hann sagðist vera hræddur um, að gagnfræðin drægi sem menn kalla dám af kennslunni í lærða skólanum, því þó gagnfræðakennslunni yrði bætt við, þá yrði kennsla hinna annara námsgreina í skólanum miklu meiri, og því þætti sjer hætt við, að hún kynni að bera hina ofurliða. Á þessum tveim kennslum væri mjög mikill munur, er hann nú eigi vildi eyða tíma til að skýra. Einungis vildi hann benda á, að kennslan í lærða skólanum ætti að vera meira abstrakt, eða hreint vísindaleg, þar sem gagnfræðin ætti að hafa stöðugt tillit til starfhliðarinnar í lífinu, og það væri því mjög óheppilegt, ef hún drægi dám af lærða skólanum, því þessu tvennu ætti að halda með öllu aðskildu. Þessi sameining væri því að sínu áliti lítt hugsanleg, ef eigi með öllu óhugsanleg, því ef henni yrði framgengt, þá mætti ganga að því vísu, að gagnfræðin næði ekki þeim tilgangi, sem hún ætti að ná. En af því að sameining gagnfræðakennslunnar við lærða skólann sje, sem hann hafi þegar tekið fram, í fjarlægð, þá sje það því fremur hvöt til að styðja þennan gagnfræðaskóla á Möðruvöllum, nefnilega með því, að veita næg laun til skólans.

Árni Thorsteinson kvaðst mundu forðast að taka nokkuð af því fram aptur, sem þegar hefði verið tekið fram, heldur vildi hann bæta nokkrum athugasemdum við, er eigi hefði enn verið minnzt á. Hann skyldi hafa þakkað fyrir, ef 1. gr. í lögum 14. desbr. 1877 hefði mátt vera í friði, og sama

væri og um 5. gr.; báðar þessar greinar væru teknar úr hinum eldri lögum. Ef þetta yrði að lögum, þá væri í 8. gr. ákveðið, að lög 14. desbr. 1877 væru numin úr gildi, en í 1. gr. þessara laga stendur, að skóla skuli stofna á Möðruvöllum. Hann kvaðst ekki vilja gjöra 1. gr. í lögum 14. desbr. 1877 ógilda, og segja í nýjum lögum, «að skóli skuli settur á Möðruvöllum», enda sje nú farið að starfa að stofnun skólans eða bygging hússins. Hann gjörði tvær athugasemdir við 6. og 7. gr. Þar væri sagt, að landshöfðingi skyldi semja reglugjörð skólans, en eigi ráðherra Íslands, og það væri að sínu áliti rjett. Hann kvaðst eigi vera á því máli, að það væri hagkvæmt að hafa búfræðing fyrir bryta, það gæti að vísu verið hagkvæmt, að það fjelli saman, en það væri eigi rjett að einskorða það. Ef einhverjar ástæður væru fyrir hendi, er gjörðu ótiltækilegt, að búfræðingurinn væri bryti, yrði að vera á frjálsu valdi að gjöra það, er bezt ætti við. Búfræðingurinn ætti að hafa til tekin laun, og mætti vel vera, að hann nyti afgjaldsins, en brytinn ætti að hafa Möðruvelli eða mestan hluta jarðarinnar til ábúðar. Það væri eigi sín meining að ákveða, að búfræðingurinn skyldi vera bryti, og að hann hefði þau einkarjettindi til jarðarinnar, að hann gæti sett honum stólinn fyrir dyrnar, ef honum sýndist svo, í ýmsum efnum, er hindraði jarðarafnotin í þarfir skólans og þeirra, er næst honum standa.

Eiríkur Kúld kvaðst nú fáu mundu viðbæta við það, er sagt hefði verið. Það væri hægt fyrir hinn 6. konungkjörna þingmann að koma fram breytingaratkvæðinu. Hann sagðist vilja svara 1. þingmanni Þingeyinga nokkrum orðum. Hann myndi þá tímana, að hann hefði eigi talað svona, er um laun annara hefði verið að ræða, og hefði sjer því flogið í hug málsháttur inn: «Blessun er það, að hann batnar núna». Þingmaðurinn hefði fundið að því, að laun yfirkennarans hefðu verið sett niður, ef menn bæru það saman við laun yfirkennarans hjer við lærða skólann þá væru þau 3000 krónur, en húsaleiga væri og miklu meiri hjer, þannig væru þeir embættismenn til hjer í Reykjavík, sem gyldu 600 krónur í húsaleigu; en þess þyrfti þó eigi á Möðruvöllum, þar ætti kennarinn að fá að búa leigulaust. Þingmanninum væri það þó að líkindum kunnugt, að minni kostnaður væri að lifa í sveit en hjer í Reykjavík. Hjer væru mörg gjöld, sem eigi væru í sveit, og þess utan væru fátækragjöld hjer æði há og jafnvel hærri en í flestum sveitum. Eldiviður væri hjer mjög dýr, en á Möðruvöllum væri ný fundinn nógur mór. Þá þætti sjer þingmaðurinn hafa gjört nokkuð mikið úr kennslunni, en að sínu áliti væri hún eigi meiri en svo, að góður stúdent frá lærða skólanum hjer í Reykjavík mundi geta tekið hana að sjer. Prestar mættu eigi fá kaup fyrir að jarða sveitarómaga, og þó væri það æði opt, að þeir hefðu eytt efnum sínum sèr til náms og menningar; kennslan á Möðruvöllum kæmist þó aldrei í samjöfnuð við starfa þeirra. Að 2 kennarar gætu eigi haft bústað í skólahúsinu kvað hann óhugsandi; þá væru lögin frá 14. desember 1877 brotin. Það væri því öldungis óþarfi fyrir þingmann Þingeyinga að vísa honum í moldarkofa. Þar sem þingmanni Þingeyinga hefði þótt nefndin smásmugleg að því, er kom til brytans, þá kvaðst hann vilja spyrja, hvað brytinn hefði haft á Bessastöðum og hvaða ástæða væri til að láta þennan hafa meira. (*Benedikt Kristjánsson:* Hann kennir búfræði). Ef það væri tilgangur skólans, eins og þingmaður Skagfirðinga hefði látið á sjer heyra, að gjöra menn að barnakennurum, þá væri sannarlega eigi þörf á nýjum lögum, sem legðu prestum þá skyldu á herðar án nokkurrar borgunar að annast það, að börn læri bæði skript og reikning, og ef til vill meira. En þessu kvaðst hann verða að neita, tilgangur skólans væri allur annar.

Stefán Eiríksson kvað meðnefndarmenn sína hafa fært ástæðu fyrir áliti nefndarinnar; hún hefði að eins viljað færa niður töluupphæðirnar, til þess að gjöra landssjóðnum sem minnstan kostnað, því að ef menn læsu fjárlögin, er nú væru til umræðu í neðri deildinni, sýndist sjer ætla að saxast á limi hans Björns míns. Hann væri eigi svo vel kunnugur, að hann gæti sagt fyrir víst, hversu launin þyrftu að vera há, en hann ímyndaði sjer, að kennslugreinir þær, er teknar væru fram í frumvarpinu, væru ekki svo yfirgripsmiklar, að laun þau, er nefndin hefði stungið upp á, væru full sómasamleg; hitt vissi hann vel, að það væri alltaf viðkvæðið í slíkum tilfellum, þegar um skólastofnanir væri að ræða, að enginn þættist vilja sækja um embættið, nema hann fengi svo og svo margar krónur. Um föðurlandsástina væri eigi að tala, en hún kæmi eigi fram í krónunum. Hann ímyndaði sjer, að 2000 krónur væru full viðunanleg laun handa yfirkennaranum, og sízt hefði sjer komið til hugar, að frumvarp um jafnhá embættismanna laun kæmi að norðan, eptir allar þær frelsis predikanir um hálaunaða embættismenn, sem jafnan stæðu í norðanblöðunum.

Ásgeir Einarsson kvað sjer þykja nefndin hafa farið ómjúkum höndum um skildingana. Þar sem þingmaður Barðstrendinga hefði verið að lýsa blessun yfir þingmann Þingeyinga fyrir bata þann, er hann hefði tekið, þá þætti sjer það eiga öllu betur við sjálfan hann, því að hann myndi vel, að hann hefði eigi verið svona spar á skildingunum, er talað hefði verið um, að hækka laun embættismannanna í Reykjavík; hann ímyndaði sjer víst, að einhver gullnáma væri fyrir norðan, svo að menn gætu lifað þar á vatni, eða fjöru. Hann kvaðst ætla, að húsaleiga hlyti að verða eins dýr fyrir norðan, því að vart mundi timburhús þar kosta minna en steinhús hjer, þar sem efni væri svo ágætt við höndina. Það hefði alveg dottið ofan yfir sig, er eins lærður maður og þingmaður Barðstrendinga hefði komið með það, að eigi þyrfti nema stúdent, til að taka að sjer yfirkennaraembættið við gagnfræðaskólann; annar maður, sem hann treysti á við þingmanninn í því tilliti, hefði sagt sjer allt annað; hann gæti vel trúað því, að eigi þyrfti lærðari mann en stúdent til að bera nafnið, en í sínum augum væri það ekki nóg, og hann vildi heldur kjósa að leggja fram þær 1000 krónur, er um væri þráttað, og fá svo dugandismann, en halda hinu og fá ónytjung. Það mætti líta á lækna- og prestaskólana; þeir hefðu báðir átt erfitt uppdráttar í fyrstu, og væru þó eigi á hverju strái slíkir menn og þar væru kennarar, og þær stofnanir eigi heldur eins ókunnugar hjer og þessi gagnfræðaskóli. Hvað snerti húsnæði annars kennarans í skólahúsinu, þá hefði hann sagt þingmanninum það áður, að neðri deildin hefði neyðzt til að samþykkja frumvarpið í hittið fyrra, eins og hann hefði verið búinn að hræra í því þá í efri deildinni, til þess að það fjelli eigi alveg; eptir því sem þingmaður Þingeyinga segði, væri ómögulegt að hann fengi að búa í skólanum, og svo dygði eigi um það að tala, og áliti hann svo úttalað um hann, og brytann. Þingmanni Skaptfellinga hefði þótt saxast á limina hans Björns míns, og predikað um að þjóna embættum af tómri föðurlandsást; við slíka föðurlandsást hefði hann varla orðið var, ekki einu sinni hjá bændum sjálfum. Það væri annars undarlegt, að skóli þessi, er einmitt væri stofnaður til að koma upp bændunum, skyldi mæta mótstöðu frá þeim sjálfum. Hann hefði alltaf helzt viljað, að realkennsla kæmist á við latínuskólann, en nú væri hann orðinn of fullur, svo að rúm þyrfti, en hann vildi þó óska, að hann dygði til að veita lærða skóla menntun, svo að latínukennslunni yrði eigi slengt saman við hina á Möðru-

völlum. Að endingu vildi hann spyrja þingmann Skaptfellinga, hvort honum þætti það eigi föðurlandsást, ef maður tæki að sjer þetta embætti fyrir 3000 kr., ef hann gæti fengið embætti upp á 5000.

Eiríkur Kúld kvað sjer heyrast þingmaður Húnvetninga vera farinn að veita þetta embætti með 3000 krónum manni, sem gæti fengið 5000, það væri sannarlega gott og sýndi mikla föðurlandsást. Hann skildi með engu móti, að húsaleigan á Möðruvöllum væri eins dýr og hjer, meðan hún væri þar engin, eins og á væri kveðið í lögum frá 14. des. 1877, því að hann gengi út frá, að þau væru eigi brotin. Hann hefði veitt sjer hörð orð fyrir það, að segja að stúdent gæti tekið að sjer kennsluna; á þessu væri auðsjeð, að hann vissi eigi, hvað lesið væri í latínuskólanum, því að ef hann hefði vitað það, þá hlyti hann að sjá, að þar væru kenndar allar þær vísindagreinir, er til ætlað væri að kenndar yrðu á Möðruvöllum; það dygði eigi að byggja slíka loptkastala, og vita eigi hvað maður færi með; þingmanninum væri engan veginn hætt við því, en í þessu tilfelli sýndist sjer hann þó hafa gjört sig sekan í því. Hann vildi gjarna hlynna að skólanum, en til hvers væri að þrátta um launahækkun, meðan enginn kennari væri kominn og óvíst væri hversu margir sæktu skólann; nógar raddir mundu koma upp á eptir, sem segðu, að nær hefði verið að verja fjenu til einhvers, sem komið væri á laggirnar; hann vildi taka undir með þingmanni Skaptfellinga, og nógur tími væri að tala um að hækka launin, er það væri reynt, að þau væru of lág. Annars væri eigi til neins að deila kappi um þetta, við atkvæðagreiðsluna stæði öllum frjálst fyrir að aðhyllast, hvort sem þeir vildu, álit nefndarinnar eða frumvarpið.

Framsögumaður kvað það eigi vera rjett, að bera nefndinni á brýn, að hún væri mótfallin frumvarpinu; hún væri því þvert á móti meðmælt; hún hefði haldið því, sem mest var í varið, breytingunum á lögunum um kennarana og kennsluna yfir höfuð. Hvað lærdóm kennaranna snerti, yrði bæði hann og þingmaður Húnvetninga að fara eptir sögusögn lærðra manna, og gæti hann sagt hinum heiðraða þingmanni það, að lærður maður, og sem vel þekkti til skólakennslu, hefði sagt sjer, að ólíku væri saman að jafna kennslu við lærða skólann og þeirri kennslu, sem um væri að ræða við Möðruvallaskólann, en þó að þessum lærðu mönnum kæmi eigi saman um, hvort stúdent dygði eða eigi í þessi kennaraembætti, þá ímyndaði hann sjer, að því leyti sem þingmaðurinn lagði áherzlu á verklega kunnáttu og það framkvæmdarlega við skólakennsluna yfir höfuð, að stúdent græddi lítið í þeirri kunnáttu, þó að hann sigldi á háskólann.

Ásgeir Einarsson sagðist vera hræddur um, að þingmaður Barðstrendinga hefði aldrei lesið allt frumvarpið, því að svo hefði litið út, sem hann væri eigi vel heima í, hverjar kennslugreinirnar væru, sem ætti að kenna á Möðruvöllum, þegar hann sagði, að þær væru allar kenndar í latínuskólanum. Hann hugsaði, að kennsla í aflfræði og efnafræði væri hjer fremur ljett á metum, og dráttfræði og húfræði væru alls eigi kenndar svo hann vissi, en ef hann vildi nema burt þessar greinir, þá kippti hann að mestu fótum undan skólanum. Það væri hægt fyrir hina lærðu mennina, að fella þá bændur á þessum pröskuldi, en hann hefði þó sjeð í skólaskýrslum, hvað lesið væri hjer (*Magnús Stephensen:* Þingmaðurinn hefur víst ekki skilið «chemisk og mechanisk Fysik»). Framsögumaður hefði eigi þótzt hafa mótmælt frumvarpinu, en það væri hægt að slá fætur undan manni, án þess að mæla orð í móti honum, og svo færist honum við

frumvarpið. Um lærdóm kennaranna mætti þvæla endalaust, en hvað sem honum liði, vissi bæði hann og aðrir, að mest riði á, að vel menntaður maður fengist í byrjun, og vildi eigi láta því verða kennt um það sýtingssemi bænda, að hann fengist eigi.

Jón Jónsson kvaðst sízt hafa ætlað þingmanni Barðstrendinga, að gjöra lítið úr barnauppfræðingu, þar sem hann ætti að sjá um hana í heilu prófastsdæmi; til þess að leysa hana vel af hendi þyrfti mikinn undirbúning, og hann teldi gagnfræðaskólann mjög þarfan, ef hann útvegaði nóga og góða barnakennara; en svo ættu og að koma frá honum búnaðarskólakennarar.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.
2. grein frumvarpsins samþykkt með öllum atkvæðum.
   Uppástunga nefndarinnar «í stað 3000 kr.» komi «2000 kr.» felld með 8 atkvæðum.
   Uppástunga nefndarinnar «í stað 2000 kr.» komi «1600 kr.» felld með 7 atkvæðum.
3. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.
4. grein. Breytingaruppástunga nefndarinnar «í stað 800 kr.» komi «200 kr.» felld með 7 atkvæðum, og greinin samþykkt óbreytt með 6 atkvæðum.
5. gr. samþykkt með samhljóða atkvæðum.
6. grein. Uppástunga nefndarinnar felld með 8 atkvæðum.
   6. grein frumvarpsins samþykkt með 6 atkvæðum.
7. grein frumvarpsins samþykkt með samhljóða atkvæðum.
8. grein samþykkt með 6 atkvæðum.
9. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæða og málin vísað til 3. umræðu með 10 atkv.

Þriðja umræða, í efri deild, á 29. fundi, 6. ágúst.

Breytingaratkvæði: I 262—63.

Forseti gat þess, að landshöfðingi hefði nú gefið sitt leyfi til, að breytingaratkvæðið við Möðruvallaskólann mætti koma til umræðu ásamt frumvarpinu sjálfu, og bar það að svo mæltu undir atkvæði deildarmanna; varð að við hafa nafnakall, sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

«Já:»

Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

«Nei:»

Jón Jónsson.

Jón Jónsson kvaðst skírskota til uppástungu hins 6. konungkjörna þingmanns um, að málinu yrði frestað, til þess að færi gæfist á að hugleiða það betur, og koma, ef til vill, með nýjar breytingaruppástungur.

Forseti kvað frumvarp til laga um gagnfræðaskóla á Möðruvöllum nú vera komið til 2. umræðu, og bað menn taka til máls.

Benedikt Kristjánsson kvað sjer falla vel breytingaratkvæði uppástungumanns við 1. gr., og í sambandi við það einnig við 8. gr., og svo við fyrirsögnina, en að eins af því, að þessar breytingar væru eingöngu formlegs eðlis, en snertu eigi efni frumvarpsins, sömuleiðis væri sjálfsagt í sambandi við hitt, að fallast á að breyta greinatölunni; hin eina efnisbreyting, er stungið væri upp á, væri við 4. gr., að fast ákveða eigi með lög-

um, að búfræðiskennarinn væri bryti skólans um leið; þetta þætti sjer mjög ískyggilegt; sjer þætti eðlilegt, að kennarinn í búfræði ætti meðal annars að hafa þann kost, að vera fær um að vera bryti skólans og treysta sjer til þess, og sjer þætti það stór galli á honum, ef hann vildi vera búlaus. Almenn reynsla væri fyrir því, að mestu búslóðar töluðu jafnvel skynsamlegar en beztu bændur um búskap, en það væri að eins sem hvellandi bjalla; sú kunnátta, er ekki lýsti sjer neitt í framkvæmdum, væri alveg fjarstæð sannri búfræðislegri þekkingu, því að búfræðin væri eingöngu fyrir lífið, og hefði eigi, eins og aðrar vísindagreinir, fólgið í sjálfri sjer neitt sjerstakt ágæti, nema að því leyti sem hún kæmi að notum í því. Menn gerðu nú að vísu ráð fyrir því, að umboðsstjórnin veitti búfræðiskennaranum helzt ábúð á jörðunni og þar með brytaembættið, en ef hann nú vildi eigi taka það að sjer, þá yrði hún að veita það einhverjum öðrum manni, er til þess byðist, og þannig gæti þá skólinn fengið þann mann fyrir bryta, er skoðaði sinn hag alveg óviðkomandi skólans hag, og gerði bæði lærisveinum og kennurum lífið full dýrt; hann ætlaðist enn fremur til, að búfræðiskennslan færi eigi fram eingöngu eptir bókum, heldur væru lærisveinar einnig látnir starfa að ýmsum jarðabótum; ef nú annar maður væri bryti, en búfræðiskennarinn, þá gæti hann bannað alla slíka vinnu á jörð sinni, en þó að hann gerði það eigi, og kennarinn ljeti lærisveina starfa að jarðabótum, þá gæti orðið úr því nokkur ósanngirni; brytinn hefði nefnilega tekið jörðina með föstum leigumála, og yrðu því jarðabæturnar honum einum í hag, án þess að hann þyrfti nokkuð að vinna að þeim sjálfur; það kallar maður að taka hlut á þurru landi; sanngjarnara væri, að sá nyti góðs af jarðabótunum, er þær ynni um leið og hann bætti jörðina fyrir landssjóðinn, og það yrði, ef kennarinn hefði ábúðina. Enn fremur mundi það hvetja hann til að bæta jörðina sem mest, ef hann ætti sjálfur að njóta bótanna. Hann ímyndaði sjer og, að skólasveinar fátækir mundu opt helzt kjósa, að vera allt sumarið kyrrir, hæði til að læra verklega búfræði og vinna af sjer kostnað þann, er leiddi af veturvist þeirra; þá þættu sjer öll líkindi til, að kennarinn byði þeim betri kosti, en bryti, er áliti skólans hag eigi koma sjer við. Hann vonaðist því til, að deildarmenn yrðu sjer samdóma í því, að hafna þessari breytingu; en þá þætti sjer mikið vafamál, hvort hinar breytingarnar væru svo mikilsverðar, að kostandi væri tíma til að samþykkja þær, með því málið þyrfti þá að rekast aptur í neðri deild; hið eina, er kynni að mæla með að svo væri gjört, væri það, að frumvarpið fengi þá heldur staðfesting konungs, en með því að mörg frumvörp, er eigi hefðu verið betur úr garði gjörð að formi til, hefðu þó fengið staðfesting, þá ætlaði hann eigi að láta þessa ástæðu ráða við sig, heldur greiða atkvæði móti öllum breytingaratkvæðunum.

Jón Jónsson sagði, að forseti hefði eigi viljað bera undir atkvæði þá tillögu, að málinu væri frestað, og með því að hann hefði vald til þess að breyta þeirri venju, er höfð hefði verið áður í öðrum málum, ef hann vildi, þá ætlaði hann að sleppa kröfu sinni, en að eins að leyfa sjer að mæla í móti forseta. Hvað snerti breytingaruppástungurnar, þá væru uppástungumennirnir fjórir, og hann þekkti svo mikið til atkvæðagreiðslu hjer í deildinni, að þeim mundi veita hægt, að fá tvo menn með sjer, þess vegna mundi það eingöngu verða til málalenginga að tala móti þeim, en hann vildi þó reyna það í því trausti, að þeir uppástungumenn, er í sannleika væru skólanum hlynntir og laga vildu misfellur á hinum eldri lögunum, kæmust að þeirri niðurstöðu, að breytingar þeirra gætu lítið eða ekkert gagn gjört, en aptur gjört mikinn skaða með því að koma því til leiðar, að málið yrði drepið, og væri því hentast að taka þær aptur allar saman. Í breytingaratkvæðinu við 4. gr. sýndist sjer ósamkvæmni, þar sem talað væri um, að búfræðingurinn ætti að hafa afgjaldið af jörðunni, en engin byggingarráð; hvaða af-

gjald væri það, og hvernig yrði það ákveðið? Hann skildi eigi hvernig búfræðiskennsla ætti að fara fram, án þess að búfræðinguriinn hefði jörð til umráða til að framkvæma á jarðabætur, en hvar ætti hann að hafa þá jörð, ef hann byggi eigi á Möðruvöllum? Hin eldri lög væri búið að tæta svo í sundur, að eigi væri eptir nema ein grein í þeim, og því þætti sjer rjettast að láta hana fara líka, eins og neðri deildin hefði gjört, til þess að lögin um skólann yrðu í einu lagi. Að öðru leyti aðhylltist hann það, er þingmaður Þingeyinga hefði tekið fram móti breytingunum.

Árni Thorsteinson kvaðst vera skólanum hlynntur, og fyrir þá sök hefði hann og komið með breytingaruppástungur þessar. Hann vonaði, að skólinn yrði Norðurlandi til verulegs gagns, og að þeir styrktu hann með því að senda til hans marga lærisveina. Það væri óhagfellt, að búfræðingur væri bryti og hefði umráð yfir allri jörðinni, en þar fyrir hefði það eigi verið ætlun þeirra, er með honum ættu breytingaratkvæðið, að vilja varna því, að búfræðingur gæti verið bryti, ef svo stæði á; en til þess að jörðin yrði skólanum að sem mestum notum, ætti ekki að leggja jörðina undir brytann, heldur ætti stjórnin að hafa yfirráð yfir henni og vera heimilt að ráðstafa henni til sem mestra hagsmuna fyrir alla, er hlut ættu að máli. Þingmaður Þingeyinga hefði álitið, að búfræðingur skyldi vera bryti, og ef hann gæti eigi verið það, þá eigi taka hann. Þetta væri ef til vill æskilegt, en ef svo færi, að það væri ótiltækilegt, væri girt fyrir önnur úrræði með ákvörðun frumvarpsins. Þingmaður Skagfirðinga hefði ráðið frá að auka prentunarkostnað með löngum umræðum, en fyrir sitt leyti kvaðst hann hafa grætt á þeim, þar eð hann hefði og haldið, að velvild hans til frumvarpsins væri eigi sönn, og skorað á hann, að breytingaruppástungurnar væru teknar aptur; hann skoðaði þetta sem gengið væri nokkuð nærri skoðun manna, því breytingarnar væru eins góðar og meiningar hinna. Þingmaður Þingeyinga hefði eigi getað fallizt á breytingarnar, af því þær væru að eins formlegar. Hann kvaðst álíta það verulegt atriði að nema eigi úr lögum ákvarðanir, er gefnar væru fyrir 2 árum, og taka upp sumar ákvarðanirnar úr þeim og setja í hin nýju lög; hvað þingmann Skagfirðinga snerti, þá hefði hann víst aldrei tindað hrífu; þar skildu menn eptir þá tindana sem brúkanlegir væru. Hið sama væri með þau lög, er nú ætti að af nema. Hann vildi einnig, að 4. gr. væri borin upp til atkvæða í tvennu eða þrennu lagi, og ímyndaði sjer, að allir væru samdóma um það.

Benedikt Kristjánsson kvaðst eigi ætla að tala margt um málið sjálft; hann vildi biðja hinn 6. konungkjörna þingmann velvirðingar á því, þó hann bæði hann að leggja eigi það í orð sín, er eigi hefði í þeim legið; það hefði alls ekki verið meiningin, að breytingaruppástungurnar væru framkomnar af illvilja við skólann, hann hefði að eins viljað taka fram, hverjar afleiðingar breytingarnar gætu haft. Hann vildi geta þess til hugnunar 2. þingmanni Skagfirðinga, er hann ekki vildi hafa óskilið mál með, að hann kynni betur að tinda hrífu en hann og hinn 6. konungkjörni þingmaður, og verða að vera á því, að ef allir tindarnir væru brotnir, nema einn, væru menn vanir einnig að taka hann líka úr, enda mundi hann vera orðinn slitinn og lágur, svo hann ætti ekki að ráða hæð hinna nýju. Samlíkingin ætti ekki við.

Jón Jónsson sagði, að það væri langt frá sjer að drótta að hinum háttvirta 6. konungkjörna þingmanni, að hann eigi væri skólanum velviljaður. Viðvíkjandi búfræðingnum vildi hann benda á, að aðrir kennendur skólans mundu ekki eiga verra með að fá kýrgras hjá honum en hjá yfirstjórn skólans, og hvað það snerti, að búfræðingur gæti verið óliðlegur bryti, þá vildi hann benda á, að það væri varla verra eða óhentugra að sameina brytastörfin við búfræðingsembættið, en það, sem gert hefði verið

nýlega við hinn lærða skóla, þar sem umsjónarmennskan hefði verið sameinuð kennaraembætti.

Árni Thorsteinson sagði, að hinn verulegi munur milli hans og hinna tveggja þingmanna væri sá, að þeir hjeldu, að allt færi vel, ef búfræðingur, sem um leið væri bryti, hefði jörðina, en hann, ef umráðin væru lögð undir stjórnina, og jörðin svo gæti komið að gagni hverjum þeim, er hlut ætti að máli. Hvað snerti þingmann Skagfirðinga, þá tæki hann það ljett, er hann fyrir sitt leyti áliti óráðugt, hann áliti það hægt, að gjöra samkomulag við brytann, en það mundi þó ef til vill reynast örðugt. Hvað breytingar hans snerti, þá væru það einmitt hinar gömlu greinir laganna, er hann og meðuppástungumenn hans vildu láta standa eptir. Þar sem þingmaður Þingeyinga hefði snúið á sig með þessa tvo hrífutinda, sem eptir væru úr lögum 14. desbr. 1877, yrði hann að svara því, að þeir væru alveg nýir og óbrúkaðir.

Síðan var gengið til atkvæða um breytingaratkvæðin:

1. að 1. gr. falli burt, samþ. með 7 atkv.
2. að 2. gr. verði 1. gr. og 3. gr. 2. gr., samþykkt án atkvæða.
3. að í staðinn fyrir; «í skóla þessum» komi: «gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum», samþykkt með 10 atkvæðum.
4. breyting á 4. gr. Þessum tölul. var skipt í þrennt;
   a, «við skólann — Möðruvöllum» samþykkt með 6 atkvæðum.
   b, «landsstjórnin — jörðunni».
   Hjer var við haft nafnakall, og sögðu:

«Já:»
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Jón Hjaltalín,
Stefán Eiríksson.

«Nei:»
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason.

Jón Jónsson greiddi eigi atkvæði, var svo
   b, fallið með 5 atkvæðum móti 5.
   c, «afgjald — hans» samþykkt með 7 atkvæðum.
5. að 5. gr. verði 4. gr., 6. gr. 5. gr., 7. gr. 6. gr., samþykkt án atkvæða.
6. að 8. gr. falli burt, samþ. með 10 atkv.
7. breyting á fyrirsögn frv. samþykkt með 10 atkv.

Frumvarpið með þessum breytingum samþykkt í einu hljóði, og síðan endursent neðri deild.

Ein umræða í neðri deild, á 36. fundi, 11. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 288.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Frumvarp þetta er nú komið frá efri deild þingsins töluvert breytt frá því, sem neðri deildin samþykkti það. Sumar breytingarnar gjöra nú hvorki til nje frá, en í 3. gr. kemur efnisbreyting. Neðri deildin ákvað, að búfræðingur sá, sem kenna á við skólann, skuli fá jörðina Möðruvelli til leigulausrar ábúðar og hann skyldi jafnframt vera bryti skólans. Þessum atriðum báðum er nú sleppt úr frumvarpinu. Þessar breytingar get jeg með engu móti fallizt á. Sá kennari, sem kenna skal verklega búfræði við skólann, þarf nauðsynlega að hafa búsýslu og jörð til afnota, annars skil jeg ekki, hvernig hans verklega búfræðiskennsla getur orðið verkleg eða til nota. Hann þarf að ráða yfir áburði, til þess að geta sýnt verklega, hvernig með hann skal fara; hann þarf að hafa skepnur, til þess að geta sýnt meðferð á þeim; hann þarf að kenna meðferð á fræi og alls konar útsáði, hversu djúpt skuli sá, hvort haustsæði geti komið að notum. Í einu orði sagt, hann þarf að kenna allan

búskap; hann þarf að reyna og prófa erlenda búfræði í íslenzkri jörð og veðurlagi. Til alls þessa þarf hann búsumráð og jörð. Sem bryti — og skólinn þarf nauðsynlega bryta — sem bryti þarf hann líka bú og bújörð að hafa. Hver skyldi vera bryti, ef ekki búfræðingurinnn sjálfur? hvar nema við skólann getur brytinn verið? Þessi úrfellir úr frumvarpi neðri deildarinnar, sem efri deildin hefur gjört, er mjer alveg óskiljanlegur. Þó skal jeg samt sem áður heldur hætta á að samþykkja lögin svo sköpuð, en eiga hitt á hættu, að þau gangi ekki fram. Bótin sú er í máli, og á það treysti jeg, að hið umboðslega vald eða yfirstjórn skólans muni óðar koma þeim ákvörðunum á, sem úr hafa verið felldar, þegar skólinn er settur, því umboðsvaldið getur slegið upp og veitt búfræðsluembættið með þeim skildaga, að búfræðingurinn takist jafnframt á hendur að vera bryti skólans, og fái jörðina til umráða. Slík ráðstöfun með búnað búfræðingsins er alveg sjálfsögð og ómissandi við þennan skóla, sem er í sveit, og að öðrum kosti verður búkennslan ónýt eða eintómt bókagutl til einskis.

Þá var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 19 atkvæðum, og kvað forseti málið verða sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXI. SVEITARSTJÓRN.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 19., 28., og 29. gr. Frá Sighvati Árnasyni, Stefáni Eiríkssyni og Ásgeiri Einarssyni. Sjá 190.

Fyrsta umræða í efri deild, á 12. fundi, 15. júlí.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason) kvaðst eigi vilja fara langt út í málið; það væri bæði vandasamt og nauðsyn á að íhuga það. Hann legði það því til, að kosin væri 3 manna nefnd og umræðunni frestað.

Forseti ljet ganga til atkvæða um tillögu þessa, og var hún samþykkt með 7 atkvæðum. Þessir hlutu kosning.

Sighvatur Árnason með 9 atkvæðum.
Bergur Thorberg — 4 ——
Benedikt Kristjánsson — 4 ——

Málið var afhent þingmanni Rangæinga.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Nefndarálit, með breytingartillögum, sjá I 146—48.

Framsögumaður (Bergur Thorberg) gat þess, að í frumvarpinu væri prentvilla 1.—10. október í stað 1.—20. Kvaðst hann fátt hafa að athuga við álit nefndarinnar; deildin hefði með því að setja nefnd í málinu, sýnt, að hún vildi láta sinna frumvarpinu, og það hefði nefndin viljað líka, og hefði hún fallizt á frumvarpið, án þess að breyta aðalatriðum þess; þær breytingar, er hún hefði gjört, snertu að eins formið; henni hefði þótt fara betur, að taka upp í frumvarpið einnig þær ákvarðanir þessara greina í sveitarstjórnarlögunum, er ætlazt var til að yrðu óbreyttar, en nema þær síðan úr gildi í heild sinni, en eigi að eins einstaka parta þeirra.

Jón Jónsson kvaðst kunna nefndinni þakkir fyrir starfa sinn; hann væri vel ánægður með þær breytingar, er hún hefði gjört, en sjer þætti þær að eins eigi nógu margar; hann hefði heldur óskað, að hún hefði stigið feti lengra, og fært líka eindaga sveitargjalds, því að sjer þætti hann óhentugur, bændur mundu eiga hægra með, að borga gjald sitt þegar kæmi fram á vor, heldur en um miðjan vetur; hann vildi því áskilja sjer rjett til að gjöra breytingaratkvæði við einstök atriði, en eigi fara lengra út í það að sinni. Eitt atriði væri, sem hann vissi eigi, hvort hann hefði skilið rjett, nefnilega það, hvort niðurjöfnunin ætti, að ætlun nefndarinnar, að fara fram eptir tíundarframtalinu, eða eptir tilliti til tekna gjaldþegnsins næsta ár á undan.

Benedikt Kristjánsson kvað sjer þykja þessi ræða hafa farið of langt út í einstök

atriði. Eptir orðum þingmanns Skagfirðinga að dæma væri honum eigi full ljóst um útsvörin, og sveitamál yfir höfuð. Hann vildi þá fræða hann á því, að niðurjöfnun sú, er gjörð væri þremur vikum fyrir reikningsár, væri fyrir komandi ár. Nefndin hefði flutt niðurjöfnunina til haustsins, en hún væri fyrir hið yfirstandandi fardagaár; reikningsárinu vildi nefndin eigi breyta. Málið væri í sjálfu sjer óbrotið, og nefndin hefði gjört við það litlar breytingar, því að það væri ekkert áhlaupaverk, ef breyta skyldi öllum sveitarstjórnarlögunum, enda virtist engin þörf á því, þar sem þau yfir höfuð að tala væru vinsæl og góð, og engar umkvartanir komnar um þau.

Stefán Eiríksson kvað sjer líka vel tillögur nefndarinnar. Það hefði áður verið sínar tillögur, er þetta frumvarp var samið, að til taka tímann til niðurjöfnunarinnar frá 1.—20. október; sjer þætti því að eins spilla að breyta nokkru í nefndarálitinu, því þar væri allt það tekið fram, er þyrfti, til þess að niðurjöfnunin færi fram á fardagaárinu, en ekki 3 vikum fyrir reikningsárið.

Jón Pjetursson kvað sjer þykja nefndarálitið gott, en að eins nokkru yfirgripsmeira, en frumvarp það, er var fengið nefndinni í hendur, og sýndist honum það koma fram sem nýtt frumvarp, en með því að þetta væri fyrsta umræða, mundi það geta fengið framgang þó að svo væri.

Framsögumaður kvað frumvarp nefndarinnar vera miðað við hinar einstöku greinar hins frumvarpsins, og sýndist sjer viðaukar og breytingar nefndarinnar geta komið fram sem eðlilegar breytingaruppástungur við það, svo að hægt væri að bera þær undir atkvæði. Þingmaður Þingeyinga hefði svarað flestu í ræðu þingmanns Skagfirðinga. Nefndin hefði álitið, að hún ætti eigi að gjöra meiri breytingar við sveitarstjórnarlögin, en farið væri fram á í frumvarpinu, því að svo miklu leyti sem sjer væri kunnugt, væru þau vinsæl, og hann hefði að eins heyrt fundið að þessum tveimur greinum, er nú væri talað um að breyta. Eptir nefndarálitinu sýndist sjer enginn vafi geta verið á því, að niðurjöfnunin, er gjör væri á haustin, gilti fyrir hið þá yfirstandandi ár, og væri byggð á efnahag manna á því ári, sem þá væri orðinn kunnugri en í byrjun reikningsársins, einkum þeirra manna, er nýkomnir væru í sveitina. Það væri haft á móti því, að takmarkið milli niðurjöfnunar og eindaga væri of þröngt, en sjer þætti þó líklegt, að hreppsnefndin gæti verið búin á þeim tíma að leggja úrskurð á kærur manna, er kynnu að koma fram, en þó að sýslunefnd væri eigi búin að því, gerði það ekki til, þar sem kærandi hlyti að greiða útsvar sitt eins fyrir það.

Jón Jónsson kvað sjer eigi vera ljóst, hvort nefndin hefði haft fyrir augum, hverjir skattskyldir væru, hvort þeir einir, sem hefðu bú og teldu fram til tíundar, eða allir án tillits til búskapar og tíundar. Að gjöra niðurjöfnunina fyrir yfirstandandi fardagaár á haustin, þætti sjer eigi vel til fallið, því að hreppsnefndin gæti þá að eins haft fyrir augum tekjur mannsins á þeim hluta ársins, er liðinn væri, en vissi eigi um þann hlutann, er eptir væri, en hún þyrfti að hafa tillit til tekna mannsins árið um kring.

Framsögumaður kvað sjer finnast þingmaður Skagfirðinga skoða sveitarútsvarið eins og tekjuskatt; en það væri ekki rjett, því það ætti að miðast við efni manna og ástæður, en eigi tekjur eingöngu. Erfitt væri að fylgja fastri reglu í þessu efni, og hefði því nefndin enga breyting gjört um aukaútsvör. Nefndin hefði sett í staðinn fyrir, «þá er lögheimili eiga í hreppnum», «alla hreppsbúa», og meinti með því alla þá, er eiga að greiða útsvör, hvort sem það eru bændur eða aðrir, svo sem lausamenn, eða jafnvel vinnumenn, ef þeir hefðu eitthvað meira en vinnu sína, t. a. m. sjávarútveg eða skepnur.

Eiríkur Kúld sagðist vera vel ánægður með nefndarálitið, en þar sem framsögumaður hefði viljað láta leiðrjetta prentvilluna 1.—10. í stað 1.—20., þá kynni hann einmitt betur við að láta prentvilluna standa,

þó mundi hann eigi gjöra það að kappsmáli, en áskilja sjer rjett til að koma fram með breytingaratkvæði, ef sjer svo sýndist; það væri sjálfsagt, að niðurjöfnunin byggðist á efnahag manna um það leyti, að hún væri gjör, en í sjóplássunum yrði þó að hafa tillit til væntanlegra hluta; ef niðurjöfnun færi eigi fram, fyr en um 20. október, yrði erfiðara, að vera búinn að koma fram kærum sínum og fá úrskurð nefndarinnar á þeim fyrir gjalddaga.

Bergur Thorberg kvað nefndina hafa haft í huga, að velja sama tímabil og til væri tekið fyrir hreppskilaþing, og hreppsnefndin mundi þá vera orðin kunnugri vanhöldum á fje manna, annars gætu menn haft um það ýmsar skoðanir

— Málinu var því næst vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Breytingartillögur: I 148. 181. 184.

Atkvæðaskrá: I 207—208.

Framsögumaður (B. Thorberg) sagði, að tillaga nefndarinnnr hefði fengið svo góðan róm hjá deildinni, að hann fyndi nú eigi ástæðu til að mæla meir með frumvarpi þessu, en þegar væri búið að gjöra. Hvað breytingaruppástungurnar snerti, þá væru þær fáar og ekki mikils verðar. Breytingaruppástunga hins 3. konungkjörna þingmanns, »á hreppsbúa« í staðinn fyrir »á alla hreppsbúa«, væri saklaus, en að sínu áliti þýðingarlaus orðabreyting, en ekki efnisbreyting; gæti hún, ef til vildi, orðið til skilningsauka, og þætti honum því eigi ótrúlegt, að meðnefndarmenn hans mundu fallast á hana.

Frá 2. þingmanni Skagfirðinga hefðu komið 3 breytingaratkvæði; hið 1. væri við fyrirsögnina; sú breyting væri í sjálfri sjer ekki röng, en þó eigi rjettari en nefndarálitið, heldur ónákvæmari, þar eð hún benti ekki á, hvaða greinum breytt væri. 2. breytingin væri þannig vaxin, að hann fengi ekki sjeð annað, en að hún væri annaðhvort samin í gamni, sem hann gæti þó eigi skilið, eða af þekkingarskorti á íslenzku máli; hann ætlaði, að hver sá maður, sem skildi málið, mundi sjá, að »ekki hrökkva« væri eins gott mál eins og »hrökkva ekki«, eptir sínu áliti væri orðaskipun nefndarinnar viðkunnanlegri en hin. Hvað 3. breyting þingmannsins snerti, þá sýndist sjer hún óþörf og fremur gjöra frumvarpið óljósara en skýra það.

Sighvatur Árnason sagði, að það væri rjett, sem varaforsetí hefði tekið fram, að málið hefði fengið góðan róm hjá deildinni, en hann vildi taka það fram frumvarpinu til styrkingar, að megn óánægja væri yfir 19. gr. sveitarstjórnarlaganna um það, að niðurjöfnunin skuli fram fara þrem vikum fyrir fardaga; bæði væru fjárhöld manna þá eigi nægilega kunnug, og slátturinn, sem væri aðalbjargræðistíminn í sveitum, reyndist sumum opt fyrir ýms tilfelli næsta stopull, en aptur öðrum gengi heyskapurinn vel, og hefði því eigi sjaldan við borið, að niðurjöfnunin hefði verið dregin fram á haust, og stundum hefði henni verið breytt á haustin; slíkt ætti illa við og væri eigi rjett; það væri mjög leitt að hafa þau lög, er menn neyddust til að fara kringum. Enn fremur væri eitt atriði, sem hann vildi taka fram, þar eð sjer hefði eigi hugkvæmzt það, meðan hann sat í nefndinni. Það kæmu ýms mál fyrir sýslunefndina, sem þyldu uppihald til næsta fundar, en sem hún sæti yfir í 1—3 daga. Til að starfa að slíkum málum ætti sýslunefnd að velja menn úr sínum flokki, til að undirbúa þau undir næsta fund, og hafa heimild til að greiða þeim mönnum þóknun fyrir það, og gæti slíkt orðið í hag fyrir sýslusjóðinn, því sýslunefndarmennirnir, sem til þessa væru valdir, gætu eins gjört þetta heima hjá sjer á einum degi, eins og sýslunefndin öll á einum degi, en væri ólíku saman að jafna með kostnaðinn, og vildi hann bera sig saman við samnefndarmenn sína um þetta atriði, áður en málið kæmi til 3. umræðu.

Hvað breyting 2. þingmanns Skagfirð-

inga snerti í 3. línu í 1. gr., þá fjelli sjer í sjálfu sjer vel við hana, en hún ætti hjer eigi við, heldur ætti hún við fátækrareglugjörðina, og gæti hann því betur fellt sig við breyting hins 3. konungkjörna þingmanns.

Jón Jónsson sagði, að varaforseti hefði þakkað deildinni fyrir góðan róm, er hún hefði gefið nefndarálitinu; hann vildi nú þakka varaforseta fyrir undirtektir hans undir breytingaruppástungurnar; sjer hefði eigi þótt málrómur hans lýsa því, að hann mundi verða meðmæltur breytingum sínum, en við nákvæmari íhugun hefði hann komizt að raun um, að hann í raun og veru væri sjer meðmæltur; hann hefði ekki fundið annað að breytingu sinni um fyrirsögnina, en að hún væri ónákvæm, en þessi ónákvæmni gæti varla komið til skaða úr því, að varaforseti hefði sjálfur fundið breytinguna eins rjetta og fyrirsögn nefndarinnar, og hefði hún þann mikla kost fram yfir nefndaruppástunguna, að hún væri talsvert styttri. Hvað aðra breyting sína snerti hefði varaforseti sagt, að «hrökkva ekki» væri eins gott «og ekki hrökkva»; en því hefði nefndin þá breytt sveitarstjórnartilskipuninni? Hún hefði «hrökkva ekki» og nefndin hefði hjer annaðhvort breytt því, sem engin ástæða væri til að breyta, eða verið ónákvæm, þegar hún skrifaði upp greinina eptir sveitarstjórnartilskipuninni. Þingmaður Rangæinga hefði fallizt á breytinguna, en álitið, að hún ætti hjer eigi við, heldur við fátækrareglugjörðina. Þetta væri misskilningur. Reglugjörðin væri löngu úr gildi gengin og sveitarstjórnartilskipunin komin í staðinn. Sveitargjaldið væri alveg nýtt gjald; það hvíldi ekki eins og aukaútsvarið að eins á bændum og iðnaðarmönnum; sveitargjaldið ætti að greiðast af öllum hreppsbúum, er eitthvað ættu til, körlum og konum, ómyndugum sem myndugum, vinnuhjúum sem húsbændum.

Benedikt Kristjánsson sagði, að orðin: «ekki hrökkva» í staðinn fyrir «hrökkva ekki» hefðu komið af gáleysi nefndarinnar, sem ekki hefði ætlað sjer að breyta í þessu orðaskipun sveitarstjórnarlaganna, og mundi hún fús að fallast á að hitt færi betur, ef þingmaðurinn vildi játa, að hann í þessu efni hefði gjört úlfalda úr mýflugunni.

Ásgeir Einarsson sagði að nauðsynlegt væri, að frumvarpið væri gjört skiljanlegt alþýðu, en af öllu mætti of mikið gjöra. Hvað breyting hins 3. konungkjörna þingmanns snerti, þá sýndist sjer eins mega hártoga hana, eins og það er stæði í nefndarfrumvarpinu. Ef brúkað væri orð nefndarinnar, sýndist sjer mega bæta við «gjaldskylda», og yrði það þá þannig orðað, «á alla gjaldskylda hreppsbúa» án tillits til þess, hvort þeir væru vinnumenn eða ættu með sig sjálfir, og að þingmaður Skagfirðinga hefði nógsamlega tekið það fram, að vinnumenn kynnu að skorast undan að greiða aukaútsvar, ef þeir tíunduðu ekkert, enda vissi hann til, að þetta hefði opt komið fyrir.

Sighvatur Árnason kvað sjer hafa vel líkað skýring 2. þingmanns Skagfirðinga, og mundi mörgum þykja gott að geta byggt á henni, og mundu menn gera það með því meira trausti, sem hún væri komin frá lögfróðum manni!!

Framsögumaður kvaðst álíta þá skoðun 2. þingmanns Skagfirðinga um sveitarstjórnarlögin, að þau breyti reglunum um skylduna til að greiða aukaútsvar, eigi rjetta; eptir sínu áliti innihjeldu sveitarstjórnarlögin enga breyting á eldri lögum um þetta efni, og þegar sveitarstjórnarlögin voru til búin og rædd á þingi, kom ekkert það fram, er sýndi, að breyta ætti hinum eldri reglum um þetta í reglugjörð 8. jan. 1834. Hann væri samdóma þingmanni Húnvetninga í því, að ef áherzla lægi á a l l a sveitarbúa, þá færi það of langt; þá ætti að leggja aukaútsvar á menn, sem engum dytti í hug að væru skyldir til að greiða það eða gætu greitt það. Eldri lögin heimiluðu eigi að eins að leggja aukaútsvör á búandi menn, heldur einnig á vinnumenn, er einhverja aukaatvinnu hefðu, svo sem hefðu sjávarútveg eða ættu tíundarbært fje; en gæfu enga heimild til að leggja útsvar

á þá vinnumenn, er ekkert hefðu, nema kaup sitt, og hin sömu takmörk hefði að hans áliti útsvarsskyldan eptir sveitarstjórnarlögunum, þó orðin sýndust gefa tilefni til rýmri þýðingar, ef ákvörðunin ekki væri sett í eðlilegt samband við hinn eldri rjett. Hann sagði, að þingmaður Húnvetninga fylgdi sömu stefnu og hann, en að sjer þætti viðbót hans óþörf. Þingmaður Skagfirðinga hefði tekið það fram, að eigi þyrfti að leggja tíund til grundvallar fyrir aukaútsvari, og væri það án efa rjett, að leggja mætti aukaútsvar á menn, þó þeir ættu ekki tíundarbært fje, enda væri það opt gjört. Hann sagði, að meðnefndarmenn sínir hefðu tekið allt annað fram, sem þyrfti að koma til greina, svo að hann þyrfti engu þar við að bæta.

Jón Pjetursson sagðist vera á sama máli og varaforseti í því, að ekkert ætti að tala um það, hvernig gjaldið skyldi á leggja, heldur halda sjer til gildandi laga, og af þeirri ástæðu gæti hann eigi fallizt á þá breyting 2. þingmanns Skagfirðinga við 1. gr., er gjöra vildi skil á því, hvernig gjaldið skuli á leggja. Sjer sýndist heldur eigi með þurfa þennan fyrirhugaða viðauka þingmanns Húnvetninga, «gjaldskylda», því að auðvitað væri, að gjaldið væri eigi lagt á aðra en þá, er gjaldskyldir eru optir lögum; lögin ættu eigi að áminna menn um, að leggja það ekki á þá, er eigi ættu að gjalda það. Ef orðinu «alla» væri bætt við, þá mætti skilja það um alla undantekningarlaust, og þá kæmi ný regla; sjer fyndist því eigi þurfa annað en hreppsbúa, því það væri auðvitað, að með þeim væru meintir allir þeir, sem eptir gildandi lögum ættu að greiða fátækraútsvar, og mætti því sleppa þessu orði «alla».

Jón Jónsson sagði, að þingmaður Þingeyinga yrði að játa, að orðabreytingar væru opt smásmuglegar, og kvaðst eigi hafa ætlað, að svona saklaus breyting mundi vekja svo langar umræður. Hvað sveitargjaldið snerti, þá vissi hann, að varaforseti þekkti betur umbúning sveitarstjórnartilskipunarinnar og praxis en hann, og kvaðst kunna honum þakkir fyrir skýringar hans í því efni. En eptir þessum skýringum, einmitt af því, að það virtist vera álitið vafasamt, hvort jafna mætti niður sveitarútsvari á aðra en þá, sem teldu fram til tíundar, væri breytingaruppástungan nauðsynleg. Samt yrði hann að halda skoðun sinni um, að þegar væri heimild til þess að jafna á alla hreppsbúa án tillits til stöðu þeirra, á búendur eins vel og á búlausa. Þetta væri sanngjarnt. Maður gæti, ef til vill, sagt, að margir búlausir menn hefðu ekki kosningarrjett, og að ósanngjarnt væri að leggja á þá gjald til sveitarsjóðs, því að þeir mættu ekki kjósa menn í hreppsnefndina, sem hefði umráð yfir sveitasjóðnum; en því jöfnuðu menn þá gjaldi á konur (ekkjur), sem aldrei gætu kosningarrjett fengið, það gætu þó flestir vinnumenn og unglingar með tímanum, þegar þeir yrðu bændur eða næðu lögaldri. Þingmanni Rangæinga vildi hann benda á, að sýslunefndir hefðu þegar nú samkvæmt sveitarstjórnartilskipuninni það vald, er hann nú ætlaði að veita þeim.

Benedikt Kristjánsson kvað þingmann Skagfirðinga hafa barizt fyrir breytingaratkvæði sínu, að útsvar væri lagt á án tillits til þess, hvort sá, er útsvar væri gjört, ætti fje til tíundar eða ekki; þetta væri venja, og hann vissi eigi betur, en að hæstarjettardómur væri fyrir því, að vinnumenn gyldu útsvar af þeirri ástæðu, að þeir ættu arðberandi eigur, sem ekki teldust til tíundar. Hann gæti hvergi lesið það út úr sveitarstjórnarlögunum, að þau breyttu reglugjörðinni frá 1834, og það hefði sjer þótt merkilegast, að allar þær ástæður, er hann hefði borið fyrir sig, væru einmitt á móti honum. Hann hefði kallað það ósanngjarnt, að leggja útsvar á þá menn, er eigi hefðu kosningarrjett til hreppsnefndar, en þar til heyrðu bæði vinnumenn, börn og ekkjur, sem gætu átt auð fjár, og þó væri það tilgangur hans, að inniloka alla þessa í útsvarsskyldunni, því að hann færi fram á, að það væri lagt á alla, er nokkuð ættu til, að ómögum undan-

skildum, og þætti sjer því eigi nein ástæða að fallast á breytingaruppástungu hans.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig.

1. grein.

1. Breytingaruppástunga 2. þingmanns Skagfirðinga felld með 7 atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga Jóns Pjeturssonar samþykkt með 8 atkvæðum.
3. Breytingaruppástunga 2. þingmanns Skagfirðinga felld með 7 atkvæðnm móti 2.
4. Nefndarinnar fyrsta grein með áorðnum breytingum samþykkt með öllum atkvæðum.
5. Frumvarpsins 1. gr. þar við fallin.

2. grein.

6. Uppástunga nefndarinnar samþykkt með 9 atkvæðum.
7. Fyrri hluti 2. gr. í frumvarpinu fallinn.
8. Uppástunga nefndarinnar samþykkt með samhljóða atkvæðum.
9. Frumvarpsins 2. gr. síðari hluti óbreyttur samþykktur í einu hljóði.

3. grein.

10. Nefndin, að frumvarpsins 3. gr. falli burt, samþykkt í einu hljóði.
11. 3. grein frumvarpsins þar við fallin.
12. Breytingaruppástunga 2. þingmanns Skagfirðinga felld með 6 atkvæðum mót 2.
13. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
14. Að frumvarpið þannig lagað gengi til 3. umræðu, samþykkt með 10 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 22. fundi, 26. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 215—216.

Breytingar- og viðaukaatkvæði I 214.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*) sagði, að nefndinni hefði þótt ástæða til að koma fram með þá viðaukauppástungu, að sýslunefndum væri veitt heimild til að fela nefndarmönnum á hendur ýmsan þann starfa, er fyrir kynni að koma milli funda, og til að veita þeim þóknun fyrir þennan starfa, því þetta gæti flýtt fyrir málunum, þar sem tafsamt og kostnaðarsamt yrði, ef sýslunefndir ættu að sitja á fundi meðan verið væri að framkvæma slík störf; þetta gæti jafnvel orðið kostnaðarsamara en að fela einstökum manni starfið á hendur, en ef sýslunefndirnar ekki gætu launað slíkt starf, væru erfiðleikar á því að fela það einstökum nefndarmönnum á hendur.

Jón Jónsson kvaðst vera samdóma framsögumanni um það, að sýslunefnd gæti veitt mönnum úr sínum flokki þóknun fyrir hin áminnstu störf, en þetta gætu þeir einnig veitt mönnum fyrir utan nefndina, og ónauðsynlegt væri að tiltaka nokkuð um þetta fjárveitingarvald, því sýslunefndin hefði þetta vald samkvæmt 42. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, er veitir heimild til að borga úr sýslusjóði sjerhverja þá upphæð, er sýslunefnd samþykkir. Nefndin hefði nú fallizt á það, að stytta fyrirsögnina, en betra hefði verið að fara nokkuð lengra en nefndin hefði gert, og aðhyllast að öllu leyti breytingaruppástungu þá, er í þessu tilliti kom fram við 2. umræðu.

Benedikt Kristjánsson kvaðst finna ástæðu til að svara þingmanni Skagfirðinga nokkru. Hann hefði mikið móti viðauka nefndarinnar, af því að hann ætlaði, að sýslunefndirnar mundu misbrúka hann; til þessa gruns þætti sjer eigi ástæða, þar sem reikningar hennar væru eins yfirlitnir og úrskurðaðir af amtsráði eptir sem áður, enda væri óhugsandi, að ætla mönnum, sem hefðu slíkt álit á sjer sem sýslunefndarmennirnir, slika misbrúkun á valdi sínu. Þar sem þingmaður Skagfirðinga vildi eigi láta binda sig við sjálfa sýslunefndarmennina, heldur leyfa einnig að taka menn utan nefndar til ýmissa starfa, þá ætti það alls eigi við, að nefndin fengi utannefndarmönnum þau störf í hendur, er undir hana heyrðu, því að ef þeirri reglu væri fylgt fram, mættu sýslunefndarmenn eins senda menn í stað sinn á fundi, og væri auðsjeð

að slíkt mætti eigi leyfa. Það hefði eigi verið rjett hjá þingmanninum, að sýslunefndir stæðu fyrir vegagjörðum; sýslunefndirnar kvæðu að eins á, hvar vinna skyldi vegabætur, og fælu einhverjum manni að standa fyrir þeim, og fengi hann laun úr vegabótasjóði. Breytingaruppástunga þingmanns Skagfirðinga, sem deildin hefði eigi viljað fallast á, hefði í rauninni haft við nokkuð að styðjast, og því hefði nefndin farið fram á breytingu í sömu stefnu, en þar eð uppástunga hennar hefði meiri kosti til að bera en breytingaruppástunga hans, þætti sjer engin vanvirða fyrir deildina að fallast á hana, þó að hún hefði fellt hina.

Stefán Eiríksson kvaðst vera nefndinni þakklátur fyrir viðaukagrein þá, er hún vill bæta inn í frumvarpið, því að hann áliti hana mikla rjettarbót, því ef að t. a. m. 14 sýslunefndarmenn ættu að sitja á sýslufundi yfir hverju máli, mundi það verða miklu dýrra, en ef sýslunefndin fæli það 1 eða 2 á hendur; en að fá slík störf í hendur utannefndarmönnum, þætti sjer eiga ver við. Hann vildi því óska, að deildin tæki vel við þessum viðauka nefndarinnar.

Framsögummaður (B. Thorberg) kvaðst vilja að eins bæta því við það, er þingmaður Þingeyinga hefði svarað þingmanni Skagfirðinga, að sjer virtist sjálfsagt að taka 42. grein sveitarstjórnarlaganna í takmörkuðum skilningi; sýslunefndinni gæti eigi verið veitt heimild til að veita fje til alls, heldur að eins til þeirra málefna, er heyrðu undir hennar verkahring. En hvað snerti laun sýslunefndarmannanna sjálfra, þá væru þau beinlínis ákveðin, en laun fyrir störf milli funda gætu naumast heyrt inn undir þær ákvarðanir sveitarstjórnarlaganna, sem heimiluðu sýslunefndarmönnunum borgun; og til þess að heimila sýslunefnd rjett til að veita slíka borgun, þyrfti því nýja ákvörðun, og væri þannig þörf á þeirri viðaukaákvörðun, sem nefndin hefði stungið upp á; þar á móti gæti sýslunefndin falið einhverjum utannefndarmanni ýmisleg störf á hendur fyrir borgun af sýslusjóði, ef hún þyrfti einhvers þess með, er betra væri að fela utannefndarmanni, t. d. að semja áætlanir, sem útheimta sjerstaklega þekkingu, en hitt væri vitaskuld, að sýslunefndarmaður að öðru leyti ekki gæti sett utannefndarmann í sinn stað til að gjöra sín skylduverk.

Jón Jónsson kvað aðfinningarnar við sig vera byggðar á eintómum misskilningi; hann hefði aldrei ætlazt til þess, að sýslunefndir fælu utannefndarmönnum þau störf á hendur, er þær ættu sjálfar að vinna, heldur að eins þau, er þær þyrftu hjálpar við, ef fyrir þær kæmu. Framsögumaður hefði sagt, að það væri ljóst, að sýslunefndir hefðu vald til, að leggja fje fram handa utannefndarmönnum, er ynnu fyrir hana, en hvernig gæti þá nokkur vafi verið á því, að þær hefðu líka vald til að ákveða laun fyrir störf nefndarmanna milli funda? Þar sem til teknir væru dagpeningar nefndarmanna, þá skildi hann það svo, að hin minnsta upphæð, er nefndarmenn hefðu tilkall til, væri til tekin, en þeir mættu fá meira, ef þeir ynnu til þess, og ef svo væri, þá væri óþarfur viðaukinn, og sjer þætti betra að fella hann undan, því að hann vildi eigi setja nein takmörk fyrir fjárveitingarvaldi sýslunefndanna. Framsögumaður hefði eigi viljað hafa vald nefndanna of rúmt, til þess, að þær veittu eigi fje til annara mála en þeirra, er beinlínis heyrðu undir þeirra verkahring, en hann þekkti ekki neitt það málefni snertandi almenning í hjeraðinu, er sýslunefndin gæti eigi á einhvern hátt skipt sjer af, og þá gæti hún einnig lagt fje til þess, en það væri vitaskuld, að hún hefði eigi leyfi til að leggja fje einstökum mönnum, nema því að eins, að þeir hefðu unnið eitthvað fyrir almenning. Ef þingmaður Þingeyinga vildi vera sjálfum sjer samkvæmur, hefði hann átt að vera með breytingaruppástungu sinni um að stytta fyrirsögnina, því að hann hefði verið með að stytta um daginn fyrirsögn sóttvarnarlaganna. Hin nákvæma fyrirsögn á eldri lögunum stæði í sjálfum lögunum, og þyrfti því ekki að vera í fyrirsögninni, sem æfinlega ætti að vera sem stytzt.

Ásgeir Einarsson kvað sjer þykja það undarlegt, að þingmaðurinn, sem vildi hafa lögin sem skýrust, skyldi þó vera á móti því, að kveða fast á um, hvað leyfilegt væri hverju stjórnarvaldi; það væri eigi gott, að þingið mætti fleygja út fje til hvers sem skyldi, en verra fyrir sýslunefndirnar að hafa engar ákvarðanir um það; hann vildi taka til dæmis, að ein sýslunefnd fyrir norðan hefði veitt búfræðingi einum 200 kr., af því landshöfðingi hefði haft það í skilyrði, ef hann veitti jafnmikið úr landssjóði, en þó hefðu margir legið henni á hálsi fyrir það, og eigi þótt hún hafa heimild til þess. Það kæmi mjög opt fyrir, að sýslunefndum væri nauðsynlegt, að fá einhverjum í hendur störf milli funda, þegar til dæmis kærur kæmu um sveitarútsvör, þá væru þær opt svo yfirgripsmiklar og margar, að nefndin þyrfti langan tíma til að fara yfir þær, og þó að nú ákveðið sje, að nefndin skuli leggja úrskurð á þær á sama fundi, þá hefði hún má ske eigi samvizku til að fleygja þeim óskoðuðum, og þá væri nauðsyn fyrir hana til að fá þær í hendur nokkrum mönnum til íhugunar. Það væri einnig ósanngjarnt, er uefndir ættu að semja reglur um fjallskil og þess konar, að þær hefðu eigi þóknun fyrir ferðalög sín, sem út af því kæmu. Menn hefðu sagt, að eigi væri tími til í þetta sinn, að fara að umturna öllum sveitarstjórnarlögunum, og væri hann því samþykkur, annars mundi hann hafa drepið á fleiri breytingar.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða um breytingar- og viðaukaatkvæði nefndarinnar í málinu (I 214), og var

1. tölul. samþykktur með 10 atkvæðum.
2. — —— án atkvæðagreiðslu.
3. — —— með 10 atkvæðum.

Síðan var frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði, og eptir það sent til neðri deildar.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 31. fundi, 6. ágúst.

Frumvarpið eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 232—33.

Guðmundur Einarsson: Mjer þykir vænt um frumvarp þetta, af því að hingað til hefur verið mikill ágreiningur um, hvernig leggja ætti aukaútsvör á menn eptir sveitarstjórnarlögunum, og kveður svo rammt að þessu, að til eru þeir hreppar hver hjá öðrum, að sinni reglunni fylgir hver, og þar af leiðir, að á einstaka menn, sem flytja inn í þá og úr þeim, er lagt tvenn sveitarútsvör sama árið, en aðrir einstakir sleppa alveg fríir. Þetta er óhæfa, og til að ráða bót á henni, veit jeg til, að ein sýslunefnd hefur gjört umkvörtun. Jeg álít því nauðsynlegt að hreifa þessu máli, en af því að liðið er á þingtímann, þá vil jeg ekki ráða til, að nefnd sje sett í málið. Eitt atriði er í frumvarpi þessu, sem jeg vil breyta við 2. umræðu, og hef jeg svo ekki meira við það að athuga í þetta sinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg fyrir mitt leyti sje ekki þörf á breytingu við reglugjörð þessa; þetta frumvarp er sprottið af einhverju skilningsleysi, af því að menn geta eigi lagt á menn aukaútsvör, sem koma eptir fardaga í hreppinn, en þessi breyting bætir lítið úr því; en úr því farið er að hreifa við lögum þessum, þá sýnist mjer að taka megi fyrir fleiri atriði, og vil jeg því leggja það til, að nefnd sje sett í málið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg veit, að almenn umkvörtun er um þetta efni, sem frumvarp þetta tekur fyrir, og er hún víst byggð á góðum rökum, og þó það hefði má ske verið heppilegast, að endurskoða sveitarstjórnarlögin öll í heild, þá er þetta þó mikil bót, en eigi held jeg, að það sje ráðlegt að kjósa nefnd í þetta mál, því liðið er svo á þingtímann, að það verður til að eyða málinu. Jeg álít bezt að fylgja gömlu reglunni, að jafna niður á haustin; hún var aldrei óvinsæl, því þá sjá menn ljósast efni og ástæður manna, sem búskap hafa; sama er að segja um það, að allir hreppar geti árlega sent mann á sýslufund. Jeg legg því á móti, að nefnd sje kosin í málið.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var málinu vísað til 2. umræðu með 10 atkvæðum, en fellt að setja nefnd.

Önnur umræða í neðri deild á 36. fundi, 11. ágúst.

Breytingartillaga I 305.

Guðmundur Einarsson: Jeg gjörði breytingartillögu við frumvarp þetta, af þeirri orsök, að jeg veit, að miklar deilur hafa verið um það á Vesturlandi, hvern veg skilja ætti orðið »hreppsbúar». Jeg fyrir mitt leyti skil það svo, að í því liggi allir, sem í hreppnum eru heimilisfastir. Háyfirvöldin greinir á um þetta efni, og eru ekki sammála; jeg veit til þess, að landshöfðinginn hefur gefið þann úrskurð, að það þýddi alla, sem í hreppnum eru (samanber brjef landshöfðingja í stjórnartíð. B. nr. 42 frá 24. apríl 1876), en amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu er að ætlan minni þeirrar meiningar, að í orðinu »hreppsbúar» liggi ekki yfirgripsmeiri þýðing, en reglugjörðin frá 8. janúar 1834 10. gr. ákveður um, hverjir skuli til sveitarþarfa leggja. Sakir alls þessa hef jeg komið með breytingartillögu mína, til þess að deildinni gæfist kostur á að láta skoðun sína í ljósi um skilning á þessu orði. Jeg fyrir mitt leyti álít rjett, að allir leggi til sveitar, sem hafa efni og ástæður til þess, en það sjá allir, að það er miklu betra að geta gengið að þeim með lögum, en að knjekrjúpa þeim um að gefa eitthvert lítilræði. Jeg vildi því óska, að deildin segði skilning sinn á þessu orði, jeg sje að efri deildin hefur haldið orðinu »hreppsbúa» óbreyttu. Það er kemur til niðurjöfnunarinnar, þá hafa einnig um það orðið talsverðar deilur, hvernig leggja ætti aukaútsvör á menn. Sumir hafa viljað láta leggja á hvern þann mann, sem var 3 vikum fyrir fardaga búfastur í hreppnum, en aptur aðrir ekki nema á þá, sem urðu búfastir í hreppnum á fardagaárinu. Af þessum ágreiningi hefur það leitt, að sumir menn hafa alveg sloppið við sveitarútsvar, hafi þeir flutzt hrepp úr hrepp, en aðrir fengið tvö sveitarútsvör sama árið. Þetta má ekki svo til ganga, og því leyfi jeg mjer að skora á hina heiðruðu deild að gjöra sitt til, að af nema þetta ágreiningsefni. Jeg get tilgreint sýslunefndir, sem hafa skotið þessu til amtsins, og til þessa ekkert svar fengið mjer vitanlega.

Hjálmur Pjetursson: Breytingartillaga þingmanns Dalamanna gjörir töluverða breyting en undir eins skýring á frumvarpinu, en af því jeg álít nauðsynlegt, að þetta atriði sje skýrt tekið fram í lögunum, þá fellst jeg á hana, því jeg sje enga hættu búna af því, þó hreppsnefndin megi leggja á hvern mann í hreppnum. Þegar jafnframt er tekið fram, að það skuli gjört eptir «efnum og ástæðum», þá vona jeg, að hreppsnefndirnar misbrúki eigi þessa heimild fremur fyrir það, þó sá vafi, sem á þessu hefur verið, sje burt numinn. Jeg veit til þess, að menn hefur greint á um þetta atriði, en með þessum lögum hverfur sá ágreiningur. Viðvíkjandi niðurjöfnuninni verð jeg að álíta nauðsynlegt að fresta henni fram yfir fardagana, því það er bæði óþarft og óþægilegt að leggja útsvar á þá, sem ætla burt úr hreppnum; það geta orðið vandræði, ef einhver flytur langt í burt úr hreppnum, að þurfa að krefja hann um útsvar, þegar hann er burt farinn, og get jeg eigi sjeð neitt á móti því, að niðurjöfnunin dragist til hausts; en þó áætlunin sje gjörð fyrir fardaga, gjörir engan skaða.

Halldór Kr. Friðriksson: Þessi breyting á sveitastjórnarlögunum er að minni ætlun sprottin af eintómum misskilningi. Áætlunina á að gjöra á vorin; ef einhver fer burt úr hreppnum, þá fellur áætlunin um útsvar hans burt, en ef annar kemur nýr, þá verður að gjöra aukaniðurjöfnun, en það hafa uppástungumenn þessarar breytingar ekki sett sig inn í. Mjer virðist því, að breytingin sje að þessu leyti óþörf. Jeg er eigi samdóma þingmanni Dalamanna, að það eigi að leggja á hvern mann í hreppnum, því að eptir því á þá líka að leggja á öll

vinnuhjú. Jeg álít orðið »hreppsbúar« auðskilið, það eru ekki aðrir en þeir, sem hafa einhvern gjaldstofn, sem þeir eiga að gjalda af, en eptir þessum lögum er beinlínis skipað að leggja á alla vinnumenn, en það hefur hingað til eigi verið regla, nema þeir hafi átt einhverjar sjerstakar eignir, svo sem jarðir eða tíundarbært lausafje.

Guðmundur Einarsson: Hjer á þinginu kemur þá fram sami meiningamunurinn og er á milli amtmannsins og landshöfðingjans um þetta mál, og því skora jeg á deildina enn að nýju, að skera úr þessum ágreiningi. Skýring þingmanns Reykvíkinga var svo ógreinileg, að hún bætir ekki úr skák. Hvernig ætli þingmaðurinn eptir þessu vilji skilja orðin »landsbúi«, »bæjarbúi« o. s. frv.? Hann misskildi sveitarstjórnarlögin, að mjer fannst, og blandaði stefnu þeirra saman við bæjarstjórnarlög. Jeg get ekki skilið, að það sje neitt rangt í því, að vinnumaður, sem er í hreppnum, og sem hefur rjett til styrks, ef hann verður þurfandi, sem hefur atvinnu í hreppnum, hvers barn verður fyr eða síðar sveitlægt í hreppnum, þegar svo ber undir, o. s. frv. Jeg tek það upp aptur, jeg sje ekkert ósanngjarnt í því, að hann, sem þannig nýtur gæða hreppsins, greiði til sveitarþarfa lítils háttar. Það má ætla hverri sveitarstjórn þá sanngirni, að hún leggi hæfilegt útsvar á hvern sem vera skal, hvort heldur að hann á að sjer mikið eða lítið.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefur verið talað mikið bæði með og móti breytingar-uppástungu þessari. Mjer finnst það mjög viðsjált, að leggja sveitargjald á vinnuhjú, því að hætt er við, að það mundi opt vanbrúkað, og þó leyfilegt sje að kvarta yfir niðurjöfnuninni, þá er mjög örðugt fyrir vinnuhjú að vera að rekast í því. Að minnsta kosti mundi það verða torvelt fyrir umkomulausa vinnukonu, að ná rjetti sínum í því efni, ef honum yrði hallað, eða að fá útsvar sitt fært niður. Eigindómur hjúa er vanalega ekki mikill og ekki til að taka skatt af, nema ef vera skyldu nokkrir vinnumenn, sem eiga fjenað, og þá eru þeir að lögum skyldir að tíunda það, ef það nemur hálfu hundraði, eða ef þeir eiga peninga á vöxtum eða jarðarpart, og þá kemur tekjuskattur. Um niðurjöfnunina er óþarfi að tala; jeg held þingmaður Reykvíkinga hafi misskilið það atriði, enda er niðurjöfnun í sveit öðru vísi varið en í kaupstöðum. Í Reykjavík má kalla niðurjöfnunarnefndina á fund með hálfs tíma fyrirvara, en í sveit getur það kostað 2 daga að koma hreppsnefndinni saman. Hvað niðurjöfnunina á vorin snertir, þá hefur hún vakið mikla óánægju í sveitunnm. Það stendur á sama, hvort litið er á sjávar- eða sveitamenn að vorinu; maður veit að vísu um vertíðaraflann, hvað hann er að upphæð, en ekki hvað hann selst, sama er að segja um sveitabúskapinn; sumarið gefur bezt upp, hvern veg hann stendur, og því er hentugast, að niðurjöfnunin framfari á haustum, eins og áður var.

Hjálmur Pjetursson: Jeg vil þessu máli til skýringar og út af þeim ágreiningi, sem kemur fram í ræðum þingmanna, tilfæra eitt dæmi. Jeg þekkti eitt sinn vinnumann, sem hafði 10 vættir í fasteignarafgjald, en tíundaði ekki neitt. Hreppstjórinn spurði sýslumann um, hvort leggja ætti á hann aukaútsvar. Sýslumaður var fyrst í nokkrum vafaum þetta, en kvað svo nei við því. Hvað segir þingmaður Reykvíkinga um þetta? Honum finnst það máske rangt, en hvað átti hreppstjórinn að gjöra annað en að hlýða sýslumanninum? Þetta dæmi sýnir, að nauðsynlegt er, að lögin sjeu svo skýr, að enginn ágreiningur geti út af þeim risið, og að þau gefi sjálf sem minnst tilefni til, að þau verði misbrúkuð.

Stefán Stephensen: Jeg verð að styrkja breytingaruppástungu þingmanns Dalamanna, því að í sumum hlutum landsins er svo ástatt, að það er nauðsynlegt að tiltaka, að jafna eigi niður á alla, sem hafa lögheimili í hreppnum. Jeg vil taka til dæmis Ísafjarðarsýslu; þar eru margir þeir, er beztu atvinnu hafa við veiðiskap, einkum við hákarlaveiðar, og eru þeir opt vinnumenn, sem

ekki tíunda neitt lausafje, og verður því ekkert sveitarútsvar á þá lagt eptir gildandi lögum. Þar eru til vinnumenn, sem fá í «premíu» má ske 200—300 kr., en það kemur ekki til framtals eptir þeim lögum, sem nú eru. Þessu er nauðsynlegt að breyta, og þarf ekki að óttast, að hreppsnefndin vanbrúki það, þó hún hafi leyfi til að jafna niður á slíka menn, eða hún fremur ofbjóði þeim, en öðrum búendum.

Páll Pálsson, bóndi: Jeg skal ekki mæla mót þessari breytingaruppástungu, þó að jeg álíti hana óþarfa. Í Húnavatnssýslu hefur orðið «hreppsbúar» verið skilið um alla þá, sem lögheimili hafa í hreppnum. Annars álít jeg aðalfrumvarpið ekki sem bezt, því að það er óheppilegt, að færa niðurjöfnunina svo lángt fram á haustið. Ef ekki á að byrja niðurjöfnunina fyrr en í október, láta hana svo liggja í 3 vikur og taka hana þá til nýrrar yfirvegunar, og fara þá fyrst að gefa út útsvarsseðla, þá er komið fram undir nýár, þegar hreppsmenn fá að vita gjöld sín, og þá er úti með alla verzlun og fje hrakið; afleiðingin verður, að gjaldendur hafa ekkert til þess að gjalda með á gjalddaga. Jeg kynni betur við, að niðurjöfnunin hefði verið gerð að vorinu 3 vikum eptir reikningsárið eða um 20. júní til 1. júlí, þá vita menn, hverjir verða í hreppnum og einnig fjárhöld manna; en af því jeg heyri, að margir eru frumvarpinu meðmæltir, þá sje jeg ekki til neins að mæla mót því. Það er leiðinlegt fyrir hreppstjórana, að verða að taka þetta gjald lögtaki, þegar þeir vita, að það er ekki af gjaldtregðu, heldur af getuleysi, vegna þess að öll verzlun og aðrir útvegir til þess að geta borgað eru sem ómögulegir á þeim tíma árs. Afleiðingin verður, að útsvörin opt og einatt verða að standa inni hjá gjaldanda til næsta vors, og fyrir þá sök getur oddviti opt ekki borgað á rjettum tíma, það er gjalda ber úr sveitarsjóði. Þetta fyrirkomulag álít jeg þó lakara, en það, sem nú er.

Halldór Kr. Friðriksson: Út af þeim ágreiningi, sem hefur verið um orðið »hreppsbúar» vil jeg minna deildina á Skjaldakotsdóminn. Jeg vil svara 2. þingmanni Árnesinga því, að jeg hef töluvert fengizt við sveitarstjórn, og að munurinn í því tilliti er ekki svo mikill milli Reykjavíkur og sveitar. Hjer í Reykjavík er jafnað niður í október og nóvember, þess vegna get jeg ekki sjeð að það sje ótækt, að jafna niður í sveitum rjett á undan reikningsárinu. Vjer í Reykjavík vitum ekki í nóvember, þegar jafnað er niður, hvernig hagur manns muni verða í júní, þegar útsvarið á að greiðast; geti hann ekki greitt útsvarið, þá er vandinn hægur, því að þá fellur það niður. Það er hægra að sjá á vorin í sveit, hvernig hagur manns muni verða, en hjer í Reykjavík á haustin, þar sem aðalvertíðin er eptir, og allt komið undir, hvað fiskast. Þingmaður Húnvetninga hefur rjett fyrir sjer, að eptir þessu frumvarpi getur gjalddagi verið liðinn, þegar menn fá seðla sína og fá að vita, hvað þeir eiga að borga,

Þórður Þórðarson: Jeg get ekki borið kvíðboga fyrir því, að niðurjöfnunin gangi of seint og greiðslan líka. Þegar niðurjöfnunin er gjör um miðjan október, þá verða $2^1/_2$ mánuður nógur tími; einn mánuður gengur til þess að vita, hvað menn eiga að gjalda, og þá er nægur tími til greiðslunnar til nýárs, en þó kærur út af niðurjöfnun yrðu þá ekki útkljáðar, gjörir ekkert til, þar enginn má skjóta sjer undan útsvarsgreiðslunni fyrir það, heldur fær hann það endurborgað síðar, ef útsvarið er sett niður. Þingmaður Dalamanna hafði satt að mæla, að það hefur greint á, hvort leggja ætti á þá, sem fara burt á vorin; jeg álít fyrir mitt leyti, að ekki sje rjett að leggja á þá. Jeg er á þeirra máli, sem álíta rjett að jafna niður á haustin, þá vita menn bezt um hag manna; vil jeg því mæla með því.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg álít ekki heppilegt að bera saman Reykjavík og sveitina í þessu tilliti, því að það er allt öðru máli að gegna um Reykjavík. Þingmaður Dalamanna og fleiri hafa talað um þá ó-

vissu, sem væri um það, hverjir ættu að greiða útsvar, og að landshöfðinginn og amtmaður væru hvor á sínu máli; þetta finnst mjer ekki neitt hættulegt, því að úrskurður landshöfðingja er endalykt þessa máls, hvern veg sem hann fellur.

Þá var gengið til atkvæða, og var

1. 1. liður í breytingartillögu Guðmundar Einarssonar samþykktur með 14 atkv.
2. 2. liður í breytingartillögu Guðmundar Einarssonar samþ. án atkvæðagreiðslu.
3. 1. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþ. með 17 atkv.
4. 2. — frumvarpsins óbreytt samþ. með 17 atkv.
5. 3. — —— samþ. með 16 —
6. 4. — —— samþ. með 16 —
7. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.
8. Málinu vísað til 3. umræðu með 16 atkv.

Þriðja umræða í neðri deild, á 40. fundi, 13. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 353—54.

Þá urðu engar umræður um málið, og var það samþykkt með 15 atkvæðum og síðan endursent efri deild.

Ein umræða í efri deild, á 44. fundi, 19. ágúst.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*) kvaðst fyrir hönd nefndarinnar geta fallizt á orðabreytingar þær, er neðri deildin hefði gjört á frumvarpinu, og vonaði hann, að deildin mundi nú fallast á málið eins og hún hefði áður gjört.

Forseti leitaði því næst atkvæða um frumvarpið og var það samþykkt með samhljóða atkvæðum, og kvað forseti það mundu verða sent landshöfðingjanum sem lög frá alþingi.

XXII. BÆJARGJÖLD Í REYKJAVÍK.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað 19. oktbr. 1877, 2. gr. a. Stjórnarfrumvarp. Sjá I 88—90.

Fyrsta umræða í efri deild, á 4. fundi, 5. júlí.

Málinu umræðulaust skotið til 2. umræðu.

Önnur umræða í efri deild, á 6. fundi, 8. júlí.

Jón Jónsson kvaðst vilja fara fám orðum um málið, fyrst enginn annar vildi taka til máls, og mæla fram með því, að nefnd væri sett í það, því að það væri mjög mikils varðandi, eigi að eins fyrir Reykjavík, heldur fyrir allt landið og þó einkum kaupstaðina, því að það væri eðlilegt, að þeir löguðu sig í þessu eptir höfuðstaðnum, ef gjörræði og hlutdrægni einstakra manna fengju að ráða skattalögum, gæti það orðið næsta hættulegt, því undir þeim væri mest komið, hvernig landsmenn una hag sínum. Þetta mál væri þannig landsmál og þingmenn þyrftu að hugleiða það ýtarlega. Þá er mál þetta hefði síðast verið rætt á þingi (1877), hefði verið bent á, að það væri ísjárvert að aðbyllast frumvarp það, er síðan varð að lögum. Þingmaður Dalamanna hefði sagt, að fyrst Reykvikingar kvörtuðu eigi sjálfir fyrir þinginu, sæi hann enga ástæðu til, að skipta sjer af því, en bæði hann og fleiri hefðu tekið fram annmarka á málinu, og það álit þeirra hefði einnig reynslan sannað, því að þegar í stað hefði lýst sjer megn óánægja yfir lögunum, hefði það sjer í lagi komið fram við hina síðustu bæjarstjórnarkosningu; áhugi manna hefði verið svo mikill, að jafnvel þeir menn, er eigi voru vanir að sinna neinum bæjarmálefnum hefðu fjölmennt á kosningarfund, og þrátt fyrir það, að sá flokkur manna, sem áður hafði komið málinu fram, gerði allt hvað í hans valdi stóð. til að halda fram skoðunum sínum, hefði það orðið ofan á, að meiri hluti bæjarbúa væri óánægður með stjórn þessa flokks. Öll þessi keppni hefði eingöngu sprottið af þessu máli, er nú væri verið að ræða um, og lýsti það sjer einnig

berlega í því, að hið fyrsta, er hinir nýju bæjarfulltrúar tóku sjer fyrir hendur, var einmitt að koma fram með uppástungur um breytingar á lögum þessum, og það væri einmitt þessum hreifingum að þakka, að málið nú kæmi fyrir þingið. Meiri hluti bæjarstjórnarinnar hefði fallizt á, að slaka nokkuð til, en frumvarpið væri þó mjög ófullnægjandi, og hefði hina sömu annmarka og það frá 77, að undanskildu einu atriði. Það væri enn svo, að fátæklingar greiddu meira í húsaskatt en hinir efnuðu; enn þá væri sama gjald af torfbæjum og af steinhúsum og timburhúsum, og enn væri goldið jafnt af lítilfjörlegum hesthúskofum og af hinum dýrðlegustu íbúðarhúsum. Enn væri húsagjald hjer í bænum lagt á eptir allt öðrum reglum en í öðrum löndum. Eins og þingmaður Norðurmúlasýslu hefði sagt á síðasta þingi, væri það ósamkvæmni við hin nýju skattalög, að leggja gjald á lóðina, í staðinn fyrir á virðingarverð húsa, og hefði hann þar að auki tekið fram, að lóðargjald það, sem nú hvílir á hverri □ alin byggðrar lóðar, 3 a., mundi meira en slík lóð seldist fyrir á sumum stöðum í umdæmi kaupstaðarins. Nokkrir menn hefðu með óskiljanlegri skammsýni viljað sýna fram á, að lóðargjaldið miðaði til þess, að fjölga timburhúsum en fækka torfbæjum, það lægi í augum uppi, að það miðaði einmitt til hins gagnstæða, því að með því að ofþyngja torfhúsaeigendum með ósanngjörnum álögum, væri þeim gjört ómögulegt, að reisa sjer timburhús eða steinhús, því að til þess þyrfti maður sannarlega að hafa bein í hendi. Hann vonaði því, að er þingmenn hefðu íhugað sögu málsins, mundu þeir verða sjer samdóma í því, að málið þyrfti nákvæmrar íhugunar, og ráðlegast væri að setja í það nefnd, er gæti leitað skýrslna hjá bæjarstjórninni og annara skýringa, er málið snertu.

Eiríkur Kúld kvað þingmann Skagfirðinga hafa talað lengra en svo, að gjörandi væri að rekja alla ræðu hans, en sjer fynndist, að hann hefði mátt sleppa að fara að segja söguna af bæjarstjórnarkosningu Reykvíkinga, því að bæði kæmi hún deildinni alls eigi við, og svo væri hreinn óþarfi fyrir þingmanninn að vera að halda á lopt lofstýr hennar fyrir þinginu, því hann væri þegar floginn um land allt. Hann vildi leiða athygli hans að því, að flestir þingdeildarmenn, sem ekki ættu heima í Reykjavík, mundu eigi vera málinu nógu kunnugir til þess að taka það til meðferðar í nefnd, mundi því svo fara, ef nefnd yrði kosin, að í henni sætu þeir einir, er komið hefðu því til leiðar, að mál þetta nú væri lagt fyrir þingið. Hann tók það enn fram, að það væri vanbrúkun á tímanum að setja nefnd í slík smámál, einkum þar sem deildin væri svo fámenn, og yrðu þau á þann hátt landsssjóðnum miklu dýrari, en þörf væri á, hann vildi því mæla móti, að nefnd væri kosin í málinu.

Jón Jónsson kvaðst vilja svara þingmanninum fám orðum. Hann teldi það rjett, að segja frá bæjarstjórnarkosningunni, til þess að sýna fram á, að það hefði ekki verið á rökum byggt, sem þingmaður Dalamanna hefði sagt í hitt eð fyrra, nl. að Reykjavíkurmenn væru ánægðir með bæjargjaldalögin; með bæjarstjórnarkosningunni hefðu þeir sýnt, að svo væri eigi, og að þeir vildu eigi láta fara eptir tillögum bæjarstjórnarinnar í þessu máli.

Hvað snerti ókunnugleika þingmanna á málinu, væri því einu að svara, að þeir gætu eins kynnt sjer þetta mál eins og önnur, þeir væru meir að segja skyldir til að íhuga það vel, því að, eins og hann hefði tekið fram, væri málið landsmál. Hann vildi helzt, að hvorki hann sjálfur nje nokkur annar Reykvíkingur fengi sæti í nefndinni, því það kynni að vera, að þeir litu ekki hlutdrægnislaust á allar hliðar málsins. Sjálfur hefði hann tekið sjer fasta stefnu í máli þessu; upplýslýsingar vær hann fús á að gefa, og svo mundu og vera aðrir þeir, er máli þessu væru kunnugastir.

Ásgeir Einarsson sagði, að þó að flutningsmaður hefði haldið langar ræður í málinu, hefði hann enn engu ljósari hug-

mynd fengið um málið, en við að lesa frumvarpið sjálft, með athugasemdum þeim, er fylgdu því. Sjer hefði heyrzt þingmaðurinn vera að tala um húsaskatt, en í frumvarpinu væri nefnt lóðargjald, þetta gæti eigi verið hið sama, því að hann vissi eigi betur, en lóðargjald væri goldið af fleiru en húsum einum, t. d. af kálgörðum. Sig furðaði á því, þegar þingmaðurinn væri máli þessu svona kunnugur, að hann skyldi þá eigi koma fram með einhverja breytingaruppástungu, en heimta nefnd. Enn fremur kvað hann sjer þykja ólíklegt, að lóðargjaldið, ekki meira en það væri, gæti komið svo þungt niður á torfhúseigendum, að einmitt það svipti þá krapti til að koma sjer upp öðru vísi húsum. Hann vildi því ráða til, að bera upp breytingaruppástungu, en mæla móti nefndarkosningu.

Árni Thorsteinson kvaðst ætla, að það mundi veita örðugt, að semja svo lög um þetta efni, að öllum líkaði, og væri það almennt um öll skattalög. Hann vildi láta því óhreift, er þingmaður Skagfirðinga hefði talað um gjörræði og hlutdrægni o. s. frv., en að eins nota tækifærið til að neita því, sem hann hefði sagt, að lóðargjaldið, 3 aurar næmi sumstaðar meiru en verði lóðarinnar, því að það væri með öllu rangt. Fyrst að þingmaðurinn væri svo fastur á nefnd, þá væri gott, ef hann vildi koma með uppástungu um, hvað gjöra skyldi frekar. Þingmaðurinn hefði sagzt hafa fasta stefnu í þessu máli, en við hana hefði hann eigi orðið var í ræðu hans; sjer fyndist hann að eins vilja bæta það, sem áður hefði verið, á einhvern óákveðinn hátt, og væri það að vísu gott, en með því að hann mælti svo fastlega með nefnd, hefði hann þó heldur átt að færa ástæður fyrir því, hvers vegna hann áliti nefnd svo nauðsynlega, og í hvaða stefnu hún ætti að starfa. Máli þessu hefði verið ráðið til lykta á síðasta alþingi, og hlyti það að vera óþægilegt, að lagafrumvörp um sama efni kæmu ár eptir ár, og lögunum væri breytt af þeim sömu mönnum, er þau hefðu sett. Ef þingmenn litu samt vel á mál þetta, mundu þeir geta sjeð, að ekki væri farið fram á stórkostlegar breytingar, því að það væri ekki um það að ræða að koma lóðartollinum fyrir á nýjan hátt, eða með nýjum gjaldstofni, heldur væri grundvöllurinn allur hinn sami og lögin í aðalatriðum óbreytt; hjer væri að eins um það atriði að gjöra, að af nema þann ójöfnuð, sem yrði af því, að torfveggir tækju upp meira rúm en trje- eða steinveggir, og að veita þeim línun í gjaldinu, sem yrðu of hart úti fyrir þessa sök; fyrir alla aðra en þessa menn væru lögin hin sömu og áður, og óbreytt í alla staði. Það væri því sín tillaga, að nefnd væri ekki sett í málið, en að eins ráðin bót á þessum litla annmarka, með þeim viðauka, er veitir einstöku mönnum undanþágu undan gjaldi því, sem er þungt fyrir þá.

Stefán Eiríksson kvaðst að eins vilja leita upplýsingar hjá þingmanni Skagfirðinga um það, hvort hann vildi láta breyta lögunum 1877 í heild sinni eða einungis 2. grein þeirra því að sjer hefði jafnvel skilizt á ræðu hans, að hann vildi láta endurskoða lögin í heild sinni, og ef svo væri, þætti sjer sjálfsagt að kjósa nefnd í málið.

Jón Jónsson bað forseta leyfis að mega svara, en forseti bannaði það samkvæmt 14. gr. þingskapanna.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort kjósa skyldi nefnd, og var það fellt með 7 atkv. gegn 2.

Forseti bað menn þá ræða hinar einstöku greinir, ef þeir vildu, en með því enginn tók til máls, ljet hann þegar ganga til atkvæða um frumvarpið;

var 1. grein samþykkt með 9 atkvæðum
2. — —— — 10 —
3. — —— — 10 —
4. — —— — 10 —
fyrirsögnin —— — 9 —

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild á 8. fundi, 10. júlí.

Jón Jónsson sagði, að við síðustu umræðu um þetta mál, hefði deildin neitað að setja nefnd í það; nú vildi hann þá stinga upp á að málinu væri frestað, til þess sjer yrði unnt, að koma fram breytingaratkvæði við það; þó að sjer væri mjög umhugað um mál þetta, þar sem bæjarbúar hefðu falið sjer að flytja það, þá hefði þó eigi verið auðið fyrir sig, að koma fyr fram með breytingar sínar, því hann hefði fyrst í gær fengið þær skýringar í þessu máli, er sjer væru nauðsynlegar. Helzt vildi hann samt að nefnd væri sett. Hann kvaðst hafa heyrt, að í hitt ið fyrra hefði merkur og skarpur lögfræðingur hjer í deildinni tekið það fram, og leitt aðra á þá skoðun, að þá er komið væri fram með miklar breytingaruppástungur, mætti búa til úr þeim sjerstakt lagafrumvarp, en sameina það ekki við frumvarpið sjálft, er það stæði í sambandi við. (*Magnús Stephensen*: hvar hefur þingmaðurinn sjeð það?) Bæði hefði hann heyrt það í dag, og sjeð það í Alþingistíðindunum, þar sem talað hefði verið um kirkjulög í hitt ið fyrra. (*Magnús Stephensen*: nei!) Hann vildi eigi orðlengja þetta meir í þetta sinn, en að eins biðja skrifara deildarinnar að skýra það betur.

Hann vildi nú snúa aptur að aðalefninu, og geta þess, að breytingaruppástungur sinar væru að vísu svo mikils varðandi, að úr þeim mætti gjöra nýtt lagafrumvarp, en sjer þætti það verra en að sameina þær við frumvarp þetta, því það væri stór galli á löggjöf vorri, hversu lögin væru ósamanhangandi og í sundurlausum smálögum; þetta hamlaði alþýðumönnum frá, að komast niður í lögunum, og væri þannig framförum til hindrunar. Gengin væri nú sú tíð, að lögin væru eigi umfangsmeiri en að lögsögumaður hefði lesið þau öll upp í byrjun alþingis, þá hefði verið hægra að átta sigá lögunum; reyndar væri nú lítil von um, að lögin gætu orðið svo skýr og stuttorð, að þau mætti öll lesa upp við byrjun þings, en hann vildi samt vara menn við, að gjöra þau flóknari, en þörf væri, með því að búa til smálög; sig furðaði á því, að þeir menn, sem mæltu í móti því, að breyta lögum að eins tveggja ára gömlum, hjeldu nú fast fram með þessari breytingu; það kæmi einmitt af því, að þeir sæju eins vel og þingmaður Norðurmúlasýslu og þingmaður Dalamanna í hitt ið fyrra, að lög þau, sem nú væru í gildi um lóðartoll í Reykjavík, væru óviðunandi ójöfnuður og óhafandi; þeir vildu því breyta þessu eina atriði, til þess að þóknast samborgarmönnum sínum, og hann gæti ímyndað sjer, að þeir mundu segja þeim, að þeir hefðu eigi getað komið meiru fram, af því að stjórnin hefði viljað það svona. Að öðru leyti skírskotaði hann til þess, er hann hefði áður tekið fram, og hann vonaðist eptir, að deildin aumkvaðist yfir fátæklingana, sem ójöfnuðurinn kæmi niður á.

Ásgeir Einarsson sagði, að hið eina atriði í ræðu þingmanns Skagfirðinga, sem sjer fyndist vert að taka til greina, hvað formið áhrærði, væri það, að hann hefði stungið upp á nefnd; en hann væri þó hræddur um, eptir því sem áður hefði verið tekið undir þetta mál, að það mundi verða til lítils fyrir hann, að fara fram á það, þar sem hann hefði þá aleinn greitt atkvæði með því; það yrði eigi til annars en tefja. Að búa til nýtt frumvarp úr breytingaratkvæðum hans, þætti sjer eigi viðlit. Þar sem hann hefði talað svo mikið um óánægju og kveinstafi hinna fátæku bæjarbúa út af máli þessu, þá gæti hann eigi hrærzt til meðaumkunar með þeim, fyr en hann sæi það koma einhversstaðar fram,

að þeir væru verulega óánægðir. Að öðru leyti væri hann í sjálfu sjer eigi mótfallinn nefnd, en hann þættist vita, að hún mundi vera þýðingarlaus.

Jón Jónsson gat þess, að umkvartanir þær, er sagt væri að vantaði, hefðu enn eigi getað komið fram; þingið væri eigi búið að vera saman nema í rúma viku, og bæjarbúar ættu um þennan tíma annríkara en svo, vegna lesta og saltfisksverkunar, að þeir gætu eytt miklum tíma í fundarhöld; en ef þingmaðurinn vildi boða bæjarbúa á fund með sjer, mundi hann samt fá að sjá, að hann hefði rjett skýrt frá áliti bæjarmanna á þessu máli, og það væri líka af þeirri ástæðu gott að fá nefnd, að hún gæti grennslazt eptir því.

Ásgeir Einarsson sagðist ekki sjá betur, en að bæjarstjórnin hefði stungið upp á breytingunni, og hefðu bæjarmenn að öllum líkindum vitað af því, og getað mótmælt, ef þeir hefðu viljað.

Magnús Stephensen kvaðst geta gefið þá upplýsing, að bæjarstjórnin í Reykjavík hefði samþykkt breyting þá á lóðargjaldslögunum, sem hjer væri um að ræða með öllum atkvæðum, gegn 2, og þingmaður Skagfirðinga hefði sjálfur gefið henni atkvæði sitt og með honum allir tómthúsmenn.

Jón Jónsson bað um orðið til að bera af sjer áburð.

Magnús Stephensen kvað eigi vera að tala um áburð.

Jón Jónsson sagði, að hann hefði borið sjer á brýn tvöfeldni, og að það væri áburður, en hann yrði að geta þess, að hann hefði að eins samþykkt breytinguna sakir þess, að hann vildi hana heldur en ekkert, og að honum væri um það hugað, að málið kæmist inn á þing; það hefðu verið embættismenn þeir, er sitja í bæjarstjórninni og ekki tómthúsmenn, er hefðu komið því til leiðar, að breytingarnar urðu ekki fleiri, með fram vegna þess, að bæjarfógeti hefði tekið sjer sjálfum atkvæðisrjett.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla að fara mörgum orðum um uppástungu þingmanns Skagfirðinga; hvað því viðviki að fresta málinu, þá sýndist sjer það ómögulegt vegna þingskapanna, og að það næði engri átt, en væri nefnd sett í málið, væri hugsanlegt, eptir orðum þingmannsins, að sú nefnd fengi eigi strax lokið starfa sínum, með því að hann gerði ráð fyrir, að uppástunga sín, sem hann teldi svo mikilsverða, yrði að berast upp á fundi þeirra manna hjer í Reykjavík, er nú væru önnum kafnir í saltfisksverkun, og vildi hann spyrja, hvort hann vildi bíða þess, að allur saltfiskur yrði þurr hjer í Reykjavík, áður nefndin kæmi með álit sitt á málinu? Öðru máli væri að gegna, ef þingmaðurinn treysti sjer til, eins og hann hefði gefið í skyn, að ætti eða þyrfti að vera, að koma allri löggjöf Íslands í litla bók, er lesa mætti upp, er alþing væri sett, því þá mundi hann hafa stutt að því, að nefnd hefði verið sett í þessu máli, en af því að hann byggist við, að óhægt yrði fyrir hann að sameina öll lög Íslands við lög um bæjargjöld í Reykjavík, ætlað hann að mæla móti nefnd í þessu máli!!

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða um, hvort kjósa skyldi nefnd í málinu, og var það fellt með 8 atkvæðum.

Var þá frumvarpið borið upp til atkvæða, og samþykkt með 9 atkæðum, og kvaðst forseti senda það neðri deildinni.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 11. fundi, 14. júlí.

Frumvarpinu umræðulaust skotið til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í neðri deild, á 14. fundi, 17. júlí.

Breytingartillaga I 137.

Arnljótur Ólafsson: Af því að enginn

stendur upp, þá ætla jeg að tala nokkur orð til verndar breytingaruppástungu minni og þingmanns Strandasýslu. Jeg verð fyrst og fremst að láta í ljósi, að jeg hef eigi breytt þeirri sannfæringu minni síðan 1877, að þetta lóðargjald sje mjög ósanngjarnt, þar eð jafnhátt gjald er lagt á jafnstóran blett, hvort sem bletturinn er undir torfhúsi, timburhúsi eða múrhúsi, og hvort sem hús það, er á blettinum stendur, er ein-, tví- eða þrí-loptað. Slík álaga sem þessi er, er eigi byggð á rjettlætisgrundvelli. Það er eigi jörðin undir húsinu, sem á að bera skattinn, heldur er húsið sjálft skattbær eign. Jörðin sjálf er lítils eða einskis virði. Bletturinn getur reyndar haft verð, að því leyti, sem hann liggur nærri atvinnu manna, t. a. m. búð kaupmannsins og geymsluhús eru meira virði fyrir það, að þau liggja nærri höfninni og fríja þannig kaupmanninn frá að þurfa að flytja vörur sínar langt. En þessa hagræðis við afstöðu hússins gætir miklu minnst á torfbæjunum, fyrir því að húsbúarnir eru optast eintómir verkamenn, og leiðin til atvinnustaðarins svo stutt fyrir alla. Þess vegna verð jeg að álíta rjettast, að skatturinn sje lagður á virðingarverð húsanna. Jeg sje nú að vísu, að slíku verður eigi framgengt í þetta sinn; fyrir því held jeg mjer við hið konunglega frumvarp, sem hjer er til staðar, og höfum við þingmaður Strandasýslu leyft okkur að eins að færa niður gjaldið úr 2 aurum niður í 1½ e., þannig að gjaldið verði helmingur við það, sem það er nú. Jeg ímynda mjer, að hver sem hefur kotin fyrir augum sjer, þessi kot, sem ekki rúma nema fáeina menn, hann geti sjeð, að ljettara gjald er á timburhúsunum en kotunum, hvort sem litið er á virðing þeirra eða afnot. Jeg er sannfærður um, að lóðartollurinn verður enn talsvert þyngri á torfbyggingunum en timburbúsunum, þótt hann væri færður niður í 1½ e., en látum hann vera nokkuð þyngri. Vjer eigum að eins að reyna til að komast sem næst því rjetta að unnt er, og gjöra allt það, er í voru valdi stendur, til að greiða sanngirninni götu í þessu efni, sem sjerhverju öðru. Jeg þykist viss um, að þingmaður Reykvíkinga er eigi með breytingaratkvæði okkar, og það því fremur, sem hann taldi þinginu 1877 trú um, að gjald þetta væri jafnaðargjald.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla eigi að fara langt út í mál þetta. Frumvarp þetta er orðið of dýrt til þess, og þessi lækkun er eigi þess virði, að hjer sje setið dag eptir dag, og ár eptir ár, að ræða um hana. Þetta niðursetta gjald, nemur að eins fáum aurum á sumum bæjum, (Arnljótur Ólafsson: 16 krónum á sumum); það er eigi satt; það sýnir ókunnugleika þingmannsins; því að það er enginn bær, sem 16 kr. eru borgaðar af í allt lóðargjald, og þessi niðurlækkun nær eigi til allrar lóðarinnar, heldur að eins til þeirrar lóðar, sem húsið sjálft stendur á; það nær t. a. m. eigi til kálgarða. Að því er frumvarp þetta snertir, þá var öðru nær en að það væri margra ósk, að það væri borið fram. Hjer í bænum eru nálægt 500 gjaldþegnar; þar af eru um 400 húsráðendur, og af þeim hafa að eins um 60 undirskrifað skjal þetta; þar á meðal eru 4 ekkjur og ein sveitarkerling, og 6 eða 7 aðrir, sem annaðhvort þiggja af sveit, eða standa í sveitarskuld. En það er eigi nóg að hlýða á þessa menn, eingöngu, þar sem þeir eru allir torfbæjaeigendur; «audiatur et altera pars»; það verður einnig að leita álits annara bæjarbúa, eða húseigandanna. Jeg get líka frætt þingmann Norðurmúlasýslu og alla deildina á því, að þessi mikla lækkun eykur að eins gjöld tómthúsmannanna; því að jeg vissi til þess, að við síðustu niðurjöfnun var haft sjerstakt tillit til þess hins hækkaða lóðargjalds, og aukaútsvarið haft lægra, en annars hefði orðið. Það er engin hætta, þótt einn maður greiði hátt lóðar-

gjald; því að þegar jafnað er niður eptir efnum og ástæðum, þá er þeim í vilnað, er hátt lóðargjald hefur orðið að greiða, og fátækraútsvar hans sett niður fyllilega að því skapi. Jeg tek til dæmis, að einn maður hefur fyrir lög þessi orðið að greiða 3 krónum hærra lóðargjald, en áður var, meðan álnagjaldið var; en einmitt fyrir það lagði niðurjöfnunarnefndin 6—7 kr. minna aukaútsvar á hann, en hún hefði annars gjört, ef eldra gjaldið hefði haldizt. Jeg vildi reyndar helzt, að lög þessi næðu eigi fram að ganga; en þó skal jeg eigi berjast á móti því; en að því er snertir breytingaratkvæði hinna tveggja þingmanna, þá vil jeg fastlega ráða deildinni til, að aðhyllast það ekki; enda var engin breyting á því gjör í efri deildinni. Jeg veit heldur ekki til, að nokkur maður hefði á móti lögum þeim, er þingið samþykkti 1877, fyr en einn maður í vetur, er leið, gekk í kring sem grenjandi ljón, og taldi mönnum trú um, að lögin væru óhafandi og ranglát, og lofaði breytingum á þeim, ef þeir vildu kjósa sig í bæjarstjórnina; þá fyrst kom óánægjan. Þegar tómthússkatturinn komst á 1859, þá vakti hann fyrst mikla og megna óánægju; en nú er það alveg hætt, og þegar hið nýja lóðargjald komst á, talaði enginn um. Þessi óánægja með lögin um bæjargjöld frá 19. októbr. 1877, er því sprottin af hreinum og beinum æsingum, sem komu upp út af bæjarfulltrúakosningunum í vetur. Í bæjarstjórninni hjer eru 3 tómthúsmenn, og af þeim er að eins einn skrifaður undir ávarpsskjal það, er sent var til þingsins; reyndar kom nafn hans undir skjalið fyrst daginn eptir að skjalið kom hingað, og þykir mjer því eigi all-ólíklegt, að nafn hans hafi verið tekið traustataki.

Landshöfðinginn: Jeg ber ekki á móti því, að sanngirni kunni að mæla með breytingaruppástungu hinna 2. þingmanna; en mig fyrir mitt leyti vantar hinar nauðsynlegu upplýsingar til að dæma um það. Jeg leyfi mjer að ráða deildinni til að fylgja þeirri reglu, sem þingið hefur áður fylgt, þegar um sveitarmál hefur verið að ræða, að taka sem mest tillit til hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þetta frumvarp er byggt á tillögum bæjarstjórnarinnar, án þess að nokkur ágreiningur væri í bæjarstjórninni um það. Allir fulltrúarnir voru, eptir því sem kom fram í efri deildinni, samþykkir frumvarpinu, nema þeir 2, er alls enga breyting vildu hafa, og var annar þeirra borgari, en annar embættismaður. Allir tómthúsmenn greiddu atkvæði með því. Þess vegna vil jeg ráða deildinni til að frumvarp þetta sje samþykkt óbreytt.

Björn Jónsson: Mjer virðist fullkomin ástæða til að breytingaruppástunga mín og 1. þingmanns Norðurmúlasýslu sje tekin til greina, og að sanngirni mæli með því, eins og landshöfðinginn sagði, að gjaldið sje fært niður, en þegar sanngirni og rjettsýni mæla með því, þá á deildin að láta sitt atkvæði vera þeirra megin. Þar sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að ef lóðargjaldið á torfbyggingum yrði lækkað niður í $1^1/_2$ eyri, þá mundi verða haft tillit til lækkunar þessarar í aukaútsvarinu, og niðurjöfnunarnefndin leggja helmingi hærra útsvar á þá, er fyrir þessari gjaldlækkun yrðu, þá get jeg ekki sjeð, að slíkt sje á neinu rjettlæti byggt, enda ætla jeg, að þingmaðurinn muni eigi vera einráður með niðurjöfnunina í Reykjavík; og þótt þeim kunni að vera í vilnað með aukaútsvarið, er hátt lóðargjald eiga að lúka, þá hygg jeg betra að eiga slíkt undir lögum, en náð einstakra manna. Að allar lóðir sjeu jafnmikils virði, er eigi rjett; það er næsta mikill munur á því, hvort maður á hús í miðjum bænum og við höfnina, eða í útjörðum kaupstaðarumdæmisins. Jeg get ekki ímyndað mjer, að það sje æsingum að kenna, að bæjarstjórnin óskaði, að breytt yrði lögunum 19. oktbr. 1877; jeg get ekki

gjört svo lítið úr bæjarstjórninni, að hún gangist fyrir æsingum, og því síður úr landstjórninni, sem frumvarp þetta hefur samið, og lagt það fyrir þingið.

Landshöfðinginn: Það var einn misskilningur í ræðu þingmanns Strandasýslu. Hann sagði, að jeg hefði játað, að sanngirnin mælti með því, að breytingaratkvæði hans og 1. þingmanns Norðurmúlasýslu yrði tekið til greina; en jeg sagði að eins, að það gæti vel verið, en jeg gæti eigi dæmt um það; og ætlaði jeg einnig, að deildin mundi eigi heldur geta fullkomlega dæmt um það.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg sje enga sanngirni í breytingaratkvæði þessu; þvert á móti: jeg neita því að svo sje. Bletturinn er hinn sami, hvort sem á honum stendur torfhús eða timburhús. Jeg sagði aldrei, að niðurjöfnunarnefndin legði helmingi hærra gjald á þá, sem yrðu fyrir þessari gjaldlækkun, heldur sagði jeg, að svo gæti farið, að hækkun aukaútsvarsins gæti orðið helmingi hærri en lækkun lóðargjaldsins, og jeg get fullvissað þingdeildina um, að niðurjöfnunarnefndin hefur sannlega haft tillit til þess, þegar fátækir menn hafa borgað mikinn lóðarskatt, þannig að þeir hafa þá eigi haft aukaútsvarið eins hátt. Það er snertir breytinguna á lögunum 19. október 1877, þá heyrði jeg eigi annað en að allir væru ánægðir með þau, og enginn hygði á neinar breytingar við þau, fyr en um nýársleytið, þegar æsingar út af bæjarfulltrúakosningunum byrjuðu. Jeg hef aldrei talað það, að bæjarstjórnin gengist fyrir æsingum. Og þegar þessi breyting var rædd í bæjarstjórninni, þá fjellu atkvæði þannig, að af 7 mönnum (því að 2 voru fjærverandi af þeim 9, sem eru í bæjarstjórninni) voru 5 samþykkir breytingunni, en 2 á móti henni, og þeir tómthúsmenn, sem setu eiga í bæjarstjórninni og á fundinum voru, samþykktu hana.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er sannfærður um, að þegar bæjarstjórnin kom fram með tillögur sínar um breyting á lögum 19. okt. 1877, þá hafi hún farið eptir sannfæringu sinni. Mjer er víst óhætt að segja, að gjald þetta þykir enn of hátt á torfbæjum, og sjest það bezt af því, að fyrst fór bæjarstjórnin fram á, að lóðargjaldið skyldi vera 3 aurar fyrir hverja □ alin, og síðan sama daginn, sem þau lög öðluðust gildi, kemur hún aptur fram og segir: »í öllum bænum, þið verðið að breyta lögunum 19. okt. 1877, og færa gjaldið niður í 2 aura á torfbæjunum«. Stjórnarfrumvarp það, er hjer liggur fyrir, er beinlínis lagað eptir áliti bæjarstjórnarinnar, eins og sjá má af ástæðunum fyrir frumvarpinu, þar sem segir: «Uppástunga bæjarstjórnarinnar, sem landshöfðingi hefur fallizt á, verður skiljanleg við það, að því virðist eigi hafa verið veitt tilhlýðileg eptirtekt áður, að flatarrúmið undir torfbyggingum er að tiltölu við það rúm, sem haft verður til íveru og annarar notkunar, talsvert stærra en undir venjulegum stein- og timburhúsum«. Af þessu er auðsjeð, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur allt í einu sjeð sig um hönd á einu ári, og viljað setja gjaldið niður á torfbæjunum. Jeg játa það að vísu með landshöfðingja, að margar upplýsingar kunni að vanta, til þess að geta dæmt um mál þetta með nægilegri þekkingu. En sem vjer nú athugum, hverra uppplýsinga einna helzt þarf, þá þurfum vjer sjer í lagi skýrslu um teningsrúm og flatarrúm hvers húss, til þess að geta miðað teningsrúmið við flatarrúmið eða hússtæðið. En þessar skýrslur hafa aldrei verið útvegaðar nje lagðar fram; bæjarstjórnin hefur aldrei lagt fram skýrslur yfir teningsrúm nje flatarrúm húsanna. Jeg verð því að fara eptir því, sem mitt auga sjer. Látum oss ganga inn í torfbæina og timburhúsin, og þá getum vjer sjeð, hve lítið teningsrúm er í torfbæjunum í

samanburði við það í timburhúsunum; það er meir en helmings munur. Jeg ætla eigi að eyða tíma þingsins á því, að fara fleirum orðum um þetta mál; það er undir sanngirni deildarinnar komið, hvernig hún fer með það.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða um málið. Var breytingaratkvæði 2, þingmanna við 1. gr. frumvarpsins, sem þingdeildin hafði samþykkt með meiri hluta atkvæða, að bera mætti undir atkvæði, þótt það hefði eigi komið fram fyr en á þessum fundi, borið undir atkvæði, og fellt með 12 atkvæðum gegn 4.

Síðan var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 20 atkvæðum.

Fyrirsögnin var samþykkt án atkvæðagreiðslu; og málinu síðan vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða, í neðri deild, á 16. fundi, 19. júlí.

Frumvarpið samþykkt umræðulaust í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXIII. PÓSTMÁL.

Frumvarp til laga, sem hafa inni að halda viðauka við tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872. Frá stjórninni. Sjá I 222—223.

Fyrsta umræða í efri deild, á 4. fundi, 5. júlí.

Málinu umræðulaust skotið til 2. umræðu.

Önnur umræða í efri deild, á 6. fundi, 8. júlí.

Málinu umræðulaust skotið til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Breytingaratkvæði: I 84.

Jón Jónsson lýsti yfir því, að hann og fjelagar hans tækju breytingaratkvæðin aptur.

— Síðan var frumvarpið óbreytt samþykkt í einu hljóði, og sent neðri deildinni.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 12. fundi, 15. júlí.

Björn Jónsson: Þetta stjórnar frumvarp var samþykkt óbreytt og með litlum umræðum í efri deildinni, og er því síður ástæða til að fella það hjer. Spjaldbrjefin eru nýmæli hjer á landi, en í öðrum löndum hafa þau lengi verið algeng, og þótt póstgjaldið fyrir þau sje hálfu minna en fyrir lokuð sendibrjef, hefur reynslan þó sýnt, að póststjórninni er enginn óhagur að þeim; því að brjefaskriptir aukast og margfaldast að sama skapi, sem kostnaðurinn til þeirra er minnkaður, en jeg vildi skjóta því til deildarinnar, hvort eigi væri ástæða til að sæta þessu færi að taka nú til íhugunar ýmislegt í póstlögunum, sem umbóta þarf við, um leið og framvarp þetta er rætt. Erlendis tekur allt sem að póstgöngum lýtur, árlega miklum breytingum og bótum og því þykir þar ekkert tiltökumál þó hver póstlögin verði eigi mjög gömul. Póstlög vor eru nú eigi nema 7 ára gömul, og þótt þau væru mikil rjettarbót, þá er nú svo komið, að brýna nauðsyn ber til að breyta ýmsum atriðum í þeim. Jeg vil taka til dæmis krossbandssendingar; eptir póstlögum vorum er helmingi dýrara að koma lítilli krossbandssendingu hjeðan upp að Ártúni en vestur í Kaliforníu eða austur á Kamtsjatka; það þarf að borga 10 aura undir hana upp að Ártúni, en ekki nema 5 aura, þó hún eigi að fara lengst út í heim. Það er ekki mín meining að færa niður gjaldið yfir höfuð. Það verður að vera í hærra lagi, því að vegna vegaleysis og óblíðrar veðráttu hjer á

landi eru póstflutningar kostnaðarsamari hjer en víðast annarsstaðar; en jeg vil hafa nokkuð meiri jöfnuð á. Hjer er því svo varið, að ef sendingin er stór, þá er gjaldið undir hana minna en annarsstaðar, og miklu minna að tiltölu, en ef hún er lítil; það ætti að vera alveg öfugt. Annað atriði, sem jeg vildi benda á, eru peningasendingarnar með póstskipinu til Kaupmannahafnar. Eptir núgildandi póstlögum er margfalt kostnaðarminna að senda mikið gjald þangað í peningum (gullpeningum) heldur en í póstávísunum; borgunin undir þá er eigi nema $^1/_8$ á við það, sem borgað er undir póstávísanir fyrir jafnmiklu fje; svo er annað hitt, að ábyrgðin á peningum er miklu þyngri fyrir landssjóðinn en á ávísunum, því að farist póstskipið, glatast peningarnir, en enginn skaði þótt ávísanir glatist. Eitt atriði vildi jeg enn nefna, sem er að búið væri betur um, að póstar eða fylgdarmenn þeirra gætu eigi tekið brjef eða sendingar utan tösku; slíkt ætti með engu móti að viðgangast. Mjer þykir það heldur eigi hagkvæmt, að þegar koma skal upp nýjum póstafgreiðslu- eða brjefhirðingarstað, þá skuli þurfa að fara með það til ráðgjafans, en landshöfðingi eigi hafa vald til að skera úr slíku lítilræði; getur það opt orðið til mikillar tafar. Þetta er það helzta, sem mjer þykir þörf á að benda til að þessu sinni; en margt er fleira í póstlögunum, sem umbóta þarf við og er það mín tillaga, að málinu sje vísað til annarar umræðu og sett í það 3 manna nefnd.

Landshöfðingi: Jeg vil alls eigi mótmæla því, að póstfyrirkomulaginu kunni að vera að nokkru leyti ábótavant, eins og þingmaður Strandamanna tók fram, en mjer virðist, að þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, vera svo einfalt, að það gefi naumast tilefni til að endurskoða póstmálið í heild sinni. Þetta frumvarp er að eins lítill viðauki við lögin, vegna þess að það vantaði ákvörðun um þetta í pósttilskipuninni. Jeg vil ekki mótmæla því, að á næsta þingi væri, ef til vill, ástæða til að endurskoða pósttilskipunina, en jeg vil benda á það, að sendingar milli Íslands og Kaupmannahafnar eru eigi á ábyrgð landssjóðsins, heldur hinnar dönsku póststjórnar, og ákvarðanir um þetta verða eigi teknar í tilskipun um póstmál, heldur þarf til þess samning milli stjórnenda hinna dönsku og íslenzku póstmála. Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í einstök atriði, og hef að vísu eigi á móti því, að deildin vísi málinu til nefndar, þótt mjer sýnist naumast ástæða til þess.

Björn Jónsson: Það var ekki mín meining, að breyta skyldi ákvörðuninni um sendingar milli Íslands og Danmerkur eingöngu með íslenzkum lögum, heldur að þingið vekti máls á því, í því skyni að rjettir hlutaðeigendur ráði málinu til hlunns. Eins og jeg tók fram, ætlast jeg til, að nefndin taki til meðferðar eigi þetta frumvarp eingöngu, heldur að hún taki jafnframt til íhugunar ýms önnur atriði í póstlögunum.

Þórarinn Böðvarsson: Ef setja á nefnd í þetta mál, eins og þingmaður Strandamanna stakk upp á, þá sje jeg ekki betur, en að nýtt mál sje búið til út úr þessu litla frumvarpi, og það held jeg að ekki sje almenn þing-aðferð.

Varaforseti: Jeg sje því ekkert til fyrirstöðu, að undir þetta frumvarp megi taka fleiri póstmál; fyrirsögn frumvarpsins bendir líka á það, að undir það geti komið fleiri atriði. Jeg verð að játa, að það sjest hjer, sem víðar, hve lítið er haft við landið í áríðandi samningum, þar sem vjer enga tilkynning höfum fengið um samning, er varðar landið miklu, sem sje verzlunarsamninginn milli Danmerkur og Spánar, en þar á móti er þetta lítilræði, sem hjer ræðir um, og sem byggt er á samningi, er gjörður var í Bern, lagt fyrir þingið. Hinu mikilsvarðanda er sleppt, hið lítilfjörlega tekið til greina. Að öðru leyti álít jeg þessi brjefspjöld til lít-

illa bóta fyrir oss, því að jeg þykist viss um, að vjer munum eins fyrir þeim eyða oblátum og lakki fyrir brjef vor.

Landshöfðingi: Jeg fyrir mitt leyti sje því ekkert til fyrirstöðu, að önnur atriði geti komið undir þessa fyrirsögn. Þar sem þingmaður Strandamanna sagði, að landshöfðingi hefði eigi vald að skipa póstafgreiðslustaði, þá skal jeg geta þess, að ef brýna nauðsyn bæri til þess, þá myndi landshöfðingi gjöra þær nauðsynlegu ráðstafanir í því tilliti upp á væntanlegt samþykki ráðgjafans.

Þorlákur Guðmundsson: Þar sem þingmaður Strandamanna tók fram að koma þyrfti í veg fyrir, að póstar eða fylgdarmenn þeirra tækju brjef utan tösku, þá skal jeg geta þess, að það munu fáir embættismenn hafa jafnlítil laun og ill kjör sem póstarnir (jeg leyfi mjer að nefna þá embættismenn, þótt þeir sjeu lágir eins og hreppstjórarnir), og finnst mjer því hart, að fara að banna fylgdarmönnum þeirra að taka brjef, nema ef á að banna þeim að hafa nokkra fylgdarmenn, eða banna mönnum að senda brjef nema með póstum; mjer þykir það því mjög óheppilegt að fara að þrengja að kjörum þessara manna, og það gæti orðið til þess, að enginn fengist til að vera póstur.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var málinu vísað til 2. umræðu með 19 atkvæðum og samþykkt að setja 3 manna nefnd í málið og kosnir í hana:

Björn Jónsson	með	17 atkv.
Grímur Thomsen	—	9 —
Þorsteinn Jónsson	—	7 —

Önnur umræða í neðri deild, á 50. fundi, 20. ágúst.

Nefndarálit: I 452.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Að nefndin hvarf frá að gjöra nokkrar breytingar við þetta frumvarp, kom til af því, að hún sá, að þeim varð eigi komið að neinum verulegum notum, nema með því móti að semja nýtt frumvarp, en til að koma nýju frumvarpi fram alla leið gegnum báðar deildir var tíminn orðinn langtum of naumur. Í annan stað voru þær breytingar, sem nefndin áleit nauðsynlegar, þannig lagaðar, að þær mundu ef til vill hafa haft í för með sjer rýrnun á póstekjunum, fyrst um sinn að minnsta kosti, en slíkar breytingar gekk nefndin að vísu um að þingið mundi eigi aðhyllast, eptir því sem mönnum reiknast að fjárhagur landsins muni verða á þessu fjárhagstímabili, sem nú fer í hönd. Nefndinni virtist því ráðlegast að fresta allri umbót á póstlögunum í þetta sinn, en vill ráða deildinni til að samþykkja frumvarp stjórnarinnar óbreytt.

Þá var gengið til atkvæða og frumvarpið samþykkt með 20 atkvæðum og skotið til 3. umæðu með 20 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 53. fundi 21. ágúst.

Frumvarpið samþykkt umræðulaust í einu hljóði.

Kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXIV. LAGASKÓLI.

Frumvarp til laga um stofnun lagaskóla í Reykjavík. Sjá I 74.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 7. fundi, 9. júlí.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, er orðið svo lýðum ljóst og deildinni svo kunnugt, að jeg finn ekki ástæðu til að orðlengja um það að sinni; jeg leyfi mjer aðeins að mæla með, að það gangi til 2. umræðu, og í sambandi þar við vil jeg geta þess, að mjer finnst ekki ástæða til að kjósa nefnd í málið.

Var svo málinu vísað til 2. umræðu með 18 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Arnljótur Ólafsson: Þó það nú kunni þykja sitja einna sízt á mjer að mæla móti lagaskóla, þar sem jeg áður hef verið flutningsmaður þessa máls hjer á þingi, skal jeg samt leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, er mjer finnst veruleg, að mál þetta virðist mjer of snemma borið upp, því að allan undirbúning vantar undir kennsluna. Það vanta eigi að eins allar kennslubækur í lögfræði, heldur og fullkomið lagasafn. «Lagasafn Íslands» er næsta ófullkomið og hefur inni að halda svo mikinn fjölda af alls konar lagaboðum og tilskipunum, er ekki eru gildandi lög, að það mun nema nærfellt níu tíundu af öllu lagasafninu. Hins vegar vanta í lagasafnið ýmsar gildandi lagagreinir, er standa í norsku og dönsku lögbókinni og í lagasöfnum Norðmanna frá eldri tímum, að jeg eigi tali um lögbók vora og kristinn rjett Árna Biskups. Það verður ekki sagt, að við eigum nokkra kennslubók í lögum nema kirkjurjett Jóns Pjeturssonar, svo kennarar lagaskólans hljóta að fara eptir dönskum kennslubókum, og álít jeg slíka kennslu engan ávinning fyrir oss. Hitt mun og engu síður torvelt kennurunum, að stafa sig við kennsluna gegn um þetta ófullkomna lagasafn vort, en þó einkum öll þau söfn önnur, er hafa að geyma gildandi lagagreinir hjer á landi, því það er jeg hræddur um að yrði næsta umfangsmikið vandaverk, að vinsa öll gildandi ákvæði laganna úr öllum þeim lagasæg, er eigi gildir. Jeg vona, að þeir, sem þekkja til kennslu, verði mjer samdóma um það, að kennslan verður því að eins nýt, að kennarinn sje undirbúinn. Vildi jeg því leggja það tvennt til: 1, að yfirdómendunum væri skipað af landsstjórninni að setja saman í eina bók öll þau lagaboð og allar þær lagagreinir, er enn gilda hjer, og þeir fengju mann sjer til aðstoðar við verkið sjálft, er fengi hæfilega þóknun fyrir starfa sinn, og 2, að heitið væri verðlaunum, frá 50 til 100 kr. fyrir örk hverja, þeim er semdi fræðibók í einhverjum bálki landslaga vorra. Þetta verð jeg að álíta miklu nauðsynlegra og gagnlegra, bæði fyrir lagaþekking í landinu, og til undirbúnings undir reglulega lagakennslu, heldur en að setja skóla nú þegar að öllu óundirbúnu. Ef þessi aðferð mín væri höfð, þá fengju menn undirstöðu undir lagakennslu, og um leið gætu menn dæmt um, hver mundi líklegastur til að verða góður kennari við hinn fyrirhugaða lagaskóla, því menn skyldu ætla, að það væri bezti rithöfundurinn. Jeg vona, að menn af þessu sjái, að jeg alls ekki er á móti hugmyndinni um að stofna lagaskóla hjer á landi, en þykir það að eins of snemma upp borið.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Sem flutningsmaður þessa máls finn jeg að svo stöddu enga ástæðu til að fara að mæla fram með hverju einstöku atriði þess eða fjölyrða um málið í heild sinni, þar sem það er orðið kunnugast allra mála hjer á þingi. Það er sannkallað vöggukvæði þingsins, og má heita að komi hjer fram nú í alveg óbreyttri mynd, þeirri hinni sömu, sem alþingi í heild sinni bæði efri og neðri deild gaf því 1877. Jeg skal að eins leyfa mjer að svara 1. þingmanni Norðurmúlasýslu viðvíkjandi því, að hann áleit kennslubók nauðsynlega til að leggja til grundvallar fyrir kennslunni. Mjer skilst þá ekki betur, en að hann trúi bókinni betur fyrir kennslunni en kennaranum; en það held jeg sje ekki rjett skoðun, og hvernig geta menn annars búizt við, að fá góða kennslubók í nokkurri vísindagrein, fyrri en farið er að kenna hana, já fyrri en búið er að rannsaka það efni á vísindalegan hátt, sem bókin ræðir um. Slík kennslubók, sem þingmaðurinn heimtar, hlyti því auðsjáanlega að vera ávöxtur kennslunnar og þar af leiðandi þekkingar, og þess vegna ekki undirrót hennar. Með öðrum orðum, athugasemd þingmannsins gengur í öfuga átt.

Landshöfðingi: Jeg verð að mestu leyti

alveg að fallast á það, sem hinn heiðraði 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að mál þetta vantar hinn nauðsynlega undirbúning, og skal bæta því við, að sem stendur er lagaskóli hjer á landi alveg óþarfur, þar sem milli 10 og 15 lögfræðingaefni eru nú við háskólann, og færi allt að feldi, ættu þeir að geta nægt landinu um langan tíma, ef til vill í 20 ár. Fje því, sem þyrfti að verja til stofnunar lagaskóla, gæti landssjóðurinn víst varið til annara þarfari fyrirtækja og þó jeg ekkert hafi á móti því, að hugmyndin um stofnun lagaskóla hjer á landi kynni að vera fögur, virðist mjer hún, að svo stöddu, sem ótímabær burður.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að vera á sama máli og hinn háttvirti landshöfðingi og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, að mjer virðist ekki tíminn kominn til að stofna lagaskóla hjer á landi. Mjer virðist það og nauðsynlegt skilyrði fyrir skólanum, að kennslubækur sjeu til í »íslenzkum lögum«. Það mundi verða býsna vafningssamt fyrir kennarann að vinsa úr hin íslenzku lög frá hinum dönsku, og ætti öll kennslan að vera fólgin í fyrirlestrum eintómum, þá virðist auðsætt, hvaða stefnu hún hlyti að taka. Sú stefna hlyti að verða dönsk, því aðra hefðu kennararnir ekki lært. Mjer virðist líka áður hafa verið meiri þörf á honum en nú, eins og landshöfðingi tók fram, og ætti nú að fara að verja fje landsins til óþarfa, þar sem skólinn nú sem stendur er með öllu óþarfur? Því þegar nú eru nálægt 10 lögfræðinga-efni við háskólann, segir það sig sjálft, að annaðhvort gengi enginn á þennan fyrirhugaða lagaskóla, eða þó hann útskrifaðist þaðan, gæti hann ekki komizt að neinu embætti. Jeg verð því að vera á því, að tíminn sje ekki enn kominn til stofnunar skólans, og leggja móti máli þessu.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Þó jeg ekki efist um, að deildin sje fær um að meta mótbárur landshöfðingja og þingmanns Reykvíkinga móti frumvarpinu, vegna þess, að þær eru svo gamlar og alþekktar, þá vil jeg þó svara þeim nokkrum orðum. Jeg furða mig ekki á því, að landshöfðingi komi með hina sömu mótbáru og vant hefur verið að koma með, þegar ræða er um nýjar námsstofnanir hjer á landi yfir höfuð, að nógu margir námsmenn sjeu til í þeirri grein, og námsstofnunin sje því óþörf; og jeg furða mig heldur ekki á, þó mótbárur þessar magnist tvöfalt, þegar ræða er um lagaskóla; en jeg held þó, að jafnvel landshöfðinginn sjálfur, þó jeg eigi vilji kosta rýrð á vizku hans og speki til að lesa í óskrifaðri bók, sje ekki fær um að lesa í þá bók, að hann geti sagt fyrir, hvort nógu margir lögfræðingar muni verða til í embættin, svo sem næstu 20 ár. Landshöfðinginn sagði, að kostnaðurinn til stofnunarinnar væri óþarfur; þá mótbáru get jeg, sem sagt, vel skilið frá hans sjónarmiði, en hans sjónarmið er annað en sjónarmið landsins og þjóðarinnar; þjóðin hefur sýnt áhuga sinn á málinu, og fylgt því svo fram, að í hennar nafni er ekki mögulegt að tala um óþarfan kostnað. Þetta mál hefur svo að segja, eins og jeg áður sagði, verið vöggukvæði alþingis frá því fyrsta; fyrir alþingi 1845 kom fyrst bænarskrá um lagaskóla frá 24 námsmönnum í Kaupmannahöfn í þeirri mynd, að konungsfulltrúi sagði, að það væri ómögulegt að uppfylla þá bæn; þá var farið fram á, að stofna þjóðskóla, er skyldi grípa yfir latínuskólann í fullkomnaðri mynd, kennslu í forspjallsvísindum, prestaskóla, læknaskóla og að endingu lagaskóla. Fyrir alþingi 1855 kom bænarskrá frá öllum námsmönnum í Kaupmannahöfn, þar á meðal 1. þingmanni Norðurmúlasýslu; hún var vel samin, rækileg og hjartnæm, svo vel samin, að forseti efri deildar, sjálfur biskup landsins, dáðist að henni. Og sjá! Hinn heiðraði þingmaður var einn af höfundum þessarar bænarskrár. Þá var áhuginn á lagaskóla svo mikill, að bænarskrá til konungs um hann

var samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5. 1857 ítrekaði alþingið bænarskrá til konungs um lagaskóla með 16 atkv. gegn 5; 1859 með 20 atkv. gegn 3; 1861 með 21 samhljóða atkvæðum; þá var enginn á móti nauðsyn lagaskóla. Hin 2 síðast töldu árin var flutningsmaður málsins enginn annar en — þingmaður Reykvíkinga. (Hlátur). Já hann gjörði betur til, hann flutti lagaskólamálið í þriðja sinni, og aldrei ákafar en þá. En svo hvíldi hann sig, en var þó málinu einlægt meðmæltur, eins og aðrir þingmenn. Árið 1863 kom málið enn fyrir alþingi, og var þá samþykkt með 21 atkv. gegn 2; árið 1865 með 19 atkv. gegn 3; árið 1867 með 18 atkv. gegn 4; 1869 með 21 samhljóða atkvæðum; 1871 með 19 samhljóða atkvæðum; 1873 með 20 samhljóða atkvæðum. En nú kemur löggjafarþingið, og þá bregður undarlega við; málið kemur þó fyrir þingið 1875, en fær ekki framgang sökum tímaleysis; það kom aptur fyrir þingið í hitt eð fyrra, og var að vísu samþykkt í aðalatriðunum, en sökum ágreinings um launaupphæð kennendanna í þinglok varð málið ekki endilega til lykta leitt. Alls nú eptir þessu hafa verið greidd í sögu þingsins 238 atkvæði með lagaskólanum, en 27 á móti, og jeg játa reyndar því, að í þessum 238 atkvæðum felast mörg og margítrekuð atkvæði sömu manna, og þar á meðal þingmanns Reykvíkinga, en sama er að segja um hin 27 atkvæði á móti. Allt svo: þingmaður Reykvíkinga hefur svo opt gefið atkvæði sitt með málinu, að þingdeildin þarf ekki að meta það mikils, þó hann í dag gefi sitt atkvæði á móti lagaskólanum. Þingmaðurinn talaði um, að undirbúningur undir skólann væri nauðsynlegur, og lagði mikla áherzlu á það, að óvíst væri hvað væri, eða hvað að lögum, væri íslensk lög, og hvað dönsk, og sagði hann, að úr því ætti löggjafarvaldið fyrst að skera. (*Halldór Kr. Friðriksson*: Nei, það sagði jeg ekki!) Jú einmitt! Þingmaðurinn vildi setja úrlausn þessara spurninga sem undangangandi skilyrði fyrir stofnun skólans, en þessu verð jeg að neita. Það er ekki löggjafarvaldið, sem á að skera úr, hver lög eru gildandi eða ekki, heldur miklu fremur heyrir það undir dómsvaldið, grundvallað á vísindalegri rannsókn; þetta vona jeg þingmaðurinn játi. En það er, viti menn, meira blóð í kúnni, (Hlátur)! það felst í þessum orðum þingmannsins sú játning, að það sje l a g a l e y s i á Íslandi; það er sannarlega athugavert, þegar þingmaður segir það, að ekki einungis hann, heldur menn yfir höfuð ekki viti, hvað sje lög, og hvað sje ekki lög. Ef þetta er ekki ástæða til að stofna lagaskóla og lagafræði á Íslandi, þá veit jeg ekki, hvaða ástæða er, og það er einmitt þessi sama ástæða, sem vakir og lifir í brjósti allra manna á Íslandi. Þingmaður Reykvíkinga hjelt, að þörfin á lagaskóla væri minni nú en áður, í staðinn fyrir þetta á t t i hann að segja: hafi þörfin verið áður, þá er hún vaxin og nauðsynin aukin, þessi nauðsyn er skýr og glögg í mínu brjósti, og allra góðra Íslendinga, Þjóðin þráir lagaskólann, það er víst og vafalaust; en það er á valdi og ábyrgð deildarinnar, að ákveða, hve lengi hún skuli bíða eptir þessu nauðsynjamáli.

Landshöfðinginn: Jeg ætla ekki að fara í orðakast við flutningsmann, en vil einungis geta þess, að ræða hans sannar einmitt, að þörfin á lagaskóla er ekki svo mikil. Ef þörfin væri svo mikil, sem hann vildi láta á sjer heyra, þá hefði hið löggefandi þing tekið sjer nógan tíma til að ljúka við lögin; en hitt, að það gjörir það ekki, hvorki 1875 nje 1877, sýnir það og sannar, að þörfin á lagaskóla er ekki svo mjög mikil; en þó þörfin væri mikil, þá er þó auðvitað, eins og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu benti á, að nú sem stendur eru ekki til neinir menn,

sem eru færir um að taka að sjer kennsluna á lagaskólanum.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig óneitanlega, að minn góði vinur, flutningsmaðurinn, getur með góðu geði horft á það, þó lagaskólinn verði nú felldur, því að hann getur lifað í þeirri sannfæringu, að lagaskólinn hefur þó haft atkvæðafjöldann með sjer. Jeg vil stuttlega minnast á, í hverju jeg er honum samdóma, og í hverju jeg er honum eigi samdóma. Jeg er samdóma honum í því, að þörf sje á lagaþekkingu og lagafræði hjer á landi, en jeg er ekki samdóma honum, að þörf sje á lagaskóla. Þó lagaskólinn máske gæti leyst úr þörfinni á lögfræði, þá er hann þó einungis verkfæri til þess, og þá álít jeg aðra aðferð hentugri, því að hún er kostnaðarminni. Jeg get ekki efazt um, að enn sje til á Íslandi sá sýslumaður, sem búið getur til lögfræðisbók, ef hann fengi fyrirhöfn sína vel borgaða, því að það væri sannarlega undarlegt í sögu landsins, ef Sveinn Sölvason yrði sá eini Íslendingur, sem hefur getað samið slíka bók án þess að vera kennari við skóla (*Grímur Thomsen:* Magnús Stephensen!) Jú, Magnús samdi sáttapjesa, en Sveinn Sölvason tvær lögfræðisbækur. Hreppstjórainstruxið eptir Magnús Stephensen getur ekki kallazt lögfræðisbók. Mjer finnst rjett að verja fje til þess að draga saman í eitt eða tvö bindi öll gildandi lög á Íslandi, og heita fje fyrir lögfræðisbók á íslenzka tungu. Ef það verður gjört, þá er bætt úr hinni bráðustu nauðsyn; en ef þetta verður ekki gjört, jeg set svo, að enginn fáist til að semja slíkar bækur, um hvað er það vottur? það er sorglegur vottur um, að áhuginn á stofnun lagaskóla er ekki mikill, því fáist enginn til að semja lögfræðisbók fyrir fullt endurgjald, þá fæ jeg eigi skilið, að nokkur maður sje til sá, er hæfur sje að verða kennari við lagaskóla. Jeg býst við því, að flutningsmaður svari mjer því, að sýslumenn hafi svo ósköp mikið að gjöra, að þeir geti ekki komizt til að semja lögfræðisbækur. En hvernig gat þá Sveinn Sölvason komizt til þess! Hver hefur í Danmörku samið hinar beztu lögfræðisbækur? það var ekki neinn háskólakennari; það var Scheel. (*Benedikt Sveinsson:* Hann var háskólakennari!) Það sýnir sig á bókum hans, að hann hefur ekki einungis slitið skóm sínum á að ganga upp á háskólabygginguna, heldur hefur hann komið upp í kansellibygginguna, eins og sjest af því, að hann tilfærir svo mörg kansellibrjef, sem hvergi standa annarsstaðar. Ef mig minnir rjett, var hann dómari í sjórjettinum, þá er hann samdi flestar lögfræðisbækur sínar. Hvernig sem litið er á málið, þá er almenn þörf á lögfræðisbókum, og ef þær ekki geta fengizt, þá er enginn hugur á málinu. Að endingu vil jeg minnast á það mál, að svo mörg atkvæði hafa verið með lagaskólanum, meðan þingið var ráðgefandi, en að svo skipti um, þegar það varð löggefandi. Hvað ætla komi til þess, að þingið hefur aldrei samþykkt lagaskólann eptir 1874? Ætla löggjafarþingið sje óþjóðlegra, en hið ráðgefandi? það getur ekki verið. Jeg vona, að allir deildarmenn sjái orsökina. Þegar fjárhagurinn var aðskilinn, þá hlutum vjer að kosta skólann, og þá fórum vjer að hugsa um, hvers virði hann væri, eða hvort ekki yrði á annan hentugri og kostnaðarminni hátt bætt úr þörfinni á íslenzkri lögfræði. Áður, meðan þingið var ráðgefandi, hafði það lagaskólann sem eina af þeim mörgu svipum á stjórnina, til þess að flýta fyrir fjáraðskilnaðinum; þetta var hyggilega gjört af þinginu, að sýna stjórninni, að þarfir vorar væru svo miklar, að bezt væri að aðskilja fjárhaginn og láta Ísland sigla sinn sjó. Alþingi treysti því fyrrum, að því þyngri ómagi sem Ísland væri, því hægra væri að fá stjórnina til að sleppa taumunum. Jeg finn ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál; jeg

er því samþykkur, að þörf er á lagaskóla, en álít að enn sje eigi tími til kominn.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Landshöfðingi er því miður genginn út, svo jeg sje engin ráð til að svara honum, nema þannig, að svara honum um leið og jeg svara 1. þingmanni Norðurmúlasýslu. Þeir komu báðir með sömu mótbáruna, að af því, að löggjafarþingin 1875 og 1877 ekki samþykktu lagaskólann, þess vegna sje engin þörf á honum (*Arnljótur Ólafsson:* Það sagði jeg ekki!). Jeg get með áreiðanlegri hugsunarvissu rakið það út úr orðum þingmannsins, að af því lagaskólinn ekki hefur verið samþykktur síðan alþingi fjekk löggjafarvald, af því hafi hann ekki verið nauðsynlegur. Viðvíkjandi kostnaðinum frábið jeg mjer, að mjer sje borið á brýn, að hafa tekið þátt í þeirri «svínapolitík», sem hinn háttvirti þingmaður benti til, og vildi verja mál sitt með, að jeg hafi haldið fram með lagaskólanum á hinum ráðgefandi alþingum, af því að ríkissjóðurinn átti að borga hann. Hið ráðgefandi alþingi vildi, að kostnaðurinn væri borgaður af ríkissjóði, af því og einungis af því, að það hafði ekkert annað fje til að borga kostnaðinn við skólann með, sökum þess að það hafði ekki fjárveitingarvald, því var og einu sinni stungið upp á að biðja um, að kostnaðinum við lagaskólann væri jafnað niður á landið allt ásamt með og eins og alþingiskostnaðinum, og þetta, einmitt þetta var samþykkt með miklum atkvæðafjölda af þinginu og bænarskrá um það send til konungs. Þetta sýnir bezt, að þinginu var alvara með að vilja fá lagaskóla, og því get jeg í alls þingsins nafni beðið þingmanninn að hafa «pólitík» þá, er jeg áður nefndi, eingöngu fyrir sjálfan sig. Landshöfðingi sagði, og fleiri hafa líka komið með það, að það vantaði menn fyrir kennara. Hvað meina þeir með þessu? Þeir heimta, að bækur sjeu til eptir þá, til þess að geta borið um, hvort þeir eru færir um að kenna. En má jeg þá spyrja: er þetta svo í Kaupmannahöfn? Hefur nokkur háskólakennari þar samið kennslubók í lögum, áður en hann varð kennari (*Arnljótur Ólafsson:* Vjer erum Íslendingar, en ekki Danir!) Hvaða bók samdi prófessor Goos, áður hann varð háskólakennari? Hvaða bók samdi Nellemann? Hvaða bók samdi Wedel? Hvaða bók Bornemann sál.? hvaða bók Larsen sál.? Beztu lagamenn Dana. Hvaða bók Gram sál.? Já og svo þessi góði Scheel, dýrðlingur þingmannsins, hvaða bók samdi hann, áður hann varð háskólakennari? Enginn af þessum mönnum, þessum alkunnu háskólakennurum, gefa út á prent eina einustu kennslubók í lögum, fyr en löngu eptir að þeir voru orðnir kennarar, og sumir aldrei. Það er að eins einn háskólakennari, sem jeg þekki, hinn nafnkenndi Krieger, sem gaf út eina bók, áður en hann varð kennari, en einungis sem handrit, en þetta þýðir sama sem: «jeg undanskil mig allri kritik»; hann þorði ekki einu sinni að láta 1. þingmann Norðurmúlasýslu, sem þá var ungur námsmaður í Kaupmannahöfn, hann þorði ekki einu sinni, segi jeg, að láta hann kritisera bókina! Svona eru vísindamenn varkárir með rit sín í Danmörku, þar sem þó er miklu hægra að eiga við lögin, þar sem aldrei hefur verið dembt inn útlendum lögum með lögum og ólögum, eins og átt hefur sjer stað á Íslandi, og þar sem því löggjöfin hefur gengið eptir fastri og eðlilegri rás. Það er sorglegt að koma með þess konar mótbárur mót svo áríðandi máli eins og þessu. Þó einhver sýslumaður, sem jeg þó efast um, væri nú fær um að rita slíka lögfræðisbók, sem þingmaðurinn er að stagast á, þá er jeg viss um, að hann gjörir það ekki, hvað mikil laun, sem fjárlaganefndin veitir honum til þess. Jeg vil óska og vona, að þingmenn láti ekki villa fyrir sjer með þess konar mótbárum, heldur líti á, hvað áríð-

andi þetta mál er, og hvað heitt það lifir í brjósti þjóðarinnar.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Jeg vil leyfa mjer að minna flutningsmanninn á, að þegar lagaskólinn kom fyrir þingið 1875, þá var hann samþykktur með einu skilyrði, sem einmitt snerti kostnaðinn, því skilyrði, að yfirdómararnir tækju að sjer kennsluna; nú er útsjeð um það, að yfirdómararnir geti orðið skyldaðir til þessa starfa, eins og flutningsmanni er kunnugt. Landshöfðingi sagðist ekki þekkja neina menn, sem færir væru til að takast á hendur kennslu á lagaskólanum; jeg skal nú ekki leyfa mjer að hafa neina meining um það atriði, en úr því yfirdómararnir ekki eru fúsir til þess, að takast kennsluna á hendur, eins og mjer er kunnugt frá í hitt eð fyrra, þegar mjer var sá sómi sýndur, að vera settur í nefnd í lagaskólamálinu með flutningsmanni, úr því svo er, þá verð jeg að vera 1. þingmanni Norðurmúlasýslu samdóma um, að ekki sje kominn tími til að stofna lagaskóla. Þar að auki vil jeg minna flutningsmann á það, að það er ekki einungis í hinum nýrri lögum, að vantar kennslubók í lögum, heldur þykir nú eptir fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar þörf á að gefa út áreiðanlega útgáfu af Jónsbók, sem ekki verður um garð gengin fyr en eptir 4 ár; þar að auki stendur til, að ný landbúnaðarlög verði lögleidd, og væri gott og þarflegt, að þau lög væru komin á, áður en lagaskóli er stofnaður, þar þau snerta mjög mikilvægt atriði í löggjöf landsins. Þó jeg játi, að hugsunin í þessu frumvarpi sje góð, þá finnst mjer þó ekki kominn tími til að lögleiða það, og vil bæta því við, að þó þingið samþykki það, þá er það mjög óvíst, að lagaskólinn komist á á þessu fjárhagstímabili.

Halldór Kr. Friðriksson: Flutningsmaður bar mjer á brýn, að jeg hefði tvisvar sinnum verið flutningsmaður þessa máls, en það sannar ekkert, að þörfin á lagaskóla sje nú brýn. Beiðni hins ráðgefanda þings um lagaskóla var grundvölluð á þeirri ósk, að lagaþekking útbreiddist á landinu, en einmitt það, að alþingi nú síðast hefur ekki farið fram á að fá lagaskóla, sýnir, að þörfin virðist ekki eins brýn og áður. Flutningsmanni hættir annars við að afbaka orð annara. Jeg veit vel, að það heyrir ekki undir löggjafarvaldið, heldur undir dómsvaldið, að skera úr því, hvað er lög, og verð jeg að frábiðja mjer slíkar afbakanir á orðum mínum; því að ef jeg ekki vissi þetta, þá væri jeg alveg óhæfur til að vera þingmaður. Það, sem jeg sagði og vildi segja, var, að löggjafarvaldið er nú að starfa sem óðast að lögum, og meðan ekki eru komin lög í aðalmálunum, þá er ekki kominn tími til, að stofna lagaskóla. Ef þar við bætist, að það er satt, sem flutningsmaður sagði, að hjer hafi verið dembt inn lögum og ólögum, og það þá er óvíst, hver lög eru gildandi og hver ekki, þá liggur það sannarlega í augum uppi, að undirbúningur er nauðsynlegur, áður en lagakennsla getur komizt á, og þó þeir menn, sem hann nefndi til, hafi ekki samið neina bók, áður en þeir urðu kennarar, þá er það mikill munur, hvað hægra það er að taka við kennslu þar, sem einn vísindamaður hefur lengi komið á eptir öðrum, og getur haft fyrir sjer bækur annara, sem á undan voru, en hjer, þar sem byrja þyrfti að nýju.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg verð að svara 1. þingmanni Gullbringusýslu nokkrum orðum, og leyfa mjer með allri þeirri kurteysi, sem er sköpuð í mínu brjósti, að benda honum á, að hann rangherми það, að í frumvarpinu um lagaskólann hafi verið sett nokkurt skilyrði um, að yfirdómararnir skyldu vera kennarar (*Grímur Thomsen*: 1875). Það er satt, að þegar ræða var um launalögin 1875, þá voru eptir hans uppástungu laun yfirdómaranna hækkuð, með því skilyrði að þeir tækju að sjer kennsluna við lagaskólann, en seinna var þetta

skilyrði fellt úr, jeg veit ekki hvernig eða af hverjum, án þess launin væru aptur færð niður; þessar krónur eru því að líkindum tapaðar fyrir landið, og er það þingmanninum meir að kenna en mjer (*Arnljótur Ólafsson:* Heyr). Eins og frumvarpið sýnir, þá stendur það ekkert í sambandi við yfirdóminn; þingmaðurinn tók það fram, að von væri á, að í fjárlögunum yrði veittur styrkur til nýrrar útgáfu af Jónsbók; mig furðar á þessu, því að jeg man, að hjer um árið var send til allra amtmanna á Íslandi og yfirdómsins uppástunga um nýja útgáfu á Jónsbók, með meðmælum juridiska fakultetsins í Kaupmannahöfn, en þá mæltu allir á móti henni sem óþarfri. Nú er líka von á algjörðri breytingu á landbúnaðarbálkinum, sem er helzti bálkur Jónsbókar, sem nú er í gildi, svo jeg veit ekki, hvort er þörf á nýrri útgáfu á Jónsbók, nema það skyldi vera minnisvarði yfir Jónsbók dauðu, og efast jeg um, að þingið samþykki þau útgjöld, sem til þess þarf, að minnsta kosti gjöri jeg það ekki. Þingmaðurinn talaði mikið um kostnaðinn, og það er einlægt fallegt, að hugsa um kostnaðinn, en það er ekki metið, hvort öll þau fyrirtæki, sem hann hefur stungið upp á að leggja fje til, hafi verið öllu nauðsynlegri en þetta (*Grímur Thomsen:* Brú yfir Skjálfandafljót!). Jeg játa, að það er nauðsynlegt fyrirtæki fyrir viðkomandi hjeruð, en hvað er það móti gagni alls landsins og þjóðarinnar. Hvað það snertir, sem þingmaðurinn tók fram, að lagaskólinn muni ekki komast á á þessu tímabili, þá verð jeg að svara því svo, að þá þarf heldur ekki fje til hans á næsta fjárhagstímabili. Þingmaður Reykvíkinga sagði mjer nú fyrst greinilega, hvað hann meinti; hann sagði, að af því að þingið væri allt af að búa til ný lög, þá væri ekki kominn tími til að stofna lagaskóla; jeg verð þá að draga þá ályktun út af þessu, að lagaskólinn verði ekki nauðsynlegur, fyr en alþingi hættir að gefa lög (Hlátur). Þingmaðurinn rangfærði orð mín; jeg sagði ekki, að dembt hefði verið inn lögum og ólögum, heldur að dembt hefði verið inn í landið útlendum lögum með lögum og ólögum, með lögum kalla jeg það, þegar lögin eru þinglesin, t. a. m. lesin á íslenzku, en með ólögum, þegar lögin ekki eru þinglesin eða þá á dönsku. Að svo mæltu fel jeg deildinni málið, og finn ekki ástæðu til að fara um það fleirum orðum.

Þá var gengið til atkvæða og var

1. gr. samþykkt með 15 atkvæðum
2. — —— — 14 — móti 2
3. — —— — 16 —
4. — —— — 15 —

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu, og málinu vísað til 3. umræðu með 16 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 15. fundi, 18. júlí.

Breytingartillaga: I 133.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg vona, að þingmenn hafi vel íhugað breytingar þær (I 133), sem stungið er upp á við frumvarpið, og þeir sjái þau áhrif, sem þær geta haft á málið, ef þær verða samþykktar. Fyrsta breytingin er sú, að setja orðið «kennsla» fyrir «skóli», og önnur breyting viðvíkjandi kostnaðinum, að ákveðið er til timakennslu 1600 kr. í staðinn fyrir 2400 kr. handa föstum kennara. Aðalbreytingin er sú, að í staðinn fyrir 2 fasta kennara er að eins stungið upp á einum. Að vísu kynnu menn að geta sagt, að þetta sje lagað, hvað samkvæmni í lögunum snertir, með því að stinga upp á tímakennslu, en þó get jeg ekki betur sjeð, en að með þessari breytingu sje frumvarpinu haggað í grundvelli sínum. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að það er ógjörningur, að stofna skóla með að eins einum kennara, og það hafa uppástungumenn líklega sjeð, og því breytt

«skóli» í «kennsla», því að slíkt getur ekki samrýmzt við hugmyndina «skóli». Þessar breytingar eru þannig að mínu áliti aðalbreytingarnar, en þær eru því tilfinnanlegri fyrir aðalstefnu málsins, sem þær ekki geta samrýmzt við 4. grein, er inniheldur þau rjettindi, er veitast eiga þeim, sem skólann sækja. Ef höfundar breytinganna hefðu gjört tilsvarandi breytingar á 4. gr., þá væri fyrst spursmál um, að geta aðhyllzt þessar breytingar (*Varaforseti:* Það er stungið upp á breytingu við 4. grein!) Það eru ekki gjörðar neinar breytingar á rjettindum þeim, sem skólinn á að veita, og það er það, sem hjer ræðir um. Jeg segi það aptur, það er ómögulegt að hugsa sjer skóla, annan eins og lagaskólann, stofnaðan með einum kennara, og að ímynda sjer, að meining uppástungumanna sje, að stinga upp á, að menn, sem nema lögfræði hjá einum manni, gangi jafnt lögfræðingum frá háskólanum í Kaupmannahöfn; það er sama sem að ímynda sjer, að þeir hafi viljað eyðileggja málið! Hvað höfundunum hefur gengið til að koma með þessa breyting, get jeg því ekki vitað, en jeg vil þó geta þess til, að aðalorsökin muni vera sú, að þeir hafi viljað sameina lagaskólann við yfirdóminn og fá kennslu handa honum frá yfirdómendunum. Eins og menn vita — það játa jeg — þá var þetta tilgangurinn, þegar verið var að semja launalögin um árið, en lögin urðu þó svo úr garði gjörð á endanum, að þessum tilgangi varð ekki náð með þeim, svo dómendur þeir, sem nú eru, eru óháðir því skilyrði, sem í raun rjettri var sett fyrir launahækkun þeirra. Það er því ómögulegt, að beita þessu skilyrði við þá dómara, sem nú eru í embætti, og þess vegna ómögulegt að byggja eins áríðandi stofnun og lagaskóla á þessum grundvelli. Þar á móti vil jeg gjarnan vera með hinum heiðruðu uppástungumönnum í því, að koma með nýtt lagafrumvarp um það, að þegar yfirdómaraembættin losna, skuli þau ekki veitt nema með því skilyrði, að dómararnir takist þá skyldu á herðar, að kenna í lagaskólanum sem timakennarar. Jeg vona, að öllum þingmönnum sje það ljóst af þessu, að þessar breytingar geta þannig ekki samrýmzt frumvarpinu í aðalstefnu þess, og jeg ímynda mjer, að allir hjer í salnum, bæði þeir, sem undir breytingaratkvæðinu standa, og hinir, sjeu mjer samdóma um, að það er ósæmilegt fyrir deildina, ef það er annars vilji hennar að stofna lagaskóla, að gjöra það svo, að skólinn ekki geti leyst ætlunarverk sitt af hendi; því að það getur ekki staðizt með sóma þingsins, að stofna skóla að eins að n a f n i n u.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil stuttlega gjöra grein fyrir meiningu minni um breytingartillögu þá, sem jeg með öðrum hef ritað undir. Jeg vil fyrst taka það fram, að það felst ekki í mínum huga neinn vilji til að rýra lagaskólann, þó jeg hafi stungið upp á að kalla hann «lagakennslu» og upp á nokkrum öðrum breytingum. Aðalbreytingin er, eins og framsögumaður tók fram, ekki sú, að orðinu «skóli» er breytt í «kennsla», heldur sú, að stungið er upp á einum kennara föstum fyrir tvo fasta. Vjer viljum þá halda forstöðumanninum, en ekki öðrum föstum kennara, til þess að geta fengið þá kennslu með tímanum hjá yfirdómendunum, sem þeir eptir launalögunum áttu að skyldast til. Verði nú annar fastur kennari settur við skólann, þá er eigi hægt að víkja honum frá, þá er tímakennslan fæst hjá yfidómendunum, og verður hún þá óþörf, og vjer töpum þeim 800 kr., sem hvor dómendanna fjekk, til þess að verða tímakennarar við lagaskólann. Hugsun vor með breytingartillögunni var sú, að fá yfirdómendurna fyrir tímakennara við skólann, en af því að vjer vissum, að þeim yfirdómurum, sem nú

eru, verður ekki gjört að skyldu að kenna við lagaskólann, þá segjum vjer: meðan þeir menn, sem nú sitja í yfirdóminum, eigi fást til að kenna, skal varið til tímakennslunnar allt að 1600 kr. á ári. Jeg skal fúslega játa, að 1600 kr. eru ónógar, og að ekki er hægt að fá kennara fyrir þær, en það má bæta þær með aukafjárveitingu. Þetta breytingaratkvæði vil jeg styðja, til þess að framkvæma hugmynd þá, sem vakti fyrir þinginu 1875, þá er laun yfirdómendanna voru ákveðin. Um orðið «kennslu» vil jeg geta þess, að fyrir mjer vakti læknaskólinn, eins og hann var fyrst, þegar landlæknirinn einn annaðist kennsluna. Þá var það kölluð læknakennsla, og hafa þeir menn, sem þeirrar kennslu nutu, fengið embætti; því get jeg ekkert sjeð á móti því, að þeir menn, sem njóta lagakennslu, fái embætti, þótt kennslan sje eigi kölluð «skóli». Jeg vona flutningsmaður sjái af þessu, að það er ekki meining vor að fella frumvarpið.

Flutningsmaður (*B. Sv.*): Jeg þykist vita, að það sje ekki vilji 1. þingmanns Norðurmúlasýslu að eyða þessu máli eptir því, sem honum farast orð núna, en eins og jeg áður sagði: breytingaratkvæði hans fullnægir eigi hans góða ásetningi. Ef það verður samþykkt, þá verður tímakennslan laus og óviss, en það er einmitt svo áríðandi, að fastir kraptar sjeu til. Viðvíkjandi útskýringu þingmannsins á muninum á «kennslu» og «skóla», þá tók hann samlíking af læknaskólanum, en hann hlýtur að muna eptir því, hvað talað var um læknaskólann, meðan hann endilega átti að heit« kennsla» en ekki «skóli», og þá tók þingmaðurinn sjálfur einmitt svo skýrt fram, hver munur væri á kennslu og skóla, sá sem sje, að kennslan getur verið komin undir eins manns lífi, en skóli er föst og grundvölluð stofnun, sem ekki deyr, eins og hver af oss. Jeg vona að öðru leyti, að þingmaðurinn ætli ekki þessari stofnun, sem hjer er um að ræða, að ganga gegn um allan þennan sama hörmungar- og hreinsunareld, sem læknakennslan mátti ganga gegn um, áður en hún fjekk að heita læknaskóli. Og læt jeg svo úttalað um það mál.

Varaforseti: Ef flutningsmaður gæti bent á þá vissu krapta, sem hann hefur í hendi sjer til lagaskólans, ef yfirdómendurnir eru undanteknir, þá skyldi jeg vera honum samdóma, en jeg held það sje óhultara að reiða sig á þá krapta, sem eru til staðar. Yfirdómendurnir munu ekki kinoka sjer við að verja nokkrum af þeim stundum, sem þeir hafa afgangs, til kennslu við lagaskólann, en ef 2. gr. verður samþykkt, eins og hún er í frumvarpi flutningsmanns, þá vil jeg skora á hann að segja, hvaða menn hann geti hugsað sjer fyrir kennara; forstöðumanninn á hann kannske vísan, en hver á að verða annar kennari með 2400 kr.? Ef flutningsmanninum er annt um, að lagakennsla komist á, þá ætti hann að aðhyllast vora uppástungu.

Flutningsmaður: Það er ekki mitt að skipa kennara við lagaskólann; það liggur miklu nær að jeg skori á varaforseta, að benda á þá menn nú þegar, sem geti orðið skyldaðir til að taka að sjer tímakennslu við lagaskólann, ef breytingartillagan verður samþykkt.

Varaforseti: Jeg er viss um, að yfirdómendurnir munu fúsir til að takast á hendur tímakennslu við lagaskólann, en það, sem jeg efast um, er hvernig hægt er að fá mann, sem geti tekið að sjer lagakennslu fyrir 2400 krónur.

Flutningsmaður: Jeg fæ eigi skilið, í hverju það getur legið, að breytingaratkvæði þetta er fram komið. Það lítur svo út sem þingmenn ætli, að yfirdómendurnir muni nú verða fúsir til að taka að sjer kennslu á lagaskólanum. En hver sönnun er fyrir því, að yfirdómendurnir, sem hingað til hafa verið ófúsir til þessa, muni nú verða þess viljugir? Hvernig getur deildin byggt á því, að þeir

nú muni takast það á hendur, úr því þeir áður hafa sýnt sig óviljuga til þess, og það þótt þeim væri lagt fje til þess að fyrra bragði? Því að það getur þó víst eigi verið meining yfirdómaranna, að þeir fái meira fje til þess að kenna á lagaskólanum, en þeir eru búnir að fá. 1. þingmaður Gullbringusýslu kom með það sem ástæðu gegn lagaskólanum, að nú sem stæði væru engir til að kenna á honum. En jeg verð að ætla, að því óvissara sem það er, að menn fáist núna í augnablikinu til þess að kenna á lagaskólanum, því nauðsynlegra sje að stofna hann sem fasta stofnun, sem skóla, svo úr garði gjörðan, að við hæfi sje. Jeg vona, að guð haldi svo hendi sinni yfir þjóð vorri, að nógir menn fáist með tímanum til þess að kenna í þessum skóla. Að minnsta kosti hefur svo reynzt á prestaskólanum og læknaskólanum. Jeg held því, að þetta sje, rjett skoðað, miklu fremur ástæða með en móti lagaskólanum.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg veit ekki, hvort jeg hef skilið framsögumann rjett; mjer heyrðist hann segja, að hann væri fús á, að sjerstök lög væru samin um það, að meðdómendurnir í yfirdóminum væru skyldir til að taka að sjer kennslu á lagaskólanum. Jeg get þess vegna ekki skilið í því, hvernig á því stendur, að flutningsmaður hefur þó ekki aðhyllzt breytingaruppástunguna, þá, sem hjer liggur fyrir, því að eptir breytingaratkvæðinu kemst ætlun og vilji flutningsmannsins betur að, en eptir hans eigin frumvarpi. Mig furðar á því, þegar jeg les alþingistíðindin 1877, að flutningsmaður skuli nú vera andvígur þessari stefnu, er hann þá sjálfur fylgdi. Orsökin kann reyndar að vera sú, að flutningsmaðurinn ætli, að lagaskólinn fái betri byr í efri deildinni með því fyrirkomulagi, er frumvarpið fer fram á, af því að hann hefur strandað á því skeri áður; en mjer virðist ráðin bót á þessu, þar sem í breytingartillögunni eru áskveðnar «1600 kr. til tímakennslu», meðan þeir, sem nú sitja yfirdóminn, halda sínum embættum. Jeg ímynda mjer, að deildin verði svo samkvæm sjálfri sjer frá fyrra þingi, að hún aðhyllist breytingaruppástungguna.

Flutningsmaður: Jeg ímynda mjer, að 1. þingmaður Suðurmúlasýslu hljóti að muna eptir því, er fram fór á síðasta alþingi í máli þessu; jeg get fullvissað hann um, að frumvarp þetta er verk alþingis, bæði hinnar efri og neðri deildar, nema hvað þá ákvörðun snertir, að í þessu frumvarpi eru laun forstöðumanns skólans til tekin 4000 kr. í stað 3500 kr. Jeg hef lengi hugsað um mál þetta, og hefur það ávallt verið mín hugsun, að æskilegt væri, að sameinuð sje lagakennsla og dómaraembætti; en þessi hugsun mín hefur ávallt strandað á því skeri, sem það hefur mætt í efri deildinni. Jeg sje því eigi annað ráð en að samþykkja frumvarp þetta, eins og það nú liggur hjer fyrir.

Páll prestur Pálsson: Mjer þykir skylt við nefndina að lýsa yfir því, að þegar jeg skrifaði undir breytingaruppástunguna, hafði jeg eigi nægilega íhugað hana; nú hef jeg gjört það, og fell því frá henni í atkvæði mínu.

Friðrik Stefánsson: Jeg tek mitt breytingaratkvæði aptur, af því að jeg held, að tímakennslan fáist eigi fyrir þær 1600 kr., er til teknar eru í frumvarpinu, og af því að jeg hygg, að eigi mætti minna fje til þessa leggja en 2400 krónur, svo kennslan sje fullkomin, því síður sem menn nú vita, að landsyfirrjettardómararnir hafa komið þeim vanda af sjer.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, var gengið til atkvæða um málið, og var breytingaratkvæði 9 þingmanna (I 133) við frumvarpið fyrst borið undir atkvæði, og breytingin
við 1. gr. felld með 13 atkvæðum gegn 6.

við 2. gr. felld með 11 atkvæðum gegn 8. — 3. og 4. gr. þar með sjálffallnar, og frumvarpið síðan óbreytt, að fyrirsögn meðtaldri, samþykkt með 15 atkvæðum.

Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild: I 151.

Eiríkur Kúld kvaðst hafa verið viðstaddur ræður manna um þetta mál í neðri deild þingsins, og hefðu menn rætt það þar af miklu kappi; vildi hann skjóta því til deildarinnar, hvort henni litist eigi að setja nefnd í málið.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi vilja fallast á þá tillögu, því að mál þetta væri svo margrætt, og þar að auki kæmi það nú frá neðri deildinni hjer um bil alveg eins og það fór frá efri deild til hinnar neðri í hitt eð fyrra; og þætti sjer eigi þurfa að skýra málið meir en búið væri.

Benedikt Kristjánsson kvað frumvarpið vera alveg eins og deildin hefði samþykkt það í hitt eð fyrra, nema eitt atriði, sem flestir mundu fallast á. Hann skoðaði það svo, sem neðri deildin vildi nú veita efri deildinni uppreisn fyrir það, er hún felldi frumvarp hennar síðast; eins og frumvarpið nú lægi fyrir, væri það verk efri deildarinnar, og hann vissi eigi til, að kringumstæður hefðu breytzt svo mikið síðan þá, að nú væri þörf á nefnd, til að íhuga málið, og vildi hann ráða frá, að svo væri gjört.

Var þá málinu vísað til 2. umræðu með 9 atkvæðum, en fellt frá nefnd með 6 atkvæðum gegn 5.

Önnur umræða í efri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Magnús Stephensen kvað við 1. umræðu málsins hafa komið fram þá uppástungu, að setja nefnd í þetta mál, en þeirri uppástungu hefði verið hrundið þá, eptir því sem út leit af ræðum manna um hana, mest af þeirri ástæðu, að frumvarpið, sem nú væri komið til deildarinnar frá neðri deild, væri að mestu samhljóða því, er deildin hefði samþykkt í hitt eð fyrra. Samt sem áður vildi hann nú leyfa sjer að stinga aptur upp á því, að nefnd yrði sett og umræðunni frestað. Það væri tilætlun sín, að nefnd þessi ætti að íhuga, hvort brýn nauðsyn væri á að demba á landssjóðinn þeim útgjöldum, er stofnun lagaskóla hefði í för með sjer, útgjöldum, sem væru viðvarandi, en ekki í eitt skipti fyrir öll, og sem ekki næmu staðar við fjárupphæðir þær, er nefndar væru í frumvarpinu, nefnil. laun kennaranna, samtals 6,400 kr. árlega, heldur hlytu einnig að ná til annars kostnaðar, er slíkur skóli mundi hafa í för með sjer, og menn þekktu frá lærða skólanum, prestaskólanum og læknaskólanum. Hún ætti og að hugleiða, hvort nokkur von væri til að tala þeirra, er kæmu á skólann, stæði í nokkru hlutfalli við kostnaðinn, sem til hans færi; og kæmi þá til greina tala embætta þeirra, er kandidatar frá skólanum ættu aðgang að, því að varla væri við því að búast, eptir efnahag manna hjer á landi, að menn færu að eyða aldri sínum fram að myndugsaldri, til þess að lesa lögfræði, og öllu því fje, sem þetta nám kostar, án þess að hafa von um að komast í embætti á eptir. Enn fremur ætti nefndin að íhuga, hvort það væri fyrirsjáanlegt, að ekla yrði á embættismönnum í lögfræðingaembætti landsins, og vildi hann þá skýra frá því, að í Kaupmannahöfn væru 12 Íslendingar að lesa lögfræði og 3 mundu bætast við í sumar. Enn fremur ætti hún að hugleiða, hvort völ sje á kennurum til þessa skóla, því að það hlyti að vera tilgangurinn, að kennslan yrði eigi þur og andalaus upptugga af fyrirlestrum frá háskólanum, heldur byggð á vísindalegum rannsóknum, en menn, sem til slíks væru færir, væru ekki á hverju strái. Loks ætlaðist hann til, að nefndin rannsakaði, hvort það væri vilji þjóðarinnar, að þessi skóli yrði stofnaður,

því allt til þessa hefðu bænir um það efni að eins komið frá námsmönnum í Höfn, en eigi landsmönnum innanlands, einmitt þeim, sem leggja ættu fje til skólans eins og annara landsþarfa. Hann skoraði því á forseta að leyta atkvæða um, hvort eigi skyldi setja nefnd og fresta umræðunum.

Forseti ljet ganga til atkvæða um þessa tillögu, og var hún felld með 6 atkv. gegn 5, og var því umræðunum haldið áfram.

Jón Jónsson kvaðst vilja gjöra nokkrar athugasemdir við ræðu hins 5. konungkjörna þingmanns. Það mætti segja, að eigi væri brýn nauðsyn á lagaskóla, því að landsbúar mundu geta haft mat, föt og húsaskjól, þó lagaskóli komist eigi á, en sama mætti segja um allar vísindastofnanir. Þó nauðsynin væri eigi brýn, væri hún þar, því lagaskólinn væri eitt stig til að efla andlegar framfarir þjóðarinnar. Hvað útgjöldin til skólans snerti, treysti hann neðri deildinni, sem hefði haft fjárlögin og önnur fjármál landsins til íhugunar, til að hafa skoðað þessa hlið málsins, og fyrst hún segði, að vjer höfum ráð á að hafa þennan skóla, segði hann að eins: Guði sje lof. Jeg þakka drottni mínum fyrir, að fátækir bændur horfa ekki í að leggja á sig þungar byrðar, til að efla menntun og andlegt líf. Um aðsóknina gæti hvorki þingmaðurinn nje hann dæmt; fyrir sitt leyti hugsaði hann, að þar yrði eigi að eins kennt embættismannaefnum, heldur líka mönnum, er eigi hefðu fengið skólamenntun, því að svo væri lagakennslu háttað í öðrum löndum, t. d. Englandi, Danmörku og Noregi. Lögfræðingaembættin væru eins mörg og læknaembættin, og væru enn ekki of vel skipuð íslenzkum mönnum, þar sem þrír sýslumenn væru danskir. Hvort kennarar fengjust hæfir, væri eigi hægt að segja. Fyrst vissu menn ekki, hverjir vísindalegir hæfilegleikar gætu dulizt í hinum júridisku embættismönnum landsins. Hann væri t. d. sannfærður um, að flestir yfirdómendur landsins hefðu vísindalega hæfilegleika, og gæti hann vel ímyndað sjer, að þeir vildu heldur hafa embætti við lagaskólann, og helga sig vísindalegum rannsóknum, en að þurfa að gegna hinum örðugu og ábyrgðarmiklu dómarastörfum. Þá væri spurning um aðra embættismenn, og loksins þekktu menn ekki hin ungu upprennandi vísindamannaefni. Fengist ekki íslenzkur kennari, gæti, ef til vill, þýzkur, danskur eða norskur maður viljað leggja það á sig að læra að tala íslenzku, til þess að geta orðið kennari í lagaskóla, og væri á síðari árum almennur áhugi á að læra íslenzk lög að breiðast út meðal vísindamanna í öllum hinum nefndu löndum. Þar sem þingmaðurinn ljeti í ljósi efa um það, hvort þetta væri almenn ósk þjóðarinnar, þá sýndi það furðu litla þekking á sögu málsins, og á því, er hreifir sjer hjá þjóðinni, nema kann ske þeim hluta hennar, er greiddi mest til sveitar í Reykjavík.

Stefán Eiríksson sagði, að þó að bænir um þetta efni hefðu eingöngu komið frá námsmönnum í Kaupmannahöfn, þá þætti sjer meira í það varið, heldur en ef slíkar óskir hefðu komið frá öðrum. Hann vildi fyrir sitt leyti heldur kjósa, að allar slíkar stofnanir væru í landinu sjálfu, þó að það kostaði ærna fje, því að þá eyddist þó fje það, er til skólanna gengi, í landinu sjálfu. Þegar talað var um að stofna læknaskóla, hefði líka verið sagt, að fáir mundu sækja hann, og því áliti hann ekki þá mótbáru hins 5. konungkjörna þingmanns gilda, að engir mundu ganga á skóla þennan, sem hjer um ræðir. Eins og nú stæði, ætlaði hann, að landssjóðurinn væri nógu ríkur til að bera kostnaðinn af skóla þessum.

Forseti bar þá málið upp til atkvæðagreiðslu, og fjell hún þannig:

1. gr. frumvarpsins samþykkt með 7 atkv.
2. — —— —— — 6 —
3. — —— —— — 6 —
4. — —— —— — 6 —

Fyrirsögnin samþykkt með 6 atkvæðum, og málinu því næst vísað til 3. umræðu með 7 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 23. fundi, 28. júlí.

Jón Jónsson kvaðst hafa, er mál þetta kom fyrir síðast, sýnt fram á, að mótbárur þær, er komið hefðu fram á móti því, væru eigi þýðingarmiklar. Þar eð engin breytingaruppástunga væri fram komin og nú ætti að ræða málið í 3. sinn, væri ekki spurning um annað, en að taka frumvarpið, eins og það lægi fyrir, eða þá fella allt málið. Að vísu gætu ýmsir haft á móti einstökum greinum frumvarpsins; sumum líkuðu ef til vill ekki launaupphæðirnar. Aðrir gætu ef til vill fundið að einstökum orðum, svo sem orðinu «stjórnarherra». Það hefði áður í þessari deild verið rætt mikið um þetta orð, og það orðið ofan á á endanum, að taka heldur orðið «ráðgjafi», en þó að nú stæði í frumvarpinu «stjórnarherra», þá vænti hann þess, að þingmaður Barðstrendinga mundi eigi hneykslast á því. Hann og fleiri væru á þeirri skoðun, að það væri ósamboðið þeirri tign, sem fylgdi svo háttstandandi embættismanni, sem ráðgjafa hans hátignar konungsins að hafa mörg nöfn á honum. Í stjórnarskránni stæði «ráðgjafi», en þó að hann felldi sig betur við það orð en «stjórnarherra», þá þætti sjer eigi ástæða til einungis þess vegna að eyðileggja frumvarpið. Hvað 4. grein frumvarpsins snerti, þá væri hún nokkuð athugaverð. Hvað burtfararprófið snerti, þá sýndist sjer það reyndar sjálfsagt, að þeir, sem útskrifuðust úr lagaskólanum, fengju jafnrjetti við háskólakandidata, eins og þeir, er útskrifast af presta- og læknaskólanum. Aptur á móti gæti ákvörðunin um hina svo kölluðu dönsku lögfræðinga verið nokkuð ísjárverð. Fyrst væri þess getandi, að það væri ekki fullkomlega rjett að nefna þessa menn danska lögfræðinga; þeir hjetu examinati juris eða óstúderaðir júristar. Í Kaupmannahöfn væru 2 próf í lögfræði, hið fullkomna og hið ófullkomna próf; eða eins og stundum væri sagt, hið latínsk-júridiska og hið dansk-júridiska. Aðgang til hins fyrnefnda hefðu að eins stúdentar, en þeir hefðu einnig aðgang til hins síðar nefnda. Sumir þeir, er byrjuðu á hinum latnesku lögum, yrðu af ýmsum ástæðum, svo sem fjeskorti, o. fl., að neyðast til að hætta við þau, og sætta sig við hin dönsku; þannig færi opt fyrir íslenzkum stúdentum, að þeir yrðu að hætta við latnesku lögin og jafnvel fara heim, þegar þeir væru búnir að vera sinn ákveðna tíma á Garði, og misstu þann mikla styrk, er fylgði garðvistinni; nú væri spurningin um það, hvort þessir menn fengju aðgang að embættum, ef þeir, eptir að skólinn hefði tekið til starfa, ferðuðust aptur til Kaupmannahafnar, og leystu af hendi hið ófullkomna júridiska próf. Þetta gæti haft nokkuð mikla þýðing fyrir slíka menn. Það mætti gjöra ráð fyrir, að reglugjörðin fyrir lagaskólann kæmi, eins og reglugjörðirnar fyrir presta- og læknaskólann, til þess að innihalda þá óheppilegu ákvörðun, að mönnum væri gjört að skyldu, að vera vissan árafjölda á skólanum, áður en þeir fengju að ganga undir burtfararpróf. Nú gætu menn hugsað sjer, að stúdent hefði í nokkur ár búið sig undir hið fullkomna eða latneska próf á háskólanum í Kaupmannahöfn, en sakir fjárskorts orðið að hætta þar og komið hingað upp, og þá væri sannarlega hart fyrir hann, að þurfa að ganga á lagaskóla og vera þar ef til vill 4 ár, í stað þess að geta lokið sjer af í Kaupmannahöfn á 1 eða jafnvel hálfu ári undir hið ófullkomna lagapróf. Háyfirvöldin hefðu sýnt það eigi alls fyrir löngu, að þau leyfa eigi gjarna undantekningar frá slíkri reglu, þar sem maður einn, sem stundað hefði guðfræði við háskólann, en síðan komið hjer á prestaskólann, hefði beiðzt þess, að þurfa ekki að vera nema eitt ár, en fengið nei. Hann hefði því óskað, að grein þessi hefði verið nokkuð öðru vísi orðuð; en því minni ástæða væri til að fella frumvarpið af þessari ástæðu, sem skilja mætti orðin «nám í dönskum lögum» bæði um hið fullkomna og hið ófullkomna nám, bæði um þá, sem lesa eingöngu dönsk

lög, og um þá, sem læra Rómverjalög jafnframt dönsku lögunum. Hann vonaði því, að deildin sæi ekki ofsjónum yfir smá göllum, er vera kynnu á frumvarpinu, heldur ljeti nú að ósk þjóðarinnar um það, að koma á fót íslenzkum lagaskóla. Þessi ósk væri eigi ný, heldur hefði hún komið fyrir þingið þegar 1845; en þeir menn, sem þá fluttu mál þetta til meðferðar, þorðu ekki að hugsa svo hátt, að stofna hjer lagaskóla, en ljetu sjer nægja að óska, að íslenzk lögfræði yrði kennd við háskólann í Kaupmannahöfn; en reynslan hefði sýnt, að um það gæti alls eigi orðið umtalsmál. Síðan hefði komið uppástunga frá ýmsum menntamönnum í Kaupmannahöfn um sameiginlegan þjóðháskóla, eins konar universitet, en þegar það hefði eigi fengizt, hefðu menn orðið að sætta sig við hina einstöku skóla, er smámsaman væru komnir á, fyrst prestaskóla, síðan læknaskóla og nú loksins lagaskóla. Hann vonaði, að eins og lagaskólinn hefði fengið sinn styrk frá bændum og af fúsum þjóðvilja, þá mundi hann með hinum öðrum æðri vísindastofnunum hjer á landi kröptuglega styðja hið andlega líf og vísindin hjer á landi. Íslendingar hefðu í fyrndinni að kalla einir varðveitt bókvísi á Norðurlöndum; nú væru bræðraþjóðir vorar komnar fram fyrir oss í henni eins og í öðrum framförum, en vjer ættum eigi að verða langt á eptir þeim. Vjer værum of miklir ættlerar, ef það skyldi verða sagt með sanni um oss, að allt andlegt líf væri farið, enginn hugsaði um annað en vömb sína og veraldlega hagsmuni. Hin bezta vörn á móti slíkum apturförum væru hinar æðri vísindastofnanir, er tengdu oss við háskólana hjá bræðraþjóðum vorum.

Eiríkur Kúld sagðist, eins og kunnugt væri, æfinlega hafa verið hlynntur máli þessu og væri svo enn þá. Það hefði verið tekið fram, að nú væri eigi eins mikil þörf og áður, því margir læsu nú lög, og þyrfti því eigi á fleirum að halda fyrst um sinn. Það hefði og verið sagt, að kennara vantaði, er vildu takast þennan starfa á hendur eða væru hentugir til þess, en ólíklegt væri, að þetta yrði til fyrirstöðu, því varla þyrfti að gjöra ráð fyrir, að skólinn kæmist á fót á þessu fjárhagstímabili, að minnsta kosti væri eigi gjört ráð fyrir skólanum enn þá af fjárlaganefndinni. Hann vildi og leggja áherzlu á það, að ef stofnunin kæmist á, væri fjenu til kennslunnar varið í landinu sjálfu, en eigi fyrir utan það. Hann kvaðst þakka neðri deildinni fyrir, að vilja eigi hafa orðið «ráðgjafi», enda álitu málfræðingar það eigi eiga við.

Benedikt Kristjánsson sagði, að skólinn væri milli getnaðar og fæðingar, og væri því öllu óhætt.

Forseti bar því næst frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 8 atkv. gegn 3. Kvað hann það nú verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXV. FJÁRLÖG 1880 OG 1881.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1880 og 1881. Frá stjórninni. Sjá I 91—123.

Framlagt í neðri deild á 2. fundi, 2. júlí.

Landshöfðingi: Jeg hef þá æru, að leggja fyrir alþingið frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1880 og 1881, og skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta frumvarp, sem hvað snertir niðurröðun þess, er áþekkt fjárlögunum fyrir árin 1878 og 1879, þó með þeirri breytingu, sem hefur verið nauðsynleg afleiðing af þeim lögum, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, og sem seinna hefur verið staðfest af Hans Hátign konunginum.

Meðal þeirra hafa hin nýju skattalög frá 14. des. 1877 og lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta eptir hlutarins eðli haft veruleg áhrif á bæði tekjur og útgjöld landssjóðsins eptir frumvarpinu.

Þannig hafa samkvæmt skattalögunum verið áætlaðar tekjur í 2. gr. 1.—4. tölulið, sem nema samtals: 81495 kr. árlega, en

manntalsbókar-gjöldin, sem þessar tekjur eru komnar í staðinn fyrir í fjárlögunum fyrir árin 1878 og 1879, voru áætluð samtals 14914 kr. árlega. Á hinn bóginn eru útgjöld landssjóðsins til launa sýslumanna og bæjarfógeta, er áður að mestu leyti voru greidd beinlínis til þessara embættismanna af gjaldþegnum, hækkuð um rúmar 55000 kr. (55540 kr.), er til færðar eru í 10. gr. frumvarpsins. Munurinn er þannig í raun og veru hjer um bil 11000 kr. árlega, sem tekjur landssjóðsins eru auknar með. Að vísu er reynslan enn þá ekki búin að sýna og sanna upphæð þá, sem ætla má eptir hinum nýju skattalögum, þar sem þau fyrst koma í gildi á þessu yfirstandandi ári, og áætlun frumvarpsins er þannig að álíta sem ágizkun, og skal í því tilliti vísað til athugasemdanna við 2. gr. frumvarpsins, er gjöra grein fyrir því, hvernig þessari ágizkun er varið.

Meðal tekjanna er enn fremur í 2. gr. 5. tölul. talið vitagjald með 5000 kr. árlega samkvæmt lögum 14. apríl f. á.

Meðal útgjaldanna er í 13. gr. A. til bráðabirgðaruppbótar á fátækum brauðum stungið upp á 15000 kr. árlega í staðinn fyrir 4000 kr. í fjárlögunum fyrir 1878—1879.

Af þessum breytingum er að mestu leyti kominn sá mikli munur, er á sjer stað á tekjum og útgjöldum frumvarpsins, þegar þau eru borin saman við fjárlögin fyrir árin 1878 og 1879, en tekjurnar eptir frumvarpinu eru samtals: fyrir fjárhagstímabilið

áætlaðar	791,923 kr. 20a.
og útgjöldin samtals . .	717,399 kr. 94a.
Afgangurinn	74,523 kr. 26a.

En í fjárlögunum fyrir 1878 og 1879 eru tekjurnar áætlaðar samtals 638,161 kr. 26a.

og útgjöldin	597,933 kr. 66a.
Afgángurinn	40,227 kr. 60a.

Hvað hin einstöku atriði bæði tekjumegin og útgjaldamegin í frumvarpinu að öðru leyti snertir, skal jeg á þessu stigi málsins láta mjer nægja að vísa til athugasemda þeirra, er fylgja frumvarpinu og prentaðar eru við það.

Reikningurinn fyrir árið 1878 hefur ekki enn orðið fullsaminn, með því að nokkrir special-reikningar fyrst hafa borizt mjer hinn 27. júní þ. á., en jeg hef að svo miklu leyti, sem mjer hefur verið unnt, undirbúið reikninginn, og skal jeg leyfa mjer, þegar nú að skýra hinni heiðruðu deild frá einstökum atriðum hans. Lestagjaldið samkvæmt fjárlaganna 2. gr. tölul. 11 var áætlað . . . . . 35834 kr. «a.
en hefur numið . . . . 45014 — 85 -
(auk eptirstöðva 610 kr. 6 a.).
Aðflutningsgjaldið af áfengum drykkjum og tóbaki 2. gr. tölul. 12 var áætlað . . . 98000 kr. «a.
en hefur numið . . . . 107338 — 85 -
(auk eptirstöðva 6123 kr. 99 a.)

Samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta hafa aukatekjur verið innborgaðar með 7551 kr 3 a.

Meðal útgjaldanna skal sjerlega tekið fram, að laun sýslumanna og bæjarfógeta frá 6. júní 1878 til ársloka hafa verið útborguð með samtals 28452 kr. 7 a. og að einnig á þessu ári hafa verið útborgaðar samkvæmt 13. gr. C. 7. til að kaupa bóka- og handrita safn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn . . . 25000 kr.
Tekjur landssjóðsins hafa verið tamtals hjer um bil . . . 360,000 kr.
og útgjöld hans hjer um bil . 318,000 kr.
Afgangurinn verður þannig hjer um bil . . . . . 42,000 kr.

Viðlagasjóðurinn átti hinn 1. jan. 1878 . . . 570,807 kr. 38a.
31. desbr. 1878 í arðberandi skuldabrjefum . . . 629,494 kr. 72 -
Viðbót . . . . . 58,687 kr. 34 -

Hinn «finantielle Status» (fjárhagur) landsins má þannig heita góður, og landssjóðurinn getur, án þess nýjar skattaálögur útheimtist, staðið straum bæði af útgjöldum þeim, er kynnu að vera samfara þeim breytingum á skipun prestakalla m. m., er samkvæmt þingsályktun frá í hitt eð fyrra verða lagðar fyrir þingið í þetta skipti, og af öðr-

um útgjöldum, er þingið kynni að álíta nauðsynleg á fjárhagstímabilinu 1880—1881.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 3. fundi, 3. júlí.

Grímur Thomsen furðaði sig á, að stjórnin ekki skyldi hafa gjört breyting einkum á niðurröðuninni í fjárlagafrumvarpinu. Yfirskoðunarmennirnir, kvað hann, sáu brátt, að margt var ábótavant, sem ekki var landshöfðingja um að kenna. Vantaði t. a. m. tekju- og gjaldliði. Þegar t. a. m. prentsmiðjan var seld, vantaði tekjulið, er andvirði hennar yrði talið undir, það vantaði með öðrum orðum lið, sem kaup og sala landssjóðs yrði tilfærð undir, og sem Danir hefðu og nefudu «Erhverv af Formue» — «Forbrug af Formue». Þá vantaði enn fremur 2 aðra liði; þar sem embættismenn með 2000 kr. launum ættu heimting á láni, vantaði lið, sem tilfærð yrðu undir þessi lán og borgun þeirra (Refusion). Þetta og fleira gæti vel valdið glundroða, og vildi hann því stinga upp á, að fyrstu umræðu yrði frestað og nefnd kosin.

Landshöfðingi vildi ekki vera því mótmæltur, að frestað væri fyrstu umræðu, en gat þess, að tíminn væri stuttur. Hvað tekju- og gjaldliðu þá snerti, er þingmaðurinn hefði kvartað undan að vöntuðu, kvaðst hann hafa vakið máls á þessu við ráðgjafann, og hefði hann falið sjer á hendur að gjöra breytingaruppástungur við fjárlagafrumvarpið í þessu efni.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort fresta skyldi umræðunum, og var það samþykkt í einu hljóði; var síðan samþykkt 7 manna nefnd, og hún kosin, og fjellu atkvæði þannig:

Grímur Thomsen	20	atkv.
Einar Ásmundsson	20	—
Tryggvi Gunnarsson	19	—
Halldór Kr. Friðriksson	17	—
Guðmundur Einarsson	12	—
Ísleifur Gíslason	12	—

Þá höfðu þeir Eggert Gunnarsson og Snorri Pálsson jöfn atkvæði, 11 hvor, var þá varpað hlutkesti um, hvor þeirra skyldi fá sæti í nefndinni, samkv. 38. gr. þingskapanna, og sagði svo hlutur til, að það yrði

Eggert Gunnarsson.

Síðan var fyrstu umræðu frestað.

Framhald 1. umræðu í neðri deild, á 23. fundi, 28. júlí.

Nefndarálit: I 185—196 og 204—205.

Landshöfðingi: Þó að athugasemdir þær, er nefndarálitið kynni að gefa mjer tilefni til, að mestu leyti snerti hin einstöku atriði fjárlagafrumvarpsins — en samkvæmt þingskapanna 12. og 13. grein á ekki við að ræða þau við þessa, heldur við 2. umræðu, — skal jeg samt sem áður þegar á þessu stigi málsins leyfa mjer að fara fáeinum orðum um einstakar uppástungur hinnar heiðruðu nefndar, er mjer virðast snerta frumvarpið í heild sinni.

Viðvíkjandi þeim breytingum, sem ekki eru verulegar, í tekjudálkinum, sem byggðar eru á því, að hin heiðraða nefnd ætlar hinar einstöku tekjur nokkuð öðruvísi, en frumvarpið, skal jeg láta í ljósi skoðun mína um þær við 2. umræðu, en hjer einungis geta þess, að jeg að vísu ekki hef neitt á móti því, að tekjuliður sá, er stungið er upp á við 4. grein, tölulið 2: «upp í andvirði seldra jarða 8000 kr.» innan stryks, verði tekinn inn í fjárlögin; en á fjárhagstímabili því, er hjer ræðir um, mun ekki vera von á þvílíkum tekjum, nema ef þingið samþykkir frumvörp þau, er liggja fyrir því, um sölu á ýmsum þjóðjörðum, og eptir reglum þeim, er hingað til hefur verið fylgt, eiga tekjur samkvæmt lögum, er enn eigi eru lögleidd, að teljast í 18. grein fjárlaganna (17. grein nefndarinnar). Þar sem fyrirkomulag «styrktarsjóðs Íslands» er ákveðið með konungsúrskurði 25. júlí 1844, er skipar svo fyrir, að styrktarsjóðurinn skuli vera sjóður sjer, og ekki neitt brúkað af fje sjóðsins, nema samkvæmt allrahæstum úrskurði («ifölge Vor specielle allernaadigste Resolution»), má samkvæmt 25. grein stjórnarskrárinnar ekki breyta

þessu fyrirkomulagi nema með lögum, og þess vegna á það ekki við þegar nú að taka þennan tekjulið inn í fjárlögin. Jeg skal bæta því við, að jeg fyrir mitt leyti hef ekki neitt á móti því, að þessu fyrirkomulagi styrktarsjóðsins verði breytt með lögum.

Þar sem «endurgjald skyndilána til embættismanna» að mínu áliti á vel við í 5. grein frumvarpsins, er hinn samsvarandi gjaldliður af nefndinni settur inn í 13. gr. (nefndarálitsins 12. grein) C. tölulið 9.: «til skyndilána handa embættismönnum», en þar sem viðkomandi grein fjárlaganna hefur þá fyrirsögn: «Til kirkju- og kennslumála», en einnig aðrir embættismenn en þeir, er ræðir um í greininni, hafa aðgang til skyndilána, skal jeg skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki finnur ástæðu til að setja þennan útgjaldalið inn á hentugri stað í fjárlögunum.

Eptir orðum nefndarálitsins virðist breyting sú, er hin heiðraða nefnd stingur upp á, að sleppt verði 8. grein frumvarpsins «Til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi», og þessi útgjöld samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar tekin upp í 6. grein og dregin frá tillaginu úr ríkissjóðnum, — einungis að vera «en Ompostering», og að svo miklu leyti skal jeg þegar á þessu stigi málsins geta þess, að mjer virðist þessi «Ompostering» miður heppileg, þó að hún að vísu eigi sje gagnstæð orðum stjórnarskrárinnar. Það er hvorttveggja, að jeg kann ekki við að telja útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands sem óviðkomandi Íslandi og fjárlögum þess, heldur óska jeg, að stjórn þessi sje skoðuð í sambandi við landið og fyrirkomulag það, sem er á stjórn landsins í heild sinni, og mjer virðist ekki heppilegt eða æskilegt, að gefa þessu fyrirkomulagi einhvern nýlendustjórnarblæ, þar sem það í raun og veru ekki er nýlendustjórn, enda hefur tilgangurinn með því, að taka inn í fjárlagafrumvarpið þessi útgjöld, beinlínis verið sá, sem skýrt er frá í athugasemdum við hið fyrsta fjárlagafrumvarp, sem lagt var fyrir löggjafarþingið, sem sje að gefa þinginu til kynna, að ekki er ætlazt til, að gjöra neina breyting á þeirri upphæð, sem í því skyni er ákveðin með allrahæstum úrskurði og samkvæmt stjórnarskrárinnar 25. grein má ákveða á þennan hátt, »án þess að alþingi verði gefið tækifæri á að láta uppi álit sitt um það». En með »Ompostering» þeirri, er nefndin stingur uppá, sleppir þingið þeim áhrifum, er því þannig hafa verið ætluð, með því að taka þessi gjöld upp í fjárlögin, en sem 25. grein stjórnarskrárinnar ekki beinlínis gjörði ráð fyrir.

Framsögumaður (*Varaforseti Grímur Thomsen*): Með tilliti til athugasemda þeirra, er landshöfðingi gjörði við frumvarpið, þá snertu þær fjögur atriði. Í fyrsta lagi virðist honum eigi rjett, að nýr liður sje settur inn í fjárlögin, fyrir andvirði seldra þjóðjarða; en landshöfðinginn mun sjá, að ef þessi liður er ekki settur, þá mun sala þjóðjarðanna verða bundin sömu vandkvæðum, sem sala prentsmiðjunnar, að enginn liður sje fyrir andvirði þeirra í fjárlögunum. Það gildir einu, hvort töluupphæðin er sett há eða lág, en liðurinn þarf að vera til í fjárlögunum, því að ef hann er ekki, þá verður að setja andvirði þjóðjarðanna inn í viðskiptalið eða undir óvissar tekjur, en nú er það mjög líklegt eptir þeim mörgu uppástungum um þjóðjarðasölu, sem komið hafa, að löggjafarþingið samþykki sölu þeirra, og einmitt þess vegna þarf nýjan lið. Í öðru lagi þykir landshöfðingja það ekki eiga við, að styrktarsjóðurinn sje tekinn inn í fjárlögin sem tekjuliður, en þá skal jeg benda á það, að stjórnin hefur sjálf gefið tilefni til þessa fyrirkomulags; jeg vil minna landshöfðingja á það, sem stendur í athugasemdunum við frumvarp stjórnarinnar til fjárlaga fyrir Ísland 1876 og 1877. Þar stendur: »Í þessa tekjugrein er sömuleiðis samkvæmt ósk alþingis tekinn hinn svo nefndi íslenzki styrktarsjóður, en samt á þá leið, að tekjur hans samkvæmt

allra hæstum úrskurði 25. júlí 1844, framvegis verði lagðar við innstæðuna, þangað til, (þeg bið menn að taka eptir því) að ákveðið verður með fjárlögunum, að þeim verði varið á þann hátt, sem samkvæmur er augnamiði sjóðsins». (Íslands hagsmunir, sjá Alþingistíðindi 1875 bls. 23). Skoðun stjórnarinnar er hjer samhljóða ósk þingsins, og því hefur hún orðað þetta þannig, að þetta fyrirkomulag skyldi vera «þangað til». Jeg vona, að allir játi, að engin sú tekjugrein sje til, sem eigi sje hagur fyrir landsmenn, og því hefur stjórnin lagt þetta upp í hendur þingsins. Í þriðja lagi stakk landshöfðingi upp á því, að tekjuliðurinn í 12. gr. C. tölul. 9 í nefndarálitinu sje fluttur inn á aðra grein, en það er eigi hægt, nema þá að setja hann í nýja grein, allar greinarnar hafa sinn tilgang og fyrirsögn; yrði því að verða sjerstök grein til skyndiláns handa embættismönnum, en um það má tala við aðra umræðu. Þá kemur hin síðasta mótbára landshöfðingja, um að útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar sjeu flutt inn tekjumegin. En jeg álít það samkvæmt stjórnarskránni. Í 25. gr. stjórnarskrárinnar stendur: «Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrirfram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands». Það er með öðrum orðum ekki lagalegt af stjórninni, að nefna þessi útgjöld, nema að frádregnu tillaginu. Mjer virðist því þetta hinn rjettasti máti. Það er snertir nýlendubrag þann, sem landshöfðingi sagði að væri á þessari breytingu, er honum það að segja, að sá nýlendubragur er ekki þinginu að kenna. Initiativið (upptökin) er ekki komið frá þinginu, heldur frá stjórninni, og jeg játa, að ef ekki væri meiri nýlendubragur á öðru hjá oss, svo sem verzluninni, þá gæti jeg fellt mig við það.

Arnljótur Ólafsson: Það er sjálfsagt, að málfrelsi þingmanna er svo af markað við þessa 1. umræðu málsins, að eigi sje talað um sjerstakar greinar eða sjerstök atriði. Jeg skal játa, að frumvarp þetta er samið með hinni sömu vandvirkni og nákvæmni, sem fyr, og að þær breytingar, sem nefndin hefur gjört við stjórnarfrumvarpið, eru í flesta staði á góðum rökum byggðar. Jeg ætla samt sem áður að leyfa mjer að bera nokkrar spurningar upp fyrir framsögumanni máls þessa viðvíkjandi þeirri frábrugðnu landsmálastefnu í frumvarpinu við þau hin fyrri fjárlög vor. Annað atriðið er nefnilega sú ákvörðun, sem nefndin leggur til að verði gjörð viðvíkjandi styrktarsjóðnum. Mjer leikur efi á, hvort þessi tillaga nefndarinnar sje alveg heppileg. Í ástæðunum fyrir frumvarpi nefndarinnar er þess að eins getið sem ástæðu, að «þegar sjóðurinn er orðinn sameinaður landssjóði, hætta reikningar hans að verða framvegis ágreiningsefni milli þingsins og stjórnarinnar, eins og áður hefur átt sjer stað». Það er satt, að frá þeim tíma, er styrktarsjóðurinn hverfur inn í landssjóðinn, kemst hann undir fjárveitingarvald alþingis. En annað mál er það, að reikningar styrktarsjóðsins hafa að undanförnu verið ágreiningsefni, og það svo mikið, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa gjört miklar athugasemdir við þá, (sjá Athugasemdir yfirskoðunarmanna fyrir árið 1876, bls. 31—37). En mjer þykir efasamt, þegar þessi rannsókn yfirskoðunarmannanna liggur fyrir þinginu, án þess að stjórnin í landsreikningafrumvarpi sínu hafi gefið minnsta gaum að henni, hvort það sje rjett, að draga styrktarsjóðinn inn í landssjóðinn, eins og nefndin leggur til, fyrst enginn úrskurður nje úrslit enn eru fengin um upphæð hans, og enginn af oss getur sagt fyrir víst, hverja fjárkröfu vjer gjöra eigum gildandi gagnvart ríkissjóðnum. Jeg veit að fjárlaganefndin getur svarað: «það gjörir ekkert til með það, sem undan er farið, þótt leigum styrktarsjóðsins sje nú varið sem landsins fje». Ef framsögumaður

getur gjört þetta ljóst, þá eru mínar efasemdir horfnar.

Jeg ætla að koma með aðra spurningu fram fyrir framsögumann, og snertir hún 6. grein frumvarpsins, og drap landshöfðinginn einnig á hana í tölu sinni. Jeg hef ekkert að athuga við talnaupphæðir þær, er fluttar eru frá 1. gr. útgjaldanna yfir á þessa grein, og skal jeg játa, að þetta er alveg samkvæmt 25. grein stjórnarskrárinnar. En hjer er breyting gjörð frá því, sem áður hefur verið í fjárlögunum 1875 og 1877. Í fjárlögum þeim, eru tilfærðar 2000 krónur til handa «fulltrúa stjórnarinnar á alþingi», en í nefndarfrumvarpi því, er hjer liggur nú fyrir, er upphæð þessari sleppt. Nú eru að vísu færðar ástæður fyrir þessari breytingu á 6. grein í athugasemdum nefndarinnar; þar stendur svo: «Raunar hefur í hinum fyrirfarandi fjárlögum verið gjörð áætlun fyrir þessum kostnaði, en sökum þess að enginn konungsúrskurður er fyrir brúkun þessa fjár, mun rjettara og formlegra að tiltaka enga upphæð». Jeg skil þessi orð svo, að sagt sje með þeim, að meðan konungurinn eigi er búinn að úrskurða upphæð þessa, þá sje rjettara að bíða, og hafa enga upphæð ákveðna í þessu skyni í fjárlögunum. Að vísu mælir nokkuð með þessu, af því að konungurinn er eigi bundinn við upphæð þá, er áætluð er í fjárlögunum í þessu efni. Þingið hefur eigi vald til að veita fje til «fulltrúa stjórnarinnar á alþingi», sem konungurinn eigi getur raskað; þingið er bundið hjer við úrskurðarvald konungs. Að þessu leyti get jeg fallizt á þetta. En nú kemur hitt atriðið, og þá er spurningin: er það viðfeldnara og lögulegra, að ætla fulltrúa stjórnarinnar engan eyri í þóknunarskyni. Getur eigi þetta ákvæði skilizt svo, sem nefndin hafi meint, að vjer hefðum engan fulltrúa á alþingi. Jeg vil eigi gjöra nefndinni getsakir; en þessar efasemdir hafa vaknað hjá mjer, af því að yfirskoðunarmennirnir hafa sagt ýmislegt, sem jeg eigi get fallizt á, einkum viðvíkjandi 34. grein, samanborinni við 25. grein í stjórnarskránni. Í athugasemdum yfirskoðunarmannanna fyrir 1876 er að vísu varlega komizt að orði um fulltrúann, en í athugasemdunum fyrir árið 1877 eru ýmisleg orðatiltæki, sem jeg eigi get samrýmt 34. grein stjórnarskrárinnar. Á 16. bls. í athugagreinunum er þannig komizt að orði: «en að hins vegar ekki geti hafa verið ætlazt til, að landshöfðingi ætti að hafa neina sjerstaka borgun fyrir að sitja á alþingi, með því að hann situr þar vegna embættisstöðu sinnar». Jeg get eigi sjeð, að þetta orðatiltæki sje samkvæmt 34. grein stjórnarskrárinnar, af því að þar segir: «Landshöfðingjanum skal heimilt . . . að sitja á alþingi», en það er eigi skylda hans, og fyrir því er það svo, að þegar hann situr á alþingi, þá situr hann þar annaðhvort eptir þessari heimild sinni, eða sem fulltrúi stjórnarinnar. Í 2. málslið 34. gr. segir svo: «Stjórnin getur einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja». Í fám orðum sagt: umboðsmaður stjórnarinnar virðist þá fyrst og fremst að vera landshöfðingi sjálfur, eða þá annar maður, ef landshöfðingi er forfallaður, og auk þess hefur stjórnin sjerstakt vald til þess að setja aukaumboðsmann við hliðina á landshöfðingja. En nú er spurningin: er stjórnin eigi skyld til að hafa umboðsmann á alþingi? Því verða menn að játa, því að þar sem svo er komizt að orði í stjórnarskránni, að konungur eða «stjórnin» geti, þá er stjórninni með því eigi heimilaður rjettur til að gjöra það eptir eiginni vild eða eigin geðþótta. Slíkt geðþóttavald getur stjórnarskráin eigi gefið; þess vegna þýðir orðatiltækið getur sama sem skyld til að beita þessum rjetti Frá þingsins hlið skoðað vona jeg að engum blandist hugur um, að nauðsynlegt sje, að umboðsmaður af stjórnarinnar hálfu sitji á alþingi, til þess «að semja við þingið», enda getur alþingi eigi komið saman nje því orðið slitið, nema einhver sje skipaður til þess í umboði konungs. En það, er málin sjálf snertir, er einhver «fulltrúi stjórnarinnar« sje til að semja um við þingið, þá er það nauð-

synlegt, til þess að þinginu gefist kostur á í vandamálum sínum að bera sig saman við umboðsmann þennan um vilja stjórnarinnar, hvað þingið megi fara fram á, og hver lagafrumvörp þingið megi frá sjer senda. Jeg læt þessa skoðun mína í ljósi, af því að jeg er í vafa um, hvort það er hyggilegt og lögulegt, að vjer drögum þennan áætlaða kostnað burt úr frumvarpinu. Mjer fyrir mitt leyti virðist það eigi hyggilegt, því að jeg tel það nauðsynlegt, að áherzlan sje lögð á það, að hafa stjórnarfulltrúa, til að vera sáttaboðari á milli stjórnarinnar og alþingis.

Framsögumaður: Jeg ætla að svara hinum tveimur spurningum 1. þingmanns Norðurmúlasýslu. Það, er hina fyrri spurninguna snertir, hvernig á því standi, að styrktarsjóðurinn sje til færður undir 4. gr. 2. tölul., þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að þótt í frumvarpi nefndarinnar standi, að sjóður þessi skuli «af nemast, sem sjerstakur sjóður», þá er eigi gjört ráð fyrir því, að gjöra það nú á þessu fjárhagstímabili, því að í greininni stendur enn fremur: «En þangað til það verður, til færist tekjurnar með hjer um bil» . . . Það er á þingsins valdi að breyta þessu, en þessi athugasemd var sett, til þess að þegar þingið og stjórnin væru búin að koma sjer saman um, hver upphæð sjóðsins væri, þá skyldi styrktarsjóðurinn dragast inn í landssjóðinn. Sama var að segja um læknasjóðinn, að þegar hann var dreginn inn í landssjóðinn, þá var ekkert sjerstakt lagafrumvarp samið um það, að þessar upphæðir væru færðar út fyrir strykið.

Hin spurningin, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu lagði fyrir mig, er vandasamari. Það gleður mig, að þingmaðurinn hefur staðið upp sem aðstoðarmaður landshöfðingjans. Jeg hef opt kunnað illa við, að láta landshöfðingjann vera einan sjer, og að enginn hefur orðið til að styrkja hann, þeghann hefur átt mál sitt að verja. En nú hefur einn þingmaður risið upp honum til stuðnings, og það einn af þeim þingmönnum, er jeg álít með þeim betri. Jeg ætla nú reyndar að geyma mjer ýmislegt að svara þingmanninum til 2. umræðu. En þar sem þingmaðurinn sagði, að yfirskoðunarmennirnir hefðu misskilið 25. og 34. grein stjórnarskrárinnar, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja þingmanninn, hvort hann hefur kynnt sjer grundvallarlög Dana. 34. gr. stjórnarskrárinnar hefur að sínu leyti sama inni að halda, sem 59. gr. í grundvallarlögum Dana, og er henni alveg samhljóða, er gildir um ráðherrana í Danmörku; ráðherrarnir hafa leyfi til að sitja á ríkisdeginum, »en atkvæðisrjett hafa þeir því að eins, að þeir sjeu jafnframt þingmenn« (stendur í 59. grein grundvallarlaganna). Hvernig er ástatt í öðrum löndum? Fá ráðgjafarnir þóknun fyrir að sitja á löggjafarþingum, til þess að verja sig og gjörðir sínar? Það dettur engum í hug að bjóða þeim borgun fyrir það; menn segja, sem er, að þeir hafi bezt af því sjálfir. Ef stjórnin fæli öðrum manni en landshöfðingja, sem er búsettur hjer í Reykjavík, á hendur, að semja við þingið, og þessi maður ef til vill væri langt að kominn, eins og átti sjer stundum stað á ráðgefandi þingunum, svo sem um Pál amtmann Melsteð, — þá væri sjálfsagt að fulltrúinn fengi þóknun. En jeg vil nú leyfa mjer að bera fram eina spurningu fyrir þingmanninn: ef landshöfðingi væri einnig þingmaður, auk þess að hann væri fulltrúi stjórnarinnar — en þess óska jeg og vona, að landshöfðingi verði sem fyrst þingmaður, — ætti hann þá auk dagpeninga sinna sem þingmanns að fá þessa 2000 króna þóknun? Stjórnin hefur eigi gjört ráð fyrir því, og enginn konungsúrskurður er fyrir því, og hvernig þetta er til komið, veit jeg ekki, nema hvað jeg ímynda mjer, að þetta hafi flutzt í einhverju hugsunarleysi frá ráðgefandi þingunum inn á löggjafarþingið. En hjer á það eigi við. Þingmaðurinn sagði, að orðið g e t u r í 2. málslið 34. greinar stjórnarskrárinnar ætti að skiljast þannig, að stjórnin væri s k y l d; en ef þessi þýðing er rjett, þá þýðir orðið h e i m i l t í 1. málslið 34. greinar sama sem s k y l t, enda

hygg jeg, að landshöfðingjanum sje skylt að sitja á alþingi, og þótt það sje eigi beinlínis lagaskylda fyrir hann, þá er það þó að minnsta kosti siðferðisleg embættisskylda hans, að sitja á þingi. En jeg ætla eigi að fara lengra út í þessa spurningu við þessa umræðu, en vona, að mjer bjóðist betra tækifæri til þess við 2. umræðu málsins.

Arnljótur Ólafsson: Samanburð framsögumanns á ráðgjafanum og landshöfðingja álít jeg miður heppilegan. Í því eina er jafnt á komið með landshöfðingja og ráðgjafanum, að hvorugur þeirra getur setið á þingi, nema þeir sjeu kosnir þingmenn eða hafi sjerstaka heimild til þingsetu. En svo er samjöfnuðurinn á enda. Framsögumaður veit, að ráðgjafinn í Danmörku er eigi það, sem menn kalla «administrativ» embættismann, heldur hefur hann laun sín sem ráðgjafi konungs, En má jeg nú spyrja hinn háttvirta frumsögumann, hvort hann ætlar, að landshöfðingi hafi embættislaun fyrir það að vera landshöfðingi eður fyrir hitt að vera ráðgjafi Íslands? Ef nú framsögumaður álítur, að landshöfðingi hafi laun sín fyrir að vera landshöfðingi eða «administrativ» embættismaður, sem jeg ætla sje, þá er ályktun sú, er hann dró af samanburðinum á embættisstöðu hans og ráðgjafans eigi rjett.

Framsögumaður: Mig furðar á því, hvað þingmaður Norðurmúlasýslu getur verið spurull. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar er landshöfðingi einmitt settur hjer í stað ráðgjafans, hann hefur hjer á landi hið sama æðsta vald og ráðherrann erlendis. Að öðru leyti virðist mjer, að sem minnst ætti að tala um þetta mál nú þegar, og þó jeg leggi það á hættu, að hinn háttvirti þingmaður má ske haldi, að jeg geti ekki svarað honum, verður það að hafa það, því jeg mun geyma mjer það til annarar umræðu.

Halldór Kr. Friðriksson: Framsögumaður hefur svarað þingmanni Norðurmúlasýslu svo ljóst, að hann getur ekkert af því hrakið (*Arnljótur Ólafsson*: Jeg er dauður). Það var tilætlun nefndarinnar, að draga styrktarsjóðiun inn í landið, og þó það væri gjört nú þegar, þá mætti eins rannsaka hina undanförnu reikninga fyrir það. Landssjóðurinn tekur við því fje, sem nú er til; en fyrir það sleppir þingið alls eigi rjetti sínum til að rannsaka undanfarna reikninga. Jeg skil ekki, á hverju þingmaður Norðmúlasýslu byggir mótbárur sínar. Landshöfðinginn mætir hjer á þingi í stað stjórnarherrans, og því á hann enga borgun (*Arnljótur Ólafsson*: Því ekki?) blátt áfram af því, að ef stjórnarherrann kæmi sjálfur, fengi hann enga dagpeninga. Mjer finnst ekkert það hafi komið fram, er hnekki nefndarálitinu, og get jeg að öðru leyti skírskotað til þess, sem framsögumaður hefur tekið fram.

Þá kom til umræðu útgjaldabálkur fjárlaganna.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Við fyrstu umræðu er lítt mögulegt að ræða frumvarp til fjárlaga. Það þarf að bæta ýmsu við og ýmislegar breytingar geta orðið nauðsynlegar, t. a. m. ef búnaðarskólarnir og fleira þess háttar, sem nú liggur fyrir þinginu, kæmist á. Menn verða því að hafa það hugfast, að afgangurinn getur orðið minni en á er ætlað. Svo vantar og í breytingarfrumvarpinu ýmsa útgjaldaliði í stjórnarfrumvarpinu. Jeg sje því að svo stöddu enga ástæðu til, að hefja umræður um þetta mál, en að eins vísa því til 2. umræðu.

Forseti leitaði atkvæða og var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í neðri deild, á 27., 28. og 29. fundi, 1., 2. og 4. ágúst.

Breytingartillögur; I. 248. 251. 252. Sbr. nefndarálitið I 185—196. 204—205.

Forseti skipti frumvarpinu í kafla til umræðu, og tók þá til umræðu: a, 1.—6. gr.

Landshöfðingi: Jeg skal fúslega kannast við, að nefndin hefur vandlega leyst verk það af hendi, er henni hefur verið falið af deildinni, og vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hinar einstöku greinir fjárlagafrum-

varpsins og breytingaruppástungurnar við það.

Jeg get fallizt á breytingarupppástungu nefndarinnar við 2. gr. 1. og 2. tölulið. Með tilliti til 7. tölul. «erfðafjárskattur», skal jeg geta þess, að þessi tekjuliður í reikningnum fyrir fjárhagstímabilið 1876 og 1877 að vísu hefur numið samtals 5451 kr. 33 a. að meðtöldum eptirstöðvunum, en við það er aðgætandi, að 1876 voru þessar tekjur af einu dánarbúi um 900 kr., er skoða má sem undantekning. Á árinu 1878 hefur erfðafjárskattur, eptir því sem jeg hef getað komizt næst, numið um 1400 kr. Jeg verð þess vegna að álíta, að óhættara sje að halda áætlun stjórnarfrumvarpsins, er byggð er á meðaltölu fleiri undangangandi ára, og milli þeirra einmitt áranna 1876 og 1877, er nefndin skírskotar til. Það sama má segja um 10. tölul., spítalagjaldið, sem að vísu á árinu 1878 hefur numið hjer um bil 7000 kr.

Aptur á móti get jeg fallizt á breytingu við 12. tölulið «aðflutningsgjald». Hvað við víkur 13. tölulið. «tekjur af póstferðunum» hafa þær á árinu 1878 ekki numið meiru en 8768 kr. 56 a., og kemur þetta til af því, að hinar miklu peningasendingar, er voru afleiðing af breytingunni frá ríkismynt í krónumynt, eru hættar; jeg skal þess vegna leyfa mjer að stinga upp á, að þessum tekjulið verði breytt í 9000 kr. árl. Á hinn bóginn kemur þessi breyting við á öðrum stað í fjárlögunum, sem sje 10. gr. C. 2. tölul.: endurgjald handa embættismönnum fyrir það o. s. frv., þar sem í þessum gjaldlið á árinu 1878 ekki er komið fullar 1000 kr. til útborgunar; jeg skal þess vegna við þennan gjaldlið stinga upp á að færa upphæðina niður í 1000 kr., ef hin fyrnefnda breyting á 2. gr. 13. tölul. kemst á.

Af ástæðum þeim, er tilfærðar eru í nefndarálitinu við 3. gr., get jeg fallizt á breyting nefndarinnar við þessa grein.

Það sama má segja um 4. gr. 1 tölul: Eins og jeg tók fram við 1. umræðu, hef jeg ekki neitt á móti því, að nýr tekjuliður verði tekinn inn á fjárlögin, «upp í andvirði seldra landseigna», og jeg er framsögumanni samdóma um það, að þetta kynni að vera hentugt, þegar semja skal landsreikningana, en jeg skal taka það upp aptur, að ekki verður spurrsmál á fjárhagstímabilinu um tekjur upp í andvirði seldra landseigna, nema ef þingið samþykkir frumvörp þau, er nú eru til umræðu um sölu á þjóðjörðum; og ef þessi lagafrumvörp verða tekin upp í 18. gr., munu ekki vera nein vandkvæði á því, að koma tekjum inn í landsreikninginn, en svo stóð ekki á með sölu á prentsmiðju Íslands, sem framsögumaður skírskotaði til við 1. umræðu, vegna þess að því frumvarpi var sleppt í 18. gr. fjárlaganna 1876 og 1877. Jeg skal leyfa mjer að benda að því, hvort ekki muni vera ástæða til við 3. umræðu að bæta við orðin »upp í andvirði seldra landseigna» þeim orðum: »og tillag úr viðlagasjóðnum» (tekjur við »Forbrug af Formue»), t. d. ef þingið samþykkti breytingaruppástungu nefndarinnar viðvíkjandi byggingu á alþingishúsi.

Jeg skal taka það upp aptur, að þar sem styrktarsjóður Íslands, samkvæmt konungsúrskurði 25. júlí 1844, er sjerstakur sjóður, þannig að tekjum hans skal varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins, má ekki breyta þessu fyrirkomulagi nema með lagaboði, er af nemur konungsúrskurð þann, er jeg nýlega gat um. Jeg skal þess vegna af þessari formelle ástæðu mæla á móti breytingu nefndarinnar viðvíkjandi styrktarsjóðnum, en styðja að því, að breyting þessi geti komizt á með lagaboði.

Jeg hef ekki neitt á móti breytingu nefndarinnar við 5. gr. 1. og 3. tölul.

Jeg skal skírskota til þess, sem jeg tók fram við 1. umræðu viðvíkjandi breytingaruppástungu nefndarinnar við 6. gr. frumvarpsins, þar sem jeg skoðaði þessa breyting sem »Ompostering«, en jeg gjörði samkvæmt orðum nefndarálitsins ráð fyrir því, að breytingin ekki miðaði til annars. En þegar nú skal einnig ræða hin sjerstöku atriði breytingarinnar, skal jeg geta þess, að jeg verð að vera því mótmæltur, að 2000 kr. þeim, er hafa verið áætlaðar í hinum

undangangandi fjárlögum til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, verði sleppt. Ástæða mín fyrir þessu er sú, að fjárlögin eigi að tiltaka þær tekjur og útgjöld landsins, er áætla má fyrir fjárhagstímabilið, en ekki sú, að ef þessari upphæð verði sleppt í fjárlögunum, þá missi fulltrúi stjórnarinnar á alþingi þessa þóknun; því að hún er heimiluð í 25. gr. stjórnarskrárinnar, að vísu ekki með þeirri upphæð, sem ákveðin hefur verið með fjárlögum þeim, er alþingið hingað til hefur samþykkt, — heldur með þeirri upphæð, er ákveðin verður af konunginum, og sem samkvæmt stjórnarskránni skal borga fyrir fram af tillagi ríkissjóðsins. Landshöfðingjanum getur því staðið alveg á sama, hvort breytingaruppástungan við 6. gr. frumvarpsins verður samþykkt af þinginu eða ekki; — en af ástæðum þeim, er jeg tók fram við 1. umræðu, virðist þessi breyting mjer miður heppileg frá hálfu landsins, og þess vegna skal jeg leyfa mjer að ráða deildinni til að samþykkja 6. og 8. gr. stjórnarfrumvarpsins óbreyttar. En verði ekki að síður við þessa umræðu breyting nefndarinnar samþykkt, skal jeg, til þess að taka af öll tvímæli, leyfa mjer við 3. umræðu að stinga upp á þeirri breytingu, að í staðinn fyrir 19,556 kr. árið 1881 komi 21,556 kr. Að öðru leyti álít jeg það óþarft og fjárlagafrumvarpinu óviðkomandi, að ræða stöðu landshöfðingjans samkvæmt stjórnarskránni; og þar sem við 1. umræðu skírskotað hefur verið til athugasemda yfirskoðunarmanna, skal jeg láta mjer nægja að skírskota til svars landshöfðingja upp á þær, og bæta því við, að þetta er í fullri samhljóðun við skoðun stjórnarinnar í þessu máli.

Framögumaður: Með tilliti til athugasemda landshöfðingja við breytingar nefndarinnar, skal jeg reyna að þræða þær eptir röð. Hann gat þess fyrst, að erfðafjárskatturinn væri of hátt settur, og svo hafi reynzt 1878; en það er aðgætandi, að stjórnin áætlar hann 2300 kr. og nefndin hefur hækkað þessa upphæð upp í 2500 kr., svo að eins munar um 200 kr. Í stjórnarfrumvarpinu er stungið upp á hærri upphæð, en erfðafjárskatturinn var 1878, nl. um 1400 kr. Hjer liggja þá fyrir 3 uppástungur: 1. Uppástunga stjórnarinnar, 2. nefndarinnar og 3. landshöfðingja, sem vill vera enn lægri en stjórnarfrumvarpið. (Landshöfðingi: Nei!). Annars er minnst undir því komið, hver upphæð er sett, og er jeg fyrir mitt leyti ekki móti því, að þessi liður verði færður niður; einungis vil jeg geta þess, að í breytingum nefndarinnar eru 2 tekjulegar upphæðir færðar niður, skattur á ábúð og 2 aðrir liðir, svo það getur ekki haft neina fjárhagslega verkun, þó erfðafjárskatturinn verði áætlaður of hár. Því næst minntist landshöfðingi á pósttekjurnar; þær hafa og reynzt minni 1878, en á reikningstímabilinu 1876—77, og áleit landshöfðingi rjettast að áætla 9000 kr. hvort árið, eða 1500 kr. minna en frumvarp stjórnarinnar stingur upp á, og er það þó samið eptir skýringum landshöfðingja og eptir því, sem hann hefur lagt til. Landshöfðingi vill þá hækka þennan lið um 1500 kr. á ári, en nefndin hafði að eins viljað hækka hann um 500 kr.; það gjörir verkun á 10. gr. C. 2. tölul., ef þessi liður verður færður niður. Hvernig sem fer, vona jeg, að landshöfðinginn láti sjer að minnsta kosti nægja, að þeirri upphæð, er stjórnin stingur upp á, sje haldið. Hvað snertir «andvirði seldra jarða», þá er jeg ekki mótfallinn því, að uppástunga landshöfðingja verði tekin til greina við 3. umræðu, því að ekki er líklegt, að margar þjóðjarðir verði seldar á næsta fjárhagstímabili. Hvað styrktarsjóðinn snertir, þá furðar mig á, að landshöfðinginn ekki hefur gefið því gaum, sem jeg minnti á við 1. umræðu, að stjórnin sjálf, eins og lesa má í Alþingistíðindunum 1875 23. bls., hefur lagt upp í hendur þingsins, hve nær löggjafarvaldinu þóknist að taka styrktarsjóðinn inn á fjárlögin; því í athugasemdum sínum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876—1877 segir stjórnin á tilvitnuðum stað, að vöxtum styrktarsjóðsins, skuli bætt við innstæðuna, «þangað til það verði

með fjárlögum ákveðið», að tekjunum skuli varið samkvæmt tilgangi sjóðsins, en ef landshöfðingja þóknast, heldur að gjöra þetta með lagafrumvarpi, þá er ekkert því til fyrirstöðu, þó ekki sjái jeg, að það sje nauðsynlegt. Landshöfðinginn rjeði deildinni frá að samþykkja breyting nefndarinnar við 6. gr. og áleit hana ekki samhljóða 25. gr. stjórnarskrárinnar (Landshöfðinginn: Þetta er misskilningur!) Tillagið til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi áleit hann fastákveðið eitt skipti fyrir öll. Jeg verð að vera á öðru máli; þangað til að landshöfðinginn leggur fram konungsúrskurð, sem tiltekur þessi útgjöld, þangað til verð jeg að álíta þessa upphæð heimildarlausa, og enga ástæðu til að taka hana á fjárlögin; en þegar stjórnin tilkynnir þinginu þann úrskurð, sem ákveður þessa upphæð, þá er sjálfsagt að taka hana upp í fjárlögin. Þessi upphæð á á sama hátt sem laun landshöfðingjans að ákveðast með konungsúrskurði; jeg vil ekki rengja orð landshöfðingja, að þessi upphæð sje heimiluð, en jeg trúi ekki fyr, en jeg sje konungsúrskurðinn fyrir því. Þar að auki veit jeg ekki, hvort hjer á þingi er nú sem stendur nokkur fulltrúi stjórnarinnar, og enn síður hvort hann verður á þingi 1881. Í 34. gr. stjórnarskrárinnar er gjört ráð fyrir, að stjórnin gefi öðrum en landshöfðingja umboð til þess að semja við þingið, annaðhvort við hlið landshöfðingja eða í forföllum hans. Einungis í þessu tilfelli, að landshöfðingi semji ekki sjálfur við þingið, eða annar sje við hlið hans, getur verið tilefni til þessara útgjalda, og það væri skylda þingsins að greiða þessi útgjöld, ef ræða væri um, að hjer væri maður, sem semdi við þingið, en eins og landshöfðingi veit, hefur hingað til enginn slíkur maður verið á þingi. Í öðrum löndum eru ráðherrarnir þeir, sem semja við þingið, og leiða þau í allan anda og sannleika, ef jeg má segja svo; þeir segja þinginu með fullri vissu, hvort þetta eða hitt lagafrumvarp verði samþykkt; en vjer sitjum hjer í fullri óvissu um, hver af lagafrumvörpunum verða að lögum, og hver ekki. Það er ekki nóg að mæla móti þessu frumvarpi, eða mæla með hinu, því að reynslan hefur sýnt, að sum frumvörp, sem landshöfðingi hefur mælt móti, hafa samt verið samþykkt af konungi, og sum, sem landshöfðingi hefur verið meðmæltur, hafa ekki náð staðfestingu konungs. Þetta er ófullkomleiki við þá svo nefndu «Repræsentation» stjórnarinnar á alþingi. Jeg ætlast ekki til, að hjer hjá oss sje eins og á Englandi, þar sem lögin eru staðfest daginn eptir, að þingið hefur samþykkt þau, en til hins ætti að mega ætlazt, að þingið hefði mann að halda sjer til, er gæti sagt, hver frumvörp megi búast við að verði að lögum og hver ekki.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef lítið að tala um efni þessa bálks; jeg veit, að landshöfðingi og framsögumaður þekkja miklu betur en jeg, hvað áætla skuli í hverjum tekjulið. Það er að eins ein athugasemd, sem jeg vil leyfa mjer að gjöra við reikningslagið. Bæði á stjórnarfrumvarpinu og frumvarpi nefndarinnar koma fram frádrægar tölur, t. a. m. í 2. gr. 12. tölul., 3. gr. 1. tölul. og 6. gr. Jeg álít, að þetta sje ekki heppilegt reikningslag, að draga frá tekjunum ýms gjöld, og eins gjaldamegin að draga frá tekjur, því að með þeim hætti koma ekki fram hinar rjettu tekjur og gjöld, og reikningurinn verður flóknari. Jeg veit ekki betur, en að það sje talið rjett reikningslag, að telja allar tekjur tekjumegin og gjöldin öll gjaldamegin (Bruttopostering), en eigi hitt, að draga frá kostnað, og telja einungis afganginn (Nettopostering). Nefndin hefur jafnvel gengið dálítið lengra, en stjórnarfrumvarpið gjörir í þessu, t. a. m. í 3. gr. 1. tölul. Þar segir þó stjórnin, hvað mikið draga eigi frá sem umboðslaun, prestsmötu o. fl. Hún til færir altalninginn (Bruttopostering) innanstryks og dregur kostnaðinn frá. Þessi aðferð er miklu betri en aðferð nefndarinnar. Aðferð þessa má að vísu hafa, þar sem eingöngu afgangurinn gengur í landssjóð; en sje farið svo að, sem

nefndin gjörir hjer, þá er ekki hægt að sjá, hve miklar tekjurnar eru alls. Rjettast er, að telja tekjumegin allar tekjurnar af umboðs- og klausturjörðunum, en svo gjaldamegin aptur þessar 9500 kr., er ganga í umboðslaun og prestsmötu o. fl., og ætti að aðgreina hvað frá öðru. En þessum 9500 kr. sleppir nefndin alveg, og telur tekjurnar af umboðsjörðunum að eins 32000 kr. Jeg vil ekki minnast á 6. gr., nema í sambandi hjer við. Jeg get ekki annað sagt um skipulag hennar, en að það sje áframhald af afgangstalningunni (Nettoposteringen), og því verð jeg að vera því mótfallinn, þó eigi væri annað, að gjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar sjeu dregin hjer frá tekjumegin, en aptur sleppt gjaldamegin. Þetta reikningslag er til að villa mönnum sjónir um hinar rjettu tekjur og gjöld landsins, og ekki annað. Þá er rjettara, eins og stjórnin gjörir, að telja þessa upphæð með gjöldunum. Þingið ræður, hvort það telur 2000 kr. til «fulltrúa stjórnarinnar á alþingi» með eða ekki. Það er minna vert í sjálfu sjer, en þó vil jeg geta þess, að þar sem stjórnin skiptir í 12. tölul. 2. greinar lestagjaldinu af seglskipum og póstgufuskipinu sundur, og dregur það síðara frá tillaginu í 6. gr., þá slengir nefndin lestagjaldi þessu saman við gjöldin «til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands» í 8. gr. stjórnarfrumvarpsins, og dregur svo samtölu eður samsteypu þessa frá tillaginu í 6. gr., en fellir alveg 8. gr. úr frumvarpinu gjaldamegin. Hvað sem nú öðru líður, þá er þó greinilegra og heppilegra að geta fljótt sjeð, hversu miklu tekjur og gjöld landsins nema hvort fyrir sig. Afleiðingin af þessu er sú, að þessum upphæðum verður slengt saman í reikningum landshöfðingja, yfirskoðunin slengir þeim saman, og þær hverfa inn í landsreikninginn sem samansett upphæð. Hvað snertir breytinguna undir 4. tölul. 3. greinar, þá þykir mjer hún að vísu lítilsverð, en æði snubbótt, þar sem að eins er sagt «tekjur af kirkjum». Í stjórnarfrumvarpinu stendur þó «tekjur af kirkjum, sem eru þjóðeign». Nefndin hefur víst halaklippt greinina, til þess að komast hjá, að Reykjavíkurkirkja yrði talin með «þjóðeignar»-kirkjum, og er það ekki kin, meðan hún liggur niðri. En hún rís víst bráðum aptur upp ung og fögur, og hvað þá? Ef nú er spurt, af hvaða kirkjum eru þessar tekjur, þá er ekkert svar, því nefndin hefur enga athugasemd gjört við 3. og 4. tölulið 3. greinar, og því vona jeg, að framsögumaður skýri frá, hversvegna þetta er svona snubbótt. Jeg er á sama máli sem við 1. umræðuna, að ekki sje vert að draga styrktarsjóðinn inn í landssjóð, og láta hann hætta að vera sjerstakan sjóð. Það væri annað mál, ef landssjóðurinn þyrfti að halda á leigum þessa sjóðs, en þá væri rjettara að draga hann inn með sjerstöku lagaboði og af taka konungsúrskurðinn frá 1844, heldur en að leggja það á herðar ráðgjafa og konungi, þótt óhætt sje að trúa þeim til hins bezta, eins og gjört var 1875, þegar ráðið var af að leggja niður Gufunesspítala. Jeg skal ekki neita því, að þegar framsögumaður komst svo að orði, að «engin ástæða» væri til að setja 2000 kr. inn «til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi» — jeg skal ekki neita því, segi jeg, að mjer þykir það hart, ef nú er «engin ástæða» til þess, fyrst framsögumaður hefur 1875 og 1877 enga athugasemd gjört nje efasemd við þessa veiting. Þá voru þessar 2000 kr. veittar án athugasemdar eða efasemdar, en nú er engin ástæða til að veita þær. Jeg lái ekki framsögumanni, þó hann geti breytt skoðun sinni, en þá vil jeg hafa meiri ástæðu, en að «engin ástæða» sje til að vera sjálfum sjer samkvæmur, því að það er sama sem engin ástæða. En jeg veit, hver ástæðan muni vera. Hún mun vera sú, að það vanti konungsúrskurð fyrir þessari upphæð; en það vantar líka konungsúrskurð

fyrir ýmsum veitingum öðrum (*Framsögumaður*: Til dæmis?). Það vantar konungsúrskurð fyrir 2000 kr. veitingunni til bókmenntafjelagsdeildarinnar í Reykjavík. Og þó ekki sje til úrskurður fyrir þessum 2000 kr., þá vitum vjer samt, að umboðsmaður stjórnarinnar er hjer á þingi; hvort hann fyllir stöðu sína að «semja» við þingið, það er annað mál. Í erindisbrjefi landshöfðingjans 22. febr. 1875 er ekki talið starf hans að s e m j a við þingið. Jeg er ekki að verja þetta af því, að jeg ætli mjer að hafa gott af því (*Framsögumaður:* Hver veit!) Jeg ætla mjer hvorki að sækja um neitt embætti, nje held jeg muni fá það, þó jeg verji þetta. Jeg ætla mjer hvorki að sækja um 2000 kr. fyrir mig nje mína fylgifiska nje að fá nokkurri annari upphæð bætt við frumvarpið í slíkum tilgangi. En hitt ætla jeg, að jeg hafi eins mikinn rjett til að lýsa skoðun minni á stjórnmálum eins og framsögumaður, þó jeg viti, að hann þykist skilja þau og má ske skilur þau margfalt betur en jeg.

Einar Ásmundsson: Jeg ætla mjer að fara nokkrum orðum um tekjukaflann. Jeg er á sama máli og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, að það sje lakari eða ógleggri reikningsfærsla, að draga viss útgjöld frá vissum tekjuliðum; tekjurnar ættu fremur að standa eins og þær koma inn í landssjóðinn b r u t t o, og útgjöldin ættu að vera öll talin á sínum stað. Hin reikningsaðferðin gjörir fjárlagafrumvarp þetta óljósara fyrir allan þorra manna, og allur reikningurinn verður ruglingslegri. Í stjórnarfrumvarpinu eru tekjurnar áætlaðar 791923 kr. 20 a., en tekjurnar eru í rauninni miklu meiri; kemur það til af því, að 3 útgjaldagreinir eru dregnar frá, nl. lestagjaldið af póstskipunum 14312 kr., innheimtulaun á vínfanga- og tóbakstolli 4000 kr., umboðslaun, prestsmata o. fl. 19000 kr; þetta verður til samans 37312 kr., svo að tekjur landssjóðsins eru í raun og veru þessari upphæð meiri, en þær eru áætlaðar í 1. gr. í frumvarpi stjórnarinnar. Auðvitað er, að allt getur komið í sama stað niður. Það hefði jafnvel mátt hafa meiri frádragningu, þannig að ekkert hefði verið talið til útgjalda, nema afgangurinn. Fjárlagafrumvarpið gat verið hið sama, þótt ábúðar- og lausafjárskattinum hefði verið sleppt, og hann látinn ganga til skólanna. Í stjórnarfrumvarpinu er ábúðar- og lausafjárskatturinn áætlaður c. 104000 kr., en kostnaðurinn við hina þrjá skóla er þar áætlaður c. 110000 kr.; það gat því komið í sama stað niður, þótt í útgjöldunum hefðu eigi verið áætlaðar nema 6000 kr. til skólanna, en hitt allt látið hverfa. En slíkt gjörir reikninginn óglöggari og villir fremur sjónir fyrir mönnum. Jeg ætla að taka annað dæmi. Allt afgjald af umboðs- og klausturjörðum er 68000 kr., og til kirkjumála eru ætlaðar c. 86000 kr. Það kæmi þá líka í sama stað niður, þótt öll jarðaafgjöldin rynnu til prestastjettarinnar og prestaskólans og meiri hluti af tekjuskattinum í ofan á lag. Jeg bæti þessu dæmi við til skýringar. Nefndin hefur nú reyndar haldið þessari frádragningaraðferð, til þess að breyta sem minnst frá stjórnarfrumvarpinu, þótt hún vissi, að betur færi á því, að hafa hina aðferðina. Og af vissum ástæðum, er nákvæmar er skýrt frá í ástæðunum fyrir nefndarálitinu, hefur nefndin ennfremur bætt einni frádragningu við, nl. í 6. gr. nefndarfrumvarpsins: «Til hinnar æðstu innlendu stjórnar». Að rjettu lagi eru tekjur landssjóðsins eptir stjórnarfrumvarpinu kr. 829235,20, þegar ekkert af útgjöldunum er dregið frá. En eptir því sem nefndin hefur breytt tekjunum, þá verða þær kr. 846500,20 eða með öðrum orðum: tekjurnar hafa aukizt um kr. 17265 frá því, sem stjórnin hefur áætlað þær. Nefndin hefur þó fært niður ábúðar- og lausafjárskattinn um 3950 kr., og húsaskattinn um 40 kr. og gjald upp í lán til Möðruvallakirkju

um 80 kr., sem til samans verður 4070 kr. Aptur hefur nefndin fært nokkra liði upp úr því, er stjórnin hefur áætlað, erfðafjárskatt um 400 kr., spítalagjald um 1000 kr., aðflutningsgjald um 4000 kr., og með því að innheimtulaunin vaxa að því skapi, sem aðflutningsgjaldið vex, þá hefur aðflutningsgjaldið í raun og veru hækkað um 4081 kr. 37 a.; tekjur af póstferðunum hefur nefndin fært upp um 1000 kr., afgjald af umboðsjörðum um 3200 kr. og nokkuð meira, af því að umboðslaunin vaxa að því skapi, sem afgjaldið af jörðunum vex; en það er eigi gott að segja, hve mikið umboðslaunin vaxa við þetta, af því að þau eru eigi alstaðar jöfn, en jeg gizka á, að það muni vera hjer um bil 491 kr. 63 a.; leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins eru hækkaðar um 1312 kr., og vöxtum af styrktarsjóðnum bætt við að upphæð 3860 kr., sömuleiðis endurgjaldi skyndilána til embættismanna 6000 kr. Þessi hækkun nemur samtals 21335 kr., og þegar frá hækkuninni er dregin lækkunin 4070 kr., kemur fram mismunurinn, sem áður var nefndur, 17625 krónur. Jeg þarf eigi að svara 1. þingmanni Norðurmúlasýslu fyrir hönd framsögumanns. Ef jeg hef skilið framsögumann rjett, þá þótti honum vanta hjer á þingi fulltrúa frá stjórnarinnar hálfu. Mjer virðist framsögumaður vera að öllu sjálfum sjer samkvæmur. Hann bjóst við á þinginu 1875, að þessi fulltrúi kæmi; en reynslan hefur sýnt, að hann hefur eigi komið; það er fulltrúinn en eigi úrskurðurinn, sem framsögumaður saknar. Þess er þar að auki að gæta, að launin handa þessum fulltrúa, ef hann væri nokkur, eru eigi eitt atriði í kostnaðinum við hina æðstu innlendu stjórn, heldur hljóta þau að heyra til þingkostnaðinum.

Landshöfðingi: Mjer virtist framsömumaður misskilja mig, þar sem jeg talaði um 25. grein stjórnarskrárinnar. Jeg sagði, að í 25. gr. væri heimild fyrir útborgun á fje handa landshöfðingja fyrir þingsetu hans, en hitt sagði jeg aldrei, að upphæðin væri þar ákveðin af konungi með 2000 kr., heldur er hún ákveðin í fjárlögunum. Það er snertir það, að hann fann það að stöðu landshöfðingja, að hann væri eigi fulltrúi stjórnarinnar á þinginu, þá get jeg vísað honum til 34. greinar, sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir: «Stjórnin getur einnig veitt «öðrum manni» umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja» o. s. frv. Hvað snertir annmarka þann, sem framsögumaður fann við stöðu landshöfðingja gagnvart þinginu, — þegar hann tók það fram, að alþingi, þegar búið er að samþykkja eitthvert lagafrumvarp, eigi getur átt það víst, hvort frumvarpið verði staðfest sem lög eða ekki, þar sem í öðrum löndum þegar er skýrt frá því af hlutaðeigandi ráðgjafa, — þá skal jeg játa það, að þessi munur er á milli stöðu landshöfðingja og ráðgjafa þess, er sjálfur tekur þátt í þingsumræðum; en munur þessi er bein afleiðing af því, að Ísland liggur í 3—400 mílna fjarlægð frá aðsetursstað ekki einungis ráðgjafans, heldur og konungsins. En þegar skoða skal þetta í verkinu, þá held jeg, að afleiðingin hafi ekki verið svo hættuleg, sem framsögumaður benti að. Því að í raun og veru hefur þingið með þessu móti í mörgum tilfellum fengið óskum sínum framgengt, þó að landshöfðingi hafi á þinginu mótmælt þeim, og á hinn bóginn hefur það varla atvikazt optar en einu sinni, að lagafrumvarp, sem landshöfðingi hefur mælt með á þinginu, hafi eigi náð staðfestingu. Hitt er satt, að með þessu fyrirkomulagi verður staða landshöfðingja vandameiri; en það var líklega eigi meining framsögumannsins, að benda að þessu.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er snertir tekjurnar af póstferðum, þá virðist mjer nefndin hafa haft fullan rjett til að gjöra uppástungu um hækkun á þeim. Það má

búast við því, að tekjur þessar aukist, en minnki eigi, og má eigi ráða af því, þótt jafnmiklar tekjur, og nefndin hefur áætlað, hafi eigi af einhverjum ástæðum komið inn árið 1878, að þær geti eigi orðið eins miklar og nefndin ætlast til árin 1880 og 1881. Jeg ætla, að eptir því sem samgöngurnar í landinu verða greiðari, að því skapi aukist tekjurnar af póstferðunum. Það er þessum lið óviðkomandi, þótt útgjöldin við póstferðirnar verði meiri. Jeg er því með því, að þessi liður sje hækkaður. Það er snertir hin önnur atriðin, er þeir 1. þingmaður Norðurmúlasýslu og 1. þingmaður Eyfirðinga tóku fram, að það sje eigi reikningsleg aðferð, að draga nokkur útgjöld frá hjer í tekjukaflanum, heldur eigi öll útgjöld að koma í útgjaldakaflanum, — þá getur þetta átt heima um sum útgjöld, en aptur eigi um sum. Þar sem 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að lestagjaldið af póstgufuskipunum væri dregið frá tekjunum, þá er það eigi rjett; því að því er einmitt bætt við í 2. gr. 11. tölul., en í 6. grein er það aptur dregið frá tillaginu úr ríkissjóðnum, og frá þessu tillagi dragast öll þau gjöld, sem póstgufuskipin eiga að greiða. Þess vegna er hjer rjett dregið frá. Það er snertir 2. gr. tölulið 12, þá er mjer ekkert keppikefli, hvort innheimtulaunin eru dregin frá þeim tekjulið eða eigi. En mjer virðist rjettast, að 2% af innheimtulaunum brennivíns- og tóbakstollsins sjeu dregin frá aðflutningsgjaldinu af vörum þessum, og að umboðslaunin sjeu dregi frá afgjaldinu af þjóðjörðum, af þeirri orsök, að þessi gjöld koma aldrei inn í landssjóð. Fyrir því er það mín skoðun, að þær tekjur einar, er koma inn í landssjóð, eigi að takast hjer upp í tekjukaflann, en það af tekjunum, sem greiðist aptur út úr landssjóði, á að teljast til útgjaldanna. Ef allt afgjaldið af þjóðjörðunum óskert rynni inn í landssjóð, en laun umboðsmannanna væru aptur greidd út úr landssjóði, þá væri sjálfsagt, að telja þau í útgjaldakafla fjárlaganna. Að öðru leyti fannst mjer 1. þingmaður Eyfirðinga fara allt of langt í dæmum sínum, en jeg ætla, að honum sje nú fullsvarað með því, er jeg nú hef mælt. — Nú kem jeg til hinnar umþráttuðu 6. greinar. Það er nauðsynlegt fyrir þingið, að gjöra sjer skýra grein fyrir því, hvort það sje rjett, og hvort alþingi sje heimilt að sleppa þeim 2000 kr., er landshöfðingi hefur haft fyrir þingsetu sína, úr fjárlögunum. Það lítur illa út, ef vjer drögum þessa upphæð út, án þess að hafa heimild til þess. Af þessu leiðir, að vjer verðum vandlega að íhuga 34. grein stjórnarskrárinnar. Þar stendur: «Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar, að sitja á alþingi» o. s. frv. En hver er nú meiningin með orðinu «heimilt»? Meiningin er sú, að landshöfðinginn hafi frjálst vald til að mæta á þingi, en það sje eigi skylda hans, fremur en honum þyki þörf á því. En fyrir hvern mætir landshöfðinginn á þinginu? Beinlínis fyrir ráðgjafann. Það var eigi rjett hjá landshöfðingjanum, að segja, að hann væri í 300 mílna fjarlægð frá konunginum, en eigi frá ráðgjafanum. Landshöfðinginn situr hjer á þingi einmitt af því, að hann er í 300 mílna fjarlægð frá ráðgjafanum en eigi konungi. Í 2. grein stjórnarskrárinnar segir: «Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja». Allt það, sem landshöfðinginn því gjörir hjer, það gjörir hann sem liður ráðherrastjórnarinnar, og á ábyrgð ráðherrans. Af þessum ástæðum getur landshöfðinginn með engu móti skoðazt sem umboðsmaður, sem konungur eða stjórnin hafi falið á hendur að mæta fyrir sig hjer á þingi, heldur verður hann beinlínis að álítast sem liður af ráðherrastjórninni. Þar sem landshöfðinginn vitnaði til 34. grein-

ar í stjórnarskránni, að «stjórnin gæti einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja», þá vil jeg spyrja, hver skilningur felst í orðum þessum? Enginn annar en sá, að auk þess sem landshöfðingjanum er heimilt að sitja á alþingi, þá getur stjórnin falið einhverjum öðrum manni en landshöfðingjanum að sitja við hlið hans á þinginu, til þess að láta í tje skýrslur þær, er nauðsynlegar eru. Í sömu grein segir ennfremur: «Í forföllum landshöfðingja má veita öðrum umboð til að semja við þingið». Ef landshöfðinginn er hindraður, þá fyrst kemur annar maður fram, sem getur samið við þingið. Þar sem landshöfðinginn sagði, að fje þetta hefði verið ákveðið með fjárlögum, þá verð jeg að neita því. Fjeð hefur að eins verið veitt, ef á þyrfti að halda, en alls eigi verið ákveðið, að landshöfðinginn skyldi hafa það. Hver heldur skoðun sinni í þessu efni, en jeg álít nauðsynlegt, að þingið gjöri sjer þessa spurning ljósa, og fyrir því hef jeg mælt þessi orð.

Framsögumaður: 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hefur gjört ýmsar athugasemdir við mál þetta, en sumar af athugasemdum þessum voru eins konar formáli fyrir ræðu þeirri, sem hann ætlaði að halda. Honum líkaði eigi reikningsfærslan hjá nefndinni, af því að þar er gjörð sú óhæfa, að draga sum útgjöldin frá í tekjukaflanum. Það getur verið, að þingmaðurinn geti komið með betri reikningsreglur, en þessari reikningsfærslu er þó fylgt í fjárlögum Dana, Norðmanna og Englendinga. En jeg, sem hef þá ánægju, að þekkja 1. þingmann Norðurmúlasýslu, veit, að honum er engin alvara með þessum aðfinningum sínum, heldur segir hann þetta að gamni sínu. Honum þótti óhæfa, að slengt er saman tóbaks- og vínfangatollinum, án þess að sýna upphæð aðflutningsgjaldsins af hvorum tollinum fyrir sig. En mjer virðist þetta engin hætta, af því að reikningar landsins sýna eptir á, hve mikið kemur inn af hvorum þessum tolli fyrir sig. Loksins nefndi þingmaðurinn enn einn af brestum nefndarinnar, að hún í 3. gr. 4. tölul. eigi hefði nafngreint kirkjur þær, er tekjur eru af, þar sem þó stjórnin hefði nafngreint þær í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu. En má jeg þá spyrja: því nafngreinir eigi stjórnin allar umboðsjarðir landsins í 3. grein? Þingmaðurinn veit, að landið á margar fleiri kirkjur, en þær sem hjer ræðir um, þótt það eigi þær sínar með hverju móti, ætti t. d. að tilgreina allar klaustra- eða umboðskirkjur, kirkjuna á Eyri o. s. frv.? Allar þessar þýðingarlitlu og smásmuglegu aðfinningar hefur þingmaðurinn komið með sem byrjun til ræðu þeirrar, er hann hjelt yfir 6. grein. Hann hefur verið að hlaupa til, áður en hann tók stökkið. Það var gamanið á undan alvörunni. Þingmaðurinn spurði mig, hví jeg hefði eigi munað eptir að koma með það á þinginu 1877, að eigi væri heimild í lögum fyrir því, að veita landshöfðingja þessar 2000 kr. fyrir þingsetu hans. Jeg skal að minnsta kosti vera eins hreinskilinn og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, og játa sannleikann í þessu efni Jeg hjelt, að til væri konungsúrskurður fyrir þessari upphæð; jeg var svo einfaldur. En síðan sýndi þingið mjer þá virðingu, að kjósa mig fyrir yfirskoðunarmann landsreikninganna ásamt einum háttvirtum þingmanni í efri deildinni, og spurðum við þá landshöfðingja, hvort nokkur konungsúrskurður væri fyrir þessari fjárveitingu, og kvað hann sem sannorður maður nei við því. Þess vegna hef jeg nú stungið upp á því, að fjárupphæð þessi sje eigi veitt, af því jeg hef orðið þess áskynja, að engin heimild er fyrir veitingu þessari, þar sem enginn konungsúrskurður er í þá átt, og að veitingin þannig er eigi byggð á nokkurri

röksemd, því að stjórnarskráin (25. gr.) heimilar því að eins þessi útgjöld, að ákvæðum greinarinnar »eins og konungur ákveður« sje fylgt. Greinin skipar svo fyrir, að útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar í landinu og til fulltrúa stjórnarinnar (»Regjeringens Repræsentation«) sjeu fyrirfram dregin frá tillaginu úr ríkissjóði, eins og þau verða ákveðin af konunginum. Nú hefur konungur með úrskurði í júní 1872 ákveðið hin fyrri (gjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar) og því eru þau dregin frá; hin (þóknun fulltrúans) hefur hann ekki ákveðið, og því eru þau ekki dregin frá. Mig furðar á því, að landshöfðingi skyldi segja, að upphæð þessi væri veitt með fjárlögunum, og að það væri á þingsins valdi, hvort hún eptirleiðis yrði veitt eður eigi. En jeg verð að segja, að þetta er alls eigi á þingsins valdi; það er á valdi konungsins eins. Það er undarlegt af þinginu, ef það færi að bjóða fram fje, sem konungurinn eigi krefst, þótt hann eigi heimting á því. Það er undarlegt af 1. þingmanni Norðurmúlasýslu að halda slíku fram, hann sem allt af hefur hatað hin háu laun; það er undarlegt af þingmanninum, sem vanalega hefur prúttað um hvern eyri hjer á þingi, að hann nú skuli fara svo sem að neyða peningum upp á konung og stjórn. En það er þá spurning snertir, hvort landshöfðingja beri þóknun fyrir þingsetu sína, þá get jeg með engu móti ætlað, að svo sje, og hefur skoðun mín um það eigi breytzt þrátt fyrir hinar snjöllu ræður 1. þingmanns Norðurmúlasýslu. En svo getur að borið, að landshöfðinginn hafi forföll eða sje hindraður, svo hann geti eigi á þingi setið, og að stjórnin því fái einhvern mann til að mæta á þinginu í stað landshöfðingja. Og ef þessi maður væri t. a. m. amtmaðurinn fyrir norðan, þá gæti jeg skilið, að honum væru ákveðin laun. Svona skil jeg 34. gr., en að öðru leyti hef jeg sama skilning á henni og þingmaður Reykvíkinga. Eins og jeg tók fram um daginn, stendur í 34. gr. stjórnarskrárinnar, að »atkvæðisrjett hafi landshöfðinginn (eða sá sem kemur í hans stað) því að eins, að hann sje jafnframt alþingismaður». Af þessu sjest, að stjórnarskráin gjörir ráð fyrir, að svo geti farið, að landshöfðinginn bjóði sig fram til alþingismanns. En það getur þó víst ekki verið meiningin, að stjórnin ætlist til, að einum þingmanni sjeu borguð sjerstök laun framyfir þingpeninga sína, fyrir að verja sjálfan sig, eins og landshöfðinginn gjörir á þingi. Þannig er það í Danmörku, að ráðherrann leggur fram stjórnarfrumvörpin, semur við þingið af hálfu stjórnarinnar, o. s. frv., en fær eigi einn eyri fyrir þetta nema því að eins, að hann sje jafnframt þingmaður. Það er mikill munur á stöðu þess, sem heldur uppi svörum á ráðgefandi þingi, og hins, sem gjörir það á löggefandi þingi. Á ráðgefandi þingi er slíkur maður konungsfulltrúi. En nú höfum vjer engan konungsfulltrúa; nú kemur fram maður, sem ver sjálfan sig og stjórnina, sem kemur með lagafrumvörp inn á þingið og semur við þingið. En ef landshöfðinginn hefði forföll, og annar maður frá Danmörku eða innlendur mætti í hans stað hjer á þingi, þá væri eðlilegt, að þessi maður fengi borgun fyrir þingsetu sína.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, var gengið til atkvæða um þennan kafla frumvarpsins og fjellu þau þannig. (I 91—93 og 185—187).

1. Nefndarfrumvarpsins 2. gr. 1. samþykkt með 19 atkvæðum.
2. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 1. þar með fallið.
3. Nefndarfrumvarpsins 2. gr. 2. samþykkt í einu hljóði.
4. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 2. þar með fallið.
5. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 3. samþykkt í einu hljóði.

6. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 4. samþykkt í einu hljóði.
7. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 5. samþykkt í einu hljóði.
8. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 6. samþykkt með 20 atkv.
9. Nefndarfrumvarpsins 2. gr. 7. samþykkt með 18 atkv.
10. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 7. þar með fallið.
11. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 8. samþykkt með 20 atkv.
12. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 9. samþykkt með 19 atkv.
13. Nefndarfrumvarpsins 2. gr. 10. samþykkt með 18 atkv.
14. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 10. þar með fallið.
15. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 11. samþykkt með 19 atkv.
16. Nefndarfrumvarpsins 2. gr. 12. samþykkt með 17 atkv.
17. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 12. þar með fallið.
18. Nefndarfrumvarpsins 2. gr. 13. samþykkt með 17 atkv.
19. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 13. þar með fallið.
20. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. 14. samþykkt með 20 atkv.
21. 2. grein með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.
22. Nefndarfrumvarpsins 3. gr. 1. samþykkt með 17 atkv.
23. Stjórnarfrumvarpsins 3. gr. 1. þar með fallið.
24. Nefndarfrumvarpsins 3. gr. 2. samþykkt með 20 atkvæðum.
25. Stjórnarfrumvarpsins 3. gr. 2. þar með fallið.
26. Stjórnarfrumvarpsins 3. gr. 3. samþykkt með 20 atkv.
27. Nefndarfrumvarpsins 3. gr. 4. samþykkt með 17 atkv.
28. Stjórnarfrumvarpsins 3. gr. 4. þar með fallið.
29. 3. grein með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.
30.a. Nefndarfrumvarpsins 4. gr. 1. samþykkt með 16 atkv.
30.b. Stjórnarfrumvarpsins 4. gr. 1. þar við fallið.
31. Stjórnarfrumvarpsins 4. gr. 2. samþykkt í einu hljóði.
32. Nefndin: «Upp í andvirði seldra landseigna 8000 kr.» — samþykkt með 20 atkvæðum.
33. Nefndin: «Styrktarsjóður Íslands dragist inn í Ísland og af nemist sem sjerstakur sjóður. En þangað til það verður, til færast tekjurnar með hjer um bil 1930 kr. 1930 kr. — 3860 kr.», samþykkt með 17 atkvæðum gegn 5.
34. Stjórnarfrumvarpsins 4. gr. 3. þar við fallið.
35. Stjórnarfrumvarpsins 4. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 14 atkvæðum.
36. Nefndarfrumvarpsins 5. gr. 1. samþykkt með 20 atkvæðum.
37. Stjórnarfrumvarpsins 5. gr. 1. þar við fallið.
38. Stjórnarfrumvarpsins 5. gr. 2. samþykkt með 19 atkvæðum.
39. Nefndarfrumvarpsins 5. gr. 3. samþykkt með 20 atkvæðum.
40. Srjórnarfrumvarpsins 5. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.
41. Nefndarfrumvarpsins 6. gr. samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.
42. Stjórnarfrumvarpsins 6. gr. þar við fallin.
43. Nefndarfrumvarpsins 1. gr. samþykkt með 18 atkvæðum.
44. Stjórnarfrumvarpsins 1. gr. þar við fallin.

— Þá var tekinn til umræðu 2. kaflinn 7.—12. gr. í stjórnarfrumvarpinu.

Framsögumaður: Við þennan kafla er breytingaratkvæði frá 2. þingmanni Árnesinga um, að 9. tölul. 9. greinar (1000 kr. handa Jóni landritara Jónssyni) falli burt. Mjer virðist þessi uppástunga ekki samin með sanngirni. Landshöfðinginn hefur lagt það til, að veittar yrðu 2000 kr. þessum embættismanni, sem með samvizkusemi hefur gjört sitt ýtrasta til að upp fylla starf sitt. Jeg hef sjeð reikninga hans fyrir þessi störf, og jeg hef kynnt mjer reikninga annara embættismanna, og það verð jeg að segja, að jeg hef aldrei sjeð vægari reikninga frá neinum. Þó jeg áliti 2000 kr. of mikið, þá vil jeg ekki færa upphæðina frekar niður en í 1000 kr.

Laun sýslumannsins í Húnavatnssýslu munu vera of hátt til færð í frumvarpi stjórnarinnar, þar sem þessum embættismanni er reiknuð rúm 1000 kr. persónuleg viðbót eptir tekjum embættisins 1871—1875, þó embættismaðurinn sjálfur ekki hafi getað verið þessarar tekjuhækkunar aðnjótandi, þar hann kom í embættið sama árið eða skömmu áður, en sýslumanna-launalögin náðu lagagildi. Nefndin tekur því þann fyrirvara, að færa þessa upphæð niður, því hennar skoðun er sú, að launahækkunin eigi að fara eptir tekjum þeirra (embættismannanna), en ekki eptir tekjum embættanna. Það kann að vera ýmislegt fleira, sem jeg nú þegar ætti að drepa á, en geymi mjer það til þessa síðar, að uppástungumenn breytingaratkvæðanna greiða úr þeim.

Landshöfðingi: Hvað hinar einstöku greinir frumvarpsins snertir, skal jeg geta þess, að jeg ekki hef á móti uppástungu nefndarinnar við 8. grein. Hvað 9. grein A. 1. snertir eða athugasemd þá, sem nefndin hefur gjört við 1. tölulið, að landshöfðingjaritara-embættið sje lagt niður, er það losni, þá er jeg enn á hinni sömu skoðun og jeg hef verið á á undanfarandi þingum, að jeg álít embætti þetta nauðsynlegt, einkum ef landshöfðingjaskipti verða. Skrifstörf landshöfðingjaembættisins hafa aukist mjög á hinum seinni árum; jeg skal að eins taka til dæmis úrskurðarvaldið á öllum reikningum, að svo miklu leyti hina umboðslegu endurskoðun snertir. Landsreikningarnir, sem verður að semja bæði fyrir hvert ár sjer, og fjárhagstímabilið, og reyndar mætti margt fleira tilnefna. Hvað «form» þessara athugasemda snertir, skal jeg einungis geta þess, að ef þingið þrátt fyrir mótbárur þær, er jeg hef leyft mjer að koma fram með, aðhyllist uppástungu nefndarinnar, mun það að mínu áliti eiga betur við að orða athugasemdina þannig, að þegar embættið losnar, verði ekki skipaður fastur embættismaður í það. — B. 3: Hvað athugasemd þá snertir, er gjörð er við þennan lið, álít jeg hana með öllu óþarfa, því það segir sig sjálft, að þessi gjaldliður er «kalkulatorisk». Jeg leyfi mjer því að skora á hina háttvirtu nefnd, að hún taki þessa athugasemd sína aptur. Hvað 4. tölul. snertir, get jeg fallizt á uppástungu nefndarinnar við þessa grein. Viðvíkjandi athugasemdinni C. 1., þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að það segir sig sjálft, að landshagsskýrslurnar sjeu ófullkomnar, sem önnur mannaverk, en helztu gallarnir, sem menn hafa tekið fram á landshagsskýrslunum, eru — það vona jeg allir sjái — einmitt að kenna ónógum undirbúningi í hjeruðum, og þetta segir sig sjálft að kostur væri á að bæta, en þó gallar kunni að vera á landshagsskýrslunum, og jeg alls ekki neiti því, virðist mjer samt, eins og jeg áður hef tekið fram á þingi, betra að veifa röngu trje en engu, og vil því ekki aðhyllast þessa athugasemd.

Hvað tölulið C. 3. snertir, ætla jeg fyrir mitt leyti, ekki að vera á móti breytingaruppástungu nefndarinnar. Hvað snertir C. 4., þá virðist mjer sú athugasemd, sem

nefndin vill bæta inn í við þessa grein, í sjálfu sjer heppileg, vegna þess ágreinings, er hefur verið milli yfirskoðunarmanna landsreikninganna og landshöfðingjans, sem sjá má af fylgiskjölum við reikningsmálið. Jeg hef heldur ekki neitt á móti athugasemd nefndarinnar viðvíkjandi vegabótunum; en jeg skal geta þess, að jeg verð að skilja athugasemdina þannig, að það sje ekki meiningin, að vegabótum þeim, er þegar eru byrjaðar á einum fjallvegi landsins, er hlutaðeigandi amtsráð, þegar lögin 15. oktbr. 1875 um vegina á Íslandi voru lögleidd, mæltu með að fyrst skyldi endurbættur, sem sje vegurinn yfir Grímstunguheiði, skuli hætt. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að því fje, sem hefur verið veitt í fjárlögunum til vegabóta, hingað til hefur verið varið að mestu leyti til fjallvega þeirra, sem jafnframt eru póstvegir. Við 6. tölulið skal jeg fresta athugasemdum mínum, þangað til nákvæmari skýringar frá hálfu nefndarinnar liggja fyrir um fyrirkomulag það á strandsiglingunum, er nefndin hefur hugsað sjer. Hvað 7. tölulið snertir, þá er það misskilningur frá hálfu nefndarinnar, þegar hún ætlar, að kostnaðurinn til eptirlits með vitanum eigi rjettar heima undir 8. tölulið (nefndariunar) «til embættisferða», því að það hefur ekki dottið stjórninni í hug að senda annaðhvort landshöfðingja eða biskupinn eða landlækninn, en 8. töluliður á einungis við þessa embættismenn, — suður að Reykjanesi, til að við hafa það eptirlit, er virðist nauðsynlegt með embættisfærslu vitavarðarins í heild sinni; til að koma þessu eptirliti fyrir mun að mínu áliti vera nauðsynlegt, annaðhvort að skipa fastan «Fyrinspektör», en það mun kosta of mikið, eða þá, eins og stungið var upp á í 8. tölulið stjórnarfrumvarpsins, að veita ákveðna upphæð, sem landshöfðinginn getur notað til þess á stundum — og vitaverðinum á óvart — að senda áreiðanlegan mann til þess á staðnum sjálfum að við hafa það eptirlit, sem ekki má án vera, ef vjer eigum að ábyrgjast gagnvart þeim, er greiða vitagjaldið, að allt fari fram með vitann, eins og vera ber. Jeg skal þess vegna biðja hina heiðruðu deild, að samþykkja 8. tölul. frumvarpsins óbreyttan, en það segir sig sjálft, að útgjöldin til ljósmetis eru kalkulatorisk. Ef deildin er sömu skoðunar og nefndin um fyrirtæki það, er ræðir um í 9. tölul. frumvarpsins, sem sje að semja vísindalega (kritisk) textútgáfu af Jónsbók, að það sje Íslandi óviðkomandi, sökum þess, að það er eingöngu vísindalegt fyrirtæki, ætla jeg fyrir mitt leyti ekki að gjöra þessa uppástungu að kappsmáli, þó að jeg sjálfur engan veginn sje á máli nefndarinnar. Þó að þóknun sú, er frumvarpsins 11. tölul. (9. nefndarinnar) stingur upp á handa hinum setta lögreglustjóra út af fjárkláðanum, að mínu áliti sje sanngjörn, ætla jeg ekki að mæla móti breytingaruppástungu nefndarinnar við þennan tölulið. Hvað snertir 12. tölulið, þá get jeg fallizt á breyting nefndarinnar.

Hvað snertir 11. gr. nefndarinnar 1. tölul., þá get jeg fallizt á hann af þeim ástæðum, er nefndin tilfærir, að ráðstöfun hafi verið gjörð á annan hátt til að bera brjef og aðrar póstsendingar út í Reykjavík, en þetta hefur hingað til ekki verið stjórninni kunnugt. 2. tölul. Jeg skal reyna til þess, hvort mögulegt sje að koma póstflutningum fyrir á þann hátt, sem nefndin bendir að, en af því að póststjórnin árangurslaust áður hefur gjört tilraun til þessa, þori jeg ekki að treysta því, að þetta muni heppnast.

Jeg skal leyfa mjer að mæla með breytingaruppástungum nefndarinnar við 3. og 4. tölul. frumvarpsins.

Þorlákur Guðmundsson: Framsögumaður gat ekki fellt sig við breytingaratkvæði mitt, og bjóst jeg reyndar við, að það mundi aldrei mæta góðum viðtökum,

en jeg sje þó, að nefndin hefur verið veik í þessu atriði, þar sem hún hefur fundið ástæðu til, að lækka upphæð þessa um helming frá stjórnarfrumvarpinu, og hefur hún líka tekið fram þá hugsun, sem breytingaratkvæði mitt var sprottið af, sem sje að þessi embættismaður hafi fengið kostnað sinn við kláðalögregluna borgaðan af hlutaðeigandi fjáreigendum, og það fullstýft af sumum við þann styrk, er þeir þáðu af honum. Jeg held líka, að þetta embætti sje ekki erfitt, sem hann hefur, nefnilega landritaraembættið. Það hefur ljóslega sýnt sig, þar sem hann hafði kláðalögregluna á höndum í 3 ár, svo dvaldi hann erlendis heilan vetur, svo tók hann við bæjarfógetaembættinu, og hafði það á hendi næsta sumar; hann var þannig full 3 ár frá embætti sínu, án þess að nokkur væri settur í hans stað, nema ef vera skyldi hestadrengur hans. Jeg held því, að hann sje fullsæmdur með það, sem hann hefur fengið fyrir framgöngu sína í kláðamálinu, og þó kröfur hans kunni að hafa verið sanngjarnar frá hans sjónarmiði, þá efast jeg um, að þær hafi í raun og veru verið það, þegar litið er á allt það ranglæti og rekistefnur er hann hafði í frammi, þegar kláðinn var læknaður, við ýmsa menn og sveitir, (*Forseti*: Jeg vil biðja þingmanninn að hafa eigi slík orð sem ranglæti um menn). Jeg vil þá benda á það, að þessi maður er ekki þingmaður hjer í deildinni, hann getur þá krafið mig til ábyrgðar utan þings. Þótt í stjórnarfrumvarpinu sje tekið fram, að landshöfðingja sjeu kunnugastir málavextir og allar kringumstæður, þá verð jeg að mótmæla því, að hann sje kunnugri um atfarir hans og fyrirhöfn en sveitabúar, er hann ferðaðist á meðal, og hefði máske verið rjettast að leita álits hreppsnefnda og kláðahreppstjóra. Það getur verið, að hann hafi breytt samvizkusamlega frá hans sjónarmiði, en víst ekki svo, að hann geti fengið þóknun fyrir tóma samvizkusemi, og jeg veit, að verðugri fjárbænum hefur verið vísað á hellluna, bæði 1877 og mun verða á þessu þingi.

Páll Pálsson (bóndi): Í 10. gr. stjórnarfrumvarpsins C. tölul. 6. og í 9. grein í nefndarálitinu stendur til vegabóta 15000 kr. og gufufuskipsferða allt að 18000 kr. með þeirri athugasemd hjá nefndinni, að fjallvegir, sem jafnframt eru póstvegir, gangi fyrir; þetta skil jeg þannig, að þó einhver fjallvegur sje byrjaður, sem ekki er póstvegur, þá megi þó setja hann til síðu fyrir þeim fjallvegum, sem jafnframt eru póstvegir. Eins og allir vita, er nýbyrjað að leggja veg yfir Grímstunguheiði, og það mun þykja ólíklegt, að jeg mæli á móti, að honum sje haldið áfram, þar sem jeg er þingmaður Húnvetninga. En samt sem áður verð jeg að hallast að því, að honum sje eigi haldið áfram, af þeirri orsök, að það var almennur vilji á hjeraðsfundi, er jeg átti með kjósendum mínum næstliðið vor, og sömuleiðis sýslunefndar Húnavatnssýslu, vegna þess, að nær lægi að styrkja fyrst að því, að póstvegir kæmust upp sem víðast. En þessi vegur, sem hjer ræðir um, er reyndar nokkuð fjölfarinn um hásumartímann, en á vetrardag fer hann enginn maður, og þó eigi sje gjörður nýr vegur, má fara yfir heiðina um hásumarið. Af þessu leizt hjeraðsfundinum rjettara að verja fjenu eingöngu til póstveganna að svo stöddu eða fyrst um sinn, meðan þeir væru að komast í gott lag; eptir því sem póstvegir verða betri, eptir því ætti að vera hægra að fá pósta til þess að taka að sjer póstferðir með minni launum, og þannig hefði landssjóðurinn mestan hag af því, að póstvegirnir yrðu sem beztir. En þegar til gufuskipsferðanna kemur, þá er jeg í miklum vafa, nema jeg fái því betri upplýsingar um það, hvernig þeim verður hagað eptirleiðis í kringum landið. Ef þeim verður hagað eins og að undanförnu, vildi jeg helzt, að

allt gjald til þeirra fjelli burtu. Því að jeg verð að leyfa mjer að segja, að strandsiglingarnar hafa hingað til verið Húnavatnssýslu til einskis hags, heldur miklu fremur til mikils óhagnaðar, og jeg held, að hinar minni hafnir hafi optast mátt vera milli vonar og ótta um það, hvort skipið kæmi eða ekki. Verði þessu breytt til batnaðar, þá sje langt frá mjer að mæla á móti því, að tillagið til gufuskipsferða verði sett svo hátt, sem nefndin hefur gjört, en mjer finnst, að eigi mætti vera minna en ein höfn fast á kveðin á Húnaflóa, er skipið kæmi á í hverri ferð, og fáist ekki vissa fyrir því, mun jeg ekki gefa þessum lið atkvæði.

Framsögumaður: Landshöfðingi vildi orða öðrn vísi A. 1. í 9. gr., sem sje þannig, að fastur embættismaður skuli eigi koma í þetta embætti, er það losnar; get jeg vel fallizt á þá orðabreyting. Það er snertir athugasemdina við hegningarhúsið 9. gr. B. 3, þá er landshöfðingja það að segja, að hún er tekin eptir fjárlögum Dana, í þeim er alstaðar ítrekað, þar sem verðlag á matvöru getur valdið breytingum, því að ef meira er brúkað til stofnunarinnar af þeirri orsök, en ráðgjört er, þá þarf eigi að taka slík útgjöld inn í fjáraukalög. Þessi athugasemd er sett landshöfðingja í vil, en vilji hann ekki hafa hana, þá er auðgjört að slá stryki yfir hana. Viðvíkjandi 9. gr. C. 1., þá játar landshöfðingi, að landhagsskýrslurnar sjeu svo ófullkomnar, að þær sjeu fremur villandi en fræðandi. Jeg veit fyrir víst, að ef reikna ætti eptir þeim, hvað miklu aðflutningsgjald á ýmsum varningi mundi nema, ef tollur væri á lagður, þá væri það fullkomlega óáreiðanlegt. Í þeim er t. d. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum reiknað minna, en það er reiknað af stjórninni. Það er því ætlan mín, að ekki ætti að kosta til þeirra, fyr en þeim verður öðru vísi komið fyrir og betur undirbúnar í hjeruðum, því að það er betra að vita ekki en vita rangt. Landshöfðingi er á sama máli og nefndin, að rjett sje að sleppa tölul. C. 3. í 9. gr. (10. gr. stjórnarfrumvarpsins). Það er Jónsbók snertir, þá áleit nefndin, að með því að útgáfa hennar mun eptirleiðis, þegar ný landbúnaðarlög eru á komin, enga lagalega þýðingu hafa fyrir oss, heldur að eins vísindalega, þá stæði Árna Magnússonar nefndinni nær að gefa hana út; eins og allir vita, gengur sú nefnd eingöngu í vísindalega stefnu, hún gaf út Grágás, og þykist jeg vita, að hinn sami hálærði maður, er gaf hana út, mundi fús á að taka að sjer útgáfu Jónsbókar. Vjer höfum í mörg önnur horn að líta. Upphæðina til vitans á Reykjanesi settum vjer niður af því, að í stjórnarfrumvarpinu stendur ekki, hver hafa skuli hið sjerstaka eptirlit á vitanum; þar stendur: »Þar eð landshöfðingi hefur álitið æskilegt, að haft sje sjerstakt eptirlit með, hvernig vitanum sje þjónað, þannig, að eptirlitið fram fari 3 eða 4 sinnum á ári, og ráð má gjöra fyrir því, að kostnaðurinn hjer við muni verða 200 kr., er þessi upphæð talin í þessari grein». Í þessu virtist oss liggja, að einhver embættismaður, helzt landshöfðingi sjálfur, kæmi þangað til að líta eptir, hvernig vitanum er þjónað. En um þetta má sjálfsagt ná samkomulagi við 3. umræðu. Um C. 9. í 9. gr. þarf nefndin ekki að beita orðum við landshöfðingja, heldur við einstaka þingmenn; það er auðvitað, að ef lögreglustjórinn í kláðamálinu hefur farið ferðir þær, er á hann voru lagðar eptir skipun yfirvaldanna, þá á hann heimting á þóknun fyrir það; það er ekki þingsins að dæma um það, hvernig þessar ferðir hafi verið, heldur að hann fái sanngjarna borgun; jeg sagði áðan, að reikningar hans hefðu verið höflegir, og jeg tek það nú aptur upp og bæti því við, að þeir voru víst eins sanngjarnir eins og reikningar sumra

þingmanna yfir ferðakostnað sinn. — 2. þingmaður Húnvetninga tók það fram, að 2 hjeraðsfundir í Húnavatnssýslu hefðu ákveðið, að eigi væri æskilegt, að halda áfram byrjuðum fjallvegum. Þessu hef jeg fáu að svara, nema því, að öll amtsráðin eru samdóma um, að taka fyrir vissa vegi og halda þeim áfram, sem byrjaðir eru, og verð jeg að ætla, að skoðun amtsráðanna standi jafnfætis 2 hjeraðsfundum í Húnavatnssýslu, ef til vill, illa sóttum, og það væri líka illa varið fje landsins, ef hætt væri við þá vegi í miðju kafi, sem byrjað er á, og jeg segi fyrir mig, að jeg er ekki hjer á þingi til þess að koma svo fram í öllum málum, að jeg verði kosinn aptur, heldur til þess að fylgja því fram, sem jeg álít að sje rjettast og sannast í hverju máli. Amtsráðin hafa lagaskyldu og ábyrgð í þessu efni, og tilhögun þeirra verða menn að álíta að óhætt sje að fylgja. Það er að gufuskipsferðum lýtur, þá höfum vjer nokkrir þingmenn átt tal við 2 útlenda menn, er leitað hafa upplýsinga um það, hvernig ferðunum væri bezt hagað; annar þeirra er danskur, en hinn enskur, er vill ná samningi við oss um gufuskipsferðir kring um landið; hafa þingmenn sagt honum, að það væri eindregið álit sitt að fylgja ferðaáætlun, sem svipuð er í höfuðatriðunum uppástungunni í stjórnartíðindunum 1877 A, og þingmanni Húnvetninga til huggunar get jeg þess, að þar er ákveðið, að skipið komi bæði á Skagaströnd og Borðeyri, og yfir höfuð álít jeg, að gjalda skuli varhuga við því, að engar hafnir fari alveg varhluta af gufuskipsferðunum. Samningi við þessa útlendinga er eigi lengra komið; þeir hafa tekið með sjer upplýsingar þær, er vjer gáfum þeim, en við 3. umræðu vona jeg að geta þó gefið nákvæmari upplýsingar um þetta mál. Fjárupphæðina er að eins að skoða sem áætlun.

Páll Pálsson (bóndi): Jeg læt mjer nægja upplýsingar framsögumanns um gufuskipsferðirnar, og það, sem hann sagði um vegina, getur verið að nokkru leyti rjett; en þar sem hann sagði, að amtsráðið ætti að ráða, hvar fjenu væri varið, og ákveða um fjallvegi, þá er það ekki rjett, að ráðin eigi að segja, hvar fjenu skuli varið, heldur hverjir fjallvegir skulu kallast. Jeg læt sneið þá, sem hann beindi að mjer, um að jeg vildi verða kosinn aptur, öldungis afskiptalausa, slíkt er ekki vert þess, að því sje gaumur gefinn, en jeg vil benda honum á það, að ef Húnavatnssýsla hugsaði mest um sjálfa sig, þá ætti hún að vilja, að veginum yfir Grímstunguheiði væri haldið áfram, því að hann er einkum gjörður fyrir hana. En því meira veglyndi er það af Húnvetningum, að vilja halda póstvegum áfram fremur en þessum, er þeir hafa sjálfir mest gagn af, og það er sannfæring mín, að póstvegir eigi að ganga á undan öðrum fjallvegum, sem ekki eru póstvegir, og að stjórnin eigi að flýta fyrir uppkomu póstvega, svo sem auðið er. Að öðru leyti skal jeg ekki gjöra þetta að kappsmáli; jeg bar þessa skoðun fram, af því að hjeraðsfundirnir fólu mjer hana til flutnings, og varð að álíta, að þeir hafi öldungis eins mikinn rjett til þess að láta í ljósi skoðun sína um það, hvernig þessu fje sje bezt varið, eins og amtsráðinu, og að yfirstjórnin eigi öldungis eins að taka tillit til þeirra, ef þær hafa við góð rök að styðjast.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla alls eigi að fara í orðakast við framsögumann út af breytingaratkvæði mínu, en mjer fannst, að ferðakostnaður þingmanna komi hjer alls ekki við, því þeirra reikningur rjettlætti ekki annara reikninga, og annara reikningar ekki þeirra reikninga. Það kemur annars hjer fram sem jafnan, að ef embættismaður gjörir eitthvert handarvik, sem ekki er beinlínis tekið fram í veitingarbrjefi hans, þá er sjaldan um minni þóknun að tala en þúsundir króna, og það þó hann

hafi bæði hægt og hálaunað embætti; en ef alþýðumaður beiðist launa fyrir mikla fyrirhöfn, þá er ekki að nefna 10 eða 20 kr. Það er ekki langt síðan, að hreppstjórafrumvarpið var hjerna í deildinni, þá voru menn nógu harðir í horn að taka, að láta þá ekkert fá; það var öðru vísi þegar launalög embættismanna voru fyrir þinginu 1875, og það verð jeg að segja hinum háttvirta framsögumanni, að hefði hann eins mælt á móti launalögunum 1875, eins og hann hjelt þeim fram, þá stæðu þau að öllum líkindum til baka enn. Þegar Borgfirðingar beiddust skaðabóta 1877, fyrir það að þeir skáru sjálfir niður, og útrýmdu kláðanum með ósjerplægni og dugnaði sínum, þá var þeirri fjárbæn ekki gegnt; sannast það því á þinginu á stundum, að misvitur er Njáll, þegar um fjárveitingu er að ræða, og mislagðar eru því hendur.

Halldór Kr. Friðriksson: Landshöfðingi vildi eigi, að ritaraembættið dragist inn. En jeg verð að álíta, að þetta embætti sje öldungis óþarft, og því rjett, að af nema það. Því að þegar gætt er að störfum þeim, er ritarinn hefur haft utan embættis, sýnist það ekki vera mjög þungt. Hann var 1875 skipaður lögreglustjóri í kláðamálinu, og varði til þess miklum tíma, með miklum, jeg vil ekki segja ötulleik, heldur ótrauðleik, til þess í desemberm. 1877; hann var því þann tíma minnst á skrifstofunni, því næst fer hann utan um haustið 1877 og var erlendis allan veturinn, en síð um vorið, er hann kom aptur, var hann skipaður bæjarfógeti um sumarið, og kom hann þannig heilt ár varla á skrifstofuna, og þó veit jeg ekki til, að landshöfðinginn hafi þurft að fjölga skrifurum, heldur jafnvel haft færri skrifara. Af þessu sjest, að embættið er óþarft, og jeg get heldur eigi fallizt á, að það sje nauðsynlegt til þess, að hafa einhvern gamlan landshöfðingjaritara á skrifstofunni, þegar nýr landshöfðingi komi, því að jeg get ekki annað skilið, en einhver af þeim gömlu skrifurum, sem verið hafa hjá hinum fyrna landshöfðingja verði fáanlegur. Í sambandi við þetta vildi jeg minnast á landshagsskýrslurnar. Jeg get ekki ætlað, að þótt þær væru gjörðar í lagi, að það væri ofætlun þessa landshöfðingjaritara að semja þær, meðan hann er. Jeg hygg því, að nefndin hafi haft fulla ástæðu til að stryka þær út. Það er snertir þessa 1000 króna þóknun, þá mun jeg greiða atkvæði gegn henni; jeg játa það, að ef einhver embættismaður tekst störf á hendur utan embættis síns, þá á hann borgun fyrir það, og jeg veit ekki betur, en að ritarinn hafi fengið kostnað sinn við kláðamálið borgaðan; ef það er rjett, að reikningar hans fyrir ferðalög sín sjeu of linir, þá getur hann komið með nýja reikninga (*Benedikt Sveinsson*: Hann á heiðurslaun). Heiðurslaun á hann engin, eptir því ætti hver maður að fá heiðurslaun, sem rækir stöðu sína. Hjer er um það að ræða, hvort hann hafi þurft að leggja meira á sig í embættinu eða fengið mann í staðinn sinn. Jeg veit, að sumir þakka honum útrýmingu þessa kláða og segja, að hann hafi lagt að velli þennan svo nefnda mikla vogest, jeg ætla alls ekki að fara út í það í þetta sinn; skoðanir mínar í því efni eru enn ef til vill ólíkar annara, en jeg get eigi breytt þeim.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil byrja á landsritaranum, og spái því — ef jeg má spá — að innanmálsgreinin verði óþörf á þessu fjárhagstímabili. Hvað snertir styrk til að gefa út landshags-skýrslur, þá finnst mjer að akki eigi að draga það fje inn af þeirri ástæðu, að skýrslurnar sjeu ófullkomnar, heldur ætti að veita meira fje, og ganga betur eptir, að vjer fengjum góðar skýrslur, því skýrslur um landshagi eru mjög nauðsynlegar, eigi að eins fyrir landsstjórnina, heldur og fyrir hvern þann, sem

hugsar um almenn mál. Jeg vil sjerstaklega tala um 4. tölul., þar er veittur styrkur til eflingar búnaði; forseti hefur nýlega lýst því yfir, að komin sje frá sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu bænarskrá um styrk til eflingar innlendri sjómannakennslu í sömu sýslu, og vænti jeg, að þetta verði veitt af þessum tölulið, og tel það víst, ef enginn mælir móti. Jeg álít nauðsynlegt að veita þennan styrk, þegar að því er gætt, hvað þessi atvinnuvegur er stopull; sjávarútvegur er helzti atvinnuvegur fyrir þessa sýslu, og til þess að reka þessa atvinnu að gagni, til þess þarf að hafa þilskip, en þilskip verða ekki að gagni, nema þeir menn sjeu til, er geti stýrt þeim og stjórnað; mjer þætti vænt um, að heyra undirtektir framsögumanns undir þetta, áður en jeg kem með breytingaratkvæði. Jeg er sízt mótmæltur því, að hækka gjaldið til gufuskipsferða, en vildi heldur óska þess, að það væri nógu hátt; ef þessi upphæð nægir ekki, þá vil jeg bæta við, og þá helzt, að tekið verði af tillaginu til vegabóta, því að hagurinn af vegabótum á fjallvegum, að minnsta kosti sumum hverjum, er langtum stopulli fyrir landið; til fjallvega gengur ærið fje, ef þeir eiga að verða verulega góðir, og mikið fje þarf þeim til viðhalds, en þeir verða samt að litlum notum mikinn hluta árs, þar sem fjöll eru þakin fönn marga mánuði. Þess vegna sýndist mjer heppilegast, að minnka tillagið til vegabóta, ef svo skyldi fara, að meira fje þyrfti til gufuskipsferðanna.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal nú varast að móðga framsögumann með mótbárum mínum. Jeg vil að eins vekja athygli deildarinnar að því, að við 9. gr. nefndarinnar, (10. gr. stjórnarfrumvarpsins), er engin athugasemd gjörð við A. um laun embættismanna, enda mun lítil ástæða vera til þess. En jeg vil þó geta þess, að hjer stendur í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið, að amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu hafi verið skipaður í embættið 29. júní 1872, og bætir við þeim orðum: «þannig að embættisaldur hans sje talinn frá því, er hann var skipaður í vesturumdæmið 10. ágúst 1866». Það er óefað rjett, að hann hefur verið skipaður 10. ágúst 1866 í embættið; en á hinu getur vafi leikið, hvort reikna skuli aldursrjett hans, frá því er hann var skipaður í vesturumdæmið. Jeg vil því biðja nefndina að athuga, hvort nokkur konungsúrskurður er til fyrir þessu, því eigi er til, svo jeg viti, nokkur konungsúrskurður um það. Í konungsúrskurðinum 29. júní 1872, er prentaður er aptan við erindisbrjef landshöfðingja í stjórnartíðindunum, er ekki minnzt á þennan aldursrjett amtmannsins, svo eptir því ætti að telja aldursrjett hans frá 29. júní 1872, en eigi frá 10. ágúst 1866. Jeg hef bent á þetta, því jeg veit, hve konungsúrskurðargjarn formaður fjárlaganefndarinnar er. En jeg skal svo ekki tala meir um A. En hvað 9. gr. nefndarfrumvarpsins B. snertir, þá veit jeg, að leikið hefur vafi á skilningi 7. gr. í launalögum sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877. Jeg sje, að nefndin hefur þar fylgt stjórnarfrumvarpinu, en bætt við athugasemd um sýslumanninn í Húnavatnssýslu, sem sýnir, að hún er í vafa um, hvort það sje rjett. Það getur vel verið, að vafi sje á um skilning 7. gr., en jeg hygg þó rjett, að skilja hana svo, að fara skuli eptir þeim tekjum, «sem þeir hafa haft» — þ. e. embættismenn þessir — «að meðaltali um 5 ára bilið 1871—75», en ekki eptir þeim tekjum, er embætti, þ. e. sýslu þeirri, fylgja eptir meðaltali 1871—75, ef þeir hafa þjónað annari sýslu á tímabilinu 1871—75. En ef hjer er að ræða um «launabót fyrir sjálfa þá», þá kemur hún eigi til tals, ef þeir höfðu 5 árin 1871—75 að meðaltali minni, eða jafnmiklar tekjur, en þær tekjur eru, sem

lögin ákveða handa því embætti, er þeir fengið hafa eptir 1875, því þá er um enga launabót að tala, og fá þeir þá launin eptir 4. gr. laganna. Í fáum orðum sagt, þeir eiga að fá launabót, ef «þeir hafa haft» meiri laun að meðaltali 1871—75, en 4. gr. laganna tiltekur handa því embætti, er þeir í sátu, þá er launalögin 14. desbr. 1877 náðu gildi. Þessu til stuðnings er það, að sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefur nú minni laun, en sýslunni er ákveðið í launalögum sýslumanna, af því að hann hafði enga sýslu 1871—75, með hærri launum að minnsta kosti. Sama er að segja um ýmsa aðra sýslumenn. Enn fremur skal jeg skírskota til þess, að mjer finnst þessum skilningi mínum á þessu lagaboði bregða fyrir í ráðgjafabrjefi 20. febr. 1878, um launabót bæjarfógetans nýja í Reykjavík, og að minnsta kosti mun bæjarfógetinn hafa skilið lögin þannig, í bónarbrjefi sínu um launabótina. Þó er það eigi ætlun mín, að koma fram með breytingaratkvæði viðvíkjandi sýslumanni Húnvetninga, heldur vil jeg að eins biðja nefndina að hugleiða betur þetta mál. Jeg er mörgum af breytingum hennar á stjórnarfrumvarpinu samdóma, og álít, að sumar sjeu til talsverðra umbóta, t. d. C. 5. Þar á móti get jeg ekki verið samdóma nefndinni að lækka tillagið til útgáfu stjórnartíðindanna úr 1450 kr. niður í 1150 kr., og fella þannig úr allt tillag til landshagsskýrslnanna. Jeg veit það, að flestir hafa meira vit á landshagsskýrslum en jeg, (*Framsögum.*: Hm.) og býst jeg við, að framsögumaður svari mjer því; en jeg verð þó að segja, að jeg hef fundið mikinn fróðleik í landshagsskýrslum þessum. Það sem að þeim er, það stafar einkum frá því, að regluleg skýrslusnið vanta. Skýrslurnar um fólkstölu eru mjög nákvæmar og enda nákvæmari en samkynja skýrslur í Danmörku. Búnaðarskýrslusniðið er ófullkomið, en verzlunarskýrslusniðið gamla fráleitt. Jeg skal því með ánægju skrifa undir dóm Ísafoldar um þessar skýrslur; en svo skilja leiðir, jeg vil heldur veita 300 kr. til þess að bæta þær, heldur en að hætta við þær. Jeg vona framsögumaður verði mjer samdóma um, að nauðsyn sje að hafa góðar landshagsskýrslur, en sniði þeirra er nauðsynlegt fyrst og fremst að breyta.

Framsögumaður: Hvað snertir 9. gr. A. 1. um, að landritaraembættið dragist inn, þá hefur þingmaður Reykvíkinga farið um það fremur hörðum orðum, en jeg held þar á móti, að 2. þingmaður Gullbringusýslu hafi misskilið þennan tölulið nokkuð, ef hann heldur, að þetta embætti verði ekki veitt aptur á fjárhagstímabilinu, ef það skyldi losna. Landshöfðingi var samdóma nefndinni í þessu, en lagði það til, að annað skrifaraembætti væri stofnað við landshöfðingjadæmið, þó ekki væri það fastur konunglegur embættismaður. Landshöfðingi áleit þetta embætti svo nauðsynlegt, þegar landshöfðingjaskipti yrðu, en í erindisbrjefi landshöfðingja er ákveðið, að justitiarius skuli koma í stað landshöfðingja í forföllum hans, — en um þetta virðist mjer ekki þurfi að vera ágreiningur, fyrst að landshöfðingi getur fallizt á tillöguna. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, sem fyr í kvöld var eins og í álögum, þegar hann varði skarpleika sínum til að verja tillagið til fulltrúa stjórnarinnar, er nú aptur kominn í sitt rjetta eðli og farinn með þeim skarpleika og nákvæmni, sem honum er svo lagin, að kryfja launaupphæð embættismanna. Hann byrjaði á amtmanninum í Suður- og Vesturamtinu og skírskotaði til konungsúrsk. 29. júní 1872, en hvað segir þessi konungsúrskurður? «Amtmanninum í Suður- og Vesturumdæminu skulu veitt í árleg laun upphaflega 2,400 rd., sem vaxa um 200 rd. fyrir hver 5 ár í embættinu, unz þau eru orðin 3200 rd.». Hjer er skýr konungsúrskurður fyrir því, að launin hækki um 400 kr. á hverjum 5 árum. Eptir athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið var hann skip-

aður í embætti 10. ágúst 1866; hann er þá búinn að fá launaviðbót einu sinni 1876 eptir þessum úrskurði, og á svo að fá aptur 1881. Þetta vona jeg sje rjett, eða jeg verði leiðrjettur, ef það er ekki. Jeg er samdóma 1. þingmanni Norðurmúlasýslu um B, laun handa sýslumönnum; nefndinni fannst það vafasamt, hvort sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hefði rjett á þeirri launaviðbót (rúmum 1000 kr.), sem fjárlagafrumvarp stjórnarinnar ætlar honum, og mun því til 3. umræðu taka sjer breytingaratkvæði í þessa stefnu.

Hvað landshagsskýrslurnar snertir, þá kann það að vera rjett, að halda nokkurri upphæð til útgáfu þeirra, og er jeg fús til að láta undan í þessu, — en jeg verð að álíta það rjett, að lýsa þeim vandkvæðum, sem eru á skýrslum þessum, áður en nefndin slakar til. — 2. þingmaður Gullbringusýslu óskaði að heyra undirtektir mínar undir bænarskrá um styrk til sjómannaskóla í Gullbringusýslu, en nú sem stendur liggur engin uppástunga fyrir í þessu efni, og er nógur tími til að tala um þetta atriði, þegar uppástunga liggur fyrir. — 2. þingmaður Húnvetninga gjörði þá athugasemd um tillagið til vegabóta, að ósk hjeraðsfunda ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir tillögum löglegra yfirvalda; þetta get jeg ekki fallizt á. Meðan vjer höfum lög um vegabætur og ákvarðanir um, hverjir þeir sjeu, sem stinga eiga upp á fyrirkomulagi þeirra, þá finnst mjer vjer eiga að hlýða þeim lögum. Mjer finnst það ekki góður búskapur, að leggja stórfje til vegabóta, og svo verði hætt við hálfgjörða vegi, þegar hjeraðsfundum svo sýnist. Þeir vegir, sem þegar eru búnir, vegirnir yfir Holtavörðuheiði, yfir Svínahraun, yfir Vatnsskarð hljótum vjer allir að játa, að sjeu vel í standi, og eru vottur um, að árangurinn af þessum fjárveitingum er þó töluverður.

2. þingmaður Gullbringusýslu óskaði skýrslu um, hvernig nefndin hugsaði sjer að haga gufuskipsferðunum; þessu get jeg ekki svarað að svo stöddu, en skýrslur munu verða fram lagðar við 3. umræðu.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst óþarft að tala um vegina; það getur ekki verið tilgangur 2. þingmanns Húnvetninga, að hætt sje við þá vegi, sem byrjað er þegar á, og því getur ekki verið um það að ræða, að hætta við vegabótina á Grímstunguheiði, það væri að kasta fje landsins í sjóinn, að hætta svo við hálfgjört verk. Það er snertir athugasemd 1. þingmanns Norðurmúlasýslu við 10. gr. B. 1, þá sje jeg ekki, að hún sje rjett, þegar hann var að bera saman Húnavatns- og Þingeyjarsýslu. Þegar litið er á laun sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, þá eru þær meðaltalið af tekjum sýslunnar, og hjer er ekki að ræða um, hvað hann hafi haft að meðaltali 5 síðustu árin, heldur hvað tekjur sýslunnar hafi verið miklar að meðaltali. Samkvæmt launalögunum álít jeg rjett, að stjórnin spyrji um, hvert sje meðaltal af tekjum Þingeyjarsýslu í 5 ár, áður en launalögin komu út, þetta fær sýslumaðurinn. Öldungis eins er varið með sýslumanninn í Húnavatnssýslu. Ef eigi er tekið fram í veitingarbrjefinu, að hann fái þau laun, sem ákveðin eru í launalögunum, þá hefur hann rjett til þeirrar launaupphæðar, sem fylgdu Húnavatnssýslu, þegar hann fjekk sýsluna. Annaðhvort verður að fara svo að, eða að gefa honum þau laun, sem ákveðin eru í launalögunum, en þá fellur hitt «Principið». Jeg játa, að málið er nokkuð vafasamt, eins og það liggur nú fyrir, en meðan það verður ekki skýrt á annan veg, mun jeg halda við þessa mína skoðun. Jeg skal bæta því við um þóknun ritarans, að jeg veit ekki betur, en hann fengi styrk til utanferðarinnar, þó jeg ekki viti neinar ástæður til þess, eða viti, að hann hafi gjört neitt gagn á þeirri ferð sinni.

Arnljótur Ólafsson: Mjer er þetta alls eigi kappsmál, heldur vildi jeg að eins vekja athygli á því. Jeg skal geta þess, að þegar bæjar- og landfógetaembættið var að skilið með konungsúrskurði 31. janúar 1874, þá fjekk landfógetinn önnur laun með 400 króna hækkun á hverjum 5 ára fresti, en í úrskurði þessum er það tekið fram, með berum orðum, að þessi hækkun launanna skuli talin frá fyrri embættisveitingu hans. Sama er að segja um amtmanninn yfir Suður- og Vesturamtinu, að hann fjekk önnur laun í hinu nýja amtmannsembætti yfir Suður- og Vesturuminu, en þau sem hann áður hafði sem amtmaður í Vesturamtinu. Vafi er því, hvort aldursrjett amtmanns til launahækkunarinnar 400 kr. 5. hvert ár, skal telja frá því er hann fjekk hið nýja amtmannsembætti eða frá þeim tíma, er honum var veitt amtmannsembættið í Vesturamtinu. Þetta er vafasamt, af því konungsúrskurður 29. júní 1872, tiltekur ekki neitt um tímann, eins og konungsúrskurður 31. janúar 1874 gerir með landfógetann. Það gladdi mig, að framsögumaður var á mínu máli viðvíkjandi 9. gr. B. 1., en það gladdi mig hvorki nje hryggði, þó þingmaður Reykvíkinga væri mjer eigi samdóma. Jeg get ekki skilið, hvernig hann fer að leggja þessa þýðing í 7. gr. Þegar svo stendur á, að sýslumanni er veitt embætti eptir nýjum launalögum, er þrennt til, fyrst að hann hafi í engu sýslumannsembætti áður verið, í öðru lagi, að hann hafi annaðhvort verið í sömu sýslu, eða annari á tímabilinu 1871—75. Ef hann er í sama embættinu, þá er auðvitað, að hann heldur þeim launum, er hann hafði þar að meðaltali 1871—75. En hafi hann verið í öðru launahærra embætti árin 1871—75, þá fær hann samkvæmt beinum orðum 7. gr. þá launaviðbót, sem hann hafði meiri laun í því embætti að meðaltali árin 1871—75; en hafi hann haft þau jöfn eða minni, þá er um enga launabót að ræða, og fær hann þá laun þau, er embættinu er veitt í 4. grein laganna. Nú sótti sýslumaðurinn í Húnavatnsýslu um hana rjett áður en launalögin náðu gildi, eða rjettara sagt, eptir 1875, ætti hann því að hafa í launabót sjálfur það, sem svaraði 5 ára meðaltali af tekjum sýslunnar, er hann fór frá. En nú hefur hann haft minni laun en ekki meiri að meðaltali árin 1871—75 í Dalasýslu en hann hefur í Húnavatnssýslu eptir 4. gr. laganna. Jeg get því ekki sjeð hann eigi nokkra launaviðbótaviðbót fyrir þann litla tíma, sem hann var búinn að vera í Húnavatnssýslu áður lögin voru gefin, þar sem hann var í Dalasýslu allan tímann fram yfir 1875.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, ljet forseti-ganga til atkvæða um kaflann, og fjellu þau þannig: (I 93—94; 187—188 og 248, 1).

1. Stjórnarfrumvarpsins 8. grein sjálffallin við atkvæðagreiðsluna um 6. grein.
2. Nefndarfrumvarpsins 8. gr. fyrri málsgreín samþykkt í einu hljóði.
3. Nefndarfrumvarpsins 8. gr. síðari málsgrein samþykkt með 20 atkvæðum.
4. Stjórnarfrumvarpsins 9. grein þar við fallin.
5. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. A. 1. samþykkt með 19 atkvæðum.
6. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. A. 1. þar með fallin.
7. Nefndin: «landshöfðingjaritaraembættið dragist inn, er það losnar», samþykkt með 20 atkvæðum.
8. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. A. 2. samþykkt með 20 atkvæðum.
9. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. A. 3. samþykkt með 18 atkvæðum.
10. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. A. 3. þar með fallin.
11. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. B. 1. samþykkt með 20 atkv.
12. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. B. 2. samþykkt með 20 atkv.
13. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. B. 2. þar með fallin.
14. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. B. 3. samþykkt í einu hljóði.

15. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. B. 3. þar með fallin.
16. Nefndin: «Verði fangatalan meiri en ráð er fyrir gjört, eða stigi verðlag á matvælum, má telja út það, sem umfram þarf, án aukafjárveitingar» samþykkt með 20 atkv.
17. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. B. 4. samþykkt í einu hljóði.
18. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. B. 4. þar með fallin.
19. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. C. 1. samþykkt með 15 atkv. gegn 2.
20. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 1. þar með fallin.
21. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 2. samþykkt með 18 atkv.
22. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 3. felld í einu hljóði.
23. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 4. samþykkt í einu hljóði.
24. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. C. 4. samþykkt í einu hljóði.
25. Nefndin: «af því allt að helmingi til búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða» samþykkt með 18 atkvæðum.
26. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 5. þar með fallin.
27. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. C. 5. samþykkt með 19 atkv.
28. Nefndin: «fjallvegir, sem jafnframt eru póstvegir, gangi fyrir» samþykkt með 20 atkvæðum.
29. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 6. þar við fallin.
30. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. C. 6. samþykkt í einu hljóði.
31. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 7. þar við fallin.
32. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. C. 7. samþykkt með 20 atkvæðum.
33. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 8. þar við fallin.
34. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 9. felld með 19 atkvæðum.
35. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. C. 8. samþykkt með 19 atkvæðum.
36. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 10. þar við fallin.
37. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 11. felld með 15 atkv. gegn 3.
38. Nefndarfrumvarpsins 9. gr. C. 9. samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.
39. Breytingaratkvæði Þorláks Guðmundssonar (1 248 l.) við þennan tölulið þar við fallið.
40. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. C. 12. felld með 20 atkvæðum.
41. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.
42. Stjórnarfrumvarpsins 11. gr. 1. samþykkt í einu hljóði.
43. Stjórnarfrumvarpsins 11. gr. 2. samþykkt í einu hljóði.
44. Stjórnarfrumvarpsins 11. gr. samþykkt í einu hljóði.
45. Nefndarfrumvarpsins 11. gr. 1. samþykkt með 19 atkvæðum.
46. Stjórnarfrumvarpsins 12. gr. 1. þar með fallin.
47. Nefndarfrumvarpsins 11. gr. 2. samþykkt með 19 atkvæðum.
48. Stjórnarfrumvarpsins 12. gr. 2. þar við fallin.
49. Nefndarfrumvarpsins 11. gr. 3. samþykkt með 16 atkvæðum.
50. Stjórnarfrumvarpsins 12. gr. 3. og 4. þar við fallin.
51. Stjórnarfrumvarpsins 12. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.

Þá var tekið til umræðu um síðasta kaflann, frá 13. gr. til enda.

Framsögumaður: Jeg ætla að benda á ýms smá atriði, bæði breytingar, sem nefndin hefur stungið upp á, og breytingar frá öðrum þingmönnum. Fyrst er þá að athuga, að í 12. gr. í nefndarálitinu hefur nefndin lagt það til, að upphæðin undir A, staflið a, sje færð niður um 300 krónur seinna árið, af því að nefndinni er eigi ljóst, hvort launaviðbót biskupsins eptir aldri sje

löggild, en það er víst, að þessi viðbót hefur verið veitt í fjárlögunum, síðan 1866 en er hvorki í launalögum nje konungsúrskurði, og fyrir því virðist ekki heimild til að setja hana í fjárlögin. En það er mikið líklegt, að þó þessi launaviðbót sje ekki lögmæt, þá vilji þingið samt sýna þessum heiðursmanni þá kurteisi að láta hann halda henni; en allt fyrir það vildi nefndin þó benda á, að það er eigi lagaskylda. Nefndinni hefur yfirsjezt að taka fram tvær upphæðir. Samkvæmt konungsúrskurði 7. nóvember 1835 hefur dómkirkjupresturinn 300 kr. í húsaleigustyrk, en eptir fjárlögunum frá 1872—73 þar að auki 500 kr. styrk, sem rjettara væri að afnema, því að hann er ekki á lögum byggður, nema fyrir víst tímabil. Því er eins varið með forstöðumann prestaskólans (í 12. gr. B I. a.) eins og með biskupinn, launaupphæð hans er líka færð niður, af sömu ástæðu. En þrátt fyrir þessar breytingar nefndarinnar mun jeg fús á, ef breytingaratkvæði um að færa laun þessi upp aptur, koma til 3. umræðu, að greiða atkvæði mitt með því. En jeg álít nauðsynlegt, að embættismennirnir viti, hvað þeim ber eptir lögum, og hvað þingið veitir þeim af góðvild sinni. Jeg vil eigi, að sagt sje um þingið, að það sje að þrátta um hvern eyri, og jeg vil að þeir sjái, að það sýnir þeim virðing og velvild. Hjer liggja fyrir ýms breytingaratkvæði. Fyrst er þá breytingaratkvæði 2. þingmanns Gullbringusýslu, að í 13. gr. stafl. A, b, 3. — hitt sem stendur í breytingaratkvæðinu mun vera prentvilla — komi 4,466 fyrir 2,500, mun uppástungumaður hafa reiknað þá upphæð, sem lögð er frá brauðum presta; stendur því þetta í sambandi við prestamálið, svo jeg veit ekki, hvernig jeg á að snúa mjer við því, en þó vil jeg skjóta því til uppástungumanns, hvort eigi sje ástæða til að taka þetta fje inn í 17. grein fjárlaganna. Flutningsmaður má eigi taka það svo, að jeg eigi álíti þessa breyting sanngjarna, en jeg veit ekki hverja ályktun þingið tekur í prestamálinu, og af þeirri orsök ræð jeg til þessa. Þá kemur breytingartillaga frá 7 þingmönnum við 13. gr. B. II. a. (laun) í frumvarpi stjórnarinnar, að í staðinn fyrir 2,600 komi 3,200 bæði árin. Þessu er þannig varið, að nefndin í málinu um stofnun heilbrigðisráðs lagði það til, að kennsla yfirsetukvenna væri flutt frá landlæknunum til fasta kennarans við læknaskólann. Þessi tillaga var eigi sprottin frá nefndinni sjálfri, heldur frá lækni hjer í bænum. Þessi háaldraði maður, sem lengi og vel hefur starfað, er eigi fær um að hafa þessa kennslu lengur á hendi fyrir aldurs sakir, en hún er mjög áríðandi; hjer koma árlega saman margar lærimeyjar, og því nauðsynlegt, að kennslan sje falin þeim manni, sem getur gegnt henni, það er auðvitað, að landlæknirinn á að lögum að veita þessa tilsögn, en nauðsyn brýtur lög. Frumvarpið um breyting á landlæknisembættinu liggur nú fyrir efri deildinni, og þó hún komist eigi algjörlega á, fyr en embættið losnar, þá virtist þó nauðsyn á, að sjá fyrir þessari kennslu; af þessu áleit nefndin nauðsyn bera til, að laun kennarans yrðu hækkuð um 600 kr., og vona jeg að þingmenn hafi eigi á móti því. Þá er breytingartillaga þingmanns Reykvíkinga, við 13. grein í stjórnarfrumvarpinu B. III., að 860 innanstryks breytist í 600; nefndin er víst ekkert á móti þessari breytingu, landshöfðingi fjellst á hana, og jeg get ekki sjeð því neitt til fyrirstöðu að aðhyllast þessa upphæð, því fremur, sem þessi maður er vel látinn, enda þótt að þóknun þessi sje nokkuð rík, ef reiknað er eptir tímatölu þeirri, er hann hefur. Þá vil jeg taka til íhugunar breytingartillögu 6 þingmanna við 12. gr. C. 3. í nefndarálitinu, að í staðinn fyrir 700 kr. komi 1000 kr. fyrir bæði árin bæði fyrir kvennaskólann í Reykjavík og Eyjafirði. Nefndin þóttist hafa sýnt vilja á að hlynna að þessum stofnunum, þar sem hún færði styrkinn upp í 700 kr. úr 400, en uppástungumönnum þykir það samt ekki nægja og vilja fá 1000 kr. Auk þess vil jeg geta þess, að nokkuð ólíkt er ástatt með skóla þessa; skólinn í Reykjavík hefur sína reglu-

gjörð, hann stendur undir yfirstjórn stiptsyfirvaldanna; en frá skólanum á Laugalandi höfum vjer engar skýrslur, þó jeg reyndar efist eigi um, að hann hafi gegnt vel störfum sínum. Enn fremur er að gæta að því, að skólinn í Reykjavík er sá eini, sem lærimeyjar hafa komið í úr öllum fjórðungum landsins. Fyrir norðan eru 2 skólar í 3 sýslum, og von á þeim 3., og biðjast allir fjárstyrks, en spurningin er, hve hár á hann að vera? Jeg vil halda mjer til nefndarinnar að nema staðar við 700 kr., þótt jeg játi, að Reykjavíkurskólinn ætti fremur sanngirniskröfu til meiri styrks en hinir. Einnig er það ekki ólíklegt, að þar sem skólarnir eru nánir, að þeim bjóðist hverjum um sig eins margar lærimeyjar. Jeg hef reikninga kvennaskólans í Reykjavík; kostnaður til hans síðast liðið ár var 1500 krónur, virðist því sem 700 kr. sje ekki mikill styrkur, og sanngjarnt að styrkurinn væri meiri, en jeg sting eigi upp á því. Ástand skólans er heldur gott; skýrslur skólans hefur forstöðumaðurinn afhent stiptsyfirvöldunum. Eptir skýrslum, sem jeg hef fyrir mjer, voru næstliðinn vetur 34 meyjar, er nutu tilsagnar í skólanum, og í haust mun eigi von á færri en milli 40 og 50 til hans. Jeg hef einnig sjeð skýrslur og reglugjörð hins skagfirzka kvennaskóla, er vel frá henni gengið að öllu leyti, og það sem merkilegast er, að sýslunefndin hefur sjálfkrafa styrkt þessa stofnun með fje. Jeg held því einkum fram kvennaskólanum í Reykjavík og Skagafjarðarsýslu. Skyld þessari breytingartillögu er breytingartillaga 2. þingmanns Húnvetninga við 12. gr. C í frumvarpi nefndarinnar, að eptir 5. tölul. komi: «til kvennaskóla í Húnavatnssýslu, verði hann stofnsettur á fjárhagstímabilinu, 200 kr. Þó jeg í raun og veru sje þessum styrk eigi mótfallinn, þá er hjer vandi á, að þessi skóli er enn eigi stofnaður, væri hann stofnaður, væri því eflaust ekkert til fyrirstöðu, að hann fengi einhvern styrk eins og hinir, en það er ekki formlegt frá hálfu hins opinbera, að veita þeim stofnunum fje, sem eiga að stofnast, en eru ekki komnar upp, ef það væri gjört, mætti fylla fjárlögin á hverju ári með tómum þesshátta ráðagjörðum. En í þessu tilliti hygg jeg að nóg sje, að biðja landshöfðingjann að veita fje til skólans, ef hann verði stofnaður á fjárhagstímabilinu, eins og gjört var fyrir skólann í Skagafirði, og sem kom honum að haldi, en taka eigi slíkar ákvarðanir inn í fjárlögin. Þá er breytingartillaga 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, að í staðinn fyrir «til barnaskóla 2000 kr.» í 12. gr. C. 6., komi: «til barnasskóla og alþýðuskóla 2500 kr.». Jeg játa, að fje það, sem veitt er til alþýðumenntunar hjer á landi, er mjög lítið í samanburði við fje það, sem varið er til hinna hærri skóla. En hjer stendur eins á og með suma kvennaskólana, að skýrzlur vanta. Allir skólar, er njóta opinbers styrks, þurfa að hafa greinilegar skýrslur. Jeg hef skýrslur um nokkra skóla hjer syðra, alþýðuskólann í Flensborg, barnaskólana á Brunnastöðum og Gerðum; til þessara skóla þekki jeg, en frá öðrum barnaskólum veit jeg eigi til að skýrslur sjeu til; en þegar það sannast, að þeir hafi reglugjörð og skólahús, þá er sjálfsagt, að þeir fái styrk af landssjóði. Það stendur svo á, að barnaskólar eru betur settir hjer í sýslu en annarsstaðar á landinu, bæði að því leyti, að hjer er þjettbýlla en víðast hvar annarsstaðar, og svo að því leyti, að þeir njóta styrks af sjerstökum sjóði, Thorkillisjóðnum. 1877—78 fjekk Flensborgborgar skólinn af landssjóði 300 kr., af Thorkillisjóðnum 440 kr. Vatnsleysustrandarskólinn af landssjóði 200 kr., af Thorkillisjóðnum 400 kr. Gerðaskólinn 200 kr. af landssjóði, 320 kr. af Thorkillisjóðnum. Jeg játa það fúslega, að sá, sem stofnaði Flensborgarskólann, á það skilið, að bæði þing og stjórn verði skólanum velviljuð, en með sanngirni. Nafnið alþýðuskóli þekki jeg því miður ekki að enn geti átt við nokkurn skóla hjer á landi, og þá heldur eigi við skólann í Flensborg. Jeg hef fyrir mjer skýrslur frá stofnandanum sjálfum, er komið hefur á stofn skóla þessum með miklu veglyndi og rausn,

og eptir þeim að dæma, get jeg ekki álitið, að hann eigi skilið að heita alþýðuskóli, enn sem komið er. Í honum hefur reyndar verið kennd enska nokkrum nýfermdum unglingum, en sama á sjer stað með skólana á Gerðum, og Brunnastöðum. Jeg álít því heppilegra, ef flutningsmaður vildi við 3. umræðu breyta nafninu. Jeg veit að von er á mörgum fleiri barnaskólum, t. a. m. á Akranesi, Leirá og Eskifirði, og eru 2500 kr. því alls ekki of mikið fje, en eins og fyr er það skoðun mín, að eigi skuli veita fje úr landssjóði til þeirra fyr en þeir eru komnir á stofn, og hafa fengið reglugjörð og skólahús. Þá kemur nú gimsteinninn í breytingaratkvæðinu úr Skaptafellssýslu, að í staðinn fyrir 4000 kr. í 14. gr. í nefndarfrumvarpinu komi 8000 kr. og við greinina bætist «þar með sje talinn styrkur til skáldanna, Mattíasar Jokkumssonar og Steingríms Thorsteinssonar 400 kr. á ári til hvors, og til Páls gullsmiðs Þorkelssonar 2000 kr. styrkur til að ferðast til útlanda til að læra að slípa gimsteina». Jeg skal ekki neita því, að mjer hefði þótt betur fara, að skáldin hefðu staðir í grein sjer, og gimsteinaslíparinn sjer. En mjer þykir hann ekki telja nógu mörg skáldin úr því að hann er að hugsa um fje handa þeim á annað borð, jeg held, að hann hefði mátt nefna eitt skáldið enn, Benidikt Gröndal, sem nú hefur einmitt sent bænarskrá til þingsins, og jeg fyrir mitt leyti vil segja, að hann eigi fullt eins vel verðlaun skilið fyrir hagmælsku eins og hinir, allir þekkja Iliónskviðu. En jeg ætla ekki að eyða mörgum orðum um þetta mál, jeg vil, að hver þingmaður líti í sitt eigið brjóst, og íhugi, hvar það muni lenda, ef farið er að launa skáldum hjer á landi, sem eru fleiri að tiltölu en í nokkru öðru landi. Því að ef nú er byrjað á því, er eigi hægt að segja, hve margir kunna að koma með tímanum, sem þykja verðugir að fá styrk. Jeg verð því að greiða atkvæði mitt á móti öllum þessum þremur skáldum, ekki af því, að jeg hafi ekki lesið margt eptir þá með mikilli ánægju, eða af því, að jeg játi ekki, að þeir hafi þegið stórt pund, heldur af því, að jeg óttast að fleiri komi á eptir. Það er snertir þessar 2000 kr. til gimsteinaslípunar, þá þykist jeg vita, að ef flutningsmaður hugleiðir, hve margt nauðsynlegt er ógjört hjá oss, þá mun hann ekki telja fremst af því að slípa gimsteina. Jeg held að það væri nær fyrir oss að læra að höggva byggingagrjótið vort. Jeg get líka sagt honum eitt, að þegar jeg var í Danmörku, þá kunni þar enginn að slípa gimsteina, heldur voru þeir sendir til Parísar, eða Berlínar, svo ónauðsynleg var þessi kunnátta álitin þar. Jeg hef sjálfur sent opal, er jeg fann á Sprengisandi til Berlínar. Hjer á landi verður víst aldrei stór markaður fyrir gimsteina. Það er snertir breytingartillögu 1. þingmanns Árnesinga um að fá 14000 kr. lán til brúargjörðar á Skjálfandafljóti, þá efa jeg ekki, að fyrirtækið sje í sjálfu sjer æskilegt, en hjer liggja engar skýrslur fyrir um þetta mál; ef flutningsmaður getur gefið skýrslu um það, hvort staðurinn sje í þjóðbraut o. s. frv., þá sje jeg ekki að mælt verði á móti því. En enn höfum vjer ekki nógar skýrslur til að geta dæmt um það. Það er kemur til brúargjörðar á Þjórsá og Ölfusá, þá munu menn ætla, að það sje dæmalaust að lána svo mikið fje rentulaust, en jeg skal geta þess, að þetta er almennt í öðrum löndum, í fjárlögum Dana fyrir 1878 eru þess konar leigulaus lán, á Englandi eru leigur lægri af lánum til opinberra fyrirtækja, 3%. Það er því almennt, að sjerstakir sjóðir láni fje leigulaust, þegar fyrirtækin eru nauðsynleg, og þeir, sem að þeim standa, hafa eigi nóg fje, vona jeg því, að deildin sjái, að þetta er ekki nýmæli. Seinast kemur þá bæn frá 2. þingmanni Gullbringusýslu um 2000 kr. lán handa Garðaprestakalli, til að fullgjöra steinkirkju. Ef jeg man rjett, hefur þessi maður áður fengið 8000 kr. af landssjóði til sama fyrirtækis, og það er stór spurning, hvort það er sá rjetti vegur, að þegar einstakur maður hefur fengið lán hjá umboðsstjórninni, að hann

þá komi aptur til þingsins um hærra lán. Jeg vil því benda flutningsmanni til umboðsstjórnarinnar með meðmælum þingsins. Annars álít jeg þessi lán til prestakalla alls eigi heppileg, því að það hefur sýnt sig, að vextir eru eigi ávallt greiddir skilvíslega, þó það komi ekki til greina með þetta prestakall, meðan sá heiðursmaður lifir, sem nú er í því, en hann getur fallið frá, og það er ekki víst, að eptirmanni hans sje hentugt að borga 400—500 kr. á ári hverju.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að lýsa yfir skoðun minni á breytingum nefndarinnar við þennan kafla frumvarpsins. Hvað snertir 12. gr. A. a., og vafa þann, sem nefndin er í um, hvort launaviðbót sú, er ræðir um í þessum gjaldlið, sje lögmæt, þá er hann hvorki byggður á launalögunum 15. október 1875, þar sem 7. gr. 3. stafl. þeirra vafalaust er í samhljóðun við uppástungu frumvarpsins, nje heldur á hinum undan gangandi fjárlögum fyrir árin 1876 og 1877 og fyrir árin 1878—79, því í báðum þessum fjárlögum hefur alþingið ekki lýst yfir neinum vafa um þetta atriði, heldur samþykkt það. Það sama gildir um breytingaruppástungu nefndarinnar við B. 1. a. viðvíkjandi launum handa forstöðumanni prestaskólans, og jeg skal þess vegna mæla á móti báðum þessum uppástungum og biðja nefndina að taka þær aptur. Jeg skal bæta því við, að jeg fyrir mitt leyti geng út frá því vísu, að dómstólarnir, ef þessi spursmál verða lögð fyrir þá, muni komast að þeirri niðurstöðu, sem er uppástungu nefndarinnar alveg gagnstæð, og að þess vegna landssjóðurinn muni líða skaða þann, sem málskostnaðinum nemur, ef deildin aðhyllist þessar uppástungur. — Uppástunga stjórnarfrumvarpsins um bráðabirgðaruppbót handa fátækum brauðum, er alveg samkvæm frumvarpi utanþingsnefndarinnar um skipun prestakalla (Kirkjutíð. bls. 80). En jeg get fallizt á uppástungu nefndarinnar um það, að bíða úrslita lagafrumvarpsins um skipun prestakalla og kirkna, þangað til gjört verður út um það, hvort bráðabirgðaruppbótina skuli veita í 13. gr. fjárlaganna, eða þá í 18. (17.) gr. þeirra. — Viðvíkjandi B. I. 1. og 2. skal jeg skírskota til athugasemda stjórnarfrumvarpsins, bls. 31—32, þar sem ýtarlega er skýrt frá ástæðum þeim, er uppástungur stjórnarinnar um fjölgun á húsaleigustyrkum og ölmusum við prestaskólann eru byggðar á, sem sje að nauðsyn sje til þess, að kennslutíminn við prestaskólann verði lengdur frá 2 til 3 ára; og skal jeg leyfa mjer að mæla með því, að deildin aðhyllist þá breyting, sem bæði skólanefndin, forstöðumaður og kennarar prestaskólans og stiptsyfirvöldin hafa álitið mjög æskilega og jafnvel nauðsynlega. — Jeg get fallizt á breytingaruppástungur nefndarinnar við B. I. 5. og 7. — Sömuleiðis hef jeg ekki neitt á móti breytingaruppástungum nefndarinnar við B. II. b. 2. og 6. — Af ástæðum þeim, sem nefndin hefur tekið fram við III. b. og IV, verð jeg að aðhyllast uppástungur nefndarinnar um það, að draga frá aðstoðarfje hins lærða skóla þær 260 kr., sem áætlaðar eru í þóknun handa organistanum við dómkirkjuna, en þá verða eptir 600 kr., er nú sem stendur eru áætlaðar söngkennaranum við lærða skólann, ef nefndaruppástungan ekki færði þessa upphæð niður í 500 kr. Jeg skal þess vegna mæla með uppástungu þingmanns Reykvíkinga undir 4. tölul., og með bendingum framsögumanns. — Hvað snertir hinar breytingaruppástungur nefndarinnar við 13. gr. B. III. skal jeg geta þess, að jeg að svo stöddu ekki ætla að mæla móti þeim, en þar sem deildin hefur skipað sjerstaka nefnd viðvíkjandi reikningsmálum skólans í heild sinni, skal jeg geyma mjer rjett til, þegar nefndarálitið liggur fyrir, ýtarlegar að ræða þessa gjaldliði. — Uppástungu nefndarinnar undir tölul. IV. um styrk til kennara í sönglist og organslætti, er jeg meðmæltur.

Jeg skal fyrir mitt leyti aðhyllast allar breytingaruppástungur nefndarinnar við C. 2., 3., 4., 5. og 7. tölul. — Með tilliti til tölul. 9. skal jeg skírskota til þess, sem jeg tók fram við 1. umræðu, og út af svari

framsögumanns geta þess, að mjer virðist þessi gjaldliður eiga betur við í sjerstakri grein fjárlaganna. — Viðvíkjandi breytingaruppástungu og athugasemd nefndarinnar við 14. gr. (13. gr. nefndarinnar) skal jeg geta þess, að þó jeg sje nefndinni samdóma um það, að ekki megi á fjárhagstímabilinu telja út önnur eptirlaun, en þau, sem verða veitt í fjárlögum þeim, er hjer ræðir um, virðist mjer vafasamt, hvort nauðsynlegt sje að leita sjerstakrar fjárveitingar með tilliti til þeirra eptirlauna, er alþingið samþykkti í hitt eð fyrra; því jeg verð að skoða veiting þá, sem þá átti sjer stað, sem veiting á »eptirlaunum« í hinum venjulega skilningi þessa orðs, af því að þingið álíti hlutaðeigendur maklega eptirlauna. Samt sem áður vil jeg ekki skorast undan við 3. umræðu að bera þetta spursmál undir atkvæði deildarinnar.

Þá kemur 15. gr. (14. gr. nefnarinnar). Þó að jeg sje nefninni samdóma um það, að ekki beri á þessum gjaldlið að veita umboðsstjórninni meira fje til óákveðinna umráða, en góðu hófi gegni, og þó að jeg kannist við að sumar af þeim upphæðum, sem annars ættu heima undir þessari grein, eptir uppástungum nefndarinnar, ef þær verða samþykktar af deildinni, verði veittar á öðrum stað í fjárlögunum, get jeg ekki verið henni samdóma um það, að upphæð sú, er hún stingur upp á, sem sje 2000 kr. á ári, samsvari þörfum þeim, er reynslan hefur sýnt, að sje á þessari veitingu, eða því, sem að mínu áliti sje góðu hófi samkvæmt. Jeg skal bæta því við, að mjer þegar hefur borizt beiðni um styrk á þessum gjaldlið, sem nefndin sjálf hafði bent að mjer, upp á 1200 kr. Jeg vildi fyrir mitt leyti heldur kjósa, að þessari grein yrði alveg sleppt úr fjárlögunum, en að hún væri ákveðin með þeirri upphæð, sem nefndin til tekur, og mundi það, ef til vill, vera í samkvæmni við athugasemd nefndarinnar við 9. tölul., 10. gr. C. Jeg skal því biðja deildina að aðhyllast ekki breytingaruppástungu nefndarinnar.

16. grein (15. gr. nefndarinnar) var færð niður í fjárlögunum fyrir hið yfirstandandi fjárhagstímabil frá 10—8000 kr., og mjer virðist ekki vera nein ástæða til að halda þessari lækkun áfram. Upphæð sú, sem áætluð verður til þess að standa straum af útgjöldum þeim, er upp á kunna að koma, er að mínu áliti ekki of ríflega ákveðin með 4000 kr. árlega; sjer í lagi þegar málskostnað í málaferlum landssjóðsins á að borga af þessum gjaldlið, og eptir umræðunum um þetta lagafrumvarp má búast við, að hann verði ekki alllítill.

Hvað snertir viðaukauppástungu nefndarinnar um, að veita að láni úr viðlagasjóðnum allt að 100,000 kr. til brúabygginga yfir Þjórsá og Ölfusá, verða hinar nánari ákvarðanir í þessu tilliti að vera komnar undir atkvæðagreiðslu þingsins um þar að lútandi lagafrumvarp.

Loksins kann jeg nefndinni þakkir mínar fyrir góðar undirtektir hennar undir áskorun eða bendingar stjórnarinnar með tilliti til byggingar á húsi handa alþingi og söfnum landsins, enda er að mínu áliti hin mesta þörf á því. Ef þingið aðhyllist þessa uppástungu nefndarinnar og ákveður, að upphæðina skuli borga af hinum áætluðu tekjum fjárhagstímabilsins, skal jeg leyfa mjer að skjóta því til nefndarinnar að taka þessa veiting upp í 10. gr. frumvarpsins (9. gr. nefndarinnar), en bæta þá — eins og jeg áður benti að — við 4. gr. frumvarpsins hinu nauðsynlega tillagi úr viðlagasjóðnum.

Halldór Kr. Friðriksson: Framsögumaður hefur skýrt tekið fram ástæður nefndarinnar fyrir breytingunum á frumvarpinu, en þó eru nokkur atriði, sem jeg vildi tala um. Nefndin gjörði breytingar á launaviðbótum tveggja embættismanna, biskupsins og forstöðumanns prestaskólans; framsögumaður var reyndar ekki mótfallinn því nú, að taka upp aptur þessar viðbætur inn í frumvarpið, ekki af því, að þessir menn hefðu rjett til þeirra, heldur í virðingarskyni og velvildar við þá. Jeg verð í þessu að vera samdóma landshöfðingja, að

þingið eigi ekki einungis í virðingarskyni við menn þessa, að veita þessar viðbætur, því að ef það er ekki full lagaskylda, þá hafa þessir menn þó fulla sanngirniskröfu til viðbótanna. Árið 1875 stóð eins á og núna; þá var líka um hækkun að ræða fyrir þessa menn, og þá var ekkert um þær talað. Svo komu launalögin 15. okt. 1875. Þá voru laun biskups orðin 7132 kr. og forstöðumanns prestaskólans 4532 kr.; forstöðumann prestaskólans vantaði lítið á að hafa þau laun, er launalögin ákveða, en biskup hafði hærri laun. Vjer verðum þá að gæta þess, að þessir embættismenn eru skipaðir með þessum launum og með loforði um 400 kr. viðbót 5. hvert ár; þó ekki sjeu bein lög fyrir því, þá eru þeim veitt embættin með þessum rjettindum. Þó hvorugur þessara manna þurfi viðbótarinnar við, þá álít jeg þó, að þingið eigi að veita hana, ekki af velvild einni, heldur af því, að þeir hafa fulla sanngirniskröfu til þess, ef ekki lagakröfu. Þess vegna vona jeg, að framsögumaður fallizt á, að taka upp aptur uppástungu stjórnarinnar. Jeg get þar á móti ekki verið samdóma landshöfðingja um, að húsaleigustyrkum og ölmusum þurfi að fjölga við prestaskólann. Þótt forstöðumaður prestaskólans, kennararnir og skólanefndin hafi viljað lengja skólatimann, álít jeg enga þörf til þess. 2. ára dvöl á skólanum, ef hún er vel notuð, er nægileg til þess undirbúnings, er prestar þurfa að hafa, og það er óþarfi að fjölga ölmusunum af þeim ástæðum. Það væri þá fyrst ástæða til þess, ef prestlingar fjölguðu mjög mikið, en það verður ekki þetta ár og ekki næsta ár, og þess vegna þarf ekki að auka styrkinn. Styrkurinn er líka ríflegur, því að þótt að eins 1 ölmusa sje veitt úr landssjóði, þá eru 3 ölmusur úr öðrum sjóði, og svo er líka talsverður styrkur að prestaskólasjóðnum. Það geta ef til vill verið ólíkar skoðanir um það, hvort skólatíminn er notaður svo sem vera ber, hvort fyrirlestrarnir eru til bóta; jeg fyrir mitt leyti álít, að þeir sjeu einungis til að seinka fyrir náminu. Jeg vil ekki lasta kennarana, sem jeg veit að eru menn vel að sjer, og í alla staði hinir færustu til kennslunnar; en jeg álít að það, sem þeir lesa fyrir, sje ekki betra en þær bækur, sem til eru prentaðar. Yfir höfuð eru fyrirlestrarnir til trafala eins, nema þá á stöku stöðum, þar sem bækurnar þykja ekki nógu ljósar eða haganlegar.

Bæði framsögumaður og landshöfðingi hafa tekið vel undir breytingaratkvæði mitt um, að hækka laun söngkennarans upp í 600 kr.; þessi maður hefur verið settur með þessum launum, og því er ekki sanngjarnt að taka af honum 100 kr. Það er og annað atriði viðvikjandi lærða skólanum, sem jeg skal ekki fara langt út í, af því nefnd er sett til að athuga gjöldin til skólans, en jeg get ekki sjeð, að komizt verði af, án þess að leggja fje til umsjónar við lærða skólann; mjer finnst það alveg óumflýjanlegt, en það mun koma til umræðu síðar.

Viðvíkjandi uppástungu framsögumanns og 7 annara við 13. gr. B II a, að veita 600 kr. til kennslu yfirsetukvenna, þá skal jeg ekki mæla móti því, en jeg vil spyrja, hvort ekki sje rjettara að veita þessa upphæð undir 17. gr., því að vjer getum ekki veitt þessa borgun, nema landlæknirinn verði losaður við þessi störf, en sú lausn verður að koma frá öðrum stöðum, en þinginu.

Hvað kvennaskólana snertir, þá vil jeg ekki mæla móti styrk til þeirra, því að það er nú orðin almenn skoðun, að kvennaskólar sjeu mjög gagnlegir, jafnvel þótt jeg hafi hugsað mjer þá í nokkuð öðru sniði, en þeir eru í, og álíti, að fremur beri að kenna stúlkunum bústjórn og hússtjórn, heldur en að kenna þeim að búa til ýmislegt smávegis, sem fremur er til gamans en til gagns. En úr því þessi skoðun hefur rutt sjer til rúms, þá vil jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri rjettast að veita upphæð til kvennaskóla í einu lagi, og fela svo umboðsstjórninni að útbýta styrknum. Ef ekki er ástæða til að nafn-

greina barnaskóla, þá er ekki ástæða til að tiltaka hvern kvennaskóla fyrir sig.

Viðvíkjandi gimsteininum vil jeg geta þess, að jeg veit ekki til, að nein bænarskrá um styrk, hafi komið frá Mattíasi Jokkumssyni, svo jeg veit ekki, hvort hann kærir sig nokkuð um styrk. Þar á móti veit jeg að bænarskrá hefur komið frá öðru skáldi (Benedikt Gröndal), og jeg lýsi því yfir, að ef fara á að launa þessum mönnum, þá tek jeg þá bænarskrá að mjer og gjörist flutningsmaður hennar.

Einar Ásmundsson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um 13. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem er 12. gr. í frumvarpi nefndarinnar. Þessi grein er mjög merkilegur þáttur í fjárlögunum, því að hún inni heldur tillögin til menntunarmála í landinu. Jeg álít að greinin skiptist eiginlega í 6 meginliði, það er að segja, tillagið til klerkastjettarinnar, til prestaskólans, til læknaskólans, til lærða skólans, til alþýðumenntunar, og til safna. Til allra þessara mála ætlar stjórnarfrumvarpið 175,306 kr., það er meira en 22% af öllum landstekjunum, eptir því sem þær eru taldar í frumvarpinu. Þetta virðist vera vel í lagt, og vil jeg nú skoða, eptir hvaða hlutfalli þessu fje er skipt niður, á hina einstöku liði. Til klerkastjettarinnar eru þá fyrst ætlaðar 57,490 kr. eða meira en 7% af landstekjunum, og til prestaskólans 28,800 kr., það er til samans í þarfir kirkjunnar 86,290 kr., eða nærri 11% af öllum tekjunum, og hart nær helmingurinn af allri upphæð greinarinnar. Til læknaskólans eru ætlaðar 8480 kr. það er rúmlega 1% af landstekjunum; en sje þetta lagt saman við það, sem ætlað er á öðrum stað til læknaskipunarinnar, 79,948 kr., þá sjest, að 88,428 kr. eru ætlaðar til heilbrigðismála eða yfir 11% af tekjunum, það er dálítið meira en til kirkjumálanna. Lærða skólanum eru ætlaðar 72,936 kr., sem er meira en 9% af landstekjunum, og meira en 1 kr. fyrir nef hvert á landinu. Þá kemur það, sem ætlað er alþýðumenntunar, til tveggja kvennaskóla og til barnaskólanna, en það er að eins 5,200, eða einir 7 aurar fyrir hvert nef. Og loksins er ætlað til bókasafna og forngripasafns 2,400 kr. þannig er hlutfallið í stjórnarfrumvarpinu, þannig vill stjórnin skamta.

Nefndin hefur breytt þessu hlutfalli nokkuð. Hún hefur viljað spara þar, sem spara mátti, en jeg vona enginn geti sagt, að hún hafi verið aðsjál, þar sem um sannarleg nauðsynjamál var að ræða, hvorki í þessari grein nje öðrum. Jeg held allir geti sjeð, að hún hefur viljað vera örlát til að efla verulega og gagnlega menntun, eins og önnur þarfleg málefni, t. a. m. samgöngurnar, búnaðinn o. s. frv. Nefndin hefur reyndar fært allmikið niður, það sem stjórnin ætlaði til kirkjumálanna, og fylgt þeirri reglu, að láta tillagið til þeirra haldast sem mest óbreytt við það, sem nú er og hefur verið næsta ár á undan, bæði til klerkastjettarinnar og prestaskólans, enda eru nú ný lög í smíðum til að koma betra lagi á hag prestastjettarinnar, svo ekki var þörf á að færa upp af handahófi tillag til hennar í fjárlögunum. Nefndin hefur ekkert breytt tillaginu til læknaskólans og til lærða skólans eins að mestu leyti, þó heldur hækkað það en lækkað. Til alþýðumenntunar hefur hún lagt töluvert meira en stjórnin, en sjálfsagt nokkuð lítið, því þó það, sem söngkennaranum er ætlað, sje talið með, sem rjett er, þá vantar þó mikið til, að nefndin hafi tvöfaldað hið litla, sem stjórnin ákvað í þessu skyni. Nefndin hefur fært það upp úr 5200 kr. í 9600 kr., eða hækkað það um 4400 kr. Jeg gat þess fyrir skemmstu, hvernig hlutfallið væri milli þess, sem stjórnin ætlaði til lærða skólans og til alþýðumenntunar; hún ætlaði 1 kr. fyrir hvert nef á landinu, til að mennta hjer um bil 100 drengi í lærða skólanum, en ekki nema 7 aura fyrir nef hvert, til að mennta 10,000

önnur ungmenni eða fleiri, sem alast upp á landinu. Hlutfallið er 100 handa 100 á annan bóginn, 7 handa 10,000 á hinn. Nú er þetta þó gullvægt hjá því, sem hefur verið fyrir fáum árum. Jeg vil vekja athygli á þessu, og vona að bæði þetta þing og hin næstu, sem haldin verða hjer eptir, hafi vakandi auga á að koma þessu máli í rjettara horf. Sjerstaklega vil jeg minnast á kvennaskólana, sem jeg álít einna nauðsynlegasta til að mennta alþýðuna; til þeirra hefur stjórnin ætlað 1200 kr., en nefndin hefur þrefaldað þá tölu og sett hana upp í 3600 kr. Engu að síður álít jeg að þessi tala sje en þá helzt til lág, í samburði við það, sem ætlað er til menntunar karlmönnum. Kvennfólkið er þó helmingur þjóðarinnar, ekki einungis hinn fegri heldur einnig hinn betri helmingur af fólkinu í landinu. Vjer nokkrir þingmenn höfum því leyft oss að gjöra breytingaratkvæði um að hækka tillagið til kvennaskólanna upp í 4800 kr. fyrir allt fjárlagstímabilið, og vona jeg að hin háttvirta þingdeild fallist á það, því reyndar er ekki til mikils mælzt.

Ísleifur Gíslason: Jeg vil benda á eitt atriði í viðaukauppástungu nefndarinnar, um að veita lán til brúarbyggingar yfir Þjórsá og Ölfusá. Þessi uppástunga er töluvert umfangsmikil, en samt treysti jeg því að hún nái samþykki deildarinnnr, sem hefur sýnt það, að henni er annt um að bæta vegi og efla samgöngur, og seinast í gær hækkaði tillagið til vegabóta. Hver sem ríður um hina nýju vegi, sem komnir eru á síðan alþingi öðlaðist löggjafarvald, hann hlýtur að kannast við, að þar sje landsins fje sannarlega vel varið, og að æskilegt sje að halda áfram öllu því, sem gjöri allar samgöngur í landinu sem greiðastar. Og því treysti jeg því, að hin heiðraða deild verði sjálfri sjer samkvæm, og styrki með öllu móti þetta fyrirtæki, sem er skilyrði fyrir því, að vegirnir á Suðurlandi komist í fast horf, því öllum hlýtur að vera það ljóst, að ómögulegt er sýslubúum í Árnes- og Rangárvallasýslum, að taka upp á sig kostnaðinn við þetta fyrirtæki, án þess að fá til þess talsverðan styrk. Nefndin hefur viðurkennt þetta, og stungið upp á að landssjóðurinn veiti lán til þessa, og sjest af öðru frumvarpi, sem fyrir deildinni liggur, að meiningin er, að lánið skuli vera leigulaust, og hvernig það skuli endurborgast. Jeg vona deildin sýni þá velvild, að aðhyllast þessa uppástungu nefndarinnar, því jeg veit að hún sjer, að eins og það er sómi fyrir hlutaðeigandi hjeruð að ráðast í þetta stórkostlega fyrirtæki, með öllum þeim mikla kostnaði, sem það hefur í för með sjer fyrir þau, eins er það sómi fyrir þingið, að hjálpa til þess með drjúgum styrk; að þessu sinni vil jeg eigi fjölyrða meir um málið, en að eins lýsa því yfir, að eins og vegir og menntun er það, sem oss að mínu áliti helzt vantar, eins mun jeg með mestri ánægju greiða atkvæði mitt með öllu því, sem heitir: vegir og skólar.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil taka undir með 1. þingmanni Eyfirðinga, sem benti svo ljóslega á stefnu þá, er fjárveitingar vorar fara í, og tók fram, að löggjafarvaldið ætti að beina gjöldum vorum í rjettari stefnu. En þessa eyðslusömu og skrifstofulegu fjárveitingastefnu hefur þjóðin erft frá einveldistímanum og hinu ráðgefanda þingi. Einveldisstjórnin skoðaði fjárveitinguna til embættismanna sem aðalatriðið, en eins er það eðlilegt, að vjer nú hjer eptir sjáum um, að öll landsgjöldin gangi eigi í þessa sömu gömlu stefnu, heldur til þjóðgagns Íslendinga, til líkamlegra og andlegra alþýðumennta. Ef vjer athugum stefnu nefndarinnar í þessa átt, þá sjáum vjer, að hún hefur við 13. grein gjört 2 aðalbreytingar við A. a. og B. 1. a. við laun tveggja embættismanna, sem þar eru nefndir. Framsögumaður gat þess,

að nefndin hefði ráðizt í það, af því hún hefði álitið, að þeir hefðu ekki lagakröfu til viðbótar; landshöfðinginn rjeði frá breytingunni, og áleit embættismenn þessa hafa, að mjer skildist, lagakröfu til viðbótarinnar samkvæmt 7. gr. hinna almennu launalaga 15. okt. 1875. Þingmaður Reykvíkinga fór miðja vega, en þó nær máli framsögumanus, og áleit sanngirni tala fyrir, að þeir fengju viðbót, þó eigi hefðu þeir lagakröfu til þess. Jeg ímynda mjer, að margir muni í vafa um, hvað rjett er í þessu efni, þar sem landshöfðingja og framsögumanni ber á milli. Minn skilningur er sá, að framsögumaður hafi rjett að mæla, að hjer sje ekki um neina lagakröfu að ræða. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að áður en launalögin 15. okt. 1875 komust í gildi, var mestmegnis um laun íslenzkra embættismanna farið eptir lagafrumvarpi því, sem danska stjórnin lagði fyrir ríkisþingið 1862—63, sem aldrei varð að lögum, því ríkisdagurinn breytti því gjörsamlega, að kalla má. En það er hið merkilega, að stjórnin hefur þó í ýmsu fylgt þessu frumvarpi enn fram, til hagnaðar nokkrum íslenzkum embættismönnum og sömuleiðis farið eptir 9. gr. í dönskum launalögum 26. marz 1870. Á frumvarpinu 1862—63 eru byggðar þær launaviðbætur, sem þessir embættismenn hafa, er hjer ræðir um. Það er sjálfsagt, að 7. gr. launalaganna 15. okt. 1875 segir í síðustu málsgrein, að embættismenn þeir, sem nú eru í embættum, eigi einskis í að missa af þeim «aðgangi», er þeir hafa til hærri launa. En hver er þessi «aðgangur?» hver er sú lagaheimting, er þessir embættismenn hafa til viðbótar? Jeg verð að segja, að jeg þekki enga lögmæta kröfu, sem byggð verði á frumvarpi því, er jeg áður nefndi. Þeir þurfa ekki að fá þessa viðbót ár eptir ár, þó hún einu sinni hafi verið veitt, svo sem jeg nú skal sýna. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að biskupinn hefði 1875 verið búinn að fá 7132 kr., og vitnaði til fjárlaganna á þinginu 1875. En þetta er ekki rjett hermt, enda ræddi þingið 1875 ekki fjárlög fyrir 1875, heldur fyrir 1876—77. Þingmaðurinn þarf ekki annað en að lesa brjef ráðgjafans 28. febr. 1876 til landshöfðingjans um skilning á launalögunum 15. okt. 1875 (stjórnartíðindum 1876, deildinni B, 36. bls.) Þar segir, að biskupinn sje $^{31}/_{12}$ 1875 búinn að fá 6832 kr. í laun, en ætti 1. apríl 1876 að fá 7232 kr. Af þessu er hægt að draga ályktun þá, að hann hafi ekki lagaheimild nema til 7000 kr. eptir 8. gr. launalaganna, en ekki til 174 kr. viðbótarinnar 1876 eptir frumvarpinu 1862—63, sem er sama sem 232 kr. viðbót frá 1. apr. 1876 að telja. Eptir frumvarpinu $186^2/_3$ átti biskup að halda launununum 6832 kr. til 1. apríl 1876, en fá þá eptir embættisaldri 400 kr. viðbót, það er samtals 7232 kr., og halda því til 1. apríl 1881. Þingmaður Reykvíkinga getur því sjeð, að biskupinn hefur ekki beðið neinn halla af launalögunum, því að hann hefur í 3 mánuði fengið hlutdeild í þeim 7000 kr., sem launin veita honum. Þess er og enn að geta, að eptir 4. gr. í tjeðu frumvarpi átti biskup að byrja með 5600 kr., og fá 400 kr. viðbót 5. hvert ár, þar til laun hans næðu 6400 kr., en það hefði orðið 1. apríl 1876. Hjer að auki átti hann að hafa 400 kr. í húsleigu og 400 kr. í skrifeyri. En svo fjekk hann og hundraðsbótina eptir 9. gr. laganna dönsku 26. marz 1870. Sama er nú að segja um forstöðumann prestaskólans. 31. des. 1875 var hann búinn að fá 4332 kr. í laun; í þeirra stað fær hann frá 1. jan. 1876 4666 kr. Forstöðumaðurinn hefur þá haft einnig hag af launalögunum, því eptir frumvarpinu 1862—3, og 9. gr. laganna $^{26}/_3$ 70 átti hann að fá launabótina eigi fyr en 1. júlí 1876, eða 4732 kr. Kennararnir við prestaskólann voru búnir að fá ýmsar veitingar í fjárlögum, eins og sjest af athugasemdunum við

fjárlögin 1879. Laun fyrri kennarans voru 31. desbr. 1875 orðin 3184 kr.; en í þessari upphæð er fólgin 800 kr. launaviðbót «fyrir sjálfan hann», er honum var heitin með ráðgjafabrjefi 28. febr. 1872, og veitt í fjárhagsáætlun 1872—73. Launabætur lægra kennarans eru til teknar í fjárlögunum 1865—66, og voru honum veittar 200 kr. til í fjárlögunum 1875. Jeg hirði eigi að telja þessa launarollu lengri; menn geta kynnt sjer hana, ef þeir vilja í alþingistíðindunum 1875, 38.—39. bls. Því skal jeg einungis við bæta, að laun allra þessara fjögra embættismanna eru grundvölluð á optnefndu frumvarpi 1862—63, og 9. gr. laga $^{26}/_{3}$ 1070, svo og á sjerstökum fjárveitingum í fjárlögunum, að svo miklu leyti sem þau eru frábrugðin 13. gr. hinna almennu launalaga. Af öllu þessu get jeg ekki sjeð betur, en að þessar launabætur sjeu alveg komnar undir fjárveitingarvaldi þingsins, og þingið sje að eins bundið við sanngirni í þessu efni.

Jeg á þátt í einni breytingaruppástungu við fjárlögin, og á aðra einn. Framsögumaður tók þeim báðum vel, en var þeim þó ekki alveg samdóma, sízt þeirri, er jeg átti einn. Sú breytingartillaga, sem jeg á með öðrum, fer því fram að bæta 300 kr. við kvennaskólann í Reykjavík og 300 kr. við kvennaskólann á Laugalandi. Jeg vil geta þess, að þó það að vísu sje satt, að Norðurland sje dýrara en Suðurland að kvennaskólum, þá er Suðurland aptur dýrara að barnaskólum; en Vesturland er bæði í kvenna- og barnaskóla bindindi. Það er þá ekki ósanngjarnt, þó Norðurland biðji um meiri styrk til kvennaskóla, þegar það ann Suðurlandi að fá meira fje til barnaskóla. Mjer finnst nefndin yfir höfuð hafi fylgt þeirri stefnu, að auka almenna uppfræðing, en að eins vikið frá því í 10. gr. B III. c. 5., þar sem hún færir upp ölmusurnar við lærða skólann, en reyndar fellir hún burt hinn hlægilega ferðastyrk, sem áður hefur veittur verið. Jeg get ekki sjeð fulla ástæðu til að færa upp þennan styrk úr 1000 í 2000 kr., og mjer ofbýður allur þessi kostnaður til þeirra, sem eru að læra undir embætti. Er þörf á þessari hækkun? Sannarlega ekki! Skólinn er nú svo fullur, að hann getur ekki rúmað alla þá, sem um hann sækja. Aukinn ölmusustyrkur mun auka aðsóknina enn meir, og forstöðumenn skólans neyðast til að vísa enn fleiri burt en hingað til; en það veit jeg, að þeim, og einkum þingmanni Reykvíkinga, þykir illt. Þetta ölmusuagn er mjög hættulegt, af því skólinn getur ekki rúmað fleiri. Frá stjórnarinnar sjónarmiði skoðað, þá getur hún ekki æskt eptir öllum þessum ölmusum; hún getur að eins óskað þess, að nógir sjeu til í embættin, og það er nú sem stendur, þar sem 100 piltar eru í skólanum. Þar að auki er nú í ráði að fækka brauðunum um 30; það er í ráði að «draga inn» landritaraembættið og leggja niður amtmannaembættin. Það er þá undarlegt að fjölga ölmusunum um leið og embættunum er fækkað.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að byrja á því, að segja, að nefndarálit þetta sje vel samið, en með því er eigi sagt, að jeg hafi engar athugasemdir að gjöra við það. Jeg geng fram hjá 13. gr. A. a. og B. a., þótt margt mætti um það segja. En það er sneitir 13. gr. A. b. 1. «til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum . . . . . 4000 kr.«, þá hefði jeg sízt ætlað, að þessi upphæð mundi verða lækkuð frá því, sem er í stjórnarfrumvarpinu. Reynslan hefur sýnt, að það er alls eigi vanþörf á, að það fje, sem stjórnin hefur stungið upp á, sje látið fátækum brauðum til uppbótar. Þá kem jeg til 13. gr. A. b. 3. «til prestsekkna og barna og fátækra uppgjafapresta«. Við þennan lið hefi jeg gjört breytingaruppástungu, og hafði framsögumaður rjett að mæla, er hann sagði, að jeg hefði viljað koma upp í lið þennan afgjaldi af brauðum til uppgjafapresta. Framsögumaður gaf þá

leiðbeining, að rjettast væri að láta þetta bíða. En jeg verð að lýsa því yfir, að hvernig sem prestamálið að öðru leyti fer, þá eigi að ljetta þessum þunga af prestaköllunum. — Um 13. gr. B. I. b. 2. er það að segja, að stjórnarfrumvarpið stingur þar upp á 7 ölmusum til handa prestaskólanum, en nefndin hefur lækkað þennan lið niður í 1 ölmusu, og er þetta ærinn munur. Jeg heyrði þingmann Reykvíkinga tala margt og mikið um þetta efni, og fann hann ýmsa ókosti hjá prestaskólanum; en jeg er hræddur um, að lengi megi bíða, þangað til prestaskólinn verður eptir hans höfði. En það finnst mjer sannarlega eigi sitja á þingmanninum, að mæla það úr, að prestaskólanum sjeu lagðar jafnmargar ölmusur og stjórnarfrumvarpið fer fram á, eg það því síður, sem þingmaðurinn sjálfur hefur stundað guðfræði, þótt hann að visu aldrei lyki við það nám. Það getur þó víst enginn neitað því, að það er hart, að prestaskólanum skuli eigi vera ætlað nema e i n ölmusa af landssjóði, en læknaskólanum 3 ölmusur, og vita þó allir, að embættin, sem prestar fara í, eru 6 til 7 sinnum fleiri en læknaembættin, og þó er prestaskólanum ætlað minna fje af landssjóði. Það er sannast að segja, að nefndinni hafa verið mislagðar hendur í þessu efni, og verð jeg næst að ætla, að henni hafi orðið þetta af ógáti, eða að þetta sje prentvilla í nefndarálitinu, þannig, að 1 hafi staðið fyrir 7. Jeg hef að vísu enn eigi komið með breytingaruppástungu við þennan lið, en jeg mun gjöra það síðar. Við 13. gr. C. 6. hefur einn þingmaður komið með breytingaruppástungu, sem jeg ætla að fara nokkrum orðum um. Mjer heyrðist framsögumaður reyndar eigi svo mjög mótfallinn breytingaruppástungu þessari. Hann sagði fyrst og fremst, að hann vissi eigi til þess, að alþýðuskóli væri stofnaður í Flensborg. Hann þekkir víst eigi »Stofnunarskrá fyrir alþýðuskóla í Flensborg« frá 18. febr. 1878, sem lesa má á 28. bls. í stjórnartíðindunum fyrir 1878. Þar segir svo: »Í Flensborg við Hafnarfjörð er stofnaður alþýðuskóli» o. s. frv. Undir þessari stofnunarskrá standa nöfn beggja stipsyfirvaldanna rituð. Framsögumanni hefur orðið það af vangáti, — að jeg ætla, — að koma með það, að hann vissi ekki af neinum alþýðuskóla, því að jeg get eigi ætlað honum það, að hann hafi gripið til þess, sem ekki er rjett, og allra helzt hlýtur hann að þekkja alþýðuskólann í Flensborg, þar sem hann er einn af þeim, sem eru í forstöðunefnd skólans. Þessi skóli hefur þó reglugjörð, en stundum hefur það, að skóli hefði elgi reglugjörð, verið því til fyrirstöðu, að hann fengi styrk. En ef framsögumaður vill segja, að skólinn í Hafnarfirði sje alþýðuskóli að eins að nafninu til, þá skal jeg leyfa mjer að lesa upp útdrátt úr brjefabók alþýðuskólans í Flensborg; þar segir: »Þar að auki veitti kennarinn nokkrum unglingum tilsögn í þeim greinum, sem nefndar eru í 4. grein sömu reglugjörðar» (o: íslensku og rjettritun, reikningi, dönsku, ágripi af sögu og landafræði, ensku og söng). Undir þetta eru ritaðir þeir Þórarinn Böðvarsson, Grímur Thomsen og C. Zimsen. Ef þingmaðurinn ekki trúir þessum mönnum, þá skal jeg lesa honum skýrslu kennarans við Flensborgarskólann, sem þannig hljóðar: »Jeg undirskrifaður, sem hingað til hef veitt forstöðu kennslunni við Flensborgarskóla, votta hjer með, að jeg á síðast liðnum vetrum hef veitt tilsögn í þeim lærdómsgreinum, er nú skal nefna: íslenzkri rjettritun, dönsku, danskri rjettritun, reikningi, mannkynssögu, landafræði, ensku, söng». Undir þessa skýrslu er ritað svohljóðandi vottorð: »Vjer undirskrifaðir vottum, að oss er kunnugt um, að cand. Þ. Egilsson hefur á síðast liðnum vetrum sem forstöðumaður Flensborgarskóla kennt ofannefndar náms-

greinir». Undir þetta vottorð eru ritaðir þeir C. Zimsen, Ó. Jónsson, og H. A. Linnet, sem að minni vitund, eru hinir heiðarlegustu og velmetnustu menn í Hafnarfirði. Þessar skýrslur og vottorð skal jeg leyfa mjer að leggja á lestrarsalinn þingmönnum til eptirsjónar. Það var fleira, sem framsögumaður mismælti sig á. Jeg veit ekki til þess, að skólinn árið 1877—78 hafi fengið 440 kr. styrk; því að það er eigi rjett, að eigna alþýðuskóla þessum peninga þá, er ætlaðir eru til uppfósturs börnum. En það er hið annað snertir, þá vona jeg, að jeg og framsögumaður sjeum sáttir á það, að sú ástæða, að alþýðuskólinn sje stofnaður, sje viðurkennd. En það er snertir hina aðalástæðuna, að ísjárvert sje að veita skóla þessum styrk af landssjóði, af því að skóli þessi hafi styrk af öðrum sjóði, nefnilega af Thorkilliibarnaskólasjóði, þá skal jeg taka fram, að þessi sjóður er eigi ætlaður til að styrkja menn til alþýðumenntunar; hversu feginn sem skólastjórnin vildi, þá mætti hún eigi taka einn eyri úr sjóði þessum til alþýðuskólans í Flensborg. Þar sem framsögumaður tók það fram, að þessi sýsla (o: Gullbringusýsla) fengi svo mikinn styrk af fyrnefndum sjóði, þá skal jeg geta hins, að Gullbringusýsla er hin fjölmennasta eða fjölbyggðasta sýsla á Suðurlandi, og því þörf á margfaldri menntun og tvöföldum styrk við það, sem annarsstaðar. Víðast hvar við sjávarsíðuna er fátækt mikil og örbirgð, og menntun manna i mikilli deyfð. Jeg er því viss um, að ef framsögumaður hugsar sig um, þá mun hann sjá, að það er rjett, að sjóplássin fái ríflegri styrk, en sveitahjeruðin til menntunar sjer. Jeg ætla að minnast lítið eitt á 14. gr. nefndarfrumvarpsins. »Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja 4000 kr.» Litlar eru tekjur Íslands og lítið megnar það; það er sjálfsagt; en slík upphæð í slíkum tilgangi er sama sem ekkert. Jeg skal fúslega gefa nefndinni eptir, að sumu af því fje, er lagt hefur verið til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, hefur ef til vill eigi verið sem heppilegast varið; en jeg verð þó að ætla, að þessi upphæð sje svo lítil, að það taki engu tali. Það er kunnugt, að þeir sem vilja rita, verða að kosta ærnu fje til, ef þeir hyggja á að gefa út bækur; bækur eru svo lítið keyptar hjer á landi, af því fólksfjöldinn er svo lítill. Og það er verkleg fyrirtæki snertir, þá vil jeg spyrja, hvað það er, sem stendur Íslendingum svo mjög fyrir þrifum sem það, að þeir eru illa að sjer í öllu verklegu. Hversu mikið fje, hversu margar þúsundir króna ganga út úr landinu, sakir þess að menn eru hjer svo illa að sjer í öllum iðnaði? Það, er snertir 15. gr. nefndarfrumvarpsins: »til óvissra útgjalda», þá skal jeg ekkert um það segja; en ef sú yrði raunin á, að stórfje væri lagt til landssjóðsins, til þess að hann geti sótt mál, sem honum er stofnað í um skör fram, þá væri slíkt óheppilegt. Þá kem jeg til viðaukauppástungu minnar. Jeg ætla að byrja á því, að lýsa yfir því, að það var eigi rjett, sem framsögumaður sagði í þessu efni, og veldur því ókunnugleiki hans. Jeg ætla að reyna að segja alla söguna eins og hún gekk til. Jeg bað um allt að 10000 króna lán, af því að jeg hafði eigi glögga hugmynd um, hvað steinkirkja mundi kosta. Stiptsyfirvöldin samþykktust þessa upphæð, og mæltu með beiðni minni. En þegar til kom, þá sagði jeg, að nú mundu nægja 8000 krónur, og gjörði jeg mjer þannig óleik. Jeg er sannfærður um, að landshöfðingi, sem í hverju því máli, sem jeg þekki til, hefur lagt hið bezta til, hefði lagt það til að jeg fengi þessa 10000 kr. upphæð að láni, ef jeg hefði eigi stungið upp á minni upphæð. Nú er spurningin, hvort deildin vill eigi fyrirgefa mjer þetta fyrirhyggjuleysi mitt og óframsýni mína, og láta mig fá það fje að láni, er jeg upprunalega beiddist. Þar sem framsögumaður sagði,

að rjett væri, að beina máli þessu til stjórnarinnar með meðmælum, þá læt jeg mig það litlu skipta, þótt svo sje gjört. Hin ástæðan, sem framsögumaður færði gegn láni þessu, var helzt sú, að hinn núverandi prestur í Garðaprestakalli væri dauðlegur. Þetta er satt. En prestur þessi er enn eigi nema 50 ára, og ef hann nær áratölu feðra sinna, þá getur hann lifað nokkuð enn. Og það get jeg sagt framsögumanni, að prestakallið hefur í minni tíð aukizt um 500 kr., og er eigi loku skotið fyrir, að það geti aukizt eitt hundrað krónur enn.

Guðmundur Einarson: Jeg hef heyrt langar ræður í máli þessu bæði í gær og í dag, og get jeg sagt hið sama um ræður þessar, sem strákurinn sagði við prestinn, að «hann prjedikaði það úr sjer síðari hluta ræðunnar, sem hann prjedikaði í sig hinn fyrri hlutann». Það er nú búið að tala bæði með og móti ýmsum atriðum máls þessa. Það er snertir 13. gr. B. I. «Til prestaskólans», þá fellst jeg á, að ölmusunum til prestaskólans yrði fækkað frá því, sem stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu, einmitt af því, að haft er á orði í stjórnarfrumvarpinu, að lengja kennslutímann á prestaskólanum um 1 ár, þannig, að hann verði nú 3 ár. Þetta álít jeg verða til þvergirðingar og stýflu fyrir þá, sem á skólanu ganga, og gildir mig það einu, meðan ekki lítur út fyrir að presta kjörin taki miklum bótum. Það er ekki til mikils, að vera að hvetja menn til að ganga prestaskóla veginn, meðan fullur þriðjungur presta hafa að of litlu að hverfa á eptir. Vjer Bessastaðamenn sýnum það, að vjer getum margir hverjir staðið sómasamlega i stöðu vorri, þótt vjer höfum minni lærdóm, en nú er sagt að þurfi til þess að vera prestur. Ef það væri tekið fram, að kennslutíminn á prestaskólanum skyldi vera að eins 2 ár, eins og hingað til hefur átt sjer stað, þá mundi jeg mæla með því, að ölmusunum yrði fjölgað, því að það er í raun rjettri nauðsynlegt, að hjálpa prestaefnunum, sem mest, því full þörf er á prestum. Það er snertir 13. gr. B. III., þá er jeg samdóma þingmanni Reykvíkinga, því það er sannfæring mín, að aðstoðar- eða umsjónarmann þurfi við skólann. Það hafa komið fram mótbárur gegn 13. gr. B. III. c. 5., að ótilhlýðilegt sje, að færa upp ölmusurnar við latínuskólann. En jeg verð þvert á móti að álíta það brýna nauðsyn. Það er nauðsynlegt, að hjálpa fram gáfuðum unglingum, sem eru fátækir, því að það er sorglegt ef þeir eigi komast áfram. Skólavegurinn er dýr, og er það sannarlega hart, ef þing og landstjórn kemur eigi miðja leið móti fátækum og gáfuðum ungmennum og rjetti þeim hjálparhönd. Það er snertir breytingaruppástungu 1. þingmanns Skaptfellinga, um að skáldunum tveimur sje veittur styrkur úr landssjóði, þá skal jeg taka það fram, að jeg elska skáldin, og öll hin fögru og sönnu vísindi, og virðist mjer það skylda þjóðarinnar, að styrkja og efla alla þá, er að þeim vísindum styðja og að þeim vinna. Þá kem jeg til kvennaskólanna, 1. þingmaður Eyfirðinga sýndi hlutfallið á milli þess, er kostað væri til latínuskólans, og hins, er kvennaskólunum væri lagt; en jeg er þó á nokkuð annari skoðun en þingmaðurinn í þessu efni. Það er sjálfsögð skylda, að styrkja allar þær stofnanir, sem einstök fjelög og einstakir menn hafa stofnað, þau fyrirtæki, þar sem einstakir menn hafa lagt fram alla krapta sína og öll efni sín. Slíkum mönnum á að sýna alla þá aðstoð og hjálp, sem auðið er, því að slíkt verður til þess, að hvetja einstaka menn og þjóðina í heild sinni til gagnlegra og nytsamra fyrirtækja. Í þessu tilliti tek jeg fram kvennaskólann í Reykjavík; fátæk hjón hafa orðið til að stofna skóla þennan, og má að mestu leyti þakka hinni ötulu framgöngu og fylgi þessara hjóna, og einstakra höfðingsfrúa hjer í bænum, að skólinn er kominn svo vel á veg sem hann nú er kominn. Þá er skólinn í Flensborg. Eru mörg dæmi slíkrar rausnar og höfðingsskap-

ar, sem manns þess, er þenna skóla stofnaði, eingöngu af eigin efnum? Að þess konar stofnunum á að hlynna á allan hátt. Með tilliti til 14. og 15. greinar skal jeg geta þess, að mjer þóttu fjárupphæðir þær, er greinir þessar tiltaka, allt of lágar. Þótt margt mætti fleira hjer um ræða, þá eru umræðurnar orðnar svo langar um mál þetta, að jeg vil eigi lengja þær meir.

Eggert Gunnarsson: Það gleður mig að heyra, að hinir háttvirtu þingmenn, sem talað hafa, eru á sömu skoðun og nefndin, og fallast á, að stefna hennar sje rjett, að styðja að almennri menntun og verklegri framför meir en gjört hefur verið. Í tilefni af því, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram, viðvíkjandi kvennaskólanum í Eyjafirði, þá vil jeg geta þess, að skýrsla um ástand og efnahag skólans liggur á lestrarsalnum, og reglugjörðina fyrir hann, samþykkta af landshöfðingjanum, skal jeg leggja fram á lestrarsalinn.

Það er sannarlega gleðilegur vottur um vaxandi hug til sannra og verulegra framfara hjer hjá oss, að löggjafarþing vort er búið að taka að sjer að styðja menntun kvenna, og jafnvel þótt enn eigi sje lagt fram stór-fje þeim til menntunar, eins og karlmönnum, er jeg sannfærður um, að það mun mjög svo hvetja kvennþjóð vora til sannra framfara og menningar, þegar hún sjer, að sú skoðun er farin að ryðja sjer til rúms, að menntun hennar sje engu síður nauðsynleg en karlmanna, og að menn nú eru farnir að vilja unna kvennþjóðinni þess rjettar, er henni lengi hefur verið synjað um. Og þar sem jeg þykist viss um, að hinir háttvirtu þingmenn kunna að meta hinn þýðingarmikla verkahring kvenna, og kannast við, að mæðurnar vanalega leggja hinn fyrsta grundvöll til menntunar barnanna, og þannig leggi hina fyrstu undirstöðu til sannrar alþýðumenntunar, þá efast jeg eigi um, að hin háttvirta deild samþykki, að verja fje því, sem stungið er upp á, til menntunar kvenna, í breytingaratkvæði því, er vjer 6 þingmenn erum ritaðir undir, og sjeu sannfærðir um, að fje því er vel varið fyrir land og lýð, alda og óborna.

Páll Pálsson, bóndi: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um mál þetta, helztu atriði þess hafa verið tekin fram, mjer líkar það vel, að nefndin hefur tekið meira tillit til almennings þarfa en áður var gjört. Breytingartillaga mín hefur heldur mætt góðum en hörðum viðtökum. Mjer þótti, er jeg sá breyting nefndarinnar í 14. gr., úr litlu að skipta, og þess vegna kom jeg með tillögu mína; en þegar jeg heyrði af framsögumanni, að styrkurinn mundi fást hjá landshöfðingja, þá læt jeg mjer það lynda, ef jeg fæ að heyra það frá landshöfðingjastólnum, að landshöfðingi sjái sjer það mögulegt, þó breytingartillaga nefndarinnar við 14. gr. verði samþykkt. En jeg get ekki sjeð, að nokkur hætta sje af því búin, að samþykkja þennan tölulið, eins og hann liggur fyrir, því ef að skólinn kemst eigi á stofn, þá nær það eigi lengra, og fjeð verður þá kyrrt í landssjóði; en verði hann stofnsettur, þá er svo strangt skilyrði fyrir styrknum, þar sem sýslufjelagið verður að leggja til helminginn, að varla er hætt við, að hann verði misbrúkaður. En það var annað atriði í frumvarpi nefndarinnar, sem jeg skil ekki vel, og vil því fá upplýsing um; í 12. gr. tölul. IV. stendur: »til kennara í sönglist og organslætti og organsleikara við dómkirkjuna 1000 kr.«; þessi upphæð þykir mjer óskiljanlega há, nema þá sje ætlast til, að hann hjer eptir veiti kauplausa kennslu í söng og organslætti, en sje ekki svo, þá get jeg ekki greitt atkvæði mitt með þessum launum.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er enn eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, sem sje forngripasafnið; í frumvarpinu eru ætlaðar 400 kr. til forngripa-kaupa, og jeg þykist vita, að allir vilji hlynna að safni þessu. Nú hefur komið bænarskrá frá umsjónarmanni safnsins um styrk til að semja skýrslu yfir gripi safnsins, sem það hefur fengið síðan 1870. Síðan 1870 hefur engin skýrsla komið um safnið; allt sem því hef-

ur bætzt síðan, liggur niðri í kössum, og eru það eptir sögn umsjónarmanna 6—700 gripir. Það sýnist því nauðsyn bera til, að koma þessu í lag; það er eðlilegt, að gefendur vilji sjá, að gripir þeir, er þeir gefa, geti komið fyrir almennings sjónir, en eigi er að ætlast til þess, að umsjónarmenn þess, er hafa að eins 100 kr. þóknun, gefi út skýrslu á sinn kostnað. Þeir hafa beðið um 600 kr. styrk, og vona jeg, þótt breytingartillaga hafi eigi komið um þetta, þá geti jeg komið mjer saman við nefndina um það. Mjer þykir 1. þingmaður Norðurmúlasýslu gjöra nokkuð mikið úr þessari launaviðbót biskupsins. Hann rangfærði líka orð mín; jeg sagði eigi, að biskupinn hefði beðið halla, heldur ef hann fengi eigi viðbótina, þá biði hann halla, eptir því, sem stjórnin ætlaðist til, og eptir von sjálfs hans. Öldungis eins er því varið með hinn manninn, og jeg get ekki annað sjeð, en að sanngirni mæli með því, að þeir fái þessa viðbót, sem stjórnin hefur ætlazt til að þeir fengju. Þingmanninum þótti of mikið 10,000 kr. til ölmusanna við lærða skólann. Jeg fyrir mitt leyti er ekki svo fastur á þessum 2000 kr., þegar jeg fer eptir mínu »principi«, en jeg hygg, að Norðlingar fái fyllilega sinn hluta af þessu fje. Nú sem stendur eru lærisveinar flestir að norðan að tiltölu, úr engri sýslu landsins eru eins margir og úr Húnavatnssýslu, og þegar sjerstakt tillit er haft til fjarlægðarinnar, þá bera þeir sannarlega eins mikið úr býtum. Það er talað mikið um að efla menntun landsmanna, og það er gott að hún eflist, en því er þá þingmaður Norðurmúlasýslu á móti þessari menntunarstofnun. Ef gagnfræðakennslan er til mikils gagns fyrir land og lýð, þá getur það víst ekki verið til tjóns fyrir þjóðina, þó meira sje kennt og meira lært. Hann sagði, að eigi væri ástæða til, að fjölga ölmusunum af því, að svo margir kæmu, að skólinn gæti eigi tekið á móti öllum, en stjórninni mætti standa á sama, ef nógir fengjust í embættin. En af hverju koma svo margir? Einmitt af því, að almenningur lætur sjer svo annt um, að mennta sonu sína; stjórninni er ekkert annt um það, heldur almenningi; það er almenningur, sem heldur fram skólamenntuninni, og því er eigi ástæða til að tálma henni, heldur styrkja þessa menntunarstofnun á sama hátt og hinar. Það var eigi rjett, sem þingmaðurinn sagði, að jeg hafi átt þátt í því, að vísa nýsveinum burtu; jeg hef þvert á móti verið því mótfallinn; úr því að ætlazt er til, að allir fái kauplausa kennslu, þá er eigi ástæða til, að vísa piltum frá, þegar þeir eru svo hæfir, sem heimtað er. Það var mikið fróðlegur reikningur, sem 1. þingmaður Eyfirðinga kom með, en hann upplýsir eiginlega ekki mikið. Hví koma þessir kvennaskóla vinir ekki með þá uppástungu, að kvennmenn skuli ganga á alla hina sömu skóla og karlmenn og fá jafnan rjett til embætta? Þegar svo væri komið, þá ætti þessi samanburður þingmanns Eyfirðinga við, en fyr ekki. Vestfirðingar eru með öllu lausir við þessar fjárbænir, þeir vilja helzt berjast með sínum eigin efnum og mennta stúlkur sínar í því, sem þeim þykir við eiga, án þess að gjöra það á almennings kostnað. Jeg veit ekki til, að Ísafjarðar kaupstaður hafi beðið um nokkurn styrk til menntunarstofnana sinna. Norðurland fær sannarlega sinn skerf og það miklu meira. (*Arnljótur Ólafsson*: Nei). Jú, því að það fær langt yfir það, sem bæði Suðurland og Vesturland fær, og þess vegna álít jeg öldungis óþarft, að hækka fjeð til norðanskólanna upp úr því, sem nefndin stakk upp á. Samanburður 2. þingmanns Gullbringusýslu á læknaskólanum og prestaskólanum var eigi hinn rjettasti. Læknaskólinn hefur 3 ölmusur, það er rjett, en prestaskólinn hefur 5. Það stendur á sama, þótt þær sjeu ekki allar úr landssjóði. Prestlingar hafa eins gagn af þeim fyrir því, og eigi ástæða til að fjölga ölmusunum úr landssjóði. Jeg álít prestaskólanum fullborgið með þann fjárstyrk, sem hann hefur, þangað til að meira

fjölgar á bonum, og það sjest, að fleiri af þeim, sem útskrifast af latínuskólanum, taka að ganga á hann, en forðast eigi guðfræðina og vilja verða allt annað en prestar.

Þorlákur Guðmundsson: Af því framsögumaður minntist á 3 barnaskóla í Gullbringusýslu, nfl. í Flensborg, Vatnsleysustrandarhreppi og í Gerðum í Garði, þá vil jeg bæta við hinum fjórða, barnaskólanum á Seltjarnarnesi. (*Framsögumaður*: það er rjett, honum gleymdi jeg). Í stjórnartíðindunum er skýrsla um þennan skóla, sem nú á sitt skólahús og er í öllu tilliti í góðu standi. Jeg vil og minnast lítið eitt á kvennaskóla, sem jeg álít mjög gagnlega og nauðsynlega, og er það nú orðið almennt viðurkennt, að þetta sje eitt af mestu velferðarmálum landsins. Þeir, sem í þessu tilliti hafa brotið ísinn, og fyrstir orðið til að vekja máls á þessu, og koma slíkum skólum á fót, eiga sannarlega miklar þakkir skilið, en allt um það, verð jeg þó að vera samdóma þingmanni Reykvíkinga, að kvennaskólinn í Reykjavík er ekki einhlítur til þess að uppfylla þarfir alls Suðurlands í þessu efni. Hann er sjálfsagt góður fyrir stúlkur úr bænum sjálfum, og sömuleiðis fyrir þær stúlkur, sem er komið hingað til höfuðstaðarins, til þess að fá hina svo kölluðu «fínni heims menntun»; en þetta er ekki nóg, það er þörf á kvennaskólum, sem hafa bújörð, og þar sem stúlkum er kennd bústjórn, kennt að breyta mjólk í mat og ull í fat, eins og menn segja, og þjóna sjer og öðrum, og að þær læri allt það, sem að nauðsynlegu hreinlæti lýtur, en ekki tómt prjál, heldur líka verklegan dugnað. Það er vonandi á sínum tíma, að þetta taki svo miklum framförum, að kvennaskóli verði í annari hverri sýslu, og þá er auðsjeð, að landssjóðurinn getur ekki veitt hverjum skóla meir en 700 kr., eða máske ekki það, því það er góð regla, að taka ekki meir upp, en haldið verður út með. Eins og nú er, þá er kvennaskólinn í Reykjavík lakast haldinn, að fá ekki meir en 700 kr., þar sem skólinn á Laugalandi fær eins mikið, og er þó einungis fyrir eina sýslu, sem er með hinum efnuðustu sýslum. Kvennaskólinn í Skagafirði verður og út undan, en það er ekki rjett, því að í þessu efni á að vera fullkomið jafnrjetti.

Nefndin hefur lagt til, að til brúabyggingar yfir Þjórsá og Ölfusá veitist 100,000 kr. lán; með þessu hefur nefndin stigið stórt stig í þessu máli, og vona jeg að deildin sjái, að þetta er sanngjarnt og rjett, og að þær mótbárur hverfi, sem áður hafa komið fram, að þetta sje að eins fyrir einn hluta landsins, því að það er aðgætandi, að þessi hluti á heimting á styrk, þar sem hann nýtur einskis góðs af gufuskipsferðum kringum strendur landsins. Og ef þetta fje ekki hrekkur, ber jeg það traust til þingsins, að það framvegis muni ekki láta hjer við lenda, heldur styrkja þetta þarfa og þjóðlega stórvirki til enda.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil einungis út af orðum framsögumanns um breytingaruppástungu mína við 17. gr. geta þess, að jeg er fús til við 3. umræðu að koma með allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, og þingmenn ekki geta fengið af skýrslu þeirri, sem lögð verður á lestrarsalinn, eins og forseti skýrði frá. Að öðru leyti hjelt jeg, að framsögumann mundi ekki vanta upplýsing um, að hin fyrirhugaða brú yfir Skjálfandafljót væri í þjóðbraut, því jeg vona að allir þingmenn, sem farið hafa um Þingeyjarsýslu, viti, að hjer ræðir ekki einungis um þjóðbraut, heldur þann eina póstveg, sem spursmál getur verið um, og styðst því þessi uppástunga mín við tillögu fjárlaganefndarinnar sjálfrar 9. gr. C. tölul. 5. Framsögumaður mæltist til, að jeg tæki aptur uppástunguna; ef það er meining hans, að jeg breyti formi hennar, þá er jeg ekki ófús til þess, en ef hann meinar, að jeg taki hana aptur að efninu til, þá er jeg ófáanlegur til þess. Jeg ímynda mjer, að deildin og allra sízt framsögumaður ætlist ekki til þess, að jeg taki uppástunguna aptur í þessum skilningi, heldur vona jeg, að, eins og deildin í hitt

eð fyrra gaf landshöfðingja heimild til að lána fje til brúar þessarar á fjárhagstímabilinu, sem nú er liðið, eins vona jeg að hin heiðraða deild hugsi sig ekki um, að samþykkja þessa uppástungu. Jeg vil að endingu geta þess, að þeir þingmenn úr Austfirðinga- og Sunnlendingafjórðungum, sem ætlast til, að Norðlendingar gefi atkvæði með 100,000 kr. láni til brúa yfir Þjórsá og Ölfusá, þeir mega þó ekki heimta, að Norðlendar geti verið ánægðir með að verða synjað um 14,000 kr. lán til brúargjörðar á Skjálfandafljóti. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta, en lýsi því yfir, að jeg treysti því, að deildin samþykki breytingaruppástunguna, og skal jeg þá vera fús til að breyta formi hennar til 3. umræðu.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg játa, að framsagan í þessu máli er svo ágæt, að ekki er miklu við hana að bæta. Jeg vil einungis benda á eitt atriði, sem framsögumaður var fremur mótmæltur, það er viðbótin til kvennaskólanna í Reykjavík og á Laugalandi. Jeg ímynda mjer, að þar sem framsögumaður ræður frá þessari viðbót, sje það meir af trúleik við meiri hluta nefndarinar að fylgja fram hennar skoðun, og af umhyggju fyrir hag landssjóðsins, heldur en að það sje af því, að hann sje ekki fús til að styðja að menntun kvenna. Hann hefur sjálfur sýnt mjer brjef frá merkum útlendum manni, er segir að það sje sómi fyrir Íslendinga, hve mikinn áhuga þeir sýna í að koma upp kvennaskólum; það má og líta á þetta mál, þó mikið sje búið að tala um það, frá nokkuð annari hlið. Það er ekki enn komið eins inn í hugsunarhátt þjóðarinnar, að hafa kvennfólkið í hávegum, eins og hjá öðrum þjóðum. Árskaup kvennfólksins er helmingi minna en karlmannsins, og daglaun þeirra einnig lægri, og það þó við þá vinnu sje, sem kvennmaðurinn vinnur jafnmikið sem karlmaðurinn, og svo er í flestum greinum, að konan hefur eigi jafnrjetti við karlmanninn. Þessa skoðun þjóðarinnar á kvennfólkinu þarf að hefja, en til þess tel jeg vissasta meðalið, að auka menntun kvenna, og þar með virðing þeirra. Hvað snertir breytingaruppástunguna við 13. gr. B. II a, þá er jeg fús til að ganga inn á það, að veita 600 kr. til kennslu yfirsetukvenna. Mjer er það kunnugt, að hinn háaldraði öldungur landlæknirinn er ekki lengur fær um að hafa þetta starf á hendi. Jeg játa að sönnu, að vilji maður fylgja ströngum rjetti, þá ætti hann sjálfur að borga kennsluna af launum sínum, um leið og annar læknir tekur hana að sjer, en þegar litið er til þess, hvað æruverðugur öldungur á í hlut, þá verð jeg að álíta, að fallegra sje af deildinni að klípa ekki af launum hans, þar sem hann er kominn á þann aldur, að ekki er að búast við, að hann muni lengi njóta fullra launa, heldur að hann eptir sitt starfsama líf fari að hvíla sig, og lifi af eptirlaunum sínum. Jeg vil því losa hann við þessi störf, en jafnframt gefa atkvæði mitt fyrir því, að þingið sýni það veglyndi, að láta hann halda launununum óskertum. Sömuleiðis vil jeg fallast á breytingaratkvæði þingmanns Reykvíkinga um söngkennarann. Hvað snertir breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga við 14. gr. um laun til tveggja skálda, þá get jeg ekki gefið því atkvæði mitt í því formi, sem það liggur fyrir, jafnvel þó jeg sje því samþykkur að efninu til. Um 2000 kr. til að læra slípa gimsteina, tala jeg ekki, jeg vona að það breytingaratkvæði sje sjálfdautt. Hvað við víkur 14,000 króna láninu til að byggja brú yfir Skjálfandafljót, þá vil jeg vera því atriði hlynntur, og er því máli nokkuð kunnugur; brúarstæðið er allgott og er rjett við þjóðbrautina, póstvegurinn liggur þar rjett hjá. Eigi að síður vil jeg samt styðja tillögu framsögumanns, að uppástungumaður taki uppástungu sína aptur í þetta sinn, og komi með hana aptur betur undirbúna til 3. umræðu, því að jeg er hræddur um, að deildin sje svo ókunnug þessu máli, að hún felli það. Hjer vanta allar upplýsingar, og enn fremur vantar að ákveða, hvernig lánið á að endurborgast, ásamt ýmsu fleiru, sem nauðsynlegt er að undirbúa áður en lánið er samþykkt. Viðvíkjandi launa-

viðbót biskups og forstöðumanns prestaskólans, þá er jeg samdóma framsögumanni, að engin lagaskylda sje til að samþykkja hana, og það sje þá af velvild til viðkomandi embættismanna, en ekki af skyldu, ef deildin samþykkir viðbótina.

Páll Pálsson prestur: Það var tvennt, sem kom mjer til að koma með breytingartillögu þá, er kölluð hefur verið gimsteinninn frá Skaptafellssýslu, í fyrsta lagi það, að jeg sá, að nefndin hafði gjört ráð fyrir að styrkja Jónas Helgason að framkvæmdum hans sem organkennara, með því að ætla honum laun þau, sem jeg játa að hann er mjög maklegur fyrir, og annað það, að jeg sá af bænarskráarálitinu frá fjárlaganefndinni, að hún leggur það til að heiðra skáldið Matthías Jokkumsson með fjárstyrk. Eins og það er fjarri mjer að leggja á móti því, að þessir alls góðs maklegu menn fái styrk, þá þykir mjer það óviðurkvæmilegt að sýna ekki samkvæmni í því, að sýna viðurkenningarvott þeim manni, sem að minnsta kosti hefur sýnt sig í þessu skyni ekki síður góðs og viðurkenningar maklegan frá þjóð sinni. Jeg leyfi mjer að taka það fram, að skólakennari Steingrímur Thorsteinsson, eins og kunnugt er, hefur fengið sjerlega heiðursviðurkenning frá fjarlægri þjóð, sem er ein hin mesta menntaþjóð í heimi, og skyldum vjer þá, er sjálfir, sem þjóð, höfum mestan sóma af slíkum snillingum, ekki vilja láta það í neinu ásannast, að vjer metum mikils vora góðu menn, og viðurkennum það með því einu, sem vjer höfum föng á, að veita þeim fjárstyrk. Það játa víst allir, að það væri æskilegt, að þessi höfundur gæti haldið áfram með að auðga íslenzkar bókmenntir bæði með frumkvæðum sínum og afbragðs fögrum þýðingum útlendra höfuðskálda. Meðal annars, sem liggur eptir þennan mann, vil jeg minnast á það, að allt megnið af kvæðunum í hinum 5 söngheptum, sem Jónas Helgason hefur gefið út, og sem vonandi er að haldið verði áfram með, er eptir Steingrím Thorsteinsson, og þessi kvæði hafa átt næsta mikinn þátt í, að hinum góða tilgangi söngheptanna hefur orðið náð, því að þegar þjóðin sjer hin fögru kvæði hans, þá langar hana undir eins til að kunna að syngja þau. Jeg vona því, að deildin fallist því fremur á þessa tillögu mína, sem ekki er farið fram á mikla upphæð, og það get jeg ekki skilið, að þeir sem eru málinu hlynntir að efninu til, skuli ekki geta gefið því atkvæði sitt vegna formgalla, því það er auðsjeð, að það er gjört af kappi og þráa. Þá kem jeg til þess atriðis, sem eiginlega mun eiga skilið nafnið «gimsteinninn» í breytingaratkvæðinu. Þingdeildinni er kunnugt, hvernig jeg er orðinn flutningsmaður bænarskrárinnar um þennan styrk til að slípa gimsteina, en jeg er hræddur um, að sumir í nefndinni hafi að eins lesið tölustafina, sem eru nokkuð stórir, en svo ekki viljað lesa ástæðurnar fyrir þessari beiðni. Hjer á landi eru margir steinar aðrir en hleðslugrjót, og margir þeirra sem eru dýrmætir, og úr því framsögumaður sjálfur á hraðferð, já hraðreið yfir sandinn, yfir Sprengisand fann eðal-opal, sem var þó þess virði, að hann hlaut að koma honum í önnur lönd en Danmörk, til að fægja hann, þá sýnir það, að hjer kunna að finnast, ef leitað væri, margir þeir steinar, sem eru gulli dýrmætari, en nú sem stendur þekkir enginn það til hlítar, og enginn kann með slíka steina að fara. Það er minnkun fyrir landið, að slíkt skuli liggja alveg ónotað og fótum troðið, mannsaldur eptir mannsaldur, þar sem vjer þó höfum marga unga og efnilega menn, sem gætu gjört þessa steina að peningum. Og þetta liggur hjá oss ónotað, eins og til einskis væri nýtt. Til að glöggva sig á þessu, leyfi jeg mjer að benda hinni heiðruðu deild á prófessors Ebels physikalische Beschreibung von Island. Mönnum kann að þykja það gífurlegt að stinga upp á svona hárri upphæð, en það er aðgætandi, eins og framsögumaður sagði, að ekki verður þessi list lærð í Danmörku, enda er það eigi von, því Danmörk er ekki neitt gimsteinaland, þó það sje akuryrkju- og kornland, heldur í fjarlægari löndum, og því hærri upphæð þarf, sem vegurinn er lengri.

Að öðru leyti skal jeg leyfa mjer, að vísa til álits þess manns, er kunnugastur er þessu efni allra manna hjer á landi, Dr. Hjaltalíns, er mælir sterklega með þessari beiðni. Að endingu vil jeg geta þess, að jeg hef, eins og forseti tók fram, beðið hann að liða sundur uppástunguna, og því vona jeg, að formið geti ekki verið henni til fyrirstöðu, nje falls.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil minnast dálítið á kvennaskóla, og er jeg hlynntur þeim yfir höfuð, eins og aðrir þingmenn, en hvað kvennaskóla í Reykjavík snertir, þá álít jeg hann ekki heppilega settan; hann er sjálfsagt góður fyrir Reykjavík, en handa sveitastúlkum er hann ekki hentugur. — Jeg er nefndinni þakklátur fyrir styrkinn til eflingar búnaði, og væri nú óskandi, að vjer hefðum bæði kunnáttu og vilja til þess að nota þennan styrk samkvæmt tilganginum. Aptur álít jeg, að nefndin hafi verið of spör á fje til menntunar hinum ungu, en það álít jeg sje fóturinn fyrir framförum vorum eptirleiðis. Ungdómurinn er sú kynslóð, er byggja á landið á eptir oss, og hann og landið mun á síðan bera þess vott, hvernig vjer höfum uppalið hann. Þetta atriði á því jafnan að vera eitt af hinum helztu áhugamálum bæði þings og þjóðar. Jeg er viss um, að fleiri hjeruð munu hvetjast til að koma upp barnaskólum, ef þau sjá, að þingið vill styrkja til þess. Þannig hefur í mínu kjördæmi einn rausnarbóndi af eigin efnum kostað barnaskóla, bóndinn Þórður á Leirá. Jeg vil því reyna að koma mjer saman við nefndina um, að auka fjárstyrkinn til barnaskóla; þótt 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hafi stungið upp á að hækka hann nokkuð, þá hefur hann þó farið heldur til skammt.

Friðrik Stefánsson: Jeg skal ekki tala margt í þetta skipti, en vil að sumu leyti ljúka lofsorði á nefndina fyrir gjörðir hennar. Þó get jeg ekki verið henni samþykkur um styrkinn til kennarans í organslætti og organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík, því mjer þykir launin langt of hátt ákveðin, og þau ættu ekki að koma fram á fjárlögunum sem sjerstök fjárveiting. Það er ekki líklegt, að aðsóknin verði mikil úr þessu til að læra organslátt, því margir eru nú búnir að læra hann víðsvegar um land, og er því mikið líkara, að þeir sem hjer eptir vilja læra, fari til þess eða þeirra, sem þeim eru næstir, og ætti því að mínu áliti ekki að leggja 2000 kr. til þessarar kennslu úr landssjóði, en það sje jeg gjörla, að Reykjavík og næstu sveitir hafa mest not af kennslu manns þess, sem hjer ræðir um, en ætti hann að fá þóknun úr landssjóði fyrir þetta starf, þá ætti hann að fá hana af fje því, er veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. — Önnur útgjöld, er mjer virðast of hátt ákveðin, er styrkurinn til bókmenntafjelagsins, 2000 kr.; mjer finnst 1000 kr. vera fullkomlega nóg, sem er sama upphæð og veitt hefur verið að undanförnu. Að endingu vil jeg geta þess, að jeg skil ekki í því, að hin heiðraða fjárlaganefnd skyldi ekki veita kvennaskólanum í Skagafirði nema 400 kr., þar sem hún veitir kvennaskólanum í Reykjavík 1000 kr. og skólanum á Laugalandi annað þúsundið, og mun jeg því við 3. umræðu koma með breytingartillögu um að hækka styrkinn til kvennaskólans í Skagafirði, svo kennslan geti orðið í líku ásigkomulagi, sem í hinum kvennaskólum landsins.

Framsögumaður: Það hafa komið fram ýmsar athugasemdir við nefndarálitið; athugasemdum landshöfðingja mun jeg geyma mjer að svara, af því hann er ekki viðstaddur, og að eins snerta þær, sem aðrir þingmenn hafa verið honum samdóma í. 2. þingmaður Gullbringusýslu var honum samdóma um, að styrkurinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja væri of lágt ákveðinn. Um þetta geta verið mismunandi meiningar, og þó það ekki þurfi að vera regla fyrir oss, það sem gjört er í öðrum löndum, getur það þó verið fróðlegt til samanburðar, að íhuga það. Danir veita af 48 millíóna árlegum tekjum að eins 44,600 kr. til óá-

kveðinna vísindalegra fyrirtækja, og eru þó þar með reiknaðar heiðursgjafir, fastur styrkur til ýmissa og styrkur um stundarsakir. Til óvissra útgjalda ætla þeir ekkert; þeir höfðu það fyrstu árin, eptir að þing þeirra fjekk fjárveitingarvald, en reynslan kenndi þeim, að þetta væri ekki heppilegt, og að hentugra sje að veita þess konar upphæðir til útgjalda, sem upp á kunna að koma, undir þeim gjaldliðum, sem þau eiga skylt við; því þá verða þau síður óákveðin. Það er að mínu áliti heppilegra, að veita vissa upphæð til vissra tiltekinna fyrirtækja. Landshöfðingjanum þótti upphæðin of lág, og get jeg vel skilið það, að umboðsstjórnin vilji hafa sem mest fje til umráða, en mig furðar á, að þjóðkjörinn þingmaður skuli vilja hafa þetta gjald hátt. Er ekki betra að veita fje til fastákveðinna fyrirtækja? Koma ekki flest verkleg fyrirtæki undir styrk til búnaðar? Og vísindaleg og bókleg fyrirtæki, koma þau ekki flest til kasta bókmenntafjelagsins? Reyndar heyrði jeg að einum þingmanni þótti þetta of mikið, og vildi að eins gefa 1000 kr. bókmenntafjelaginu, en þetta er hin sama upphæð, sem þetta fjelag hefur áður haft, það er að segja deildin í Kaupmannahöfn. Það geta að vísu verið mismunandi skoðanir um, hvernig sú deild hefur notað þennan styrk; það getur vel verið, að sumt af því, sem hún hefur gefið út, hafi ekki svarað tilganginum, en það er aðgætandi, að þessi styrkur á nú að ganga til deildarinnar á Íslandi, og að þessi deild hefur nú í hyggju að gefa út sýslumannaæfir og rit um búnað og ýmislegt, er snertir atvinnuvegi landsins, og verða í það rit teknar ritgjörðir, sem ritnefnd, er kosin hefur verið til þess, álítur til þess hæfar. Þó mönnum ef til vill ekki líki, að mestum hluta þessa fjár sje varið erlendis af bókmenntafjelagsdeildinni í Kaupmannahöfn, þá álít jeg betra að fela þess konar fje fjelagi, sem stofnað er í vísindalegum og bóklegum tilgangi, en umboðsstjórninni, sem t. d. hefur veitt 1000 kr. styrk til að gefa út heimsmagnafræði, sem aldrei hefur komið út, stórfje til útgáfu leifa fornra kristilegra fræða eða safns af katólskum homilium. Jeg veit ekki, hvort það eru slík rit, sem Skagfirðingar eða aðrir vilja verja fje til. Jeg skal ekki telja fleiri dæmi, en einungis geta þess, að margar af upphæðunum, sem áður voru í 14. gr., eru nú komnar hjer og hvar í öðrum greinum, og eru til samans allt eins háar, og hærri en á síðasta þingi var veitt. Þingmaður Reykvíkinga lagði það til um tillagið til kvennaskóla, sem jeg verð að álíta hentugt, að veita eina upphæð í einu máske hærri en 2000 kr. árlega til kvennaskóla, og umboðsstjórnin svo útbýti því fje milli skólanna. Sumir hafa mælt með svo miklum ákafa fyrir hærra tillagi til kvennaskóla, að jeg hef ekki djörfung til að mæla móti þeim; þeir vita líka sjálfir bezt, hvað landssjóðurinn er ríkur. 1. þingmaður Eyfirðinga fór mörgum fögrum orðum um, hvað lítið væri hjer á landi gjört fyrir alþýðumenntun, í samanburði við það, sem lagt er til menntunar embættismannaefna; en ef menn vildu draga þá ályktun út af því, að alþýða vor standi á baki alþýðu í öðrum löndum, þá væri það ekki rjett; þingmaðurinn er sjálfur vottur um, með þeirri menntun, sem hann hefur, að þó ekki gangi maður í skóla, getur maður þó aflað sjer menntunar, ef ekki vantar lyst og löngun. Um skilninginn á launaviðbót biskups og forstöðumanns prestaskólans, er jeg alveg samdóma 1. þingmanni Norðurmúlasýslu, að enginn vafi sje á því, að þingið hafi leyfi til að stryka hana út; í þessari grein er ekki að tala um neinar gildar ákvarðanir, sem þingið er bundið við, og jeg er ekki eins kvíðinn eins og 2. þingmaður Gullbringusýslu fyrir málskostnaðinum, því að okkur er víst báðum jafn ókunnugt um, hvernig dómstólarnir muni dæma það mál.

Þó þingmaðurinn hafi töluvert fengizt við málaferli, þá hefur víst stundum fallið annar dómur, en hann bjóst við. Nokkrir þingmenn og þar á meðal 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hafa lýst yfir óánægju sinni með, að ölmusurnar til lærða skólans hafa verið færðar upp; en þingmaðurinn gat ekki um það, að ferðastyrknum á að sleppa, og að sú athugasemd fylgir, að ölmusunum á að útbýta með tilliti til fjarlægðar skólapilta frá skólanum, svo þetta er í vil þeim hjeruðum, sem langt eru frá Reykjavík. Þó jeg játi, að fá sjeu þau lönd í veröldinni, þar sem eins mikið að tiltölu er lagt til lærðrar skólamenntunar, þá talar þó margt fyrir að fjölga ölmusunum, þegar aðsóknin er einlægt að aukast, og þeir, sem sækja að skólanum, mundu vera enn fleiri en nú, ef ekki stiptsyfirvöldin og aðrar maktir reyndu að stöðva aðsóknina. Að endingu vil jeg geta þess, að þessi uppástunga er byggð á tillögu skólastjóra sjálfs. 2. þingmaður Gullbringusýslu var óánægður með ölmusurnar til prestaskólans og bar prestaskólann saman við læknaskólann. Þingmaðurinn hefði líka átt að bera saman húsaleigustyrkinn á þessum skólum, þá hefði það sýnt sig, að prestaskólinn hefur 12 húsaleigu styrki en læknaskólinn að eins 3, eða prestaskólinn 9 fleiri, og þó hafa aldrei verið notaðir nema 8 í hæsta lagi, og er meiningarlaust ár eptir ár að veita það í fjárlögum, sem ekki er notað. Hvað sem utanþingsnefndin og aðrir hafa sagt um lenging skólatímans, þá hafa komið fram mótmæli gegn því sjerstaklega frá þeim, sem nota prestaskólann; hjer kem jeg fram sem svaramaður nefndarinnar, og ljet hún þá ósk í ljósi, að kennslutíminn yrði ekki lengdur á fjárhagstímabilinu. Sami þingmaður svaraði mjer út af Flensborgarskóla. Hvort sem hann er alþýðuskóli eða barnaskóli, þá hefur hann sem barnaskóli fengið styrk úr Thorchilliisjóði og sem alþýðuskóli tillag úr landssjóði. Ur Thorchilliisjóði hefur skólinn fengið 440 kr., það er að skilja sem styrk með börnum. (*Þórarinn Böðvarsson:* Nei!) Jeg bið þingmanninn að varast að segja, að jeg fari með ósannindi. Jeg læt mjer það ekki lynda. Hvað mig snertir, þá er þýðingarlaust í mínum augum, hvort skólinn er kallaður alþýðuskóli eða barnaskóli; af skýrslunum sjest, að hann er ekki fremur alþýðuskóli, en skólinn á Gerðum í Garði, Vatnsleysuströnd o. s. frv., að minnsta kosti verð jeg að óska þess, að engin nesjaskoðun komi fram í þessu, einkum þar sem skólinn er betur settur en margir aðrir að því leyti, að hann getur fengið styrk úr sjerstökum sjóði. Hvað lánið til brúarbyggingar yfir Skjálfandafljót snertir, þá mun 1. þingmaður Árnessýslu játa mjer, að nauðsynlegt er, að leggja fyrir deildina reglur um, hvernig lánið eigi að endurborgast, áður en hún getur samþykkt þetta. Nokkrir hafa minnzt á 12. gr. B. IV. (til kennara í sönglist og organslætti), og hafa sumir verið með, sumir móti. Jeg vil benda mönnum á, að upphæðin, sem nefndin stingur upp á, að veita þessum manni, er 740 kr., því að hann hefur nú 260 kr. sem organleikari, og þær eru innifaldar í þessum 1000 kr. Meiningarnar geta verið mismunandi um verðleika þessa manns, og hvort rjett sje að veita honum fje, en út af orðum þingmanns Húnvetninga og þingmanns Skagfirðinga vil jeg geta þess, að ætlazt er til að kennslan í organslætti verði framvegis ókeypis, og borgist með þessari upphæð; aðsóknin að honum hefur síðast liðin ár verið mjög mikil, og hann hefur sökum þess orðið að yfirgefa arðsama atvinnu, og því er þetta tillag eðlilegt og ekki of hátt. Að endingu vil jeg biðja deildina að athuga þau áhrif, sem allar fyrirhugaðar breytingar hafa á fjárlögin; eptir frumvarpi nefndarinnar var áætlað,

að afgangurinn yrði		95,311 kr.
Við lánin til brúnna og við bygging alþingishússins minnka vextir viðlagasjóðsins um	16,000 kr.	
vitagjaldslækkunin .	5,000 —	
stofnun lagaskóla .	10,000 —	
stofnun gagnfræðaskóla	10,000 —	
kaup á Helgustaðanámum (vextir af 16000 kr. í 2 ár) . . .	1,280 —	
laun hjer um 200 hreppstjóra	20,000 —	
prestar og prestaekkjur	10,000 —	
kvennaskólar . . .	2,200 —	
alþýðu- og barnaskólar	1,000 —	
til búnaðarskóla . .	10,000 —	
til skáldsins Matthíasar	1,000 —	
handa jarðyrkjumanni	1,000 —	
til 2 skálda 800 kr. hvorum	1,600 —	
gimsteinafægingin .	2,000 —	
lán til Skjálfandafljótsbrúar (vextir af 14000 kr. í 2 ár) . . .	1,120 —	92,200 —
		3,111 —

Og þar að auki vill landshöfðinginn færa niður sumar tekjuáætlanir nefndarinnar. Eptir þessum reikningi verður landssjóðurinn 1. jan. 1882 uppi með 3111 kr. eða þaðan af minna, og því geta þingmenn sjeð, hvað heimta má af landssjóðnum. Ástandið gæti að vísu batnað nokkuð, ef þingmenn hefðu viljað halda lestagjaldinu og hærra vitagjaldinu, að minnsta kosti fyrra árið; þá hefði mátt líta með rólegra sinni til ókomna tímans. En eins og nú stendur, er líklegast, að landssjóður standi uppi gjaldþrota 31. desbr. 1881. En — sá sem svona talar, er nú sjálfsagt afturhaldsmaður, og skal jeg því hætta.

Páll Pálsson prestur: Jeg vil að eins benda framsögumanni á, að þar sem jeg í breytingartillögu minni gjörði ráð fyrir 8000 kr. til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, leiddi það af sjálfu sjer, að í því var fólginn 400 króna styrkurinn til skáldanna hvors um sig, og 2000 kr. til gimsteinaslípunar, sem alls verður 3600 kr.

Þórarinn Böðvarsson: Enda þótt jeg sje nú búinn að gleyma sumu því, er jeg vildi hafa tekið fram á síðasta fundi, vil jeg þó fara fáum orðum um nokkur atriði. Það er þá fyrst að tala um ölmusurnar til prestaskólans; þingmaður Reykvíkinga og þingmaður Dalamanna andæptu því helzt, að þeim yrði fjölgað. Þingmaður Reykvíkinga áleit, að ölmusurnar væru nógu margar, meðan eigi fjölgaði meir tala prestlinga. En jeg hef opt heyrt hann segja, að bráðum myndu þeir fjölga til muna, og eptir þeirri skipun, sem hann vill hafa á prestaköllunum, er það nauðsynlegt að þeir fljótt fjölgi. Jeg held, að það sje sannarlega þörf á fleiri en 1 ölmusu, og þó að 3 sjeu lagðar annarsstaðar frá, þá er það fje alls eigi mikið í samanburði við læknaskólann, þegar þess er gætt, hve miklu fleiri menn þurfa að læra til að fylla prestsembættin en læknaembættin. Þingmanni Reykvíkinga þótti það heldur eigi góð aðferð, að lesa fyrir á prestaskólanum; jeg er því eigi með öllu mótfallinn, að fyrirlestrar mættu minni vera, en í því er jeg honum og öðrum mótfallinn, að eigi sje þörf á að lengja skólatímann. Jeg held, að það sje sannarlega nauðsynlegt, að presturinn sje vel menntaður eptir því sem tíðarandinn er nú. Þingmanni Dalamanna þótti byrðin of þung í samanburði við tekjur presta, víst ekki tekjur þeirra brauða, sem hann ætlar sjálfur að rýra. Jeg játa, að mjer þykja tölurnar til verklegra og vísindalegra fyrirtækja fremur lágar, af því að verknaður er hjer í barndómi, en það, sem vísindin snertir, þá verður reyndar eigi borið á móti, að fje landsins hefur eigi ávallt verið rjett brúkað til eflingar þeirra, svo sem til útgáfu fornfræðaleifanna og heims-

magnafræðinnar, en sjerstök atvik eru eigi nóg til þess, að setja upphæðina fjarska lágt. Það er snertir upphæðina til óvissra útgjalda, þá minnti hinn háttvirti framsögumaður mig á, að jeg hefði sjálfur átt í máli, og skal jeg játa það, að jeg hef höfðað eitt mál, ekki fyrir sjálfan mig, heldur kirkju þá, sem jeg á að sjá um, og þó málið hafi enn ekki unnizt fyrir hæstarjetti, þá get jeg huggað bæði framsögumann og mig með því, að það er enn ekki á enda kljáð, og von um, að það vinnist að meiru eða minna leyti. Vænti jeg að honum þyki því fremur ástæða til að veita lán það, sem jeg hef beðið um handa sömu kirkju, sem jeg hef þegar kostað allmiklu til máls þessa, og því verður víst haldið áfram. Um viðaukatillögu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, þá að 500 kr. verði veittar alþýðuskóla, sem meintur er í Flensborg, skal jeg fátt tala; jeg skal að eins geta þess, að þar sem sagt er, að skólanum í Flensborg hafi verið veittar 440 kr. af Thorchilliisjóðnum, þá er það misskilningur; hann fjekk í eiginlegum skilningi ekki þessar krónur beinlínis, heldur var þeim skipt á milli einstakra barna, og miklu af þeim en ekki öllu var úthlutað sem styrk til að ganga á barnaskóla. Jeg er því eigi samdóma, að minni ástæða sje til að veita skólum hjer við sjávarsíðuna styrk en öðrum; kemur það ekki af nokkru meðhaldi með Gullbringusýslu, heldur af nákvæmri þekkingu, þekkingu á því, hve örðugt er fyrir prestinn, að uppfræða æskulýðinn. Að mínu áliti er eins mikil ástæða til þess, að þeir hafi fullt eins mikinn styrk, og þó þeir fái það, eru þeir ekkert betur staddir en aðrir skólar. Fólksfjöldi er hjer mestur, og það er munur á að fá t. d. 200 kr, þar sem eru 100 börn, eða þar sem eru 400 börn. Jeg skal alls eigi gjöra kappsmál úr þessu, því að sá maður, er bænarskrána sendi, leggur það á þingsins vald, í þeirri von, að þó henni verði ekki sinnt nú, þá komi þó seinna þeir tímar, og sú kynslóð, er sinnir slíku. Það er snertir lánið til kirkjunnar, þá eru nú veggirnir langt komnir, eru þeir allir úr grjóti upp úr túninu; er að mínum skilningi eigi ástæða til að mótmæla láni þessu, nema fyrir þá, sem heldur vilja að fje landssjóðsins sje á leigu utan lands en innan.

Framsögumaður: Ef það hefur verið meining 1. þingmanns Skaptfellinga, að færa upp upphæðina til verklegra og vísindalegra fyrirtækja um sömu upphæð, sem nemur skáldalaunum og gimsteinaslípunarfjenu, þá þarf eigi seinni breytinguna. Jeg fyrir mitt leyti er á móti því, að skáldin fái þessi laun, hjer situr einn þingmaður á bekkjunum, sem hefur bænarskrá til flutnings frá þriðja skáldinu, sem er efalaust eins snjallt og hin, og það væri eigi rjett að gjöra þann mannamun, að setja það skáld hjá, ef hin fá nokkuð. En jeg er á móti því, að nokkur þessara manna fái laun úr landssjóði, vegna þess, að landssjóðurinn er ekki fær um að launa öllum landsins mörgu skáldum. Það er snertir gimsteinaslípunina, þá vildi jeg óska, að þingmaðurinn tæki það breytingaratkvæði aptur, og ef hann hugsar vel um ástand vort, mun hann sjá, að margt annað er ógjört hjá oss, sem er miklu nauðsynlegra; jeg get ekki annað skilið, en að hann hafi komið með þessa tillögu að gamni sínu, og honum mun reynast svo, að þingið tekur þetta sem gaman. 2. þingmaður Gullbringusýslu heldur því fram, að fjölga ölmusum prestaskólans; honum er vorkun, því að hann er prestur, en á hinn bóginn er hin fjárhagslega skoðun; þinginu mun varla slitið svo, að prestastjettin fái eigi meira tillag úr landssjóði en hingað til. Jeg vil biðja þingmenn að hafa það hugfast til 3. umræðu, að landssjóðurinn er ekki hræ, sem ernir safnast að, vjer erum hjer ekki á hvalfjöru, þar sem hver vill skera sem feitastan bita, vjer erum hjer á þinginu til að spara fyrir landið, spara í hófi

og neita eigi um styrk til þarflegra fyrirtækja. Það er líklegt, að nefndin, sem kosin var til að íhuga fjárhag landsins, hafi verið skipuð þeim mönnum, sem þingmenn báru mest traust til í því efni, enda hafa margir látið í ljósi ánægju sína yfir gjörðum hennar, en því undarlegra er það, að ekki ein einasta af sparsemdaruppástungum hennar fær að standa, heldur koma þingmenn sem fljúgandi fuglar úr öllum áttum með breytingartillögur í fjárbænaskyni í nefjunum. Jeg gjörði á seinasta fundi áætlun um fjárhaginn, ef öllum fjárbænum, sem nú eru komnar, væri gegnt, en sú áætlun er svo ýkjulaus, að ef öll þau frumvörp, sem nú liggja fyrir, verða samþykkt, þá á landssjóðurinn ekki einn eyri 1. janúar 1882. Stjórnin verður þá að fella frumvörp vor einungis til að geta staðfest fjárlögin og til að hafa nokkuð til launa embættismanna sinna. Þetta er nauðsynleg afleiðing af fjárveitingum vorum. 2. þingmaður Gullbringusýslu talaði um breytingartillögu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, jeg greiði atkvæði með henni, en þar fyrir ekki sjerstaklega fyrir alþýðuskóla í Flensborg. Jeg kann að meta veglyndi gefanda þessa skóla, jeg veit hver áhrif hann hefur á barnauppfræðinguna; stofnandanum er vorkun þótt hann vilji hlynna sem mest að skólanum og efla með því uppfræðingu barna í prestakalli sínu, sem er mjög fjölmennt. En eins vil jeg geta, er hann verður að játa, að því fleiri börn, sem koma í skólann, því hærri er styrkurinn úr þeim sjóði, sem sjerstaklega hlynnir að barnauppfræðingu í Kjalarnesþingi (Thorchilliisjóði), samkvæmt ráðgjafabrjefi frá 6. júlí 1876. Í því stendur: »að veita megi þeim börnum, sem eiga foreldra, sem reyndar sjeu færir um að veita þeim kristilegt uppeldi, en geta eigi kostað kennslu þeirra, styrk úr sjóðnum til skólaveru fyrir þau eptir reglum, sem ráðgjafinn fyrir Ísland á að setja«, en hverjar eru þær reglur? Þær, að styrkurinn sje jafn til hvers barns eða samkvæmt brjefi frá 27. des. 1866 20 kr. hverju barni; eptir því sem börnin eru fleiri, eptir því fást fleiri 20 kr., verður þingmaðurinn því að játa, að það er meiri styrkur en skólar úr öðrum hjeruðum landsins geta fengið. Hvað sjóðinn sjálfan snertir, þá er hann vel efnaður, hann er milli 80000 og 90000 kr., getur hann því komið að miklu liði, þótt skólarnir sjeu reyndar orðnir 5, sem eiga heimting til styrks af honum. Með lánið til kirkjubyggingarinnar er þingmanninum líka vorkun; hann vill, að kirkjan sje vegleg, en af því að hann hefur nú fengið talsvert lán, og látið vel yfir að eiga skipti við landshöfðingja, þá legg jeg það til, að hann haldi sjer enn til hans með meðmælum þingsins, mun landshöfðingi láta hann njóta allrar sanngirni.

Arnljótur Ólafsson: Jeg þarf eigi að mæla með breytingartillögu minni. Það hefur verið gjört af framsögumanni; jeg vil að eins skýra merking þá, er jeg lagði í hana. Þessi upphæð, 500 kr., ætlast jeg eiginlega til að komi alþýðuskóla þeim að gagni, er stofnaður er í Flensborg, en þó eigi svo, að umboðsstjórnin sje alveg bundin við að láta hann hafa alla upphæðina, heldur hitt, að aðrir alþýðuskólar, ef til eru eða verða á fjárhagstímabilinu, skyldu sitja í fyrirrúmi fyrir barnaskólunum, til að njóta góðs af fje þessu. Þennan tilgang breytingartillögu minnar byggði jeg á því, að barnaskólar hjer hafa svo mikinn styrk úr Thorchilliisjóðnum, en alþýðuskólar hafa engan styrk af honum. Þessar 500 kr. eiga því bæði að vera styrkur og hvöt fyrir menn, til að koma á fót alþýðuskólum. Jeg hafði að vísu sjerstaklega fyrir augum þann skóla, sem nefndur er alþýðuskóli, án þess að hugsa mjer að binda hendur umboðsstjórnarinnar.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls,

var umræðunni lokið, og voru síðan greidd atkvæði um þennan kafla á þessa leið: (I 94—97; 188—191; 248; 251; 252)

1. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. A. a. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 4.
2. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. a. þar með fallin.
3. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. b. 1. felldur með 14 atkvæðum gegn 4.
4. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. A. b. 1. samþykktur með 17 atkvæðum.
5. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. b. 2. samþykktur með 18 atkvæðum.
6. Breytingaratkvæði Þórarins Böðvarssonar (I 252) við stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. b. 3. fellt með 14 atkvæðum gegn 7.
7. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. b. 3. samþykktur með 14 atkvæðum.
8. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. b. 4. samþykktur með 18 atkvæðum.
9. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. b. 5. samþykktur með 12 atkvæðum.
10. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. A. b. 6. samþykktur með 20 atkvæðum.
11. Samlagningin í 13. gr. A. með áorðnbreytingum samþykkt með 16 atkvæðum.
12. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. I. a. samþykktur með 13 atkvæðum.
13. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. a. þar með fallinn.
14. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. I. b. 1. samþykktur með 19 atkvæðum.
15. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. b. 1. þar með fallinn.
16. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. I. b. 2. samþykktur með 17 atkvæðum.
17. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. b. 2. þar með fallinn.
18. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. b. 3. samþykktur með 20 atkvæðum.
19. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. b. 4. samþykktur með 20 atkvæðum.
20. Nefndarfrumvafpsins 12. gr. B. I. b. 5. samþykktur með 20 atkvæðum.
21. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. b. 5. þar með fallinn.
22. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. b. 6. samþykktur með 18 atkvæðum.
23. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. I. b. 7. samþykktur með 17 atkvæðum.
24. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. I. b. 7. þar með fallinn.
25. Breytingaratkvæði Gríms Thomsens o. fl. (I 248, 3.) við stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. II. a. samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

«Já:»
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

«Nei:»
Benedikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

26. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. II. a. þar með fallinn.
27. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. II. b. 1. samþykktur með 20 atkvæðum.

28. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. II. b. 2. samþykktur í einu hljóði.
29. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. II. b. 2. þar með fallinn.
30. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. II. b. 3. samþykktur með 20 atkvæðum.
31. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. II. b. 4. samþykktur í einu hljóði.
32. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. II. b. 5. samþykktur með 19 atkvæðum.
33. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. II. b. 6. samþykktur með 18 atkvæðum.
34. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. a. samþykktur í einu hljóði.
35. Breytingaratkvæði H. Kr. Friðrikssonar (I 248, 4) við stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. b. fyrsti málsliður «handa söngkennaranum» samþykkt með 14 atkvæðum.
36. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. III. b., sami málsliður, og
37. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. b., sami málsliður
þar með fallnir.
38. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. b., annar málsliður «handa fimleikakennaranum» samþykktur með 17 atkv.
39. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. b., þriðji málsliður: «handa dyraverði» samþykktur með 20 atkvæðum.
40. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 1. samþykktur með 20 atkvæðum.
41. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. III. c. 2. samþykktur með 19 atkvæðum.
2. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 2. þar með fallinn.
43. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. III. c. 3. samþykktur með 19 atkvæðum.
44. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 3. þar með fallinn.
45. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 4. samþykktur í einu hljóði.
46. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. III. c. 5. samþykktur með 15 atkvæðum.
47. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 5. þar með fallinn.
4S. Nefndin: «Veitingin fari að öðrum ástæðum jöfnum eptir fjarlægð sveinsins frá aðsetri skólans» samþykkt í einu hljóði.
49. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 6. samþykktur með 17 atkvæðum.
50. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. B. III. c. 7. samþykktur með 20 atkvæðum.
51. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 7. þar með fallinn.
52. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 8. samþykktur með 15 atkvæðum.
53. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. B. III. c. 9. felldur með 16 atkvæðum.
54. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. IV. samþykkt með 15 atkvæðum.
55. Samlagningin í 13. gr. B. með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkv.
56. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 1. samþykktur í einu hljóði.
57. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 2. samþykktur með 20 atkvæðum.
58. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 2. þar með fallinn.
59. Breytingaratkvæði Eggerts Gunnarssonar o. fl. (I 251) við stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 3. samþykkt með 14 atkv.
60. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 3. og
61. Stjórnarfrumvarpsins 12. gr. C. 3.
þar með fallnir.
62. Breytingaratkvæði Eggerts Gunnarssonar o. fl. (I 251) við stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 4. samþykkt með 14 atkvæðum.
63. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 4. og
64. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 4.
þar með fallnir.
65. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 5. samþykktur með 19 atkvæðum.
66. Viðaukaatkvæði Páls Pálssonar bónda (I 248,2) við þennan lið samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.

67. Athugasemd nefndarinnar aptan við nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 3—5: «Með því skilyrði að hlutaðeigandi amtsráð, sýslunefndir og bæjarstjórnir veiti fyrir sitt leyti að minnsta kosti 200 kr. á ári» samþykkt í einu hljóði.
68. Breytingaratkvæði Arnljóts Ólafssonar (I 248) við stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 6. samþykkt með 20 atkvæðum.
69. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 6. og
70. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 6. þar með fallnir.
71. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 7. samþykktur með 15 atkvæðum.
72. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 8. samþykktur í einu hljóði.
73. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. C. 5. þar með fallinn.
74. Nefndarfrumvarpsins 12. gr. C. 9. samþykktur með 19 atkvæðum.
75. Samlagningin í 13. gr. C. með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.
76. Nefndarfrumvarpsins 13. gr. samþykkt með 18 atkvæðum.
77. Stjórnarfrumvarpsins 14. gr. þar með fallin.
Breytingaratkvæði Páls prests Pálssonar (I 248,5) við stjórnarfrumvarpsins 15. gr., er hann hafði óskað þannig sundurliðað í 4 liði:
78. «Styrkur til skáldsins Mattíasar Jokkumssonar 400 kr. á ári» felldur með 12 atkvæðum gegn 4.
79. «Styrkur til skáldsins Steingríms Thorsteinsonar 400 kr. á ári» felldur með 11 atkvæðum gegn 4.
80. «Styrkur til Páls gullsmiðs Þorkelssonar til að ferðast til útlanda að læra að slípa gimsteina 2000 kr.» felldur með 16 atkvæðum gegn 2.
81. Fyrir «4000 kr.» komi «8000 kr.» fellt með 12 atkvæðum gegn 5.
82. Stjórnarfrumvarpsins 15. gr. felld með 14 atkvæðum gegn 4.
83. Nefndarfrumvarpsins 14. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.
84. Nefndarfrumvarpsins 15. gr. samþykkt með 20 atkvæðum.
85. Stjórnarfrumvarpsins 16. gr. felld í einu hljóði.
86. Nefndarfrumvarpsins 16. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.
87. Stjórnarfrumvarpsins 17. gr. þar með fallin.
88. Nefndarfrumvarpsins 17. gr. með áorðnum og óorðnum breytingum eptir úrslitum ýmissa mála á þessu þingi, samþykkt með 20 atkvæðum.
89. Viðauki nefndarinnar við 17. gr. í frumvarpi hennar fyrri málsgrein, samþykkt með 20 atkvæðum.
90. Viðaukauppástunga Benedikts Sveinssonar (I 248,6) við þessa málsgrein samþykkt með 17 atkvæðum.
91. Viðaukauppástunga Þórarins Böðvarssonar (I 248,7) við sömu málsgrein samþykkt með 15 atkvæðum.
92. Síðari málsgrein í viðauka nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
93. Að málið gangi til 3. umræðu samþykkt í einu hljóði. (Sjá I 281—287).

Þriðja umræða í neðri deild á 34. og 35. fundi, 8. og 9. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 281—287.

Breytingartillögur: I 257. 296—298. 299.

Páll Pálsson prestur: Jeg skal geta þess, að eptir bendingu forseta er breytingaratkvæði mitt eigi svo formlegt, að jeg geti haldið því fram, og tek jeg það því aptur.

Framsögumaður: Jeg skal stuttlega fara yfir breytingartillögur þær, sem komið hafa við frumvarpið síðan við 2. umræðu. Í fyrsta

lagi er breytingartillaga frá (A—Þ) við 2. gr. tölul. 13., að í staðinn fyrir 11,000 kr. tekjur af póstferðum komi 10,000 kr. hvort árið; þetta er reyndar meira sett niður en í frumvarpi stjórnarinnar, en af því að tilsvarandi breyting er gjörð útgjaldamegin, þar sem færð er niður upphæðin til þjónustufrímerkja, þá er jeg ekki á móti þessari breytingu. Næst hjer á eptir er breytingartillaga frá nefndinni, að vextirnir af viðlagasjóðnum færist niður um 4000 kr.; er það eðlileg afleiðing af því, ef þingi og stjórn þóknast að byggja alþingishús, því að þá rýrna leigurnar um 4000 kr. Sömuleiðis hefur nefndin leyft sjer þá breyting, að flytja vexti af styrktarsjóðnum út fyrir strykið, með því að þetta er heimilað af stjórninni og ekkert sýnist því til fyrirstöðu, að vextirnir sjeu teknir inn í reikninginn, þar sem þeim er varið í landsins þarfir. Þá er breytingartillaga frá landshöfðingja við 6. gr., þar sem hann bætir við hinum optræddu 2000 kr. fyrir seinna árið. Mjer er hálfleitt að þurfa að segja landshöfðingjanum, að þessi breytingartillaga hans er óformleg. Eptir 25. gr. stjórnarskrárinnar á ekki annað fje að koma hjer til frádráttar en það, sem konungur og konungur einn ákveður. Annað mál væri það, að taka þessar 2000 kr. inn í 8. gr., þar mætti veita þær með fjárveitingarvaldi þingsins, en á þennan hátt verða þær eigi veittar, nema þingið hafi konungsúrskurð fyrir veitingunni. Enn fremur hefur nefndin breytt athugasemdinni við 3. gr. A. 1. eptir ósk landshöfðingja; mæltist hann til, að það væri þannig orðað, að ritaraembættið yrði eigi skipað föstum embættismanni, ef það losnaði; sá nefndin ekkert því til fyrirstöðu. Þar á móti hefur hnappur af þingmönnum, sem kallar sig (A—Þ) komið með þá athugasemd, að ef amtmannaembættin losnuðu, þá yrðu þau eigi skipuð föstum embættismönnum; þessari athugasemd er nefndin og jeg fast á móti, ekki af því, að jeg sje á móti því, að þessi embætti verði af numin, heldur af því að þetta er tilraun til að skerða með fjárlögum vald konungs eptir stjórnarskránni til að skipa embætti. Jeg skal með ánægju vera með (A—Þ) í því, að biðja stjórnina að skipa embætti þessi eigi, er þau losna, annað hvort með lagafrumvarpi sjerstöku eða þingsályktun, en með fjárlögum álít jeg eigi komandi með þessa athugasemd, sjer í lagi af þeirri ástæðu, að stjórnin hefur sagt, að hún vilji eigi aðhyllast þingsályktun þá, er þingið sendi henni 1877, um að af nema þessi embætti. Jeg álít því mjög varhugavert að taka þessa ákvörðun nú inn í fjárlögin, sem stjórnin hefur lagt á móti, jeg er eigi viss um, að stjórnin láti bjóða sjer þá pressu, og jeg vildi sízt að það yrði til þess, að stjórnin hafnaði fjárlögunum, og setti oss bráðabirgðarfjárlög. Þessi aðferð er heldur eigi nauðsynleg, sama má gjöra með þingsályktun, og jeg skil ekki, að stjórnin hafni henni aptur, ef hún er í hógværu formi. Þá er breyting nefndarinnar við 9. gr. B. 1., að setja niður laun dómgæzlu- og lögreglustjórnarinnar; þessi breyting er sprottin af því, að nefndin er í vafa um það, hvort sýslumanninum í Húnavatnsýslu beri launaviðbót sú, er hann hefur, og sem reiknuð er eptir 5 ára reikningi af tekjum Húnavatnssýslu, er hann var eigi sýslumaður í nema fáar vikur, áður en launalögin komu. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu benti ljóslega á það við 2. umræðu, að í 7. gr. launalaganna væri eigi talað um tekjur þær, sem embættið hefði haft, heldur um þær tekjur, sem embættismaðurinn hefði haft í 5 ár á undan. Þá er breytingartillaga landshöfðingja og (A—Þ), að upphæðin til að gefa út stjórnartíðindi sje færð úr 1150 kr. upp í 1450 kr. Í meginreglunni er þessu ekkert til fyrirstöðu frá hálfu nefndarinnar, en hún vill, að sjer sje leyft að setja það á

öðrum stað, sem sje í 12. gr. C. 8., því að nefndin hefur stungið upp á því, að í fje því, er veitt er bókmenntafjelaginu, væri fólginn styrkur til að gefa út landshagsskýrslur, af því að því verður ekki neitað, að sumar af skýrslum þessum eru mikið vel samdar, og þær eru fróðlegar fyrir almenning, en þurfa skýringa, t. d. hvers vegna þessi eða hin gjöld eru svo og svo mikil þetta árið og svo og svo mikil hitt. Þess háttur skýringar eru nauðsynlegar, svo að alþýða viti ástæðurnar fyrir breytingu á tekjum og útgjöldum. Næst þessu er breytingartillaga frá (A—Þ) við 9. gr. C. 2., að í staðinn fyrir 2000 kr. til þjónustufrímerkja komi 1000 kr. hvort árið; þessi niðurfærsla samsvarar þeirri á tekjum af póstferðum frá sömu mönnum; er hún sanngjörn, og sjer því nefndin ekkert á móti henni. Þá er breytingartillaga landshöfðingja við 9. gr. C. 7., að upphæðin til vitans á Reykjanesi færist upp um 200 kr. hvort árið. Það er hvorttveggja, að nefndin álítur, að steinolían sje hátt reiknuð hjá stjórninni, og hún ætlar, að kostnaðurinn til eptirlitsferða til vitans eigi að felast í fje til embættisferða; getur hún því ekki mælt með þessari breytingartillögu. Þá kemur breytingartillaga við 9. gr. C. 9. frá öðrum hnappi, sem er sannkallaður hnappur, því hann byrjar á H og endar á P, um að þóknun til landritarans út af fjárkláðanum sje færð úr 1000 kr. niður í 500 kr. Þessi uppástunga um þóknun handa ritaranum hefur svo opt verið rædd hjer, að eigi sýnist þörf á því frekara; en nú vil jeg ekki segja það, sem mjer er næst skapi, svo að jeg verði eigi kallaður til orðu, af því ætla jeg að tala varlega, en af því að jeg tala varlega, þá bið jeg menn að gæta þess, að mjer er full alvara, þegar jeg segi, að þessi uppástunga sje eigi sanngjörn. Þessi maður gjörði skyldu sína eptir því, sem hann hafði vit og krapta til, gjörði hóflega reikninga, svo að hann mun heldur hafa beðið halla, lagði mjög mikið erfiði á sig, þar sem hann var á ferðum á vetrardag í verstu veðrum, þegar víst flestir aðrir embættismenn hefðu kynokað sjer við, að fara út fyrir húsdyr. Það er því svo langt frá, að mjer þyki 1000 kr. of mikið fje til handa honum, að mig iðrar þess, að hafa verið með því, að setja það niður í 1000 kr. Þá er breytingartillaga frá (A—Þ) við 11. gr. 2., að í staðinn fyrir 9000 kr. til póstflutninga hvort árið komi 9700 kr. Uppástungumenn hafa líklega eigi gætt þess, að nefndinni gekk það til að hafa þessa upphæð ekki hærri, að hún áleit, að koma mætti póstferðunum baganlegar fyrir til sparnaðar fyrir landssjóðinn, með því að skipta ferðunum þannig, að einn póstur færi hjeðan að Hjarðarholti, svo tæki annar við, er færi norður á Akureyri o. s. frv. Nefndinni er þetta ekki kappsmál, en þó skal jeg geta þess, að þeir menn, sem eru ákafir með að færa niður um 1000 kr. tekjur af póstferðum, ættu að minni ætlun að vera eins ákafir að færa ekki upp útgjöldin, sízt þar, sem það er eigi á góðum rökum byggt. Það er almenn sparnaðarregla í öðrum löndum, að vera spar á fje til þeirra stofnana, sem ekki eru farnar að borga sig. Næst þessu er breytingartillaga frá landshöfðingja við 12. gr. A. a., að í staðinn fyrir 8032 kr. hvort árið komi 8332 kr. seinna árið. Jeg tók það fram við 2. umræðu, að nefndin muni fús á að greiða atkvæði með þessari hækkun, en hún vildi með þessu sýna, hvað væri lagarjettur, að embættismaður þessi fengi, en væri fús á að gefa atkvæði með uppbótinni, því fremur sem þessi embættismaður er gamall og góðfrægur, og þetta er hið síðasta tillag, sem hann fær. Þá er breytingartillaga frá P—G við 12. gr. A. b. 1., að í staðinn fyrir 4000 kr. komi 7000 kr. Þessa tillögu álít jeg eigi alveg formlega, og því síður sem frum-

varpið um skipun prestakalla mun ná fram að ganga, sem tiltekur þá upphæð, sem borgast skuli úr landssjóði fátækum brauðum, en eigi má veita þetta fje á tveimur stöðum. Ef prestamálið nær fram að ganga, þá má þessi breyting ekki koma hjer, því að þá kemur hún fram í 17. gr., hjer er hún, sem sagt, óformleg. Um breytingartillögu landshöfðingja við 12. gr. B. 1. er sama að segja og um tillögu hans við 12. gr. A. a.; hjer er eins ástatt og af sömu ástæðum, og því ekkert á móti þessari breytingartillögu hans.

Þá kemur enn breytingaratkvæði frá P—G við 12. gr. B. I. b. 2., að í staðinn fyrir 1 ölmusu, 200 kr., komi 3 ölmusur, 600 kr. Þessum þingmönnum er víst kunnugt, að prestaskólinn hefur 4 ölmusur, og er það þá meiningin, að hann hafi 6? Þess er líka að gæta, að hann hefur 12 húsaleigustyrki, sem aldrei hafa verið notaðir allir, svo að jeg álít óþarfa, að hið opinbera sje að bjóða fram meira fje en notað er og sem eigi er þörf á. Jeg veit annars ekki dæmi til, að í nokkru landi sje mulið fje undir nokkra menn, eins og hjer undir hina ungu námsmenn, og mjer eru líka minnisstæð orð 1. þingmanns Eyfirðinga um það, hvað væri gjört hjer fyrir þá, og hvað fyrir menntun alþýðu. Vjer verðum líka að hugleiða, hvað eptirmenn vorir muni segja, ef vjer ausum þannig út fje á báðar hendur. Athugasemd nefndarinnar við 12. gr. B. II. er sprottin af því, að ef frumvarpið um að leggja niður landlæknisembættið kemst á, þá eru 600 kr. ætlaðar kennaranum við læknaskólann fyrir að kenna yfirsetukonum, en nú getur verið, að hann taki að sjer þessa kennslu þegar í vetur, og því er nauðsynlegt að bæta þessari athugasemd við. Þá er breytingartillaga frá A—Þ við 12. gr. B. III. b., að laun söngkennarans færist úr 600 kr. niður í 500 kr. og fimleikakennarans úr 700 kr. niður í 500 kr. Jeg játa, að þessar upphæðir, er uppástungumenn stinga upp á, eru kannske nógar handa þessum mönnum; en þess er að gæta, að umboðsstjórnin hefur samið við þá um þessi laun, álít jeg því ekki við eiga fyrir þingið, að vera að þrátta um þetta lítilræði, og enda eigi rjett að neyða umboðsstjórnina til að bregða loforð sín við þessa menn. Þessu næst er breytingartillaga frá sömu mönnum við 12. gr. B. III. c. 5., að fyrir 10,000 kr. til ölmusa komi 9000 kr., þessa breyting álít jeg rjetta, því að þessi upphækkun bæði árin samsvarar ferðakostnaðinum, og álít jeg rjettara að láta lenda við þessa upphæð. Þá kemur þessi frjóvsami hnappur P—B með 1. þingmann Skaptfellinga í broddi fylkingar, með breytingartillögu við 12. gr. B. IV., að fyrir 1000 kr. handa kennara í sönglist og organslætti komi 600 kr., og þar á ofan athugasemd við sama tölul. frá öðrum hnappi með sama manni í fylkingarbrjósti, að þessi maður veiti ókeypis tilsögn í sönglist og organslætti. Þeir vilja bæta á hann lagaskyldu, en taka jafnframt af honum laun; það er auðsjeð, að 1. þingmaður Skaptfellinga skoðar þennan mann ekki sem nýjan gimstein; en jeg verð að mæla með því, að þessi maður haldi þessari ákveðnu upphæð, því að þar sem hann nú hefur 260 kr., þá sýnist ekki of mikið, þó bætt sje við 740 kr., ef hann á að veita ókeypis tilsögn.

Við 12. gr. C. 3.—6. tölul. hefur nefndin gjört þá breyting, að framan við hverja upphæð til kvennaskólanna sje bætt við orðunum «allt að», og að fyrir 200 kr. á ári komi: «helming fjár móts við þá upphæð, sem veitt er úr landssjóði». Þetta gjörði nefndin til þess, að ef svo færi, að hlutaðeigandi sveitarsjóðir vildu eigi greiða nema t. a. m. 200 kr., þá skyldi landssjóðurinn eigi greiða nema 400 kr., ef sveitarsjóðurinn ljeti 300 kr., þá byði landssjóðurinn 600 kr., og ef sveitarsjóðurinn greiddi 400 kr., þá

ljeti landssjóðurinn 800 kr. Við 2. umræðu voru deildar meiningar um upphæðir þær, er veita skyldi skólum þessum, þá varð það ofan á, að skólinn í Reykjavík og á Laugalandi fengju 1000 kr., en nokkrir halda því fram, að nóg sje 800 kr., og eptir reikningum skólanna sýnist mega sætta sig við það; reyndar voru útgjöld Reykjavíkurskólans nokkuð hærri næst liðinn vetur, en skólum þessum sýnist þó borgið, ef þeir fá 400 kr. úr sveitarsjóði og 800 kr. úr landssjóði; og jeg vona, að þingmenn slaki heldur til í fjárbænum sínum til kvennaskóla, því að það mun líka leiða dilk eptir sjer, að byrja allt of geyst með fjárveitingar handa þeim, því einn skólinn rís þá upp á fætur öðrum til að biðja um styrk úr landssjóði.

Jeg get sýnt það svart á hvítu, að í fyrstu var svo til ætlazt, að skólinn á Laugalandi skyldi vera amtsskóli, en það leið ekki á löngu, áður en skóli var kominn í Skagafirði, og er enn þá von á 3. skólanum í Húnavatnssýslu, og nú biðja þessir skólar allir um fje, og geta komið fleiri með tímanum; jeg álít því varhugavert að veita hverjum þessum skóla stórfje þegar í byrjun. Jeg sje, að 1. þingmaður Skagfirðinga ásamt nokkrum öðrum þingmönnum hefur stungið upp á því, að hækkað yrði tillagið til kvennaskólans í Skagafirði upp í 700 kr. Það má segja um þá góðu herra, að þeir fara lengra en þeir, sem ættu að þekkja þörf sína. Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefur sjálf ekki beðið nema um 400 kr. Bænarskráin sýnir sig. Þegar jeg sá, hve vel var gengið frá öllum skýrslum skólans, þá lagði jeg til, að hann fengi þennan umbeðna styrk, en það álít jeg ekki rjettar reglur, að löggefandi alþingi veiti meira en um er beðið. Þegar litið er á reikninga þessa skóla, þá nemur upphæð þeirra alls 559 kr. Ætlar þá þingmaðurinn að leggja upp fje af landssjóði? Þessar og slíkar fjárbænir eru hvorki sanngjarnar nje góðar afspurnar. Sýslunefndin biður víst um það, sem hún þykist þurfa, og það eigum vjer að veita, ef það er sanngjarnt, en alls ekki meira. Auk þess er það, að skóli þessi á töluvert fje fyrirliggjandi, og jeg verð því að ítreka, að það væri kynlegt, ef honum væri veitt meira fje, en sýslunefndin biður um, því að það er þó líklega ekki meiningin, að hann leggi fje upp. Nefndin hefur bætt þeirri athugasemd við 12. gr. C. 7., að skilyrðið fyrir fjárveitingu úr landssjóði til barnaskóla og alþýðuskóla skyldi vera, að þeir ættu skólahús fullri eign, og að hlutaðeigandi sveitarstjórnir og bæjarstjórnir greiði helming móts við tillagið úr landssjóði; líkt skilyrði er í fjárlögum Dana. Gjörði nefndin þetta til að reyna áhuga manna í hjeruðum á þessum stofnunum, sem allar vilja hafa fje til úr landssjóði; þá sýnir það sig, hve áhuginn er mikill eða hvort hann er einungis í því fólginn, að rjetta lófana í landssjóðinn. Þá eru breytingartillögur við 12. gr. C. 8. önnur, að styrkurinn til bókmenntafjelagsins færist úr 2000 kr. niður í 1000 kr., og önnur, að hann færist niður í 600 kr., og í báðum á 1. þingmaður Skagfirðinga sinn þátt. Þessum þingmönnum er líklega ekki kunnugt ástand fjelagsins, það vita þeir þó, að það hefur hingað til fengið 1000 kr. af fjenu til vísindalegra fyrirtækja.

Á fundi deildarinnar í Reykjavík var eigi alls fyrir löngu ákveðið, að deildin tæki að sjer, að gefa út nokkur skonar «Safn til sögu Íslands», eða sýslumanna og lögmanna æfir, auk þess ákvað hún, að gefa út tímarit líkt Lærdómslistafjelagsritunum; á það rit að koma út í lausum heptum frá 4—5 arkir, er svo til ætlazt, að teknar verði í það ritgjörðir bæði vísindalegs og verklegs efnis. Það er auðvitað, að gjalda þarf höfundum ritgjörðanna ritlaun, annars vinna þeir fyrir gýg, svo er prentunarkostnaður, og ef ritið verður svo sem 40 arkir, og 30 kr. í ritlaun fyrir hverja örk, þá verður sá kostnaður

einsamall 1200 kr. þar við bætist pappír, prentunar og póstflutningskostnaður við það, að senda ritið út um landið, svo að þetta rit eitt kostar fjelagið meira en 2000 kr. þar á ofan bætist kostnaður við Safnið til sögu landsins. Jeg ímynda mjer því, að enginn þingmaður, sem vit hefur á, kalli þetta tillag of hátt. Eptir ósk landshöfðingja fjellst nefndin á að setja skyndilán til embættismanna í sjerstaka grein. Sömuleiðis hefur nefndin bætt inn í 13. gr. 200 kr. til ekkjufrúr Elínar Thorsteinsen, sem hún áleit að ekki ætti að taka af henni, en sem henni voru veittar að eins fyrir eitt fjárhagstímabil, og því nauðsynlegt að endurnýja. Sama er að segja um eptirlaun til C. P. Steenbergs; þá kemur hið mikla ágreiningsefni, gjöldin til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem má skoðast að sjeu 6000 kr. með styrknum til bókmenntafjelagsins, og þar næst eru hin óvissu útgjöld, sem nefndin hefur sett 6000 kr., en sem landshöfðingi stingur upp á að hækkuð sjeu upp í 8000 kr. Jeg leiddi athygli manna að því við 2. umræðu, að betra væri, að veita fje til ákveðinna en óákveðinna útgjalda, og jeg skal ekki að sinni fara út í það, hvernig umboðsstjórnin hafi varið þessu fje undanfarin ár, en jeg álít rjett, að ætla eigi of mikið til óákveðinna útgjalda. En þegar þingmenn koma í tveimur hópum og landshöfðingi þar að auki, með breytingartillögur um að hækka fje þetta, þá furðar mig ekki nema á einum þeirra, að hann kemur með óformlega breytingartillögu, um hina furðar mig eigi, sem búa í þessari breytingaratkvæðaverksmiðju, þó þeir komi með slíkar tillögur og ætli að setja ráðgjafanum, sem hefur alla ábyrgðina af því fje, sem veitt er, reglur og segja honum: þó þú hafir ábyrgðina af brúkun fjárins, máttu þó ekki brúka það sjálfur. Samkvæmt konungsúrskurði 20. febrúar 1875 «getur ráðgjafinn fyrir Ísland, fengið landshöfðingja í hendur allt að helmingi af fjenu til óvissra útgjalda», en þó ætla þessir þingmenn að fyrirskrifa ráðgjafanum, hvað hann megi láta af hendi; — jeg held hann þakki fyrir. Mjer detta hjer ósjálfrátt í hug þessi orð úr Grágás: «Sá maður er eigi þingfær, er eigi sjer leið sína». Það er eðlilegt að landshöfðingi vilji hækka þessa upphæð, en eins eðlilegt er að veita honum það ekki, heldur veita sem lægsta upphæð til þessara óvissu útgjalda. Um breytingartillögur nefndarinnar, sem eptir eru, er lítið að segja, þær eru flestar í sambandi við lagafrumvörp þau, sem eru útkljáð eða á leiðinni, og sem t. d. þau um brýrnar yfir Þjórá og Ölfusá, og Skjálfandafljót verða að tiltaka upphæðirnar, sem veita á eða lána á, ef þau eiga að geta náð fram að ganga. Nefndin hefur því dregið upphæðirnar út á þessum stað, í því trausti, að flutningsmenn frumvarpanna sjái svo fyrir, að upphæðirnar verði tilteknar í frumvörpunum sjálfum, því annars mun þingið sjá um, annaðhvort að bæta þessu inn í, eða fella frumvörpin.

Landshöfðingi: Jeg hef við 2. umræðu þessa frumvarps leitt rök að breytingartillögum þeim, er jeg hef leyft mjer við þessa umræðu að bera undir atkvæðagreiðslu deildarinnar, og jeg skal þess vegna skírskota til þess, sem jeg í því tilliti er búinn að taka fram, og einungis bæta fáum athugasemdum við það. Deildin hefur við 6. grein samþykkt breyting nefndarinnar að taka inn á þessa grein (8. grein stjórnarfrumvarpsins) útgjöld þau til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, er samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar greiða skal fyrir fram af tillaginu úr ríkissjóðnum, en hún hefur ekki til tekið þessi útgjöld samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem hún í 6. gr. einungis hefur tekið inn útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar, eins og þau eru ákveðin með konungsúrskurði 29.

júní 1872, en sleppt útgjöldunum til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þó að 25. gr. stjórnarskrárinnar berum orðum ákveði, að þessi útgjöld einnig skuli greiða fyrir fram af tillagi ríkissjóðsins. En þar sem fjárlögin eiga að áætla öll útgjöld og allar tekjur landssjóðsins á fjárhagstímabilinu, þá má ekki sleppa einum gjaldlið, er beinlínis er ákveðinn í stjórnarskránni, þó að upphæð hans ekki sje öðruvísi ákveðin, en að þessi útgjöld skuli greiða eins og þau verða ákveðin af konunginum. Framsögumaður gat þess, að breytingartillaga mín væri óformleg, en sú mótbára held jeg sje ekki á góðum rökum byggð, því að það segir ekki í 25. gr., að borga skuli þessi útgjöld, eins og þau hafa verið ákveðin, heldur eins og þau verða ákveðin af konunginum. Jeg vil biðja þingmenn sjálfa að lesa 25. gr. stjórnarskrárinnar, þeir munu þá vissulega sjálfir geta skilið hana, þar sem hún er mjög ljós og glögg. Þingmenn geta heldur ekki verið í vafa um það, með hvaða upphæð þessi gjöld ber að áætla í fjárlögunum; hin undangangandi fjárlög bæði fyrir 1876—77 og fyrir 1878—79 innihalda nægilega leiðbeining í því tilliti; stjórnin hefur í þessum lögum stungið upp á, þingið hefur samþykkt og konungurinn hefur staðfest, að þessi útgjöld skuli veitt með 2000 kr., og breytingaruppástunga mín til tekur sömu upphæðina.

Samkvæmt bendingum framsögumanns við 2. umræðu hef jeg við 9. gr. C. tölulið 1. stungið upp á, að hækka upphæð þá, er áætluð er til þess, að gefa út stjórnartíðindi með 300 kr. hvort árið, sem sje til að semja landshagsskýrslurnar, er að vísu hingað til hafa verið ófullkomnar, en, sem betra er, að mínu áliti, að reyna til að laga, sjer í lagi hvað frumskýrslurnar úr hjeruðunum snertir, heldur en alveg að sleppa þeim. Einnig hef jeg eptir bendingum framsögumanns við tölulið 7 stungið upp á 200 kr. árlegri viðbót, til þess að við hafa nauðsynlegt eptirlit með embættisfærslu vitavarðarins á Reykjanesi. Jeg vona þess vegna, að þessar breytingaruppástungur verði samþykktar af deildinni.

Hvað við víkur breytingaruppástungu 6 þingmanna undir 6. tölulið, að breyta athugasemdinni við 9. gr. A. 1., þannig, að hún einnig snerti amtmannaembættin, ætla jeg að mæla á móti þessari breytingu og skal í því tilliti skírskota til brjefs ráðgjafans frá 10. desbr. f. á. (stjórnartíðindi 1879 B, 47.), þar sem ýtarlega er leitt rök að því, að þvílík breyting á umboðsstjórn landsins bæði sje í sjálfu sjer miður hagfelld, og muni jafnframt hafa í för með sjer svo mörg vandkvæði og annmarka í framkvæmdinni, að henni yrði ekki komið á, án þess að áríðandi málefni yrðu með því út undan. Aptur á móti hef jeg ekki neitt á móti breytingu nefndarinnar við sama tölulið.

Við 9. gr. B, stingur nefndin undir 7. tölul. upp á að breyta upphæð launa frá 71516 kr. 12 a. í 70372 kr. 4 a. með því að draga frá launum sýslumannsins í Húnavatnssýslu tillag það, er hann samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 hefur fyrir sjálfan sig. Jeg skal í þessu tilliti geta þess, að þegar þetta embætti var auglýst laust, var áskilið, að embættismaður sá, er yrði skipaður í þetta embætti, yrði að sætta sig við breytingar þær með tilliti til embættislaunanna, er kynnu að leiða af því, að embættislaunin yrðu fastákveðin. Að vísu ónýtti þingið þessa athugasemd með því að byggja 7. gr. á því, að allir sýslumenn sjeu skyldir til að sætta sig við breytingar þær, með tilliti til embættislaunanna, er leiddu af því, að launin yrðu fast ákveðin; og aðgangur hins nú verandi sýslumanns í Húnavatnssýslu til þess að halda persónulegu tillagi því, sem hjer ræðir um, er þannig byggður á orðum 7. gr. laganna 14. desbr. 1877, en

ekki á veitingarhrjefi hans, eða á því skilyrði sem sett var, þegar embættinu var slegið upp. Jeg fæ nú fyrir mitt leyti ekki skilið orð 7. gr. þessara laga öðruvísi, en að sýslumaður sá, sem í einhverju embætti var, þegar lögin öðluðust gildi, skuli halda sem persónulegu tillagi upphæð þeirri, er að meðaltali um 5 ára bilið 1871—75 höfðu verið embættistekjur þessa embættis, án tillits til hvaða tekjur embættismaðurinn sjálfur hafði haft í öðru embætti eða í annari stöðu. Þetta mun einnig vera ljóst, þegar maður ber saman 7. gr. þessara laga við 7. grein launalaganna 15. oktbr. 1875, sem hún skírskotar til. En hvað öðru líður, þetta spursmál er dómsmál, og ef deildin óskar það borið undir dómstólana, skal jeg ekki hafa annað á móti því, en að mjer virðist ekki næg ástæða til, í þess konar málum að baka landssjóðnum ónauðsynlegan málskostnað. Jeg skal leyfa mjer að mæla með uppástungu 6 þingmanna undir 12. tölul. við 11. gr. 2.

Með tilliti til breytingaruppástungu minnar við 12. gr. A a og B I a skal jeg skírskota til þess, sem jeg tók fram við 2. umræðu, að uppástunga stjórnarfrumvarpsins viðvíkjandi persónulegum viðbótum við laun biskups og forstöðumanns prestaskólans eru í fullri samhljóðun við 7. gr. launalaganna 15. okt. 1875, og að búast má við, ef þessum spursmálum verður vísað til landslaga og rjettar, að landssjóðurinn verði dæmdur til að borga bæði þessar viðbætur og þar að auki málskostnaðinn.

Samkvæmt áskorun nefndarinnar hef jeg við 13. gr. leitað nýrrar veitingar fyrir fjárhagstímabilið á eptirlaunum þeim, er alþingið í hitt eð fyrra veitti fyrrum leikfimiskennara Steenberg og í viðbót við eptirlaun frú Elínar Thorsteinsen, og jeg leyfi mjer að vona, að deildin aðhyllist þessa uppástungu.

Jeg tók það fram við 2. umræðu, að upphæð sú, sem áætluð er í 14. gr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, virtist mjer bæði ónóg eptir þörfum þeim, sem reynslan hefur sýnt að hjer sje til þessarar fjárveitingar, og ekki svarandi því, er að mínu áliti gegnir góðu hófi. Jeg hef þess vegna undir 32. tölul. borið upp þá breytingaruppástungu, að í staðinn fyrir 4000 kr. í 14. gr. komi 8000 kr., og skal jeg leyfa mjer að biðja þingmenn að greiða atkvæði með þessari uppástungu. Framsögumaður gat þess við 2. umræðu bæði með tilliti til þessarar greinar og til 15. gr. (óviss gjöld, sem upp á kunna að koma), að ekki ætti við að hans áliti, að bera saman fjárlög Íslands við fjárlög Dana, og er jeg honum samdóma um þetta, en jeg vona, að hann á hinn bóginn sje mjer samdóma um það, að vilji maður samt sem áður gjöra þennan samanburð, verði hann að vera á rökum byggður. Framsögumaður tók það fram, að í fjárlögum Dana sje ekki veitt umboðsstjórninni til óákveðinna umráða til vísindalegra fyrirtækja meira en 44,600 kr. árlega, að öðru leyti sje fje það, er áætlað er bæði til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, fast ákveðið í fjárlögunum. Jeg skal í þessu tilliti geta þess, að þetta er að svo miklu leyti rjett hermt, sem fjárlög Dana tiltaka langtum fleiri bæði verkleg og vísindaleg fyrirtæki, en fjárlög Íslands gjöra að rjettu hlutfalli, en að það er ekki rjett hermt, að þau ekki innihaldi aðra veiting til óákveðinna umráða handa umboðsstjórninni, en þessar 44,600 kr. Jeg skal leyfa mjer að benda að nokkrum fjárveitingum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja í fjárlögunum frá 24. maí þ. á., þó að jeg ekki ætli mjer að telja þær allar upp:

Innanríkisráðgjafanum er þannig veitt «til Industriens Fremme» eða til verklegra fyrirtækja 19. gr. . . . . 68,000 kr.
auk 2000 kr. til ferðastyrks o. fl.
Kirkju og kennslumálaráðgjafan-

um er — auk þeirra 44,600 kr. «til Videnskaber og kunster í Almindelighed», sem framsögumaður nefndi, líklega eptir fyrra árs fjárlögum, í fjárlögunum fyrir nú verandi ár eru þeim veitt með 49,300 kr. — veitt til vísindalegra fyrirtæka: «Theatret» «Extraordinære Understöttelser» . . 10,000 — «Universitetet» «til videnskabel. Formaals Fremme» . . . . 26,150 — «Kommunitetet» . . . . . 36,000 — «Sorö Akademi» til þjóðháskóla og annara stofnana eptir ákvörðun eða útbýtingu umboðsstjórnarinnar . . . . . 213,000 —

Jeg skal ekki nefna fleiri þess háttar veitingar, þó þær sjeu til í fjárlögunum, heldur einungis bæta því við, að þessar veitingar eru fyrir eitt ár, þar sem veitingin í 14. gr. frumvarps þessa, er hjer ræðir um, er fyrir 2 ár.

Á sama hátt er veitingunni til óvissra gjalda, er upp á kunna að koma, varið; það er rjett hermt, að í þessu tilliti eru fjárlög Dana langtum meira sundurliðuð en fjárlög Íslands, og í hverri «Underkonto» tiltekin einhver upphæð t. d. til ferðakostnaðar, sem ekki er tiltekin í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, einnig «extraordinære Udgifter» sem eru sama eðlis; en að þeim slepptum skal jeg tiltaka fáeinar veitingar til óvissra gjalda, er upp á kunna að koma samkvæmt fjárl. 24. maí þ. á.:

2. gr. Domænebestyrelse . . .	4000 kr.	
6. gr. Postvæsenet	8000 —	
19. gr. Indenrigsministeriet:		
Vandbyggningsvæsenet 3300 kr.		
uforudsete Bygningsarbeider . . . . 10000 —		
den grönlandske Handel 4000 —		
Færöerne . . . . 1000 —	18300 —	
20. gr. Kirke og Undervisningsministeriet:		
	kr. aur.	kr. aur.
Theatret	10000 »	
Kunstsamlingerne .	10186 50	
Kunstakademiet . .	3149 »	
Blindeinstitutet . .	550 »	23885 50
21. gr. Krigsministeriet .	39400 »	
Til Fæstnings og Bygningsvæsen . .	4536 »	15936 »
22. gr. Marineministeriet	27000 »	
	9400 »	36400 »

Jeg tek það upp aptur, vjer eigum ekki að bera saman fjárlög vor við fjárlög Dana, en gjörum vjer það, mun þessi samanburður mæla með breytingaruppástungum mínum við 14. og 15. gr. frumvarpsins, og jeg vona að deildin samþykki þær.

Jeg skal leyfa mjer að mæla á móti athugasemdum þeim, sem 6 þingmenn stinga upp á við 14. og 15. gr. undir 34. tölulið b, 35. og 37. tölulið, og sem miða til þess, að skipta umráðunum á þessu fje á milli ráðgjafans og landshöfðingjans. Þessi ákvörðun virðist mjer ekki eiga heima í fjárlögunum, heldur að vera komin undir umboðsstjórninni, og jeg skal þess vegna biðja uppástungumenn að taka þessar uppástungur aptur.

Framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að svara nokkrum orðum upp á athugasemdir landshöfðingja. Það er þá fyrst það, sem landshöfðingi sagði viðvíkjandi 6. gr. um frádráttinn, og var hann á því máli, að einnig ætti að draga frá þá upphæð til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sem samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, kynni að verða ákveðin af konungi. Það nægir í þessu tilliti að vísa til 25. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem sagt er, að konungur einn ákveði útgjöldin til æðstu innlendu stjórnar Íslands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi; þingið getur því ekki tiltekið þessa fjárveitingu, heldur verður landshöfðingi að snúa sjer til stjórnarinnar og biðja konung að ákveða upphæðina, því að þá getur þingið fyrst tekið hana upp á fjárlög-

in. 25. greinin gjörir ekki ráð fyrir öðrum útgjöldum, en þeim, sem konungur undanskilur frá fjárveitingarvaldi alþingis, og útgjöldin til fulltrúans eru þar á meðal. Því næst tók landshöfðingi fram ýms atriði, sem jeg skal ekki orðlengja um, — en hann lagði áherzlu á upphæðina til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og þótti hún vera of lág bæði í sjálfu sjer, og samanborin við tilsvarandi upphæð í fjárlögum Dana. Jeg skal fyrst og fremst taka mjer það til inntektar, að landshöfðingi játaði, að í fjárlögum Dana væri tilsvarandi upphæðir miklu meir sundurliðaðar. Jeg vil nú taka saman, hvað í þessu frumvarpi er veitt til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og til óvissra útgjalda:

í 14. gr.	4000 kr.
í 15. gr.	6000 —
til búnaðar	10000 —
til bókmenntafjelagsins	2000 —
þá eru alls komnar	22,000 kr.

til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og held jeg, að það sje ekki einungis sanngjarnt í samanburði við það, sem áður hefur verið veitt, heldur jafnvel ríflegt. Það er til einskis að skipta orðum við landshöfðingja út af fjárlögum Dana. Það er fyrst aðgætandi, að tekjur *ríkissjóðs* Dana eru 50 millíónir, og það annað, að þau útgjöld, sem landshöfðingi taldi til vísindalegra og verklegra fyrirtækja í Danmörku, voru ekki úr ríkissjóði, heldur úr ýmsum auðugum sjóðum, t. d. Sorö Akademi, Kommunitetinu o. s. frv. Það sem úr þessum sjóðum er veitt, getur ekki kallazt greitt úr ríkissjóði. En eins og jeg sagði um daginn, þá er tillagið til vísindalegra fyrirtækja þannig:

«Tilskud til Videnskaber og Kunster i Almindelighed»	44,600 kr.
«Til Vidensbelige Formaals Fremme»	26,150 —
«Midlertidige Reiseunderstöttelser som udredes af Sorö Akademi».	

Hvað sjónleikasviðið snertir, þá vita það allir, að það lifir af Sorö Akademie. Ríkissjóðurinn gefur engin gjöld til óvissra útgjalda, nema þau sjeu tiltekin til hinna sjerstöku ráðgjafa: hermálaráðgjafans, dómsmálaráðgjafans, kirkju-og kennsluráðgjafans o. s. frv., og er með því bent á, að ekki má brúka það fje, nema til fast tiltekinna útgjalda. Yfir höfuð verð jeg að segja, að þess konar samanburður á fjárlögum Dana og Íslendinga er ekki heppilegur. Jeg vona þingmenn hafi tekið eptir því, að landshöfðingi var mjer samdóma um, að athugasemdin við fjárveitinguna í 14. gr., sem stungið er upp á við 34. tölulið, á ekki við, því að hún er móti konungsúrskurði 20. febr. 1875. Jeg vona því, að uppástungumenn taki hana aptur, eins og landshöfðingi skoraði á þá að gjöra.

Landshöfðinginn: Jeg vil einungis geta þess, að jeg er framsögumanni samdóma um það, að fjárveitingarvaldið með tilliti til útgjalda þeirra, er um er rætt í 25. gr. stjórnarskrárinnar, er hjá konungi einum, en hjer er ekki að ræða um fjárveiting, heldur um áætlunarvald eða rjettara sagt áætlunarskyldu frá þingsins hlið. Af því að framsögumaður um daginn tók dæmi af fje, sem veitt er af eigum Sorö Akademies, þá vona jeg, að hann lofi mjer einnig að gjöra hið sama. Jeg skal ekki fara út í það, hvernig á þeim sjóð stendur, því að það á ekki við hjer, en jeg vil einungis geta þess, að fjárveitingarvaldið yfir honum er hjá ríkisþinginu. Framsögumaður tók sjer það til inntektar, að jeg játaði að fjárlög Dana eru langt um meira sundurliðuð en fjárlög Íslands, þannig að langt um fleiri fyrirtæki eru ákveðin í fjárlögunum með ákveðinni upphæð. Jeg skal ekki aptur fara að rekja einstakar upphæðir í fjárlögum Dana, en jeg veit, að framsögumanni er kunnugt, að auk allra þeirra upphæða, sem

veittar eru til tiltekinna fyrirtækja, eru til óákveðinna útgjalda veittar 3—400,000 kr., sem umboðsstjórninni er falið að útbýta.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er einn meðal þeirra, sem eru svo óheppnir að eiga nokkur breytingaratkvæði á skrá þessari. Jeg ætla samt að stilla til hófs orðum mínum sakir hinna mjúku orða hins heiðraða framsögumanns, enda eru mjer sum þessara breytingaratkvæða ekkert kappsmál. Það er þá fyrst við 2. gr. 13., að fyrir 11000 kr. tekjur af póstferðum, komi 10000 kr.; þetta er mjer ekkert kappsmál, en jeg býst ekki við meiri tekjum en 10000 kr. hvort árið. Í sambandi þar við vil jeg telja við 9. gr. C. 2., að fyrir 2000 kr. komi 1000 kr.; líklega verður meira umtal um breytingartillöguna við 9. gr. A. 1., þar sem amtmannaembættunum er hnýtt aptan í landshöfðingjaritarann, sem á að »dragast inn«. Jeg er vanur við að heyra, að það eður hitt dragi dilk á eptir sjer, og svo er hjer, að embætti landritarans dregur amtmannaembættin »inn« með sjer. Þó fer jeg eigi fram á neinn »inndrátt« eður afnám embætta, heldur einungis, að þau verði eigi »veitt föstum embættismönnum«. En á því er hinn mesti munur, að af nema eitt embætti, eins og nefndin hefur stungið upp á, ellegar að leggja til, að það verði eigi veitt jafnskjótt sem það losnar. Jeg veit, að menn vitna til ráðgjafabrjefsins frá 9. desember f. á. Mjer er þetta brjef fullkunnugt og hefi jeg lagað mig einmitt eptir því. Annars er að sjá á því brjefi, sem herra landshöfðingjanum hafi þá ekki virzt hin háu amtmannaembætti svo helgar stoðir, að þær mætti ekki hreyfa, en vera má, að honum hafi nú risið hugur við, er hann sá, að ritari hans skyldi fara sömu förina sem amtmennirnir. Nei, að af nema blátt áfram þessi embætti er ísjárvert, og jeg ræð ekki til þess — ódæðis. Annars stefnir röksemdaleiðsla ráðgjafans, eða rjettara skrifara haus, mest í þá átt, að rífa niður uppástungumann. Jeg skal eigi meina honum svo meinlausa stundargleði. Þegar til stykkisins kemur, er aðalástæðan í brjefinu sú, að amtmennirnir sjeu forsetar amtsráðanna og sjeu þess vegna ómissanlegir, og það annað, að þeir, eða annar þeirra sje annar liður stiptsyfirvaldanna, og mundi biskup, ef hans missti við, rekast í vandræði með sitt mikilfenglega embætti. Menn skilja því á hverju þetta breytingaratkvæði vort er byggt. Jeg vildi með engu móti takmarka vald konungs með tillögu minni. En það verð jeg að segja, að sá eða sú, sem mest og bezt hvatti mig í þessa stefnu, og veitti mjer hug og tilefni til að vona, að stjórnin taki þessa tillögu mína náðarsamlega til greina, er — þjóðblaðið hún »Ísafold«, sem leitt hefur svo ljós rök að því, að amtmannsembættin væru ekki svo afar nauðsynleg. Það sama blað vakti einnig kröptuglega athygli stjórnarinnar að málinu um hjerlenda kaupmenn. Ímynda jeg mjer því helzt, að þegar blaðið er búið að segja sitt síðasta orð í þessu máli um amtmannaembættin, þá muni stjórnin ekki þurfa fleiri röksemda við. Framsögumannsins aðalástæða er reyndar ekki nytsemi þessara embætta, heldur ótti fyrir því, að stjórnin samþykkti ekki fjárlögin. En þessi ótti er ástæðulaus að ætlun minni, því þegar stjórnin sjer þá miklu konunghollustu, sem framsögumaður sýnir með 6. greininni, mun þessi ávirðing meir en afplánast, því í 6. greininni er eigi einungis dregið frá árstillaginu laun landshöfðingjans, heldur líka dregið frá lestagjaldið af póstskipunum, og er þó enginn kongsúrskurður fyrir slíkum frádrætti, og heldur engin lög, nema stöðulögin, og hafa þau ekki ætíð þótt jafngilda konungsúrskurði. Í athugasemdum við fyrri fjárlaga frumvörp vor hef jeg lesið það um lestagjaldið, að þó þingið vilji ekki fara í mál að svo stöddu út af því, þá sje þó

full ástæða til þess. En hjer í 6. gr. er öllum ágreiningi lokið. Hjer er það dregið frá og látið gilda meir en 25. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er breyting mín við 11. gr. um kostnað póstflutninga, að fyrir 9000 komi 9700. Þessa uppfærslu álít jeg alveg nauðsynlega, þegar vetrarferðir norðan- og vestanpóstanna eru athugaðar, og vona jeg fastlega að deildin samþykki það. Þá kemur 9. gr. C. 1., 300 kr. til útgáfu stjórnartíðindanna; þó þessi tillaga mín gangi fram, skal það ekki trufla atkvæði mitt fyrir 2000 króna styrknum til bókmenntafjelagsins. Við 12. gr. um laun söngkennarans og leikfimniskennarans er þess að geta, að kennslutímarnir eru svo fáir, hjer um 2 eða 3 stundir á dag, svo þeir fá nærhæfis 3 kr. fyrir hverja kennslustund. Fyrir því ætla jeg 500 kr. nægilegar í samanburði við laun vor, er hjer sitjum. Hvað 12. grein snertir viðvíkjandi ölmusunum, þá hefur framsögumaður aðhyllzt þá breyting. Skilyrðið við fjárveitingar til kvennaskólanna álít jeg gott, því það járnar í móti of háum og frekum kröfum og heldur viðkomandi sveitum vakandi. Já, jeg inni til þess aptur með laun söng- og fimleikakennaranna. Einn þingmaður minnti á, að yfirvöldin hefðu samið við þá fyrirfram, en hvað gilda samningar um fram það fjárhagstímabil sem yfir stendur? Laun nefndra manna eru næsta nóg 500 krónur. Við 14. gr. að breyta 4000 kr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja í 6000 kr., og að ráðgjafinn fái af þeim 2000 kr. til útbýtingar. Framsögumaður meinar, að sú ákvörðun komi í bága við erindisbrjef landshöfðingja, þar eð hann megi ekki fá nema helming af því fje, sem ráðgjafinn þannig fær í hendur selt, til ráðstöfunar. Jeg skoða þetta sem þingið megi fá landshöfðingja það fje, sem því þóknast til ráðstöfunar, og þá einnig þann hluta af þessum 6000 kr., sem það ákveður, en þær 2000 kr. fær þingið beinlínis ráðgjanum, og því fje má hann aptur skipta landshöfðingjanum helmingi. Ráðgjafinn skiptir einungis þeirri upphæð, sem þingið fær honum til um ráða, en öðrum upphæðum ekki. Mætti ráðgjafinn ráða öllum upphæðum, færi jeg að verða hræddur um, að hann seildist í fleiri upphæðir, t. a. m. í fje það, sem ætlað er bókmenntafjelaginu, en því er ekki svo varið. Þegar fje er veitt ótiltekið «til vísindalegra og verklegra framfara», þá skiptir hann með sjer og landshöfðingja. Annað mál er það, að þessi skipting kynni að virðast ókurteys við ráðgjafann, sem sannlega er góðs maklegur af oss, og því mun jeg eigi halda henni fast fram. En fyrir því hækkaði jeg tillag þetta að jeg vildi stuðla til þess, að landshöfðinginn sjái um, að forstöðumaður prestaskólans og kennararnir láti prenta fyrirlestra þá, sem kenndir eru við skólann. Prentun þeirra virðist mjer alveg nauðsynleg, því úr því ættu lærisveinar að geta lesið að minnsta kosti jafnmikið á 2 vetrum, sem nú á 3 vetrum með þeirri aðferð sem nú er höfð. Ef prentaðar bækur eru hafðar, má kenna miklu fljótara betur og skemmtilegar. Það er næsta sorglegt, að þvílíkur fjársjóður, speki og vísdóms skuli vera hulinn fyrir almennings sjónum. Fyrir sakir þeirrar óumræðilegu upphyggingar, sem fyrirlestrar þessir munu hafa í för með sjer, er þeir sjá dagins ljós má óhætt — það þori jeg að segja — steypa saman þó nokkrum smábrauðunum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst framsögumaður hafa haldið svo vel svörum uppi fyrir nefndinni, að eigi þurfi neinu þar við að bæta, en samt sem áður ætla jeg að mæla fáein orð, og sný jeg mjer þá fyrst að breytingaratkvæði landshöfðingja, við 6. gr. frumvarpsins undir töl. 6 á atkvæðaskránni. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að áætla þetta fje, fyr en konungsúrskurðurer kominn fyrir því, að það skuli gjalda, og hve mikið skuli gjalda; það er sjálfsagt, að þingið hefur vald til þess að áætla þessa upphæð, en mjer virðist eigi rjett, að ætla fje til þess, sem aldrei hefur fyrirkomið og engin líkindi eru til að muni fyrir koma. Þess ber og gæta, að svo

lengi sem landshöfðinginn er, þá er það hans verk að mæla fyrir stjórnina hjer á þingi, og ef það kemur fyrir, að stjórnin þyrfti að skipa einhvern annan umboðsmann til þess að mæta fyrir sig á alþingi, og ef konungurinn þá úrskurðaði það fje, er þyrfti til þess að borga þessum umboðsmanni, þá get jeg eigi ímyndað mjer, að nokkur tálmi mundi verða á því frá þingsins hálfu, að þetta fje yrði veitt. Jeg get því eigi þrátt fyrir tölu landshöfðingjans sjeð ástæðu til að taka fjárupphæð þessa inn í fjárlögin. Það hefur yfir höfuð verið tekið skýrt fram hjer í deildinni, að hvort sem stjórnin eða aðrir biðji um fje, þá sje engin ástæða til þess að hækka upphæðina, eða bjóða meira fram, en beðið er um; því að það er skylda þingsins, að veita eigi meira fje, en þörf er á. Þess vegna þótti mjer það undrum sæta, að nokkur þingmaður skyldi verða til þess, að koma með þá uppástungu, að hækka fjárupphæðina til kvennaskólans í Skagafirði uppi úr því, sem forstöðunefndin sjálf hafði beðið um og segist komast af með. Þá sný jeg mjer að breytingartillögunum undir 21. og 22. tölul. við 13. gr. B. IV., þar sem undir 21. tölul. farið er fram á, að þóknunin handa kennara í söng og organslætti sje færð úr 1000 kr. niður í 600 kr., um leið og honum undir tölul. 22. er gjört að skyldu að kenna hverjum þeim kauplaust organslátt, er gjörast ætlar organsleikari. Það hefur að vísu eigi beinlínis komið beiðni frá sjálfum manninum um styrk þennan, heldur komu aðrir með þessa beiðni í hans stað og sjálfsagt eptir ósk hans. En þegar nú farið er að lækka upphæð þessa, þá er eptir að vita, hvort hlutaðeigandi söngkennari vill taka á sig skuldbindingu þá, er honum er lögð með breytingaratkvæðinu undir 22. tölulið. Þegar hann fær þann styrk, sem hann biður um, þá er sjálfsagt, að þingið getur sett það skilyrði, sem það vill, ef það er sanngjarnt, og hann verður að ganga að þessu skilyrði, en þegar fjárveitingin er lækkuð, þá er eigi víst, að hann gangi að því, og einna líklegast, að hann gjöri það eigi. Það er auðvitað, að þessi styrkur hefði verið all-sæmilegur, þótt hann hefði verið nokkuð minni en 1000 krónur, en þessar 600 kr. álít jeg vera allt of lítið; því þegar gætt er að því, að hann nú hefur 260 krónur í laun sem organsleikari við dómkirkjuna í Reykjavík, og þessi styrkur er talinn frá, þá eru 340 krónur allt of lítil þóknun handa honum, til þess að hann takist á hendur að kenna hverjum einum organslátt, er þess fer á leit við hann. Vona jeg því, að deildin samþykki upphæð þá, er nefndin hefur stungið upp á. Þá kem jeg að breytingaruppástungu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu um að færa niður laun söngkennarans og fimleikakennarans við latínuskólann. Jeg get frætt þingmanninn á því, að annar þessara kennara hefur 4 kennslustundir á viku hverri, en hinn 6, en mjer finnst það nú reyndar ekki eiga við að fara að meta hverja stund. En jeg vona, að þingdeildin sje mjer samdóma um, að þegar þingið veitti þessar upphæðir í fjárlögunum 1877, og vissi þó, að báðir þeir menn, er höfðu embætti þessi á hendi, voru farnir frá skólanum, þar sem annar þeirra (nefnil. fimleikakennarinn) hafði fengið lausn frá kennslustörfum sínum, en hinn (nefnil. söngkennarinn) var látinn, þá sje engin ástæða fyrir þingið að neita nú um þessa upphæð. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hefði átt að koma fram með þessa uppástungu á þinginu 1877, því nú á bún ekki lengur við. Umboðsvaldið vissi ekki annað, en að það hefði umráð yfir fje þessu, og veitti því sýslanir þessar með því skilyrði, að þessi laun skyldu þeim fylgja. Þess vegna virðist mjer nú engin ástæða fyrir þingið, að fara nú að krukka í laun þessi. Það getur verið og það er ekki óhugsanlegt, að tímakennari fáist fyrir minni laun í embætti þessi, en á 1. þingmaður Norðurmúlasýslu þá víst, að þeir fáist? Jeg held að þeir yrðu eigi svo margir, er vildu fara hingað til Reykjavíkur og binda sig hjer við 4 stundir á viku hverri fyrir litla borgun. Þetta er því sama sem að segja: «vjer skulum hætta þessari

kennslu». En úr því að umboðsvaldið hefur veitt þessum mönnum þessar sýslanir með þessum launum, þá er óviðurkvæmilegt að gjöra orð þess að engu. Jeg vona því fyllilega, að deildin fallist eigi á þessa breytingaruppástungu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu og annara þingmanna. Um styrk til forngripasafnsins er það að segja, að jeg vonaðist eptir, að þær 600 krónur, sem beðið var um, mundu verða veittar, en nefndinni kom saman um, að sleppa þessari veitingu í þetta skipti, í þeirri von, að ef skýrsla um forngripasafnið yrði samin á fjárhagstímabili því, er nú fer í hönd, þá mundi næsta alþingi verða fúst á að veita fjárupphæð í þessu skyni á fjáraukalögum. Mjer þótti heldur skrítin ræðan sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hjelt út af veitingunni til óvissra útgjalda, og vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Má jeg spyrja, hverjum er veitt þetta fje? og hver hefur ábyrgðina á því, hvernig því er varið? Þingmaðurinn man þó víst eptir 2. grein stjórnarskrárinnar; í henni segir svo: «Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, og hefur aðsetur sitt á Íslandi» o. s. frv. Vjer veitum því ráðherranum þetta fje, en eigi landshöfðingjanum. Það á ekki við, að vjer í fjárlögunum sviptum ráðherrann valdi því, sem stjórnarskráin heimilar honum. Ráðherrann einn hefur valdið á landi hjer, en allt það, sem framkvæma á, gjörir landshöfðinginn á ábyrgð ráðgjafans. En hvernig getur þá nokkur ábyrgð komið fram gegn ráðgjafanum út af notkun þess fjár, sem honum hefur aldrei veitt verið og hann aldrei undir höndum haft. Jeg hef alls eigi á móti því, að landshöfðinginn hafi nokkurt fje yfir að ráða; en þetta breytingaratkvæði 1. þingmanns Norðurmúlasýlu undir 37. tölul. er alveg á móti rjettu formi. Alþingi veitir allt fje, er veitt er ráðgjafanum til umráða, og ef fje til einhvers ákveðins fyrirtækis er veitt með einhverju vissu skilyrði, þá er það á ábyrgð ráðgjafans, hvort þessu skilyrði er fylgt eða eigi. Þetta breytingaratkvæði er því svo óformlegt, sem jeg frekast get hugsað mjer. Framsögumaður gekk svo vandlega í gegnum allar breytingaruppástungurnar við frumvarpið, að það mundi eigi til annars en að tefja málið, að fara yfir þær aptur. En einu verð jeg þó að svara framsögumanni. Það er ávallt eitt það atriði í máli þessu, er oss ber á milli um, og það er um þetta fje til landshöfðingjaritarans. Framsögumaður sagði, að hann hefði beðið halla við lögreglustjórn sína í fjárkláðamálinu. Jeg segi ekki um það, en víst er um það, að ritarinn hefur fengið töluvert fje fyrir ferðir sínar í máli því, og það meira fje en 2000 kr., sem hann nú biður um. Þar sem framsögumaður sagði, að ritarinn hefði verið svo sanngjarn í reikningum sínum, þá getur það verið. Jeg skal játa það, að það var eigi dýrt, þótt hann tæki fyrir sig 3 kr. um daginn. En það, að hann hefði tekið að eins 1 krónu fyrir hestinn um dag hvern, er eigi rjett; því að hann tók 2 kr. og þar að auki opt og tíðum þriðju krónuna fyrir fóður, svo að þetta er þó eigi svo lítið. Jeg verð og að geta þess, að reikningar lögreglustjórans voru stundum eigi sanngjarnari en svo, að amtmaðurinn setti þá niður. Að minnsta kosti hefur amtmaðurinn því eigi álitið, að reikningar lögreglustjórans væru svo lágir, að hann mundi bíða halla við.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að byrja á því, að minnast á breytingaratkvæði landshöfðingja við 6. gr., er stendur undir 5. tölul. á atkvæðaskránni. Jeg ætla að lýsa því yfir, að þrátt fyrir allar þessar umræður get jeg ekki annað skilið, en að breytingaratkvæði þetta sje rjett. Jeg þykist muna það glöggt, að orðin »eins og þau verða ákveðin af konunginum« í 25. grein stjórnarskrárinnar hafa verið skilin svo, að konungsúrskurðar þyrfti við, ef þetta tillag til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi ætti að greiðast af hendi. En jeg sje eigi, að nauðsynlegt sje, að skilja orðin þannig. Jeg ímynda mjer, að það sje nóg, þegar deildin

hefur sjeð vilja konungs í þessu efni, en hann hefur hún sjeð í fjárlögunum, sem konungurinn hefur staðfest. Fyrir deildina hefur nú í sumar verið lagt frumvarp til fjárlaga, sem hafa inni að halda ákvörðun um þessa veitingu, og mjer er þó nær að ætla, að ráðherrann í þessari grein fari eigi fram á það, sem er á móti vilja konungsins. Þar sem sagt hefur verið, að landshöfðingi hafi eigi komið fram sem fulltrúi konungs á alþingi, þá verð jeg þó að ætla, að hann hafi komið fram sem slíkur, og að minnsta kosti treysti jeg mjer ekki til að fullvissa deildina um, að konungurinn muni eigi senda fulltrúa til þings á því fjárhagstímabili, sem hjer ræðir um. Framsögumaður hafði það helzt fyrir ástæðu, að þessa upphæð ætti að ákveða af konunginum einum, en jeg ímynda mjer, að þessi upphæð standi eigi í fjárlögunum til þess að þingið á k v e ð i hana, heldur til þess að það samþykki hana. Jeg hef því, að því er jeg ætla, nógsamlega gjört grein fyrir, hvernig jeg skoða þetta, og hvers vegna jeg gef atkvæði mitt fyrir breytingartillögu landshöfðingjans. Jeg fellst á breytingaratkvæði nefndarinnar undir 7. tölul. Jeg get eigi skilið sýslumannalögin á þann hátt, sem stjórnin skilur þau. Jeg get eigi ætlað, að sá, sem t. d. kemur í amtmannsembætti, eigi að fá launaviðbót, eins og sá amtmaður hafði, er næstur var á undan honum. Framsögumaður hefur gefið upplýsing um það, að bókmenntafjelagið mundi gefa út landshagsskýrslurnar; en jeg álít það eigi heppilegt, því að mjer finnst það standa nær umboðsstjórninni, að hún gefi slíkar bækur út. Jeg veit, að bókmenntafjelagið hefur lengi annast um útgáfu landshagsskýrslnanna, og það má vel vera, að þær hafi verið vel úr garði gjörðar; en mjer finnst þó eiga betur við, að umboðsstjórnin sjái fyrir útgáfu þeirra. Þá sný jeg mjer að breytingartillögunni undir 16. tölul. við 12. gr. B. I. b. 2., að fyrir »1 ölmusa . . . . . 200 kr.« komi «3 ölmusur . . . . . 600 kr.«. Jeg er þessu breytingaratkvæði með öllu samþykkur. Jeg get með engu móti álitið það rjett, að draga ályktun af þeirri ástæðu, að svo fáir sjeu á prestaskólanum, því að það er aðgætandi, að þessi árin hafa svo fáir útskrifazt út úr latínuskólanum í samanburði við það, sem verða mun framvegis. Þegar læknaskólinn og prestaskólinn eru bornir saman, og þegar að því er gætt, að læknaembættin hjer á landi eru 20 en prestsembættin 170, og verða eigi færri en 140, þá get jeg ekki sjeð, að rjettur jöfnuður sje milli ölmusanna. Þegar ennfremur er haft tillit til þess, að fjöldi prestsembættanna standa óveitt, þá held jeg allir verði að játa, að menn verði að gjöra allt það, sem með góðu móti er hægt, til þess að hæna menn til þess, að ganga á prestaskólann. Um breytingartillöguna undir 28 tölul. er það að segja, að það er að nokkru leyti ný breyting, og er jeg nefndinni að miklu leyti samdóma um hana. Mjer virðist það rjett og sanngjarnt, að binda þessa fjárveiting því skilyrði, að aðrir einnig leggi nokkuð fram. En spurningin er, hvort nú þegar á að gjöra þetta að skilyrði, hvort það muni eigi verða skólanum til niðurdreps, svo að hann falli. En hitt þykist jeg vita, að þessi ákvörðun nái eigi til þess, ef alþýðuskóli væri til, því að hann heyrir eigi undir neinar b æ j a r s t j ó r n i r, eða hreppanefndir, sem nefndar eru í breytingaratkvæði nefndarinnar. Þá kem jeg næst að breytingartillögu landshöfðingja undir 34. tölul. Þrátt fyrir allar þær upplýsingar, er fram hafa komið, verð jeg að vera á því, að þessi tala 4000 kr. sje mjög svo lítil til v í s i n d a l e g r a fyrirtækja, sem eru svo erfið og borga sig svo illa, og til v e r k l e g r a fyrirtækja, sem þurfa að taka svo miklum framförum í landi hjer, þar sem varla er neinn, sem kann að nokkrum iðnaði, svo að vel sje. Mjer virðist því nauðsynlegt, að styrkja slíkt svo sem framast er unnt; tel jeg það því rjettara, sem hinn hæstvirti landshöfðingi, sá sem nú er, hefur með frábærum dugnaði kynnt sjer alla hagi vora, og hvervetna verið fús til að styðja það, sem gott er og landinu til fram-

fara. Mjer hefur það enn eigi úr minni liðið, er framsögumaður vísaði til bókmenntafjelagsins í þessu tilliti. En mjer er spurn, getur bókmenntafjelagið gefið út hverja bók sem vera skal? Jeg held ekki; en það getur hvatt menn til þess, að semja bækur. Jeg skal enn á ný taka það fram, að jeg hef sjálfur meðferðis bænarskrá um styrk til þess að læra trjemyndaskurð. Slíkt væri þarflegt næsta, og vona jeg, að þessi bænarskrá verði tekin til greina af veitingarvaldinu, og þykist viss um það, þar sem enginn mælir móti því.

Páll prestur Pálsson: Jeg hugði, að þessi breytingaratkvæði mín mundu eigi gjöra neinum illt í geði, af því að þau voru gimsteinslaus. En þau hafa nú fengið allharðan dóm, og má vera, að það komi af því, að þau eru merkt með H—P, og er það ef til vill illt merki í augum framsögumanns. Það er snertir breytingaratkvæðið undir 11. tölulið, þá lýsi jeg því yfir, að jeg gjörði þetta breytingaratkvæði fremur til að koma því að, heldur en til þess, að fylgja því fram. Jeg tek það fram, sem jeg sagði í hitt eð fyrra, að Skaptfellingar kunna hinum setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu þakkir fyrir framgöngu hans í því máli. En af því að nefndin hafði þokað þessari þóknun úr 2000 kr. niður í 1000 kr., þá hugði jeg saklaust, þótt vjer reyndum að þoka henni betur niður, og vona jeg því, að framsögumaður fyrirgefi þessa sparnaðar-tilraun. Breytingaratkvæðið undir 14. tölulið við 12. gr. A. b. 1. þótti framsögumanni óformlegt, af því að frumvarp til laga um skipun prestakalla og kirkna mundi ná fram að ganga. En hvernig færi, ef prestakalla-frumvarpið fjelli? Hvað mundi umboðsstjórnin hafa þá, til að veita til uppbótar fátækum brauðum? Því að 4000 krónur eru í þessu falli sama sem ekki neitt. Þetta breytingaratkvæði er því til vara frá minni hálfu, ef prestakallamálið kynni að falla, og jeg veit, að sumir nefndarmanna eru eigi vonlausir um, að svo muni fara. Það er snertir breytingartillöguna undir 16. tölulið, að ölmusunum við prestaskólann sje fjölgað, þá hefur 2. þingmaður Gullbringusýslu nákvæmlega og ljóslega tekið fram ástæðuna fyrir breytingartillögu þessari. Jeg játa, að við prestaskólann eru 3 ölmusur frá háskólanum í Kaupmannahöfn, en það er eigi þar fyrir nema 1 ölmusa af landssjóði. En vafalaust er svo, að fleiri stúdentar verða á prestaskólanum en á læknaskólanum, því þar eru embættin 140—170, en læknaembættin verða aldrei fleiri en 20 — 30. Framsögumaður sagði, að prestaskólanum væru lagðir 12 húsaleigustyrkir; en það er aðgætandi, að þessir húsaleigustyrkir eru eigi brúkaðir upp, af því að hver stúdent fær eigi nema 1 húsaleigustyrk eða 80 kr., og ef stúdentarnir eru eigi 12, þá er þeim húsaleigustyrkum, sem um fram eru, haldið eptir. Verði prestsembættin á landinu hjer eptir 140, og læknaembættin 20, þá er þetta næsta mikill ójöfnuður, og það því fremur, sem sárfáir prestar hafa svo há laun sem læknarnir, og mörg prestaköllin eru svo illa launuð, að enginn prestur fæst í þau. Mjer virðist það því vera skylda þingsins, að hvetja námsmennina til þess, að ganga á prestaskólann, og stuðla til þess á allan hátt, að þeir gangi prestsveginn. Jeg get fyrir það eigi kannazt við, að það hafi verið ódæði af oss, að koma með þessa breytingaruppástungu. Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta framsögumann að því er hann sagði, að eptir uppástungu vorri yrðu 7 ölmusur við prestaskólann, en þær verða eigi nema 6. Það er snertir breytingaruppástungunna undir 20. tölulið b. við 12. gr. B. III. c. 5., að í stað «10000 kr.» komi «8000 kr.», þá kom þetta til meðfram af því, að vjer vissum eigi af uppástungunni: 9000 kr.; því að þá mundum vjer hafa getað komið oss saman við hinn flokkinn. En það, sem kom oss til að draga úr þessari upphæð, var eigi það, að oss þætti hún í sjálfu sjer of há, en oss virtist það, að bæta nú miklu fje

við skólann, eigi samkvæmt því, sem nú hefur skeð, að neita sumum allhæfum piltum um inngöngu í hann. Þá koma 2 breytingaruppástungur við 12. gr. B. IV., og standa þær undir 21. og 22. tölulið. Jeg bið deildina að taka vel eptir orðum mínum. Jeg kom með breytingaruppástunguna undir 22. tölulið, sem varaatkvæði, ef hin breytingaruppástungan undir 21. tölulið, að í stað «1000 kr.» komi «600 kr.», skyldi falla; ef sú breytingartillaga skyldi standa, þá fell jeg, hvað mig snertir, frá hinni undir 22. tölulið. Framsögumaður tók það fram við 2. umræðu, að organsleikarinn skyldi framvegis skyldur til að kenna sönglist og organspil ókeypis, ef hann fengi þessa 1000 kr. þóknun; en þessari ákvörðun vildi jeg koma inn í fjárlögin. En ef hún eigi kæmist inn, þá vildum vjer lækka þóknunina niður í 600 krónur. Jeg vil því biðja forseta, að láta bera 22. tölulið fyrst undir atkvæði og síðan 21. tölulið, sem inniheldur varauppástunguna, og ef 22. töluliður verður samþykktur, þá tökum vjer aptur breytingartillöguna undir 21. tölulið. Það er kvennaskólana snertir, þá hleyp jeg fram hjá þeim, því að þeir hafa betri talsmenn hjer á þingi, heldur en jeg er; en jeg mun í því efni fylgja því, er næst er sanni. Þá kem jeg að breytingaruppástungunni undir 30. tölulið b. við 12. gr. C. 8., að til bókmenntafjelagsdeildarinnar á Íslandi sjeu lagðar hvort árið 600 kr. í stað 2000 kr. Jeg var svo óheppinn, þegar bókmenntafjelagsfundurinn var haldinn í sumar, að jeg gat eigi verið á honum, af því að jeg varð að vera hjá sjúkum manni, jeg hef ekkert heyrt, hvað gjörzt hefur á fundi þessum, nema það, sem framsögumaður skýrði deildinni frá nú í dag; en ef jeg hefði heyrt það áður, sem framsögumaður sagði, þá hefði jeg fremur hikað mjer við, að koma með þetta breytingaratkvæði. En jeg get þó eigi tekið breytingaratkvæði þetta aptur, af því að jeg stend eigi einn undir því. Þá sný jeg mjer að 34. tölulið, sem inniheldur breytingartillögu við 14. grein. Það vakti fyrir mjer, að um leið og minnkaður væri styrkurinn til bókmenntafjelagsins, þá ætti að hækka styrkinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja; því að ef bókmenntafjelagið gæfi út bækur, þá væri landshöfðingja innan handar, að veita því styrk, ef bækur þessar væru þess eðlis, að vert væri að styrkja fjelagið, til þess að gefa þær út. En þar sem framsögumaður sagði, að viðaukaatkvæðið undir 35. tölulið, sem hljóðar svo: «Þetta fje hefur landshöfðingi einn til útbýtingar með samþykki ráðherrans», — væri svo óformlegt, þá get jeg eigi sjeð það, því að það stendur: «með samþykki ráðherrans». Að öðru leyti hefur 1. þingmaður Norðurmúlasýslu svarað þessari mótbáru. Það er snertir viðaukaatkvæðið undir 37. tölulið, þá held jeg því eigi til kapps; jeg veit, að hinir stjórnfróðu menn í deildinni munu sjá þann galla, er á því er, enda höfum vjer eigi fengið þakklæti fyrir það. Og þótt jeg og þeir, er með mjer voru að semja breytingaratkvæði þetta, þyki eigi þingfærir, þá fer eigi illa á því, þótt allir sjeu eigi jafn snjallir; því að ef allir væru jafn snjallir, þá væri eigi eins áhrifamikið að heyra til framsögumanna í stórmálunum, eins og það nú er. Fyrst jeg stóð upp á annað borð, vil jeg leyfa mjer, að lýsa yfir áliti mínu á hinni háttvirtu fjárlaganefnd. Í mínum augum líkist hún móður, sem á 3 börn. Við eitt barnið er hún góð, og gefur því allt, sem það biður um — og það eru þeir, sem verða óskabörn fjárlaganefndarinnar. Við annað er hún höst, en hreinskilin og segir: þú færð ekkert hjá mjer; það eru þeir, sem hún leggur ekkert með. Þriðja barnið er olnbogabarn; við það er móðirin reglulega vond. Hún þykist vera að brella því, en klípur það um leið. Þetta barn fyrirmyndar þá, sem fjárlaganefndin lætur ætla að leggja með, og vísar með meðmælum til landshöfðingja, en þó fyrst þá, þegar hún er búin að sjá um, að hann geti ekki ann-

að en neitað, með því að láta hann ekkert fje hafa.

Friðrik Stefánsson: Það mun þykja ósvinna, að jeg svari ekki hinum háttvirta framsögumanni nokkrum orðum, þar sem hann lagði svo harðan dóm á þá uppástungu mína, að kvennaskólinn í Skagafirði fengi 700 kr. Hann sagði að þar sem sýslunefndin hefði ekki farið fram á meiri styrk en 400 kr., þá væri alls engin ástæða til að veita meira, enda hefði þingdeildin tæpast vald til þess. Það er spáný kenning, að þingdeildin geti ekki í þessu máli farið allra sinna ferða fyrir sýslunefndinni, því hún gat ekki vitað fyrir fram, hve ríf á fjárútlátum þingdeildin yrði við aðra skóla, en fól mjer á hendur beiðni sína, og er jeg viss um, að hin heiðraða þingdeild efar alls eigi umboð mitt í þessu efni, hvað sem hinn háttvirti framsögumaður segir. Þinginu er líka nokkuð kunnugt um ástæður þessa skóla, að hann vantar enn skólahús og er ný kominn á fót eingöngu fyrir viðleitni og framlögur sýslubúa. Hinn heiðraði framsögumaður segir, að ekki megi rjetta hendur í landssjóð, en fáir eru frægari honum sjálfum fyrir það, hve mörgum höndum hann opnaði landssjóðinn, þegar launalögin voru smíðuð 1875, því í Skagafirði er framsögumaður frægur, og víst um land allt, fyrir að hafa átt mjög gildan þátt í að koma þeim dýrgrip á stokkana. Annars furða jeg mig ekki á því, þó að orð hans standi ekki ætíð eins og stafur á bók; þegar hann t. d. var að tala um brúargjörðina á Þjórsá og Ölfusá, sagði hann, að landssjóðurinn ætti að leggja til þeirra, af því að gufuskipið kæmi þar ekki við, en þá gleymdi hann að geta þess, að gufuskipið kemur þó við í Reykjavík og Gullbringusýslu, og er óhætt að fullyrða, að sá hluti landsins hefur mest gagn af gufuskipsferðunum, og þó vildi hann gefa Reykjavík og Gullbringusýslu vexti af fje því, sem gengur til brúagjörðanna, jafnt austursýslunum. (*Framsögumaður*: Eru brýrnar hjer til umræðu?) Jeg vildi að eins minna framsögumann á samkvæmni hans. En annars fjölyrði jeg ekki um þetta mál, en treysti veglyndi þingdeildarinnar, að skólinn fái þessar 700 kr. Fjöldi stúlkna hefur viljað nota þennan skóla, en þá hefur vantað húsrúm, en nú á að byggja það hið fyrsta er efnin leyfa.

Páll Pálsson bóndi: Jeg er við riðinn við 1 breytingaratkvæði, og hefur það fengið harðan dóm, en það sem kom mjer til að fylla flokk uppástungumanna að breytingaratkvæði þessu um niðurlækkun á þóknun Jóns ritara, var það, að tekið hefur verið svo skýrt fram, að hann engan annan hafi þurft til að gegna ritaraembætti sínu á meðan hann gegndi þessum kláðastörfum, og líka hefur verið sagt, að hann hafi, án þess að taka neinn í sinn stað á skrifstofuna, ferðast til útlanda og fleira; þetta, svo og það, að hann fjekk ferðakostnað sinn jafnóðum borgaðan af hjeruðum þeim, er hann var settur yfir, sannar, að hann hefur verið vel í haldinn. Annað, sem jeg er ekki samdóma framsögumanni og 1. þingmanni Norðurmúlasýslu um, er breytingin við 7. tölulið, þar sem laun sýslumannsins í Húnavatnssýslu eru færð niður um það, er hann hefur sem viðbót fyrir sjálfan sig. 7. gr. sýslumannalaunalaga segir, að grundvallarreglunni í 7. gr. hinna almennu launalaga skuli fylgt um sýslumenn; en þessi grundvallarregla var sú, að hver sá embættismaður, er hafði hærri laun en embættinu var lagt, þegar lögin komu í gildi, hjelt því, sem hann þá hafði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Nú var sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu búinn að fá embættið, áður en sýslumannalögin komu í gildi; hann hlýtur því samkvæmt þessari grein að hafa fulla heimting á þessari launaviðbót. Þar sem 7. gr. sýslumannalaunalaga segir, að eigi að miða við þær tekjur, er þeir hafa haft árin 1871—1875, getur það ekki átt við nema um þá, sem allt af voru kyrrir í sama embætti frá því 1871 til þess lögin komu í gildi, enda hlýtur það að vera meining greinarinnar, að miðað sje við tekjur þær, er embættið hafði, en ekki þær, er maðurinn hafði hið umrædda tímabil. Ef

þetta væri ekki hinn rjetti skilningur greinarinnar, þá vantaði í hana alla ákvörðun um laun þeirra sýslumanna, er fengið hefðu embætti á tímabilinu frá 1875 til þess er lögin komu í gildi 1878, eður hvernig hefði átt að skilja þessa grein, hefði sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu verið embættislaus, áður en hann fjekk sýsluna, þá hefði víst orðið að fara eptir 7. gr. hinna almennu launalaga. Þennan skilning hefur líka landshöfðinginn og stjórnin haft um þetta atriði, þar sem hún hefur sett þessa viðbót fyrir sjálfan hann í stjórnarfrumvarpið.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal að eins minnast á breytingaratkvæði mitt um þóknunina fyrir ritarans frægu framgöngu. Mjer er ómögulegt að mæla með nokkrum launum fyrir hans framkvæmdir. Þingmaður Reykvíkinga hefur upplýst um, að sumir reikningar hans hafi þó verið fullháir, og amtið hafi sett þá niður, en hafi þeir ekki verið fullháir, þá var það hans eigin sök, og honum innanhandar að fá fullt fyrir sitt ómak, og mótmæli jeg því, að honum sje greiddur einn einasti eyrir fram yfir reikningana. Það sýnist að hinni heiðruðu fjárlaganefnd sjeu nokkuð mislagðar hendur, þegar um ritarann er að ræða; hún vill þó sjá um, að hann eignist skildinga, jú, því hann er hennar óskabarn. En er nú nokkur sanngirni í þessu? Er þetta að fara rjettilega með landsins fje? Litum snöggvast á það. Hinar kláðasjúku sveitir hafa sannarlega lagt miklu meira í sölurnar vegna kláðans, til að firra landið vandræðum, en ritarinn; enginn talar um laun eða bætur fyrir þær, já, þeim er afsögð öll náð og miskunn. Jeg vil hafa töluliðinn burt. Ritarinn á engin laun skilið fram yfir þau, er hann hefur þegar fengið.

Halldór Kr. Friðriksson: Þingmaður Skaptfellinga álítur, að læknaskólinn standi betur að vígi í fjárlegu tilliti en prestaskólinn. Fyrst verða fleiri piltar að útskrifast frá lærða skólanum en verið hefur, áður en menn geta búizt við, að þeir fjölgi á prestaskólanum, en það verður ekki næsta fjárhagstímabil, og áður en spursmál verður um að hæna stúdenta að prestaskólanum, verða þeir einhverjir að vera til. Þegar vjer nú lítum á læknaskólann, þá voru þar 5 lærisveinar síðasta vetur, og höfðu þeir 3 ölmusur og 3 húsaleigustyrki, það er til samans 840 kr. Á prestaskólanum voru 9 lærisveinar, og hafði hver þeirra heilan húsaleigustyrk; ölmusurnar voru 4 og þar að auki prestaskólasjóður. Þetta sýnir, að læknaskólinn hefur ekki haft meiri styrk en prestaskólinn, enda virðast 1720 kr. að vera nægilegar handa 9 lærisveinum.

Að því er laun sýslumannsins í Húnavatnssýslu snertir, þá er jeg eindregið á því að miða laun hans við 5 ára tekjur þess embættis, sem hann nú hefur. Að vísu játa jeg, að honum sje veitt embætti þetta með almennu skilyrði, en það getur ekki komið til greina eptir öllum atvikum, því að um þessi laun, sem hann nú hefur, sótti hann, og þau eru honum veitt eptir minni sannfæringu.

Framsögumaður: Landshöfðinginn mælti það til bóta sínu breytingaratkvæði, að konungur hefði úrskurðarvald, en þingið áætlunarvald um fje til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi; þessu valdi vil jeg sleppa sem óboðlegu löggjafarþingi. 2. þingmaður Gullbringusýslu fylgdi landshöfðingja í þessu, og sagði, að skilningur nefndarinnar í þessu efni, væri ekki «nauðsynlega rjettur»; þetta getur vel verið, en nefndin lætur sjer það nægja, ef skilningur hennar er rjettur, þó ekki sje hann nauðsynlega rjettur. Þingmaðurinn færði þau rök fyrir máli sínu, að af því beðið væri um þessa upphæð, og ráðgjafinn hefði gjört það í samhljóðun við Hans Hátign konunginn, þá væri skylda þingsins að veita hana; það hefur verið sagt um fjárlaganefndina, að henni væru mislagðar hendur, en jeg held sama megi segja um 2. þingmann Gullbringusýslu. Ráðgjafinn vildi ekki veita Garðakirkju nema 8000 kr. lán, en þingmaðurinn setti sig á móti því, og hefur fengið þingið með sjer til að ákveða hærra lán til kirkjunnar móti

vilja ráðgjafans, og þar af leiðandi, samkvæmt röksemdaleiðslu þingmannsins, á móti vilja konungsins. Jeg álít annars fullrætt um skilninginn á þessu atriði, og vil sneiða hjá að taka upp aptur þær ástæður, sem jeg færði til við 2. umræðu. Jeg vil einungis geta þess, að þó þingið stingi ekki upp á neinni upphæð, þá getur konungur eins fyrir það ákveðið upphæð til fulltrúans, og ef konungsúrskurður um hana verður kominn 1. janúar 1880, þá verður hún sjálfsagt samþykkt á fjáraukalögum. Sami þingmaður talaði um ýmsar aðrar veitingar, til landshagsskýrslna, til prestaskólans, til barnaskóla og alþýðuskóla. Það er máske rjett, að halda veitingunni til langshagsskýrslna, eins og landshöfðinginn og 6 þingmenn hafa stungið upp á, ekki af því að þær sjeu vel af hendi leystar, heldur af því að þær eiga að koma frá stjórninni, eða hún á að minnsta kosti að gefa fyrirmynd fyrir slíkum skýrslum og semja skýrsluform. Hvað snertir ölmusurnar til prestaskólans, þá hefur þingmaður Reykvíkinga svarað því og tekið af mjer ómakið. 2. þingmaður Gullbringusýslu og fleiri þingmenn hafa viljað færa upp tillagið til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Sumum þeirra er það ekki láandi, þeim, sem hafa ár eptir ár fengið styrk af þessu fje. 1. þingmaður Skaptfellinga hefur þannig næstum á hverju ári fengið styrk til daufdumbrakennslu, og er því von, þó hann sjái ekki með glöðu geði þessa uppsprettu þurrkaða upp, því að það kemur sjer vel að eiga þarna hauk í horni. Það væri þó máske rjett að slaka til, ef búast mætti við, að þingsályktun sú, er 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hefur komið með, að gjöra kennurunum við prestaskólann að skyldu að prenta fyrirlestra sína, gangi í gegn; en það fje má og taka á aukafjárlög. Jeg vil leggja áherzlu á, hve varasamt það er að leggja nema mjög lítið fje til óákveðinna útgjalda, því að það er mjög vafasamt, hvort því verður varið samkvæmt tilgangi sínum. Jeg vil þessu til sönnunar taka fram, hvernig þessu fje var varið 1876. Til bókmenntafjelagsins voru veittar 120 kr., til bókmenntafjelagsins 1000 kr., til jarðyrkjumanns Feilbergs 500 kr. til að ferðast um landið; hann ferðaðist í 2 ár, og afraksturinn af þessari ferð var sá, að hann ritaði bók, sem er alls 20 bls., í hverri hann ræður landbúnaðarfjelaginu danska frá að leggja fje til landbúnaðar á Íslandi. Þá er 500 kr. styrkur til adjunkts Grönlunds, tengdasonar hins fyrverandi apothekara Randrups, til að rannsaka grös á Íslandi, en hann hefur engan bækling gefið út um þessar jurtir. Jeg vil skjóta því til allra sannngjarnra Íslendinga, hvort á þennan hátt á að veita fje landsins. Þá er veitt fje til jafnaðarsjóðanna, til dýralæknis, til búfræðings, og að endingu ferðakostnaður til 2 skólapilta til að leita sjer lækninga í Kaupmannahöfn, 300 kr.; jeg veit ekki, hvort það er meiningin, að verja fje landsins til þess, að kosta forðir allra þeirra, er þurfa að fara til útlanda til að leita sjer lækninga. Þá er enn veitt verðlaun fyrir björgun á mönnum, fyrir að hlaða vörðu á Reykjanesi. Svona var fje þessu varið 1876, og allt hvað því var illa varið og ósamkvæmt tilganginum, þá er þó brúkun þess 1877 enn verri. Þá var Sveini Sveinssyni búfræðingi veittar 200 kr. af landssjóði til að gefa út uppdrátt af Reykjavík. Hvaða hagur eða skemmtun er það fyrir landið, að fá uppdrátt af Reykjavík? Sigurði Jónassen voru veittar 600 kr. til að læra mál. (*Arnljótur Ólafsson*: Hver veitti það?) Ráðgjafinn veitti þessa upphæð. Gísla Brynjólfssyni var veittur styrkur sömuleiðis af ráðgjafanum til að semja heimsmagnafræði, sem þó hún kæmi út, mundi verða ekki einungis Íslandi heldur öllum Norðurlöndum til gagns og fróðleiks; en vjer allir, sem þekkjum dugnað og vandvirkni þessa manns, verðum að efast um, að þessi bók komi út, meðan vjer lifum. Þá er enn hluttekning í ferð Feilbergs 500 kr., því að hann ferðaðist einnig þetta ár, og það eina gott, sem vjer höfðum af ferð hans, var, að hann lagði til, að Sveini búfræðing væri veittur styrkur af landbúnaðar-

fjelaginu danska til að læra búnað erlendis. Þá er enn styrkur til heyrnar- og málleysingjakennara Páls prests Pálssonar 350 kr., sem virðist óþarfi; því að jeg veit ekki betur en að nægilegt meðlag hafi verið greitt með heyrnar- og málleysingjum, enda hefur daufdumbrakennarinn nýlega sett meðgjöfina niður samkvæmt tillögum amtsráðsins. Þá eru enn 200 kr. til Sigurðar Jenssonar til að leita sjer menntunar við háskólann; jeg vil ekki segja að þessi veiting sje lastandi, en eptir þeim styrk, sem landið leggur til styrktar ungum námsmönnum, virðist ekki eiga við að greiða styrk til slíkra ferða, helzt af því tíminn er of stuttur, til þess að verulegt gagn verði af styrknum. Þannig er brúkunin á því fje, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta, en jeg álít skyldu mína að benda á þessi atriði, þegar jeg sje, hvað þingmenn eru ákafir í, að hækka þessa gjaldgrein, og jeg ætla það sje rjett, að taka fram, að ekki allir eru ánægðir með brúkun fjárins til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu drap aptur á breytingarkvæði sitt undir 34. tölulið. Jeg get ekki skilið, hvernig þetta getur staðizt, og þingmanninum hlýtur að vera ókunnugt um 18. gr. í erindisbrjefi landshöfðingjans. Þar stendur að ráðgjafi geti falið landshöfðingja að ráðstafa allt að helmingi þess fjár, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland. Ráðgjafinn, sem hefur ábyrgðina af brúkun fjárins, getur þess vegna ekki, jafnvel þó hann væri samkykkur ákvörðun þingmannsins, hann getur ekki fylgt henni, og jeg vil skjóta því til þingmannsins sjálfs, hvort honum þykir við eiga að setja slíka óformlega ákvörðun inn í fjárlögin. Hvað viðvíkur því, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu talaði um, að lestagjaldið væri dregið frá, án þess að nokkur konungsúrskurður væri til fyrir því, þá veit jeg, að það hefur verið meir stríðni en alvara þingmannsins. Jeg veit, að þingmanninum er kunnugt um, hvað mikið fjárlaganefndin hefur haft fyrir þessu lestagjaldi af póstskipinu, og því álít jeg þetta spaug, en óþarft spaug af honum. Breytingaruppástungunni um póstana er jeg ekki fráhverfur. Um söngkennarann og leikfimiskennarann skal jeg ekki tala meir, en jeg vil með fám orðum minnast á landritaritarann. Að honum hafa 3 þingmenn beinzt, þar á meðal þingmaður Skaptfellinga; hann sagðist hafa tekið þátt í breytingaruppástungunni um að lækka þóknunina til ritarans. Þó gaman eigi má ske annarstaðar betur við en á löggjafarþingi, þá líkar mjer þó betur gaman hans en alvara hinna þingmanna. Það hefur verið sagt hjer, að amtmaður hafi fært niður reikninga þessa embættismanns; þetta getur vel verið. Aðrir segja að aðgjörðir hans og ferðir hafi verið sýslunum þungbærari en sjálfum honum. Þetta getur líka vel verið satt, — en ef það er satt, að hann hefur átt þátt í, og honum er að þakka, að yfirstiginn er hinn ógurlegi vogestur, sem þingmenn 1875 voru svo hræddir við, að engin sú upphæð virtist vera til, er þeir ekki vildu leggja í sölurnar til að yfirvinna, og að þeir þá enda vildu það til vinna, að ganga nærri eignarrjetti manna, eins og þingmaður Borgfirðinga líklega man eptir, þá finnst mjer ekki rjett að vera að metast um þessa upphæð, og mun jeg ekki optar taka til máls út af henni. Jeg hef heyrt, að þegar bæjarfógeti sá, sem nú er í Revkjavík, sótti hingað, þá hafi hann sótt um, að fá þá launaviðbót, er hann hefði átt að hafa sem sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. En stjórnin hafnaði þessu, eigi af því, að hún ekki áliti, að honum bæri þetta, heldur gjörði hún sömu ástæðu gildandi, sem embættismaðurinn hafði tilfært, er hann sótti um bæjarfógetaembættið, sem sje, að landssjóðurinn mundi spara við veitinguna. Jeg vona, að deildin sjái, að þetta er eitt af þeim vafaspurningum, sem jeg tel eigi eptir landssjóðnum að láta dómstólana skera úr. En eins og jeg byrjaði á hinum stærsta, nefnilega á hinum hæstvirta landshöfðingja, eins ætla jeg að enda á hinum

minnsta, nefnilega 2. þingmanni Skagfirðinga. Þingmaðurinn vildi leiða rök að því, að fyrst aðrir kvennaskólar fá 1000 króna styrk, þá eigi skagfirzki kvennaskólinn að fá 700 kr. styrk, af því hann ætli að byggja hús. En hvernig byggja á hús með einum 700 krónum, veit jeg ekki. Jeg ætla að enda þessar athugasemdir með því, að taka fram, að þegar menn sjá, að einhverri stofnun er komið á fót, og að þessi stofnun er styrkt af landssjóði, þá flýta menn sjer að koma upp slíkum stofnunum í hverri sýslu. En þessar stofnanir geta eigi þrifizt, nema þær sjeu fyrir stærri pláss. Jeg er viss um, að sumar af þessum stofnunum týna tölunni, áður en langt um líður. Þegar Reykjavíkur kvennaskólinn og kvennaskólinn á Laugalandi voru stofnaðir, þá var það meiningin, að annar þessara skóla væri fyrir Suðurland, en hinn fyrir Norðurland. Þetta geta þeir 1. þingmaður Eyfirðinga og 2. þingmaður Norðurmúlasýslu sannað með mjer. En svo rjúka hinar sýslurnar upp og fara að stofna kvennaskóla hver í kapp við aðra. Ef 2. þingmaður Skagfirðinga hjeldi fram bæn kjósenda sinna, þá væri ekkert að segja; en þegar hann nú heimtar meira, en þeir hafa beðið um, þá fer mjer að þykja nóg um. Annars ímyndaði jeg mjer, að sjóndeildarhringur 2. þingmanns Skagfirðinga væri svo takmarkaður, að hann hefði eigi meira viðsýni, en út fyrir Vallhólmann í Skagafirði; en jeg sje nú, að þessi ætlun mín hefur eigi verið rjett, því að jeg sje, að þingmaðurinn kemst út að sýslutakmörkunum. Hærra hugsar þingmaðurinn ekki, og víðsýni hans nær ekki svo langt, að hann hugsi um hag landsins; hann lætur sjer nægja, að sjá um s t u n d a r h a g Skagafjarðar.

Landshöfðingi: Út af síðustu ræðu framsögumanns álít jeg mjer skylt að lýsa því yfir, að hann að mínu áliti lagði ósanngjarnan dóm á ritgjörð Feilbergs: «Om Forholdene paa Island. Confidentiel Meddelelse til det kongelige Landhuusholdningsselskab». Vil jeg því biðja forseta að leggja þessa bók fram á lestrarsalinn, svo að þingmenn geti sjeð, að hve miklu leyti það er rjett, sem framsögumaður sagði um höfundinn, sem er einn hinn mest framúrskarandi búfræðingur Dana, og um tilgang ferðar þeirrar, er hann tókst á hendur til Íslands. Hann hefur lagt það til, að búnaðarfjelagið danska styddi að því, að ungur Íslendingur væri sendur utan, til þess að afla sjer þeirrar menntunar, að hann gæti tekizt á hendur forstöðu þeirra búnaðarskóla, sem ætla má að stofnaðir verði; hefur fjelagið tekið vel undir þetta og veitt helming styrks til þess, að Sveinn Sveinsson búfræðingur geti notið kennslu í Kaupmannahöfn. Feilberg hefur þar að auki samið áætlun yfir jarðabæturnar á Staðarbyggðarmýrum, og hefur veitt Sveini þær leiðbeiningar, sem gjöra hann færan um, að standa fyrir því verki.

Páll Pálsson (prestur): Mjer fannst þingmaður Reykvíkinga eigi taka svo ljóslega fram jöfnuðinn á ölmusum prestaskólans og læknaskólans hjá nefndinni, sem skyldi; mjer finnst ávallt 5 á móti 10 vera $^1/_2$ og 3 : 4 get jeg eigi sjeð að sje annað en $^3/_4$. Jeg vona að deildin geti dæmt um, hvort þetta hlutfall sje rjett, því fremur, sem þessi fáu læknaembætti eru nú fiest öll skipuð og með góðum launum, en prestaembættin mörg óskipuð og launalítil. Mig furðaði á því, að framsögumaður skyldi eigi í gær svara þeirri spurningu minni, hvernig fara ætti með hin fátæku brauð, ef svo skyldi ólíklega fara, að prestamálið sálaðist nú á þessu þingi annaðhvort hjer í höndum á oss eða þá hjá efri deildinni, sem kann svo vel að því, að stytta börnum vorum aldur. Hann vildi segja, að bráðabirgðartillagið 7000 kr., sem vjer stungum upp á, væri ósanngjarnt; en skyldi það verða það, ef prestamálið fellur? og hvað verður þá til að litlu og prestlausu brauðunum verði þjónað? Hvar á landshöfðinginn þá að taka fje handa hinum fátæku brauðum, þegar hann hefur

ekkert fje til ráðstöfunar? Jeg veit að framsögumaður muni svara þessu, en hann hefur í mörg horn að líta. Þar sem hann sagði í gær, að það mundi fremur hafa verið gaman mitt en alvara, að vera með breytingartillögunni við 9. gr. C. 9, þá má hann álíta það ekki síður gaman mitt en alvöru annara, en jeg tók þetta sem þægðarorð af honum, þau eru eigi svo mörg þægðarorðin til mín úr þeirri átt. Jeg álít landritarann alls góðs maklegan fyrir dráp fjárkláðans og vil því styðja sem bezt allt það, sem sýnir honum viðurkenning þjóðarinnar fyrir þetta þarfaverk. Það er snertir breytingartillögu mína við ölmusutöluna til lærða skólans, þá hefði jeg ef til vill ekki verið með, ef jeg hefði vitað um þennan miðlið, en jeg hef eigi eina heimild til að taka hana aptur, og jeg vona, að framsögumaðurinn styðji að því, að forseti beri hana upp eins og jeg gat um í gær.

Þá kem jeg að því, er hann sagði, að vjer værum eigi þingfærir. Vjer játum það víst, að vjer vorum svo fáfróðir, að vjer vissum eigi um allar þær gróðurskúrir, sem dunið hafa frá hinni frjóvsömu fjárlaganefnd í gær. Vjer vorum eigi svo heppnir að fá þá upplýsing fyr en í ótíma, að vjer værum eigi þingfærir. Vjer vissum eigi, að oss var velkomið að koma á þá háu staði, þar sem fjárlaganefndin sat að sumbli, ekki að sumbli yfir fje landsins, heldur á ráðstefnu. Vjer höfum að vísu eigi verið boðnir þangað, en vjer hugsum, að þjóðin mætti þó fá smáteyga úr þessum Hvítingum, þessu gnóttahorni, landssjóðnum; vjer breytingamennirnir höfðum eigi önnur ráð en koma með skoðun vora í breytingartillögum. Viðvíkjandi breytingartillögu minni og fleiri þingmanna, að tillagið til verklegra og vísindalegra fyrirtækja sje hækkað, þá vil jeg mæla fram því, en þó því að eins, að skáldin fái eitthvað dálítið, eptir því sem þau eiga skilið, því að víst er það vísindalegt, að fá fræðandi og fegrandi ritgjörðir og fögur kvæði frá snillingum vorra tíma, og það væri sannarlega hart, ef eitthvert fátækt skáld gæti eigi komið hugsunum sínum fram fyrir almennings sjónir, vegna þess, að landshöfðingi hefur eigi neitt fje í höndum, til að veita umbun með, og það kemur vegna nápínuskapar fjárlaganefndarinnar. Af því, að framsögumaður þóttist þurfa að drepa á heyrnar- og málleysinga kennslu mína, þá vildi jeg um leið tala nokkur orð um hana. Það er hvorttveggja, að þessi kennsla mun eigi þykja mikilsverð frá minni hálfu, enda hef jeg ekki hingað til fengið betri þakkir fyrir hana, en jeg á skilið; jeg á nú reyndar ef til vill ekki gott skilið fyrir hana, en það er heldur ekki þakkað betur en gjört er. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að á undanförnum árum hafði jeg 3 brauðum að þjóna, og hlaut því að vera vikum saman burt frá heimili mínu, og gat því eigi stundað kennsluna eins og vera skyldi; þetta varð jeg að gjöra, eða gat jeg neitað að gjöra það, sem prófastur minn skipaði mjer? og jeg veit eigi, hvernig verður heimtuð af mjer sama skylda og kennara, sem eigi hefur aðra sýslan en að stunda kennslu á nokkrum piltum í bekk. Stjórnin hefur ákveðið með ráðherrabrjefi 29. febr. 1872, að mjer skyldi heimilt að fá jafnmikla meðgjöf með heyrnar- og málleysingjum, sem tekin er á heyrnarleysingjaskólanum í Kaupmannahöfn, og þó jeg gæti ekki eins vel stundað kennsluna og 9 til 12 kennarar við kennslustofnunina í Danmörku, þá þóttist jeg allt eins vel að borguninni kominn, og hikaði mjer ekki að taka við fjenu. Það er sannarlega heldur eigi of mikil meðgjöf 120 rdl. eða 240 kr. fyrir að undirhalda barn, einkum þar, sem jeg áður var. En eptir að amtsráðið fór að draga dám af einum þeim meðlimi, sem ekki lætur fje ganga úr greipum sjer, nema megnar ástæður sjeu fyrir, fjekk jeg áskorun um að setja meðgjöfina niður, og af því að jeg vildi ekki hætta við kennsluna, enda ekki þótt jeg aldrei fengi nein laun fyrir hana, þá sló jeg af meðgjöfinni, einkum með tilliti til þess, að jeg fann að mjer mundi veitast hægra að sjá fyrir fjölskyldu minni á þeim

stað, sem jeg nú er, og af því að jeg vonaði, að mjer mundi eins og að undanförnu veitast þóknun af landsfje samkvæmt ráðherrabrjefinu, sem jeg nýlega nefndi; því að jeg er mjer þess meðvitandi, að jeg hef ekki brotið af mjer þessa þóknun og nú hef jeg þetta ár haft meiri kostnað en vanalegt er, að því leyti, að jeg kom að því prestakalli, sem eigi er vel húsum skipað og sem jeg verð að leggja kostnað í að byggja upp; en jeg var áður búinn að byggja hús, og það eigi svo lítilsvert, fyrir kennslubörnin. Auk þess hefur sá erfiðleiki bætzt við, að í hitt eð fyrra dó maður, sem var mjer til aðstoðar við kennslu þessa, svo að jeg í haust eð var varð að taka aukakennara á minn kostnað. Af þessum ástæðum þykist jeg hafa meiri sanngirniskröfu til að fá að minnsta kosti sömu þóknun nú, sem að undanförnu, fyrir kennslu þessa; en jeg hef haft það gott af athugasemdum yfirskoðunarmanna, að landshöfðingi hefur í þetta sinn hikað sjer við að veita mjer þóknunina, og sannast í þessu, að jeg á að berjast við vanþakklæti þjóðar minnar fyrir það, sem jeg gjöri sem bezt jeg get. Af því að mjer tekur sárt til minna barna, enda þótt þau sjeu færri en börn fjárlaganefndarinnar, þá ætla jeg þó að halda áfram. Framsögumaður sagði, um leið og hann beindi að oss, að vjer værum eigi þingfærir, að vjer hefðum takmarkaðan sjóndeildarhring, það er nú reyndar náttúrlegt um oss, en þess ber vel að gæta, að vjer höfum eigi verið leiddir upp á auðæfafjall Íslands, og þess vegna hefur oss eigi þaðan verið sýndir allir fjársjóðir þess og þeirra dýrð sf framsögumanninum í fjárlagamálinu.

Björn Jónsson: Jeg er einn af þeim, sem ekki geta talið það svo hættulegt, að setja þessa athugasemd um amtmannaembættin inn í fjárlögin. Framsögumaður sagði, að það mundi skerða rjett konungs til að veita embætti, sem nefnd eru í 4. gr. stjórnarskrárinnar; þar stendur að eins: «Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til». Þetta er allt annað atriði en að stofna eða leggja niður embætti. Það er eigi annað, en að konungur er einráður um, hvaða mann hann skipar í hvert embætti; hann hefur rjett til að velja úr meðal sækenda. Hjer er nú eigi einu sinni farið fram á að leggja embættin niður, heldur að eins hógværlega haldið fram því, að skipa eigi þessi embætti föstum embættismönnum, ef þau losna, til þess síðar hægt sje, annað hvort að leggja þau niður, eða halda þeim áfram, hvort af þessu sem þing og stjórn þá verður heldur ásátt um. Þess er hjer að gæta, að stjórnin eða ráðherrann er ekki ódauðlegur, ráðgjafasessinn er, eins og kunnugt er, valtari en sæti nokkurra annara embættismanna; þótt ráðherrann, sem nú stendur fyrir Íslands málum, sje því fremur mótfallinn, að leggja þessi embætti niður, þá er eigi víst, að eptirmaður hans verði á sama máli; og þá er vissulega betra að hafa svo um hnútana búið, að þess sje kostur; það er með öðrum orðum, að eigi sje fastir menn í embættunum. Það er kemur til þeirrar mótbáru framsögumanns, að vinstri mönnum í Danmörku og stjórninni hafi lengi borið það helzt á milli, að þeir hafi viljað afnema embætti með fjárlögum og það hafi þrásækilega(?) orðið til þess, að stjórnin hafi neyðzt til að gefa út bráðabirgðarfjárlög, þá er það kunnugt, að það hefur alls einu sinni að borið síðan vinstri menn komu til sögunnar, að bráðabirgðarfjárlög hafi verið gefin út í Danmörku, og alls einu sinni í 25 árin síðustu, og bera Ríkisdagstíðindin með sjer, að það var af allt öðrum ástæðum. Mjer er líka alveg óskiljanlegt, að svo lítil þúfa geti velt svo stóru hlassi, að þessi litla athugasemd geti valdið því, að fjárlögin verði eigi staðfest af konungi. Sje alþingi varnað að fara þess á leit, að minnka hinn óhæfilega mikla landstjórnarkostnað, þá virðist mjer fara að verða lítið úr löggjafar- og fjárveitingarvaldi þess. Það er snertir athugasemd nefndarinnar um landshagsskýrslurnar, (12. gr. C. 8.) þá er jeg jafn ánægður, hvort umboðsstjórnin eða bókmenntafjelagið gefur þær út,

jeg vil að eins benda á það, að mjer finnst betur eiga við, að umboðsstjórnin gefi út þessar bláberu töluskýrslur, en að fjelag eins og bókmenntafjelagið noti þær svo sem hjálparrit (subsidia) til að semja eptir þeim vísindalegar hagfræðisritgjörðir. Jeg álít með öllu nauðsynlegt, að færa upp upphæðina til póstflutninga, eins og gjört er með breytingartillögunni við 11. gr. 2. Eins og kunnugt er, hafa póstar hjer lítil laun, og póststjórnin er í vandræðum að fá nýta menn til póstferðanna af því, hve launin eru lág, og nú hefur annar aðal pósturinn, sem er ötull og áreiðanlegur maður, sagzt verða að hætta, sökum þess, að hann gæti eigi staðizt kostnaðinn með þeim launum, er hann hefur. Það er því nauðsynlegt, að þessi breytingartillaga nái fram að ganga. Kostnaðurinn fer einlægt vaxandi, og þó útgjöldin til póstflutninga vaxi um stund, þá vaxa líka tekjurnar með tímanum, en menn geta ekki búizt við, að þess konar beri sig strax. Framsögumaður tók það fram, að það væri ekki rjett regla, að hækka útgjöld til þeirra stofnana, sem ekki bera sig, og í öðrum löndum væri það ekki gjört. En jeg er hræddur um, að ef bíða ætti hjer með hækkun tillagsins til póstgangna, þangað til póstflutningar fara að borga sig, þá yrði það æði langur tími. Þessari reglu er heldur eigi fylgt í öðrum löndum. Jeg vil t. a. m. nefna Norðmenn; þeir hafa eigi hikað sjer við að hækka útgjöld til póststjórnarinnar, þótt tekjurnar yxu eigi að því skapi. Árið 1855 voru tekjur hjá þeim af póstferðum 60,000 kr., en útgjöldin 55,000 kr., en 20 árum síðar, 1875, eru tekjurnar orðnar 1,536,000 kr., en útgjöldin 1,586,000 kr., svo að eigi hugsa þeir um að græða á þessari stofnun. Þeir eru framfaraþjóð og vita hvað þeir gjöra í þessu efni, vita, að það, sem lagt er í sölurnar til þess að efla samgöngur, og þá fyrst og fremst póstgöngur, það ber margfaldan ávöxt með tímanum, að minnsta kosti óbeinlínis. Sama er að segja um Englendinga; fyrir 40 árum færðu þeir niður burðargjald fyrir brjef og gjörðu það að lögum að taka jafnmikið hvort brjefin fóru langt eða skammt, eptir tillögum merkilegs manns, Rowland Hill; nam þetta svo miklu að árið 1839, síðasta árið, sem gamla burðargjaldið stóð, voru pósttekjur þeirra 2300000 £, en árið eptir, 1840, er hið nýja burðargjald var á komið, að eins 1300000 £; horfðu þeir eigi í þetta, því að þeir vissu, að með tímanum mundi þetta jafnast. Þetta segi jeg því til sönnunar, að það er eigi rjett, að hlynna eigi að neinni stofnun, fyr en hún borgar sig. Hvernig ætli að færi fyrir búmanninum, ef hann legði ekkert fje til jarðabóta fyr en þær færu að borga sig? Þær bæru sig víst seint á þann hátt. Það hefur hingað til verið haldið spart á til póstferða hjer á landi þeim til skaða, og útbúningur til þeirra hafður óhæfilega ljelegur, til þess að þurfa sem minnstu til að kosta. Það er kemur til þóknunar handa ritaranum, fyrir framgöngu hans til útrýmingar fjárkláðanum, sýnist það alls eigi rjettlátt, að færa hana meira niður, því að hann á mikla þökk skilið fyrir útrýming kláðans, og að reikningar hans hafi verið sanngjarnir, er fyllilega satt, sjer í lagi er þeir eru bornir saman við reikninga annara embættbættismanna. Þegar sýslumenn ferðast, taka þeir eigi minna en 6 kr. um daginn og reikna sjer þar að auki hátt kaup fyrir fylgdarmann og hesta handa honum, en hann hafði eigi fylgdarmann nema stundum bæ frá bæ. Sýslumenn hafa þó flestir miklu hærri laun. Um sama leyti sem landritarinn var á kláðaferðum, sátu tveir embættismenn í nefnd hjer í bænum, sem höfðu í embættislaun, annar 9 kr., en hinn 11 kr. um daginn, þó tóku þessir menn fyrir hvern dag 6 kr. fyrir þessa vinnu, sem þeir höfðu í hjáverkum sínum og gátu starfað að í makindum. Sömuleiðis sátu hjer tveir embættismenn í nefnd í fyrra, hafði annar þeirra í föst laun 17 kr. um daginn, en hinn 19 kr. þessir menn tóku líka 6 kr. fyrir hvern dag, meðan þeir sátu í nefndinni. Embættislaun ritarans voru 5 kr. um daginn. Þetta hygg jeg sje nægileg skýring til þess, að engum bland-

ist hugur um það, hvernig greiða skuli atkvæði um þetta atriði.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get eigi varizt því, að vera dálítið hugsjúkur um aðgjörðir nefndarinnar út af 6. tölulið. Jeg hef enn þá skoðun, að gengið sje nokkuð nærri vilja konungs, og jeg er hræddur um að ráðgjafinn ætli, að þingið telji sig betur vita vilja konungsins en hann. En framsögumaður huggar sig líklega með einhverjum pósti úr 25. gr. stjórnarskrárinnar. Þar stendur að greiða skuli fyrirfram útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, eins og þau verða ákveðin af konunginum. Jeg álít það því á konungs valdi að ákveða þessi gjöld, og álít að hann hafi gjört það með fjárlögunum. Þingmaður Reykvíkinga vill víst að jeg yrði á sig, og vil jeg þá minnast á ölmusurnar við prestaskólann, er hann leggur á móti að verði fjölgað, til þess að sýna, hve óvandur hann er að meðulum; hann sagði, að á þessu fjárhagstímabili yrðu þeir færri, er útskrifuðust úr latínuskólanum, en að undanförnu, það er eigi ætlandi, að hann segi slíkt af vanþekkingu, en sje það eigi, þá segir hann það móti betri vitund, því að þetta er ranghermt af honum; fyrra árið, jeg meina fjárhagsárið, sem hjer ræðir um, er ætlazt til, að 10 útskrifist, en 16 hið seinna. Síðan prestaskólinn var stofnaður, hafa eigi svo margir útskrifazt úr lærða skólanum sem eiga að útskrifast þetta síðara árið. Um fjeð til vísindalegra og verklegra fyrirtækja ætla jeg ekki að tala, því síður sem framsögumaður var farinn að hallast að því, að hækka það, en jeg ætlaði að minnast lítið eitt á kvennaskólana. Jeg hef setið þegjandi undir hinum áhrifamiklu ræðum framsögumanns, og eigi þorað að tala á móti. Jeg álít að menntun kvenna horfi mjög til framfara þjóðarinnar og varði því miklu, að vísu þykir mjer það mestu varða, að þær sjeu vel að sjer í kristindóminum, og jeg hef líka átt því láni að fagna í mínu prestakalli, að stúlkur hafa jafnaðarlega verið betur að sjer í honum en piltar. Mjer kemur eigi til hugar að greiða atkvæði á móti fjárveitingum til kvennaskóla, meðan þær eru hóflegar. Skagfirzki skólinn hefur nú mætt töluverðri mótspyrnu, og þó getur víst enginn sagt að styrkur sá, sem beðið er um fyrir hann gangi úr hófi fram. Það hefur verið tekið fram, að Reykjavíkurskólinn ætti að vera fyrir Suðurland, og Eyjafjarðarskólinn fyrir Norðurland, en reynslan hefur nú sýnt, að það getur eigi gengið; landsmenn geta eigi komið stúlkum sínum á þessa tvo skóla; löngunin er vöknuð hjá þeim að fá fleiri kvennaskóla, og það fer svo, að líkindum, að skóli verður í hverri sýslu. Jeg vil, að skólanum sje veittur hóflegur styrkur; skólinn í Skagafirði hefur lang minnstan styrk, og ef 1000 kr. eru hæfilegur styrkur fyrir Reykjavíkur og Laugalandsskólann, þá get jeg ekki sjeð, að 700 kr. styrkur sje of mikill fyrir Skagfirska skólann; hann hefur eigi jafngóðan forgöngumann og hinir skólarnir, en Skagfirðingar einir hafa sýnt fullt eins mikla rögg af sjer eins og Reykvíkingar, og Eyfirðingar. Það hefur verið sagt, að óheppilegt væri, að veita meira en beðið væri um, en má jeg spyrja, hefur verið beðið um þessar upphæðir fyrir hina skólana? Jeg held þó að veitt sje meira en um hefur verið beðið, þá sje það alls ekki rangt. Þess er líka að gæta, að menn eru misjafnt kurteysir í bænum sínum, sumir biðja ekki nema um það allra minnsta, er þeir geta komizt af með, en sumir þvert á móti. Jeg verð að halda því fram, að það sje ekki ástæða til að setja Skagfirðingaskólann hjá; jeg þekki til í Skagafirði, þar eru margar álitlegar og ungar stúlkur, sem vilja gjöra aðrar hluttakandi í menntun sinni, og jeg fyrir mitt leyti greiði atkvæði með því, að Skagfirðingaskólinn fái meiri styrk. Mig minnir, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu viki orðum sínum að framsögumanninum í prestamálinu í þá átt, að honum mundi kært, að fyrirlestrar prestaskólans yrðu prentaðir, og mun hann hafa fært prentun þeirra sem ástæðu fyrir því, að styrkurinn

til vísindalegra og verklegra fyrirtækja væri ríkaður, en jeg held, að það þyrfti þá að ríka hann til muna, ef prenta ætti alla fyrirlestrana, þó jeg reyndar viti, að ef eitthvað verður eptir, þá mun Norðlingur ljá því rúm, því að mig minnir, að í honum hafi komið útþýðingar á Nýjatestamentinu (!)

Eggert Gunnarsson: Jeg vil geta þess, að þar sem það var tekið fram, að kvennaskólinn í Eyjafirði væri að eins fyrir Eyjafjarðarsýslu, þá er það ekki rjett. Eins og framsögumaður sagði, var hann fyrst stofnaður í því augnamiði, að hann skyldi vera fyrir Norðlendingafjórðung, og þess vegna hefur mörgum eyfirzkum stúlkum verið neitað um inntöku í hann, svo að hann gæti lítt veitt móttöku stúlkum úr öðrum sýslum, enda hafa líka verið í honum stúlkur úr Þingeyjarsýslu, Húnavatnssýslu og Múlasýslum; sýnir þetta, að hann er ekki eingöngu fyrir Eyfirðinga. Hingað til hefur verið lítið húsrúm í honum, en nú í sumar er verið að bæta við bygging skólans, svo að hjer eptir getur hann veitt móttöku 20—30 lærimeyjum, og að vetri er ætlazt til, að verði 3 kennarakonur við hann; þarf hann því töluvert fje, og þess vegna hefur verið beðið um 1000 kr. og vona jeg, að eptir þeim áhuga og velvild, sem deildin hefur sýnt í þessu máli, að hún muni greiða atkvæði fyrir, að þetta fje sje veitt.

Friðrik Stefánsson: Jeg verð nú að svara nokkrum orðum «gæsinni, sem í gær flaug», sem sje ræðu hins háttvirta varaforseta viðvíkjandi kvennaskólanum í Skagafirði. Hann fór að ráðleggja mjer að vera með stórskólum, en að vera á móti smáskólum, og þá á móti skóla kjósenda minna; en þessa ráðlegging tek jeg ekki til þakkar, því að jeg álít það gagnstætt skyldu minni og virðingu. Líka er það á móti vilja og óskum kjósenda minna, svo sem sjá má af bænarskrá þeirri, er jeg hef haft til flutnings hjer á þing. Þetta ætti framsögumaður að bjóða þeim, sem eru í sama anda og hann, ef nokkrir væru, og sem hafa svo víðáttumiklar stjórnfræðislegar skoðanir, sem hann. Hann sagði og, að skólahúsið yrði eigi byggt fyrir það, þótt skólinn fengi 300 krónum meira. En þá er framsögumaður kominn í bera mótsögn við sjálfan sig, eptir því sem honum fórust orð í fyrri ræðu sinni, því að þá var hann aldrei búinn að útlista það nógu vel fyrir deildinni, hve kvennaskólinn skagfirzki væri auðugur; en nú er skólinn allt í einu orðinn svo fátækur, að þótt hann fái 300 kr. meira, þá gæti hann eigi byggt sjer hús, og er næstum að skilja orð framsögumanns svo, sem skólinn verði fátækari af þessari 300 króna veitingu. Þessi ástæða hans er því ekki svaraverð. Annars er það merkilegt með hinn háttvirta framsögumann, að mjer virðist einhver einveldisblær skína út úr orðum hans og atkvæðum, og verður hann þó að játa, að það á eigi vel við fyrir hann síðan árið 1874, þegar vjer fengum stjórnarskrána; en þetta kemur má ske til af því, að hann er getinn, fæddur og upp alinn undir einveldinu, eða, sem vjer köllum, í erfðaeinvaldssyndinni gömlu. Þó mig furði á þessu, þá furðar mig þó meira á því, að framsögumaður skuli gjöra eins lítið úr þjóðarviljanum sem hann gjörir, og þó allra mest á því, að hann skuli dirfast, valdalaus maður, að bera það á borð fyrir þingdeildina, þar sem hann um daginn svo að segja kallaði mig og 2. þingmann Húnvetninga til rjettar fyrir það, að við vitnuðum til vilja þjóðarinnar, því það get jeg sagt framsögumanni, að sá bóndi, sem á hjeraðsfundi í Skagafirði talaði sem framsögumaður um þjóðviljann, þætti óhæfur til að vera á hjeraðsfundi, en við því er ekki hætt um skagfirzka bændur, nje Skagfirðinga yfir höfuð, að þeir hafi svo lítils háttar eða lágan hugsunarhátt, að þeim komi slíkt til hugar. Þar sem fram-

sögumaður bar mjer á brýn, að jeg eigi mundi hafa víðáttumiklar stjórnfræðislegar skoðanir, þá frásegi jeg mjer slíkar athugasemdir hans framvegis, því þó hann sje lærður maður, þá get jeg ekki, eptir því sem hann kemur fram, álitið, að hann standi á hærra stigi sem menntaður maður, en því, er menn kalla «meðalverð allra meðalverða», og eptir þessu áliti mínu mun jeg svara framsögumanni í hvert skipti, sem jeg álít þess þörf, en alls ekki ganga í neinn skóla hjá honum. Að endingu er jeg þess viss, að hinir frjálslyndu framfaramenn hjer í deildinni muni veita kvennaskólanum í Skagafirði styrk þann, er jeg hef farið fram á, án þess að taka nokkuð til greina hinar miður góðgjörnu tillögur framsögumanns í máli þessu.

Tryggvi Gunnarsson: þegar fjárlögin voru til 2 umræðu, þá var ekki komin áætlun um ferðir póstgufuskipsins, en þessari áætlun er nú útbýtt, og vona jeg að þingmenn hafi kynnt sjer hana. Jeg veit ekki, hvort þingmönnum líkar vel, að þessar áætlanir eru þrjár alls, og því síður, hvernig þeim fellur í geð, hvernig ferðum skipanna er hagað. I fyrra voru sumir óánægðir með, að nefndin samdi þá 2 áætlanir, af því þeir voru hræddir um, að stjórnin mundi velja þá, sem verri var til afnota fyrir landsmenn; þess vegna mun sumum að líkindum mislíka, að áætlunirnar eru nú þrjár, en nefndin gjörði þetta til þess, að deildin hefði nú um að velja fleiri en eina áætlun, því á hennar valdi er, að láta eigi frá þinginu fara fleiri áætlanir en hún álítur hentugt fyrir málið. Jeg hef litlu við nefndarálitið að bæta. Nefndin hefur helzt viljað mæla með þeirri áætlun, sem merkt er Nr. 1., af því hún yfirgrípur hvorttveggja, að hún er bæði hentug, og mest líkindi til, að ferðirnar geti nokkurn veginn borið sig. Þetta tvent er það, sem helzt þarf að taka til greina. Báðar áætlanirnar Nr. 1 og Nr. 2 hafa þann kost, að þær eru hentugar fyrir farþega, sem vilja fara með skipunum, en að Nr. 2 er það, að minni líkindi eru til, að ferðirnar geti borið sig, þegar þeim er hagað samkvæmt henni. Þegar að því er gætt, að flutningur með seglskipi kostar vanalega 48 kr. fyrir hverja lest, en með gufuskipi 50—60 kr., þá skyldu menn hugsa, að ólíklegt sje, að kaupmenn noti fremur gufuskipið en seglskip til að senda vörur með þeim, en það er aðgætandi, að ábyrðargjaldið með gufuskipi er minna, og ferð gufuskipsins er vanalega fljótari. Þess vegna standa kaupmenn sig eins vel við, að nota gufuskipið, þegar það gengur beina leið. En ef leggja á vörurnar upp í Reykjavík, og svo annað gufuskip að taka við þeim þar, og flytja þær svo kringum land til afhendingarstaðarins, þá bætist við aðal flutningsgjaldið milli landa, það sem greiða þarf fyrir flutninginn hafna á milli, og hefur það vanalega verið helmingur hins. Ef flutningsgjaldið milli landa t. d. frá Kaupmannahöfn til Reykjavikur er 60 kr. fyrir hverja lest, þá verður flutningsgjaldið frá Reykjavík til afhendingarstaðarins 30 kr., allt svo samtals 90 kr. Eptir þessu er auðsjeð, að mjög lítil líkindi eru til, að kaupmenn noti þessar gufuskipsferðir að miklum mun, þegar flutningurinn er svo miklu dýrari, heldur en, ef þeir flyttu vöruna beina leið með seglskipum sínum. Mönnum þykir máske bregða fyrir kaupmannsanda hjá mjer, en jeg fullvissa þingmenn um, að jeg horfi á þetta mál að eins frá landssjóðsins hlið; því þegar ferðirnar eru lítið notaðar, hljóta þær að verða allt of dýrar fyrir landssjóðinn, og þess vegna þarf að hafa tillit til þess, hvort kaupmenn geta notað skipið. Jeg hef hjer skýrslur í höndum frá skipstjóra Wandel, sem áður var á Díönu, um hvað tekjurnar af ferðunum voru fyrir hvert árið; jeg vil taka til dæmis árið 1877, sem var þó meira en

meðalár, hvað tekjurnar snertir, og allt gekk þá í góðu lagi. Þá voru tekjurnar af ferðum skipsins 34,450 kr.; þar af 27,850 kr. fyrir flutning milli landa, en einungis 6,600 kr. fyrir flutning milli hafna á landinu. Þetta sýnir, að engin von er um, að ferðirnar geti borið sig fyrst í stað, ef skipið er að eins látið ganga kringum strendur landsins. 4,400 kr. komu inn fyrir farþega milli hafna, en að eins rúmar 2,200 kr. fyrir vöruflutninga hafna á milli. Fyrir vöruflutninga milli landa kom 15,000 kr. og í farþegagjald 12,850 kr. Jeg vona því, að deildin ekki lái nefndinni, þó hún helzt vilji ráða til þess, að áætlunin Nr. 1 verði samþykkt; það er hennar föst skoðun, að sú áætlun sje haganlegust fyrir landsmenn. Ferðunum er svo hagað, að skólapiltar geti komizt með skipinu fyrst í júlí, því að jeg vona, að stjórnin breyti svo skólaárinu eptir óskum manna, að það endi síðast í júnímánuði. Það ár, sem alþingið stendur, er ætlazt til, að þingmenn geti komizt með skipinu síðast í júní til Reykjavíkur og þaðan aptur seinast í ágústmánuði. Sömuleiðis er ferðunum svo hagað, að kaupafólk geti notað skipið. Hitt álít jeg smámuni, að tala um á þessum stað, hvar skipið kemur og hvað opt á hverja smáhöfn; um það atriði verða seint allir á eitt sáttir, því það er eðlilegt, að hver þingmaður vilji, að skipið komi sem optast í sína sýslu. Jeg skal að eins geta þess, að nefndin hafði það fyrir aðalreglu, að ákveða ekki, að skipið kæmi haust og vor á þá staði, sem hættulegar hafnir eru, því að það hefur valdið mikilli óánægju, þegar skipið hefur hlaupið fram hjá þeim höfnum, sem því var ætlað að koma á, og þar sem fólk beið eptir því — hvort það hefur verið af nauðsyn eða ekki, skal jeg láta ósagt um. Þetta hefur nefndin viljað fyrirbyggja, með því að ætla skipinu ekki að koma á aðra staði, en sem með nokkurn veginn vissu má búast við að það geti komizt á. Nefndin hefur lauslega tekið fram, að ekki sje hentugt, að skylda farþega til að kaupa fæði, nema ef til vill á 1. plássi, og milli landa; sömuleiðis, hvað mikið rúm þurfi handa farþegum. Jeg vona, að stjórnin taki tillit til þess, og yfir höfuð sjái um, að ferðirnar með skipunum verði ekki dýrari, heldur en ef menn ferðast sýslna á milli yfir land, því við það missti skipið tekjur í fargjaldi. Það er á deildarinnar valdi, hverja áætlanina hún vill samþykkja; hún getur fellt Nr. 2, ef hún treystir stjórninni til að ganga að Nr. 1. Það sem gjörði í hitt eð fyrra, að stjórnin gat ekki fallizt á áætlun þingsins merkt A, þrátt fyrir það að ráðgjafinn og landshöfðinginn lögðu sín beztu meðmæli þar til, var, að sá maður, sem ræður mestu í gufuskipafjelaginu, neitaði að láta aðalpóstskipið ganga norður fyrir landið, en stjórnin var bundin við hann með samningum til 1881, svo hún gat engu umþokað þá. Nú er bót í máli, að þessi maður hefur verið hjer fyrir skömmu og sjeð áætlun nefndarinnar Nr. 1; hann hefur tjáð sig fúsan til að fylgja því, sem þar er ákveðið, ef stjórnin fyrir sitt leyti væri því ekki mótmælt. Að svo mæltu skal jeg ekki að sinni tala meira um þetta mál, því að til þess verður tækifæri seinna, þegar þetta mál verður sjerstaklega tekið til umræðu og skal jeg þá minnast á ferðaáætlunina Nr. 3; jeg vildi að eins gefa deildinni þessar upplýsingar áður, en gengið er til atkvæða um tillagið til gufuskipsferðanna.

Jeg vil þá minnast nokkuð á einstakar breytingaruppástungur, sem hjer liggja fyrir. Það hefur verið rætt um tölul. 5, breytingartillögu landshöfðingjans við 6. gr., um 2000 kr. til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi. Jeg skal ekki fara langt út í þá sálma, en einungis geta þess, að mjer finnst ekki umræðurnar um þetta atriði hafi hneigzt í rjetta stefnu. Það er ekki aðalatriðið, hvort þessi upphæð á að standa línu ofar, eða línu neðar; ekki

heldur kemur hjer til greina, hvort þetta er sparnaður eða ekki, því ef konungsúrskurður kemur fyrir þessum útgjöldum, þá hlýtur þingið orðalaust að veita þetta fje. Jeg vildi hafa óskað, að umræðurnar frá fyrsta hefðu hneigzt í þá átt, að það væri vilji þingsins, að fulltrúi stjórnarinnar fengi meira vald og meiri umráð til að semja við þingið, hvort sem það væri landshöfðinginn eða annar, og að þetta sæist berlega. Ef þetta hefði orðið árangurinn af umræðunum um þetta atriði, þá skyldi jeg vera þakklátur fyrir það, og álít, að umræðurnar hefðu þá leitt til nokkurs gagns, en jeg hef ekki trú á, að landið spari þessar 2000 kr. fyrir þessar umræður, og álít það lítils virði hjá því, ef hitt hefði fengizt.

Annað, sem mikið hefur verið rætt um, er hvort heppilegt sje að bæta við athugasemdinni um amtmannaembættin, að þau veitist ekki föstum mönnum, ef þau losna á fjárhagstímabilinu. Framsögumaður hefur sagt, að ef þessi athugasemd verði tekin inn í fjárlögin, þá sje hætt við, að ráðgjafinn neiti að samþykkja þau. Þetta get jeg ekki í minnsta máta óttazt. Ráðgjafinn hefur svo opt sýnt það berlega, að hann vill í ýtrustu lög ráða til að samþykkja þau lög, sem alþingið gefur út; um það bera ljósastan vott hinar mörgu uppástungur til breytinga á nýjum lögum, sem koma bæði nú og á fyrra þingi. Afleiðingin af því er sú, að þrátt fyrir allan þann kurr og óánægju, sem í fyrstu var hjá mönnum út af stjórnarskránni, þá eru nú bráðum liðin 6 ár og 3 þing, án þess að þingið hafi tekið hana fyrir til breytingar. Stjórnarskráin er þó hin sama, hún er hvorki verri nje betri en hún í fyrstu var, en aðalorsökin til þessa er sú, að ráðgjafinn hefur svo vel og liðlega tekið undir óskir þingsins, sem þjóðin öll og vjer þingmenn megum vera honum mjög þakklátir fyrir. Það er því ekki líklegt, að hann, svo skarpgáfaður og frjálslyndur maður, taki það óhappa ráð, að ráða konungi til að samþykkja ekki fjárlögin fyrir þessa aumingja meinlausu athugasemd, því að þá væri það víst, að þingið mundi taka fyrir stjórnarskrána. Jeg skil ekki í því, að framsögumaður skuli koma með þess konar grýlu á þingið; því að þá er vald alþingis lítið, og fjárveitingarvald þess veikt, ef löggjafarþing Íslands getur ekki sagt við ráðgjafann á þessa leið: «jeg álít, að stjórn landsins geti farið í góðu lagi án amtmanna, vil jeg því spara laun þeirra og verja því fje til annars þarflegra í landinu, og því bið jeg þig að skipa ekki þau embætti föstum mönnum, ef þau losna á fjárhagstímabilinu; jeg ætlast ekki til, að þú afnemir þau embætti strax; gefðu þjer góðan tíma og gjörðu allan nauðsynlegan undirbúning áður, við veitum fjeð á meðan». Ef svo er, að vald þingsins sje svo lítið, að það geti ekki sagt þetta, og fjárlögin fyrir þá skuld ekki verði samþykkt, þá er bezt að fletta strax ofan af því, en þá mun ekki líða á löngu, að stjórnarskráin verði alvarlega tekin fyrir, og það eigi ef til vill með þeirri hægð og stillingu, sem verið hefur og vera ætti. Hvað snertir laun sýslumannsins í Húnavatnssýslu, þá vil jeg ekki setja mig á þann háa hest, og álíta að jeg hafi lagavit til að skera úr því, en jeg vil segja, að mjer sýnist sá skilningur liggja næst, að hann ekki hafi rjett til þessara launa, og að það sje persónan, sem miða á við eptir sýslumannalaunalögunum, en ekki embættið, þegar reikna á út meðaltalið af launanum í 5 næst-undanfarin ár, en jeg álít þó rjett, að dómstólarnir skeri úr þessu, svo ekki verði sagt, að þetta hafi verið samþykkt af því, að hann á marga vini hjer á þingi, sem eigi hafa viljað eða þorað að greiða atkvæði móti honum. Þess vegna mun jeg greiða atkvæði með breytingu nefndarinnar við 9. gr. B. 1. Hvað snertir þóknunina til Jóns Jónssonar landritara, fyrir frammistöðu hans

í kláðamálinu, þá er mjer sama, hvort reikningar hans eru sanngjarnir, eptir því sem sumir segja, eða þeir eru ósanngjarnir, eins og nokkrir aðrir bera fram; jeg lít einungis á, hvað þetta mál hefur kostað oss mörg þúsund krónur í 20 undanfarin ár, og að þessi óvættur skuli nú yfirstiginn fyrir dugnað þessa manns. Jeg er honum því svo þakklátur, að jeg mun hiklaust gefa atkvæði með 1000 kr. þóknun handa honum, í þessu skyni. Sömuleiðis mun jeg greiða atkvæði með breytingaratkvæðinu við 11. gr. 2. um kostnaðinn til póstflutninga. Til þingsins hefur komið bænarskrá frá norðan- og vestan-póstunum um hærri laun, og hef jeg verið beðinn að flytja hana. Það er sannfæring mín, að landið eigi ekki að spara fje við póstgöngur, og jeg álít ekki rjett, það sem framsögumaður sagði, að draga ætti fje við póstana, á meðan póstgöngurnar ekki borguðu sig. Það væri eins og að segja við sjómanninn, þegar hann kemur að landi þreyttur og lúinn á kvöldin og hefur ekkert fiskað: nú færð þú ekkert að borða í dag, fyrst þú hefur ekki fiskað fyrir fæði þínu. Það kemur ekki póstunum við, hvort póstferðirnar launa sig eða ekki; þeir eiga að fá sitt fyrir ferðirnar, svo þeir sjeu skaðlausir, og jeg álít það, hagfræðislega skoðað, beinan skaða fyrir landið, að launa góðum póstum svo lítið, að þeir neyðist til að hætta, og svo verði að taka annan ljelegan mann fyrir póst; auk þess, sem þetta er ein hin erfiðasta staða, sem til er á öllu Íslandi. Jeg vildi leyfa mjer að leggja til, að norðan- vestan- og austan-póstarnir fengju 100 kr. hver í viðbót fyrir 2 vetrarferðir sínar. Hvað kvennaskólana snertir, þá á að hlynna að þeim, eptir minni skoðun, en samt innan vissra takmarka. Mjer finnst ekki skoðanir manna alveg rjettar, þegar þeir tala, eins og það sje aðalspurningin, hvort spara á nokkur hundruð krónur. Aðalatriðið er, hvort vert er að styrkja þetta fyrirtæki duglega, og það vona jeg engum blandist hugur um, þegar hann íhugar, hver starfi konunnar er. Hún á að sjá um uppfræðing og uppeldi barnanna, um hreinlæti og reglu á heimilinu, og drýgindi í öllum matartilbúningi; hver sem kemur á hreinlegt og hirðusamt heimili, hlýtur að játa, að það er nokkurra króna virði það starf, sem konan hefur á hendi, og að vel er gefandi nokkur 1000 krónur, til að bæta það. Annað spursmál er það, hvort hentugt er, að breiða þessa skóla út um allt, og hafa þá í hverri sýslu, því að þá er hættara við, að kennslan verði ekki jafn fullkomin, eins og ef einn öflugur skóli væri settur á stofn í hverju amti. Jeg mun greiða atkvæði með hæstu upphæð til skólanna í Reykjavík og á Laugalandi, og eins mundi jeg gjöra, ef skólar væru stofnaðir á Vesturlandi og á Austfjörðum. Að endingu vil jeg minnast á upphæðina til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, hvort hún á að vera 4000, 6000 eða 8000 kr.; jeg mun greiða atkvæði með 6000 kr., til þess að fara meðalveginn, en ekki með 8000 kr.; eigi samt af því, að jeg ekki trúi landshöfðingja til að verja fjenu vel, því að jeg álít hann ósjerdrægan og góðan fjehirði landssjóðsins, þrátt fyrir það, sem lesið var upp í gær, og átti að sanna hið gagnstæða. Það hafa komið fram margar útásetningar og kaldyrði um aðgjörðir hans, og hvernig fjenu hefur verið varið, en þar á móti engin hlýindi, sem mjer hefur stundum fallið illa. Jeg álít það því skyldu mína, að lýsa yfir ánægju og trausti til landshöfðingja fyrir það, hvernig hann hirðir um fje landsins. Þar á móti er jeg síður ánægður með, hvernig ráðherrann hefur varið sínum hluta fjárins, en jeg eptirlæt endurskoðunarmönnum að tala um það.

Arnljótur Ólafsson: Eptir ræður hins háttvirta framsögumanns á jeg hægra með að taka aptur 24. og 25. tölulið, og ætla mjer það með samþykki meðuppástungumanna minna. Þessar 800 kr. í stað 1000 kr. settum við í því skyni að stilla til hófs, en þegar jeg sje viðauka þann eða skilyrði, sem nú er sett inn, felli jeg mig enn betur við 1000 krónurnar. Hvað Laugalandsskólann snertir gagnvart Skagafjarðarkvennaskólanum, þá er fyrst að athuga, að hann er eins vel skóli fyrir 2 sýslur eins og hinn er fyrir 1; hann hefur húsrúm fyrir allt að 30 stúlkur, þar sem hinn gat að eins rúmað 5 eða 6. Jeg hygg víst, að Múlasýslumenn sendi nokkrar námsstúlkur til Laugalands-skólans, — nema einhver kjósi heldur að senda stúlku til Reykjavíkur — og verður þá skólinn kvennaskóli fyrir Eyjafjörð, Þingeyjarsýslu og Múlasýslurnar, eða 3—4 sýslur. Skagafjarðarskólanum þykir mjer sanngjarnt að veita 700 kr.; hann er fátæk stofnun, sem nú er að berjast við að koma sjer upp húsi. Annars er hann stofnaður upphaflega á opinberan hátt, eða fyrir aðgjörðir og styrk sýslunefndarinnar, þar sem Laugalandsskólinn fyrst er privat-stofnun og má heita eingöngu að þakka einstökum dugnaði, áhuga og forgöngu eins manns, er allir þekkja hver er, og svo á síðan gjöfum og örlæti hjeraðsmanna og samskotum utanlands og innan. Nú er hann samt orðinn opinber stofnun. Svipað má einnig segja um kvennaskóla Reykjavíkur. Virðist mjer báðir þessir skólar, sem svona hafa fengið vöxt og viðgang, eiga sæmileg hús og hafa góða kennara, eigi að hafa jafnt tillag, sem mjer virðist rjettast að sjeu þessar 1000 kr. til hvors, með því skilyrði, sem nú verður borið undir atkvæði. Þá kemur breytingin við 30. tölul., 12. gr. C. 8., tillagið til bókmenntafjelagsins, sem við settum í 1000 kr. Þessa breyting lögðum við til í því skyni, að hún vægi salt milli 2000 krónanna og 600 kr., sem við heyrðum að aðrir hefðu stungið upp á. Jeg skal líka taka aptur þessa breyting. Jeg trúi bókmenntafjelaginu til að nota vel veittan fjárstyrk, eins og það er mönnum skipað og sýnir alla góða viðleitni, enda vona jeg, að menn muni á sínum tíma fást til að kíkja eins djarflega í þess fjárhaldsreikninga, eins og gert hefur verið í landsreikningana. Hvað snertir 14. gr. b., 6000 krónurnar til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þá hafa þær 2000 kr., sem við áskildum ráðgjafanum, valdið hneyksli. Skal jeg þá gjarnan biðja leyfis, ef uppástunga landshöfðingjans fellur, að taka aptan af þessari grein þessa hneykslunarhellu. Jeg vildi sízt gefa tilefni til, að ráðgjafa Íslands yrði sýndur hinn minnsti ójöfnuður eða jafnvel ókurteysi, því að eptir minni, og jeg hygg flestra skoðun, hefur hann unnið sjer til lofs og vinsælda með velvild sinni og frjálslyndu breytni við oss. Breytinguna við 12. gr. B. III. b., um kennarana í söng og fimleikum, vil jeg ekki taka aptur. Sje ekki styrkur veittur til þess, að gefið sje út boðsrit, líkt þeim, sem rektor hefur nýlega gefið út með orðasafni, og sem eru til sóma bókmenntum vorum, þá get jeg ekki lagt til, að 4—6 krónur sjeu borgaðar fyrir tímann fyrir kennsluna í söng og fimleikum. Hvað breytingar-auminginn við 9. gr. A 1. snertir, hefur þingmaður Strandasýslu og 1. þingmaður Suðurþingeyjarsýslu fært nægar ástæður með henni; en jeg vil þó bæta við einni. Framsögumaður ber kvíðboga fyrir því, að fyrir þessa breytingu muni ráðgjafinn neita að samþykkja fjárlögin. Jeg vil biðja framsögumann að jafna saman báðum liðum í þessum uppástungum, vorri og hans sjálfs, og vita hvort þeir eru ekki sviplíkir. Framsögumaður vitnar til ríkisdagsins í Danmörku. Hvers vegna komu út bráðabirgðarfjárlög í Danmörku í fyrra? Af því engin fjárlög voru þar til. Annars

er okkar stjórnarskrá í þessu atriði miklu heppilegri og frjálsari en grundvallarlög Dana, og þarf jeg eigi annað en benda á 28. gr. stjórnarskrárinnar og 19. gr. þingskapanna. Að segja, að rjettur konungs sje skertur með þessari athugasemd, finnst mjer ástæðulaust. Skoðum t. d. fjárveitingarvald alþingis. Eptir stjórnarskránni hefur þingið rjett til að neita öllum fjárveitingum, en það er að eins í orði eða að forminu til, því í raun rjettri eða de facto er þessi rjettur takmarkaður af ýmsum lögum og reglum, til dæmis launalögunum. Þingið hugsar eigi til að neyta rjettar síns í þessari grein út fyrir takmörk hófs og siðsemdar; á sama hátt hugsar konungur heldur eigi til að neyta þess eða þess valds, sem honum er veitt í stjórnarskránni fram yfir rjett hóf. Lagavald er annað vald en siðferðisvald. Eins og enginn vill ráða þinginu til að samþykkja það, sem er á móti stjórnarskránni, eins vil jeg vona, að stjórnin ekki beiti 4. gr. stjórnarskrárinnar þvert ofan í vilja og atkvæði þings og þjóðar. En ef rjettur konungs er skertur með því, að ekki má veita amtmannaembættin föstum embættismanni, hvað á þá að segja um athugasemdina um landritarann? Jeg veit, að framsögumaður hefur sett hana í trausti til orða landshöfðingjans, en þá vil jeg spyrja: er landshöfðinginn þá sannur og og fullkominn fulltrúi stjórnarinnar til að semja við þingið, og hvernig fer svo? En jeg skal ekki fara út í þá sálma, heldur minnast á annað. Þingsályktunin á síðasta þingi, að aftaka þessi embætti, og brjef ráðherrans sýnir það, að landshöfðinginn var þess hugar, að amtmenn væru eigi ómissanlegir. En «hvernig fór kötturinn, Siggi?» Mjer finnst sem ástæður hins heiðraða framsögumanns í þessu atriði styðjist fremur við skáldleg en stjórnfræðisleg rök, enda er og ekki tiltökumál, þótt hinn skarpi og fróði þingmaður skjótist við og við inn í «diktaranna» tölu.

Framsögumaður: Jeg ætla fyrst að snúa mjer að breytingaratkvæðinu undir 6. tölul., sem sumir af eigendunum kalla «aumingjalegt», en hinir «meinlaust». Út af þessum breytingaratkvæðum hafa hinar löngu og skemmtilegu umræður sprottið; það hafa 3 þingmenn knjesett þessa breytingartillögu: 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, sem er hinn eiginlegi flutningsmaður breytingartillögunnar, 1. þingmaður Suðurmúlasýslu, meðnefndarmaður minn, og hinn þriðji, hinn löglærði þingmaður Strandamanna, sem fyrir skemmstu hefur verið í Danmörku, og sem er svo fróður um ástand og fyrirkomulag allra ríkja í Norðurálfunni; hann var nú svo góður, að gefa mjer skýringar um, hversu rángt jeg hermdi orsökina til bráðabirgðarfjárlaganna í Danmörku. En mig furðaði á því, að þingmaðurinn skyldi eigi benda á það, að einmitt ein orsökin til þess, að fjárlögin gátu ekki skapazt og eigi orðið samþykkt, var sú, að ríkisþingið vildi eigi veita allt það fje, sem þurfti til amtsstofunnar í Krónborg, eða með öðrum orðum vildi, eins og hinir heiðruðu feður athugasemdarinnar, breyta embættaskipun með fjárlögum. Þetta hefði þingmaðurinn átt að benda á, hann sem nú er nýkominn frá Danmörku, og hefur fært með sjer fjársjóð lærdóms og fróðleiks, og hann, sem þess vegna öllum fremur ætti að leiða deildina í anda og sannleika. Þá ætla jeg að snúa mjer til þess þingmanns, sem er hinn eiginlegi faðir þessa «aumingjalega» breytingaratkvæðis, nfl. til 1. þingmanns Norðurmúlasýslu. Það hefur borið minna á því nú í dag en áður, að þessi breytingaruppástunga er sprottin af ágreiningi milli tveggja mikilla manna; annar þeirra er 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, en hinn er ráðherra Íslands. Þingmaðurinn kom með þingsályktun um þetta efni á þinginu 1877, og voru margir þingmanna samdóma henni. Jeg var samdóma þingmanninum um það, að með tímanum, þegar

búið væri að breyta sveitarstjórnarlögunum, væri ekkert á móti því, að af nema amtmannaembættin, en eigi á þennan hátt í fjárlögum. Þennan ágreining er að lesa í ráðherrabrjefi því, er vitnað var til í gær, og þar sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sýndi, að ráðherrann væri að verja sig gagnvart þingmanninum. Það er því von, að þingmaðurinn vilji svara ráðherranum. En spurningin er: hvar á hann að svara honum? Á hann að gjöra það í fjárlögunum? Og allra sízt ætti þingmaðurinn að leggja mikið kapp á að koma með þetta svar í fjárlögunum, þegar hann sjálfur játar, að það sje «meinlaust og aumingjalegt». Hann ætti miklu fremur að koma með það sem breyting á sveitarstjórnarlögunum, eða sem nýja þingsályktun, því að jeg get vel ímyndað mjer, að þingið mundi samþykkja hana, ef hún væri hógvær og hófleg. En þegar þingmaðurinn bætir gráu ofan á svart, og vill fá deildina til að trúa því, að hann gjöri þetta til þess, að spara fje landssjóðsins, þá neyðist jeg til að sýna fram á, hve ljettvæg þessi ástæða er. Væri nú svo, að stjórnin samþykkti fjárlögin með þessari athugasemd, þá gæti hún eptir sem áður sent menn úr stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn, og sett þá í amtmannaembættin, í stað þess að setja aðra menn, er sitja í öðrum embættum; og mundi þá einn eyrir sparast? Jeg held ekki, því að jeg get eigi sjeð, að stjórninni væri eigi heimilt að skipa þessa menn í embættin með fullum launum; og þar sem þessi lög gilda eigi nema fyrir fjárhagstímabilið, þá getur stjórnin eptir 2 ár (1. janúar 1882) sett fastan mann í embætti þessi. Þessi röksemd þingmannsins er því lítils virði. Það er önnur athugasemd, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu kom með, nfl. að þótt viðaukaatkvæði þetta væri samþykkt, þá blandaði þingið sjer þar fyrir eigi inn í veitingarvald konungs, sem honum er heimilað í 4. grein stjórnarskrárinnar. En jeg verð þó að ætla, að þingið hafi nokkur afskipti af þessu valdi, sem konungurinn hefur, þar sem það setur hann fyrir, að embætti þessi megi veita í 2 ár; en jeg játa, að þessi afskipti eru lítil, og minni, en ef þingið segði, að embætti þessi skyldu af nemast með öllu. En sem þingmaðurinn bregður mjer um, að jeg sje sjálfum mjer ósamkvæmur, þar sem jeg hafi undir 9. gr. A. 1. smeygt þeirri ákvörðun inn í fjárlögin, að landritaraembættið skyldi leggjast niður, er það losnaði, þá er ólíku saman að jafna, því að landshöfðinginn, sem fyrstur manna var hvatamaður til þess, að landshöfðingjaritaraembættið væri stofnað, hefur látið í ljósi, að hann væri ánægður með, þótt það væri dregið inn, en aptur á móti hefur hann fastlega ráðið frá því, að amtmannaembættin yrðu lögð niður. Jeg er viss um, að þessi eina athugasemd er nóg til þess, að gjöra götuna ógreiðari og örðugri fyrir fjárlagamálið, og ef efri deildin nemur þessa viðbót burtu úr frumvarpinu, þá er ekkert líkara, en að vjer fáum fjárlögin til baka. Um breytingaratkvæðið undir 5. tölulið talaði 2. þingmaður Gullbringusýslu með þeim skarpleika og kunnugleika sem honum er svo eiginlegur. Hvað æskilegt sem það annars kynni að vera, að veita þessar 2000 kr. til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þá er það þó alveg óformlegt, að draga það frá hjer á þessum stað; því að hjer á eigi að draga önnur útgjöld frá, en þau, er konungur ákveður. En jeg lái eigi 2. þingmanni Gullbringusýslu, þótt hann vilji draga þetta fje af landshöfðingja. Jeg fyrir mitt leyti skal eigi vera á móti þessari veitingu, ef efri deildin telur fje þetta með útgjöldunum til alþingis, og bætir þessum útgjaldalið inn í 8. grein. 2. þingmaður Gullbringusýslu talaði einnig um prestaskólann og læknaskólann, og bar þá saman og benti á, að læknaskólanum væri ívilnað meira en prestaskólanum. Jeg hef nú leitað

mjer nákvæmra skýringa með tölum um þetta efni. Við læknaskólann eru 3 ölmusur, sem eru til samans 600 kr., og 3 húsaleigustyrkir 240 kr.; þetta er samanlagt 840 kr. Hinir reglulegu lærisveinar á læknaskólanum voru skólaárið 1878—79 5 að tölu, og þegar þessum 840 kr. er deilt með 5, þá koma út 168 kr., sem hver lærisveinn fær. Hvernig er nú þessu varið á prestaskólanum? þar eru 4 ölmusur, sem verða 800 kr. og auk þess renturnar af prestaskólasjóðnum 200 kr., sem til samans verða 1000 kr. Þar að auki er að telja 9 húsaleigustyrki, sem verða 720 kr.; svo að allt það fje, er prestaskólinn hefur, er 1720kr., og þegar þessari upphæð er deilt með 9, sem var lærisveinatalan á prestaskólanum síðastliðið ár, þá koma út 191 kr., og hefur þannig hver prestaskólalærisveinn haft síðastliðið skólaár 23 kr. meira af opinberu fje, en lærisveinar læknaskólans. Þetta var ein af þeim skýringum, sem 2. þingmaður Gullbringusýslu helði getað útvegað sjer, áður en hann fór að setja út á aðgjörðir nefndarinnnar. Því, sem þingmaðuriun sagði um fjárveitinguna til kvennaskólanna, hefur verið nægilega svarað. Þingmaðurinn endaði ræðu sína með einni hugvekju, sem var svo fögur. Þingmaðurinn hefur sjálfur sýnt þessa stöku kurteysi, þar sem hann bað fyrst um 8000 króna lán úr landssjóði til að byggja Garðakirkju, og síðan aptur um 2000 króna lán; og það var sami þingmaðurinn, sem hjerna um árið vildi gjöra landssjóðinn að fátækrasjóði Álptaneshrepps. 1. þingmaður Skaptfellinga spurði mig, hverju það sætti, að jeg væri á móti breytingaruppástungunni undir 14. tölul. við 12. gr. A. b. 1, um að uppbótin handa fátækum brauðum sje færð upp í 7000 krónur, og spurði hann mig, hvernig ætti þá að fara að, ef prestakallamálið eigi næði fram að ganga. Hjer til skal jeg svara því, að ef þessar 7000 krónur standa á fjárlögunum, og prestamálið nær fram að ganga, þá er þessi upphæð tiltekin bæði hjer í fjárlögunum og í prestalögunum, sem nefnd eru í 17. eða 18. gr. fjárlaganna og þá yrði þessi fjárveiting tvöföld. Þetta er orsökin til þess, að breytingaruppástunga þessi verður að orðast öðru vísi. Það er aldrei nema sanngjarnt, að prestarnir fái nokkurt tillag eða uppbót úr landssjóði, en sú uppbót verður að koma öðru vísi fram, en hjer er farið fram á. Jeg skal aldrei vera á móti því, að fátæku brauðin fái nokkra uppbót, og það var einmitt jeg, sem fyrstur manna benti á, að veita fje úr landssjóði til þessa augnamiðs. Jeg skal geta þess, að ef 1. þingmaður Skaptfellinga og hans fylgismenn hefðu leitað til nefndarinnar, og borið sig saman við hana um breytingaratkvæði sín, þá mundi hún fúslega hafa veitt þeim áheyrn, enda hefði það verið skylda hennar. Það er daufdumbra-kennsluna snertir, þá er það ekki meining mín, að áfella þingmanninn fyrir hana. Jeg er orðinn kennslu þessari kunnugur nú, og hef sjeð um hana skýrslur, sem sýna að hún er í góðu lagi. En hví vill þingmaðurinn heldur, að fjárstyrkur hans fyrir daufdumbrakennsluna sje tekinn inn á liðinn «til vísindalegra og verklegra fyrirtækja», heldur en að taka hann inn á sjerstakan lið í fjárlögunum. Þá skyldi jeg greiða atkvæði mitt með þessum styrk, ef upphæð hans væri sanngjörn. Fjárlagamálið kemur líklega hingað aptur frá efri deildinni, og þá getur þingmaðurinn gjört þessa breyting. Jeg er samdóma þingmanni Strandasýslu í því, er hann sagði um landshagsskýrslurnar; en það er póstflutningana snertir, þá er röksemdaleiðsla hans þar eigi alveg rjett. Hjá Englendingum eru tekjurnar af póstferðum nú miklu hærri en útgjöldin. Það gefur að skilja, að ef deildinni virðist það rjett, að meira sje veitt til póstflutninga en stungið er upp á í frumvarpinu, þá situr sízt á

mjer, að vera á móti því, og greiði jeg með ánægju atkvæði með því. En vjer nefndarmenn vorum í vafa um, hvort nauðsynlegt væri, að veita meira fje í þessu augnamiði, og hugðum vjer, að koma mætti póstferðunum haganlegar fyrir, en nú er gjört. Jeg vænti það sje skylda mín, að friðmælast við 1. þingmann Skagfirðinga. Jeg sagði í gær, að jeg gæti eigi sjeð, að þingmaðurinn hefði umboð til að beiðast meira fjár, en sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu beiddist, og þó að þingmaðurinn ætli sjer að fylgja þjóðviljanum, er kemur fram á hjeraðsfundunum, þá er það þar fyrir eigi skylda hans, að biðja um meira fje, en hjeraðsfundirnir fara fram á. Jeg benti þingmanninum á, að fjárupphæð sú, er hann beiðist til handa skólanum, er eigi nóg til þess, að byggja hús fyrir, en aptur er upphæðin meiri, en skólinn annars þarf. Af því að þingmaður þessi að öðru leyti er svo nákunnugur þjóðviljanum, þá dettur mjer í hug, hvernig Kolbeinn ungi Arnórsson mundi hafa snúið sjer við þjóðviljanum í Skagafirði? Það var sagt um hann, að hann væri snemma ójafnaðarmaður, en líklegur til höfðingja. En ekki þori jeg þó að heimfæra nema hálfa þessa setningu upp á þingmann Skagfirðinga. Jeg man eptir því, að 1. þingmaður Eyfirðinga tók 1. þingmann Skagfirðinga föðurlega að sjer hjer um daginn, gaf honum hirting, og bað hann um að biðja forláts; en þingmaður Skagfirðinga vildi eigi þýðast þá kenning, og er því ekki líkur Kolbeini Tumasyni, sem ekki vílaði fyrir sjer, að biðja Guðmund góða Arason forláts. Þar sem þingmaðurinn mælir svo fast fram með kvennaskólanum í Skagafirði, þá væri eigi vanþörf á öðrum skóla þar, er kenndi mönnum að búa til lýtalaus breytingaratkvæði. Jeg ætla að endingu að lofa þingmanninum að taka hans áminningu vel, í því trausti að hann taki mínum áminningum vel.

Þorlákur Guðmundsson: Jafnvel þó að nú sje nóg búið að ræða um 11. tölulið á atkvæðaskránni, sem ekki hefur fengið vinsamlegar viðtökur hjá framsögumanni nú heldur en fyr, þó ætla jeg að fara nokkrum orðum um hann. Það var nú helzta ástæðan, þessir marg upptéknu sanngjörnu reikningar; það neitar enginn framsögumanni um, að hann sje hinn glöggasti maður á tölur, en það er allt annað en að dæma um verklega undirstöðu reikninganna; til þess þurfti verklega lækningafróðan mann; en það hefur viljað svo vel til, að þingmaður Reykvíkinga hefur með rökum, sem óhrakin eru, brugðið þessum sanngjörnu reikningum til sniðglímu. Mjer er nú þetta ekki kappsmál, en jeg hugði sízt, að þingmaðurinn vildi fara að veita landritaranum laun úr landssjóði fyrir seinustu og jafnvel einustu skoðunina, sem hann framkvæmdi á Bessastöðum, eða fyrir þann heiður, sem fjáreigandinn þar þáði af honum með stöku lítillæti. En þegar jeg lít til þess, að mjer bauðst samskonar heiður, en jeg var svo stór upp á mig, að jeg ekki þáði hann, þá fyrirverð jeg sjálfan mig. En fyrst þingmaðurinn er ánægður fyrir sjálfan sig, sitt sveitarfjelag og sitt kjördæmi, og þar á meðal fyrir þá menn, er rændir voru fje sínu, og enn í dag eptir hartnær 4 ár ekki eru farnir að sjá einn eyri af andvirði fjárins og má ske aldrei sjá það, þá er ekki vert að þrátta um þetta lengur. En að öðru leyti fannst mjer framsögumaður tala um breytingaratkvæðin, eins og harðlyndur faðir mundi tala til barna sinna. Það getur nú verið rjett, að vitna í okkar gömlu lögbók Grágás, hvað okkar ómenntuðu bændur snertir, að vjer sjeum hvorki vegskyggnir nje þingfærir, en það á ekki við um suma, sem undir breytingaratkvæðunum standa, því þeir eru víst

þingfærir. Fn jeg bið framsögumann að gæta að því, að þeir limir líkamans, sem þykja auðvirðilegastir, eru þó ekki með öllu óþarfir. Eins vil jeg nú segja, að þeir þingmenn, sem láta slíkar ræður og ræðu framsögumanns beygja sig, að þeir sjeu eigi vegskyggnir nje þingfærir fyrir þrekleysi.

Björn Jónsson: Áður en gengið er til atkvæða, ætla jeg að taka það fram, er framsögumaður virtist misskilja, að það, sem breytingaruppástungan undir 6. tölul. a. fer fram á, er eigi annað en það, að þegar amtmannaembættin losna, þá verði þau eigi skipuð föstum embættismönnum, heldur að eins menn settir í þau. Þetta er miklu hægra farið í sakirnar en framsögumaður fór sjálfur, þar sem hann stakk upp á að leggja niður landritaraembættið. Dæmið frá ríkisþingi Dana er allt annað en þetta, allt öðru vísi en hann hermir. Ríkisþingið neitaði um fje til að launa settum embættismanni, sem stjórnin vildi halda; ríkisþingið vildi eigi einu sinni lofa stjórninni að hafa settan embættismann í embættinu, heldur skyldi það leggjast alveg niður; en hjer er einmitt farið fram á, að embættið skuli halda sjer, fyrst um sinn að minnsta kosti, með settum embættismanni. Þetta hermi jeg rjettara en hinn virðulegi framsögumaður, svo mjög sem hann ber af mjer í fróðleik sem öðrum hlutum, eins og allir vita.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði eptir prentaðri atkvæðaskrá (I 296—298) og fjellu þau þannig:

1. liður samþykktur með 11 atkv.
2. — —— — 15 —
3. — —— — 19 —
4. — —— — 20 —
5. — felldur með 12 atkvæðum gegn 7.
6. — a. samykktur með 12 atkv. gegn 6.
6. — b. þar með fallinn.
7. — samþykktur með 17 atkv. gegn 2.
8. liður samþykktur með 14 atkvæðum gegn 7, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:

Ísleifur Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

9. liður samþykktur með 20 atkvæðum.
10. — felldur með 13 atkv. gegn 8.
11. — — — 15 — — 5.
12. — samþykktur með 15 atkv.
13. — —— — 13 — gegn 3.
14. — felldur — 11 — — 3.
15. — samþykktur — 13 — — 1.
16. — felldur — 11 — — 5.
17. — samþykktur — 19 —.
18. — felldur með 11 atkv. gegn 10, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

já:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Snorri Pálsson,

Stefán Stephensen,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.
Nei sögðu:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson.

19. liður samþykktur með 11 atkvæðum gegn 8.
20. — a, samþykktur með 16 atkvæðum.
20. — b, tekinn aptur.
22. — samþykktur með 20 atkvæðum.
21. — tekinn aptur.
23. — samþykktur með 20 atkvæðum.
24. og 25. liður tekinn aptur.
26. liður a. samþykktur með 12 atkvæðum gegn 9, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

«Já:»
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.
«Nei» sögðu:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

26. liður b. þar með fallinn.
27. — samþykktur með 19 atkvæðum.
28. — —— — 20 ——
29. — —— — 11 ——
30. — a, felldur með 11 atkv. gegn 3.
30. — b, tekinn aptur.
31. — samþykktur í einu hljóði.
32. — —— með 15 atkvæðum.
33. — —— — 18 —
34. — a, felldur — 11 — gegn 2.
b, «6000» samþykkt með 18 atkvæðum, «þar af 2000 kr. til umráða ráðgjafans» tekið aptur.
c, þar með fallinn.
35. — tekinn aptur.
36. — felldur með 13 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

«Já:»
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.
«Nei» sögðu:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,

Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

37. liður tekinn aptur.

38.—43. lið. samþykktur án atkvæðagreiðslu.

44. lið. Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði, án þess að það væri upplesið, og hafði þingdeildin samþykkt áður, að svo væri með farið.

Kvað forseti málið nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 35. fundi, 13. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild, sjá I 329—336.

Landshöfðingi sagði, að það væru að eins tvær breytingar við fjárlagafrumvarpið, er hjer lægju fyrir, er hann fyrir hönd stjórnarinnar ætlaði að bera undir atkvæðagreiðslu þessarar deildar, og vildi hann þegar nú, þó að við 1. umræðu eigi mætti samkvæmt þingsköpunum ræða hinar einstöku greinir frumvarpsins, leyfa sjer að benda að þessum tveimur breytingaruppástungum, sem sje við 6. gr. viðvíkjandi útgjöldunum til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, og við 9. gr. A. 1., þar sem hann vildi leyfa sjer að stinga upp á því, að athugasemd sú, sem neðri deildin hafði bætt við þennan tölulið, fjelli burt. Að öðru leyti virtist sjer frumvarpið í heild sinni aðgengilegt frá stjórnarinnar hálfu, og þó að hann kynni að óska minni breytingar á einstökum upphæðum, t. d. með 9. gr. C. 7. til vitans á Reykjanesi, við 12. gr. B. III. b., aðstoðarfje til hins lærða skóla, og ef til vildi, ef 2. umræða um hinar einstöku greinir frumvarpsins gæfu sjer tilefni til þess, kynni hann að gjöra appástungu í þá átt við 3. umræðu; — og þó að hann einnig hefði við umræðurnar í neðri deildinni geymt sjer rjett til, þegar nefnd sú, sem neðri deildin hafði skipað viðvíkjandi skólamálinu, hefði samið álit sitt um þetta mál, að koma fram breytingaruppástungum við 12. gr. B. III um útgjöld hins lærða skóla, — virtist sjer samt sem áður ekki vera nein ástæða fyrir þessa deild að kjósa nefnd í þetta frumvarp, því það mundi vera deildarmönnum hægt með breytingaruppástungum við 2. og 3. umræðu að koma á öllum þeim breytingum við frumvarpið, sem deildinni virtist nauðsynlegar.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort frumvarpið skyldi koma til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 39. og 40. fundi, 15. og 16. ágúst.

Breytingartillögur: I. 383. 384. 386. 396. 398. 422.

Forseti kvaðst ætla að láta ræða frumvarpið í tveim pörtum, og vildi hann fyrst taka I. kafla, um tekjur.

Landshöfðingi kvað neðri deildina hafa fellt úr 8. gr. stjórnarfrumvarpsins: »Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi«, af því að þessi útgjöld, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, skuli fyrir fram greiða af árstillaginu úr ríkissjóðnum, og því hefði neðri deildin tekið inn í 6. gr. frumvarpsins upphæð þá, er í 8. gr. stjórnarfrumvarpsins væri áætlað til hinnar æðstu innlendu stjórnar landsins, en sleppt útgjöldum þeim, er fyrir árið 1881 væru áætluð til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þó að stjórnarskrárinnar 28. gr. ákvæði, að bæði þessi útgjöld og hin skuli borga fyrir fram af árstillaginu. Sjer þætti að vísu þessi »Ompostering« miður heppileg frá landsins sjónarmiði, af því að hún kæmi því til leiðar, að þessi útgjöld, sem að rjettu lagi mætti telja sem útgjöld landssjóðsins, yrðu ekki talin meðal þeirra, heldur í tekju-

dálkinum, þar sem þau eptir hlutarins eðli ættu eigi heima, þó að stjórnarskráin hefði ákveðið, að þau mætti fyrir fram greiða af árstillaginu. En hvað sem öðru líði, þá væri þessi »Ompostering« ekki gagnstæð stjórnarskránni, og því ætlaði hann eigi að mæla móti henni. En þar sem neðri deildin í sambandi við þessa »Ompostering« hefði sleppt útgjöldunum til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þó að þessi útgjöld ekki síður en útgjöldin til hinnar æðstu stjórnar á Íslandi skyldi fyrir fram greiða af árstillaginu með þeirri upphæð, sem konungurinn ákveður, þá virtist sjer hún koma í mótsögn við 25. gr. stjórnarskrárinnar, og því áliti hann sjer skylt að reyna til að fá leiðrjetting á þessum galla með aðstoð þessarar heiðruðu deildar.

Magnús Stephensen kvaðst skyldu leyfa sjer út af orðum hins hæstvirta landshöfðingja viðvíkjandi þessari »Ompostering« neðri deildarinnar, að geta þess, að þar væri öðru máli að gegna með útgjöldin til hinnar æðstu stjórnar landsins, en með útgjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi. Það væri sem sje búið að ákveða með konungsúrskurði útgjöldin til hinnar æðstu stjórnar, en eigi til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, og þessi mismunur hefði valdið því, að neðri deildin hefði dregið svona frá. Hann gæti eigi heldur sjeð, að það kæmi í bága við stjórnarskrána, þó útgjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eigi sjeu dregin frá, því hefði konungsúrskurður verið kominn, þá hefði verið sjálfsagt að draga þau frá, en meðan hann eigi væri kominn, þá væri munurinn stór.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja gjöra athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins, þar sem væri tekin ný grein um endurgjald skyndilána til embættismanna. Þetta virtist honum heldur takmarkað, því það væri ýmislegt, sem þess utan borgað væri út fyrir fram, t. a. m. kostnaður við strönd, og í sakamálum og gjafsóknarmálum, þannig að kostnaður kæmi til að hvíla á hinum dómfellda; þetta væri greitt fyrir fram samkvæmt lagaákvörðunum gegn væntanlegu endurgjaldi.

Landshöfðingi kvaðst vilja taka fram viðvíkjandi orðum hins 5. konungkjörna þingmanns, að sjer virtist þessi munur eigi eins mikill og honum; þar væri eigi ákveðið með konungsúrskurði öll gjöld landssjóðsins, en nú væru samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar þessi útgjöld eins nauðsynleg sem önnur til hinnar umboðslegu stjórnar.

Eiríkur Kúld kvaðst heyrt hafa ræður manna í neðri deildinni og svo ræðu hins 5. konungkjörna þingmanns um þetta atriði, en þó hefði hann eigi getað sannfærzt um, að landshöfðingi hefði eigi rjett fyrir sjer. Þetta væri einungis formspursmál, og menn vildu hanga í því, að eigi væri kominn konungsúrskurður um þessa gjaldgrein, en menn hlytu að játa, að það jafngilti konungsúrskurði, er alþingi hefði tvisvar samþykkt hana í fjárlögum og konungur staðfest þau; og svo bættist þar við, að eptir stjórnarskránni bæri að greiða þessa upphæð úr landssjóði. Vegna þessa mundi hann greiða atkvæði með breytingaruppástungu þessari.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða, með því að eigi tóku fleiri til máls, og fjell þannig atkvæðagreiðslan.

1. 1. grein samþykkt í einu hljóði.
2. 2. — —— með 10 atk.
3. 3. — —— í einu hljóði.
4. 4. — —— í einu hljóði.
5. Breytingaratkvæði við 5. grein A. frá Árna Thorsteinson, Bergi Thorberg, Eiríki Kúld, Sighvati Árnasyni og Magnúsi Stephensen (I 387) samþykkt með 10 atkvæðum.
6. 5. grein með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.
7. Breytingaratkvæði landshöfðingja við 6.

grein (I 396) samþykkt með 8 atkvæðum.

8. 6. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 9 atkvæðum.

Þá var tekinn til umræðu II. kafli, útgjöld.

Landshöfðingi kvaðst vilja taka það fram með tilliti til breytingaratkvæðis síns við 9. gr. A. 1., að sjer þætti eigi athugasemd neðri deildarinnar við þennan staflið eiga vel við á fjárlögum, sjer í lagi vegna þess, að gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpi til fjárlaga og í þeim sjálfum vera færð til með þeim upphæðum, er einu sinni voru ákveðnar, samkvæmt stjórnarskrárinnar 25. grein. Óskaði þingið þess vegna, að þessi embætti yrðu af numin, þegar þau losnuðu, þá yrði að gjöra það með lögum, en þangað til svo væri gjört, þætti sjer þessi athugasemd, er hjer væri um að ræða, að eigi megi veita þessi embætti, er þau losna, föstum embættismönnum, koma í bága við 4. gr. í stjórnarskránni, þar sem svo stæði: «Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lagaboði». Hann ætlaði því að skjóta því til atkvæða þessarar háttvirtu deildar, að fella úr frumvarpinu þessa athugasemd. En hvað landshöfðingjaritaraembættið snerti, vildi hann bæta því við, að eptir þeim umræðum, er farið hafa fram um það á undangangandi þingum, hefði hann í hyggju að sjá um, að það yrði eigi veitt föstum embættismanni, er það losnaði, fyr en alþingi hefði verið gefinn kostur á, að segja álit sitt um, hvort því skyldi halda eða eigi, og ef hann væri þá landshöfðingi, er það losnaði, mundi hann sjá um þetta, hvort sem hin umrædda athugasemd væri látin standa eða felld burt úr fjárlögunum. Hvað amtmannaembættin snerti, vildi hann skírskota til brjefs ráðgjafans 10. des. f. á. (sjá stjórnartíðindi B. bls. 47), þar sem ýtarlega væru leidd rök að því, hvers vegna afnám þeirra yrði að álita óaðgengilegt frá hálfu stjórnarinnar, og enn bæta því við, að einmitt sú ástæða, að síðasta alþingi hefði lagt þessa spurning undir úrlausn stjórnarinnar, sýndist sjer gjöra þessa athugasemd enn þá óaðgengilegri.

Jón Jónsson kvaðst byggja breytingaruppástungu sína við 9. gr. C. 5. á þeirri ástæðu, að sú skoðun væri almennt að ryðja sjer til rúms í landinu, að rangt væri að fleygja út fje þúsundum saman til fjallvega, er eigi væru færir nema 2 eða 3 mánuði af árinu, meðan vegirnir um sveitirnar og milli þeirra væru í svo illu ástandi, að póstar og aðrir yrðu að tefjast dögum saman vegna þess, undir eins og veður spilltist. Á fyrsta löggjafarþingi hefði verið ákveðið, að fjallvegir skyldu eingöngu kostast úr landssjóði; en þar með væri ekki fyrirmunað að veita styrk til vegabóta á sýsluvegum, að sínu leyti eins og menn veittu fje til gufuskipsferða og fleira, er engin bein lagaheimild væri fyrir. Það hefði verið sagt, að Ísland þyrfti þrennt: vegi, vegi og vegi, og einkum riði á að fá sem skjótast góða póstvegi; en hver, sem þekkti sýslusjóðina og vegina, hlyti að játa, að þó að sýslunefndir og sýslubúar með samtökum gjörðu sitt sárasta til, væri í sumum sýslum alveg ókleyft, að bæta þá sem skyldi án hjálpar landsjóðsins, enda ætti að ganga út frá þeirri grundvallarsetningu, að þar fæst eigi neitt, er ekkert er fram látið. Hann gæti eigi sjeð, að 20000 krónur þyrfti nú til fjallvega þeirra, sem með fram eru póstvegir, því að marga þeirra væri þegar búið að bæta að meira eða minna leyti, og til þess, sem vantaði á, að póst-

fjallvegir yrðu endurbættir, það sem mögulegt væri að gjöra með tilliti til vinnuaflans, álítur hann, að eigi yrði spurning um að verja meiru, en 5000 krónum. Í sameiningu við hinn 3. konungkjörna þingmann hefði hann svo lagt til, að bæta inn aptur gjaldlið, er felldur hefði verið úr stjórnarfrumvarpinu um styrk til að semja áreiðanlega textútgáfu af Jónsbók; fjárlaganefndin hefði fellt þennan lið úr frumvarpi stjórnarinnar, og fært meðal annars ástæðu fyrir því, að nú væri í ráði að breyta flestum köflum í Jónsbók; en nú vissu menn, hvernig farið hefði um landbúnaðarlögin, og einnig hefði síðan verið samþykkt að koma hjer á lagaskóla, og hvort sem nú litið væri til hans, eða rjettarástandsins á Íslandi yfir höfuð, væri nauðsyn á að fá kritiska útgáfu af Jónsbók; og með því nú að sá maður væri uppi, er hefði sýnt, að hann væri manna bezt fær um þetta starf, og óvíst hve nær annar slíkur fengist, þá fyndist sjer, að þingið hefði átt að taka þessu boði tveim höndum.

Í sambandi við sama þingmann hefði hann og lagt það til, að 2000 krónur væru veittar þjóðvinafjelaginu hvort ár. Sumum kynni að þykja það rangt, að styrkja úr landssjóði slík fjelög, en með því nú að þingið vildi styrkja þau 2 önnur fjelög með líkri stefnu og verksviði, er við hefðum, sem sje búnaðarfjelagið í suðurumdæminu og bókmenntafjelagið, þá ætti það ekki við að gleyma þessu fjelagi, sem hefði það fram yfir búnaðarfjelag suðuramtsins, að það væri fyrir allt landið, og sem þar að auki væri nátengt við endurminning hins ágæta þjóðmærings og föðurlandsvinar Jóns Sigurðssonar. Fjelagið hefði þar að auki á þeim skamma tíma, er það hefði staðið, gjört meira en nokkurt hinna fjelaganna; það greiddi Jóni Sigurðssyni heiðurslaun, þangað til þjóðin sjálf fjekk forræði; það stuðlaði mest og bezt til þess, að konungi var tekið sómasamlega á þjóðhátíðinni, og einmitt vegna þess væri nú fjárhagur þess á völtum fæti; og í þriðja lagi hefði það eflt bókmenntir og verið í því samhent bókmenntafjelaginu, sem beinlínis þyrfti að hafa slíkt fjelag sjer samhliða, af því að sjálft yrði það að halda vísindalegum blæ, en hitt snýr sjer að því, er ekki er síður áríðandi, sem er alþýðumenntunin. Aðgangurinn að þjóðvinafjelaginu væri því frjálslegri en að bókmenntafjelaginu; tillagið miklu minna, og stjórnin öll frjálslegri, og meira á valdi alþingismannanna þjóðkjörnu, en stjórn hinna 2 fjelaga.

Enn hefði hann, í sameiningu við sama þingmann, stungið upp á að veita lítinn fjárstyrk fátækum manni, er með framúrskarandi ástundun hefði lagt sig eptir ættfræði og íslenzkri sagnfræði, og þar sem upphæðin væri svo lítil og dæmið svo einstakt, þá sýndist sjer eigi ástæða fyrir þingið til að neita um það. Loksins hefði hann fengið boð frá manni, sem að vísu væri dauður fyrir löngu, um að halda svörum uppi fyrir hann; þessi maður væri lögreglustjórinn í fjárkláðamálinu; hann hefði fengið allharðan dóm við umræður þessa máls í neðri deildinni. Menn þar hefðu sagt, að hann hefði tafið einn embættismann landsins frá störfum sínum, og svo hefði verið sagt, að hann hefði haft í frammi rangsleitni. (*Forseti:* Óþarft að fara hjer út í það, sem neðri deildin hefur sagt). Ef forseti bannaði að taka það fram, sem neðri deildin hefði sagt, og þessu máli kæmi við, þá skyldi hann eigi gjöra það. (*Forseti:* Hjer er eigi rjettur staður til að hreyta meiðyrðum til neðri deildar, og vil jeg að þingmaðurinn sleppi því). Hann vildi þá biðja forseta að úrskurða, hvort hann ætti að hætta, og mundi hann sjálfsagt tafarlaust hlíta þeim úrskurði. (*Forseti*: Jeg mundi eigi banna

þingmanninum að tala um þetta, ef hann gætti hófs, en þegar talað er um þetta efni, vilja opt verða úr því brixlyrði).

Bergur Thorberg kvaðst ætla að gjöra nokkrar athugasemdir viðvíkjandi breytingaruppástungum þeim, er hann og fleiri aðrir þingmenn hefðu komið fram með. Þeir hefðu haft hugfast, að hreifa sem minnstu, enda væru breytingarnar fáar, þegar litið væri til þess, hve umfangsmikið málið sjálft væri. Það væri þá fyrst, hvað snerti breyting við 9. gr. B. 3. Þar væri bætt við 200 kr. hvort árið sem launaviðbót handa umsjónarmanninum við hegningarhúsið, og yrðu uppástungumenn að álíta það sanngjarnt, er litið væri til þess, hve launin væru nú sem stæði lág, eigi nema 600 kr., auk annara hlunninda, sem meta mætti til 200 kr., og svo einnig til þess, hve ábyrgðarmikil þessi staða væri, og mættu tekjur sýslunarmanns þessa varla vera lægri, en hjer væri stungið upp á. Þá væri breytingin við 9. gr. C. 4., en það væri einungis orðabreyting til útskýringar, er eigi gjörði neina efnisbreyting. Nefndin í neðri deildinni hefði sjálfsagt eigi ætlað að útiloka sjávarútveg, en uppástungumönnum hefði þótt rjettara, að taka þetta beinlínis fram. Breytingin við 11. gr. 3. tölulið væri einnig einungis til skýringar, og til þess að sýna, hvar í þær 400 kr., sem þessi töluliður er hækkaður um, væru fólgnar, nefnilega í viðbót við skrifstofufje handa póstmeistaranum. Breytingin við 12. gr. snerti prestaskólann, og færi fram á, að bæta 2 ölmusum við þá einu, er nú væri ætluð þessum skóla úr landssjóði; að vísu hefði prestaskóliun 3 ölmusur af «kommunitetinu», en það væri næsta lítið, er litið væri á þarfir skólans og tölu lærisveinanna; svo væri það einnig lítið, er borið væri saman við læknaskólann, er þó hefði miklu færri lærisveina. Stjórnin hefði stungið upp á 7 ölmusum, og það væri eigi meira en sanngjarnt, en af því neðri deildin hefði verið svo fjarstæð þessu, þá hefðu uppástungumenn eigi viljað fara lengra en þetta, og að eins fjölgað þeim um 2, svo nú yrðu þær 3, og vonaði hann fastlega, að þetta mundi fá framgang bæði hjer og í neðri deildinni. Uppástungumenn hefðu og fellt burt athugasemd við 12. gr. B. II. a. og sett aðra í staðinn. Það hefði verið álitið nauðsynlegt, að fella burt athugasemd þá, sem hjer stendur, þar sem hún eigi ætti við, og væri ónákvæmlega orðuð, og á hinn bóginn hefði þótt rjettast að bæta við þessari athugasemd til að sýna, hvernig stæði á þessum viðauka, 600 kr., er ætlazt væri til að skyldi vera þóknun handa hinum fasta kennara við læknaskólann fyrir að kenna yfirsetukvennafræði. Hvað snerti laun fimleikakennarans, þá hefðu uppástungumennirnir farið fram á, að þau væru hækkuð upp úr 500 kr. í 700 kr. Þau laun hefðu honum verið ætluð í frumvarpi stjórnarinnar, og hann hefði haft þau áður, og þau hefðu fylgt því embætti, er það var veitt honum, og enginn hefði efazt um, að hann mundi halda þeim; nú væri það bæði, að laun þessi væru eigi há, og því sanngjarnt, að þau hjeldust, þegar og hinsvegar væri litið til þess, að örðugt mundi vera að fá menn til þess, að minnsta kosti væri sá maður, er nú gegndi því embætti, hinn einasti hjer á landi, er væri fær um að taka það að sjer, en að fá menn frá Danmörku mundi verða dýrara. Svo væri það og sanngjarnt við hann sjálfan, því kjör hans ættu eigi að versna frá því, er þau hefðu verið. Viðvíkjandi kvennaskólanum væri hann að vísu eigi svo mikið á móti upphæðunum, sem þeim skilyrðum, er þær væru bundnar, nefnilega að hlutaðeigandi amtsráð, sýslunefndir og bæjarstjórnir veiti fyrir sitt leyti allt að helmingi; þetta væri ísjárvert og gjörði fjárveitinguna mjög ó-

vissa fyrir skólana, og ef nú þetta kynni að bregðast að nokkru eða öllu leyti, þá fengju kvennaskólarnir annaðhvort minna, en þeim væri ætlað, eða ef til vill ekkert; uppástungan lyti að því, að burt nema athugasemdina; kvennaskólarnir gætu eins fyrir það fengið þann styrk úr amtssjóðum, sýslusjóðum, bæjarsjóðum, sem sanngjarnast kynni þykja, en slíkur styrkur yrði eigi ákveðinn með fjárlögum. Þessi athugasemd væri því mjög ísjárverð. Hvað nú sjálfar upphæðirnar snerti, þá virtust sjer þær nokkuð háar og hefði hann því verið á því að setja þær nokkuð niður, þannig að Reykjavíkur-skólinn fengi 800 kr., Eyjafjarðarskólinn 600 kr. og skólinn í Skagafirði 400 kr., en styrkur Húnavatnsskólans falli burt. Kvennaskólinn fyrir Reykjavík væri yfirgripsmeiri og ætlaður fyrir stærra hjerað, Eyfirðingaskólinn væri eiginlega sýsluskóli. Hvað snertir skólann í Skagafirði, væri hann í raun og veru eigi á móti því, að hann fengi sama og skólinn í Eyjafirði; en athugandi væri, að eigi hefði verið beðið um meiri styrk handa honum en 400 kr., og hefði sýslunefndin ályktað, að hann mundi geta komizt af með þennan styrk; virtist því ekki við eiga að veita meira. Líkindi væru og til, að skólarnir mundu fjölga með tímanum, og þá þyrfti að styrkja þá alla, og væri því rjettast að takmarka sig nú þegar, að því er snerti fjárveiting. Húnavatnssýsluskólinn væri enn þá eigi til,og væri því eigi kominn tími til að veita honum fjárstyrk. Svo hefði verið stungið upp á að hækka umsjónarstyrk við forngripasafnið upp í 200 kr.; nú væri hann að eins 100 kr., en þær hefðu verið ákveðnar, þegar umsjónarmaðurinn að eins var einn; en nú hefði annar maður einnig tekið að sjer hlutdeild í umsjóninni; þessi maður væri mjög vel að sjer í fornfræðum og þekkingu á forngripum; hann hefði góðfúslega tekizt þessa umsjón á hendur, þegar hann var beðinn þess, án nokkurrar ábatavonar; nú væra 100 kr. eigi til skipta milli tveggja, og væri því sanngjarnt, að hvor fyrir sig fengi 100 kr.; kvaðst hann vona, að deildarmenn fjellust á þetta. Þá vildi hann minnast á breyting við 9. gr. B 1. tölul., er hann og annar þingmaður hefði stungið upp á: að í stað 70372 kr. 4 a. komi: 71516 kr. 12 a. Munurinn væri 1144 kr. 8 a., sem væri sú upphæð, sem væri dregin frá embættislaunum sýslumannsins í Húnavatnssýslu, en sú lækkun fyndist sjer eigi á rökum byggð, þar sem sýslan hefði verið veitt hlutaðeigandi embættismanni áður en lögin komu út og náðu gildi, og stjórnin hefði því álitið, að laun þessa embættismanns ættu að ákvarðast eptir 7. gr. nefndra laga; en hún skírskotaði til hinna almennu launalaga frá 1875, til þeirrar reglu, að embættismenn ekki ættu að missa neitt af þeim tekjum, sem þeir hefðu. Stjórnin mundi vissulega hafa íhugað þetta vandlega, enda hefði hún og sýnt varkárni í því, að embættismenn eigi fengju hærri tekjur, en þeir ættu rjettarkröfu til að fá. Hann kvaðst því eigi geta sjeð neitt í þessum lögum, er heimilaði þessa lækkun; nú hefði Húnavatnssýsla verið veitt þessum embættismanni, er lögin komu út, og ætti hann því að hafa laun eptir meðaltali launanna 1871—75. Það hefði að vísu verið tekið fram, að eigi ætti að miða við embættistekjurnar í Húnavatnssýslu, heldur við þær embættistekjur, er hann hefði haft áður, nefnilega í Dalasýslu, en þetta hefði ef til vill eigi verið alvarlega meint, enda leiddi slík skoðun of langt, því eptir henni ætti hlutaðeigandi embættismaður að hafa, ekki 3500 kr., eins og neðri deildin ætlaði honum, heldur einungis rúmar 2500 kr. Slík röksemdaleiðsla sannaði því of mikið og þess vegna ekkert. Kvaðst hann svo eigi skyldu fara fleirum orðum um málið að svo komnu; hann skyldi einungis geta þess, að rjetti manna væri ekki fullnægt, þó

mönnum væri vísað til að fara í mál við landssjóðinn; það væri rangt að synja mönnum um veiting þess fjár, sem menn ættu heimting á, og vísa mönnum á þann fyrirhafnarmikla veg, að ná því með lögum og dómi, en að þurfa að fara í mál við landssjóðinn væri óheppilegt.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi ætla að vera margorður um breytingaruppástungur hinna 5 þingmanna, þó hann væri viðriðinn við þær, en vildi taka fram nokkrar athugasemdir viðvíkjandi sumum breytingaratkvæðunum, sem lægju fyrir, og þá fyrst um það, sem væri við 7. gr. frumvarpsins B. 3. Það hefðu komið ýmsar bænir um launahækkun inn á þing, og menn vissu, að þær hefðu flestar miðað á embætti, sem hefðu haft miklu meiri laun, en sú sýslun, er hjer ræddi um. Hvað nú umsjónarmann þennan snerti, og hvers starfi væri svo, að hann hvorki gæti nje mætti sinna öðrum verkum, en þeim, sem sýslun hans fylgdu, en hefði ekki nema einar 800 kr. í laun, þá virtist sjer sjálfsagt, að veita honum þóknun til að gjöra honum þessa sýslun lífvænlega og það því fremur, sem honum, er hann tók við starfa sínum, hefði verið gefin von um, að hann mundi fá viðbót að 5 árum liðnum. Hvað snerti 12. gr. B. III. b. í frumvarpinu um launaviðbót fimleikakennarans, þá hefði neðri deildin lækkað laun hans, en það væri óeðlilegt, að lækka þessa litlu þóknun úr því, sem hefði verið ákveðið, bæði nú í stjórnarfrumvarpinu og að undanförnu; sjer væri óskiljanlegt, að menn skuli svona blátt áfram ráðast á sárlítil laun til lækkunar, eins og þau eigi engan rjett á sjer, en aptur á hinn bóginn styðja að hækkun á margfalt hærri launum, ef eigi beinlínis, þá til hliðar, eða óbeinlínis. Það hefði t. d. legið fyrir ekki alls fyrir löngu að hækka laun póstmeistarans, en því hefði verið neitað, en skrifstofufje hans hefði þá aptur á móti verið fært upp. Þannig hefði opt komið fyrir, að hliðrað hefði verið til við hálaunaða menn á einhvern hátt, þegar þeir hefðu farið fram á það. Að lækka þá litlu þóknun þessa manns, er væri líka hinn eini hjer á landi, er væri fær um að kenna þessa grein, væri að sínu áliti hvorki samkvæmt stefnu þingsins nje sanngjarnt, heldur bæði óvanalegt og ósanngjarnt. Þá kæmi breytingaruppástungan um póstboða í Reykjavík, og væri hann henni hlynntur, enda munaði lítið um þessa upphæð; það hefði opt komið fyrir, að brjef hefðu legið til baga á pósthúsinu, af því póstmeistarinn eigi þættist skyldur að senda þau. Hann hefði heyrt, að útlendur maður ætlaði að kosta nokkrum krónum upp á þetta, fyrir sjálfan sig hjer í Reykjavík; hann vildi reyndar eigi selja þetta dýrara, en hann hefði keypt, en ef þetta væri satt, og svo mikið mundi að minnsta kosti vera satt í því, að hann hefði haft orð um, að kosta póstboða í Reykjavík, þá mætti virðast minnkun fyrir okkur að tíma ekki að verja 50 kr. á ári til að koma brjefum fljótt til skila hjer í Reykjavík, bæði frá öðrum löndum og frá okkur sjálfum. Þá kæmi nú breytingaruppástunga hins 3. konungkjörna þingmanns og þingmanns Skagfirðinga; annar þeirra hefði minnzt á styrkinn til þjóðvinafjelagsins, en sjer virtist sú upphæð nokkuð mikilhæf, áður en menn hefðu sjeð, hvaða gagn fjelagið gjörði, en út af skuld þess frá þjóðhátíðarárinu vildi hann þó styðja að því, að fjelagið fengi nokkurn skerf til að losast við skuldina; að vísu vissu menn eigi, hversu há hún væri, en hún mundi víst vera talsverð, og vildi hann þess vegna gefa atkvæði með því, að fjelagið fengi úr landssjóði allt að helmingi við það fje, sem hjer er farið fram á. Viðvíkjandi 200 kr. styrk til Bjarna Guðmundssonar, þá vildi hann taka það fram, að hann þekkti nokkuð til verka hans, þó eigi væri hann honum persónulega kunnugur, og vildi hann styðja að því, að honum væri sýndur

sómi með þessari litlu þóknun, því hann áliti hann þess vel maklegan, fyrir fræði sína. Hvað aðrar breytingaruppástungur snerti, er hann væri með í, þá hefði hinn 2. konungkjörni þingmaður fært ástæður fyrir þeim og ætlaði hann því eigi að fara fleiri orðum um þær.

Jón Pjetursson sagði, að 2. þingmaður Skagfirðinga og þingmaður Rangæinga hefðu talað um breytingartillögur sínar og 2. þingmanns Skagfirðinga. Hann væri á sömu skoðun og þingmaður Rangæinga um það, að landssjóðurinn ætti að endurgjalda fje það, sem lagt hefði verið til þjóðhátíðarinnar; hann vissi til þess, að 4 menn hefðu lánað fje til hátíðarinnar án þess að fá það endurgoldið. Hvað Bjarna Guðmundsson ættfræðing snerti, þá mælti hann af öllu megni með því, að hann fengi hinn umbeðna styrk, því það væri óvenjulegt, að bændur legðu jafnmikla stund á ættfræði og sögu Íslands, sem maður þessi. Hann hefði einnig sjeð brjef frá sjera Sigurði á Útskálum, þar sem manni þessum væri mjög hrósað. Ættartölusafn þessa manns væri 3000 blaðsíður, og hefði hann fengið afskript af ýmsum köflum úr því, og þó þeir kannske sumstaðar væru aðgæzluverðir, þá ætti það eigi einungis heima hjá þeim manni, heldur og sumum öðrum, er slíkan starfa hefðu haft um hönd, þó frægari væru orðnir. Hvað textaútgáfu Jónsbókar snerti, þá sýndist sjer það vera hinn mesti sómi fyrir landið, að styðja að henni, enda hefði sá maður er boðizt hefði til þessa starfa, áður sýnt það við útgáfu Grágásar, að hann væri fremur öllum öðrum fær til þess. Það hefði áður verið lögboðið, að lögmenn hefðu átt að færa inn í Jónsbók á þeim stað, er við ætti, rjettarbætur Noregskonunga; en sumstaðar, þar sem slíkar rjettarbætur hafa verið settar inn, væri víst eigi tilgreint, að það væri rjettarbætur; og væri mjög æskilegt, að sjá, hvernig bókin hefði fyrst litið út. Deildin hefði nýlega samþykkt, að ýmsir kaflar úr Jónsbókinni skyldu falla úr gildi; nú væri spurning um það, hvort rjettarbæturnar eða upprunalega textann ætti að fella burt. Sjer fyndist, að þingið ætti að stuðla til þess, að bókin yrði gefin út eins og hún fyrst var, því þetta væri íslenzk bók, sem hefði verið mjög merkileg á sinni tíð.

Árni Thorsteinson kvaðst eigi vilja tala um breytingartillögur sínar og nokkurra annara, þar eð aðrir hefðu talað fyrir þeim, en hann fyndi skyldu sína að athuga nokkrar mikilsvarðandi greinir í útgjaldabálknum. Undir 9. stafl. væri fje áætlað til vegabóta. Áður en vjer hefðum fengið fjárráð vor í hendur, hefði enginn vegspotti verið lagður, nema af hálfu fjallvegafjelagsins, sem fyrir rúmri hálfri öld síðan vann mikið með litlum kröptum og átti lof skilið, en frá því vjer fengum fjárforráðin væri nú, þegar þessu frumvarpi yrði framgengt, veittar 85,000 kr. á 6 árum til slíkra vegabóta, og kvaðst hann eigi sjá eptir þeim, og vilja gjarnan auka þá upphæð; en þegar um stórfje væri að ræða, þá væri einnig áríðandi að verja því sem bezt og haganlegast. Í því efni væri það hin fyrsta grundvallarregla, að hans áliti, að búin væri til einskorðuð regla (Plan) um það, hvernig vegabótunum skyldi verða framgengt, þar næst hvernig og í hverri stefnu ætti að leggja veginn. Að því er fjallvegina snerti, sýndist sjer mjög áríðandi, að vegirnir væru látnir vera sem skemmstir, og allir óþarfa krókar teknir af. Menn yrðu að muna eptir því, að sjerhver spotti, sem vegurinn styttist um, kostar ekkert í viðhaldi, og því ættu menn að kanna og rannsaka nákvæmlega öll fjalllendi til þess, að finna skemmstu leiðirnar. Hann vildi benda á hinn gamla veg milli Norður- og Suðurlands, er hefði legið milli Hofsjökuls og Langjökuls, eða Kjalveg, og sem í fornöld mundi hafa verið beina leið farinn niður á Þingvöll. Það mætti þannig jafnvel enn koma

til skoðunar, að leggja veginn frá Þingvöllum austur að Hvítárvatni, og væri svo góð ferja á ánni, mundi þar með vegabótum geta orðið skemmsti vegur norður í Eyjafjörð um sumardaga. Einnig mætti það koma til álita, að ef að lítið gufuskip væri hjer í flóanum, þá ættu vegirnir að liggja niður að Hvítárósum í Borgarfirði, og fjallvegum að haga eptir því. Það væri og mikið í það varið, að rannsakað væri nákvæmlega, og leitt í ljós, hvernig að bezt væri að haga allri vegagjörð, að verki og efni, eptir því sem á stendur á hverjum stað. Einnig ættu skýrslur að koma fram á hverju fjárhagstímabili um vegabætur þær, er gjörðar hefðu verið, og ástand veganna, svo að almenningi gæti verið kunnugt um þessi atriði. Hann væri samdóma neðri deildinni í því, að styrkja ætti búnaðinn með ríflegu tillagi, en þó vildi hann eigi eingöngu leggja áherzluna á landbúnaðinn, er enginn efi væri á að ætti að vera í fyrirrúmi, en hann vildi einnig styrkja sjávarútveginn. Ef menn væru hræddir við, að styrkja hann, þá hefðu þeir annað fyrir augum en hann; hans meining væri eigi sú, að styrk ætti að veita til að kaupa þilskip o. s. frv., heldur til náms á skipasmíði og sjómennsku og fiskiveiða á bátum. Í Noregi væru bátar mest brúkaðir til fiskiveiða, og hefðu Norðmenn færri þilskip til fiskiveiða en vjer, að tiltölu við fólksfjölda, svo að þar væri veiðin á bátunum hin arðsamasta eins og hjá oss. Hvað kvennaskólana snerti, sýndist sjer að vísu eðlilegt, að sveitafjelögin kostuðu þá að helmingi; en á meðan þeir væru ungir, gæti vafi verið á, hvort þessari skoðun ætti að fylgja fram, þó að hugsunin í frumvarpinu væri rjett; svo gæti hæglega að borið, að slík tilhögun gæti komið einhverri slíkri stofnun á kaldan klaka, því álitsmál væri það, hvort sveitarsjóðir eða bæjarsjóðir vildu kosta miklu til þeirra, einkum af því, að kvennaskólarnir allflestir væru fremur fyrir efnamenn en alþýðu, og mundu þá bæjarstjórnir eða sýslufjelög, sem eiga í mörg horn að líta, skjóta því fram af sjer, að veita eins mikinn styrk, og hjer er farið fram á. Sjer hefði að vísu fallið vel, að 2. þingmaður Skagfirðinga hefði gjört uppástungu um útgáfu Jónsbókar, en sárt hefði sig tekið það, að þingmaðurinn hefði verið þessu hlynntur á öfugan hátt, eða farið of langt, en neðri deildin hefði þar á móti öllu fremur tekið málið á rjettan hátt, að veita ekki styrkinn að öllu; þegar ríkt fjelag væri stofnað af íslenzkum manni, þá sýndist sjer, að slíkt fjelag ætti eptir megni að framkvæma slík fyrirtæki, svo það yrði eigi eingöngu gjört á kostnað landssjóðsins; hann skyldi fallast á uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga, ef hann vildi breyta henni á þann hátt, að landssjóður skyldi greiða 400 króna árlegt tillag til útgáfunnar með því skilyrði, að Árna Magnússonar nefndin legði til hinn hlutann, og sæi um útgáfuna. Sú nefnd hefði það ætlunarverk að gefa út fornrit, og væri því skyldug til þess, ef hún á annað borð vildi rækja skyldu sína við Ísland, eins vel og hún var byrjuð á, þegar hún gaf út bæði Grágás og Járnsíðu. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði einnig komið með þá tillögu, að veita þjóðvinafjelaginu 2000 kr. styrk á ári. Þingmaðurinn mundi víst þekkja reikninga fjelags þessa, og væri því æskilegt, að hann gæfi upplýsingar um, hvað gjöra ætti við þessar 2000 kr. á ári. Ef nú þingmaðurinn með upplýsingum sannaði, að þess þyrfti með til framkvæmdar fjelagsins, þá væri hann því meðmæltur, en að öðrum kosti ekki. Sjer þætti athugavert bæði í þessu efni, sem og með hin önnur fjelög, er ættu að fá styrk samkvæmt frumvarpinu, að veita slíkum fjelögum meira en tiltölulegan hluta á móts við það fje, sem fjelagið af eigin kröptum gæti starfað með, annars mætti kalla þau stjórnarfjelög eins og áður konungleg

fjelög. Fjelögin misstu við svo ríkuglegan styrk sína upprunalegu einkunn (Karakter) að starfa með sínum eigin fjárkröptum Þá er stjórnin fengi fjárveiting, þá hefði hún ábyrgð á því, að fjenu væri vel varið, en fjelögin hefðu, þá er þau fengju styrkinn, enga verulega ábyrgð, og þyrftu ekki annað en að gjöra reikningsleg skil.

Jón Pjetursson kvaðst eigi þekkja fjárhag Árna Magnússonar nefndarinnar, en hitt vissi hann, að hún væri skyld að gefa út rit þau, er í safninu væru; en að rannsaka, hver sje frumtexti Jónsbókar, það mundi eigi vera skylda fyrir þá nefnd, eða leggja fje út fyrir það.

Jón Jónsson sagði, að sjer hefði heyrzt hinn 6. konungkjörni þingmaður segja, að menntafýsnin mundi eigi svo mikil, að sveitafjelögin mundu veita kvennaskólunum fjárstyrk (*Árni Thorsteinson*: Jeg sagði það ekki!) og þess vegna væri það óheppilegt, að sveitafjelögin skyldu greiða helminginn af styrknum. Þetta ætti nú ef til vill við um bæjarstjórnina í Reykjavík, meðan þeir menn væru í henni, sem nú hefðu mest völdin; en hann gæti frætt þingmanninn um það, að sveitarfjelög, sem hefðu langt um minni peningaráð, en bæjarstjórnin í höfuðstað landsins, horfðu ekki í að leggja meira til kvennaskóla en Reykjavík gerði. Hjer hefði ekki verið lagður einn eyrir enn til þessa skóla, en sá kvennaskóli, nefnil. Skagfirðinga, sem fátækastur væri, og minnstan styrk hefði fengið hjá neðri deildinni, hefði mest verið haldið við af styrk úr sýslusjóði fyrst eingöngu og síðan með litlu tillagi úr landssjóði. Þegar bæjarstjórnin í Reykjavík og sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefðu dæmi Skagfirðinga fyrir sjer, vonaði hann, að þær eigi hugsuðu sig lengi um að breyta eptir því. Hann fyndi eigi ástæðu til að veita Reykjavíkur- og Eyfirðingaskólunum meiri fjárstyrk en skólanum í Skagafirði; sjer sýndist þvert á móti ástæða til að veita þessum skóla meira tillag en hinum, þar eð hann hefði eigi haft neinn fjárstyrk frá útlöndum, er teljandi væri í samanburði við þann, sem hinir skólarnir hefðu haft. Hvað snerti kvennaskólann í Reykjavík, þá mundi þar að auki amtsráðið ef til vill hlaupa undir bagga með Reykvíkingum. Hann væri þakklátur varaforseta fyrir það, að hann hefði viljað gjöra kvennaskólanum í Skagafirði og Eyjafirði jafnt undir höfði, en sjer þætti ástæða til að veita skólanum í Skagafirði meiri styrk en skólanum í Eyjafirði, þar eð hinn síðar nefndi ætti sjóð, en hinn ekki. Reglugjörð fyrir skóla Skagfirðinga lægi hjer fyrir, og sýndi hún, að skólinn tæki á móti utansýslu-stúlkum eigi síður en innsveitis. Hann væri sá fyrsti skóli, er stofnaður hefði verið af bændum, og sem sýslunefnd hefði tekið að sjer og samið þegar reglugjörð fyrir. Þar að auk hefðu Skagfirðingar frá aldaöðli haft latínuskóla hjá sjer. Þeir hefðu verið sviptir þessum skóla gegn vilja sínum og að forspurðum öllum landsmönnum, og ættu þeir nú rjett á, að tekið væri sjerstakt tillit til þeirra, þegar þeir vildu koma upp skólum aptur. — Hvað sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu snerti, þá væri sök dómstólanna að skera úr því, hver laun tjeðum embættismanni bæri. Hjer væri eigi tími til að leiða öll rök að málinu bæði með og mót. Samt vildi hann geta þess, að varaforseti hefði gleymt einu merkilegu atriði í málinu, sem sje að hinn nú verandi sýslumaður, eins og stjórnartíðindin sýna, var skipaður eptir útgöngu tímabils þess (1871—1875) er getur um í 7. grein laga 14. desbr. 1877, og enn fremur að beinlínis hefði verið tekið fram í auglýsingunni um embættið, að hann yrði að sætta sig við breytingar þær með tilliti til embættisteknanna, er kynnu að leiða af því, að embættislaunin yrðu fast ákveðin. Hvað reikninga þjóðvinafjelagsins snerti, þá væri eigi hjer tími nje staður til

að ræða þá, enda hefði ekki verið spurning um reikninga hinna 2 fjelaganna, þegar þeim var veittur styrkur. Þingmanni Rangæinga hefði þótt styrkurinn gífurlega hár, en hann væri eigi hærri en styrkur bókmenntafjelagsins, þar að auki væri þjóðvinafjelagið sameiginlegt fyrir alla þingmenn og af þeim kosið. Sjer sýndist mjög hart, að eigi væri endurgoldið fje það, er einstakir menn hefðu lánað úr sínum eigin vasa til þjóðhátíðarinnar. Hvað vegina snerti, þá þætti sjer mest í varið að fá góða póstvegi, og hver sá, er færi snemma um vor eða seint um haust norður á Akureyri, mundi verða á sínu máli um það, að vegum þeim, er þar þyrfti yfir að fara, væri mjög ábótavant. Sjer þætti eigi síður nauðsynlegt að koma á rjettri stefnu á póstvegum en fjallvegum. Loksins vildi hann bæta því við viðvíkjandi útgáfu Jónsbókar, að maður sá, er boðizt hefði til að gefa út bók þessa, mundi aldrei hafa viljað heyra talað um styrk úr landssjóði Íslands til þess, ef hann hefði álitið, að Árna Magnússonar nefndin hefði getað staðið straum af útgáfunni, því hann sæti sjálfur í þeirri nefnd. Einmitt þetta sýndi, að sjóður Árna Magnússonar gæti eigi kostað þetta verk, og að, ef vjer vildum fá það, eða álitum það nokkurs virði, þá þyrftum vjer að fallast á uppástungu stjórnarinnar í þessu tilliti.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi skyldu vera langorður um breytingar þær, er hann ætti við frumvarpið. Hann kvaðst verða að taka það fram, að hann yrði að fallast á uppástungu landshöfðingja við 9. gr. A., að athugsemdin falli burtu, sjer þætti mjög óvíst, að slík ákvörðun gæti átt þar heima eptir stjórnarskránni; en það væri næsta óheppilegt, ef ákvörðun þessi yrði til þess að konungur neitaði að skrifa undir fjárlögin. Að því er snerti 4. tölul., þá gæti hann eigi gefið honum meðmæli sitt; hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði að vísu talað vel og skörulega fyrir því, er með töluliðnum mælti, en þrátt fyrir það yrði hann að halla sjer að skoðun neðri deildar um það efni. Viðvíkjandi 6. tölul. vildi hann taka það fram til skýringar, að á eptir orðunum «til eflingar landbúnaði» hefðu uppástungumenn bætt við «og sjávarútvegi», því hann væri í sumum hjeruðum eins arðberandi og landbúnaðurinn, og gæti verið eins mikil ástæða til að verja talsverðu fje til hans. Ef það þætti ástæða til að styrkja menn til utanferða til þess að nema búnað, þá áliti hann, að það gæti verið eins mikil ástæða til að efla framför í því, er snertir sjávarútveg; hann vildi taka til dæmis bátasmíði, hjer smíðuðu menn báta án teikningar og mælingar, og þyrftu menn ekki að fara lengra en niður í fjöruna hjerna til að sjá, hve áfátt bátasmíðinu væri. Viðvíkjandi 7. tölul. þá gæti hann eigi gefið honum atkvæði sitt, því sjer þætti þessi upphæð 15000 kr. of há. Viðvíkjandi 8. tölul. b. hefði hann og 1. þingmaður Rangæinga stungið upp á 50 króna þóknun handa póstboða. En viðvíkjandi þessu vildi hann benda á, að þetta væri ekki einungis fyrir menn hjer í sjálfum bænum, er taka ættu við brjefunum, það væri fullt eins mikið í þarfir manna út um landið, er sendu brjefin, því það væri eins áríðandi fyrir þá, er senda brjefin, að þau kæmust fljótt til viðtakanda; það mætti því eigi horfa í þessa litlu þóknun. Hvað snerti 10. tölul. að í stað 1 ölmusu komi 3, þá hefði hann heyrt samanburð í neðri deildinni á þessum skóla og læknaskólanum, en sjer hefði alls eigi þótt hann rjettur. Þess bæri að gæta, að komnir væru læknar í flest hjeruð, og þess utan væri nú nóg af læknaefnum, er þegar hefðu lokið námi sínu, en mörg prestaköll stæðu auð og hætt við, að þau mundu seint fyllast, nema betur væri hlynnt að prestaskólanum. Viðvíkjandi 12. tölul. hefði hann og fleiri stungið upp á því, að laun fimleikakennarans yrðu færð upp í

700 kr.; það hefði verið tekið fram, að launin væru lítil, og það vildi hann játa, er það væri skoðað frá einni hlið, en er að væri gáð, væru þau þó eigi svo lítil. Hann hefði gáð að því, að söngkennarinn hefði um tímann 5 kr. Ef nú fimleikakennarinn hefði 500 kr., þá hefði hann 3 kr. um tímann, en þó launin yrðu færð upp í 700 kr., þá hefði hann þó eigi nema 4 kr. um tímann. Þá kæmu nú kvennaskólarnir, þeir væru 3 alls, og sýndist sjer rjettast að gjöra öllum jafnt undir höfði; að vísu væri í stjórnarfrumvarpinu stungið upp á 400 kr. til kvennaskólans hjer í Reykjavík. Nefndin í neðri deild hefði fyrst hækkað þetta upp í 700 kr. og neðri deildin upp í 1000 kr. Stjórnarfrumvarpið hefði stungið upp á 200 kr. til eyfirzka skólans, nefndin í neðri deild hækkað það upp í 700 og neðri deildin upp í 1000. Að eins hefði verið beðið um 400 kr. fyrir Skagafjarðarskólann, en neðri deildin hefði fært þetta upp í 700, og væri þetta eigi lítið fje, þegar það væri lagt saman. Skólinn í Reykjavík, sem neðri deildin ætlaði 1000 kr., sje nú kominn á svo fastan fót, að eigi bæri nauðsyn til að hækka styrk hans árlega. Stjórnarfrumvarpið hefði gjört ráð fyrir fleiri slíkum stofnunum um landið, og mundi því landssjóðinn muna um það, ef hann ætti að styrkja þá alla; eins og sýsluskólar væru að myndast í Norðurlandi, eins gæti farið víða. Hann vildi eigi þurfa að heyra það, sem sagt hefði verið í neðri deildinni, að Vesturlandsbúar væru hreinir bindismenn í því efni. Eyfirðingaskólinn ætti að hafa 1000 krónur, og svo kæmi enn fremur skagfirzki skólinn. Ef nú Reykjavíkurkvennaskólinn ætti að vera fyrir suður- og vesturamtið, þá væri hlutfallið milli fjórðunganna eigi rjett; sjer gæti eigi betur sýnzt, en að Reykjavíkurskólinn ætti að fá jafnt og skólarnir fyrir norðan til samans, eða að öðrum kosti allir skólarnir að fá jafnmikinn styrk. En ef eyfirzki skólinn fengi 800 kr., þá vildi hann gefa atkvæði með því, að skagfirzki skólinn fengi að minnsta kosti 700 kr. En tillagið til kvennaskóla Húnvetninga vildi hann fella. Það hefði neðri deildin eigi viljað, en þá hefði hún eigi verið sjálfri sjer samkvæm. Það væru ætlaðar 2900 kr. til kvennaskólanna, en 2500 kr. til barna- og alþýðuskóla. Neðri deildin hefði illa orðið sjálfri sjer ósamkvæm, þar sem hún veitti einum meira, en um hefði verið beðið, en sagt «nei», þegar beðið var um 400 kr. til að kaupa fyrir handa barnaskóla ýmislegt smávegis, er þörf væri í, þar sem þó einn heiðursmaður hefði boðið að gefa timburhús, ef þessar 400 kr. fengjust til áhaldakaupa við kennsluna. Styrkurinn 1000 kr. til eyfirzka skólans væri alls eigi lítill; ef þar væru nú 10 stúlkur, þá væri styrkurinn mikill í samanburði við styrk þann, er piltar fengju á lærða skólanum; hann væri sem svaraði ½ ölmusu hjer. Það hefði verið stungið upp á að bæta 100 kr. við til umsjónar við forngripasafnið, og hefði hinn 2. konungkjörni þingmaður tekið fram, að þörf væri á því, og sýndist sjer, að styrkurinn væri heldur of lítill en of mikill. Það hefði komið bæn til fjárlaganefndarinnar um styrk til að gefa út skýrslur um safnið, en sú bæn hefði gleymzt, og væri það gott, ef einhver deildarmanna vildi taka hana upp aptur. Viðvíkjandi 19. tölul. C. 12. um styrk handa Bjarna ættfræðingi, þá mundi hann hika við að gefa atkvæði með þeim 200 krónum. Reyndar væri sú fræði kær almenningi, en ef hann rekti ættir upp til Adams, eins og hann hefði heyrt, þá mundi eitthvað bogið í ættartölum hans; hann vildi því vísa þessari bæn til landshöfðingja. Þá vildi hann minnast lítið eitt á 16. gr. Sjer hefði dottið í hug, er hann sá, að hjer er ætlað fje til málaferla landssjóðsins, að hjer kæmi nýmæli, og þetta hefði eigi verið gjört, ef samvizkan hefði verið glöð og góð hjá öllum þingmönnum frá 1877. Hann gæti eigi sjeð minnstu ástæðu fyrir þessu; sjer yrði má ske svarað, að svona væri það haft í fjárlögum Dana, en það væri annað mál; hann vildi óska af heilum hug, að þau málaferli kæmu eigi fyrir, sem þar hefðu komið fyrir. Hann vildi því fella burtu: «þar á meðal

málskostnaður í málaferlum landssjóðsins», því þingmenn ættu eigi eins og með þessu að kannast við, að þeir væru sjer einhvers þess meðvitandi, er stofnaði landssjóðnum í mál. En ef til þess kæmi, að fara þyrfti í mál, þá væru tilteknar 6000 kr. í 16. gr., sem taka yrði til, en það mundi sannast, að þetta yrði þyrnir í augum þjóðarinnar, og væri upphaflega sprottið af tillögum sumra manna á þingi 1877.

Stefán Eiríksson kvaðst að eins ætla að drepa á nokkra töluliði á atkvæðaskránni, er sjer þættu helzt athugaverðir. Hvað þá fyrst snerti 7. tölulið um tillag til fjallvega og þjóðvega, þá gæti hann eigi fallizt á hann, því hann sæi eigi betur, en breyta þyrfti hinum gildandi lögum um sýsluvegi, ef ganga ætti inn á síðari hluta hans. Um 8. tölulið væri hann á því, að hann væri eigi nauðsynlegur; það væri ólíklegt, að leggja þyrfti fje til að koma til skila brjefum hjer innan um bæinn; það væri líklegra, að þess þyrfti upp til sveita; og þó að nú fjeð væri eigi mikið, þá mætti segja það um margt hvað, en «safnast þegar saman kemur». Hvað snerti 13., 14., 15. og 16. tölulið um kvennaskólana, þá væri hann skólum þessum hlynntur, því eins og þingmönnum væri kunnugt, þá hefði hann áður látið í ljósi, að hann vildi styðja að framförum landsins í menntunarlegu tilliti, en þó þætti sjer ueðri deildin hafa tekið helzt til stórt stökk í þetta sinn með töluupphæðir til kvennaskólanna frá því, sem verið hefði næst áður, og ef menn hugsuðu út í það, að kvennaskólar kynnu að koma í nálega hverja sýslu landsins og menn vildu gjöra öllum jafnt undir höfði og veita 1000 króna styrk hverjum, þá yrðu það eigi alllítil útgjöld; hann mundi því heldur aðhyllast hinar lægri töluupphæðir á atkvæðaskránni, með því þær væru mun hærri en það, sem lagt hefði verið til slíkra skóla 1877. Viðvíkjandi 18. tölul. ætlaði hann, að umsjónin væri eigi svo umfangsmikil, að umsjónarmennirnir kæmust eigi af með 100 krónur fyrir hana, enda þætti sjer fje það, er í allt væri veitt forngripasafninu, allmikið, og væri hann því eigi ráðinn í að gefa atkvæði með hækkun þeirri, er töluliður þessi færi fram á. Hvað 19. tölul. snerti, þá þætti sjer það mjög illt, að þingmaður Skagfirðinga og hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði eigi komið fram með neina beina upplýsing um, hversu há þjóðhátíðarskuldin væri, menn gætu því eigi vitað neitt víst um það efni, og hann hefði jafnvel heyrt, að reikningurinn hefði eigi verið sem sanngjarnastur upphaflega; hann mundi eigi hafa haft móti því, að lúka skuldina, en að leggja þjóðvinafjelaginu 2000 kr. alveg út í bláinn, það gæti hann eigi aðhyllzt. Hvað snerti styrkinn til Bjarna ættfræðings, undir sama tölul., væri hann á sama máli og þingmaður Barðstrendinga, að þeir, sem hlynna vildu að honum, ættu að vísa honum á 15. grein, því að hann væri sannfærður um, að landshöfðinginn sýndi honum einhverja viðurkenning af fje því, er þar um ræddi, ef hann þætti þess maklegur. Um hina aðra tölul. þætti sjer eigi þörf að tala, það sæist við atkvæðagreiðsluna, hverju hann væri með og hverju móti.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi vilja rekja allar breytingaruppástungur þessa frumvarps, en þó eigi hafa getað komizt hjá að standa upp, þar eð hann ætti hjer hálfan króga, sem eigi væri ómögulegt að yrði ráðinn af dögum, hann vildi reyna að mæla honum fáein líknar orð þó hann missti hann, þar sem hann væri alvanur að missa slíka krakka. Hvað sýslumanns launin í Húnavatnssýslu snerti undir tölul. 4., þá hefði hinn 2. konungkjörni þingmaður skýrt það svo nákvæmlega, að sjer væri eigi unnt að gjöra það betur. Hann hefði heyrt menn mæla í móti því, þar eð embættið hefði verið veitt með því skilyrði, að það yrði háð öllum þeim breytingum, er á því kynnu að verða gjörðar, og á þetta hefðu mótmælendurnir hengt hattinn sinn; en hann myndi eigi betur, en að slík skilyrði hefðu verið tekin fram í fleiri embættismannaveitingabrjefum, án þess þeim hefði verið strang-

lega fylgt fram ætlð, heldur farinn mildari vegur, þegar vafi þótti á rjettindunum, og eins hefði ráðgjafinn gjört í þessu máli. Hann væri samdóma 2. þingmanni Skagfirðinga, að þetta væri dómsmál, en þar eð margir lögfræðingar væru í þessari deild, þá væri eigi illa til fallið, að yfirvega málið hjer. Þegar hann hefði heyrt máli þessu hreyft heima í hjeraði, hefði hann strax gætt að 7. gr. launalaganna, en þegar hann hefði sjeð, að embættið var veitt áður en lögin voru staðfest, þá hefði hann ímyndað sjer, að hlutaðeigandi sýslumanni bæri með rjettu þau laun, er hann nú hefði haft; en það væri eigi furða, þó hann væri í vafa um þetta, þegar þeir væru það, er lögfróðir væru. Fyrst deildin vildi fallast á breytinguna við 2. tölulið, þá skyldi hann eigi í því, að hún eigi skyldi samþykkja þetta, ef hún á annað borð vildi vera sjálfri sjer samkvæm, því fyrir 2. tölulið væri eins hægt að fá konungsúrskurð, eins og dóm fyrir þessum umræddu tölulið. Hvað þessar 1000 kr. snerti, sem ætlaðar væru til búnaðar, bæði landbúnaðar og sjávarútvegs, þá vissi hann eigi, eptir hvaða reglum ætti að skipta þeim. Sjer hefði eigi heyrzt betur í neðri deildinni, en að mönnum hefði eigi líkað sem bezt, hvernig landshöfðinginn hefði skamtað þesshátta fjárstyrk, enda væri það mjög vandasamt. Það hefði verið talað um sjómennsku og bátasmíði, og það kynni nú máske að borga sig; en ef menn væru eins ríflegir á tillögum sínum til landbúnaðarins og sumra annara fyrirtækja, þá sýndist sjer eigi ofmikið 10,000 kr. til landbúnaðarins yfir land allt. Við kvennaskólana hefði neðri deildin verið fremur örlát, enda mundi enginn lá það, því þeir mundu flestir vilja vera góðir við kvennfólkið. Hinn 6. konungkjörni hefði haldið, að kvennaskólarnir kynnu að hafa skaða af skilyrði því, er fjárveitingin væri bundin; slíkt kynni að koma fyrir í Reykjavík, en hvað Laugalandsskólann og skólann í Skagafirði snerti, væri hann alls eigi hræddur um það, og væri hann á því, að alþýðan mundi jafnvel unna mest skólanum í Skagafirði, af því að henni geðjaðist bezt að stefnu hans, og þar eð hann enn stæði á veikum fótum, meðan hann vantaði hús, væri full ástæða til að styrkja hann, enda væri hann orðinn þess vís af þingmanninum þaðan, að skilyrðið mundi verða uppfyllt. Hvað Húnvetningaskólann snerti, hefði 5 manna samkomunni þótt ódæði, að ætla honum nokkuð, meðan hann væri ófæddur, en sjer væri vel kunnugt, að opt hefði verið beðið um fje til fyrirtækja, áður þau væru fullkomin. Nú væri búið að safna til hans 1000 kr. og tombólur hefði átt að halda í því skyni, að koma honum á í haust. Ef þessar 200 kr. fengjust af þinginu, mundi einhver ráð verða með 100 kr. annaðhvort úr sýslusjóði eða af frjálsum samskotum, svo að með því að neita um þennan styrk, mundi þingið hamla því, að skólinn kæmist á í haust, enda væri eigi hundrað í hættu, þó fjeð yrði eigi brúkað þegar. Að sínu áliti mundi skilyrði neðri deildar mjög hvetja menn til að styrkja fyrirtækið, eins og hann væri viss um, að þegar landshöfðingi veitti hinar 200 kr. handa búfræðingnum í Húnavatnssýslu með hinu sama skilyrði, hefði það hvatt sýslunefndina, til að leggja fram 200 kr., svo að hann hefði getað keypt sjer verkfæri og unnið í sumar. Sjer sýndist eigi gott að betla eingöngu á landssjóðinn, en vilja ekkert leggja i sölurnar sjálfur. Hann kynni því mjög vel við þessa tillögu neðri deildarinnar, og þætti hún fögur, og þætti sjer því illa til fallið, að ætla sjer að hafa hana fyrir grýlu á slík fyrirtæki. Hvað forngripasafnið snerti, þá væri nú eigi mælzt til mikils, og mundi það hafa gleymzt í neðri deildinni, að bera þar fram bænarskrá um styrk til að gefa út skýrslur um safnið; en væri nú eigi gott að gefa út skýrslur um það, þar eð margir gripir, að sögn umsjónarmanna, yrðu að liggja í kössum vegna húsleysis, og sjer fyndist, að menn ættu að hlynna að því, ef menn á annað borð eigi vildu láta það eyðileggjast; hið umbeðna væri svo lítið, að menn ættu eigi að láta sig muna um það.

Þá var gengið til atkvæða (I 422), og gat forseti þess, að hann gæti eigi látið ganga til atkvæða um 7. gr. vegna þess, að töluupphæðirnar kynnu að breytast:

8. gr. samþykkt með öllum atkvæðum.

9. gr. Breytingaruppástunga landshöfðingja við 9. gr. A. 1. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

A. 1. 2. 3. samþykktir með 10 atkvæðum.

Breytingaruppástunga (A—B) við 9. gr. B. 1, felld með 7 atkvæðum gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli.

Já sögðu:
Bergur Thorberg,
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín.

Nei sögðu:
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson.
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Breytingaruppástunga 5 þingmanna (A—M) við B. 3. a, samþykkt með öllum atkvæðum.

b. sömuleiðis.

B. 1. 2. 3. samþykktir með 10 atkvæðum.

4. með öllum atkvæðum.

C. 1. 2. 3. með öllum atkvæðum.

Breytingaruppástunga við C. 4. frá 5 þingmönnum (A—M) samþykkt með 8 atkvæðum.

Töluliðurinn sjálfur með athugasemd samþykktur með 10 atkvæðum.

Breytingaruppástunga við C. 5. (J) felld með 8 atkvæðum.

Tölul. 5. og 6. samþ. með 11 atkv.
— 7. — — 10 —
— 8. — — 11 —
— 9. — — 7 —

10. gr.

1. og 2. tölul. samþykktir með 11 atkv.

11. gr.

Breytingaruppástunga frá 2 þingmönnum (S—E).

a. samþykkt með 7 atkvæðum.

b. samþykkt með 8 atkvæðum.

Breytingaruppástunga (A—M) við 3. tölul. samþykkt með 11 atkvæðum.

Töluliðirnir 1. 2. 3. samþykktir með 11 atkvæðum.

12. gr.

A. a. samþykkt með 11 atkvæðum.

b. tölul. 1. 2. 3. 4. samþ. með 11 atkv.
— 5. — — 10 —
— 6. — — 11 —

B. I. a. samþykkt með 11 atkvæðum.
b. 1. — — 11 —

Breytingaruppástunga við b. 2. frá 5 þingmönnum (A—M) samþykkt með 9 atkvæðum.

3. tölul. samþykktur með 11 atkvæðum.
4. — — — 8 —
5. — — — 10 —
6. — — — 11 —
7. — — — 10 —

II. a. samþykkt með 11 atkvæðum.

Breytingaruppástunga (A—M) við athugasemdina samþykkt með 9 atkvæðum.

b. 1. tölul. samþykktur með 10 atkvæðum.
2. — — — 11 —
3. — — — 10 —
4. — — — 11 —
5. — — — 11 —
6. — — — 11 —

III. a. samþykkt með 11 atkvæðum
b. — — 11 —

Breytingaruppástunga (A—M) við sama samþykkt með 11 atkvæðum.

C. 1. 2. 3. 4. 5. tölul. samþ. með 11 atkv.
6. — — — 9 —
7. — — — 10 —
8. — — — 11 —

IV. samþykkt með 11 atkvæðum.

Athugasemdin samþykkt með 10 atkvæðum.

C. 1. 2. tölul. samþykktir með 11 atkvæðum.

Athugasemdin samþykkt með 10 atkvæðum.

Breytingar við C. 3. frá 5 þingmönnum (A—M) samþykktar með 6 atkvæðum.

Breytingaruppástunga hinna sömu við C. 4. a. fellt með 5 atkvæðum móti 5.

b. samþykkt með 7 atkvæðum.

Breytingaruppástunga hinna sömu við C. 5. felld með 7 atkvæðum móti 4.

Breytingaruppástunga hinna sömu við C. 6. felld með 6 atkvæðum.

Tölul. 5. og 6. þar með samþykktir.

Athugasemdin samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli.

Já sögðu:
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Stefán Eiríksson.

Nei sögðu:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Sighvatur Árnason.

7. tölul. samþykktur með 11 atkvæðum.
8. — — — 10 —
9. — a. — — 11 —

Breytingaruppástunga (A—M) við 9. b. samþykkt með 10 atkvæðum.

Viðaukauppástunga (J—J).

a. Hjer var viðhaft nafnakall, og sögðu:

Já:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson.

Nei:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Var viðaukauppástungan þannig felld með 7 atkvæðum móti 4.

b. felld með 7 atkvæðum móti 3.
c. — — 5 — — 5.

13. gr.

Breytingarupppástunga (A—M) samþykkt með 10 atkvæðum.

13. gr. frumvarpsins þar með fallin.
14. gr. samþykkt með 11 atkvæðum.
15. — — — 11 —
16. — — — 9 —

17. gr. (töluupphæðin breytist) samþykkt með 11 atkvæðum.

Breytingaruppástunga (A—M) við 18. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.

18. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 11 atkvæðum.

Lán til Garðakirkju samþykkt með 9 atkvæðum.

Frumvarpinu síðan vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild, á 43. fundi, 19. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 425.

Breytingartillögur: I 411. 412. 475. 477.

Jón Jónsson kvaðst vilja leyfa sjer að fara fáum orðum um breytingaruppástungur þær, er komið hefðu fram í málinu.

Að breytingaruppástungunni við 9. gr. C 5. hefði hann leitt nokkur rök við 2. umræðu, og mundi mönnum það kunnugt af því, sem hann þá hefði sagt, að hann gæti ekki aðhyllzt viðaukabreyting 2. konungkjörins þingmanns við þessa breytingu. Að vísu vildi hann fremur leggja 5000 kr. til sýsluveganna en ekkert, en sjer sýndist þessi upphæð of lítil, þó jafnmikið kæmi úr sýslusjóði, og áleit hann, að vjer ættum, áður en vjer tækjum fyrir fjallvegi þá, sem að eins væru færir um hásumar, að reyna að fá að minnsta kosti einn færan veg um öll hjeruð landsins, svo að komast mætti yfir þau um allan tíma ársins. Í breytingaruppástungunni við 9. gr. C 9. mundi vera prentvilla. Vjer vissum allir, að hinn 6. konungkjörni þingmaður teldi sig son föðurföður síns, þó móðurfaðir hans og faðir mundu eiga að

minnsta kosti eius mikið í honum og Þorsteinn sál. í Kerlingardal. Það væri því varla prentvilla, að hann væri talinn Þorsteinsson í stað Bjarnasonar, en það mundi ekki hafa verið með hans vilja, að skrifað hefði verið Thorsteinsson í staðinn fyrir Thorsteinssyni. Það sem hann furðaði mest við þessa breytingartillögu væri það, hvað seint hún kæmi, og að hinn 6. konungkjörni þingmaður og þingmaður Barðstrendinga skyldu við 2. umræðu þessa máls hafa orðið til þess, að gefa atkvæði með þessari upphæð, en því þakklátari yrði bæði hann og aðrir að vera hinum 5. konungkjörna þingmanni, fyrir að hafa orðið til þess að sannfæra þessa menn um, hvað til þeirra friðar heyrði. Það hefði verið og væri sjer alveg óskiljanlegt, að nokkur konungkjörinn þingmaður, eða svo trúr vinur Reykvíkinga, sem þingmaður Barðstrendinga hefði reynzt í fleirum málum en einu, skyldi vilja veita nokkra þóknun handa þeim manni, er menn segja að hafi unnið mest að útrýming hins sunnlenzka fjárkláða. Reykvíkingar, konungkjörnir þingmenn og einstaka aðrir hefðu margopt verið búnir að sýna og sanna ljóslega, að það væri tómur hugarburður hjá Norðlingum, Mýra- og Dalamönnum, Rangæingum og Skaptfellingum, þegar þeir töldu kláðann eina hina mestu landplágu, sem komið hefði yfir þetta land; þeir hefðu leitt rök að því, að kláðinn þvert á móti væri mikil blessun og nauðsynlegur fyrir Íslendinga, til þess að kenna þeim betri fjárrækt; ætti því að veita nokkrum manni þóknun fyrir aðgjörðir hans í fjárkláðamálinu, ætti það sízt að vera lögreglustjórinn í fjárkláðamálinu, en miklu fremur þeim rógburðarmönnum og grjótpálum, sem hefðu gjört allt, sem þeir gátu, til að eyða aðgjörðum lögreglustjórans og þeim samtökum um niðurskurð á Suðurnesjum og í Borgarfirði, sem þær studdust við. Það væri æfinlega leiðinlegt að sjá menn verða ósamkvæma sjálfum sjer. Hver maður ætti að greiða atkvæði eptir sinni sannfæringu, þó það væri á móti vinum sínum eða með óvinum sínum, og þakkaði hann hinum 5. konungkjörna þingmanni fyrir þá hluttekt, sem hann hefði haft í því, að sannfæra hinn 6. konungkjörna þingmann og þingmann Barðstrendinga um, að þeir væru eigi samkvæmir sjálfum sjer og skoðunum þeim, er þeir hefðu fylgt fram í kláðamálinu, ef þeir tækju ekki aðra stefnu með tilliti til þessa gjaldliðs, en þeir hefðu gjört við 2. umræðu. Hann ætlaði sjer eigi að greiða atkvæði, en leyfa sjer að nota tækifærið til að gjöra grein fyrir ástæðunum, er sjer hefðu komið til að koma fram með bónarbrjef það, er nefnt var á 114. bls. í 1. deild alþingistíðindanna. Laun landritarans væru helmingi minni en assessora launin, amtmenn og landfógeti hefðu jafnvel meir en helmingi hærri laun; samt hefði landritarinn sem skrifstjóri landshöfðingja fullt eins erfitt og vandasamt embætti, sem tjeðir hálaunaðir embættismenn, og leiddi það af því, að hann ætti að búa öll mál undir úrskurð landshöfðingja, eigi að eins þau, er kæmu frá landfógeta og amtmönnum, en einnig þau, er snertu póstmál, reikningsmál (endurskoðun landsreikninga), kirkjustjórn landins og kennslustjórn. Slík embætti væru því einnig í öðrum löndum launuð hæst af öllum veraldlegum embættum, og vildi hann sjerstaklega taka fram, að Departementsdirektörer í Kaupmannahöfn væru launaðir með 5200—7600 kr. árlega, og governments- eða colonialsecretaries í hinum ensku nýlendum hefðu jafnaðarlega 700—1500 £ eða 14000—30000 kr. (*Magnús Stephensen* hló). Hinn 5. konungkjörni þingmaður hlæi að þessum samanburði, en miklu hlægilegra væri að bera saman yfirdómaraembætti hjer við yfirdómarembætti erlendis, þar sem væri 20—100 falt meira að gjöra en í hinum ísl. yfirrjetti, og úr því að landshöfðingi væri hjer í stað ráðgjafa, þá yrði landsritari hans að veita honum þá aðstoð, sem ráðgjafinn fengi hjá Departementsdirektör sínum, en þar með segði hann ekki, að hinn nú verandi ráðgjafi og landshöfðingi gætu eigi verið án Departementsdirektörs og landritara. Hann

segði þetta eigi í þeim tilgangi, að hann ætlaði sjer að sækja um launaviðbót, en úr því svo mikið hefði í ár við umræður þessa máls verið talað um laun landritarans, þá hefði hann komið með þessar bendingar.

Það hefði verið venja, að þegar háttlaunaðir embættismenn, eins og t. d. amtmaður, assessor, yfirkennari eða aðrir tækju að sjer og framkvæmdu eitthvert verk, sem ekki væri beinlínis embættisskylda þeirra, en varðaði almenning, að þeir þá hefðu tilkall til að fá þóknun fyrir þennan starfa sinn; þannig hefði amtmaðurinn eins og aðrir embættismenn, er unnið hefðu í brauðanefndinni, reiknað sjer 6 kr. um hvern dag, er hann starfaði í þessari nefnd, og assessorinn og yfirkennarinn virtust jafnvel að hafa reiknað sjer 20 kr. um hvern dag auk embættislauna sinna fyrir skattanefndarstörf sín, því að þeir hefðu fengið fyrir þau 700 kr. hver, og hefðu þeir þó varla getað verið lengur að því, að semja nefndarálit sitt, en brauðanefndin, sem hefði þurft að endurskoða nýtt brauðamat, og semja nefndarálit og frumvörp, er voru engu umfangsminni en álit og frumvörp skattanefndarinnar. Hann þekkti svo vel assessorinn og yfirkennarann, að þeir hefðu eigi þurft lengri tíma en brauðanefndin til síns starfa, nefnil. 35 daga, nú hefðu þeir heimtað 700 kr. og þá kæmi 20 kr. á dag, (*Magnús Stephensen:* Allt ósatt). Ef hinn 5. konungkjörni þingmaður, sem hefði í öðru máli hjer á þinginu legið á liði sínu, hefði ekki notað tímann vel í skattanefndinni og eytt fleiri dagsverkum en nauðsynlegt væri, til þess að framkvæma hið áminnzta starf sitt, þá væri það hans að ábyrgjast það. Landssjóðurinn ætti ekki að borga fyrir það. (*Forseti* tók þá fram í, og sagði, að þetta ætti eigi við, og bað þingmanninn að halda sjer við efnið. *Magnús Stephensen* kvaðst vilja benda forseta á, að þingmaðurinn hefði sagt, að hann lægi á liði sínu á þinginu. *Forseti* sagði, að það væru ótilhlýðileg orð og ósönn). Þetta væri eigi rjett hermt hjá hinum 5. konungkjörna þingmanni, því að hann hefði að eins sagt, að þingmaðurinn hefði eptir sínu áliti getað lokið fyr við hin áminnztu störf, og vonaði hann, að sjer fyrirgæfist það, þó hann hefði haft of mikið traust á honum. — Það mundi eigi hafa verið erfitt að fá aðra menn í brauða- og skattanefndina, en þá, er kosnir hefðu verið. Sjer hefðu verið boðin kláðalögreglustörfin, eptir að allir aðrir hefðu verið búnir að gefast upp við þau, og enginn annar lögfróður maður hefði fengizt (*Magnús Stephensen*: Ósatt!). Hinn 5. konungkjörni þingmaður mótmælti þessu, en amtmaður og hinn þá verandi sýslumaður Borgfirðinga gætu borið, að þetta væri satt. Til þess að forðast alla grunsemd um, að hann ætlaði sjer að græða á kláðanum, hefði hann haft reikninga sína fyrir ferðakostnaði svo lága, að hann, þegar öllu væri á botninn hvolft, hefði tapað á ferðalagi sínu og hestahaldi því, er þar með fylgdi. Enn fremur væri athugandi, að hann til þess að gjöra hægra fyrir að lækna fjeð, hefði keypt fyrir eigin reikning baðmeðul fyrir undir 1000 kr. og lánað þau út aptur að nokkru leyti bændum, sem ekki hefðu getað eða viljað borga þau; og loksins hefði hann orðið að taka á sig talsverða peningaábyrgð til þess að fá framgengt niðurskurðinum bæði á Suðurnesjum 1875 og í Borgarfirði árið eptir, og hefði neyðzt til að við hafa valdskurð á báðum þessum stöðum, en slíkur niðurskurður hefði eigi gengið eins greiðlega fyrir sjer, eins og Havsteini amtmanni að fá niðurskurðinum framgengt í Húnavatnssýslu. Hann hefði eigi vanrækt embætti sitt til þess að framkvæma kláðastörf sín. Skriptir þær, er þeim fylgdu, meðan hann sat heima í Reykjavík, hefði hann afgreitt í tómstundum sínum, og ferðalaginu hefði hann hagað svo, að það hefði fram farið milli pósta. Til þess að geta verið í Reykjavík um þann tíma, sem mest væri að gera á skrifstofunni þar, hefði hann ferðast svo að segja einungis á vetrum, og þannig notað þá daga, er embættisbræður sínir væru vanir að hvíla sig út eptir póststörfin. Hann vonaði, að þingmenn fyrir-

gæfu sjer, að hann hefði látið undan hvötum annara manna, til þess að sækja um þóknun fyrir kláðastörf sín, og að bónarbrjef hans væri ekki sprottið af því, sem tekið hefði verið fram í neðri deildinni, að hann vildi ekki gera neitt handarvik fyrir utan beinharða embættisskyldu sína nema fyrir borgun. Hann hefði enga upphæð nefnt, og hefði látið hálfnauðugur undan áskorunum þessum, með því hann hefði vitað, að ef hann hefði gert nokkuð gott í fjárkláðamálinu, þá væri það fremur drottni að þakka en sínum veiku kröptum, og þó hann væri fátækari en embættisbræður hans, þá væru margir á þessu landi fátækari en hann, og hin beztu laun fyrir það litla, sem hann hefði gjört, þyrfti hann eigi að sækja til alþingis um, því að það væri góð samvizka (*Magnús Stephensen*: Heyr!). Já! hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefði eigi skaða af að hlýða á rödd samvizkunnar. — Um breytingaruppástunguna viðvíkjandi textútgáfu af Jónsbók hefði hann áður talað. Uppástungumennirnir hefðu eigi álitið upphæð þá of háa, sem stjórnin stakk upp á, en þeir vonuðu, að bókmenntafjelagið, þrátt fyrir það, að hinn 5. konungkjörni þingmaður, sem greiddi atkvæði móti þessari veitingu við 2. umræðu og líklega mundi gera eins við þessa umræðu, væri forseti þessa fjelags, eða þá annað norrænt vísindafjelag mundi geta skotið því til, sem vantaði í sæmilega þóknun fyrir hið fyrirhugaða þýðingarmikla vísindastarf.

Loksins vildi hann leyfa sjer í sambandi við það, er áður hefði sagt verið um þjóðvinafjelagið, að taka það fram, að þetta fjelag hefði það fram yfir önnur fjelög, sjer í lagi bæði yfir bókmenntafjelagið, og búnaðarfjelag suðuramtsins, er hefði fengið langt um hærri upphæðir, en nú væri lagt til að þjóðvinafjelagið fengi, að það væru alþingismenn, er rjeðu gjörðum þess, en ekki einstakt sveitarfjelag eða einstakur flokkur í því fjelagi, eins og ætti sjer stað um bæði hin fjelögin, er embættismenn í Reykjavík rjeðu að öllu leyti, því að fjelagsmenn úr öðrum sveitum landsins gætu ekki sótt fundina hjer í Reykjavík í nokkru hlutfalli við Reykvíkinga sjálfa. Jón Sigurðsson hefði í 3. ári Andvara tekið fram hið þýðingarmikla starf og ætlunarverk þjóðvinafjelagsins, og með fram bent á, að menn mættu ekki búast við, að það framkvæmdi öll atriði þessa ætlunarverks í einu. Á síðari árum hefði fjelagið mest lagt sig eptir að gefa út alþýðubækur, og menn hefðu fundið það að því, að engir reikningar kæmu frá því, en áður hefðu þeir þótt of margir, og fjelagið í háði verið kallað skýrslu- og reikningafjelag. Hann játaði það, að það væri mikill galli að reikningana skyldi vanta, en þegar hann benti deildinni á, að forseti fjelagsins hefði síðustu árin verið mjög heilsulítill, vonaði hann að deildin tæki eigi hart á þessu; og þegar spurning væri um að veita þessum þremur fjelögum, sem hann hefði um getið, styrk, þá ekki láti þjóðvinafjelagið, sem væri fátækast af þessum fjelögum, og á sinni stuttu æfi hefði af veikum mætti meira unnið til framfara og velgengni landsins en nokkurt hinna, láti það ekki gjalda þess, að forseti þess heitir Jón Sigurðsson, og að sól hans, eins og eitt af skáldum vorum sagði um daginn, virtist nú að vera að síga í æginn, þar sem sól Magnúsar væri nú að hefja sig upp yfir sjóndeildarhring bókmenntanna og Halldórs sólin brenndi í búnaðarfjelaginu, með hinum sama uppþurrkandi og skrælnandi krapti, sem einatt hefði einkennt þessa sól.

Sighvatur Árnason vildi fara nokkrum orðum um breytingartillöguna við 9. gr. C. 9. Það vekti sem sje fyrir sjer, að lögreglustjórinn í kláðamálinu hefði borið banaorð af kláðanum, og flestir mundu því þakklátir honum fyrir það; hann gæfi því atkvæði með því, að hann fengi þessar 1000 kr., reyndar hefði þó ræða 2. þingmanns Skagfirðinga heldur dregið úr sjer með atkvæði sitt fyrir þessu. Viðvíkjandi breytingunum við 9. gr. C. 5. um fje til sýsluvega og fjallvega, þá vildi hann taka það fram, að sjer þætti vanta, að tekið væri fram, hvað mikið af

þeim 20000 kr. skyldi mega ganga til sýsluvega, og því vildi hann vel sætta sig við viðaukaatkvæðið þessu viðvíkjandi. Að því er snerti breytinguna við 12. gr. 9. b. um fje til að gefa út skýrslur um forngripasafnið, þá væri það að vísu rjett og nauðsynlegt, en hann vildi stinga upp á því, að það yrði geymt þangað til búið væri að byggja hið fyrirhugaða alþingishús og raða gripunum þar fyrir; það færi svo vel á því, að láta nýja skýrslu um safnið koma, um leið og það fengi aðsetur í þessu nýja húsi, það mundi varla liggja á því fyrri, það væri svo djúpt búið að taka í landssjóðinn nú, að bezt mundi að fara að hægja á sjer í þetta sinn að þarflausu. Þá væri breytingin við 12. gr. C. um 400 kr. til útgáfu Jónsbókar hvort árið; hann vildi eigi lasta áhuga á því, en það mundi fleirum kunnugt, að það væri skylda Árna Magnússonar nefndarinnar, að gefa hana út, því það væri beinlínis tekið fram í gjafabrjefinu, og hann áliti, að það ætti eigi við, að ljetta þannig byrði af slíkum fjelögum, sem hefðu nóg fje; hann gæti því eigi gefið því atkvæði sitt. Þá væri breytingin við 12. gr. C. um fje til þjóðvinafjelagsins, sem nú væri 1000 kr. í stað 2000 króna; með því vildi hann vera, ef því væri varið til að borga skuldir, sem leitt hefðu af þjóðhátíðinni. Það hefðu engar athugasemdir verið gjörðar um það á pappírnum, og vildi hann því taka þetta fram, að hann gæfi í því skyni atkvæði fyrir fje þessu til fjelagsins, að því væri varið á þann hátt. Þá kæmi nú ættfræðingurinn, og þætti sjer vel hlýða að honum væri gefinn gaumur; hann vildi í því tilliti benda á, að fyrir skömmu síðan hefði merkur maður á Suðurnesjum ritað um hann í blöðunum, og sagt frá, hvílíka elju og ástundun hann hefði sýnt í þessu efni, og eins skýrt frá, hve miklu hann hefði afkastað; þetta, sem þessi maður hefði sagt, væri satt, það þyrfti eigi að efa, en manninn þyrfti hann eigi að nefna, því menn könnuðust við hann.

Árni Thorsteinson sagði, að þar sem 2. þingmaður Skagfirðinga hefði beint nokkrum orðum að sjer, þá ætlaði hann að svara honum með þögn og treysta hlutlausum dómi síðar. Þá vildi hann minnast lítið eitt á breytingaruppástunguna um sýsluvegi og fjallvegi; uppástungan ætti langa sögu; einn þingmaður hefði áður stungið upp á að leggja 15000 kr. til sýsluvega, en 5000 kr. til fjallvega, en nú væri þessari uppástungu snúið við, 15000 til fjallvega en 5000 kr. til sýsluvega, og þó hann eigi efaðist um, að þessir 6 menn hjeldu fast við meining sína, þá gæti hann þó eigi fallizt á slíka fjárveiting sem þessa. Eptir lögum af 15. okt 1875 eigi landssjóður að kosta fjallvegina, en hjeruðin eigi þar á móti að kosta sýsluvegina, og þessu megi alls eigi blanda saman. Hann ímyndaði sjer, að eigi mætti draga úr þessum 20,000 kr. til fjallvega, það mundi eigi veita af þeim. Landshöfðinginn hefði bent á, hvernig gjöra ætti við fjallvegina, og mætti lesa það í byrjun stjórnartíð., deildarinnar B. fyrir árið 1876. Amtsráðin hefðu að vísu til tekið vegina, nefnt þá á nafn án þess að tilgreina byrjun eða enda þeirra, en eigi einskorðað viðgjörðina, eða gjört nægilega áætlun um, hvernig og í hvaða röð vegabótunum skyldi verða framgengt. Í einu amtsráði hefði verið áætlað, að það mundi þurfa til vegagjörða 20 dagsverk í tvo mánuði á ári í 20 ár, eða 5000 kr. á ári. Í því amti ættu vegirnir enn langt í land með að vera búnir. Ef sýslusjóðir væru styrktir, þá ætti eigi að ljetta af þeim skyldum þeirra, og að þeir vinni sinn hluta af verkinu. Styrknum úr landssjóði ætti stjórnin sjálf að verja til sjerstakra fyrirtækja á tilgreindum vegum, sem þurfa fljótrar aðgjörðar, og meir að segja, það yrði að hafa gott eptirlit á þessu, svo að eigi kæmi það fyrir sem á þjóðhátíðinni, að vegafje væri varið til að fara á Þingvöll, eins og þá var tilreynt. Hann kvaðst vilja láta fjallvegina sitja í fyrirrúmi, og væri bezt að ljúka þeim af. Við suma af þeim tilnefndu fjallvegum væri enn ekkert að gjört. En væri svo, að ástæða fyndist til þess, að flýta fyrir aðgjörð á einhverjum spottum á sýsluvegunum, þá vildi hann,

að landssjóðurinn ynni að því sjálfur eins og að fjallvegunum, og að fje það, er til þess væri áætlað, væri talið sjer og með tilgreindri upphæð fyrir hvern veg. Um aðrar breytingar hefði hann lítið að segja. Þar sem 2. þingmaður Skagfirðinga hefði talað um tillag að gefa út Jónsbók, þá áliti hann ástæður hans að vísu góðar. En þar sem hann hefði talað um bókmenntafjelagið, sem það fjelag, er ætti að styrkja að útgáfunni, þá stæði að hans áliti Árna Magnússonar nefndinni næst að gjöra það, þó að það væri gott hvaðan fjeð fengist; það væri meining sín með uppástungunni, að sýna, að það sje vilji Íslands að mæta hverjum, sem vildi styðja þetta, á miðri leið, og ekki láta sitt eptir liggja, að áreiðanleg útgáfa af Jónsbók geti fengizt, en á henni hafi lengi verið þörf. Viðvíkjandi þjóðvinafjelaginu vildi hann lýsa yfir því, að eigi hefðu komið þær skýrslur um það, er hann mæltist til við fyrri umræðu, og gæti hann því ekki aðhyllzt uppástunguna. En hvað snerti ættfræðinginn, þá gæti þetta að vísu verið satt, að hann þarfnaðist styrksins og væri hans maklegur, en hann óttaðist, að fleiri kæmu þá á eptir, sem mætti segja um að hefðu eins mikinn rjett eða þörf.

Ásgeir Einarsson kvað hinn 6. konungkjörna þingmann hafa farið mörgum orðum um vegi og vegabótagjald; en hvort hann gengi inn á það, vissi hann eigi; reyndar væru með því lögfróðir menn. En þess vildi hann geta, að þá er farið var að ryðja Grímstunguheiði, sáu menn fljótt, að hún mundi verða fáfarin, og hefði því þótt ráðlegast að hætta við hana, en bæta póstvegina sem mest. Sýslunefndin hefði þá beðið um fje til ýmissa smávegis fjallvega, en landshöfðingi veitt t. d. til Vatnsskarðsvegarins, sem hefði þurft endurbóta. Sýslunefndin ætti ærið bágt með að fá fje til að gjöra vegi þolanlega færa með því vegabótagjaldi, er hún gæti lagt á; en hann fyrir sitt leyti hefði álitið það practiskt að koma af póstvegum sem fyrst. Um hin atriðin, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði talað um, kvaðst hann eigi mundu fara mörgum orðum, einungis vildi hann minnast lítið eitt á Bjarna ættfræðing Guðmundsson; sjer þætti vel við eiga, að hann fengi dálítið, en það ætti að sínu áliti að koma í 15. grein í fjárlögunum.

Benedikt Kristjánsson sagði, að 6 menn hefðu nú ritað undir breytingartillögu við vegina, en hjelt, að einn hefði fallið aptur frá breytingaruppástungu sinni, auk þess sem hinn 2. konungkjörni hefði gjört breyting við hana, þótt hann væri einn í tölu þeirra, er hefðu undirskrifað breytinguna. En fyrir þennan viðauka eða breytingu yrði hin öndverðlega breyting aðgengileg. En viðvíkjandi því, sem hinn 6. konungkjörni hefði haft á móti breytingum við frumvarpið, þá virtist sjer það eigi hættulegt, og blandaðist sjer eigi hugur um, að gefa atkvæði með þeim. — Það hefði verið gjörð breytingaruppástunga við 9. gr. C. 9., að 1000 kr. falli burtu. Það hefði verið baldin löng ræða þessum 1000 kr. til varnar, en hann mundi nú halda stutta ræðu í viðbót. Það væri vitaskuld, að lögreglustjórinn í kláðamálinu hefði eigi áunnið sjer lof alstaðar í þeim sveitum, sem hann hefði mest starfað í, en meiri hluti landsmanna mundi honum þó þakklátur og uppkveða lofsorð um starf hans, og gæti hann eigi forsvarað það atkvæði sitt, ef hann gæfi atkvæði með breytingaruppástungunni. Hann gæti að vísu eigi gjört grein fyrir framkvæmdum lögreglustjórans, en hann liti á reynsluna, og hún væri sú, að þessi vogestur væri af dögum ráðinn, og þegar litið væri til þess, að þessi maður hefði verið árvakur, einbeittur og duglegur maður, þá væri það skylda að sýna honum þakklæti, ekki í orði einungis, heldur og í verki.

Árni Thorsteinsson kvaðst ætla að svara þingmanni Þingeyinga viðvíkjandi því, að eigi væri næg ástæða hjá sjer til að taka sýsluvegina undan: að ekki væri búið að fullgera fjallvegina, og að það jafnvel væri enn óákveðið, hverjir sýsluvegirnir væru; þannig hefði hann eigi enn þá fundið ákvörðun

um sýsluvegi og takmörk þeirra í norður- og austuramtinu, það væri því enn óljóst, hverjir sýsluvegir væru í norður- og austuramtinu, og fjallvegirnir væru að eins tilgreindir með nafni. Þingmaðurinn hefði álitið að það væri alveg óhætt að bera það transt til stjórnarinnar, að láta hana úthluta þessum 5000 kr. til sýslusjóðanna, en að sínu áliti væri nú að vísu gott, að hann hefði svo gott álit á stjórninni, en hann drægi í vafa, hvort að það væri rjett að nota þetta traust. Úr því stjórninni væri veitt þetta fje, ætti hún að verja því sjálf, með því að framkvæma vegabæturnar á sýsluvegunum eins og á fjallvegunum, og um þá vildi hann enn á ný taka fram, að hin eina rjetta stefna væri sú, sem tekin væri fram í brjefi landshöfðingja frá 10. jan. 1876, að gjöra áætlun fyrir fleiri ár í senn, og svo ætti á hverjum 2 árum að semja skýrslu um, hvað gjört hefði verið, svo að allir gætu sjeð, og gert sjer grein fyrir þessari útgjaldagrein.

Jón Jónsson kvaðst eigi vera hinum 2. konungkjörna þingmanni samdóma, að því er snerti 9. gr. 5. tölul. Hinn 6. konungkjörni þingmaður ætti að gá að því, að takmörk milli fjallvega og sýsluvega væru eigi eins ljós og þau ættu að vera. Um það væri yfir höfuð mikill ágreiningur, t. d. hvað snerti Holtavörðuheiði, þá vildu sumir láta hana hætta við sæluhúsið, aðrir við Fornahvamm og aptur aðrir við Sveinatungu; sama væri að segja um Öxnadalsheiði. Áætlunin yrði aldrei góð, nema því að eins að hún væri gjörð í heild sinni, en þegar einungis væri um fjallvegi að ræða, næðist þetta aldrei. Vegalögin töluðu að eins um fjallvegi, en eins og menn veittu fje til brúa og gufuskipsferða, eins gætu menn og veitt það til vegagjörða, og vildi hann skora á þingmenn að láta meining sína í ljósi um þetta. Þar sem þingmaður Rangæinga hefði sagt, að hann hefði heldur dregið úr því, að þingmaðurinn greiddi atkvæði með 9. gr. 9. tölulið, þá væri það alveg satt. Hann hefði að eins einu sinni í samræðu við þingmann Rangæinga, og eptir hans tilefni talað um þessa fjárveiting, og þá beðið hann að greiða atkvæði á móti henni, nema því að eins að hann áliti útrýming kláðans hafa nokkra þýðing fyrir landið. Hann vildi geta þess, að stóll hins 4. konungkjörna þingmanns á móti sjer í dag stæði í fyrsta sinn auður. Þegar menn vissu, að þingmaður þessi hefði greitt atkvæði með hinni áminnztu fjárveitingu, og að sumir þingmenn hefðu af miklu kappi reynt að fella þessa fjárveiting, þá virtist þetta vera eitt af þeim tilfellum í lífinu, er litu út sem hugsun. Það væri nú ljóst, hvernig mál þetta mundi fara. Breytingaruppástungan mundi verða samþykkt og fjárveitingin falla í dag, nema því að eins, að hann greiddi sjálfur atkvæði móti henni, en það mundi hann ekki gera.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja fara fám orðum um breytingaratkvæðin við mál þetta. Fyrst vildi hann geta þess viðvíkjandi breytingaruppástungu 6 þingmanna við 9. gr. C. 5., að þó að nafn sitt hefði slæðzt með undir hana, af því að sjer þætti nauðsyn á að eitthvað yrði lagt til sýsluvega, þá mundi hann þó eptir nákvæmari athugun aðhyllast breytingaratkvæði hins 2. konungkjörna þingmanns við hana. Hvað snerti breytingartillöguna við 12. A. b. 1., að við fje það (4000 kr.), sem ætlað væri á fjárhagstímabilinu til uppbótar fátækum brauðum, bættust 3000 krónur, þá vonaði hann, að deildin tæki svo vel undir það, að hann þyrfti eigi optar að halda svörum uppi fyrir þá tillögu, er þeir bæði gættu þess, að útlátin væru lítil fyrir landssjóðinn, og ættu að eins að vera fyrir þetta fjárhagstímabil, með því að búast mætti við, að við byrjun næsta tímabils yrðu komin í gildi hin nýju lög um skipun prestakalla.

Hvað snerti breytingaratkvæði hinna 4 þingmanna við 9. gr. C. 9., þá ætlaði hann sjer eigi að elta þingmann Skagfirðinga í alla þá króka, sem hann hefði hlaupið í, enda hefði margt í ræðu hans verið svo, að hann vildi eigi fara neinum orðum um það; sjer

væri það vel kunnugt, að margir í fjarlægum hjeruðum lykju lofsorði á lögreglustjórann í fjárkláðamálinu, en hvort hið sama ætti sjer stað í þeim hjeruðum, er nær lægju og kunnugri væru, skyldi hann ekkert um segja, en þó mundu allir kannast við, að hann hefði sýnt mikinn dugnað og ötulleik í því, að reyna til að útrýma kláðanum; sjer væri nú samt eigi betur kunnugt, en að allir embættismenn væru skildir að leggja fram þann dugnað, er þeir mættu mestan, í embættisfærslu sinni, án þess að eiga heimting á neinum sjerstökum launum eða þóknun úr landssjóði fyrir það, þó þeir eigi vanræki köllun sína; hann vissi eigi dæmi til, að sýslumanni hefðu verið veittar 1000 kr. fyrir dugnað í embættisfærslu, og því minni ástæða þætti sjer til að veita hinum umrædda lögreglustjóra þetta, þar sem hann hefði sjálfur gefið þá upplýsing, að störf hans hefðu eigi verið svo mikil, sem menn ætluðu; hann hefði sagt sjálfur, að ritstörfin við þetta mál hefðu eigi verið meiri en svo, að hann hefði haft þau eins og í hjáverkum, og hvað ferðalög hans snerti, þá vissi hann, að lögreglustjórar aðrir væru vanir að hafa 2 kr. um daginn á slíkum embættisferðum sínum, en hinn setti lögreglustjóri hefði þó haft 3 kr. um daginn, og væri það nokkur viðurkenning að sínu áliti. Hann vildi eigi neita því, sem hann hefði sagt, að reikningar hans hefðu verið mjög sanngjarnir, en þó vildi hann spyrja hann, hvort hann myndi eigi til þess, að amtmaðurinn hefði fundið ástæðu til að færa einhvern þeirra niður. Það þætti sjer undarlegt, er hann færði til þá ástæðu, að landritaraembættið hefði hálfu minni laun en sum embætti önnur, svo sem assessora-embættin; eptir því sem sjá mætti á fjárlögunum, hefði þetta embætti þó 2150 kr. í laun nú, og væri það því eigi mjög lágt. Hvað hinn mikla vanda snerti, sem eptir orðum hans hvíldi á embætti þessu, þar sem landshöfðinginn gæti eigi snúið sjer til neins annars, þá vildi hann spyrja: hvar átti hann að leita athvarfs meðan þessi embættismaður var fjarverandi í fjárkláðaþrasinu og jafnvel erlendis? Viðvíkjandi því, hversu áríðandi það væri, þá þætti sjer orð landshöfðingja heldur benda til hins gagnstæða, þar sem hann hefði lofað að stuðla að því, að embætti þetta yrði eigi veitt optar föstum embættismanni, og meira að segja: hann myndi eigi betur, en að þingmaður Skagfirðinga sjálfur hefði staðið upp með þeirri uppástungu, að veita það eigi optar. Hann væri því af heilum huga samþykkur, að verður er verkamaðurinn launanna, en hversu mikla þökk sem þessi maður ætti skilda, þá hefði hann þó þegar fengið nóg laun fyrir starfa sinn, en ef menn ætluðust til, að honum væri veitt fje þetta sem beiðurslaun, þá vildi hann heldur kjósa, að honum veittist sá heiður á annan hátt, en með 1000 krónum; slíkt þætti sjer einhvers konar smámunasemi, enda væri það helzt til lítil laun, ef starf hans væri eins mikils vert og hann gjörði orð á í ræðu sinni.

Landshöfðingi kvaðst ætla að leyfa sjer að fara nokkrum orðum um breytingaratkvæði hinna háttvirtu þingmanna, þar sem þeir væru nú búnir að leiða rök að þeim, en fyrst vildi hann gjöra þá almennu athugasemd, að varúðarvert væri, að breyta að nauðsynjalausu fjárlagafrumvarpinu, sem neðri deildin hefði samþykkt, ef eigi væru að minnsta kosti líkindi til, að neðri deildin fjellist á þau. Sjer virtist ísjárverð breytingaruppástunga hinna 6 þingmanna við 9. gr. C. 5. af því að kostnaðurinn til vegabóta á sýsluvegunum ætti eptir lögum 15. okt. 1875 eigi að greiðast af landssjóði, heldur vegasjóðum hlutaðeigandi sýslna; aptur á móti væri ákveðið í lögum þessum, að í fjárlögum skyldi ákveða þá upphæð, er á hverju fjárhagstímabili skyldi verja til fjallvega; þess vegna ætti eigi vel við eptir sínu áliti, að blanda nú saman þessum fjárveitingum, og vegna þess gæti hann eigi verið breytingaruppástungunni meðmæltur, en ef deildin vildi samt sem áður fallast á

hana, vildi hann mæla með því, að hún tæki þá inn í hana breytingaruppástungu hins 2. konungkjörna þingmanns.

Við 9. gr. C. 9. hefðu 4 þingmenn gjört þá breyting, að 1000 krónur til lögreglustjórans í fjárkláðamálinu fjellu úr; stjórnarfrumvarpið hefði ætlað þessum embættismanni 2000 kr., en neðri deildin færði það niður um helming, og nú vildu menn hjer fella það burt alveg. Það mætti eigi gjöra ráð fyrir, að tillaga þessi væri sprottin af persónulegri óvild, og því hefði ræða þingmanns Skagfirðinga virzt sjer ástæðulaus og óviðurkvæmileg, en hann vildi samt mæla móti uppástungunni, bæði af þeim ástæðum, er stæðu í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið, bls. 26, og svo vegna þess, að þeim embættismönnum, er falin væru aukastörf, væri venjulega veitt aukaþóknun fyrir þau, enda hefði neðri deildin með atkvæðafjölda (15 gegn 5) samþykkt þessa fjárveiting.

Við 12. gr. C. hefðu 4 þingmenn stungið upp á, að veitt verði tillag til að gefa út áreiðanlega textútgáfu af Jónsbók, 400 kr. hvort ár. Sjer væri það kært, að þessi útgáfa kæmist í verk, en sjer væri ókunnugt, hvort fje það, er á vantaði, mundi fást á þann hátt, er uppástungumenn gjörðu ráð fyrir, og þar að auki virtust sjer undirtektir neðri deildarinnar undir þessa uppástungu í stjórnarfrumvarpinu gjöra það mjög vafasamt, hvort neðri deildin legði samþykki til þessarar fjárveitingar, þó að þessi deild samþykkti hana.

Þó að 6 þingmenn hefðu borið upp uppástungu um, að veita 1000 krónur til þjóðvinafjelagsins hvort ár, og þannig væri fengin nokkurn veginn vissa fyrir, að þessi fjárveiting yrði samþykkt af deildinni, þá vildi hann þó mæla móti henni, vegna þess að enn vantaði skilyrði það, er meiri hluti deildarinnar við 2. umræðu hefði bundið samþykki sitt við, nefnilega að skil yrðu gjörð fyrir skuld fjelagsins, og styrkurinn að eins notaður til að borga hana. Að veita í fjárlögum manni 100 króna styrk til að halda áfram bókmenntastörfum ætti, að sínu áliti, sannarlega eigi við, meðan fjárlögin veittu töluverða upphæð til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Hann vonaði því, að hinir háttvirtu uppástungumenn annaðhvort tækju uppástunguna aptur eða greiddu allir atkvæði móti henni.

Það er snertir breytingaruppástungu 3 þingmanna við 12. gr. A. b. 1., að eptir 4000 komi: «og enn fremur til bráðabirgðar, þangað til lög um skipun prestakalla og kirkna ná gildi, 3000 kr.», þá þætti sjer hún miður heppilega orðuð, ef hann skildi rjett tilgang uppástungumanna, því að hann gjörði ráð fyrir, að þeir vildu með þessu veita umboðsstjórninni fje til að framkvæma 2. gr. í lögum um skipun prestakalla og kirkna: «Stjórnin hlutast til, að þær breytingar, sem að ofan eru ákveðnar, komist á svo fljótt, sem því verður við komið, eptir því sem brauðin losna». Og til þess mundi ef til vildi vera æskilegt, að auka bráðabirgðartillagið til hinna fátæku brauða, ekki þann tíma, þangað til lögin hefðu náð lagagildi, heldur einmitt fyrir það tímabil, þegar þau hefðu náð lagagildi, sem sje frá fardögum 1881. Þangað til lögin um skipun prestakalla hefðu öðlazt lagagildi, mundi að hans áliti nægja tillag það, er þegar væri ákveðið í frumvarpinu, og þó að hann kynni að hafa óskað, að bætt yrði við nokkru fje, þegar framkvæma skyldi hina nýju brauðaskipun fyrir tímabilið frá fardögum 1881 til loka þess árs, þá mundi það ekki vera óaðgengilegt fyrir stjórnina, að vera án þessarar viðbótar á þeim missiristíma, sjer í lagi af því, að alþingið kæmi saman strax á eptir og gæti ráðið bót á þessu með aukafjárveitingu, ef brýna nauðsyn bæri til þess. Hann yrði þess vegna að mæla á móti þessari uppástungu, þó að hann fjellist á hugsun þá, sem hún að hans áliti væri byggð á.

Jón Pjetursson sagði, að af því að hann hefði skilið svo orð landshöfðingjans, sem hann mundi fús til að veita hinum umrædda ættfræðingi styrk af fje því, er 15. gr. getur

um, þá væri hann fyrir sitt leyti fús til að taka aptur uppástunguna.

Landshöfðingi kvaðst eigi hafa sagt, að hann mundi veita honum fjárstyrk af fje því, er í 15. gr. væri talað um, heldur hefði hann sagt, að ef veita ætti honum styrk, þá ætti að leita til þeirrar greinar, en hjer gæti hann eigi útgjört um það.

Jón Pjetursson kvaðst hafa skilið svo orð hans, að hann mundi veita honum styrk, ef hann þætti þess verður, eptir þeim skýrslum, er gefnar yrðu, og sem hann vonaði að verða mundu fullnægjandi.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja taka undir með hinum 3. konungkjörna þingmanni, en hann gæti eigi byggt eins góða von og hann vildi óska á orðum landshöfðingjans um það, að hann mundi veita þessum manni fjárstyrk eptir 15. gr., en ef landshöfðinginn vildi gefa sjer betri von um það, þá mundi hann gjöra honum það til geðs, að taka aptur sína uppástungu, með því líka að hann væri sannfærður um, að ef landshöfðinginn á annað borð veitti þessum manni styrk, mundi hann eigi að eins veita honum 200 kr., heldur 400 kr., er hann bæði fengi nægar skýrslur og áreiðanlegar um verðugleika mannsins og sæi nú meining deildarmanna jafnframt um málið.

Landshöfðingi kvaðst enn eigi geta dæmt um, hvort ættfræðingur þessi væri maklegur fyrir styrk, en ef hann kæmist að þeirri niðurstöðu, þá gæti hann gefið þingmanni Rangæinga góða von í því tilliti, að svo miklu leyti, sem nóg fje væri fyrir hendi til þessarar fjárveitingar.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja taka það fram viðvíkjandi 12. gr. b. 1., að hann eigi hefði vitað, að landshöfðingi hefði meira fje en 4000 kr. til umráða í þessu skyni, en af því landshöfðingi áliti þetta nægilegt, þá væri öðru máli að gegna. Þá væri breytingin við 12. gr. C. um forngripasafnið, og hefðu þar gengið til aðrar skoðanir en þingmanns Rangæinga, er hefði viljað láta þetta bíða, þar til búið væri að raða því í hið nýja þinghús, en hann kvaðst vilja hafa skýrsluna búna, þegar að því kæmi, að fara ætti að raða því niður á ný. Hvað snerti 16. gr., þá væri hann með því, að orðin «málskostnaður í málaferlum landssjóðsins» fjellu burtu; hann hefði tekið þetta fram við 2. umræðu, en að öðru leyti væri sjer þetta ekkert kappsmál; en að hinu leyti væri þetta bein afleiðing af launalögunum 1877, og nú mundi þessi grein varla hafa læðzt inn, ef samvizkan hefði verið góð og glöð, enda væri þessi grein eigi til annars, en að minna þjóðina á, að þingið ef til vill stofnaði landssjóðnum í mál.

Síðan var gengið til atkvæða um breytingaruppástungurnar, og fjellu atkvæði þannig.

1. Breytingaruppástunga Bergs Thorbergs (I. 475) við breytingaruppástungu 6 þingmanna (I. 411) við 9. gr. C. 5. samþykkt með 9 atkvæðum.
2. Breytingaruppástungan sjálf með þessum viðauka samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Breytingaruppástunga frá 4 þingmönnum (I. 475) við 9. gr. C. 9., að töluliðurinn falli burt. Hjer var við haft nafnakall, og sögðu

   já:
   Eiríkur Kúld,
   Magnús Stephensen,
   Árni Thorsteinson,
   Ásgeir Einarsson,
   Stefán Eiríksson.

   Nei:
   Bergur Thorberg,
   Benedikt Kristjánsson,
   Jón Pjetursson,
   Sighvatur Árnason.

   Jón Jónsson greiddi eigi atkvæði. Breytingaruppástungan var þannig samþykkt með 5 atkvæðum móti 4.
4. Breytingaruppástunga frá 3 þingmönnum (I. 477) við 12. gr. C. 9. b samþykkt með 6 atkvæðum móti 4 að við höfðu nafnakalli.

   Já sögðu:
   Bergur Thorberg,

Eiríkur Kúld,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson.
Nei sögðu:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

5. Athugagreinin við þennan tölulið samþykkt með 7 atkvæðum.
6. Breytingaruppástunga 3 þingmanna (I 477) við 12. gr. A. b. 1. Hjer var við haft nafnakall og sögðu
já:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Stefán Eiríksson.
Nei:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason.
Breytingaruppástungan var þannig felld með 5 atkvæðum móti 5.
7. Breytingaruppástunga frá 6 þingmönnum (I 412), að við 12. gr. C bætist 2 nýir gjaldliðir:
a. til þjóðvinafjelagsins, samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3.
b. til Bjarna Guðmundssonar, tekið aptur.
8. Breytingaruppástunga frá 4 þingmönnum (I 411) við 12. gr. C: til textútgáfu af Jónsbók, felld með 5 atkvæðum gegn 5.
9. Breytingaruppástunga frá 3 þingmönnum (I 477) við 16. gr. Hjer var við haft nafnakall, og sögðu
já:
Eiríkur Kúld,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.
Nei:
Bergur Thorberg,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson.
Breytingaruppástungan var þannig felld með 7 atkvæðum gegn 3.

Síðan ljet forseti greiða atkvæði um frumvarpið, og var það samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum. Var málið síðan aptur sent neðri deildinni.

Ein umræða í neðri deild, á 56. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 465—472.

Breytingartillögur: I 492—493. 512—513.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um þau tvö breytingaratkvæði, sem fyrir mína milligöngu eru til orðin í efri deildinni, sem sje við 6. gr., en um hana er að mínu áliti áður nægilega rætt, og við 9. gr., þar sem efri deildin hefur fellt mjög ísjárverða athugasemd. Eptir umræðum þingmanna að dæma, er ekki lengur til staðar ágreiningur um það, að fulltrúi konungs sje ekki hjer til staðar. Sjálfur varaforseti tók það fram, að til þess að aðhyllast uppástungu mína, vanti ekki annað en konungsúrskurð. Áður var upphæð þessa gjalds samkvæmt fjárlögunum um árin 1876—77 og 1878—79 fullkomlega fast ákveðin, en nú eru þessar 2000 krónur að eins áætlaðar, án þess að fast ákveðið sje, hve stór eða lítil upphæðin skuli vera. Að öðru leyti verður nú hin heiðraða deild að skera úr þessu. Viðvíkjandi athugasemdinni við 9. gr., skal jeg vísa til 25. gr. í stjórnarskránni, 2. málsgreinar, samanborinnar við 4. gr., þar sem stendur: «Breyting má gjöra á þessu með lögum». Ef þess vegna þingið

óskar að gjöra lög í þessa stefnu, þá getur það það, en þangað til getur þingið ekki takmarkað vald og rjett konungs. En athugasemdin er einmitt takmörkun á konungs rjetti og fyrir því óaðgengileg. En aptur hvað snertir embætti ritara landshöfðingjans, þá mun jeg, samkvæmt tillögum þeim, sem fram eru komnar í þinginu, sjá um, að það verði eigi veitt, ef til mín kemur, fyr en þingið er að spurt; enda lofa jeg að sjá eins um þetta, hvort sem þessi ákvörðun er tekin eða felld; en jeg vona, að hið heiðraða þing samþykki að fella athugasemdina. Þá er enn breytingartillaga, sem mjer virðist alls eigi eiga við að bera upp við þessa umræðu, af því hana var búið að fella við 2. umræðu, nefnilega 12. gr. A a, og 12. gr. B. I a; önnur felld með 13 atkvæðum móti 2, en hin með 13 móti 1, og sama er að segja um 12. gr. B III. b. Þessi atriði vona jeg því að falli aptur. Hvað 3. tölul. í breytingaruppástungum 1. þingmanns Skaptfellinga snertir, launaviðbótina til kennara heyrnar- og málleysingja allt að 200 kr., þá skal jeg ítreka það, sem jeg hef áður sagt, að mjer finnst sú fjárveiting eigi að ganga til 15. gr. fjárlaganna, og þar sem mjer skildist svo á ræðum manna, sem menn fjellust á það, skal jeg biðja viðkomandi þingmann að taka aptur uppástungu sína og vísa henni til 14. greinar.

Páll Pálsson prestur: Jeg sje að jeg, án þess að ætla, hef orðið til að skrifa undir breytingaratkvæðið viðvíkjandi launum til landshöfðingjaritarans. En viðvíkjandi 2. tölulið, þá þykist jeg hafa tekið fram svo ljóslega að allir skilji, hve nauðsynlegt sje, að landshöfðingjanum sje trúað fyrir svo miklu fje, að hann geti sjeð um, að auðið verði að gegna hinum fátæku prestaköllum landsins. Það eru, einkum í seinni tíð, útkjálkabrauðin, sem sjerstaklega þarf mjög að styrkja, ef nokkur kirkja og kristin trú á þar að haldast. Jeg treysti því, að öll hin heiðraða deild skilji vel orð mín. Bendingu hins hæstvirta landshöfðingja við 3. tölul. undir stafl. a, tek jeg með þökkum og tek breytingartillöguna aptur. Hann hefur sýnt heyrnar- og málleysingja kennslu minni náðuga velvild, og jeg treysti honum fullkomlega að styðja hana framvegis. 3. stafl. b. tek jeg ekki aptur, heldur vona, að deildin samþykki hann. Og tölul. 4. held jeg enn fastara fram sökum umræðnanna um Elliðaárnar í gær, ef til dýrrar málssóknar kynni að koma fyrir landssjóðinn.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Hinn hæstvirti landshöfðingi gjörði nú ýmsar athugasemdir við frumvarpið, sem jeg með fám orðum verð að svara. Fyrstu athugasemd hans geymi jeg þangað til seinast. Hvað athugasemdina um amtmannsembættin snertir, þá skal jeg nú skírskota til minna fyrsögðu ástæðna. Landshöfðingi hefur, að jeg held, rjett, en þótt þessi athugasemd sje tekin inn á fjárlögin, gæti hún ekki varnað því, að stjórnin setti fastan amtmann, ef t. a. m. amtmannsembættið fyrir norðan losnaði fyrir 1. janúar 1880, ef hún vildi gjöra það; og sama er að segja, ef bæði þessi embætti losnuðu á hinu komandi fjárhagstímabili, og stjórnin setti (constitueraði) 2 amtmenn, að þá yrði að koma ný athugasemd inn á næstu fjárlög, og þá ímynda jeg mjer, að menn vilji gjöra þá athugasemd, að hvorki verði settir menn nje fastir í þessum embættum, en þetta meðal álít jeg ekki rjett til þess að af nema þessi embætti, þó jeg sje sannfærður um, að þau sjeu óþörf og eigi að af nemast eptir nauðsynlegan undirbúning. Hinn hæstvirti landshöfðingi fellir sig ekki við, að teknar sjeu upp aptur fallnar ákvarðanir. Það eru einungis laun fimleikakennarans, sem breyting kom á, en bæði launin til biskups, prestaskólaforstöðumanns og söngkennarans hafa komið óbreytt frá efri deild. Jeg er nú á sama máli og fyr, að jeg vil, að menn

haldi þeim launum, sem menn hafa fengið eða samið hefur verið um. Hjer er og ekki um verulegar upphæðir að ræða. Jeg er viðkvæmur, þegar um meðferð fjár er að ræða, og hinni heiðruðu deild þykir jeg sýna fulla hörku, en þá kemur nokkuð undarlega fyrir, þegar hún er strangari en jeg. Meðan aðrir vilja fleygja í hrips 1000 kr., og aptur 1000 krónum, er undarlegt að vilja draga af hinum litlu launum fimleikakennarans. Landshöfðingi byrjaði sínar athugasemdir á breytingu nefndarinnar við 6. grein. Þessi spurning hygg jeg sje nú fullrædd; það er satt, hún er á konungsvaldi, hans úrskurð vantar. En fyrst tiltekur 25. grein stjórnarskrárinnar ekkert um upphæð þessa fjár, svo hjer er ekkert ákveðið gjald um að tala; og í annan stað er óvíst, hve stór þessi upphæð yrði, ef konungur ákvæði hana, má ske yrði hún lægri en það, sem nú er borgað, og það væri strax nokkurs virði. En meðan úrskurðinn vantar, segi jeg enn, að það á eigi við, að bjóða fram fje, sem stjórnin ef til vill ekki hirðir meir en svo um. Stjórnin hefur samkvæmt stjórnarskránni ákveðið launin til hinnar æðstu landsstjórnar, en ekki borgun til fulltrúa stjórnarinnar, og meðan hann sem embættismaður situr á þingi og hefur ákveðið borðfje, finnst mjer þessi útgjöld bæði óþörf og eigi fullkomlega heimiluð. Hjer er engin þörf að kasta út fje að nauðsynjalausu, meðan hvervetna frá streyma inn fjárbænir og fjárkröfur. Jeg skal nú, ef til vill í síðasta skipti, benda stuttlega á fjárhag landsins. Eptir fjárlagafrumvarpi því, sem fyrir liggur frá efri deild þingsins, verður afgangur útgjalda samkvæmt 17. gr. 76000 kr. 8 a. En nái þau frumvörp gildi, sem í 18. grein er gjört ráð fyrir, verða eptir einar 3900 kr. Nú liggja fyrir nýjar kröfur um 1000 og 1000 og enn um 2000 kr., og verði þær veittar, verður ekki einn eyrir eptir af tekjum fjárhagstímabilsins, nema tekjurnar reynist meiri, en þær eru áætlaðar. Þannig endar ráðsmennska þingsins í þetta sinn, og bætist þó hjer við, að viðlagasjóðurinn er stórum skertur. Áður ár frá frá ári var afgangurinn töluverður. Jeg skal gefa stutt yfirlit. 1871—72 var þurrð; næsta ár var afgangur 58000 kr., 1874: 55000 kr., 1875: 76000 kr., 1876: 109000 kr., 1877: að eins 61000 kr., 1878: 40000 kr., nú 1879 vitum vjer ekki, en 1881 getur afgangurinn ekki orðið meiri en 3000 kr., og ef breytingar þær, sem liggja nú fyrir, ganga fram, verður ekki eins eyris afgangur.

Arnljótur Ólafsson: Það vildi svo óheppilega til, að jeg gat ekki komið svo tímanlega á fundinn, að jeg gæti heyrt ræðu landshöfðingja um viðauka vorn um landritara- og amtmannaembættin, en aptur á móti heyrði jeg vel mótbárur þær, sem framsögumaður kom með, og virtust mjer þær að vísu á rökum byggðar. Hann fann það helzt að viðaukanum, að hann tæki ekki inn í veitingarvald konungs fyrir 1. janúar 1880 og ekki eptir 31. desbr. 1881. Annað heyrðist mjer framsögumaður ekki hafa móti viðaukanum, en að hann gæti ekki náð út yfir fjárhagstímabilið. Jeg játa það, að hann getur ekki náð út fyrir fjárhagstímabilið, og það látum vjer oss lynda; en því minna finnst mjer vera á móti þessari tillögu vorri að segja, sem hún nær yfir styttri tíma. Þó landshöfðinginn sje farinn burt úr salnum, vil jeg þó minnast á það, að hann vitnaði til 4. gr. stjórnarskrárinnar, og sagði, að viðauki vor takmarkaði einkarjett konungs til að veita embætti. Hafi jeg ekki misskilið orð landshöfðingja, verð jeg að mótmæla þessum orðum hans, því að tillaga vor fer ekki fram á, að taka þennan rjett frá konungi. Það er sjálfsagt eins eptir sem áður, að konungur veitir embættin, bæði þau sem verið hafa, og hin nýju, sem stofnuð eru, en það er undir samkomulagi konungs og þings

komið, hvort embætti eru stofnuð, að því leyti, að þingið veitir fje til launa embættisins. Konungur hefur fullan rjett til að fjölga embættum, eins og hann vill, ef hann þarf ekki að sækja laun handa þeim til þingsins; en það er undir samkomulagi milli konungs og þings komið, hvort þau embætti eiga að standa um aldur og æfi, sem eru launuð af landsins fje, og þingið getur vel stungið upp á því við konung, að veita ekki slík embætti fyrst um sinn. Ráðgjafabrjefið 10. desbr. 1878 talar um þær ástæður, sem sjeu móti því, að leggja amtmannaembættin niður; en hjer er einungis talað um, að þau verði ekki veitt föstum embættismönnum. Þá verður seinna tími til að íhuga málið, hvort þessi embætti skuli vera ævarandi eða ekki. Nú er það almennings álit, að þau sjeu óþörf, og því komum vjer með þessa tillögu, því vjer álítum þörf að spara sem mest fje landsins. Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál, en fela það samþykki deildarinnar. Mjer er það sjálfum ekkert kappsmál, en vjer álítum það skyldu vora að leggja það til, að landsfjeð sje sparað til ónauðsynlegra embætta. Jeg er viss um, að svo miklu leyti sem mig ekki brestur skilning, að það er svo langt frá að þessi tillaga vor skerði í nokkru rjettindi konungs, að hún miklu fremur er í samhljóðun við stjórnarskrána og samkvæm fjárveitingarvaldi alþingis, og jeg er fyrir mitt leyti fús til að taka upp á mig eptir áskorun framsögumanns ábyrgð þá, er af þessari tillögu leiðir. Tillögur vorar undir 2. og 3. tölul. snerta viðbæturnar við laun biskupsins og forstöðumanns prestaskólans, sem deildin samþykkti við 3. umræðu, að því sem jeg vona, af óaðgætni. Nefndin í fjárlagamálinu lagði það til, að þessar viðbætur skyldu ekki veitast, af því hún þóttist viss um, að þessum heiðursmönnum væri enginn órjettur gjörr með því, og því leyfum vjer oss að halda því enn fram. Biskup hafði, eptir stjórnarinnar eigin orðum, í árslok 1875 6832 kr., en samkvæmt launalögunum hækkuðu þau upp í 7000 kr. 1. janúar 1876, og svo var bætt við eptir eldri ákvörðunum samkvæmt 7. gr. hinna almennu launalaga 15. okt. 1875 174 kr. árið 1876, og 232 kr. 1877, með því að embættisaldur biskupsins telst frá 1. apríl 1876, en viðbótin er 400 kr. 5. hvert ár. Vjer fjelagar förum ekki fram á að svipta hann einum eyri af þessu, sem hann hefur fengið, en vjer förum fram á, að hann fái ekki enn á ný 400 kr. um árið í viðbót, og forstöðumaður prestaskólans aðrar 400 kr. Á hverri ástæðu eru nú þessar viðbætur byggðar? Þær eru byggðar á frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisdaginn danska 1862—63, og ríkisdagurinn felldi, en stjórnin fer þó enn þá eptir þessu. — 4. tölul. er um laun söngkennarans og fimleikakennarans, og skírskota jeg til þess, sem jeg áður hef sagt, að þessir menn hafa 3 kr. um tímann. Jeg þekki ekki og vil ekki þekkja kosti þessa söngkennara, en hve miklir sem þeir kostir eru, þá álít jeg báða þessa menn vel sæmda með 500 kr. hvorn þeirra. Það er annars merkilegt, að ef menn víkja hendi eða fæti hjer í Reykjavík, þá er það aldrei fullborgað, en ef alþýðumenn út um landið eiga að fá þóknun, hversu mikið gagn sem þeir hafa gjört, þá er það ekki að nefna. Jeg vitna til Torfa Bjarnasonar, og vona jeg, að einhver þingmaður geti ljóslega sýnt, hvílíkt gagn hann hefur gjört. — 6. og 7. tölul. snerta kvennaskólana; efri deildinni þóknaðist að taka frá kvennaskólunum 400 kr. alls. Ef vjer viljum leggja á vog þau orð, sem 1. þingmaður Eyfirðinga sagði um daginn um mismuninn á því, er kostað væri til lærðrar menntunar, og því, er veitt væri til almennrar menntunar, þá virðist sannlega engin ástæða til að lækka tillagið til kvennaskólanna. Mig furðar, að enginn í efri deildinni, hvorki kvæntur nje ókvæntur, skyldi hafa þrek til

að verja kvennaskólana betur en svo, að lækkun þessi fengi fram að ganga, því að jeg álít þeim fáu krónum vel varið, sem neðri deildin veitti kvennaskólunum. Það er undarlegt, þegar vjer komum heim til konu og barna, ef vjer verðum að segja þeim það fyrst í frjettum, að seinasta strykið, sem vjer gjörðum á alþingi, hafi verið að draga nokkur hundruð krónur af kvennaskólunum. Að endingu vil jeg geta þess, að 2. þingmaður Eyfirðinga og jeg leyfðum okkur að bæta þeirri tillögu við uppástunguna um styrk til þjóðvinafjelagsins, að hann skyldi nota til að lúka skuld fjelagsins, og vona jeg, að deildin fallist á þá breyting. Á breytingar nefndarinnar get jeg allar fallizt, nema á breytinguna við 6. gr., sem jeg hvorki skal leggja með nje móti.

Guðmundur Einarsson: Framsögumaður sýndi ljóslega fram á, hvernig fjárhagur landsins mundi standa árið 1881, ef allt það yrði framkvæmt eða næði fram að ganga, er nú liggur fyrir, og drap einnig á, hvernig ráðsmennskan með fje landsins hefði verið að undanförnu, og mjer skildist á framsögumanni, að það væri mjög athugavert, hvernig þetta síðasta þing færi að ráði sínu í máli þessu, er honum fannst, að mjer skildist, fremur ráðlauslega, og mundi það draga dilk eptir sjer. Jeg skal fúslega játa, að það er vel gjört af framsögumanni að benda á þetta, og að þessu leyti skal jeg eigi hafa á móti orðum hans. En jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að nú eru tímarnir farnir að breytast, og sá andi er farinn að ryðja sjer til rúms hjá þjóð og þingi, að hið gamla formið eigi nú eigi lengur við, að því er snertir fjárhag landsins og stefnuna með brúkun hans. Menn eru nú farnir að stíga einu feti lengra en áður víða hvar, bæði á smábýlunum og stórbúunum, og stærsta búið, landsbúið, hlýtur að fylgjast með. Menn eru teknir að sjá, að það er eigi hentugt nje hagkvæmlegt, að láta peninga liggja á kistubotninum svo að segja arðlausa. Það gengur svo til í hvers konar búskap sem er, að því meira sem afkastað er, og því meiri sem framkvæmdirnar eru, því meir aukast útgjöldin; en þar fyrir minnkar peningastofninn eigi, heldur breytist hann; þetta er að eins fjármunabreyting, til dæmis að taka: jeg á 200 kr. inni hjá mjer, jeg fer út með þær og læt sljetta fyrir þær dagsláttu í túninu mínu. Þarna er komið í staðinn fyrir peningana töðuauki og verksparnaður, sem hvorttveggja eru peningar, þótt í annari mynd sje. Aðalatriðið, aðalspurningin er, hvort fyrirtæki það, er fjenu er varið til, er þarflegt eða eigi. Ef fyrirtæki þau og framkvæmdir, er peningarnir eru lagðir til, eru gagnleg, þá er fjenu vel varið. Þegar þannig er að farið, þá ganga peningarnir út um land allt, og gefa af sjer ef til vill, 100 pc. Jeg get því með engu móti óttast stefnu þá, er þing vort að þessu sinni hefur tekið, nefnilega að breyta frá hinu gamla horfinu, og verja fje landssjóðsins til nauðsynlegra og þarflegra fyrirtækja, er það ætlar að koma muni landi og lýð að notum og efla muni hagsmuni þjóðarinnar. Það er auðvitað, að vjer eigi getum sagt með neinni vissu, hvort og að hve miklu leyti þessi fyrirtæki, er þingið hefur lagt fje til, muni færa oss arð og nytsemi. En vjer verðum að horfa með von og trausti á framtíðina, þetta unga líf vort verður að lifa í voninni. Þótt jeg sje nú með annan fótinn í gröfinni, og þótt jeg hafi verið apturhaldsmaður, þá horfi jeg þó með gleði á ráðið og dug þjóðarinnar í því, að taka sjer fyrir hendur stórkostleg fyrirtæki, er að almenningsgagni miða, og á þá stefnu hennar, að stíga ávallt feti og feti lengra áfram. Ef vjer höfum farið of langt, ef fyrirtæki þau, er vjer höfum hafið, koma eigi að tilætluðum notum eða heppnast eigi, þá verða seinni tíma mennirnir að taka þar við, sem vjer hættum og kippa því í lag, er oss kann að hafa missjezt eða misheppnazt.

Jeg skal nú eigi fara fleirum orðum um hina almennu hlið málsins, en að eins gjöra fáeinar athugasemdir við hin sjerstöku atriði þess, er ágreiningi valda. Það er snertir þóknun til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þá veit nefndin, að jeg hef ávallt verið því mótfallinn, að landshöfðinginn yrði sviptur þessum 2000 krónum; jeg get eigi annað ætlað, en að landshöfðinginn hafi fullt eins rjett og nefndin, að því er þessar 2000 kr. snertir. Sama er að segja um laun biskupsins og forstöðumanns prestaskólans, að þrátt fyrir ræðu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, get jeg eigi fallizt á, að dregið sje af launum embættismanna þessara. Þeir hafa haft þau og gjöra sjer von um að hafa þau framvegis af góðum ástæðum frá þeirra hlið skoðað. Að því er snertir söngkennarann og fimleikakennarann við lærða skólann, þá er eigi rjett, að lækka laun þeirra svona. Þegar jeg hef ráðið til mín vinnumann, og lofað honum því og því kaupi, þá er jeg skyldur til að halda það, er jeg hef lofað. Annað mál er það, að jeg get sagt vinnumanninum, að jeg vilji eigi hafa hann í vist næsta ár, og hann verði því að fara frá mjer, og leita sjer vistar annarsstaðar, vilji hann heimta eins hátt kaup og áður. Gangi hann þá að eður frá. Eins er því varið með kennara þá, er hjer ræðir um, að þingið getur sagt við þá: »Nú verðið þið að fara; nú fæ jeg aðra í ykkar stað«; en þetta má ekki segja við þá n ú n a. Umboðsstjórnin kemst máske við það í vandræði að útvega nýja og þessir verkamenn hennar komast líka í vandræði, ef verkalaun þeirra skerðast. Umboðsstjórnin hefur ráðið þá til þessara starfa með þessum skildaga, að annar þeirra skyldi hafa í laun 600 kr., en hinn 700 kr., og meðan þeim er ekki sagt upp á hagkvæmum tíma, má þessum samningi eigi ripta. Um styrkinn til kvennaskólanna í Reykjavík og á Laugalandi skal jeg eigi vera margorður, en að eins geta þess, að jeg vildi gjarna óska, að hvor skóla þessara hjeldi sínum 1000 kr. En vegna klausu þeirrar, er stendur aptan við viðkomandi gjaldlið í fjárlagafrumvarpinu, þá sætti jeg mig við það, þótt hvor skóla þessara fái eigi nema 800 kr.; en jeg bið menn vel að gæta þess, að jeg er eigi á móti fjárveitingu til skóla þessara, þó að hún skipti þúsundum, væru efni til þess. Það er eigi nema til málalengingar, að jeg mæli fleira, og skal jeg því ljúka máli mínu.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta mál er nú komið aptur frá efri deildinni með nokkrum breytingum, en jeg vona þó, að deildin muni verða mjer samdóma um, að vjer eigum ekki að gjöra breytingar við frumvarpið, eins og það nú er lagað, yfir skör fram, og að vjer eigum að fallast á það, er efri deildin hefur samþykkt, nema brýna nauðsyn beri til að breyta því. Vjer ættum og að forðast, að vera að þrátta um hvert smáatriði, ef það er eigi brot gegn þeirri meginreglu, því «principi», sem hvervetna á að koma fram í fjárlagamálinu. Framsögumaður sýndi ljóslega og greinilega fram á, hvernig fjárhagur vor stæði nú. Jeg er samdóma þingmanni Dalamanna um, að vjer eigum eigi að vera of sparsamir á fje landsins, þegar um framfarir er að ræða; en vjer verðum þá að vera búnir að leggja það niður fyrir oss, að fyrirtæki þau, er vjer leggjum fjeð til, miði til sannra framfara. Það er eigi nóg að segja, að seinni tíma mennirnir geti tekið í taumana. Það er of seint, þegar vjer erum búnir að eyða öllu fje voru; vjer eigum að hugsa um, og reyna til þess, að komast hjá því, að eptirkomendur vorir þurfi að taka í strenginn og laga það, sem vjer höfum gjört rangt. Hjer er eigi um það að ræða, og sú er engan veginn ætlun mín, að vjer eigum að leggja upp fje í viðlagasjóðinn, og verja því til innskriptarskírteina, því að vjer erum allir samdóma um, að of mikið sje af þessum innskriptarskír-

teinum, og ættum vjer að af nema þau, og í stað þess verja fjenu svo, að það komi landinu til nota; en þó eigi svo, að landssjóðurinn ausi fje sínu út, svo að þess sje engar leifar. Vjer verðum ávallt að hafa þessa spurning hugfasta: gefur þetta fyrirtæki, er vjer nú eigum að fara að leggja fje til, meiri hagnað af sjer, en innskriptarskírteinin? Það er eigi nóg, að fjeð sje lagið til góðra fyrirtækja, ef þessi fyrirtæki hafa þann kostnað í för með sjer, að þau gefi eigi af sjer þann hagnað, beinlínis eða óbeinlínis, sem svarar því fje, sem til þeirra er varið. Vjer verðum og að gæta þess, að það er eigi að eins árið 1881, er vjer eigum að hafa tillit til, heldur eigum vjer að horfa fram á allan hinn ókomna tímann. Vjer verðum að gá að því, að árstillagið frá Dönum minnkar smátt og smátt, og eigum vjer því eigi að búa svo í haginn, að vjer þurfum að íþyngja landsmönnum með nýjum sköttum. Vjer verðum að sjá, að fyrirtæki þau, er vjer leggjum fje til, verði til svo mikils gagns, að það nemi kostnaðinum til þeirra. Þar af leiðir, að vjer verðum að fara varlega í, að verja fje landssjóðsins til þeirra fyrirtækja, sem enga brýna nauðsyn ber til, og vjer sjáum, að eigi muni borga sig. Jeg ætla að koma með eitt dæmi, og það eru þessar tvær brýr yfir Ölfusá og Þjórsá. Það fje, er til þeirra er ætlað, er lánað leigulaust í 40 ár. Það er auðsjeð, að hjer verður að hugsa um: gefa þessi fyrirtæki þann hag af sjer, að vjer getum lagt á hlutaðeigendur þann skatt, er þessum kostnaði nemur? — Landshöfðinginn er að vísu farinn burt úr salnum, en jeg get þó eigi annað en endurtekið það, að jeg sje enga ástæðu til, að veita þessar marg-umræddu 2000 kr., sem landshöfðinginn þykist eiga tilkall til, svo lengi sem enginn konungsúrskurður er fyrir þeim, og því síður get jeg sjeð ástæðu til þessarar fjárveitingar, sem landshöfðinginn sjálfur hefur ljóslega sýnt fram á, að hann situr hjer á þingi sem fulltrúi stjórnarinnar eptir embættisstöðu sinni, og bera honum því engin laun fyrir þingsetu sína. Þessu næst skal jeg leyfa mjer að svara 1. þingmanni Norðurmúlasýslu út af athugasemd hans við 9. gr. A 1. Jeg skal játa, að jeg fyrir mitt leyti er eigi svo fastur á því, að af nema amtmannaembættin. En áður en ákveðið er, að þau skuli af nema, þá verða menn að gjöra sjer ljóst, hvernig á að koma þeim störfum fyrir, er amtmennirnir hafa á hendi haft. Það getur verið, að sparnaðurinn verði eins mikill og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu segir; en jeg er eigi sannfærður um, að nokkur skildingur muni sparast við þetta fyrirkomulag, því að eigi er sjeð, hvað koma kann í staðinn fyrir embætti þessi. Og það er landsritaraembættið snertir, þá hefur landshöfðinginn áður sagt, að hann skyldi sjá um, að það embætti eigi yrði skipað neinum föstum embættismanni við næstu embættismannaskipti. En vjer vitum reyndar allir, að þetta embætti er svo óþarft, að jeg held, að óhætt væri að leggja það niður nú þegar. Þá kem jeg að breytingartillögum hinna 6 þingmanna undir 2., 3., 4. og 5. tölul., er fara fram á, að færa niður laun biskupsins, forstöðumanns prestaskólans, söngkennarans og leikfimiskennarans við latínuskólann. Það er satt, að nefndin stakk fyrst upp á því, að svipta biskupinn og forstöðumann prestaskólans launahækkun þeirri, sem hjer ræðir um; en nefndin fjell aptur ofan af því síðar. Þó að eigi sjeu beinlínis lög fyrir launahækkun þessari, þá hlýtur þó deildinni að vera ljóst, að óviðkunnanlegt er, að svipta menn þessu lítilræði, sem nemur að eins 500 kr., þar sem þeir hafa fengið embætti sín með þeirri vissu von, að þeir mundu fá þessa launahækkun. Það er og eitthvað viðkvæmt, að snerta þannig við þessum gömlu mönnum. Það er snertir hina tvo, nfl. söngkennarann og leikfimis-

kennarann, þá var. það rjett, er þingmaður Dalamanna tók fram, að hjer er eigi að ræða um, hvort laun þessi eru of mikil eða of lítil, heldur ber hins að gæta, að umboðsstjórnin hefur beinlínis lofað mönnum þessum þessum launum. Ef því á að svipta þá þessum launum, þá er það hið eina rjetta, að segja þeim upp, og reyna að fá aðra í staðinn; en jeg ímynda mjer reyndar, að það verði eigi svo hægt, að fá aðra menn í staðinn; því að þeir eru eigi á hverju strái, er færir eru til að kenna það, er menn þessir kenna. Jeg get því eigi fallizt á þetta breytingaratkvæði, og vona einnig, að deildin fallist eigi heldur á það. Jeg skal eigi þrátta um kvennaskólana; mjer liggur í ljettu rúmi, hvort þeir fá hvor 1000 kr. eða 800 kr., en jeg get enga ástæðu sjeð til þess, að gjöra þráttun úr þessum 800 kr., úr því að efri deildin hefur samþykkt þær; jeg fyrir mitt leyti vil eigi lengja málið og flækja það fyrir einar 400 kr. Eitt atriði vildi jeg enn leyfa mjer að drepa á, og það er viðvíkjandi styrk til þjóðvinafjelagsins, að upphæð 1000 kr. árlega. Þessa uppástungu efri deildarinnar get jeg eigi alls kostar fallizt á. Jeg vildi gjarna láta veita þjóðvinafjelaginu nokkurt fje til þess, að það borgaði skuldir þær, er það stendur í síðan þjóðhátíðin var haldin; en til þess að styrkur sá yrði veittur, þá yrði þingið að sjá reikninga fjelagsins eða skýrslu um, hvernig hagur þess stendur; en þessa skýrslu vantar, og það er gallinn. Jeg veit reyndar hjer um bil, hve skuldin er stór; en jeg veit aptur á móti eigi, hvernig fje fjelagsins var varið síðan árið 1877. Þó þessi veiting sje til vinar míns, varaformanns fjelagsins, þá er þó nauðsynlegt, að fá ástæður fyrir því, hvort brýna nauðsyn beri til þessarar fjárveitingar og hvers vegna brýna nauðsyn beri til hennar. Um breytingartillögur 1. þingmanns Skaptfellinga skal jeg eigi vera langorður, enda er hann búinn að taka aptur 2 af þeim. Á breytingartillöguna undir 2. tölul. við 12. gr. A. b. 1. (fyrir «4000 kr.» komi «7000 kr.») fellst jeg eigi, og það því síður, sem landshöfðingi var á móti henni, eða að minnsta kosti kærði sig eigi um hana. Jeg sje enga nauðsyn bera til þessarar breytingartillögu, því að þótt uppbót þessi hækki upp í 7000 kr., þá geta þessi smábrauð eigi orðið skipuð allt um það, meðan enginn er til að sækja um þau.

Hjálmur Pjetursson: Það eru eigi mörg atriði í þessu máli, er jeg vil minnast á; þess gjörist eigi þörf, og jeg býst eigi við að geta til gagns aukið við hið marga, sem búið er að segja um þetta mál í báðum deildum. Jeg þykist vita, að allir vilja fara sem haganlegast og hyggilegast með fje landsins, veita fje til þess, sem er gagnlegt og fagurt, eptir því sem efnin leyfa, og sjest þetta á umræðum og atkvæðagreiðslum í þessu máli, þótt eigi sýnist öllum hið sama um hvert einstakt atriði. Vjer mundum allir vilja veita miklu meira fje til ýmislegra þarflegra fyrirtækja og framkvæmda, sem vjer þörfnumst svo mjög, ef vjer hefðum nóg fje til þess; jeg vildi óska, að vjer gætum lagt miklu meira fje til verklegra framfara og jeg verð að játa, að til þess sje of lítið lagt í samanburði við sumt annað. Jeg vildi líka óska, að vjer gætum lagt meira fje til barnauppfræðingar og til kvennaskóla, en einkum er það eitt atriði, sem einna mest mælir með kvennamenntuninni, sem sje, að hún er undirstaða undir heimilismenntuninni, en uppfræðslan á heimilunum hefur hingað til verið sú eina menntun, sem mestur hluti alþýðu vorrar hefur átt kost á, og sem hún hefur hlotið að láta sjer lynda, og svo mun verða enn um sinn framvegis, sökum strjálbyggðar og annara kringumstæðna; en þótt jeg vilji gjarnan hlynna að kvennaskólum þeim, sem komnir eru á fót, þá ætla jeg samt að greiða atkvæði með hinum lægri tölum vegna þess, að jeg vil vona, að fleiri

kvennaskólar komist á stofn smám saman, og er þá eigi víst, að landssjóðurinn verði fær um að leggja 1000 kr. hverjum þeirra, ef þeir kæmust á í fleirum sýslum.

Þegar um það er að ræða, að veita fje einstökum mönnum eða til sjerstakra fyrirtækja, þá hlýtur að vera til staðar einhver yfirgnæfandi ástæða, svo sem dugnaður og framkvæmd í búnaði eða embættisfærslu, eða þá í fögrum vísindum, samfara heiðarlegum og eptirbreytnisverðum framgangsmáta, og sem annaðhvort er orðið til gagns, eða vænta má að verði til gagns eða sóma; en hjer er stungið upp á einni fjárveitingu undir tölul. 5. í breytingartillögum nefndarinnar, sem jeg get eigi heimfært undir neitt af því, er jeg hef bent á, eða fundið neina ástæðu fyrir, og hlýtur þessi tillaga að vera sprottin af ókunnugleika eða megnum misskilningi, því hjer er ekki til staðar neitt það í framkvæmd eða hegðun, sem er launavert, heldur á sjer stað hið gagnstæða; þessi tillaga eða þessi fjárveiting hlýtur því að meiða og særa tilfinningar allra þeirra manna — meiri hluta þjóðarinnar, — sem þekkja nákvæmlega hjer að lútandi kringumstæður og framferði. Það hefur komið fram í ræðum einstakra manna hjer á þinginu, að vjer, sem höfum áður greitt atkvæði móti þessari fjárveitingu, gjörðum það af persónulegri óvild; þessu hef jeg ástæðu til að mótmæla fyrir oss alla, vegna þess kunnugleika, er jeg hef á mörgum atvikum, sem hjer að lúta, og fyrir sjálfan mig verð jeg að frábiðja mjer slíkt, og vildi jeg biðja þá, sem ætla mjer slíkt, að tilfæra eitt dæmi, að jeg hafi nokkru sinni látið persónulega óvild eða persónulega vináttu ráða atkvæði mínu á þingi. Jeg skal fúslega játa, að það er hið mesta vandaverk, að fara vel og rjett með fje landsins, og að hitta meðalveginn í öllum fjárveitingum, og ómögulegt er að gjöra svo öllum líki, en það ætti eigi að vera ofvaxið löggjafarþingi, að fara nokkru nær því rjetta og sanna, heldur en farið er fram á í þessari síðast nefndu tillögu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal játa það, að jeg var einn af þeim, sem greiddu atkvæði í móti styrknum til skáldanna, ekki af því, að jeg ekki gæti unnt þeim hans, eða af því, að jeg ekki virði þessa fögru mennt, heldur af sannarlegri sparnaðarhugsun, og af því, að mjer þykir það ísjárvert, að ryðja þannig braut í landssjóð, meðan menntun alþýðu og atvinnuvegum landsins ekki er lengra á veg komið en enn er. Hinn háttvirti 1. þingmaður Gullbringusýslu benti sem fyr á, að fara ekki hrifsandi bendi ofan í landssjóð, og kann jeg honum þakkir fyrir það; hann benti til þess, að búskapurinn nú við enda þessa fjárhagstímabils, sem í hönd fer, sje ekki betri, en hann var 1871—72, og að stjórnin hefði þá haldið svo vel á; en það er aðgætandi að hún gjörði ekki neitt til hagbóta, enda held jeg að engan okkar ætti að langa til að ganga þau spor til baka; mjer virtist hann gleyma einu lagafrumvarpi, þegar hann var að telja upp, það sem til fjárútláta kæmi á fjárhagstímbilinu, og sem hann minntist á undir fyrri umræðu þessa máls, og sem nú stendur meðal upptalninganna hjer í 18. gr. fjárlaganna; það eru nefnilega laun hreppstjóranna; hvað líður því máli; má jeg spyrja, því það ekki er nefnt? já það mun hafa farið í nefnd; hvað svo? það hefur ekkert sjezt, það verður líklega það eina mál hjer á þingi, þetta launamál, sem ekki kemur úr nefnd. Það verður víst að skoðast sem stórmál; nefndin var þó vel mönnum skipuð. Þá ætlaði jeg að minnast á þjóðvinafjelagið, það hefur nú að vísu verið skoðun mín, að það væri rjettara, að þjóðvinafjelagið fengi þjóðhátíðarskuld sína borgaða af alþjóðarfje, heldur en að vera að margknýja á sömu menn með ölmusugjafir, en það er galli á, að hjer sjást engin

skilríki eða reikningar um fjárhag fjelagsins, eða hvað forstöðunefndin hefur gjört síðan 1877, ekki heldur, hvern veg munum fjelagsins er við haldið t. d. tjöldum eða húsinu á Þingvöllum.

Páll prestur Pálsson: Af því að 2. þingmaður Árnesinga minntist fyrstur manna á skáldin, þá verð jeg að fara þar um nokkrum orðum. Jeg get eigi sjeð, að farið sje meira í vasa landssjóðsins heldur en áður. En þess ber að gæta, að þessi athugasemd mín er að eins bending til landshöfðingja, að hann veiti fjeð skáldi þessu, ef hann stendur í skilum sem áður með fagrar ritgjörðir. Jeg má annars vera furðu djarfur í augum 2. þingmanns Árnesinga, að koma með þessa uppástungu, ef það væri rjett hermt hjá honum, að enginn mennskur maður hafi dirfzt að koma fyr með tillögur í þessa átt. Hjer er talað um tilvonandi þóknun fyrir framkvæmdir, ef til þeirra kemur. Þingm. Reykvíkinga mælti í móti upphæðinni til fátæku brauðanna; honum tókst ekki að sannfæra mig, því að jeg ímynda mjer, að landshöfðingjanum veiti hægra að sjá um prestþjónustu á landi hjer, ef hann hefur fje þetta, en ef hann hefur það eigi. Jeg er því sannfærður um, að deildin muni fallast á þessa breytingartillögu mína.

Tryggvi Gunnarsson: Það er eðlilegt, að menn vilji vita um ástæður málanna, áður en greitt er atkvæði fyrir þeim. Jeg játa, að þingmenn eiga fulla heimting á að vita, hvort þörf er á að veita þetta fje til þjóðvinafjelagsins eða eigi. En mig furðar á, að heyra það frá þingmanni Reykvíkinga, er verið hefur varaforseti þjóðvinafjelagsins í mörg ár, að hann veit eigi um, hvernig fjárhagur þjóðvinafjelagsins stendur; því að jeg verð að ímynda mjer, að honum hljóti að vera kunnugt um efnahag fjelagsins, svo að hann hljóti að vita, að þjóðvinafjelagið hefur eigi þær tekjur, að það geti lokið á tveim árum, síðan hann hætti formennskunni, kostnaði þeim, er leiddi af þjóðhátíðarhaldinu. Jeg vona, að deildin neyði mig eigi til á þessum stað, að skýra frá, hvernig á því stendur, að reikningar fjelagsins eigi hafi verið lagðir fram, en hitt get jeg fullvissað deildina um, að fjelaginu mundi koma mjög svo vel, að því yrðu veittar 1000 krónur. Jeg vil eigi fara fram á, að styrkur þessi sje veittur hvert ár, heldur að eins einu sinni. Þar sem sú breytingartillaga hefur komið fram, að tekið skuli fram, að fje þetta eigi að veitast til þjóðvinafjelagsins, til þess að greiða hinn ólokna þjóðhátíðarkostnað, þá vil jeg mælast til, að þetta breytingaratkvæði sje fellt, því jeg álít ekki eiga við, að láta standa í lögum, að kostnaðurinn sje eptir 5 ár ógreiddur. Það er snertir fjárhag landsins, þá er jeg á máli þingmanns Dalamanna, að fleira sje gróði en peningarnir í kistuhandraðanum. Ef framfarirnar eru því meiri sem sjóðurinn er minni, þá er fjenu vel varið; jeg verð að telja það heppilegt, að fjenu sje varið til skóla og annara framfarastofnana í landinu, heldur en að það sje látið liggja í fjárhirzlu Dana með 4%; jeg er viss um, að þjóðin er ánægðari með það. Reynslan sýnir, að erfðir í peningum og öðrum auði komast sjaldan í marga liðu, en menntun og verkleg framför er lukkudrjúgari. Þingmaður Mýramanna minntist á kvennaskólana, og talaði vel um þá í fyrri hluta ræðu sinnar, þar sem hann sagði, að heimakennslan hefði hingað til reynzt drjúgust fyrir landið, og hann vildi styðja að því, að þessir skólar jykjust. En niðurstaðan varð þó hjá þingmanninum sú, að hann vildi draga úr að styrkja þá, af því að hann vildi eigi eiga það á hættu, að svo margir skólar kæmust á fót, sem framvegis mundu leita styrks hjá þinginu. En mín ætlun er sú, að rjett sje að styrkja kvennaskólana þannig, að einn skóli sje stofnaður í hverju amti, sem hafi talsverðan styrk og duglega kennslu; en að þeir sjeu eigi svo margir, því að þá sundrast krapt-

arnir, og kennslan verður eigi svo öflug sem skyldi.

Framsögumaður: Jeg get eigi sagt, að mjer hafi fallið illa í geð ræður neins þingmanns í máli þessu, nema ræða þingmanns Dalamanna. Þingmaðurinn var einn af þeim, er í fjárlaganefndinni sátu, og gjörði hann þá engan ágreining, en nú fyrst við hina 4. umræðu máls þessa hjer í deildinni fer hann að gjöra ágreining þennan. Hann sagði, að fje landsins ætti eigi að leggja á kistubotninum; en hann gleymir því, að nú hefur verið veitt tvöfalt meira fje til verklegra fyrirtækja en áður, tvöfalt meira fje til eflingar landbúnaði. Mjer þætti gaman að heyra, hverjar rentur eða hver arður mundi verða af þeim 2000 kr., er þingmaðurinn vill að landshöfðingja sjeu veittar sem nokkurs konar þingmötu-fje. Á þá þingið að fara að veita fje þetta svona út í bláinn? Þingmaður Reykvíkinga mælti fastlega á móti hinni persónulegu veitingu til landshöfðingjaritarans, og sömuleiðis þingmaður Mýramanna. Jeg skal með ánægju játa, að jeg hef eigi þekkt þingmann Mýramanna að því, að hann sje mótfallinn neinum manni af persónulegum ástæðum, nje að hann sje hlutdrægur hjer í þingi, heldur hefur hann mjer vitanlega ávallt komið fram sem samvizkusamur þingmaður, er fer eingöngu eptir sannfæringu sinni. En jeg get samt sem áður eigi verið á skoðun hans í þessu máli. Hvað mundi þingið 1877 eigi hafa viljað leggja í sölurnar, til þess að þessum vogesti, fjárkláðanum, yrði útrýmt? Og ef lögreglustjórinn í kláðamálinu eigi hefði verið, þá mundi honum enn eigi hafa útrýmt verið; því að það var einmitt hann, sem gjörði það að verkum, að Rosmhvalaneshreppur skar niður, sá hreppur, þar sem verst er fjárhirðingin og sem kalla má vöggu kláðans, og var það hið fyrsta og öflugasta stig til útrýmingar kláðanum. En til þess að þingmaður Mýramanna viti, að jeg er eigi persónulegur, þá skal jeg geta þess, að lögreglustjórinn í kláðamálinu kom mjög ósanngjarnlega fram við mig persónulega. Það er styrk til skáldanna snertir, þá er jeg honum mótfallinn, og gæti jeg vorkennt þingmanni Dalamanna, þótt hann styngi upp á fjárveitingu til þess skálds, er honum stendur næstur, nefnil. hr. Símonar Dalaskálds. Um styrk til þjóðvinafjelagsins er það að segja, að jeg fyrir mitt leyti álít það mikla vorkunn, þótt menn beiðist styrks handa því, og er jeg samdóma 1. þingmanni Suðurmúlasýslu um, að þessi athugagrein ætti að falla burtu; því að það er smekkbetra, heldur en að láta hana standa. En mig furðar á því, að þingmaður Reykvíkinga skuli vera veitingu þessari mótfallinn. Hefði þingmaðurinn sjálfur verið varaforseti þjóðvinafjelagsins, þá mundi hann víst eigi hafa verið þessu mótfallinn. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu kom með mótmæli gegn launaviðbótinni handa biskupnum og forstöðumanni prestaskólans, og kvað nefndina hafa verið þeirrar skoðunar, að þeim bæri eigi þessi viðbót. Það er satt, að nefndin áleit þetta vafasamt; en hún sagði um leið, að allt fyrir það væri hún fús á að veita þeim viðbót þessa, ef það væri vilji þingsins. Jeg er að vísu á því, að embættismenn þessir hafi eigi lagakröfu til þessarar viðbótar, en sanngirniskröfu hafa þeir til hennar, og jeg þykist viss um, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, sem hefur sýnt svo mikla tilslökun í landsreikningamálinu, muni sýna sömu vægð hjer. Jeg verð enn einu sinni að vísa þeim áburði frá fjárlaganefndinni, að hún hafi eigi verið fús á að styrkja þau fyrirtæki, er nauðsynleg og gagnleg eru, svo sem vegabætur, gufuskipsferðir, o. s. frv., og bjóst jeg sízt við því af þingmanni Dalamanna, að fara svo með sitt eigið hreiður (fjárlaganefndina), sem hann hefur nú gjört.

Guðmundur Einarsson: Jeg sje, að varaforseti er ekki vel upplagður í dag;

en jeg held, að það sje misheyrn eða misskilningur okkar á milli, og mjer datt ekki í hug, að hann mundi geta misskilið mig svona. Þá ofanígjöf, sem hann gaf mjer, bið jeg þingmenn að taka og virða eins og hverjum þóknast; jeg mun ekkert skipta mjer af henni. Mjer datt ekki í hug að ámæla fjárlaganefndinni, heldur gjörði jeg að eins almennar athugasemdir um hið smáa og stóra búið, og um þá breyting, sem nú væri að komast á í landinu í tilliti til búnaðarstefnunnar; en þessar almennu athugasemdir mínar þóknaðist honum að taka sem sjerstaklegar, til þess að fá sjer tilefni til að atyrða mig. Hvað 2000 kr. til landshöfðingjans snertir, þá afbið jeg mjer, að það sje af matarást til landshöfðingjans, að jeg vil ekki fella þær burt. Jeg álít það rangt að svipta nokkurn því, sem hann einu sinni hefur fengið loforð fyrir, og sem hann treystir, að hann muni fá, hvort sem það er landshöfðinginn eða annar, sem á í hlut.

Arnljótur Ólafsson: 2. þingmaður Árnessýslu minntist þess, að ekki væri talið með lagaboðunum í 18. gr. lagaboð um laun hreppstjóra, Jeg vil kannast við það, að það fer stundum svo, að hin smærri málin eiga örðugt uppdráttar, t. d. brjefspjaldamálið, sem var all-lengi í nefnd, án þess þó nefndin fyndi ástæðu til að gjöra nokkrar breytingar; en vjer vorum ekki svo heppnir. Nefndinni kom saman um, að ekki væri tiltækilegt að útvega hreppstjórum laun úr landssjóði, en vildi bæta kjör þeirra með aukatekjum, og tókst því á hendur að laga aukatekjureglugjörðina. (*Forseti* benti þingmanninum á, að þetta mál lægi ekki fyrir). Jeg skal þá tala fáein orð út af því, sem valdið hefur ágreiningi. Það er þá fyrst um þóknunina til ritarans; jeg álít hann verðskulda þóknun þessa, ekki fyrir framgöngu sína í Borgarfirði, heldur fyrir dugnað hans að öðru leyti, einkum fyrir endinn. Vjer segjum: «spyrjum að leikslokum, en ekki að vopnaviðskiptum«. Það getur verið, að hann hafi stundum farið yfir hóf fram, en þau urðu þó leikslok, að það sem yfirvöldin höfðu ekki getað leitt til lykta á mörgum árum, það gjörði hann á stuttum tíma, ekki einungis með sínum ópreytanda dugnaði, heldur með því að vekja, t. d. í Borgarfirði, betri öndverða krapta til lífs, og þann hugsunarhátt, sem leiddi til útrýmingar fjárkláðans. (*Halldór Kr. Friðriksson*: Hættum nú herra, hjer mun koma verra!). Framsögumaður má vera mjer þakklátur fyrir, að jeg er ekki með í neinu landssjóðshripsi, og vona jeg að framsögumaður gjöri sig ekki sekan í þeirri ósamkvæmni, að vera sjálfur með hripsi til einstakra manna, því að hvað er hrips, ef það er ekki, að láta biskupinn og forstöðumann prestaskólans fá þær viðbætur, sem þeir enga kröfu hafa til. Jeg er viss um, þó munur sje á mönnum, honum og mjer, að framsögumaður muni að minnsta kosti hvorki leggja til nje frá um þessar upphæðir, fyrst jeg hef lofað að leggja hvorki með nje mót 2000 krónunum til landshöfðingjans. Jeg kannast við, að mjer þótti sárt, að kippt skuli hafa verið af kvennaskólunum $^1/_6$ af styrknum, og jeg skal ekki taka til þess, þó varaforseti segði, að mjer hefði vöknað um augu eða jeg hafi viknað, fyrst hann viknar sakir biskups og forstöðumannsins; en mjer sýnist það vissulega undarlegt af deildinni, þar sem skynsamir menn eru saman komnir, ef hún færir niður þessa litlu upphæð, ekki fullar 3000 kr. til menntunar kvennþjóðarinnar á öllu landinu, þar sem hún veitir aðrar afarháar upphæðir til launa handa embættismönnum og til skóla handa embættismannaefnum. Hvað athugasemdina um amtmannaembættin snertir, þá er það mikill fjársparnaður, sem hún hefur í för með sjer, því að í tilsk. 31. maí 1855 neðarlega í 1. grein

stendur, að þó einhver verði settur í embætti um hríð, þá hefur hann ekki rjett til eptirlauna fyrir það. Með athugasemdinni er ekki neitt skertur rjettur konungs til að veita embætti; og jeg hef beztu vonir um, að stjórnin sjálf muni með tímanum aðhyllast það, að leggja þessi embætti niður, að minnsta kosti getur hún ekkert haft á móti því, að þau verði ekki veitt föstum mönnum um stuttan tíma. Einnig vona jeg, að menn finni til þess, einkum eptir að menn hafa heyrt orð framsögumanns um hrips til einstakra manna, að það á sízt við, að þetta hrips komi niður á biskupnum og forstöðumanni prestaskólans.

Framsögumaður: Jeg finn mjer skylt út af fyrri ræðu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, þar sem hann minntist á jarðyrkjumann Torfa Bjarnason, og áleit skylt að veita honum þóknun fyrir framkvæmdir hans. Út af þessu finn jeg mjer skylt að gefa deildinni nokkrar upplýsingar. Þessi jarðyrkjumaður fjekk 1879 773 kr. úr landssjóði, 1880 hefur hann loforð fyrir 900 kr., því að þá átti hann aptur mjög bágt. Að endingu hefur hann fengið loforð um 1000 kr. fyrir 1881 gegn um búnaðarfjelag vesturamtsins og enn 1000 kr. fyrir sjálfan sig eptir loforði landshöfðingja til fjárlaganefndarinnar. Þetta álít jeg þörf að þinginu sje ljóst; því að þegar ræða er um að veita einhverjum fjárstyrk, þá er nauðsynlegt að þingið viti, hvað hann hefur áður fengið. (*Forseti*: Þetta liggur ekki til umræðu hjer). Jeg veit það, en fyrst 1. þingmaður Norðurmúlasýslu benti til þess, áleit jeg skyldu mína að taka þetta fram.

Hjálmur Pjetursson: Jeg vil minnast lítið eitt á þjóðvinafjelagið, af því það er nýtt atriði í þessu máli. Jeg álít það slæmt, að reikninga vantar, en samt vil jeg styðja að því, að fjelaginu verði veittar 1000 kr. eitt skipti fyrir öll, svo það geti losast úr hinum leiðinlegu skuldum, sem á því hvíla, og jeg álít það gott fyrir allt landið, að þessari skuld verði sem fyrst lokið. Viðvíkjandi því, sem 1. þingmaður Suðurmúlasýslu sagði um kvennaskólana, þá skal jeg ekki bera móti því, að kennslan ef til vill yrði fullkomnari og betri, ef skólarnir væru færri, en sá rekspölur er þegar á kominn, að skólarnir eru að fjölga einkum í norður- og austuramtinu, þar sem einn er í Eyjafirði, annar í Skagafirði, og á þriðja er von í Húnavatnssýslu, og af þessu sjest almenningsálitið á þessu máli. Land vort er svo strjálbyggt, að oss er varnað að hafa strjála skóla og fáa, og niðurstaðan hlýtur að verða sú, að skólarnir fjölga eptir því sem áhugi vex og efni leyfa. Menn hafa talað um það, að Vestfirðingar væru seinir til að koma upp skólum hjá sjer, en það getur verið af því, að þeir líti meira á fjárhag landsins en aðrir. Framsögumaður beindi nokkrum orðum að mjer út af þóknuninni til landritarans. Það getur vel verið, að honum sje kunnugra um athafnir þessa manns á Suðurnesjum, en það skildist mjer á ræðu hans, að hann þekkti líka ýmislegt, er eigi væri hrósvert, og jeg ímynda mjer, ef framsögumaður vildi lýsa því nákvæmlega, þá mundi margt það koma fram, er ekki væri til meðmælingar þessum lögreglustjóra; en hitt er víst, að frammistaða þessa manns í Borgarfirði varð ekki til gagns, og þeir, sem trúa því, að hann hafi unnið þar gagn, þá hlýtur það að koma af ókunnugleika, og að þeir fara eptir rangfærðum sögum í blöðum einkum í norðlenzka blaðinu Norðlingi, sem síðan neitaði að taka leiðrjettingar á rangfærslu sinni. Framsögumaður vjek því að þingmanni Dalamanna, að eigi væri rjett að fleygja út fje til einstakra manna, en hann vill þó sjálfur fleygja út fje til þessa einstaka manns, án þess að það verði rjettlætt. Jeg get ekkert verið móti því, að veita einstökum mönnum þóknun, ef þeir eiga það skilið, og ef ástæður

eru til þess, en jeg er hræddur um, ef vjer veitum þessa þóknun til landritarans, að vjer verðum spurðir um ástæðurnar til þess af kjósendum vorum, og að oss veiti erfitt að að svara þeirri spurningu. Viðvíkjandi því, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði um 2000 kr. til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi að þær væru borðfje, þá vil jeg geta þess, að jeg get hvergi í stjórnarskránni sjeð, að svo sje; en sje það borðfje, þá hvetur það mig enn meir til þess að gefa atkvæði með tillögum nefndarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Ut af orðum framsögumanns vil jeg geta þess, að jeg skal ekkert segja um, hvað jeg hefði gjört, ef jeg væri forseti þjóðvinafjelagsins, hvort jeg þá hefði mælt með eða móti 1000 kr. til þess, en nú er jeg ekki forseti þess, og mjer þykir það að, að vjer vitum ekki, hve mikil skuldin er nú, sú skuld, sem af þjóðhátíðinni leiddi. Það hefur staðið í blöðunum, að töluvert hafi komið inn upp í þessa skuld, og því vil jeg fá að vita, hvort skuldin er ekki farin að minnka, áður en jeg greiði atkvæði með 1000 kr. til þessa fjelags. Jeg efast ekki um, að sá heiðursmaður, sem fyrir fjelaginu er, muni ekki nota fjeð öðruvísi, en til að borga skuldir fjelagsins; en jeg vil ekki veita fje til þess, sem ef til vill er ónauðsynlegt. Viðvíkjandi hinum margumrædda 9. lið skal jeg ekki segja margt, en jeg vona, að menn trúi þingmanni Mýramanna, um framkvæmdir lögreglustjórans í kláðamálinu í Borgarfirði. Þótt framsögumaður sje kunnugur framkvæmdunum á Suðurnesjum, þá verður líka að gæta þess, hvernig aðferðin var, því að vjer viljum þó ekki aðhyllast setning Jesúíta, að tilgangurinn helgi meðalið. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu benti á einn stað, þar sem framkvæmdir lögreglustjórans hefðu verið góðar; en jeg get sagt honum það, að jeg veit ekki til, að neitt hafi komið út af þeim framkvæmdum, nema nokkurra hundraða króna kostnaður fyrir landssjóð; það var eina gagnið, sem hann gjörði í því efni.

Þá var gengið til atkvæða, fyrst um breytingaruppástungurnar, og var:

1. 2. breytingartillaga nefndarinnar (I 493) samþykkt með 14 atkvæðum.
2. 1. breytingartillaga nefndarinnar þar með samþykkt án atkvæðagreiðslu.
3. 1. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fl. (I 512) samþykkt með 14 atkvæðum.
4. 3. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum.
5. 4. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum.
6. 5. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 13 atkvæðum gegn 3.
7. 1. breytingartillaga Páls Pálssonar (I 492) tekin aptur.
8. 8. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum.
9. 9. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 19. atkvæðum.
10. 2. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar o. fl. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,

Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

11. 2. breytingartillaga Páls Pálssonar samþykkt með 11 atkvæðum gegn 8.
12. 3. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar o. fl. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

13. 11. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum.
14. 4. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fleiri samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.
15. 5. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fleiri samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.
16. 6. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fleiri samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

Já:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson.
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarsson,
Þorsteinn Jónsson,

Nei:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Friðrik Stefánson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

17. 7. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fleiri samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

18. 12. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum.
19. 13. breytingartillaga nefndarinnar felld með 16 atkvæðum gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðgreiðslu, og sögðu:

Já:
Björn Jónsson,
Guðmundur Einarsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,

Nei:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

20. 8. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar o. fl. samþykkt með 20 atkvæðum.
21. 14. breytingartillaga nefndarinnar sjálffallin.
22. 16. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum.
23. 36. breytingartillaga Páls Pálssonar felld með 11 atkvæðum gegn 10, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll Pálsson, prestur,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

24. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði með venjulegum fyrirvara.

1. þingmaður Skaptfellinga hafði tekið aptur 1., 3. a. og 4. breytingartillögu sína; sömuleiðis þeir 1. þingmaður Norðurmúlasýslu og 2. þingmaður Eyfirðinga breytingartillögu sína við 12. gr. C. 10.

Var frumvarpið síðan sent aptur til efri deildarinnar.

Ein umræða, í efri deild, á 51. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt

við eina umræðu í neðri deild, sjá I 505—512.

Breytingartillögur I 520. 523.

Landshöfðingi kvaðst að vísu verða að álíta nokkrar breytingar þær, er komnar væru í fjárlögunum í neðri deildinni mjög svo óheppilegar, og ef tíminn leyfði, vildi hann reyna til að breyta þeim með aðstoð þessarar deildar, en þar sem nú eigi væri eptir nema þessi umræða, og þá, ef til þess kæmi, úrgreiðsla málsins í hinu sameinaða alþingi, áliti hann sjer skylt, að ráða þessari deild til að fallast á frumvarpið eins og það nú lægi fyrir.

Ef líkindi væru til, að ákvörðunum þeim yrði breytt í hinu sameinaða alþingi, er 5 deildarmenn hefðu stungið uppá við 12. gr. A. a. B 1. a, vildi hann mæla með þeim, en eptir atkvæðagreiðslunni í neðri deildinni, mundi engin von um það, þar sem 12. gr. A a, og B 1 a., hefði verið samþykkt með 12 atkvæðum móti 9; þess vegna yrði hann að mæla á móti þessum breytingaruppástungum, þó að hann að efninu til væri þeim samdóma. Því að vjer gætum að hans áliti átt meira á hættu í öðrum greinum fjárlaganna, ef þau væru borin undir hið sameinaða alþingi. Hann vildi bæta því við, að þó hann væri á þeirri skoðun, að biskupinn og forstöðumaður prestaskólans hefðu rjettarkröfu á launum þeim, er ræðir um í 12. gr., fyndi hann ekki ástæðu til að mæla með breytingu þeirri, er hjer lægi fyrir, því að hann gengi út frá því vísu, að þeir báðir myndu leggja spursmálið undir úrgreiðslu dómstólanna og á þann hátt ná rjetti sínum. Hvað snerti uppástungunа við 12. gr. B I b. 2., að auka ölmusurnar við prestaskólann, þá hefði hann að vísu ekkert á móti henni, en þar sem þessi grein hefði verið samþykkt í neðri deildinni með 17 atkvæðum, sem væri meiri hluti allra þeirra atkvæða, er kynni að verða gefin í hinu sameinaða alþingi, væru ekki nein líkindi til að þessi breyting gæti komizt á.

Hinar aðrar uppástungur hinna 5 þingmanna væru allar þýðingarminni, og þó að hann að öðru leyti gæti mælt með þeim, skyldi hann að svo stöddu sem bezt hann gæti, biðja deildina að samþykkja þær ekki, því engin þeirra væri þess eðlis, eða þess virði, að deildin þeirra vegna ætti að eiga á hættu aðrar þýðingarmeiri greinir fjárlaganna, og taldi hann það víst, að ef málið kæmi fyrir hið sameinaða alþing, yrðu nokkrar þeirra að vera á hættu.

Jón Jónsson kvaðst hafa greitt atkvæði við 2. umræðu málsins fyrir grein þeirri, er hinir 5 þingmenn nú hefðu gjört breytingar við, eða með öðrum orðum fyrir töluupphæðum þeim, er þeir nú vildu setja inn aptur; en nú er fjárlögin væru komin hingað í þessa deild í síðasta sinni, áliti hann sjer skylt gagnvart þingi og þjóð að virða fjárveitingarvald neðri deildarinnar svo, að ekki yrði vakin stæla út af því, og þess vegna vildi hann eigi gjöra það að kappsmáli, því að menn yrðu að hafa það hugfast, að ef landsstjórnin ætti að fara fram svo sem vera bæri, þá ætti neðri deildin að ráða meiru í fjárlögunum, og hafa meira fjárveitingarvald en efri deildin; þannig væri það erlendis, t. d. í Danmörku. að mikill ófriður hefði risið út af því, að efri málstofan þar hefði viljað ná aðalumráðum yfir fjárhag ríkisins. Að vekja slíkan ófrið milli deildanna væri því ófyrirgefanlegra, þar sem nú væri hið síðasta ár þessa kjörtíma, og vildi hann biðja þingmenn að hugsa sig vel um, áður en þeir kveyktu slíkan ófrið milli deildanna.

Magnús Stephensen kvaðst vilja vekja athygli að því, að breytingaratkvæði hinna 5 þingmanna væru að nokkru leyti sjerstaklegs eðlis, þar sem þau miðuðu að því, að setja aptur inn þær töluupphæðir, sem neðri deildin fyrst hefði samþykkt við 3. umræðu málsins, og fjelli því um koll ástæða sú, er

2. þingmaður Skagfirðinga hefði komið fram með gegn breytingaratkvæðum þessum við 2. gr. A. a. og 12. gr. b. 1. a., því að það væri aðgætandi, að neðri deildin hefði nú greitt atkvæði gegn sjálfri sjer, er hún felldi upphæðir þessar, sem komu aptur til hennar óbreyttar af þessari deild; og þætti sjer eigi við eiga, að neðri deildin byði efri deildinni slíkt. Að öðru leyti sæi hann engan háska í því vera, þótt mál þetta kæmi fyrir hið sameiginlega alþingi, og neðri deildar mönnum gæfist enn kostur á að íhuga það. Hið sama ætti sjer stað um laun söngkennarans, að neðri deildin hefði áður við 3. umræðu samþykkt 600 kr. handa honum, en nú aptur fært launin niður í 500 kr., og þar eð breytingaratkvæði væri komið um þessar töluupphæðir, þá sýndist sjer ekkert á móti, að hin breytingaratkvæðin fylgdu með. Hvað 1. breytinguna snerti, þá hefði neðri deildin fyrst samþykkt orðið: «búnaði», síðan hefði hjer verið gjörð sú breyting, að í staðinn fyrir þetta orð hefði komið: «landbúnaði og sjávarútvegi», en svo hefði neðri deildin kippt burtu «sjávarútvegi», en að eins látið standa «landbúnaði», og með því að fullu og öllu skotið loku fyrir það, að nokkru af fje þessu yrði varið til sjávarútvegs. Breytingin við 18. gr. væri nauðsynleg, þar eð ekkert frumvarp hefði verið lagt fyrir þingið um eptirlaun handa prestaekkjum. Hann kvaðst því ekki geta gengið inn á að greiða atkvæði á móti neinni af breytingum þessum. Hvað breytingaruppástungu hinna 3 þingmanna snerti, þá væri það alveg nýtt, sem eigi hefði hjer áður komið, og miðaði hún beinlínis til þess að gjöra fjárþurð í landssjóði, og væri það mjög óheppilegt að byrja á því, að búa til þau fjárlög, sem eigi styddu að því, að hafa heldur afgang en þurð á landsins fje.

Landshöfðingi sagði, að það væri mjög óheppilegt, að neðri deildin hefði breytt atkvæði sínu síðan hún hefði samþykkt málið við 3. umræðu, viðvíkjandi 12. gr. A. a. og 12. gr. B. 1, a., en aptur á hinn bóginn gætu embættismenn þessir leitað rjettar síns, og látið dómstólana skera úr því, hvort þeim eigi bæri launaupphæð sú, er hjer ræddi um, og frá stjórnarinnar hálfu sæi hann ekkert á móti slíkri málssókn. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði rjett að mæla, að neðri deildin hefði lækkað laun söngkennarans, en sjer sýndist það svo þýðingarlítið í sjálfu sjer, að menn ættu eigi að eiga neitt á hættu fyrir það smáræði. Hvað breytinguna við 18. gr. snerti, þá þyrfti eigi að leita atkvæða um hana, því að það hefði ávallt við gengizt, að forsetar hefðu leyfi til að redigera þessa grein, þegar það sæist, hvað yrði að lögum, og hvað ekki. Þess vegna hefði þessi grein einnig í neðri deildinni komizt án atkvæðagreiðslu með þeim fyrirvara, að forsetar hefðu leyfi til að redigera hana, og væri því óþarft að samþykkja breyting þessa. Hvað uppástungu hinna 3 þingmanna snerti; þá hefði hann eigi sjeð henni útbýtt. Hann ætlaði, að sú væri meining uppástungumanna þessara, að 36000 kr. væru greiddar til gufuskipsferðanna fyrir fjárhagstímabilið, en ekki fyrir hvert árið fyrir sig; hann kvaðst mótmæla uppástungu þessari, enda væri það mál útkljáð, er slík breyting ætti við.

Jón Pjetursson sagði, að ástæðan fyrir þessu breytingaratkvæði væri sú, að stuðla til þess, að greiða sem bezt fyrir gufuskipsferðum í kringum landið, en að öðru leyti væri hann eigi fastur á því; því að koma því öðruvísi fyrir nú, en þegar búið væri, mundi eigi unnt í þetta skipti. Hann væri þó hissa á því, að menn væru hræddir um, að neðri deildin mundi setja niður þessar 18000 kr. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að neðri deildin mundi eigi ganga að þessum 36000 kr., og það mundi leiða til þess, að hún setti niður hinar 18000 kr. (*M. Stephensen*: Misskilningur), en hann

kvaðst eigi geta sjeð, að þetta þyrfti að óttast.

Eiríkur Kúld sagði, að sjer þættu undirtektir hins hæstvirta landshöfðingja fremur undarlegar, að því er snerti þessar breytingaruppástungur hinna fimm þingmanna; viðvíkjandi hinum 1. tölul. hefði hinn 5. konungkjörni þingmaður tekið fram það, sem helzt væri athugandi við þá ákvörðun, og skyldi hann því eigi fara fleirum orðum um það, allir gætu og sjeð, hve nauðsynlegt væri að styrkja sjávarútveginn. Viðvíkjandi 12. gr. A. a. og B. I. a., gæti hann eigi forsvarað gagnvart þingi og þjóð að gefa atkvæði fyrir því, er hann áliti rangt. Landshöfðingi hefði sagt, að hann gengi að því vísu, að yrði farið í mál, mundi það vinnast við dómstólana, og yrði hann þá að ætla að þetta væri víst, og afleiðingin yrði þá sú, að landssjóði væri með þessu stofnað í mál, er sjálfsagt kostaði meira fje, en hjer um ræddi. Hvað snerti laun söng- og fimleikakennarans, þá hefði landshöfðinginn sagt, að þar munaði litlu, en hvernig færi, ef þessi eini maður, sem hjer væri völ á fyrir fimleikakennara, segði af sjer, og menn þá þyrftu að fá mann frá Danmörku; það mundi varla verða mikill hagur. Viðvíkjandi B. I b. 2., þá hefði að vísu enginn mælt á móti því, að fjölgun ölmusa við prestaskólann væru nauðsynleg, en landshöfðingi hefði sagt, að lítið mundi vinnast við það, þó breytingaruppástunga þessi kæmi til neðri deildar, þar sem 17 atkvæði hefðu verið móti henni, en hann fyrir sitt leyti vildi þó enn reyna, hvort þessi fjárveiting eigi gæti náðzt í sameinuðu þingi, því öll nauðsyn væri á að hlynna sem mest að því, að menn hændust að prestaskólanum, svo prestaköllin þó einhvern tíma yrðu fullskipuð.

Landshöfðingi sagði að viðvíkjandi því, sem þingmaður Barðstrendinga hefði sagt um styrk til sjávarútvegs, þá hefði hann fyrir sitt leyti helzt óskað, að «Redaktion» efri deildarinnar hefði mátt haldast; en þar sem hann hefði sagt, að enginn styrkur væri veittur hinum öðrum helzta atvinnuvegi landsins, þá vildi hann benda honum til þess, að hann gæti af 15. gr. fjárlaganna veitt styrk til sjávarútvegs, og hann mundi finna meiri hvöt til að taka tillit til verklegra fyrirtækja, er sjávarútveg snertu, en til annara. Hvað snerti breytinguna við laun biskups og forstöðumanns prestaskólans, þá hefði hann eigi sagt að spursmálið væri vafalaust, heldur vafasamt, og væri það skoðun sín, að dómstólarnir ættu að skera úr því. Hvað snerti laun fimleikakennarans, þá hefðu menn verið að reikna út, hversu mikið hann hefði um tímann fyrir þessa kennslu, en slíkur útreikningur fyndist sjer ósanngjarn, og hefði þetta án efa valdið niðurfærslu neðri deildarinnar.

Jón Jónsson sagðist vilja þakka landshöfðingjanum fyrir hinar góðu undirtektir hans. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að neðri deildin hefði hringlað fram og aptur, hvað atriði þetta snerti, en þetta væri ástæðulaust. Landshöfðingi hefði sagt, að veita mætti fje til sjávarútvegs af 15. gr. fjárlaganna, en slík fjárveiting gæti einnig fengizt frá búnaðarfjelagi því, og úr búnaðarsjóðum þeim, er nú hefðu fengið allmikinn styrk úr landssjóði, og gætu þessar stofnanir nú hvað sem öðru liði, lagt allar sínar eigin tekjur, til eflingar sjávarútvegi. Í sambandi hjer með vildi hann benda á, að allir sjávarbændur hjer á landi um leið hefðu landbúnað. Hvað söng- og fimleikakennslulaunin snerti, þá vildi hann benda á, að hann hefði reiknað út, hversu mikið þeir hefðu fyrir tímann og væri það 3—4 kr. um tímann, og þetta væri ríflegt og meira en hinn elzti og virðulegasti tímakennari skólans, herra Páll Melsteð fengi, sem varla myndi vera 1 króna fyrir tímann, og kenndi hann þó vísindi, er fimleikur og söngur ekki gætu komizt í neinn jöfnuð við.

þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að dýrt mundi verða, að þurfa að fá kennara frá Danmörku, en til þess þyrfti varla að koma, því hægt mundi verða að fá menn til þessa starfa hjer á landi, og það sjálfsagt fyrir minni borgun. Sama væri að segja um söngkennsluna, þar mundi vera hægt að fá t. d. Jónas Helgason fyrir minni borgun en 500 kr.

Magnús Stephensen tók undir með þingmanni Barðstrendinga, að sjer sýndist landshöfðinginn koma nokkuð undarlega fram í þessu máli hjer í deildinni. Sumar tölur, sem hjer væri um að ræða að setja inn aptur, væru hinar sömu, sem staðið hefðu í stjórnarfrumvarpinu, en neðri deildin hefði sett niður, og landshöfðinginn forsvaraði nú það, sem neðri deildin hefði gjört móti stjórnarfrumvarpinu. Það væri hjer sem optar, að er komið væri fram á síðasta hluta þingtímans, þá væri mest undir því komið fyrir landshöfðingjanum, að þingið sæti ekki einn einasta dag fram yfir þær 8 vikur, sem búið væri að til taka, og jafnvel meira undir því komið, en að málin fengju góða afgreiðslu. Viðvíkjandi 12. gr. A. a og B I a., þá vildi hann geta þess, að þó rjettur þessara embættismanna, sem hjer væri um að ræða, væri svo augljós, að mál um hann frá þeirra hálfu ynnist við dómstólana, þá yrði að hafa það hugfast, að við því mætti búast, að slíkt mál gengi til hæsta rjettar, og þá yrðu þeir að bíða í mörg ár eptir því fje, sem þeir ættu fullan rjett á, en þar á ofan yrðu þeir að leggja ærinn kostnað í sölurnar, því ólíklegt væri, að landssjóðurinn yrði dæmdur til að lúka þeim málskostnað, hversu góðan málstað sem þeir hefðu; en að líkindum fengist eigi gjafsókn eptir nú gildandi lögum. Hvað snerti söngkennarann og fimleikakennarann, þá mætti eigi reikna laun þeirra þannig, að telja, hvað þeir hefðu um tímann, því það mætti fara eins með adjunctana og alla embættismenn, en hann hefði reiknað, að adjunctarnir hefðu um tímann enn hærri borgun; þessi ástæða væri því ónýt. Að því er kæmi til sjávarútvegs, þá væri undarlegt að hann þyrfti að fara að kenna 2. þingmanni Skagfirðinga, þar sem hann væri á skrifstofu landshöfðingja, því hann mætti þó vita, að Einari á Hraunum hefði verið veittur styrkur til að nema bátasmíði einmitt af þessu fje; svo hefði og annar maður úr Gullbringusýslu fengið styrk og loforð um hann framvegis. Þingmanni Skagfirðinga hefðu farizt svo orð, að fá mætti annan söngkennara og fimleikakennara fyrir minni laun, og jafnvel svo, eins og hann áliti rjettast, að embætti væru boðin upp á undirboðsþingi; en hann gæti fyrir sitt leyti eigi fellt sig við slík undirboðsþing, því óvíst væri, að sá væri beztur, sem minnst byði; hann vissi reyndar líka, að þingmaðurinn væri allt af fús á að taka að sjer hver störf, sem fyrir fjellu, jafnframt embætti sínu, en sjer þætti þó ekki líklegt, að hann treysti sjer til að kenna söng og því síður fimleika.

Benedikt Kristjánsson kvaðst hvorki ætla að tala með eða mót þeim breytingaratkvæðum, sem hjer væri farið fram á, hann væri búin að gefa atkvæði með þeim áður; en menn skyldu gá vel að, hvort efri deildin mundi hafa við, ef þetta ræki lengra og kæmi í sameiginlegt þing; menn mættu telja þetta lítilmennsku af sjer, ef menn vildu svo, en hann kysi nú fyrir sitt leyti að greiða atkvæði mót breytingunum; i hinu tilfellinu sæi hann sigurinn óvísan.

Landshöfðingi sagði, að þar sem hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að sjer þætti staða landshöfðingjans í þessu máli undarleg, þá vildi hann benda á, að hann skoðaði stöðu sína svo, að hann ætti að miðla málum milli deildanna og koma á samþykki, því það mundi eigi tilgangurinn að setja allt á »Spidsen« milli deildanna. Breytingaruppástunga hinna 5 þingmanna

færi fram á sumt, sem hann væri persónulega meðmæltur. Þar sem hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði getið þess, að landssjóður hefði styrkt Einar á Hraunum, þá væri það alveg rjett; hann mundi og fús á að styrkja sjávarútveg með því, sem veitt væri í 15. gr. En hann vildi taka það upp aptur, að hann beiddi deildarmenn að greiða atkvæði móti öllum breytingum við þessa umræðu.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi vita, hvort deildin yrði eins fljót til að fallast á orð landshöfðingjans í þessu efni, eins og þegar rætt var um 2000 krónurnar í fjáraukalögum, en þá væri hún sjálfri sjer samkvæm, ef hún yrði talhlýðin einnig í þessu efni. Þar sem þingmaður Barðstrendinga þóttist ekki geta forsvarað það fyrir þingi nje þjóð, að halda eigi fram skoðunum sínum um þetta efni, þá gæti það gjarnan verið, að hann gæti eigi haft hreina samvizku fyrir þinginu, nema hann ljeti þessar breytingar sínar koma fyrir sameiginlegt þing, en fyrir þjóðinni mundi hann fullt eins vel geta forsvarað, að sleppa breytingum sínum við 12. gr. A a, og B I. a, eins og sumt annað, sem hann hefði gjört á þingi. Landshöfðinginn hefði tekið af sjer ómakið með að sýna samkvæmni þingmanns Barðstrendinga við sjálfan sig um þetta mál og laun sýslumannsins í Húnavatnssýslu; honum hefði þingmaðurinn verið fljótur að vísa til málsóknar, en nú væri hann allt í einu orðinn svo brjóstgóður við landssjóðinn, að hann gæti eigi vitað, að hann kostaði lögsókn. Menn felldu sig svo illa við, að «sjávarútvegi» var sleppt í neðri deildinni; hann játaði það, að sinna ætti sjávarútvegi eins og landbúnaði, en bæði áliti hann, að sjávarútvegur vor væri á nokkru betra stigi, en landbúnaðurinn, og svo hefði landshöfðinginn haft góð orð um að styrkja hann með því fje, er í 15. gr. fjárlaganna væri ætlað til verklegra fyrirtækja, og hann bæri í þessu efni fullkomið traust til landshöfðingjans, því að hann hefði opt sýnt, að hann væri fús til að efla það, er til framfara horfði, meðal annars þá er hann styrkti mann til utanferðar, til þess að kynna sjer bátasmíði í Noregi. Hvað snerti breytingaratkvæðið við tillagið til gufuskipsferðanna, þá furðaði sig stórlega á, að nokkrum manni skyldi geta komið slíkt til hugar, þar sem það væri þriðjungi hærra, en áður hefði verið, og meira að segja, langtum hærra en nokkurn tíma hefði verið gjört ráð fyrir, og því vitlausara væri það, sem heyrzt hefði, að Slimon mundi taka að sjer strandferðirnar fyrir enn þá minna verð, en hann hefði stungið upp á.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi skilja í ræðu þingmanns Húnvetninga, hún hefði, eða að minnsta kosti margt í henni, lítið komið efninu við, því að hjer væri hvorki verið að ræða um laun sýslumanns Húnvetninga nje um Torfa í Ólafsdal. Eigi gæti hann heldur skilið þau orð þingmanns Skagfirðinga, að eigi bæri nauðsyn til að styrkja sjávarútveg, af því að enginn bóndi legði stund á hann eingöngu; hann vissi þó af fjölda manna, sem stunduðu hann eingöngu (*Jón Jónsson*: Tómthúsmenn); hann ímyndaði sjer, að þeir væru Íslendingar engu síður og hefðu því líka rjett til, að þeirra atvinnuvegur væri efldur af landsfje. Hann sæi eigi heldur þá hættu, sem landshöfðinginn benti á, ef málið kæmi fyrir sameiginlegt þing, og hann ímyndaði sjer, að það mundi eigi valda neinni óvild milli deildanna, þó að þær kæmu sjer eigi saman um eitthvert atriði; hann sæi eigi heldur neina ástæðu til þess, að landshöfðinginn vildi láta efri deildina nú lúta í lægra haldi, vegna þess að hún vildi setja inn aptur einmitt þær upphæðir, er landshöfðinginn fylgdi sjálfur fram.

Landshöfðingi sagði, að þar sem þingmaður Barðstrendinga hefði aptur tekið það fram, að hann skildi eigi, hvers vegna sjer væri umhugað um, að þessum ágreiningsatriðum væri eigi haldið fram, þá vildi hann

segja honum, að hann tæki á sig alla ábyrgð gagnvart stjórninni, en gagnvart þinginu þætti sjer það vera sitt hlutverk, að reyna að miðla málum milli deildanna (*Magnús Stephensen*: Það er hægast í sameiginlegu þingi); það væri gagnstætt sinni sannfæringu, annars mundi hann eigi hafa mælt móti því, að málið kæmi fyrir sameiginlegt þing.

Ásgeir Einarsson kvaðst vilja minna þingmann Barðstrendinga á, að þó að margir lifðu á sjávarútvegi, þá gæti hann þó sýnt honum af landshagsskýrslunum, að miklu fleiri lifðu á landbúnaði, en ef hann væri eigi fróðari í þessu efni, en í landafræðinni fyrir skömmu, þá væri eigi fleirum orðum að því eyðandi. Þar sem menn væru eigi vonlausir um sigur í hinu sameinaða þingi, þá væri nú auðsjeð, hver hann yrði, ef atkvæðin í þessari deild yrðu jöfn.

Forseti kvaðst vilja gjöra þá athugasemd viðvíkjandi 12. gr. A. a., af því að hún snerti sig persónulega, að þó að hann ímyndaði sjer, að hann hefði rjettarkröfu til fjár þess, er þar um ræddi, þá væri þó hvorttveggja, að hann mundi komast af án þess, ef hann lifði svo lengi, og svo væri hann svo þakklátur neðri deildinni fyrir viðbótina við fjárveitingu til hinna fátæku brauða, sem þau gætu eigi án verið, að hann fyrir sitt leyti væri fús á að gefa þetta fje eptir í þakklætisskyni við hana, en af því að hjer væri eigi að tala um sig einan, gæti hann það eigi.

Síðan var gengið til atkvæða og fjell þannig atkvæðagreiðslan:

1. Breytingaruppástunga frá 5 þingmönnum (I 520), Árna Thorsteinson, Bergi Thorberg, Eiríki Kúld, Magnúsi Stephensen, og Sighvati Árnasyni, við 9. gr. C 4. felld með 6 atkvæðum gegn 5.

1. Breytingaruppástunga við 9. gr. C 6. (I 523), frá Jóni Pjeturssyni, Sighvati Árnasyni, og Jóni Hjaltalín, tekin aptur.

3. Breytingaruppástunga frá 5 þingmönnum við 12. gr. A. a. felld með 7 atkvæðum gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Jón Hjaltalín.

Nei:
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

4. Við 12. gr. B. I. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.

5. Við 12. gr. I. b. 2. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5, að við höfðu nafnakalli og sögðu

Já:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Sighvatur Árnason.

Nei:
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Stefán Eiríksson.

6. Við 12. gr. B. III. b. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.

7. Við 12. gr. B. III. b. samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.

8. Við 12. gr. C. 10. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3.

9. 18. gr. samþykkt án atkvæða.

Frumvarpið samþykkt með öllum atkvæðum, og var það þar eptir sent til sameinaðs þings.

Ein umræða í sameinuðu þingi, á 2. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild, sjá I. 529—536.

Breytingartillögur: I. 536. 537. 538.

Forseti bar undir atkvæði þingmanna, hvort ræða mætti frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1880 og 1881 á þessum fundi, þó að hinn ákveðni 2 daga frestur eptir þingsköpunum eigi væri liðinn, og kvaðst hann hafa fengið samþykki landshöfðingja til þess. Þingmenn samþykktu það í einu hljóði.

Arnljótur Ólafsson: Að vísu liggja hjer eigi mörg breytingaratkvæði fyrir, sem orðið hafa ágreiningsefni beggja deilda; að eins 4 atriði, sem 4 þingmenn hafa leyft sjer að taka aptur upp, og 2 breytingaratkvæði, sitt úr hvorri deild, og eru þau bæði breytingar frá því, sem neðri deildin samþykkti. Jeg skal þá leyfa mjer að mæla fram með þeim tillögum, er mitt nafn stendur undir; fyrst tillögunni um laun til kennaranna í sönglist og fimleikum við skólann. Það sem oss gengur til að setja 500 í stað 600 og 500 í stað 700 króna, er einkum það, að námskostnaður kennara þessara er miklum mun minni en námskostnaður annara embættismanna. Í annan stað, ef nú laun þessara manna eru borin saman við meðallaun annara embættismanna, þá eru þau auðsjáanlega of há, þegar til starfstíma þessara manna er litið. Fimleikakennarinn kennir 6 tíma og söngkennarinn 4 tíma á viku, eða að öllu samlögðu í 9 mánuði, að frá dregnum helgum, fimleikarinn 210 stundir, söngkennarinn aptur að eins 140 stundir. Deilum við nú upphæðunum 500 með 210 og 140, kemur út 3 kr. 60 a., sem söngvarinn fær um tímann, en hinn 2 kr. 40 a. Nú spyr jeg — ekki hina hálaunuðu embættismenn á þinginu, heldur bændur — hvort embættismenn vorir fái meira en 2 krónur fyrir hverja embættisvinnustund, og ef það er ekki, þá má eigi ætlast til, að vjer setjum þessi laun hærri en hinna allrahæstu embættismanna. Nefndin í skólamálinu hefur töluvert fundið að ofeyðslu í útgjaldareikningum skólans, og væri því ráð að gæta hófs í þessari grein. Væri nær, að skólinn ætti afgangs svo marga aura, að hann gæti gefið út sæmilegt boðsrit fyrir sig. Jeg vona því, að hið háttvirta þing felli eigi þessa tillögu vora; hún er hvorki sprottin af nápínuskap nje óvild, heldur af því sem öllum ætti að vera auðsætt, að laun þessi eru sett allt of hátt í samanburði við meðallaun annara. Sýslunefndarmenn og amtsræðismenn t. a. m. fá einar 2 krónur — ekki dagstund hverja, heldur um dagginn — fyrir sín embættisstörf. Þá kemur breytingartillagan um prestaskóla-ölmusurnar. Jeg skal játa, að jeg get ekki mælt eins fast fram með henni sem þessari, þó jeg hafi ritað nafn mitt undir hana. Jeg vil ekki bera saman ölmusur og húsaleigu prestaefna og læknaefna, því þó að þær bætur komi á kjör presta, sem hin nýju lög gjöra ráð fyrir, þá komast tekjur þeirra aldrei til jafns við læknanna. Læknar fá eigi einungis 1500 eða 1900 kr. í laun, sem fáir prestar fá, heldur fá þeir og fulla borgun þar á ofan fyrir hvert verk, er þeir vinna. Jeg hef í tillögu minni enga fjár- eða tekjureikninga fyrir augum mjer, heldur þá ósjerplægni, sem þessari stjett ber að hafa sem aðal og einkenni. Hvort aðrir embættismenn vilja læra hana af þeim, eða ekki, það er þeirra sök; en hvað um það, prestar eiga að gefa öllum gott eptirdæmi, eigi að eins í stólnum, heldur eins utan stóls. Þá kemur breytingaratkvæðið um launauka forstöðumanns prestaskólans. Upphæðin á launum biskups er samkvæm atkvæðagreiðslu neðri deildarinnar, en launaukinn við forstöðumanninn er afleiðing atkvæðagreiðslu efri deildar. Jeg sje 3 heiðraða þingmenn undir tillögu, að færa laun biskups upp árið 1881 um 300 kr. Jeg virði nú þessa heiðursmenn mjög mikils, en ekki finnst mjer minnst vert

um þann virðulega embættisbróður minn, sem situr í miðið, mitt á milli 2 lögfróðra lærifeðra. Við skulum nú sjá, hvað lögin segja um launauka þennan. Launaukar þessir eru nú fyrst byggðir á 3. klausu í 7. gr. launalaganna 15. oktbr. 1875, er svo hljóðar: «Þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum, hafa aðgang til að fá hærri embættislaun, en ákveðin eru í lögum þessum, skulu einskis í missa við þau». Hverjar eru nú þær eldri ákvarðanir, sem hjer eiga við? Þær voru hvorki lög, tilskipanir, konungsbrjef nje nokkrar aðrar gildar ákvarðanir, er getur um í 25. gr. stjórnarskrárinnar, heldur eru þær einungis frumvarp til laga, sem rætt var á ríkisdegi Dana veturinn 1862 og 63, og sem sami ríkisdagur felldi. En eptir þessu fellda frumvarpi hefur stjórn vor farið og fer enn, þótt það sje löngu dautt og marklaust, auk þess er hún var búin að punta upp laun þessara heiðursmanna og annara fleiri með hundraðsaukum eptir 9. gr. í dönskum launalögum 26. marz 1870. Þessir launaukar voru svo teknir upp í frumvarp til fjárlaga 1875. Með öllu íreiknuðu voru nú þessir heiðursmenn, sem hjer eiga hlut að máli, þó ekki búnir í árslok 1875 að ná þeirri launaupphæð, sem hin almennu launalög 15. oktbr. 1875 ákveða þeim frá 1. janúar 1876. Lesum bara skrána, er fylgir ráðgjafabrjefinu 28. febrúar 1876. Embættisaldur biskups er nú talinn frá 1. apríl 1866, en 31. desbr. 1875 var hann að eins búinn að ná upp í 6832 kr. Hann átti nú eptir frumvarpinu sæla að fá 400 kr. viðauka 5. hvert ár, þar til launin væru auk 400 kr. í húsaleigu orðin 6400 kr. Nú fjekk biskup þá fyrstu 400 kr. viðbótina 1. apríl 1871, síðan aðra 1. apríl 1876 og nú hina síðustu 400 kr. viðbót 1. apríl 1881. Við launalögin kipptist hann upp í 7000 kr. úr 6832 kr., en 400 kr. viðbótin lagðist við þessa tölu (6832), sama er að segja um forstöðumann prestaskólans. Embættisaldur hans er talinn frá 1. júlí 1866, og fær því viðaukana frá 1. júlí að telja öll hin sömu ár, sem biskupinn. Forstöðumaðurinn var búinn að fá 4332 kr. í laun 31. desbr. 1875, en eptir launalögunum fjekk hann 4600 kr. frá 1. degi janúarmán. 1876. Báðir þessir heiðruðu embættismenn hafa því haft dálítinn ábata. Vjer sjáum nú, að þessir launaukar eru alveg komnir undir fjárveitingarvaldi þingsins, en eru á engum lögum byggðir. Það er því eigi lögum samkvæmt, að veita þeim enn þennan þriðja 400 kr. viðauka, þótt um lítið fje sje að ræða fyrir þetta fjárlagatímabil. Þetta er mjer sjálfum auðsjáanlega ekkert kappsmál; jeg ann báðum þessum herrum vel þessa viðauka. En jeg verð að segja, að mjer finnst hreinn óþarfi, að veita þeim viðbót þessa sem ofanálag á hin afarháu laun þeirra. Jeg get eigi annað en álitið, að laun ýmsissa embættismanna vorra eptir lögunum sjeu talsvert of há. Embættislaun þessa lands eru hærri en laun margra landa Norðurálfunnar. Forseti bandaráðsins í Sveiz hefur einar 7000 kr. í laun; í Belgíu, hinu auðuga og ötula ríki, eru og miklu lægri laun en hjer. Vjer erum fátæk og lítil þjóð, sem verðum að launa að tiltölu miklu meiri sæg af embættismönnum en nokkurt land annað. Vjer megum eigi gleyma því, að vjer þurfum á landstekjum vorum að halda til alls annars, vjer sem nýbúnir erum að taka við fjárhag og landshag vorum. Vjer vitum glöggt, að hjá oss er frá gömlum tímum allt í ólestri, allt í rúst, allt í flagi, og hvar sem vaknar nokkur framfaralöngun á landi voru, þá vantar fje til framkvæmdanna, og vjer neitum um hvern fjárstyrkinn á fætur öðrum. Í annan stað hafa embættismenn vorir miklu minna að gjöra, en í öðrum löndum á sjer stað; hjer eru færri hundruð manna, en þúsund í ríkum löndum, og málefnin að því skapi færri og einfaldari. Jeg skal enn leyfa mjer að bæta við: mjer þykir það bera undarlega saman, að sýna þá sparsemi, að af nema þær 2000 krónur, sem kallað hefur verið borðfje eða því um líkt handa landshöfðingja sem fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, en ausa aptur slíkum gullstraumi yfir þessa menn.

Nú þótt þessir báðir tveir sjeu heiðursmenn, þá er landshöfðinginn það líka, og víst engu síður. Og hjer við bætist, að annar þessara manna hefur sjálfur sagt, eða rjettara, að hinn háttvirti forseti efri deildar hefur sagt, að hann vildi ekki þennan auka. Jeg veit, að miðmaður hinna þriggja höfunda breytingarinnar (*Grímur Thomsen:* Hver er hann?) hinn háttvirti háæruverðugi þingmaður Barðstrendinga, hefur sjálfur heyrt þau orð af munni forseta efri deildarinnar, að hann vildi ekki aukann, heldur óskaði, að hann gengi til fátækra presta í kirkjunni. Mun þingmaðurinn vilja bera orð forseta efri deildar til baka? Eða kemur þingmanninum til hugar að bera brigður á, að forseti hafi talað orð þessi í hreinskilni og fölskvalausri alvöru? Þingmaðurinn hefur nú, vona jeg, sjeð á hverjum lögum og eldri ákvörðunum «aðgangur» þessara embættismanna til launaukanna er byggður, og hvað þeim er að treysta. En jeg skal nú sleppa því, og ekki tala frekar um traust hans á forseta efri deildarinnar, nje hverja þýðing hann leggur í orð mín. En á eitt vil jeg minna þingmann Barðstrendinga, og það er á þá stund, er hann sat fyrst í þessum sal á þingi 1875 og var kosinn til þess virðulega sætis í efri deild þingsins, sem hann nú befur; þingmaðurinn veit og man vel, að það var gjört af því trausti til hans, að hans alkunna frjálslyndi frá fyrri tímum skyldi þar reynast rammgjör varnargarður alþýðunnar; já, að hann mundi, ef til þess skyldi koma, standa sem öruggur andvígismaður embættismannaflokksins í broddi fylkingar. Jeg vil eigi leggja þungan dóm á þingmennsku hans; en það dylst mjer eigi, að annað hvort er þingmaðurinn nú ósamkvæmur sjálfum sjer og allri þingmennsku sinni, er hann skrifar undir þetta breytingaratkvæði, ellegar hann er samkvæmur sjálfum sjer, og þá hefur hann ekki alls kostar uppfyllt það traust, sem þingið forðum bar til hans. En um þetta ber mjer að vísu ekki að dæma. En það eitt vil jeg segja, að þótt hann kunni að hafa gleymt sjer við og við, sem er mannlegt, þá hefur hann víst ætíð — það veit jeg — sá mikli guðsmaður, haft í fersku minni ýmisleg orð og talshætti, svo sem þessi: «elskið ekki heiminn» o. s. frv., «látið yður afhendan þennan mammon ranglætisins», því «ágirndin er rót alls ills»; hann mun eflaust heyrt hafa sjálfan biskupinn enda tóna þessi minnisverðu orð: «einn biskup á að vera óstraffanlegur og einskis skemmilegs ávinnings gírugur». En þá ætti þingmaðurinn líka vissulega að forðast að troða upp á biskup sinn of miklum launum og launabótum um lög fram. Um vorn háæruverðuga biskup vita allir, að hann vantar ekki sjálfs-afneitun; hann hefur sýnt hana sjer til mikils sóma og oss til fyrirmyndar; hann hefur «krossfest», já margkrossfest sitt hold Jeg skal reyndar vorkenna þingmanni Barðstrendinga, þótt hann vilji líka «taka sinn kross upp á sig og fylgja honum eptir», fylgja svo glæsilegri fyrirmynd, því þá má segja og syngja: «krossberenda er sama vonin».

Halldór Kr. Friðriksson: 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hefur fært svo mörg rök fyrir breytingartillögum sínum, að það er óþarfi á þeim fleiri; en samt sem áður voru röksemdir hans þannig lagaðar, að jeg tel þær lítilsvirði, og vonast til að þingið fallist eigi á breytingartillögur hans og þeirra, sem honum fylgja. Sumt af því, sem hann sagði, kemur málinu alls ekki við, og jeg álít, að forseti hefði haft fyllsta rjett til að taka fram í fyrir honum. Hann hyrjaði á 3. og 4. tölul. í breytingartillögum sínum, sagði hann að þessir tveir menn fengju svo ríkuleg laun og svo mikið fje fyrir hvern tíma, að jafnvel hinir hálaunuðu embættismenn kæmust eigi í samjöfnuð við þá. Jeg skal eigi þrátta um tímareikning hans, en svo mikil eru þó eigi laun þeirra, að landið verði ríkt eða fátækt sökum þeirra. Hann talaði um, að það væri eigi af nápínuskap fyrir sjer, að hann vildi lækka laun þessara manna; jeg skal heldur eigi dæma um örlæti hans, en þessar tillögur hans miða til þess, að gjöra

orð umboðsstjórnarinnar ómæt; þessir menn eru báðir skipaðir af henni með þessum launum, sem þingið hafði veitt, og annar þeirra hefur yfirgefið fasta stöðu. Umboðsstjórnin hefur í fullu lagaleyfi samið við þá um þessi laun, og það er engin ástæða fyrir þingið að ætlast til, að hún taki aptur þau laun, sem hún hefur einu sinni veitt. Það getur verið, að þessi laun þyki ríflég, en það er eigi rjett að reikna þau eptir tímatali; þessir menn verða að búsetja sig hjer í Reykjavík, og þessi laun nægja alls ekki til þess, að þeir geti lifað eingöngu af þeim. Þeir verða að leita sjer annarar atvinnu til þess að geta komizt hjer af. Auk þess verður að hafa tillit til þess, hvort völ er á mönnum, sem hæfir sjeu til að gegna þessum störfum, og fallist þingið á þessar tillögur, þá getur farið svo, að kennslan í þessum greinum hætti um stund. Það getur verið, að 1. þingmanni Norðurmúlasýslu þyki ekki svo mikið varið í hana, að vert sje að verja einum eyri til hennar, en jeg álít því fje vel varið, sem varið er til hennar. Það er ekki nóg að mennta sálina, það þarf líka að hugsa um líkamann; hin andlega menntun getur því að eins komið að notum, að líkaminn sje heill og heilbrigður, en til þess að ungir menn sjeu hraustir, þurfa þeir að styrkja líkamann, og hafa til þess góða hreyfingu og nokkra áreynslu við og við. Jeg þykist vita, að þingið muni því ekki taka þessar breytingatillögur, því síður sem þær eru öldungis óformlegar; það á alls ekki við, að taka þannig af þessum mönnum. Þessi uppástunga átti að koma sem áskorun til umboðsstjórnarinnar, að segja þessum mönnum upp, og reyna að fá aðra með minni launum, en að taka nú af þeim og eiga svo á hættu, hvort nokkrir fást til að kenna, er alls eigi rjett, og jeg vonast til þess, þótt þingið vildi gjarnan lækka þessi laun, að það láti það bíða, þangað til að kemur lögulegri uppástunga.

Þá er eitt atriði enn, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu og hans menn álíta ekki rjett, sem sje launaviðbót biskupsins og forstöðumanns prestaskólans. Það er eigi tími til að fara út í alla röksemdaleiðslu þingmannsins, en jeg verð að minna menn á það, að þessir menn hafa fengið embættin með þeirri vissu von, að launin yrðu smátt og smátt hækkuð. Þegar þeim er veitt embætti með þessari von, þá sje jeg eigi, að þeir hafi eigi fyllstu sanngirniskröfu til þessarar uppbótar. Jeg get heldur ekki betur sjeð, en að það sje mjög mikil ósanngirni af þinginu, að fara nú að breyta þessu, sem það nefndi hvorki 1875 eða 1877. Með því að ganga þá þegjandi fram hjá þessu, hefur það viðurkennt, að stjórnin hefði rjett fyrir sjer að veita þessa uppbót. Þessir menn fá uppbót 1876. Þingið talar ekkert um það 1877, en nú 1879, þá kemur þingið með þessa kröfu, ekki að taka af þeim þá uppbót, sem þeir hafa fengið, heldur hið síðasta tillag. Það sjá allir, hver samkvæmni er í þessu. Auk þess munu allir játa, að þessir menn, sem hjer eiga hlut að máli, sjeu þeir heiðursmenn, að ekki sje rjett að særa tilfinningar þeirra, og þetta getur eigi álitizt annað en »Mistillidsvotum« til þeirra (*Arnljótur Ólafsson*: Nei). Jeg vona því, að þingið hafni þessari tillögu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu en aðhyllist breytingartillögu hinna þriggja þingmanna úr efri deildinni, þrátt fyrir hina mælsku ræðu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu.

Eiríkur Kúld kvaðst vona, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu tæki sjer það ekki illa upp, þó hann eigi svaraði öllu því, er hann hefði sagt, því hann ætlaði að láta sjer nægja að svara sumu. Þingmaðurinn hefði byrjað á því, að taka söngkennarann og fimleikakennarann og reikna laun þeirra, og síðan komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir væru nógu hátt launaðir, en þessi aðferð þingmannsins ætti hjer alls eigi við, því þessir menn væru launaðir fyrir nokkurn tíma, þar sem aðrir embættismenn væru launaðir fyrir allt árið, til þess að vera viðbúnir að gjöra öll þau embættisverk, er fyrir kunna að falla. Hann vildi skírskota til orða þingmanns Reykvíkinga, hve varasamt

það væri, að færa laun þeirra niður, því af því gæti beinlínis leitt það, að kennslan í þessum greinum hætti um tíma. Báðar þessar greinir væru mjög nauðsynlegar, en illt einkum, að leikfimi falli niður, þar sem hin gamla íslenzka list, glímulistin, væri þegar útdauð hjer við skólann. Að því er snertir prestaskólann, þá hefði þingmaðurinn að vísu játað, að nauðsyn bæri til að styðja hann, en vildi láta prestana ganga á undan í ósjerplægni, það væri og sinn vilji, en með því, er þingmaðurinn færi fram á, útilokaði hann fátæka menn frá því, að geta orðið prestar. Þá vildi hann snúa sjer að orðum hans um laun biskups og forstöðumanns prestaskólans; honum hefði þótt þau of há, og í því tilliti bent á fátækt landsins og miðað við ríkari lönd t. d. Svissaraland, að þar væru lægri laun, til dæmis að forseti þar hefði að eins 7000 kr.; en þá vildi hann biðja þingmanninn að athuga, hvort minni væru útgjöld þar á hverjum einstökum manni en hjer. Í Svissaralandi væru útgjöldin 28,225000 kr., íbúar 2,669000, og kæmi þá á hvern 10 krónur. Á Íslandi væru útgjöldin 367000 kr., og íbúar 70,000, og kæmi því á hvern 5 krónur. Í Belgíu væru útgjöldin 173,594000 krónur, íbúar 5,253000, á hvern kæmu því 33 krónur. Það mætti að vísu gjöra ráð fyrir efnamun, en þingmaðuriun gæti eigi sannað, að efni sjeu þar þeim mun meiri, er svari mismuninum, sem kemur á hvern mann. Þá hefði hann álitið, að hann hefði brugðizt trausti þingsins, þá er hann hefði verið valinn í efri deildina, en hann vildi vona, að engum hefði dottið í hug að velja hann af því, að hann mundi verða móti embættismönnum, því hann vildi hvorki vera móti embættismönnum nje bændum, hann vildi unna hverjum þess rjettar, er honum bæri, og því hefði hann ætíð fylgt. Þingmaður Reykvíkinga hefði nægilega sannað, að ef menn aðhylltust uppástungu þingmannsins, þá væru menn komnir í gangstæða stefnu við það, er var 1877. Þá hefði þingmaðurinn gefið oss andlegrar stjettar mönnum hjer þá góðu reglu, að yfirgefa heiminn og það sem honum fylgdi, og væri líklegt, að sjálfur þingmaðurinn bæði hefði fylgt og fylgdi þeirri sömu reglu, að afneita heiminum, fýsn holdsins o. s. frv., og fyrir sitt leyti vildi hann fylgja þeirri reglu, að afneita slíku; þingmaðurinn mundi játa, að hann með sínar pólitisku skoðanir væri enn í heiminum, og vildi hann þá um leið og hann að ráðum þingmannsins afneitaði heiminum, fýsn holdsins o. s. frv. fyrir tilmæli hans, lofa hans pólitisku skoðunum að fylgjast með því, sem hann afneitaði — þær hefðu einkum komið fyrir manna sjónir í Norðlingi, er nú mundi snúinn til síðustu hvíldar, og sem þingmaðurinn því mundi sýna það veglyndi, að kasta rekunum á kauplaust, um leið og hann fer heimleiðis.

Varaforseti: Það hefur mikið verið rætt um þessar tvær breytingartillögur, er snerta launaauka þessara tveggja embættismanna. Hið háttvirta þing hefur heyrt röksemdir 1. þingmanns Norðurmúlasýslu og mótbárur þingmanns Reykvíkinga. Þessar tvær upphæðir voru fyrst samþykktar í neðri deildinni, eins og þær komu frá fjárlaganefndinni, en hvorki fjárlaganefndinni nje síðan neðri deildinni blandaðist hugur um það, að þessar upphæðir væru ekki á lögum byggðar, og það var ekki þess vegna, að greitt var atkvæði með þeim hjer í deildinni, að menn væru í vafa um, hvort þær væru löglegar eða ekki, heldur af því að þessir menn áttu í hlut, og það var fastlega tekið fram, að þetta væri hið síðasta tillag til þessara manna; en jeg fyrir mitt leyti er öldungis sannfærður um, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hefur öldungis rjett að mæla, það er kemur til þess, hve lögleg þessi launauppbót er. Þá kemur enn þá breytingartillaga frá tveimur háttvirtum herrum í þá átt, að nema burtu þessa þóknun handa ritaranum. Jeg hef lengi rannsakað, hvort það hafi nokkurntíma verið siður hjer á landi, að manni, sem af umboðsstjórninni hefur verið skipaður starfi fyrir utan embætti hans, hafi verið neitað um borgun,

jeg hef hvergi fundið það. Jeg hef verið í tveim nefndum, og játa jeg, að jeg hef verið svo djarfur að þiggja þóknun fyrir þann starfa, þótt jeg sje ekki embættismaður; jeg veit líka, að aðrir embættismenn hafa fengið þóknun fyrir slík störf, og það mun eigi auðið að finna þess dæmi, að embættismanni, sem skipaður er starfi fyrir utan embætti hans, sje neitað um borgun. Jeg veit það vel, að þessi maður hafði embættislaun sín óskert og hefur ef til vill fengið útgjöld sín borguð, en ekki fyrir störf sín, svo sem skriptir, varúðarráðstafanir og aðrar ákvarðanir, er hann gjörði. Jeg veit, að mjer verður svarað því, að ráðstafanir hans hafi ekki verið þess verðar, að hann fengi þóknun fyrir þær, en þá vil jeg minna menn á, hvernig ástatt var hjer á landi og á þinginu og nær því um allt Suðurland 1875; þá vildu menn allt til vinna, að vogesti þessum, fjárkláðanum, yrði útrýmt, en nú þegar hann er yfirunninn, þá horfa menn í hálfa þóknun handa þeim manni, sem beztan þátt átti í því að yfirvinna þennan óvin. Þeir háttvirtu herrar tala um það, að þessi maður hafi komið illa fram, með ósanngirni og of miklum ákafa; jeg ætla ekki að tala um það, en eitt veit jeg, að hann hefur breytt eptir beztu samvizku, beztu þekkingu, í bezta tilgangi og með mestu atorku, en þó hann hafi verið nokkuð ákafur, þá er það galli, sem lagast með tímanum, og embættismenn hjer syndgast sízt á því að vera of ákafir, að minnsta kosti sagði skáldið (Hallgrímur Pjetursson): »umsjónarleysi er orsök hæst, eigin gagnsmunir þessu næst«, o. s. frv., sem jeg þori ekki að hafa eptir. Ef hann hefur unnið með atorku og ósjerplægni, þá vil jeg ekki, að þingið sýni honum þá ókurteysi að neita honum um þá borgun, sem aldrei hefur verið neitað um. Að endingu vil jeg benda þingmönnum í efri deild á það, hverjar afleiðingar það geti haft, að láta sama mál opt fara deilda á milli. Nú er svo komið, að hjer liggja breytingar frá efri deild fyrir, sem eru öldungis samkvæmar fjárlögunum, er þau fóru fyrst úr neðri deild, svo sem við 9. gr. C. 4. Þegar frumvarpið fór fyrst frá neðri deildinni, voru þessi orð alveg eins og þau nú eru sett í breytingartillögu 3 þingmanna úr efri deild. Sama er að segja um launauppbót þessara tveggja embættismanna; þær stóðu líka í frumvarpinu, er það fór fyrst til efri deildar; er þetta bending fyrir efri deild að gjöra eigi óþarfar breytingar við það, sem kemur frá neðri deildinni, og þegar gætt er nú loks að orsökinni til þess, að vjer sitjum hjer allir, þá eru það einar 1100 kr.; allt þetta umstang, allar þessar milliferðir frumvarpsins hafa nú loks þetta takmark. Þetta er bending eptirleiðis, að breyta eigi fyrir lítinn meiningamun, allra sízt fjárlögunum. En allt fyrir þetta greiði jeg atkvæði með launabótinni til biskupsins, bæði af því, að mjer þykir sanngirni mæla með því, og svo líka af því, að það þætti víst eitthvað kynlegt, að sjá fjárlögin eins og þau koma frá efri deildinni, sem tekið hefur af honum, en veitt hinum embættismanninum, sem eins stóð á með; annaðhvort er því að greiða atkvæði með efri deildinni, eða færa laun prestaskólaforstöðumannsins niður, en af því jeg sem formaður fjárlaganefndarinnar hef áður ráðið til þess, að þessir menn fengju þessar upphæðir í velvildar- og virðingarskyni, þá ætla jeg að vera sjálfum mjer samkvæmur, og þar sem menn eru svo eptirlátssamir við landshöfðingjann, þá vona jeg að þeir verði líka á mínu máli, því ef forsetinn í Sviss landi þykir eigi hafa of mikil laun, þegar hann hefur þó ekki nema 7000 kr., þá er eigi orsök til að sjá eptir þessum 2000 kr., sem dregnar eru af landshöfðingjanum, og sem þingmaður Norðurmúlasýslu tvisvar sá eptir í ræðu sinni.

Þorlákur Guðmundsson: Þessi breytingartillaga frá okkur tveimur þingmönnum er ekki orðin nýmæli, hvorki í neðri nje efri deild, og þá heldur ekki fyrir hið sameinaða þing. Þóknun sú, sem hjer ræðir um, hefur verið felld í efri deild, og það eigi ástæðulaust. Jeg ætla ekki að fara mörgum orð-

um um þetta mál, en jeg þori þó að segja það, að sumum verðugri fjárbænum hefur verið vísað frá bæði áður og nú á þessu þingi af fjársparnaðarhugmynd bæði hjá mjer og öðrum. Þar sem 1. þingmaður Gullbringusýslu kvaðst engin dæmi vita til þess, að embættismanni hefði eigi verið veitt þóknun fyrir sjerstakan starfa, sem lá fyrir utan embætti hans, þá er þó hvorki honum nje mjer auðið að telja upp þau dæmi, að alþýðumenn hafa opt alls ekkert fyrir starfa þann, sem þeim er skipaður í opinberar þarfir, og sannaðist það ekki sízt í kláðamálinu, því hversu margir unnu ekki dag eptir dag í því máli, og fengu ekki neitt, nema ef vera skyldi eptir einhverjum mjög lágum reikningum, og jeg vil segja, að þessi maður hefði ekkert getað gjört, hefðu bændur eigi hjálpazt sjálfir að því, að útrýma kláðanum, og gjört allt sem í þeirra valdi stóð. Það hjálpaði víst mest til útrýmingar kláðans, að fylling tímans var komin; málið var orðið margþvælt, og allt öðruvísi ástatt, heldur en þegar Jón riddari Sigurðsson var sendur upp hjerna um árið með konunglegu valdi; margar sveitir höfðu útrýmt kláðanum hvað eptir annað, þar á meðal öll Árnessýsla, enda Kjósar- og Gullbringusýsla, allt suður að Hafnarfirði, þegar þessi maður kom til sögunnar. Það er ákafa þessa manns snerti, þá væru margir víst þakklátir 1. þingmanni Gullbringusýslu, ef hann gæti kennt honum sjáandi ákafa í staðinn fyrir blindan ákafa; jeg játa, að ákafinn getur opt verið of lítill, en hann getur líka verið of mikill, og það er ekki betra. En hvað sem þessu líður, þá held jeg, að ef jeg væri í sporum þessa manns, þá þæði jeg ekki þessar krónur eptir allt þetta stapp og allan þann meiningamun og allar þær upplýsandi ástæður, sem fram hafa komið í þessu máli, því til skýringar; að minnsta kosti greiðir hann líklega ekki atkvæði um þær.

Hjálmur Pjetursson: Mjer skildust svo orð varaforseta, að hann mæltist til að eigi væri farið út í nákvæma lýsing þessa máls, og það ætla jeg heldur ekki að gjöra, því að jeg veit líka, að hann mun ekki óska þess, að sá maður, sem þekkir mál þetta eins vel, og jeg ætti að þekkja það, lýsi því út í æsar. Hann vissi eigi dæmi til þess, að mönnum væri eigi borgaður starfi, sem þeir tækjust á hendur eptir skipun yfirvaldsins, en jeg veit þó um marga alþýðumenn, sem alls ekkert fá fyrir störf þau, sem þeim eru skipuð af valdstjórninni, svo að þetta er ekki rjett; dæmi það, sem hann tók um sjálfan sig, átti ekki við, það er annað að sitja í konunglegri nefnd, sem löggjafarvaldið samþykkir fyrir fram að veitt sje fje til. En það eru tvö atriði, sem jeg vildi benda þinginu á, annað er það, hvort það sje samkvæmt sjálfu sjer, að neita um fje til fagurra vísinda handa merkustu mönnum lands vors, en að veita þessum manni fje? Til vor hafa komið bænir frá framkvæmdarmönnum í búnaði, og sem hafa unnið landinu mikið gagn; þeim hefur líka verið neitað, og hefur varaforseti alls eigi verið aptastur í þeim flokki, en þessum manni vill hann veita 1000 kr. fyrir það starf, sem mjög er efasamt að hann eigi nokkrar þakkir skilið fyrir. Þetta finnst mjer ekki sjálfu sjer samkvæmt. Annað atriði er það, að kláðasagan er alls eigi lítill eða ómerkilegur kapítuli í sögu lands vors, og eins og það er rangt að lýsa öðrum atriðum sögunnar öðru vísi en gengið hafa, eins væri það mikil ábyrgð, ef þess grein hennar væri eigi rjett færð, og síðan innsigluð með því, að löggjafarþingið veiti 1000 kr. til þessa manns.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, bar forseti undir atkvæði breytingartillögur þær, sem komið höfðu við frumvarpið og var:

1. Breytingartillaga frá Hjálmi Pjeturssyni og Þorláki Guðmundssyni (I 536) við 9. gr. C 9. felld með 16 atkv. gegn 12.
2. Breytingaratkvæði þriggja þingmanna, Bergs Thorbergs, Eiríks Kúlds og Magnúsar Stephensens, (I 537) við 9. gr. C 4. samþykkt með 23 atkvæðum.
3. Breytingaratkvæði sömu þingmanna við 12. gr. A a samþykkt með 17 atkvæðum gegn 9.

4. Breytingartillögur frá 4 þingmönnum, Arnljóti Ólafssyni, Eggert Gunnarssyni, Birni Jónssyni og Snorra Pálssyni (I 537—538)
   1. við 12. gr. B I. a felld með 18 atkvæðum gegn 11.
   2. við 12. gr. B I. b 2 samþykkt með 20 atkvæðum gegn 10.
   3. við 12. gr. B. III. b felld með 16 atkvæðum gegn 13.
   4. við 12. gr. B III. b felld með 18 atkvæðum gegn 12.

Síðan bar forseti frumvarpið, eins og það nú var orðað, undir atkvæði, og var það samþykkt í einu hljóði. Sjá I 545—552.

Síðan var frumvarpið afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXVI. FJÁRAUKALÖG 1876 OG 1877.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877. Frá stjórninni. Sjá I 224—226. Lagt fram í neðri deild alþingis á 2. fundi, 2. júlí.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 3. fundi, 3. júlí.

Samþykkt að fresta fyrstu umræðu málsins, til þess er konunglegt frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum um tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1876 og 1877 kæmi til umræðu.

Þegar það frumvarp (þ. e. reikningsfrumvarpið) kom til umræðu á 4. fundi deildarinnar 5. júlí, var samþykkt eptir uppástungu varaforseta, Gríms Thomsens, að vísa fjáraukalagafrumvarpinu til nefndar þeirrar, er þá var sett í það mál, og í voru þeir Snorri Pálsson, Björn Jónsson og Arnljótur Ólafsson. Var umræðunni síðan frestað, þangað til nefndarálitið kæmi fram.

Á 47. fundi, 18. ágúst var nefndarálitinu útbýtt, og á næsta fundi, daginn eptir, var umræðunni haldið áfram.

Nefndarálit sjá I 491.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Með því að málið liggur ljóst frammi fyrir deildinni, hef jeg ekki ástæðu til að tala margt, því að ástæðurnar fyrir viðaukaatkvæðum nefndarinnar eru að finna í nefndarálitinu í málinu um álit yfirskoðunarmannanna. Að öðru leyti hefur nefndin lítið annað gjört við frumvarpið, en gjört við það viðaukaatkvæði, og bætt við nýrri grein, 11. grein.

Varaforseti (*Grímur Thomsen*: Jeg skal geta þess, að jeg geymi mjer að koma með breytingartillögur til 2. umræðu, sem ganga í þá stefnu, að gjöra fleiri breytingar og fleiri viðaukaatkvæði, en nefndin hefur gjört, og líka að breyta sumum upphæðum nefndarinnar.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í neðri deild á 53. fundi, 21. ágúst.

Breytingartillögur sjá I 496 sbr. nefndarálit I 491.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*: Jeg skal stuttlega geta þeirra breytinga, sem nefndin hefur ráðið til. Fyrst er að geta breytingartillögunnar við 3. grein, þar sem nefndin hefur ráðið til, að síðari málsgrein athugasemdarinnar við grein þessa falli niður. Nefndin áleit rjettast að ganga eigi þegjandi fram hjá orðum þessum: «Með tilliti til þess, að veitt er skyndilán úr viðlagasjóðnum upp á 1940 kr. 70 a. til útgjalda út af fjárkláðanum, er hjer farið fram á samþykki alþingis til, að eigi hafi verið áskilið, að greiða skyldi leigur af láni þessu»; því þótt nú orð þessi standi í athugasemd, þá er þó hjer farið fram á fjárveiting. Breytingartillögurnar við 5. gr. eru að efninu til óþarfar, þar hjer er eigi um hnitmiðaðar fjárveitingar að ræða, en með því að yfirgreiðslur hafa orðið, áleit nefndin laglegra að bera þær upp. Um breytingartillögu varaforseta við 5. gr. er það enn fremur að segja, að nefndin veit að vísu, að

til eru áætlaðar upphæðir, er teknar eru þannig fram í fjárlögunum með orðinu «allt að» (Calculatoriskar upphæðir); en það eru og til aðrar áætlaðar upphæðir, sem eptir eðli sínu eru ágizkun eða tilgáta, eins og borgun undir embættisbrjef. Þannig er og varið gjöldunum til hegningarhússins, að þau eru komin undir því, hve mikil fangatalan er, og hve mikið gengur upp til ljósmetis, eldiviðar og matar. Þetta eru ágizkaðar tölur, er á dönsku máli kallast «Regningskonto» eða það er yfirskoðunarmennirnir kalla «reikningsliði»; en þetta orð virðist mjer miður heppilegt, því að það skýrir eigi, að ein tala sje eptir ágizkun. Sama er að segja um breytinguna við 7. gr. Annað mál er um breytingartillögu nefndarinnar við 10. gr., að þar átti sjer stað yfirgreiðsla, er svaraði 58 kr. 96 a., og þetta hefur stjórnin tekið upp í greinina, af því að það var yfirgreiðsla. En aptur á móti hefur nefndin tekið upp í lið þennan 284 kr., sem eru ólokin gjöld frá fyrra fjárhagstímabili. Við það að taka þessa tölu upp, hverfur yfirgreiðslan. 11. greinin er ný grein, og er orðuð þannig: »Sem viðbót við það fje, sem talið er í 16. grein fjárlaganna, veitast 876 krónur». Það er efni þessarar greinar, (o: ferðakostnaður landshöfðingja til Kaupmannahafnar) snertir, þá hafa yfirskoðunarmennirnir lagt það til, að upphæð þessi yrði endurgreidd af hlutaðeiganda, nfl. landshöfðingjanum. Nefndin gat eigi aðhyllzt þetta, af því að hún áleit, að landshöfðingjanum væri heimilt að ákveða sjálfum, hvort þessar embættisferðir, er hann tekur sjer fyrir hendur, sjeu gagnlegar fyrir þjóðmál vor, eða fyrir hann sem æðsta stjórnarvaldsmann hjer á landi. Það er að vísu satt, að engin yfirgreiðsla á sjer stað í 16. lið fjárlaganna, þótt þessi ferðakostnaður sje talinn með óvissum útgjöldum. En þó áleit nefndin rjettara, að þessi kostnaður yrði veittur með eptirveitingu í fjáraukalögum, af því að nefndin ætlaði, að löggjafarvaldið hlyti að hafa og ætti að hafa eigi minni rjett, en rentukammerið sáluga áður, að leggja samþykki sitt á reikninga embættismanna. Þessa er getið í nefndarálitinu um samþykkt á reikningnum um tekjur og útgjöld Íslands árin 1876 og 1877, bls. 8—9 (I 421). Þessi tillaga er því eigi gjörð í neinu því skyni, að hafa á móti ráðstöfun landshöfðingja nje ferð hans, heldur til þess að geyma þinginu þann rjett sinn, að samþykkja ferðakostnaðinn. Þar sem landshöfðingi sagði, að þessi breytingartillaga væri eigi rjett orðuð, þar sem stæði »sem viðbót við það fje« o. s. frv., þá er það alls eigi meining nefndarinnar með orðum þessum, að þetta sje eiginleg aukaveiting, heldur það sem Danir kalla »Efterbevilling« eptirveiting eða endurveiting, það er að skilja hjer sem samþykki til þess og kvittun fyrir því, að þessari brúkuðu upphæð hafi rjettilega verið varið, og að þingið gjöri enga eptirkröfu. Við breytingartillögu varaforseta við 5. gr. viðvíkjandi hegningarhúsinu hef jeg ekkert að athuga, og álít jeg hana í engu stríði eða mótsögn við nefndarálitið, þó að jeg játi, að þessi upphæð komi eigi saman við það, er stendur í andsvörum landshöfðingja. Þá kem jeg að breytingartillögu þingmanns Reykvíkinga. Jeg get eigi skilið, að þingmaðurinn hafi komið með þessa breytingartillögu í alvöru, eða hver mundi ástæðan vera fyrir henni? Má jeg spyrja þingmann Reykvíkinga, var þessi læknir settur nema einu sinni? Nei. Hvernig gat hann þá fyrst verið settur 1874 eptir úrskurði konungs 10. maí 1867, og síðan skyldi hann að sjálfsögðu fá þessi laun eptir læknalaunalögunum 15. okt. 1875, áður en þau komu út? Þessi lög gilda fyrir lækna, en eigi fyrir þá, sem um stundarsakir eru skipaðir læknar. Það lítur annars svo út, sem þingmaður Reykvíkinga hafi komið með breytingartillögu þessa til þess að sýna skarpleik sinn og greind.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi breytingartillögu nefndarinnar við 5. gr. skal jeg geta þess, að þessi gjaldliður er reikningsliður; það er ómögulegt, að áætla þessi útgjöld öðru vísi, en að útborga þessar upphæðir

samkvæmt reikningum þeim, er fallið hafa á fjárhagstímabilinu, og þar sem reikningar þessir munu hafa verið endurskoðaðir, þá er viðaukatillaga þessi ónauðsynleg, en jeg hef reyndar fyrir mitt leyti eigi á móti henni. Við 10. gr. hefur nefndin gjört þá breyting, að í stað »58 kr. 96. a.« komi »284 kr., sem eru ólokin gjöld frá 1875.« Þessi uppástunga er byggð á misskilningi eða á ársreikningnum frá 1876, því í honum er upphæð þessi talin sem ólokin gjöld fyrir árið 1875; en í frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir til samþykktar, eru þessar krónur taldar sem útborgaðar á fjárhagstímabilinu, og virðist mjer því enga brýna nauðsyn bera til þess, að til taka meiri upphæð en þá, sem er yfirgreidd af henni og sem nemur 58 kr. 96 a. Mjer virðist engin þörf á eptirveitingum á þeim útgjaldalið, sem snertir 15. og 16. gr. fjárlaganna, nema að því leyti, sem yfirgreiðsla átti sjer stað; og þess vegna er uppástunga nefndarinnar, að bæta við nýrri grein, sem verður 11. gr., óþörf, þar sem engin yfirgreiðsla á sjer stað á þessum útgjaldalið. Það er snertir breytingartillögur varaforseta, þá er jeg samdóma honum í tilliti til hegningarhússins. Aptur á móti verð jeg samkvæmt atkvæðagreiðslu þeirri, er fór fram á fyrri fundinum, að mæla með 6. gr. frumvarpsins. Að því er snertir breytingartillögu þingmanns Reykvíkinga, þá skal jeg geta þess út af fyrirspurn framsögumanns, að læknir sá, er hjer ræðir um, hefur eigi beiðzt þess, að verða constitueraður á ný í hið umrædda læknishjerað. Ef hann hefði sótt um embættið, þá hefði honum sjálfsagt verið veitt það,; en hann sótti eigi um það, en kaus heldur að sækja um annað læknishjerað. Jeg get því eigi fallizt á breytingartillögu þingmanns Reykvíkinga.

Halldór Kr. Friðriksson: Landshöfðingi sagði, að ef læknirinn hefði sótt um læknishjerað það, er hjer um ræðir, þá hefði verið sjálfsagt að veita honum það, og þá hefði hann fengið 1500 kr. En þetta er eigi rjett; því að ef læknirinn á annað borð á viðbótina, sem constitueraður í Þingeyjarsýslu, þá á hann hana eins, þótt hann sækti um annað embætti síðar. Hjer er eigi að ræða um það, hvort læknirinn var í sama embættinu eða eigi; það gjörir ekkert til; constitutionin er eigi á enda, fyr en hann fær embættið, en hann fær það 1. september; hitt stendur á engu, hvort hann fjekk læknisembættið í Húnavatnssýslu eða Þingeyjarsýslu. Aðalatriðið er, að hann var settur 12. september 1874 í Þingeyjarsýslu með þeim skilmálum, að hann fengi þessi 1000 króna laun. En nú kemur annað atriði, og það eru launalögin 15. okt. 1875; þar segir í 4. gr.: «Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðu, settur í embætti eða sýslan, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er embætti því eða sýslun fylgja«. Hvort sem hann er constitueraður fyrir 1. janúar eða eptir 1. janúar 1876, það gjörir ekkert til. Hann er constitueraður í 8 mánuði frá 1. janúar 1876 til 1. sept. s. á. Spurningin er þá: gildir þessi 4. grein fyrir læknana? Við því held jeg að hver maður hljóti að gjalda jákvæði; hann á að fá öll þau laun, sem þessari sýslun er ætluð. Hverjum þeim manni, sem eptir 1. janúar er skipaður í eitthvert læknisembætti, bera öll þau laun, sem læknisembættinu eru ætluð. Nú er Þingeyjarsýsla eitt af þeim læknaumdæmum, er stofnuð voru með lögunum 15. okt. 1875, og launalögin gilda einnig fyrir læknana. Það gengur því yfir minn skilning, að þessi lagaákvörðun gildi eigi um þann embættismann, sem hjer ræðir um, eins og aðra. Jeg get með engu móti annað sjeð, en að þegar litið er til læknalaganna, þá gildi launalögin eins um læknana sem aðra embættismenn; og jeg er viss um, að framsögumaður getur aldrei sýnt nje sannað hið gagnstæða. Jeg get því eigi annað sjeð, en að lækni þeim, er hjer um ræðir, beri viðbót þessi í fyllsta máta, þar sem öll hin gildandi lög heimila honum hana, og ímynda jeg mjer, að hann eigi vísa viðbót þessa, ef til máls kemur við landssjóðinn, ef þingið eigi veitir honum hana.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að benda þingmanni Reykvíkinga á 3. grein í lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, og fleira, 15. okt. 1875; þar segir svo: «þangað til smám saman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti». Þessi orð eru þess efnis, að enginn vafi er á því, að eigi er mögulegt að setja lækni með hálfum launum hvorki í Þingeyjarsýslu nje önnur þau læknaumdæmi, er áður hafa eigi verið skipuð föstum lækni. Þessi orð hafa valdið því, að aðrir læknar, er skipaðir hafa verið í þau læknaumdæmi, er engir fastir læknar hafa áður verið í, hafa eigi fengið launaviðbót eptir hinum almennu launalögum. En ef sá læknir, er hjer um ræðir, eða aðrir læknar eru á þeirri skoðun, að þeim sje rangt gjört, þá er þeim innan handar að hefja málssókn út af þessu.

Varaforseti: Jeg ætla lítið eitt að drepa á breytingartillögur nefndarinnar. Það er snertir breytingartillöguna við 3. grein, þá ímynda jeg mjer, að þegar framsögumaður athugar það betur, þá muni hann sjá, að það er eigi siður, að greiða atkvæði um athugasemdir, heldur verður að hafa eitthvert annað ráð í þessu efni. Jeg get því eigi sjeð, að unnt sje að greiða atkvæði um þessa breytingartillögu. Það er snertir breytingartillöguna við 5. grein, þá er jeg þar samdóma landshöfðingjanum. Menn vita, hvernig á þessari upphæð stendur. Það stendur svo á henni, að embættismenn fá endurgoldinn kostnaðinn eða burðareyrinn undir embættisbrjef og embættissendingar. Eins og landshöfðinginn hefur tekið fram, var árið 1877—78 mikil peninga sending til Kaupmannahafnar, því að þá var verið sem óðast að koma af sjer hinum gömlu peningum. En það er aðgætandi, að þessi upphæð er endurgoldin tekjumegin, því að því meira sem brúkað er af frímerkjunum, því meira fje kemur inn í póstsjóðinn, og er þessu eins varið og með endurborgun lána til embættismanna. Þess vegna ímynda jeg mjer, að nefndin falli frá þessari breytingartillögu. En ef nefndin vill halda henni, þá verður hún að aðhyllast breytingartillögu mína við 5. grein, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm. En það er útgjöldin til hegningarhússins snertir, þá skal jeg benda á, að þegar stjórnin áætlar fje, þá fer hún vanalega svo langt, sem ýtrast má; en þegar stjórnin samdi fjárlagafrumvarp sitt fyrir árin 1878 og 1879, þó fór hún fram á rúm 3000 kr. til hegningarhússins, og hefur hún því álitið þetta nóg. Þá kem jeg að öðru atriði, sem vandfarnara er með, og það er ferðakostnaður landshöfðingja. Framsögumaður sagði, að yfirskoðunarmennirnir hefðu stungið upp á, að landshöfðinginn skyldi endurgjalda ferðakostnað þennan; en hefði framsögumaður lesið lengra, þá mundi hann hafa komizt að raun um, að yfirskoðunarmennirnir hafa stungið upp á, að landshöfðingja skyldi endurgjaldast þessi ferðakostnaður eptir sundurliðuðum reikningi, er hann gæfi. Þetta er samkvæmt konungsúrskurði 16. maí 1829; þar er embættismönnum uppálagt, að gefa sundurliðaðan reikning yfir kostnaðinn við embættisferðir sínar. Jeg skal eigi ganga inn á þá spurningu, hvort landshöfðingi þurfti að fara embættisferð til Kaupmannahafnar eða eigi. En mjer virðist varúðarvert, að slá því föstu, að æðsta innlenda stjórnin ákveði upp á sitt eindæmi, hve nær hún þurfi að fara embættisferð upp á landsins kostnað. Jeg verð að halda fast við það, að rjettast sje að greiða landshöfðingja það fje, sem ferð hans hefur kostað eptir reikningi, og það verð jeg að álíta rjettara, þó aldrei nema upphæðin verði hærri. Þessi konungsúrskurður, er jeg minntist á, er eigi úr gildi numinn. Mjer virðist þingmanni Reykvíkinga vorkunn, þótt hann verji breytingartillögu sína; og jeg fyrir mitt leyti er í miklum vafa um, hver rjettara hefur, framsögumaður og landshöfðingi eða þingmaður Reykvíkinga.

Landshöfðingi: Jeg ætla eigi að svara orðum varaforseta með öðru en því, að skírskota til svars míns við athugasemdir yfir-

skoðunarmannanna, en skal þó bæta því við, að konungsúrskurður þessi mun ekki eiga við um þess konar ferðir sem embættisferðir landshöfðingja til Kaupmannahafnar. Það er og venja, sem er næsta eðlileg, að þegar um þess konar ferðir er að ræða, eru dagpeningar borgaðir; því að það mundi vera ómögulegt, að semja sundurliðaðan reikning með öllum fylgiskjölum um allan þann kostnað, sem þess konar ferðum er samfara. Þessi upphæð mín er borguð samkvæmt venju og praxis, og er því öll eptirveiting hjer óþörf.

Framsögumaður: Jeg hlýt að segja, að nefndin hefur í þessu efni, nefnilega það er kostnaðinn við embættisferð landshöfðingja til Kaupmannahafnar snertir, staðið nær landshöfðingja en yfirskoðunarmönnunum. Þessi konungsúrskurður frá 16. maí 1829 hljóðar um embættisferðir amtmannanna, og getur því með engu móti heimfærzt upp á embættisferðir landshöfðingja, nema mutatis mutandis, hvort sem hann ferðast innanlands, eða, og það því síður, þegar hann ferðast utanlands. Hið eina í konungsúrskurðinum, sem heimfæra mætti upp á landshöfðingja, væri ef til vill það, að auk þess, sem amtmennirnir fá frían flutning, þá geta þeir fengið 100 rd. eða 200 kr. úr jarðabókarsjóðnum. Þessa reglu gætu menn heimfært sem «analogiu» til landshöfðingja, þannig, að hann geti fengið 200 kr. fyrir hvert amt, er hann ferðast um. Nefndin áleit því rjettara, að halda sjer til venjunnar, að þegar stiptamtmennirnir fóru embættisferð til Kaupmannahafnar, þá fengu þeir 12 krónur á dag. Ef landshöfðinginn færi að gefa sundurliðaðan reikning, þá gæti upphæð hans aldrei orðið minni en sem svaraði 12 kr. á degi hverjum, og það veit enginn betur en varaforseti og 1. þingmaður Suðurmúlasýslu. Þessi reikningur er því svo sanngjarn, að hann er hinn lægsti, er hugsazt getur. Hvað segir varaforseti um það, að þingmenn fá þó 6 krónur um dag hvern, og það þótt þeir sjeu á 3. plássi í Díönu eða í lestinni. En það er hitt atriðið snertir, hvort landshöfðingi megi ráða, hvort hann fer embættisferð, og hvort honum sje í sjálfsvald sett, að dæma um, hvort ferðin sje gagnleg fyrir embættisstöðu hans, — þá verð jeg að ætla það hafið yfir allan efa. Hver setur amtmanninn aptur, ef hann ætlar að fara einhverja embættisferð? Hver segir við amtmanninn: «þú mátt eigi fara, þú mátt eigi taka fje af jafnaðarsjóðnum til endurgjalds ferðakostnaði þínum». Jeg vona, að ekkert amtsráð sje svo hart í horn að taka. Eða ef jeg segði við prófastinn: «þú mátt eigi visitera nema stöku sinnum», þar sem þó hefur heyrzt hjer í deildinni, að nauðsynlegt væri að visitera enda tvisvar á ári. Að öðru leyti held jeg, að mjer og varaforseta beri eigi svo mjög á milli, og að það sje fremur orðamunur en efnisbreyting. En því held jeg fast á, gagnvart landshöfðingja, að þingið hafi rjett á, að samþykkja reikninginn eptir á. Um breytingartillögu þingmanns Reykvíkinga skal jeg eigi annað segja, en að þegar hann talaði um 4. grein launalaganna, lagði hann sama skilning í orðin: «verður settur», sem þar stæði: «búið er að setja». Er þá futurum sama sem præteritum? Jeg er viss um, að yfirkennari Halldór Friðriksson kennir lærisveinum sínum aðra brúkun tíðanna en þessa.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta er hin merkilegasta athugasemd, sem jeg hef heyrt koma úr nokkurs manns munni. Í lögunum segir: «Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðn, settur í embætti eður sýslun» o. s. frv. Hver sá maður, sem hefur constitution, hann fær hin fullu laun, hvort sem hann hefur verið constitueraður eða eigi. En mjer þótti undrum sæta, að landshöfðinginn skyldi koma með það, er hann sagði. Þegar hinn umræddi

læknir var settur í Þingeyjarsýslu, þá var búið að gjöra hana að sjerstöku læknisumdæmi. Hefði læknir þessi verið fastur læknir í Eyjafjarðarsýslu, sem Þingeyjarsýsla áður heyrði undir, þá hefði verið öðru máli að gegna, þá hefði hann enga viðbót fengið við laun sín. Hjer er alls eigi að ræða um stærð læknshjeraðsins, heldur hvort þeim manni, sem skipaður var í embættið, beri laun eptir launalögunum 15. okt. 1875.

Varaforseti: Af því framsögumaður tilfærði dæmi, til þess að sýna, að ekki væri um skör fram að fallast á ferðakostnað landshöfðingja, skal jeg leyfa mjer að benda á, að rentukammerið fyr meir hafði endurskoðun þess konar ferðareikninga amtmanna og stiptamtmanna á hendi, enn fremur skal jeg benda á, að sendiherrar verða sjálfir að kosta ferðir sínar, nema þeir ferðist beinlínis skyldaðir eða skipaðir af stjórnum sínum. Hinum hæstvirta landshöfðingja er engin læging gjör, þó honum sje líkt saman við sendiherra. Í þetta skipti var hann ekki kallaður, enda þótt ferð hans væri nauðsynleg, en jeg held því fram, að það er mesti munur, hvort landshöfðingi, sem sendiherra, er kallaður eða ókallaður. Hvað úrskurð af 16. maí 1829 snertir, þá er það satt, sem framsögumaður sagði; en eigi samanburður hjer við, þá eru það ferðir stiptamtmanna en eigi amtmanna; að öðru leyti játa jeg, að ágreiningurinn er ekki stór. Framsögumaður vill veita þetta fje sem aukafjárveiting, en jeg eptir reikningi; skal jeg geyma mjer atkvæði mitt þangað til jeg hef skoðað huga minn betur.

Framsögumaður: Hin fróðlegu dæmi varaforseta eru nú fyrir sig; en jeg fer nú ekki í mannjöfnuð, enda stendur öðru vísi á hjer en fyrir sendiherrum. Landshöfðinginn á sjálfur að yfirlíta sína reikninga, að minnsta kosti þann hluta fjárins, er til óvissra útgjalda lítur, og sem honum kemur við. Enginn skrifstofa er yfir hann sett í þessari grein. Þingið eitt er yfirskoðari þessara reikninga. Dæmi landshöfðingja er því annars eðlis og sjerstaklegt. Um breytingartillögu þingmanns Reykjavíkinga vil jeg taka fram, að þýðing málsgreinarinnar í 4. gr. hinna almennu launalaga «nú er maður settur», þýða: nú verður hann settur, því væri það ekki meiningin, mætti þenja þennan lagastað yfir alla, sem einhvern tíma hefðu verið settir, en það er ekki venja að gefa lög um slíkan «til baka verkandi krapt».

Þá var gengið til atkvæða og var frumvarpsins

1. 2. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingartillaga þingmanns Reykvíkinga við 3. gr. felld með 14 atkvæðum gegn 7, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Benedikt Sveinsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson prestur,
Páll Pálsson bóndi.

Nei:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

3. 3. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.
4. 4. — — — - — —

5. Breytingartillaga 1. þingmanns Gullbringusýslu við 5. gr.: «Eptir orðin 69 kr. 80 a.» komi á liðnum B 2. til hegningarhússins fyrir bæði árin 1876—77 2181 kr. 16 a.», samþykkt með 18 atkv. Hitt tekið aptur.
6. Breytingartillaga nefndarinnar við sömu gr. C 2. til endurgjalds fyrir borgun undir embættisbrjef 2192 kr. 91 e., samþykkt með 11 atkv. gegn 4.
7. Breytingartillaga nefndarinnar við sömu gr. C 6. til vegabóta 51 kr. 16 a. samþykkt í einu hljóði.
8. 5. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.
9. Breytingartillaga 1. þingmanns Gullbringusýslu við 6. gr. samþykkt með 20 atkv.
10. 6. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 20 atkv.
11. Breytingartillaga nefndarinnar við 7. gr. samþykkt í einu hljóði.
12. 7. gr. með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.
13. 8. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.
14. 9. gr. — — - — —
15. Breytingartillaga nefndarinnar við 10. gr. samþykkt með 20 atkv.
16. Breytingartillaga 1. þingmanns Gullbringusýslu við 10. gr. sjálffallin.
17. 10. gr. með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.
18. 11. gr. (ný gr. frá nefndinni) samþykkt með 14 atkv.
19. 1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði með fyrirvara um talnabreyting samkvæmt atkvæðagreiðslunni um hinar greinarnar.
20. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.
21. Málinu skotið til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild á 55. fundi, 22. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 503—504.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Þetta mál var svo ýtarlega rætt við 2. umræðu, að jeg álít ekki þörf að tala frekar um það, en vona deildin fallist á það, eins og það nú er orðið.

Þá var gengið til atkvæða og frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deildinni á 49. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 515 til 516.[1]

Frumvarpinu var umræðulaust vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deildinni á 51. fundi, 25. ágúst.

Þar eð enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var

1. grein samþykkt með öllum atkvæðum.
2. — — — — —
3. — — — — —
4. — — — — —
5. — — — — —
6. — — — — —
7. — — — — —
8. — — — — —
9. — — — — —
10. — — — — —
11. — — — 9 —

Frumvarpinu var með samhljóða atkvæðum vísað til 3. umræðu.

Þriðja umræða í efri deildinni á 53. fundi, 26. ágúst.

Þar eð enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var það samþykkt í einu hljóði.

1) Í efstu línu á 516. bls. stendur 1877, en á að vera 1876.

Síðan var frumvarpið afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXVII. FJÁRAUKALÖG 1878 OG 1879.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879. Frá stjórninni. Sjá I 226—231. Lagt fram í neðri deild á 2. fundi, 2. júlí.

Fyrsta umræða í neðri deild á 3. fundi, 3. júlí.

Umræðulaust og án atkvæðagreiðslu var samþykkt, að málið skyldi ganga til 2. umræðu, og að vísa því til fjárlaganefndarinnar.

Önnur umræða í neðri deild á 39. fundi, 13. ágúst.

Nefndarálit sjá I 318—320.

Landshöfðinginn: Jeg er hinni háttvirtu nefnd þakklátur fyrir góðar undirtektir hennar undir frumvarp til fjáraukalaga, er hjer liggur fyrir, og get fyrir mitt leyti fallizt á flestallar breytingaruppástungur hennar við það. Með tilliti til hinna einstöku greina frumvarpsins, skal jeg leyfa mjer að geta þessa:

Að vísu álít jeg aukafjárveiting þá, er ræðir um í hinni nýju 2. grein, ónauðsynlega, og skal jeg í þessu tilliti skírskota til athugasemda nefndarinnar við þessa grein; en samt sem áður hef jeg ekki neitt á móti því, að þessari grein verði bætt inn í frumvarpið, ef deildin aðhyllist skoðun nefndarinnar.

Jeg verð einnig að fallast á uppástungu nefndarinnar um athugasemd þá, sem hún vill bæta við 3. grein stjórnarfrumvarpsins, (4. grein nefndarinnar), og hef jeg fyrir mitt leyti ekki neitt á móti því, að hlutaðeigandi reikningur verði lagður fyrir yfirskoðun þingsins. Við 4. grein stjórnarfrumvarpsins (5. grein nefndarinnar), stingur hin heiðraða nefnd upp á því, að bæta inn í orðunum «allt að» á undan 3000 kr. Jeg vona, að þessi upphæð muni nægja; en jeg skal skýra frá, að til þessa dags hefur verið ávísað til útborgunar:

Til kostnaðar við kennslu yfirsetukvenna:

1878		1471 kr. 74 a.
1879		837 — 76 -
		2309 — 50 -

og til að kaupa verkfæri handa þeim:

1878	243 kr.	«a.	
1879	294 —	96 -	537 — 96 -
		Samtals	2847 — 46 -

og þar sem árslok eru enn eigi komin, má búast við, að þessi útgjöld verði nokkuð aukin, svo að jeg skal leyfa mjer við 3. umræðu að stinga upp á þeirri breytingu, að í stað 3000 kr. komi 3200 kr.

Ef reynslan, sem jeg gjöri mjer von um, sýnir, að 150 kr. þær, er ræðir um í 6. gr. stjórnarfrumvarpsins (7. grein nefndarinnar), til eldiviðar og ljósa við hinn lærða skóla, kynnu að sparast, munu þessi útgjöld sjálfsagt ekki koma til útborgunar á fjárhagstímabilinu. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að skjóta því til úrgreiðslu hinnar heiðruðu deildar, hvort ekki sje betra að halda uppástungu stjórnarfrumvarpsins.

Jeg hef ekki neitt á móti þeirri athugasemd, sem hin háttvirta nefnd vill bæta við 6. tölulið 6. greinar (nefndarinnar 7. greinar); en jeg skil hana á þá leið, að þingið óski ekki að grípa fram fyrir ákvörðun þá, sem yfirstjórn skólans á að taka um það, hvernig skiptingin á bekkjunum fari fram á sem haganlegastan hátt.

Með tilliti til upphæðar þeirrar, er áætlað er í 6. greinar 7. tölulið, skal jeg skírskota til athugasemdanna 5. bls., og get þess, að jeg er ekki viss um, hvort nægilega stórir ofnar verða keyptir og fluttir hingað með minni kostnaði en 120 kr. fyrir hvern

þeirra, en til þess að ná tilganginum, má að mínu áliti ekki færa þennan kostnað þannig niður, að ofnarnir ekki verði sem hentugastir, og jeg skal bæta því við, að hinir gömlu ofnar verða seldir við uppboð, og uppboðsverðið eptir reglu þeirri, er í því tilliti ávallt er fylgt, fært tekjumegin í landsreikningnum, og þar sem þessi upphæð nokkurn veginn mun svara þeirri, er nefndin stingur upp á að færa þennan tölul. niður um, vil jeg leyfa mjer að biðja hina heiðruðu nefnd að taka þessar breytingaruppástungur aptur.

Eins og segir í athugasemdunum bls. 4, var störfunum við vitann á Reykjanesi ekki alveg lokið, þegar byggingin var afhent með úttektargjörð í nóvembermánuði f. á., og mjer hafði þess vegna verið falið á hendur með breytingaruppástungu við 3. grein frumvarpsins (4. grein nefndarinnar), að beiðast veitingar á því fje, sem þörf reyndist að vera á, til þess að ráða bót á því, er á vantar. Í brjefi til hinnar háttvirtu nefndar frá 6. þ. m. hef jeg skýrt frá, að ávísað hefur verið til þess að ljúka við þessi störf:

í desembermánuði f. á. .	284 kr. 43 a.	
og í júlímánuði þ. á. . .	526 — 71 —	
	811 — 14 —	
og að enn stendur eptir nokkur kostnaður til ruðnings vegarins og til að fullgjöra bústað vitavarðarins með því að byggja skúr eða skemmu, og að þessi útgjöld má ágizka til	300 —	
þar sem efni eru til, og kostnaðurinn verður vinnulaun.		
Samtals	1111 — 14 a.	
eða =	1105 — 71 —	
sem að viðlagðri upphæð		
flyt	1105 — 71 —	

fluttar	1105 kr. 71 a.	
þeirri, er samkvæmt athugasemdunum við frumvarpið hefur verið útborguð til byggingar vitans fram yfir það, sem áætlað var	6694 — 29 —	
verður hjer um bil	7800 — » —	
Enn fremur er nú búið að kaupa og flytja að Reykjanesi steinolíu og kveiki m. fl. viðkomandi útgjöldum vitans til vorsins 1880, og hefur kostnaðurinn til þess verið samtals . .	921 kr. 9 a.	
og er vitinn nú byrgur af öllu, er til notkunar hans útheimtist til vorsins. Til óvissra útgjalda á fjárhagstímabilinu áætlast	50 — » —	
	971 kr. 9 a.	
Þegar hjer við bætast útgjöld þau, sem talin eru í síðasta lið athugasemdanna við 3. grein . .	2619 — 1 —	
		3590 — 10 —
koma fram		11390 kr. 10 a.,

og skal jeg leyfa mjer við 3. umræðu að stinga uppá, að þessi upphæð komi í staðinn fyrir 9313 kr. 30 a. í 3. gr. (nefndarinnar 4. gr.) 4. tölulið.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Það er eiginlega engin þörf á, að mæla

með uppástungum nefndarinnar. Jeg ætla að drepa að eins á 2 atriði, sem landshöfðinginn vildi að öðru vísi væru tilfærð. Hann gat sjer í lagi eigi fellt sig við þá breyting á 6. grein frumvarpsins, að 5. tölulið-ur B. III. c. 2. »til eldiviðar og ljósa og fl. við hinn lærða skóla . . . 150 kr.» væri dreginn út. En þennan lið vildi nefndin fella úr sökum þess, sem stendur í athugasemdunum við frumvarp stjórnarinnar: »Að því leyti, er ofnana snertir, skal þess getið, að hinir gömlu ofnar eru orðnir mjög fornfálegir og að nokkru leyti slitnir, eptir því sem landshöfðingi skýrir frá. Að hans áliti kemur það mikið til af því, hvað ofnarnir eru óhentugir, að svo mikið gengur til eldiviðar í hinum lærða skóla, og mun það vinnast upp aptur á nokkrum vetrum, sem með gengur til þess, að kaupa góða magasínofna.» Í þessum orðum virtist nefndinni liggja bending, er gjörði ráð fyrir meiri sparnaði á eldiviði; og vona jeg því, að landshöfðinginn hafi eigi á móti því, að þessi liður sje felldur úr. Það er snertir það, að andvirði gamalla ofna sje fært tekjumegin, þá er ekkert því til fyrirstöðu. En mjer virðist eins vel fara á því, að andvirði þessara ofna sje dregið frá útgjöldunum við það, þegar hinir nýju ofnarnir eru keyptir. Jeg veit eigi, hvort jeg þori neitt að hafa á móti því, er landshöfðingi sagði um 3. gr. 4. C. 8., en jeg vil samt nota það sem bending til þeirra þingmanna, er eigi vildu halda hinu hærra vitagjaldi hjer um daginn; og má nú sjá, hve mikill kostnaðurinn er við vitann á Reykjanesi, þar sem landshöfðingi hefur nú sýnt og sannað, að til vitans þarf á þessu yfirstandandi fjárhagstímabili 11390 kr., eða 2000 kr. meira, en til er tekið í stjórnarfrumvarpinu. Jeg sný mjer eigi til landshöfðingjans, þegar jeg mæli þessi orð, heldur til þeirra þingmanna, er voru svo ákafir að lækka vitagjaldið hjer um daginn. Það er snertir athugasemd þá, er landshöfðingi gjörði við 4. gr. stjórnarfrumvarpsins, þar sem upphæðin undir 2. tölul. er færð upp um 3000 kr., þá virðist mjer það sanngjarnt, og er ekkert því til fyrirstöðu, að ákvörðun í þessa átt sje samþykkt.

Halldór Kr. Friðriksson: Af því að landshöfðinginn kvaðst skilja athugasemd nefndarinnar um skólann (við 7. gr.) svo, að sú væri eigi meining nefndarinnar, að grípa fram fyrir ákvörðun þá, er yfirstjórn skólans vildi gjöra um það, hvernig bekkjum skólans sje skipað og hverjum þeirra skipt í sundur, þá er þetta eigi alls kostar rjett skoðun hjá landshöfðingjanum, því að nefndin veitti þetta fje (300 kr.) til þess, að neðsta bekk yrði skipt í sundur, ef þess þyrfti við, en eigi til þess, að 5. bekk skyldi skipt í sundur, sem engin þörf er á. Það er annars undarlegt, að nú skuli eiga að fara að skipta í sundur 5. bekk, sem 26 lærisveinar eru í, þar sem yfirvöldin hjerna um haustið 1877 neituðu að skipta neðsta bekk í sundur, og voru þó í honum 29 lærisveinar. Ef brjef stiptsyfirvaldanna um þetta efni í vor á að standa óhaggað, og skipting á 5. bekk skólans á að fram fara, en eigi á 1. bekk, þá vil jeg fyrir mitt leyti eigi veita einn eyri í þessu augnamiði; jeg vil eigi veita fje þannig að óþörfu, og eigi til annars, en þess, sem nauðsynlegt er. Það væri nokkuð öðru máli að gegna, ef hin nýja skólareglugjörð næði til 5. bekkjar þetta ár; en nú er eigi svo, og þess vegna sje jeg enga ástæðu til þess, að skipting þessi fari fram. Jeg verð fyrir mitt leyti sem þingmaður fastlega að mótmæla fjárveitingu til skiptingar 5. bekkjar.

Framsögumaður: Jeg fyrir mitt leyti er ókunnugur í þessu efni, en jeg treysti þekkingu og kunnugleik þingmanns Reykvíkinga um það, og þess vegna var það, að nefndin fór, eptir tillögum þingmannsins, fram á þetta í nefndarálitinu. Það má ná samkomulagi við landshöfðingja, áður en

tekið er til 3. umræðu. En jeg verð þó að vera á því, að heppilegast sje að fylgja tillögum þingmanns Reykvíkinga um mál þetta.

Landshöfðingi: Af því að eigi er útsjeð um, hve margir muni næstkomandi skólaár verða í neðsta bekk, en víst er, að 26 lærisveinar verða í 5. bekk, þá álít jeg, að betra og hyggilegra sje, að fela yfirstjórninni á vald hinar nauðsynlegu ráðstafanir í þessu efni, en að grípa fram fyrir hendur henni. Þar sem upphæðin til eldiviðar og ljósa er samtals 1500 kr., og bekkir skólans eptirleiðis munu verða 6, þá kemur niður á hvern bekk 250 kr. um árið, og mun þá sparnaður þessi eigi eins mikill, og gjört er ráð fyrir af nefndinni, í hina 3 mánuði (október, nóvember og desember), sem eptir eru af þessu skólaári, þangað til næsta fjárhagstímabil byrjar. En mjer er þetta ekkert kappsmál; því að allt það, sem að rjettu lagi verður útborgað fram yfir það, sem áætlað er, það má veita í aukafjárlögum á næsta alþingi. Það er snertir athugasemd framsögumanns við 7. tölul. 6. greinar (7. greinar nefndarinnar), þá leyfi jeg mjer að taka það upp aptur, að það hefur ávallt verið regla, sem á vel við í reikningslegu tilliti, að draga slíkar tekjur eigi frá útgjaldamegin, heldur færa þær inn tekjumegin, enda er þessari reglu fylgt í landsreikningunum.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði, og fjellu þau þannig:

1. 2. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur í einu hljóði.
2. 2. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
3. 4. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur í einu hljóði.
4. 3. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði
5. 5. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur í einu hljóði.
6. 4. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.
7. 5. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
8. 8. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur með 16 atkvæðum.
9. 9. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur í einu hljóði.
10. 10. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur með 18 atkvæðum.
11. 6. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.
12. 7. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
13. 12. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur í einu hljóði.
14. 1. liður í breytingum nefndarinnar samþykktur án atkvæðagreiðslu.
15. 1. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt án atkvæðagreiðslu.
16. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.
17. Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild á 11. fundi, 16. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 371—372.

Breytingartillögur, sjá I 377—378. 397—398. 411.

Björn Jónsson gat þess, að hann tæki aptur það breytingaratkvæði, er hann stæði fremstur undirskrifaður undir.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um breytingaruppástungur þær, er jeg hef borið undir atkvæðagreiðslu deildarinnar.

Til mín hefur 29. f. m. komið uppástunga frá bæjarfógetanum í Reykjavík, sem hefur stjórn hegningarhússins á hendi, um það, að æskilegt sje og jafnvel nauðsynlegt, að byggt verði hús undir hjer um bil 600 hesta af mó, sem hegningarhúsið árlega

þarfnast við til eldiviðar, og sem hingað til hefur verið látið standa úti, af því þess konar geymsluhús alveg vantar, og hefur hann talið, að með þessu móti ónýtist hjer um bil þriðjungur þessa eldiviðar. Jafnframt því hefur hann sent mjer áætlun um kostnaðinn við byggingu á þvílíku húsi, og er hún samin af duglegum húsasmiði hjer í bænum, Einari Jónssyni, sem áætlar þennan kostnað samtals 1000 kr. Samkvæmt þessu hef jeg leyft mjer að beiðast aukafjárveitingar á allt að 1000 kr. við 10. gr. B 2. til hegningarhússins, og leyfi jeg mjer að mæla sem bezt með henni, þar sem jeg vona, að deildin sje mjer samdóma um það, að þessi fjárveiting sje í þarfir hegningarhússins og landssjóðsins. Jeg skal bæta því við, að jeg, ef þingið samþykkir þessa uppástungu, mun sjá um, að húsið verði byggt að undangengnu undirboði (Licitation) og með sem mestum sparnaði.

Hvað viðvíkur hinum öðrum breytingaruppástungum, sem jeg hef leyft mjer að bera upp, hef jeg við 2. umræðu leitt rök að þeim, og þar sem framsögumaður tók svo vel undir þær, vona jeg einnig, að deildin samþykki þær. Jeg skal skírskota til þess, sem jeg tók fram við 2. umræðu, að upphæð sú, sem breytingaruppástungan við 4. gr. 5. tölul. fer fram á, skiptist þannig, að af þeim 2076 kr. 80 a., sem breytingin nemur, ganga til vitabyggingarinnar . 1105 kr. 71 e., og til notkunar vitans . . 971 — 09 -

2076 — 80 -

Eptir skýrslum þeim, er jeg við 2. umræðu gaf um kostnað þann, er þegar er búið að ávísa á fjárhagstímabilinu til kennslu yfirsetukvenna og til að útvega þeim hin nauðsynlegu verkfæri, mun upphæð sú, er jeg hef stungið upp á við 5. gr. 2. tölul. og sem eptir hlutarins eðli er kalkúlatorisk, að líkindum nægja fyrir fjárhagstímabilið.

Ef jeg hef skilið orð framsögumanns viðvíkjandi ofnum þeim, er ætlazt er til að kaupa handa hinum lærða skóla, þá var ekki neinn verulegur ágreiningur milli okkar um kaupverð ofnanna, heldur gjörði fjárlaganefndin ráð fyrir því, að með því að selja hina gömlu ofna, mundi verðmunurinn jafnast; en jeg skal taka það upp aptur, að þessir gömlu ofnar verða seldir við opinbert uppboð, og uppboðsverð þeirra fært tekjumegin í landsreikninginn eptir þeirri reglu, sem ávallt er fylgt í því tilliti, og sem að mínu áliti er góð reikningsregla og á rökum byggð.

Uppástunga 6 þingmanna um 3000 kr. úr viðlagasjóði til jarðyrkjumanns Torfa Bjarnasonar er tekin aptur, svo jeg þarf ekki um hana að tala.

Hvað viðvíkur hinni uppástungunni frá öðrum 6 þingmönnum um þóknun fyrir kennslu heyrnar- og málleysingja, hef jeg að vísu ekki svo mikið á móti henni, en jeg gjöri ráð fyrir, að mögulegt sje, að útvega þennan styrk af upphæð þeirri, er veitt er í fjárlaganna 15. gr., eins og venjulegt hefur verið hingað til. Að þessi þóknun ekki hefur verið veitt fyrir árið 1878, kom til af því, að jeg samkvæmt athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikninginn fann mjer skylt, þegar bænarskráin um þessa þóknun barst mjer í vetur er leið, að leita ýtarlegri skýrslna um kennsluna. Jeg vil þess vegna skjóta því til uppástungumanna að taka uppástunguna aptur og vísa málinu til landshöfðingjans.

Loksins skal jeg bæta því við, að líklega er einhverri prentvillu að kenna, að athugasemdin «ef skipting fram fer á bekkjum» er bætt við 7. gr. 6. tölul., þar sem hún samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. umræðu á við á eptir 5. tölul. sömu greinar.

Páll Pálsson, prestur: Í tilefni af því, sem landshöfðinginn sagði viðvíkjandi uppástungu minni og 5 annara þingmanna, er jeg mjög fús á að taka hana aptur. Jeg hef ávallt mætt sjerstökustu velvild hjá

landshöfðingja í þessu máli, svo að jeg vil gjarna taka þessa tillögu aptur, í fullu tausti til þess, að hann muni framvegis sýna mjer sömu velvild eins og fyr, meðan jeg brýt hana ekki af mjer, og fyrst hann tók svona vel undir þetta, þá skal jeg ekki fara út í málavexti, en að eins votta honum opinbert þakklæti fyrir hans sanngjörnu og góðvildarfullu aðstoð til að koma daufdumbrakennslunni í sem bezt horf.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Hjer liggja þá ekki aðrar breytingartillögur fyrir, en frá landshöfðingjanum. 1. breytingin við 4. gr. er, að til hegningarhússins veitist allt að 1000 kr. Það virðist vera öll ástæða til, að veita þetta fje, sökum þess að það hefur komið fram, að mikill eldiviður gengur í súginn sökum húsleysis, og gæti þetta leitt til meiri sparnaðar eptirleiðis. Jeg vil einungis gjöra þá athugasemd, að jeg verð að halda því fram, að upphæðin til viðurværis fanganna í hegningarhúsinu verði ekki skoðuð sem kalkúlatorisk eða áætluð upphæð, heldur sem reikningsupphæð. Ef til dæmis viðurværi fanganna er dýrara, en gjört hefur verið ráð fyrir, þá er umboðsstjórninni heimilt að brúka meira fje, en áætlað er, en það er hættulegt, að skoða aðrar upphæðir en þær, sem fjárlögin til taka, áætlaðar upphæðir. Það er munur á áætluðum upphæðum og reikningsupphæðum. Reikningsupphæðir eru þær, sem, ef umboðsstjórninni er ómögulegt að standa straum af þeim með því fje, sem veitt er, þá getur hún tekið meira fje. Þannig er upphæðin til hegningarhússins utanstokks og innan ekki áætluð upphæð. Það sama er að segja um upphæðina, sem landshöfðingi stingur upp á við 5. gr. 2., að þar komi 3200 kr. í stað 3000 króna. Ef deildin vill veita þá upphæð, skal jeg fúslega greiða atkvæði með henni, en sem fastri upphæð, ekki sem áætlaðri. Það er ekki góð regla, að gjöra ráð fyrir mörgum áætluðum upphæðum á fjárlögum, og vil jeg leyfa mjer að geta þess, að hjá Dönum er þessi regla komin á, og hefur sá maður, er einna mest hefur unnið að að koma á stjórnfrelsi og fjárforræði í Danmörku, Monrad biskup, komið henni á. Hann segir, að eptir sinni skoðun sje það rangt, að umboðsstjórnin taki einn eyri fram yfir það, sem henni er veitt með lögum, nema hún gjöri það með lögum. Ef hún þarf meira fje, en veitt er, þá á hún að gefa út bráðabirgðarlög um það. Hvað snertir breytinguna við 7. gr. 6. B. III. c. 7., að halda hinni upprunalegu upphæð, en færa tekjumegin það, sem kemur inn fyrir ofnana, þá virðist mjer deildin einnig eigi að samþykkja það, af því það er samkvæmara reglulegu reikningsformi, og því, sem komið hefur fram í deildinni. Það er enn ein breytingartillaga, en af því jeg ekki skil hana, vil jeg fyrst heyra skýring flutningsmanna, einkum 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, sem mun vera aðalflutningsmaðurinn, áður en jeg tala um hana.

Arnljótur Ólafsson: Mjer heyrðist framsögumaður benda því erindi að mjer, að skýra frá tilgangi breytingartillögu þeirrar, er jeg stend fyrstur undir, og er það náttúrleg krafa. Jeg skal þá fyrst benda á það, að breytingartillaga þessi hlýtur að koma á milli 8. og 9. greinar í fjáraukalögunum og sem sjerstök grein, af því að hún er við aðra grein í fjárlögunum. Um efni og tilgang breytingartillögu þessarar er það að segja, að fje það, sem hún til tekur, er ætlað vissum manni, sem jeg bráðum skal nefna, og er þessi tillaga gjörð samkvæmt góðum undirtektum landshöfðingja. Fjárlaganefndin veit, að tillaga sú kom fram í nefndinni, að vissum manni væri veittur styrkur, en í nefndinni komu menn sjer saman um, að láta tillöguna þar niður falla, en koma með hana í fjáraukalögunum. Styrkur þessi á að ganga til

Mattíasar Jokkumssonar hjer í Reykjavík. En nú verður spurt, hvers vegna og í hverju skyni á hann að fá þetta fje? Nú sem stendur eigum vjer fjögur höfuðskáld hjer á landi, og þrátt fyrir lítilleik lands vors, hefur það þó ávallt verið frægt fyrir skáld sín, jafnvel á verstu riðöld vorri, og það er því eigi ónáttúrlegt, að sú ósk lifi í brjósti þjóðar vorrar, að mega halda þessari frægð og þá skáldum vorum. Þessi 4 skáld, sem mega heita prýði þjóðar vorrar, eru sjálfsagt ólík að mörgu. Eitt þessara höfuðskálda, sem ef til vill er mest frumskáld af þeim öllum, er ríkur höfðingi í hjeraði, þinggoði rjettur og býr á sjálfs síns eign; mundi honum eflaust þykja höfðingsskap sínum misboðið, ef nafn hans væri sett inn í fjáraukalög. Svo er nú annað höfuðskáldið, sem mest hefur ort, en sem nú er hætt að kveða, og farið að snúa sjer að öðrum fögrum listum og vísindum. Vjer getum því eigi farið fram á, að þetta skáld fái laun, því þau yrðu rjett kölluð eptirlaun, enda þótt vjer játum, að rit þessa skálds hafi veitt oss marga ánægjustund; allir þekkja Heljarslóðarorustuna. Nú eru tvö skáldin eptir, jeg skal ekki dæma í milli þeirra, því að jeg er heldur ekki góður dómari í þeim efnum, og svo er ekki þægilegt að jafna skáldum saman. Það er sagt um skáldin, að þau sjeu «irritabile genus», hörundssárir menn; en einn munur er þó á þessum tveim skáldum eða skáldmönnum, svo nafnið sje karlkyns; annar þeirra er konunglegur embættismaður, og á í vændum að erfa stórfje, og eptir því sem jeg hef næst komizt, þá mun hann, þótt hann komist eigi í samjöfnuð við fyrsta skáldið að höfðingsskap og sjálfsforræði, ekki telja það þakklætisvert, að hann sje settur inn í fjáraukalögin; þá er nú eptir fjórði skáldmaðurinn, hann er eigi konunglegur embættismaður, og hefur við engan auð að styðjast, og á við ómegð og örðugan hag að búa. En þrátt fyrir þetta allt hefur hann þó eigi beiðzt fjárstyrks, heldur hafa vísindamenn í Kaupmannahöfn orðið til þess að fyrra bragði, að leita styrks handa honum. Þessi sama ósk hefur verið studd af einni höfðingskonu lands vors, því að þessi skáldmaður hefur það fram yfir hina — fjærri sje mjer að fara í skáldjöfnuð — að hann hrífur hjörtun mest, hann er allra þeirra kvennhollastur; (*Halldór Friðriksson*: *Bezt að tala í alvöru*). Mjer er full alvara, þó jeg tali ekki með svo hárri röddu, að jeg rífi loptið, eða með hryggð og andvarpan, og jeg vona menn finni, að jeg hafi eigi farið með annað en það sem er rjett og satt. Jeg held þegar allt er vegið, þá sje ástæða til að veita þessu skáldi þennan styrk, fyrst og fremst í þakklætisskyni, því næst sakir þess, að landar hans erlendis hafa óskað þess, og svo til þess að skáldið fái betra tækifæri til að verja meiri tíma til hinnar fögru íþróttar sinnar. Af þessum ástæðum og með því að landshöfðingi er oss samdóma í aðalefninu, þá vona jeg, að deildin finni ástæðu til að vera uppástungu þessari hlynnt, og fel jeg hana því sanngirni hennar.

Landshöfðinginn: Af því 1. þingmaður Norðurmúlasýslu benti að mjer í tilefni af uppástungu sinni, vil jeg geta þess, að fjárlaganefndin skýrði mjer frá, að hún út af bænarskrá, er kom til hennar, ætlaði að stinga upp á 1000 kr. styrk á fjáraukalögum til skáldsins Mattíasar Jokkumssonar, og mælti jeg ekki á móti því í nefndinni; en þetta eru öll þau afskipti, sem jeg hef haft af þessu máli. Það er á þingsins valdi, hvern styrk það vill veita þessum manni, sem jeg fyrir mitt leyti verð að álíta maklegan styrks.

Halldór Kr. Friðriksson: Af því að hjer liggur fyrir uppástunga um styrk handa einu skáldi, og hefur þó engin bænarskrá um styrk komið frá honum sjálfum, heldur frá öðrum út í frá, þá vil jeg minna deild-

ina á, að hingað hefur komið bænarskrá frá öðru skáldi, sem jeg álít rangt að setja hjá, ef hinum er veittur styrkur. Þetta skáld, sem jeg vil mæla með, er kennari Benedikt Gröndal, og er óhætt að segja, að hann er í öllu tilliti maklegur styrks, ef Mattías Jokkumsson fær styrk. Hann hefur sjálfur svo ljóslega tekið fram verðskuldun sína fyrir styrk í bænarskrá sinni, að jeg vil biðja forseta leyfis að lesa hana upp.

(Forseti bar undir deildina, hvort leyfa skyldi að lesa upp bænarskrána, og var það leyft með meiri hluta atkvæða. Síðan las þingmaðurinn bænarskrána upp).

Að endingu fylgir listi yfir rit höfundar bænarskrárinnar, og eru sum þeirra allmerkileg, t. d. Clavis poëtica antiqvæ lingvæ septentrionalis. (*Arnljótur Ólafsson:* Er það nema handrit?) Jú! Það er prentað. Þá er þýðingin af Ilionskviðu og fl. Það getur verið, að sumum þyki ekki mikið til sumra rita hans koma, en enginn getur neitað því, að mörg þeirra lýsa einkennilegum skáldmanni. Hann hefur unnið margt landi voru til sóma, og jeg get ekki annað sjeð, en að hann eigi eins vel viðurkenning skilið, eins og aðrir. Hann er að vísu embættismaður, en samt bláfátækur, og þó sumum þyki embættismenn hafa mikil laun, þá verða þau ekki mikil, þegar dregin eru frá öll útgjöld, sem á þeim hvíla. Jeg vona þess vegna, að deildin, ef hún samþykkir þetta breytingaratkvæði, um leið gefi bending um, að bæði þessi skáld fái þátt í styrknum.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg vil styðja uppástungu þingmanns Reykvíkinga um, að upphæðinni verði skipt milli beggja skáldanna, þannig, að hvor fái 500 kr., og vona jeg, að landshöfðinginn sjái svo fyrir, að þessari bendingu verði fylgt. Flutningsmaður breytingaratkvæðisins hefur talað svo skemmtilega um þetta efni, enda er ekki vanþörf á því, að deildin sje í góðu skapi, og er vonandi, að þessir góðu geðsmunir hafi ekki versnað við að heyra bænarskrána lesna upp frá öðru skáldinu. Hvað annars snertir báða þessa menn, þá eru þeir báðir vel hagmæltir og báðir jafnverðugir fyrir styrk. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu lagði áherzlu á það, að annar þessara manna væri konunglegur embættismaður, en hann má þá ekki gleyma því, að hinn hefur arðsama atvinnu, þar sem hann er ritstjóri að því blaði, sem að sjálfs hans sögn er hið vinsælasta blað hjer á landi, og hlýtur því að borga sig vel. Þar að auki er það aðgætandi, að þessi maður getur fengið embætti, ef hann vill, og það er honum að kenna, og engum öðrum, að hann ekki í þessu stendur jöfnum fótum við hinn. Annars megum vjer allir, sem hagmæltir erum, vera glaðir yfir því, að vjer getum átt von á styrk úr landssjóði, ef vjer þurfum þess með seinna meir, og þeir eru margir, sem hagmæltir eru, miklu fleiri en 4. Það er vonandi, að landssjóðurinn seinna meir fái langtum fleiri skáld til að styrkja, og að þeir verði ekki einungis 4 heldur tvöfalt eða þrefalt fleiri, sem komast á hreppinn.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra eina athugasemd við ræður þingmanns Reykvíkinga og varaforseta. Hjer liggur ekki fyrir nein tillaga um styrk til skáldsins Benedikts Gröndals, því hefðu menn fundið hjá sjer hvöt til þess, að gjöra meira en lesa upp bænarskrána, hefði tillaga komið fram, og er jeg viss um, að tillaga um styrk til þessa manns hefði verið heyrð með sömu ánægju sem bænarskráin. En það mun standa frítt fyrir á næsta fjárhagstímabili að stinga upp á styrk til þessa skálds. Nú sem stendur er hann að fást við svo mörg önnur listaverk, og hefur fengið peninga úr landssjóði til að safna dýrum og spíritus upp á skólans reikning til þess að geyma dýrin í, svo jeg ætla það verði einungis til þess að trufla hann í þessum

störfum, að fara nú að veita honum skáldaeptirlaun, og mun bezt að geyma það, þangað til hann hefur lokið störfum sínum við kvikindasafnið.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Jeg verð að mótmæla því, að kalla það eptirlaun, þó þessu skáldi (Gröndal) verði veittur styrkur. Það eru ekki nema fáir dagar síðan, að vjer lásum erfiljóð eptir móður eins þingmanns eptir þetta skáld, og ef það er sanngjarnt, að prestar fái borgun fyrir líkræður, þá virðist það og vera sanngjarnt, að þingið veiti þessum manni þóknun, þegar hann yrkir eptir móður eins af þingmönnum. Annars stendur það landsstjórninni frítt fyrir, hvernig hún ver þessu fje, og þegar komið hafa fram bendingar frá einstökum þingmönnnum um að skipta fjenu milli beggja þessara skálda, þá get jeg ekki annað sjeð, en að landshöfðingja sje eins heimilt að taka þá bending til greina, eins og bending flutningsmanns breytingartillögunnar, um að veita að eins öðru skáldinu styrk.

Landshöfðingi: Jeg verð að vera varaforseta samdóma um, að eins og breytingartillagan nú liggur fyrir, þá virðist vanta nákvæmar ákvarðanir um, hvernig þessu fje skuli varið, og jeg get ekki sjeð, að úr þessu verði mögulegt að gjöra breyting á tillögunni, nema efri deildin gjöri það. Ef tillagan verður samþykkt óbreytt af þinginu, þá mun landsstjórnin komast í vandræði með að verja fjenu, því að þótt ýmsar bendingar hafi komið fram í umræðunum, þá hefur varaforseti svo opt bent mjer á, að varasamt sje að byggja á umræðunum, að landsstjórnin mun hika sjer við að byggja á þeim grundvelli framvegis. En, eins og jeg áður sagði, má ráða bót á þessu í efri deild.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er alveg rjett, að uppástunga þessi gefur landshöfðingja vald til að verja 1000 kr. til einhvers, sem hann álítur nauðsynlegt, en það er með engu móti sagt, að hann sje fremur bundinn við að veita einu skáldi styrk, en tveimur. Landshöfðingi fær fjeð til umráða og má veita það hvorum þessara manna, sem hann vill, og eins skipta því á milli þeirra, eins og hann vill.

Tryggvi Gunnarsson: Ef deildin er á því máli, að vilja veita skáldum vorum einhverja viðurkenningu, þá verður hún að gjöra það svo, að slíkt verði þinginu og landinu til sæmdar, en ekki til hins gagnstæða. Minna en 1000 kr., einu sinni fyrir allt, finnst mjer þetta ekki mega vera, ef það á að geta heitið heiðurslaun; ef þessari upphæð verður skipt milli tveggja eða þriggja, þá greiði jeg atkvæði fyrir að fella tillöguna, því þá þykir mjer gjöfin ekki vera til sæmdar, hvorki fyrir þann, er veitir, eða hinn, er í móti tekur. Mig furðar það, að varaforseti, sem þykist vera meðmæltur því, að skáldið Gröndal fái styrk, ekki skuli álíta 1000 kr. of lítið til að skipta milli tveggja. Við gjöf í þessu skyni verður maður að sýna nokkra höfðingslund, en ekki allt of mikinn kotungsháttt. Það sem oss gekk til að leggja það til, að þessu eina skáldi veittist styrkur, var ekki það, að skáldin hin væru ekki makleg styrksins líka, heldur hitt, að vjer vildum spara fje sem mest vjer gátum fyrir landssjóðinn, og vildum því ekki stinga upp á fleirum í senn; varaforseti hefur stundum verið þakklátur fyrir það, að fjárbænir væru sem lægstar. Þó þetta skáld fái styrk nú, þá er ekki útilokað, að hin skáldin geti líka fengið styrk eða heiðursgjöf á næsta fjárhagstímabili. Þar sem landshöfðingi talaði um, að hann mundi komast í vandræði, hvernig fjenu ætti að verja, þá skal jeg geta þess, að orsökin til þess, að í breytingaruppástungunni er ekkert nafn til greint, er sú, að vjer uppástungumenn vildum lempa oss eptir skoðun deildarinnar og varaforseta, sem í fjárlaga-

nefndinni var fastur á móti því, að nöfn væru nefnd í slíkum tillögum. Oss fannst það líka nóg, að það kæmi fram í umræðunum, hverjum þetta fje væri ætlað. Mjer skilst, að þingmaður Reykvíkinga heldur lái oss uppástungumönnum að koma með þessa tillögu, en því er hann þá að mæla með öðru skáldi, sem engin tillaga um liggur fyrir; ef hann hefði komið með uppástungu, um að veita því skáldi, sem hann vill mæla með, einhvern styrk, þá hefði hans tillaga getað komið til greina, en eins og nú er, liggur engin önnur tillaga fyrir en vor, sem er meint til eins viss manns. Til þess að taka af allan ágreining, vil jeg skjóta því til forseta, hvort hann álítur að það sje á móti þingsköpunum, að borið sje upp í fyrsta lagi, hvort upphæðin skal veitast, og í öðru lagi hvort hún skal veitast einum manni eða skiptast milli fleiri.

Forseti: Það er ekki hægt að skipta atkvæðagreiðslunni þannig, sem hinn heiðraði þingmaður Suðurmúlasýslu leggur til, því að hjer liggur ekki fyrir nein tillaga um, hverjum fje þetta skuli veitast; tillagan getur ekki komið undir atkvæði öðruvísi, en hún er orðuð.

Arnljótur Ólafsson: Það er nóg, að tillagan sje borin upp eins og hún er orðuð; hjer liggur ekki fyrir nein önnur tillaga en vor, og hún verður að skiljast eins og vjer uppástungumennirnir höfum skilið hana.

Framsögumaður (Gr. Th.): Það má segja hið sama um þessa upphæð, sem sagt er um einn fugl, gæsina. Hún er of stór handa einum, en of lítil handa tveimur, þó jeg verði að segja, að til eru þau skáld, sem ljetu sjer nægja ½ þessarar upphæðar. Eptir því sem uppástungan liggur fyrir, þá er landsstjórninni heimilt að úthluta fjenu eins og hún vill, enda er það ekki rjett, að gjöra þennan mun á þessum skáldum, þegar fyrir þinginu liggja bænarskrár um styrk handa þeim báðum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vona hver hafi rjett til að skilja sína eigin tillögu, eins og hann vill. Ef aðrir hafa annan skilning, þá getur hann ekki komið til greina hjá skilningi uppástungumanna.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg verð að mótmæla þessum orðum 1. þingmanns Norðurmúlasýslu; uppástungumenn hafa ekkert leyfi til, að bæta neinum hugsuðum uppástungum við tillögur sínar; tillagan liggur fyrir eins og hún er prentuð.

Tryggvi Gunnarsson: Ef varaforseti hefur breytt skoðun sinni, að ekki eigi við að hafa nöfn manna í fjárlögum, og honum er nokkur huggun í því, að nafn skáldsins standi þar, þá lofa jeg, að sjá svo um, að nafnið komist inn í frumvarpið í efri deildinni. Það er annars merkilegt, að í þessu máli skuli umræðurnar enga þýðing hafa, og ekki getað verið til leiðbeiningar, en jeg get sannað, að í mörgum öðrum málum hefur þótt nóg að gefa bendingar í umræðunum. Það er máske ekki rjett af mjer, að segja hjer frá því, sem í nefndum hefur gjörzt, en eins og jeg áður sagði, kom fjárlaganefndinni saman um, að nöfn þyrfti ekki að nefna, en að eins gefa bendingar í umræðunum, og því var varaforseti þá svo harður á því í nefndinni, að nægilegt væri að taka fram við umræðurnar nafnið, ef það er orðið þýðingarlaust nú?

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Fyrst þingmaðurinn álítur það eiga við að segja, hvað gjörðist milli nefndarmanna, þá vil jeg skírskota til þingmanns Reykvíkinga, hvort við báðir ekki gjörðum allt, sem í okkar valdi stóð, til að verja því hneyksli, sem meiri hlutinn var ólmur á, og koma til leiðar, að ekki yrðu nefnd nöfn. 1. þingmaður Suðurmúlasýslu ræður því, hvort hann kemur nafninu inn í efri deild; það getur verið hann hafi þar mikið að segja. Jeg hef frá fyrstu mótmælt þessu, og álít það móti sóma þingsins, að vera að skipta og

þeyta út peningum í allar áttir. Mjer dettur í hug Egill Skallagrímsson, þegar hann vildi fara til alþingis með gullkisturnar og strá út gullinu á Lögbergi; þá sagði hann, að sig skyldi furða það, ef allir skiptu vel með sjer. Þessu eptirdæmi ætla uppástungumenn að fylgja; þeir ætla að fara upp á Lögberg með gullkistur landsins og sá út gullinu, og kann svo að fara, að öllum þyki ekki vel skipt.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. breyting landshöfðingja (I 377) við 4. gr. eptir 2. tölul. samþykkt með 17 atkvæðum.
2. breyting landshöfðingja, að 3. töluliður verði 4. töluliður, samþykkt án atkvæðagreiðslu.
3. breyting landshöfðingja við 4. gr. 4. tölulið samþykkt með 17 atkvæðum.
4. breyting landshöfðingja við 5. gr. 2. tölulið samþykkt með 19 atkvæðum.
5. breyting landshöfðingja við 7. gr. 6. tölulið B. III. c 7. samþykkt með 18 atkvæðum.
6. breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fl. (I 411) samþykkt með 14 atkvæðum.
7. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild á 43. fundi, 19. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 482—483.

Með því enginn tók til máls, þá var borið upp til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 47. fundi, 21. ágúst.

Breytingartillögur, sjá I 494 og 498 (Nr. 410).

Forseti bar undir atkvæði deildarmanna, hvort breytingaratkvæði þeirra Sighvats Árnasonar og Stefáns Eiríkssonar gæti komið til umræðu og atkvæðagreiðslu, þar sem því ekki hefði verið útbýtt fyr en nú í byrjun fundarins, og var það samþykkt með 8 atkvæðum.

Benedikt Kristjánsson sagði, að af ástæðunum fyrir neðan breytingaruppástungu sína (I 494) væri ljóst, hvernig á stæði; það lægi í augum uppi, að boð Þórðar á Leirá væri gjört apturreka, ef landssjóðurinn veitti eigi hinar umbeðnu 400 krónur. Hann hefði því eigi sjeð annan veg, til að ná í þessa gjöf, en að taka þessar 400 kr. inn í fjáraukalögin, og vonaði hann, að deildinni velktist eigi hugur um að veita þær. Þó gjafabrjefið væri ónákvæmt orðað, þá mundi mega ganga að því vísu, að Þórður fengist til þess að laga það.

Sighvatur Árnason sagðist vilja minnast lítið eitt á breytingaruppástunguna (I 498), að því leyti sem hann væri við hana riðinn, og vildi hann fara fáeinum orðum um styrk þann, er ætlaður væri Torfa Bjarnasyni. Til grundvallar fyrir þessu lægi framför sú, er leitt hefði af ljáum hans; framför sú væri mikil; fyrir því væri bæði sín reynsla og annara. Mönnum þætti máske ekki viðkunnanlegt, að veita þannig fje fyrir það, er gjört væri fyrir löngu síðan, en að sínu áliti ætti það viðurkenning skilið eins fyrir það. Þessi maður væri nú líka byrjaður á öðru, sem sje sláttuvjel. Hann hefði reyndar eigi skýrslu um þetta, en þó leitað væri vottorðs kunnugra manna, mundi það reynast, að útlit væri fyrir, að hún gæti orðið til verklegra nota, ef fyrirtækið strandaði ekki á fjeleysi.

Eiríkur Kúld kvaðst samdóma 1. þingmanni Rangæinga um það, að tillit bæri að hafa til duglegra manna; hann vildi fúslega

játa, að maður þessi hefði unnið landinu mikið gagn með ljáum sínum, en þó ímyndaði hann sjer, að hinir fyrstu ljáir hafi verið seldir við því verði, að hann hafi fengið fulla borgun fyrir þá. Það væri skaði, að þingmann Rangæinga vantaði skýrslu um sláttuvjelina, en hann hefði líka heyrt um hana talað, en gæti ei hent reiður á því. Þá kæmu nú 1000 kr. til skáldsins Matthíasar Jokkumsonar fyrir það, að hann væri skáld, en það væru fleiri skáld til, sem hefðu beðið um það sama, og það mundi örðugt að vega þau, og segja, hvert hefði mesta verðugleika. Menn kynnu að segja, að hin væru í embættum; en þessi maður gæti og fengið embætti ef hann vildi. Sjer sýndist því, að það ætti annaðhvort að taka meira til og skipta á milli þeirra, eða eigi veita neinum neitt. Hann gæti því eigi verið þessari fjárveitingu samþykkur, eins og hún lægi fyrir nú.

Stefán Eiríksson sagði, að þingmaður Barðstrendinga væri móti uppástungu þessari og helzt af því, að upphæðin væri ekki nógu há, en sjer fyrir sitt leyti þætti nú nóg komið á landssjóðinn, þó ekki væri farið að auka enn við útgjaldatölur þær, er þegar væru ákveðnar. Hann og annar þingmaður hefðu komið með þetta breytingaratkvæði, af því að þeim hefði þótt svo óákveðin ákvörðun um þetta hjá neðri deildinni, því að fara að skipta þessu milli beztu skálda á Íslandi væri til athlægis, því það munaði engan þeirra, en fengi einn það, þá væri honum það góð viðurkenning; þess mætti og gæta, að komið hefði bænarskrá frá námsmönnum í Kaupmannahöfn um, að þessum manni sjerstaklega yrði veitt þessi fjárupphæð. Ef deildin vildi sinna þessu, þá gjörði hún að sínu áliti rjettast að fallast á þetta breytingaratkvæði.

Jón Jónsson sagði, að ef hann hefði setið í neðri deild, þá hefði hann verið í vafa um, hvernig hann ætti að greiða atkvæði með tilliti til fjárveitinga þeirra, er hjer væri spurning um. En staða efri deildarinnar væri nokkuð sjerstök með tilliti til fjárveitinga. Aðalfjárveitingarvald þingsins yrði að vera hjá neðri deildinni, bæði af því, að þar sætu tómir þjóðkjörnir menn, og af því, að neðri deildin fengi öll fjármál fyrst til umræðu, og því væri langt um hægra fyrir hana en fyrir efri deildina að kynna sjer nákvæmlega fjárhag landsins. Í öðrum löndum væri þetta einnig almennt viðurkennt, þannig á Englandi, þar sem aldrei hefði verið vafi um það, að «house of Commons» hefði aðalfjárveitingarvaldið (*Varaforseti:* hlær). Sjer sýndist það ekki hlægilegra að bera neðri deildina saman við house of Commons, en efri deildina saman við house of Lords. En hvað þessum samanburði liði, þá væri ljóst, að allar hinar sömu ástæður, sem komið hefðu því til leiðar, að neðri málstofan á Englandi hefði meiri part fjárveitingarvaldsins, þær yrðu að heimila neðri deildinni líkt vald hjer. Þegar nú yrði spurning um fjárveiting, sem neðri deildin hafi samþykkt, gæti hann ekki, nema mjög miklar ástæður væru til þess, verið með að fella hana hjer í deildinni, og þegar svo yrði spurning um nýja fjárveiting, vildi hann láta hana ná fram til neðri deildarinnar, ef ekki mjög mikið væri á móti henni, svo að neðri deildin fengi tækifæri til að úrskurða hana. Það væri varla hætt við því, að neðri deildin færi að kasta út fje landsins að óþörfu (*Magnús Stephensen*: Neðri deildin hefur eigi veitt það). Það ætti og eptir að koma til neðri deildarinnar. Hvað hin einstöku atriði snerti, þá virtist sjer mikil ástæða fyrir þingið til að sýna þeim manni viðurkenning sína, sem hefði útvegað landinu hina nýju ljái, og væri það mjög áríðandi að fá góð landbúnaðarverkfæri. Viðvíkjandi hinu nefnda skáldi, bæri að taka til greina þá örðugleika, er skáldin ættu við að berjast hjer á landi.

Benedikt Kristjánsson kvaðst ætla, að meiningin í breytingatkvæðinu væri sú, að þær 1000 krónur, er þar um ræddi, skyldi

veita skáldinu sem heiðurslaun; nú segðu menn, að þá væri engu síður ástæða til, að veita þau öðrum jafngóðum skáldum; hann ætlaði sjer eigi að fara að dæma um það, hvert skáldanna væri bezt, því að þau væru víst öll góð, og vandi úr því að skera, hvert bezt væri, fyrir þá menn, er eigi væru sjálfir skáld; en að sínu áliti ætti að bera annað saman, sem hægra væri um að dæma, nefnilega hinn ytra hag þeirra; hann ætlaði, að eigi mundu koma til greina auk síra Mattíasar önnur skáld en þau, er full embættislaun hafa, en hann væri embættislaus, eins og menn vissu, og þó að menn segðu, að hann gæti sótt um embætti, er hann vildi, þá gæti hann eigi samt gjört sjer von um meira en helming þeirra embættislauna, er hin skáldin hefðu; því að hann gæti naumast fengið annað embætti en prestsembætti, og af þeim þætti það fullgott, er 1000 kr. hefði í laun. Hvað snerti 2000 kr. styrk hand Torfa jarðyrkjumanni Bjarnasyni, þá gæti hann vitnað það með þingmanni Rangvellinga, að ljáir hans hafi komið að miklum notum, en hann yrði líka að vitna það með þingmanni Barðstrendinga, að ljáirnir hefðu í fyrstu verið seldir við hálfu meira verði en nú, og ef þær prósentur hefðu allar runnið í hans vasa, sem hann vissi raunar eigi um, þá hefði hann þar fengið margar þúsundir króna. Eigi væri sjer heldur kunnugt, hvort hann hefði sýnt neitt hugvit í að breyta hinum skozku ljáum, eptir því sem hjer ætti við, og fyrir skrúfuljáunum hefði hann haft einkaleyfi framan af; ef hann nú að eins hefði hlutazt til um, að ljáirnir væru fluttir hingað sem verzlunarvara, sæi hann eigi betur, en að allir þeir kaupmenn, er flyttu hingað þá vöru, er eigi væri fyr kunn hjer á landi, ættu að fá laun úr landssjóði á sama hátt, þó að þeir græddu á að selja vöruna. Hann áliti það sanngjarnt, að þeir menn, er ynnu að því, að innleiða í landið etthvað gott og nytsamlegt, fengju einhverja viðurkenning, en hann vildi þó fyrst vita, hvort það væri eigi að láta þá taka hlut á þurru landi. Ef nú væri ætlazt til að veita honum þennan styrk vegna sláttuvjelar sinnar, þá væri fyrst nauðsynlegt að vita, hvort hún gæti komið hjer að haldi, en það dygði eigi, þó að hann hefði sjeð sláttuvjelar utanlands, sem ekki yrðu notaðar hjer á landi. Spursmálið væri, hvort þessum manni tækist að breyta þeim svo, að þær yrðu að gagni, fyrir því væru eigi svo mikið sem líkur fengnar. Enn fremur vissi hann eigi til, að maðurinn væri svo fátækur, að hann gæti eigi klofið fram úr þeim kostnaði, sem tilbúningurinn á þessari vjel útheimti, auk þess að hann mundi varla geta skipt þúsundum króna. Vegna þessa gæti hann eigi, þó að hann feginn vildi, gefið atkvæði sitt þessum lið breytingaratkvæðisins.

Sighvatur Árnason kvaðst þegar hafa sagt meining sína, hvað snerti hinar 2000 krónur, og ætlaði hann eigi að reyna frekar að sannfæra þá, er aðra skoðun hefðu í því efni; en því einu vildi hann bæta við, að það væri sannhermt, að hinn umræddi jarðyrkjumaður væri efnalítill, svo að það mundi standa í vegi fyrir framhaldi sláttuvjelar-smíðar hans, og því gæti alþingi valdið því, að þetta fyrirtæki færist fyrir, með því að synja honum styrksins. Um 1000 króna styrkinn vildi hann svara þingmanni Barðstrendinga því, að neðri deildin hefði við veiting þeirra 1000 króna, er nefndar væru í 9. grein fjáraukalaganna, ætlazt til, að þeim yrði varið til styrks handa skáldum; sumir hefðu haft eitt skáld fyrir augum, en sumir kann ske tvö; þannig gæti hann sjeð, að neðri deildin væri eigi móti því, að veita skáldum styrk, en hann áliti, að ef þingið gjörði það á annað borð, þá gæti það eigi verið þekkt fyrir að hafa styrkinn minni en 1000 krónur til hvers eins. Hann væri eigi fær um að vega skáldin sem skáld, en hinn ytri hagur þeirra væri fljótveginn; eitt væri embættislaus maður, en þau tvö skáld, er hann ímyndaði sjer að sjerstaklega mundu koma til greina jafnframt honum, væru embættismenn, og er að eins væri talað um, hverjum einum af þess-

um þremur ætti að veita styrkinn, sýndist sjer eigi skoðunarmál, að veita honum hann fyrst og fremst, er mesta hefði þörfina; en hinir mundu vafalaust fá hann aptur síðar.

Ásgeir Einarsson kvaðst skyldu gefa munnlega skýrslu um það, er við kæmi Torfa jarðyrkjumanni í Ólafsdal, að svo miklu leyti, sem sjer væri kunnugt. Þingmaður Strandasýslu hefði haft bænarskrá frá Strandasýslu um það, að Torfa Bjarnasyni væri veitt sanngjörn þóknun fyrir uppfinning og útvegun ljáanna, og þingmaður Dalamanna hefði sagt sjer, að önnur hafi verið samin í Dalasýslu sama efnis, en svo hefði óheppilega tekizt til, að breytingaratkvæði frá þingmönnum þessum, er fór fram á þetta, kom svo seint, að það komst ekki að. Hvað þá fyrst ljáina snerti, þá væri sjer fullt eins vel kunnugt um þá sem hverjum öðrum; fyrst kom hjer ljár einn frá Skotlandi, er var ætlaður til að slá með akra, en hann reyndist óhafandi til sláttar hjer, bæði vegna þess, að hann var of þungur, og svo var bakkinn negldur á vallmegin. Torfi smíðaði þá sjálfur stálblað, herti það og negldi það á bakkann að innanverðu; reyndist blaðið ágætlega, en bakkinn brotnaði; en þegar hann sigldi til Skotlands til að læra jarðyrkju, sendi hann fyrirmynd til ljásmiðjunnar í Sheffield, og voru þar fyrst smíðaðir eptir því 12 ljáir og sendir Torfa, og mundi tilraun þessi hafa orðið honum allkostnaðarsöm; síðan komu fleiri ljáir, en þá hefði ljásmiðurinn enski fengið einkaleyfi fyrir þeim, sem Torfi gat ekki keypt vegna fátæktar, og þess vegna urðu ljáirnir dýrari fyrir Torfa; þá vildi og til það óhapp, að hann hafði pantað ljái með Ritchie, en verzlun hans komst í basl um tíma, svo að hann gat eigi borgað ljáina fyrir Torfa; varð Torfi þá að sigla til Skotlands, og kostaði til þess ærnu fje. Síðan sigldi hann aptur, til þess að smíða skrúfuþjófsljáina; hafði hann einkaleyfi fyrir að selja þá um tíma, og vildi gjöra nokkra breyting á þeim, en til þess skorti hann fje, og gat þá ekki borgað einkaleyfið á ný. Í hinni fyrstu ferð sinni hafði hann veitt eptirtekt sláttuvjelum og stýrt einni, þegar hann fór til Ameríku, og nú byrjaði hann að smíða eina; þessa vjel hefði hann sjeð hjá honum, og gæti hann vel ímyndað sjer, að hún mundi koma að góðu haldi, ef gjörðar væru við hana nokkrar smábreytingar, en til þess þyrfti hann enn að fara utan. Hann vissi, að hinn 2. konungkjörni þingmaður mundi þekkja vel, hvert gagn hann hefði unnið ábúðar- og eignarjörð sinni með jarðabótum og annari jarðyrkju. Enn fremur mætti geta þess, að smiðir tveir í Húnavatnssýslu hefðu hvor um sig reiknað það út, að ef allir í sýslunni notuðu ljái hans, mundi það verða 6000 kr. ávinningur fyrir alla Húnavatnssýsluna á sumri hverju, að því sem annar sagði, en hinn sagði 5000, og vildi heldur reikna hagnaðinn lágt.

Varaforseti (*B. Th.*) kvaðst vilja staðfesta skýrslu þingmanns Húnvetninga um framkvæmdir Torfa jarðyrkjumanns; sjer væri kunnugt, að hann hefði leiðbeint mörgum í jarðyrkju, bæði verklegri og ýmsri kunnáttu, er þar að lyti, og hefði á þann hátt haft mikil áhrif á sveit sína, og það svo, að jarðrækt væri þar í betra ástandi, en annarsstaðar á Vesturlandi, þar sem hann þekkti til; jafnvel um alla Dalasýslu og nokkurn hluta Barðastrandarsýslu mætti sjá áhrif þau, er hann hefði haft í þessu efni. Að sínu áliti væri hann því maklegur fyrir styrk, og hann vildi sem bezt mæla með, að hann fengi hann, til þess að hann gæti haldið áfram störfum sínum. Uppástungan styddist sjerstaklega við ljái þá, er hann hefði flutt hjer inn, og það þætti sjer einnig launavert, því að mjög vafasamt væri, hvort vjer þekktum þá ljái, ef hann hefði eigi orðið til að innleiða þá hjer og lagað þá eptir vorum þörfum. Um fjárhag hans gæti hann gefið þá upplýsing, að hann væri fremur erfiður, og væri því meiri þörf á að veita honum styrkinn, sem fjárhagur hans væri því til fyrirstöðu, að hann gæti gjört svo mikið gagn, sem hann mundi gjöra, ef fjárhaguriinn væri betri. Enn fremur vildi hann geta þess, að margar sýslunefndir á Vesturlandi

hefðu beiðzt þess, að honum væri fje veitt til að kenna búfræði, og sýndi þetta, hvert traust menn þar hefðu á honum. Vegna þessa væri hann sannfærður um, að fje þessu væri vel varið á þennan hátt, og mundi hann hiklaust gefa breytingaratkvæðinu atkvæði sitt að þessu leyti, en hvað hinar 1000 krónurnar snerti, fyndist sjer eigi ástæða til að breyta því, sem stæði í fjáraukalögunum; hann vildi helzt, að annaðhvort væri það látið óákveðið, eins og þar væri, hvernig þeim skyldi verja, eða þá ákveðið, að fleiri skáldin yrðu þessa styrks aðnjótandi.

Jón Pjetursson sagði, að fje þessu til jarðyrkjumanns Torfa Bjarnasonar væri eptir sínu áliti vel varið; hann gæti eigi mælt betur fram með því, en varaforseti hefði gjört, enda yrði honum að vera kunnugt um hagi þessa manns, bæði af embættisstöðu sinni og svo af orðróm vestra, og væri hann samdóma honum. Hvað skáldin snerti, væru þau mörg hjer á landi, og væru þessar 1000 krónur því eigi mikið fje til að skipta milli þeirra. Sjera Mattías væri alþekkt skáld, og það væri víða venja annarsstaðar, að hið opinbera styrkti afbragðs skáld, er þess þyrftu með.

Jón Jónsson sagðist vilja bæta því við það, sem þingmaður Húnvetninga og hinn 2. konungkjörni þingmaður hefðu sagt, að bænarskrá sú, sem getið hefði verið um, hefði verið lögð svo seint fram, að neðri deildin hefði ekki getað tekið tillit til hennar, en af henni sæist, að það hefði verið samhljóða álit bænda á öllum manntalsþingum í Strandasýslu, að Torfa einum væri að þakka, að nýju ljáirnir hefðu komizt á, og að hann hefði lagt mikið í sölurnar í þessu tilliti.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja leiðrjetta þingmann Skagfirðinga; hann hefði sagt, að efri deildin ætti, hvað fjárveitingar snerti, að binda sig við það, sem neðri deildin úrskurðaði, og hefði með tilliti til þessa vitnað til Englands. Hann fyrir sitt leyti vildi frábiðja sjer, að fara eptir þessu, meðan eigi væri af sjer tekinn sá rjettur, er hann, sem þingmaður, hefði til fjárveitinga. Hann vildi og vekja athygli á því, að neðri deildin hefði eigi stungið upp á fje til Torfa. Hvað hinar 1000 kr. snerti, þá hefði hann aldrei mælt á móti þeim, heldur sagt, að ef skipta ætti fjenu, þá væri það of lítið. Hvað Torfa snerti, þá væri óvíst, hvort landbúnaður væri betri í hans sveit, en víða annarsstaðar á Vesturlandi. Þar sem þingmaður Rangæinga hefði stungið upp á, að þessar 1000 kr. gengju til eins manns, þá skyldi hann gjarnan kannast við maklegleika þessa skálds, en hann gæti eigi sjeð, að hann væri hinum öðrum skáldum fremri eða maklegri, og treysti hann fyrir sitt leyti sjer eigi til, að setjast í dómarasætið um þetta atriði. Það hefði verið tekið fram sem aðalástæða, að þessi maður, er hjer um ræddi, væri embættislaus, en hann kvaðst geta nefnt annan mann, er eigi heldur hefði embætti, t. d. Grím Thomsen (*Stefán Eiríksson:* Hann hefur laun), en þau væru eigi frá landssjóði; hann segði þetta, af því hann vildi hafa jafnrjetti. Það mætti heldur eigi skilja hann svo, sem hann vildi eigi veita Torfa fjestyrk, heldur væri meining sín sú, að menn ættu að fara varlega að með slíkar veitingar. Þegar þingmaður Skagfirðinga hefði verið að gefa þessu máli meðmæli sín, þá virtist sjer hann hafa talað út á þekjum, því neðri deildin hefði aldrei veitt neitt fje til þessa manns nje talað um það.

Jón Hjaltalín sagði, að skáldin hjer á landi ættu þungt uppdráttar, og þeir, sem fræddu menn með skáldskap, hvort heldur væri í blöðum eða annarsstaðar, þeir gætu þó eigi gjört það án kostnaðar. Hvað nú snerti Mattías Jokkumsson, þá væru komin fram meðmæli með honum frá stúdentum í Kaupmannahöfn, og þeir hefðu víst eins vel vit á skáldskap og þingmenn. Það væri að minnsta kosti eins þarflegt, að veita þessa litlu upphæð, eins og kasta út 150000 kr. til brúabygginga.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var

gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

2. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

3. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

4. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

5. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

6. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

Breytingaruppástunga frá Benedikt Kristjánssyni við 7. gr. (I 494) samþykkt með 11 atkvæðum.

7. grein með viðauka samþykkt með 11 atkvæðum.

8. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

Breytingaratkvæði við 9. gr. (I 498) var skipt í þrennt:

a, 1000 kr. handa skáldinu Mattíasi Jokkumssyni samþykkt með 8 atkvæðum.

b, 2000 kr. handa Torfa jarðyrkjumanni Bjarnasyni í Ólafsdal samþykkt með 7 atkvæðum.

c, 3000 kr. fyrir fjárhagstímabilið samþykkt með 7 atkvæðum.

9. grein með breytingum þannig samþykkt.

10. grein samþykkt með 11 atkvæðum.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 11 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild á 49. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 501—502.

Breytingartillögur: I 497—498 (Nr. 407 og 408).

Landshöfðingi kvaðst leyfa sjer með fáeinum orðum að leiða rök að breytingartillögum þeim, er hann hefði borið undir atkvæðagreiðslu deildarinnar.

Hann hefði þannig stungið upp á, að af 7. gr. fjelli síðari liðurinn burt, vegna þess að það væri nýmæli, að landssjóðurinn veitti styrk til að koma upp húsi handa barnaskóla og af því að hann væri hræddur um, að þessi fjárveiting mundi hafa þær afleiðingar í för með sjer, að margir aðrir barnaskólar leituðu styrks hjá landssjóðnum til þess að verða stofnaðir, en hingað til hefði þingið haldið fast þeirri reglu, að styrkurinn til barnaskóla væri bundinn því skilyrði, að skólinn ætti fullri eign sitt eigið skólahús, eða skólajörð; enda væri eigi meira en tveir dagar síðan að deildin í fjárlögunum fyrir árin 1880 og 1881 hefði samþykkt þetta skilyrði.

Enn fremur hefði hann stungið upp á, að 9. gr. fjelli burt, þó að hann fyrir sitt leyti eigi væri því mótfallinn, að 1000 kr. styrkur yrði veittur því skáldi, er getur um í greininni, en það væri viðaukauppástunga 3 þingmanna að bæta við 2 öðrum skáldum, sem hefðu komið sjer til þess, að fara þess á leit, að einnig þessum 1000 kr., sem voru veittar handa honum, yrði sleppt. Að vísu óskaði hann persónulega, að öllum þessum 3 skáldum yrði sýnd sú viðurkenning, sem hjer ræddi um, en hann yrði að taka það fram, að mönnum sýndist, að landssjóðurinn væri eigi fær um, að bera þessi útgjöld, og þar sem hann eigi treysti sjer til að kjósa milli þessara 3 skálda, og hann vissi eigi, hvort deildin treysti sjer til þess, hefði hann leyft sjer að fara þess á leit, heldur að sleppa þessum eina manni, er samþykkt hefði verið að veita styrk við 2. umræðu, en að bæta 2 við. En það, sem sjer í lagi kæmi sjer til að stinga upp á að fella 9. gr., væri upphæð sú, sem hún ákvæði handa Torfa jarðyrkjumanni Bjarnasyni í Ólafsdal, ekki af þeirri ástæðu, að hann eigi áliti þennan mann maklegan styrks af hinu opinbera, heldur af þeirri ástæðu, að hann þegar væri búinn að fá talsverðan styrk af hinu opinbera, og þar að auki loforð um slíkan styrk framvegis.

Eptir tillögum Vesturamtsins hefði hann 28. f. m. veitt 733 kr. á þessu yfirstandandi ári til að koma á fót kennslu í búfræði og jarðabótum hjá þessum manni, og amtsráðið hefði einnig veitt honum nokkurn styrk til þessa af búnaðarsjóði Vesturamtsins, og enn fremur lofað honum 900 kr. styrk árið 1880 og 1000 kr. árið 1881 til þessarar kennslu; með þessu móti virtist honum nægilegur styrkur vera útvegaður manni þessum af hinu opinbera, og þar að auki væri aðgætandi, að fjárlögin fyrir 1880 og 1881 áætluðu 10000 kr. hvort árið um sig til eflingar landbúnaði og sjávarútvegi, og af upphæð þessari mætti vel bæta við nokkrum styrk, ef hans þyrfti með, handa þessum manni; — en ísjárvert, og jafnvel óaðgengilegt virtist sjer, að veita honum þá upphæð, er tiltekin væri í 9. gr. Hann vildi leyfa sjer að skjóta því til forseta, hvort hann vildi eigi skipta atkvæðagreiðslunni þannig um þessa breytingaruppástungu, að greitt væri atkvæði fyrst um það, að styrkurinn handa þessum jarðyrkjumanni fjelli burt, og síðan um 2. tölulið greinarinnar, með tilliti til styrksins handa skáldinu, sem hann fyrir sitt leyti vildi heldur halda óbreyttum. Væri þetta leyfilegt samkvæmt þingsköpum, vildi hann óska þessarar skiptingar á atkvæðagreiðslunni.

Benedikt Kristjánsson kvaðst fyrst vilja taka það fram viðvíkjandi breytingaratkvæði landshöfðingjans við 7. gr. C. 6. b., að staflíðurinn b. mundi vera prentvilla. Hann sagði, að sjer hefði heyrzt, að landshöfðinginn hefði nefnt það nýmæli, að veita fjárstyrk til byggingar á barnaskólahúsi, en hann gæti eigi lagt svo mikla áherzlu á nýmæli þetta, að ástæða gæti verið til, að taka aptur viðaukann við 7. gr. sakir þess. Það væru sjálfsagt engin lög fyrir því, heldur að eins venja, sem eigi gæti verið fast bindandi fyrir alþingi, en sem þó hefði áður verið fylgt; en sjer sýndist spurning um það, hvort slíkri venju ætti að fylgja í máli þessu. Hjer væri um einar 400 kr. að ræða, sem allt landið ætti að leggja til, og sem væri skilyrði fyrir, að þiggja þá gjöf, er veglyndur maður hefði boðið. Gjöf þessi væri án efa tvöfalt eða þrefalt meiri en styrkur sá, er hjer væri um að ræða. Hann vildi lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að sjer með engu móti gæti sýnzt, að gömul venja, sem reyndar mætti heita ný, gæti hamlað því, að styrkur þessi yrði veittur og yrði þannig til tálmunar þessu nauðsynlega og þarflega fyrirtæki. Hann hefði verið mótfallinn styrknum handa Torfa Bjarnasyni, og hefði sjer þó eigi komið til hugar, að hann hefði verið og mundi verða slíkt brjóstbarn landssjóðsins, eins og landshöfðingi nú hefði gjört grein fyrir, og er hann hefði heyrt það, sýndist sjer alls engin ástæða vera til þess að veita honum fjárstyrk þann, er hjer ræddi um. Hann væri landshöfðingjanum samdóma um það, að enginn annar vegur væri hentugri við atkvæðagreiðsluna en sá, er landshöfðinginn hefði bent á. Hann gæti eigi annað, en dróttað því að þeim mönnum, er stungið hefðu upp á verðlaunum handa 3 skáldum, að þeir hefðu gjört það í þeim tilgangi, að koma í veg fyrir, að fjárstyrkurinn yrði veittur hinu eina skáldi, er hjer væri um að ræða, en landshöfðinginn hefði bent á veg til þess að bjarga máli þessu við.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja taka undir með þingmanni Þingeyinga um það, að sjer hefði verið ókunnugt um fjárveiting til Torfa Bjarnasonar, og þeir af þingmönnum, sem hvatamenn hefðu verið að því, að beðið væri um fjárstyrk handa manni þessum, hefðu alls eigi getið um fjárstyrk þennan, hvort heldur það hafi verið af því, að þeir hafi eigi vitað það, eða ekki, og væri hann því eigi frá því, að falla frá tillögu sinni í þessu efni; því að sjer sýndist maður þessi vel sæmdur af fje því, sem hann hefði fengið,

og sem hann ætti í vændum að fá, svo framarlega sem hann fengi að njóta þess nokkuð verulega sjálfur. Hann væri aptur á móti á öðru máli en þingmaður Þingeyinga um skáldin, og hefði hann áður látið þá skoðun sína í ljósi, að ef Mattíasi Jokkumssyni nú væru veittar 1000 kr., þá kæmist landssjóðurinn eigi hjá því, að sæma hin skáldin á næsta alþingi. Hann vildi eigi gjöra þetta að neinu kappsmáli, ef þingmenn vildu halda sjer að tillögu landshöfðingja við atkvæðagreiðsluna um þetta atriði.

Bergur Thorberg sagði, að sjer fyndist veður hafa breytzt í lopti, að því er snerti styrkinn til Torfa Bjarnasonar, frá því er síðast var rætt um þetta mál hjer í deildinni. Landshöfðinginn hefði að vísu skýrt frá, að þessi maður hefði þegar fengið talsverðan styrk af opinberu fje, og loforð um hann framvegis. Þetta væri með öllu rjett, og hann skyldi þakklátlega viðurkenna, að landshöfðinginn hefði tekið vel undir tillögur amtráðsins í vesturamtinu um þennan styrk, en hann vildi leggja áherzlu á það, að þessi styrkur væri engin verðlaun; því það fje væri ætlað til að koma á kennslu í búfræði í vesturumdæminu, er Torfi ætti að hafa á hendi. Hann gæti eigi sjeð, að þessi fjárveiting gjörði hann ómaklegan fyrir verðlaun þessi, þar sem hann þó hefði unnið landinu mikið í hag, og það ef til vill, meira en hægt væri að meta. Þessi fjárveiting, sem landshöfðinginn hefði minnzt á, væri eigi heldur veitt til að auðga Torfa, heldur til þess að gjöra honum mögulegt að koma fram nytsömu fyrirtæki fyrir einn landsfjórðung, og þegar málið væri skoðað frá þessu sjónarmiði, væri engin ástæða til að gjöra breyting frá því, sem viðtekið hefði verið við 2. umræðu, og hefði hann því von um, að uppástunga þessi fengi framgang. Hvað snerti uppástunguna viðvíkjandi hinum 3 skáldum, þá væru þeir að vísu allir maklegir heiðurslauna, en ef einn fengi, virtist sjer og, að hinir tveir ættu líka að fá, þeir hefðu og allir farið þess á leit; svo yrði líka að skoða þetta sem heiðursgjöf eitt sinn fyrir öll, sem því eigi gæti haft neinar afleiðingar fyrir landssjóðinn, aðrar en þessa fjárgreiðslu; hann vildi og taka það fram, að hann skoðaði fje þetta, eigi sem þurfamannastyrk, heldur sem heiðurslaun, og því væri eigi ástæða til að sleppa tveim þessara manna, þótt þeir væru embættismenn, og því kannske eigi eins þurfandi og hinn þriðji.

Árni Thorsteinson sagði, að eptir að þingið væri búið að fá fjárveitingarvald, væri skylda þess að brúka það rjett og skynsamlega; það væri auðvitað, að landið kollsigldi sig eigi, þó þessir viðaukar væru teknir inn, og í því tilliti væri ekkert á móti þeim, en hann yrði hins vegar að efast um, hvort það væri í pólitisku tilliti rjett, að taka þetta upp í fjáraukalög, því svo gæti farið, að það síðar meir drægi dilk eptir sjer; menn yrðu að gjöra greinarmun á fjárlögum og fjáraukalögum, og fyrir sitt leyti legði hann mikla áherzlu á það, að eigi væri neitt tekið upp í fjáraukalög, nema brýna nauðsyn bæri til, nje heldur nokkuð það, sem beinlínis heyrði fjárlögunum til; og hvað þetta spursmál snerti, er hjer lægi fyrir, þá snerti það eigi fremur árið 1879 en árið 1880. Vildu menn halda fastri rás í fjárveitingum, ættu menn ekkert að taka í fjáraukalög, nema nauðsyn bæri til, og hann yrði að álíta, að hinu pólitiska lífi væri hætta búin með slíkri aðferð; það vekti og óróa og óvissu, ef það yrði gjört að reglu, að skjóta nýjum útgjaldagreinum inn í aukafjárlögin án verulegra þarfa. Viðvíkjandi 9. gr. um þessi heiðurslaun til skáldanna, þá virtist sjer, að eins vel hefði mátt veita þeim styrk af fje því, er ætlað væri til vísindalegra fyrirtækja fyrir árin 1880—81. Hvað snerti 7. gr., um styrk til þess að gjöf þessi, er þar um ræddi, gæti fengið framgang, þá væri sjálfsagt gjöfin góð, en sjer líkaði eigi gjafa-

brjefið, að því er þar væri eigi neitt tekið fram, að sveitin eða hreppurinn eða hluti hans ætti að eiga húsið og njóta þess síðarmeir; það kynni að vera, að þetta væri meiningin, en það sæist þó eigi af gjafabrjefinu; það sem gæti rjettlætt þessa veiting, væri það, að hjer væri um útgjöld að ræða, er snertu árið 1879. Landshöfðingi hefði rjett í því, að hæpið væri að veita þetta fje, því margir skólar gætu komið á eptir, og að landssjóður skyldi vera hinn fyrsti til að styrkja slíkar gjafir, gæti hann eigi heldur sjeð að væri rjett. Hann vildi þess vegna beina þeirri spurningu til landshöfðingjans, hvort hann eigi sæi annan veg til að styrkja þessa stofnun, ef viðkomandi sveitarfjelag vildi taka að sjer skólann.

Landshöfðingi kvaðst vilja svara hinum 6. konungkjörna þingmanni upp á fyrirspurn hans; hann væri fús á að styðja að því, að hlutaðeigandi sveit fái lán úr viðlagasjóði; en ef sveitin eigi vildi leggja það til að koma honum upp, þá ætti hún heldur eigi skilið að fá neinn styrk. Hann kvaðst einnig vera hinum 6. konungkjörna þingmanni samdóma um athugasemdir hans viðvíkjandi því, er hann hefði sagt um fjáraukalögin; því það hefði verið alveg rjett; og vildi hann því biðja hina heiðruðu deild að taka þetta til greina.

Jón Hjaltalín sagði, að viðvíkjandi fje því, er veita ætti Torfa í Ólafsdal virtist sjer eigi næg ástæða til að fella þá fjárveitingaruppástungu, því maðurinn væri góðs maklegur; það væru fáir menn hjer á landi, sem hefðu unnið föðurlandi voru það gagn, sem þessi maður, því það gæti álitizt ómetanlegt; þegar um menn væri að ræða, sem hefðu unnið landi voru eins mikið gagn sem baron Liebig, og hans setningum fylgdi Torfi, að sínu leyti líkt og Drewsen hefði gjört í Danmörku. (*Jón Jónsson: en Hahnemann*). Hann hefði talað við menn, sem hefðu þekkt Torfa, og hefðu þeir sagt, að jörð hans væri orðin óþekkjandi, svo væri hún bætt. Þetta væri satt, og hjer dygðu eigi neinar hlátursglósur. Sama væri að segja um skáldin, þeir ættu allir skilið að fá heiðurslaun, en ef menn væru hræddir um, að landssjóðurinn tæmdist, þá væri hægt um hönd að leggja toll á malað kaffi, og það mætti segja um þetta, það sem Magnúsi sál. sálarháska hefði orðið að orðum, er honum einu sinni hefði verið úthýst, að sá, er úthýsti, ætti hvorki ráð á næsta bæ nje deginum. En hvað snerti Hahnemann, þá ætti bezt við að hann fengi styttu, sem þá, er staðið hefði á Ulfeldsplaðs í Höfn, og til þess vildi hann gefa fje.

Sighvatur Árnason kvað hinn 2. konungkjörna þingmann hlynntan því, að skáldin fengju þetta fje, sem upp á væri stungið; hefði hann haldið því fram, að þetta væru heiðurslaun, sem þau fengju í eitt skipti fyrir öll, og væri hann því alveg samdóma; en út af orðum hins 6. konungkjörna þingmanns vildi hann taka fram, að á sama mundi standa, hvort þetta stæði í aðalfjárlögunum eða viðaukalögunum, og hvort það væri fyrir þetta fjárhagstímabil, eða hið í hönd faranda, þegar það, sem veitt er, væri í eitt skipti fyrir öll.

Eiríkur Kúld kvaðst þakklátur landshöfðingja fyrir upplýsingar hans; en þar sem hann hefði sagt, að þingið vildi eigi veita fje til skóla, nema hann væri kominn á fót, þá vildi hann leyfa sjer að benda á, að þingið hefði veitt kvennaskólanum, sem stofna ætti í Húnavatnssýslu, 200 krónur, en veiting þessara 400 króna væri þess eðlis, að, ef henni væri hafnað, þá væri skólanum hafnað. Hann gæti reyndar vel skilið það, að fleiri þvílíkar bænir kynnu að koma framvegis, og því ætti að fara varlega; en þar sem um þetta væri að ræða, þá væri það eigi áhorfsmál. Hann vildi minnast lítið eitt á fjárveitinguna handa Torfa í Ólafsson; hinum öðrum konung-

kjörna hefði þótt að það væri eigi lengi að breytast veður í lopti; en hvað sig snerti, þá væri hann sömu skoðunar, sem hann hefði verið þá, að sanngjarnt væri, að hann fengi viðurkenningu, en síðan hann hefði heyrt ræðu hins hæstvirta landshöfðingja, þá þætti sjer Torfa ætlað talsvert fje í öðru skyni, og væri því óvíst, hvort hann aðhylltist breytinguna. Hinn háttvirti 2. konungkjörni hefði tekið fram, að sá styrkur, sem landshöfðingi minntist á, væri ætlaður til framkvæmda kennslu hjá Torfa, en það væri víst vel í lagt, því kennslupiltarnir ynnu honum þó jafnframt alla vinnu. Viðvíkjandi getsökum þeim, sem 1. þingmaður Þingeyinga hefði gjört uppástungumönnum við 9. gr. stafl. b, þá hefði það eigi verið tilgangur þeirra að fella uppástunguna um þessar 1000 krónur. En þeir hefðu eigi treyst sjer til að vega skáldin sem hann, því þegar hann tæki einungis einn, þá tæki hann hinn verðugasta, allt svo hinn «bezta». En þar sem sagt væri, að hinir tveir væru embættismenn, þá vissi hann það vel, að óvanalegt væri, að veita embættismönnum slíkan fjárstyrk, en hinn þriðji gæti, hvenær sem honum þóknaðist, fengið embætti. Hann fyrir sitt leyti vildi því annað hvort engin skáldalaun hafa, eða gjöra öllum þremur jafnt undir höfði.

Benedikt Kristjánsson sagði, að þingmaður Barðstrendinga hefði tekið af sjer ómakið að mæla með viðaukaatkvæðinu við 7. gr., en jafnframt hefði hann líka gefið sjer annað umtalsefni í staðinn. Hann væri samdóma þingmanninum í því, að ísjárvert væri að fella þennan viðauka, þó að landshöfðinginn að vísu tæki vel undir málið; hann segðist vera fús á að lána sveitinni þetta fje, en það gæti vel átt sjer stað, að þó að skólahúsið væri komið upp, þyrfti hún að taka til þessa láns, til þess að geta haldið skólanum áfram, því að sveitin væri fremur fátæk og börn mörg og fáfróð. Auk þessa dygði eigi þetta lán til þess að skólahúsið fengist, því að í gjafabrjefinu fyrir skólanum væri gjöfin beint bundin við það skilyrði, að landssjóður veitti 400 kr. til þess að húsið yrði fullbúið, en ef landshöfðinginn gæti samið svo um við gefandann, að hann gengi að einhverjum öðrum kosti, þá hefði hann alls eigi neitt á móti því, en þó að hann treysti vel hæfilegleika landshöfðingja til að ná slíku samkomulegi með lipurleik sínum og viturlegum fortölum, þá gæti hann þó eigi reitt sig á það sem stæði, því að í öllum samningum væri nauðsynlegt samþykki beggja málsaðila til þess, að samningurinn geti komizt á. Hann þekkti gefandann svo, að hann væri maður göfuglyndur, en jafnframt nokkuð fastráður. Fyrst að þingið legði fje til barnaskóla, þá mundi eins verða lagt fje þessum barnaskóla, og þá fyrst kæmi til loforð landshöfðingjans. Þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að hann mundi hafa vegið skáldin, en hver sem tekið hefði eptir ræðu sinni, hlyti að hafa heyrt, að hann einmitt hefði sagzt eigi gjöra það, en að eins líta á hinn ytri hag þeirra; fjárveiting sú, er hjer um ræddi, væri líka í hæsta lagi prósaisk, sem enginn mundi sækjast eptir, ef hann yrði eigi að berjast fyrir sínum líkamlegu nauðsynjum; ef fje þetta ætti að vera heiðurslaun, vildi hann hafa þau með einhverjum öðrum hætti. Á móti þeirri ástæðu, að sira Mattías gæti eins orðið embættismaður eins og hin skáldin, hefði hann áður tekið það fram, að hann ætti engan kost á embætti með jafnháum launum og hinir hefðu, og við það þætti sjer sú ástæða fallin.

Landshöfðingi kvað þingmann Barðstrendinga og Þingeyinga leggja mikla áherzlu á skilyrðið í gjafabrjefinu, en eptir þeirri þýðingu, sem þeir legðu í það, skildi hann eigi betur, en að þeir vildu afsala í hendur þessum eina manni að minnsta kosti nokkrum hluta löggjafarvalds þings-

ins, með því að álíta slíkt skilyrði bindandi fyrir þingið; en hann vildi spyrja, hvort það væri þessi höfðingi uppi í Leirársveit, er gjöra ætti ákvarðanir um, hvernig verja skuli fje landsins? Nei, það ætti þingið að gjöra í sameiningu við konung. Hann mundi styðja að því, að sveitin fengi lán til að fullgjöra húsið, og hann ímyndaði sjer, að hún mundi verða fús til þess; sömuleiðis gæti hann lofað því, að ef gefandinn vildi beiðast láns sjálfur, þá yrði honum veitt það í því skyni. Þingmaður Þingeyinga hefði sagzt þekkja manninn að því, að vera göfuglyndur og jafnframt fastráður; hann þekkti hann einnig sjálfur að þessu, og því þætti sjer skilyrði hans með öllu óaðgengilegt frá þingsins hálfu.

Ásgeir Einarsson kvaðst nú lengi hafa setið og góðs heðið, en það hefði farið nokkuð öðruvísi, en hann bjóst við; hann ímyndaði sjer, að sá maður, er fyrsta neistan kveykti í þessu barlómsmáli, hefði einhvern tíma veitt styrk ónauðsynlegri, en þó að Torfa hefði verið hann veittur, en um þetta vildi hann eigi tala margt, þingið fengi að minnsta kosti eigi neitt ámæli fyrir bruðlunarsemi hjá sínum eptirkomendum, en svo mikið væri víst, að þessi sparnaðarandi hefði komið yfir þingmenn síðan í gær. Sízt hefði hann ætlað þingmanni Rangæinga það, að snúa svo fljótt við vindhana sínum, og stíga á háls þessum litla króga, þar sem hann í gær hefði fengið samþykki deildarinnar til 100000 króna fjárveitingar. Betur gæti hann fellt sig við þingmann Þingeyinga, því að hann hjeldi þó fast við sína fyrri skoðun, af því að sjer gætist betur að þeim, er annaðhvort væru heitir eða kaldir; þeir hefðu þá einhverja sannfæringu. Það mundi hjer sannast, að þá er einhver hefði gjört gagn, færi heimurinn svo með hann, að hann gæti það eigi optar, að minnsta kosti hefði nú deildin rekið þann slagbrand, er henni væri unnt, fyrir það, að Torfi gæti framar orðið ættjörðu sinni að liði, en hann hefði lengi haft trú á þessum orðum: «þjer ætluðuð að gjöra mjer illt, en guð sneri því til góðs», og svo vonaði hann að Torfi mundi bjargast framvegis með guðs hjálp. Ef engar sýslur landsins nema tvær þær næstu könnuðust við, að hafa haft gagn af ljáum hans, kæmu sjálfsagt engar raddir inn á næsta þing um þetta efni, en ef fleiri könnuðust við það, væri vonandi, að fleiri aðrar ljetu þá til sín heyra. Þingmaður Rangæinga hefði sagt, að hann hefði eigi vitað af fjárstyrk þeim til Torfa, er landshöfðinginn gat um í ræðu sinni, en þingmaðurinn mundi þó lesa blöðin, og í þeim hefði hann getað sjeð það; þessi andi mundi því alls eigi hafa komið yfir hann undir ræðu landshöfðingjans, heldur mundi hann hafa sveimað yfir honum í draumi í nótt. Hvað skáldin okkar 3 snerti, þá undraði sig, að menn skyldu ætla að veita þeim heiðurslaun, en enginn gjörði svo mikið sem stinga upp á að reisa minnisvarða yfir Hallgrím Pjetursson, sem þó lægi það eptir í skáldskap, er geymt mundi í flestum guðræknum hjörtum hjer á landi.

Árni Thorsteinson kvað sjer heyrast allir ganga út frá því, að skilyrðið í gjafabrjefi Þórðar bónda á Leirá væri, að landssjóður skyldi gefa 400 krónur til skólahússins, en þetta stæði alls eigi í brjefinu, og yrði því að lesa þessa meiningu milli línanna, ef mönnum þætti nauðsyn á því; orðin í brjefinu útilokuðu alls eigi, að gjafabrjefið gæti verið gilt, ef það væri að eins lánað. Undirtektir landshöfðingjans heyrðust sjer vera svo, að engin nauðsyn væri á, að halda fram þessari aukafjárveitingu; hann gæfi víst loforð um, að sveitin gæti fengið lánað fje þetta til skólahússins, og gefandanum mætti fullkomlega standa á sama, hvort skilyrðisfjeð kæmi til hans frá sveitinni eða landssjóði, ef hann að eins fengi skólann fullgerðan. Hann vildi því

mæla á móti þessum viðauka, þar sem annar vegur væri, og landshöfðinginn gæfi góð orð, enda væri fje veitt til barnaskóla, og gæti fengizt fje af því í bráðina, svo að aukafjárveitingar eigi þyrfti við; hann vonaði því, að gjöfin yrði eigi tekin aptur fyrir þá sök, að eigi væru gefnar 400 kr. úr landssjóði, en látnar á annan hátt.

Jón Jónsson kvaðst hafa tekið svo eptir orðum þingmanns Húnvetninga, að það mundi verka á föðurlandsást Torfa, ef honum væri neitað um styrkinn, en hann væri sannfærður um, að Torfi væri sannur föðurlandsvinur, og því mundu úrslit þessa máls alls engin áhrif hafa á hann, því að sú ættjarðarást væri lítilsvirði, er eingöngu gengi út á það, að græða sem mest á ættjörðu sinni, að sjúga móður sína til hins síðasta dropa.

Ásgeir Einarsson kvað heila þingm. Skagfirðinga mundu hafa ruglazt meira en minna, ef hann áliti það skort á föðurlandsást, ef maður gæti eigi vegna efnaleysis unnið það gagn ættjörðu sinni, sem hann væri fær um, ef hann hefði fjárráð meiri; þingmaðurinn gæti þó naumast álitið fátæktina skort á föðurlandsást, nema menn hefðu eyðilagt efnahag sinn á gönuhlaupum, eða óspilsemi, en þetta mundi Torfa varla verða fundið til með sanni, og hann væri þannig sjálfur valdur að fátækt sinni.

Stefán Eiríksson kvaðst vilja gjöra grein fyrir meiningu sinni, áður en gengið væri til atkvæða, eins og margir hefðu þegar gjört. Hann játaði, að hann væri í vafa um, hvernig hann ætti að greiða atkvæði um hinar 400 kr. til barnaskólahússins á Leirá; hann ímyndaði sjer, að uppástungumennirnir mundu láta sjer nægja loforð landshöfðingja um fjárlán, og svo hefði hinn 6. konungkjörni þingmaður sýnt fram á, að illa ætti við, að þessi fjárveiting stæði í aukafjárlögunum hjer; enn fremur væri fjeð svo lítið, að hann tryði því vart, að ef gefandinn væri verulega örlátur maður, eins og komið hefði fram í umræðunum, að hann ljeti sig muna um þær, svo gæti hann eða sveitarfjelagið sótt um styrk til landshöfðingjans af því fje, er ætlað væri til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, eða af barnaskólafje. Hvað snerti hinar 2000 kr. til Torfa jarðyrkjumanns, þá hefði hann að vísu gefið þeim atkvæði við 2. umræðu, bæði vegna þess, að hann hefði heyrt svo marga kunnuga menn mæla sterklega fram með honum, og svo hefðu sjer verið kunnugir ljáir hans, en nú eptir að hann hefði heyrt ræðu landshöfðingja, gæti hann eigi haldið fram þessari fjárveitingu, þar sem hann bæði þegar hefði fengið nokkurn styrk, og gæti jafnvel gjört sjer nokkurn veginn vissa von um að fá meiri styrk síðar. Hvað snerti styrkinn til skáldanna, væri hann honum meðmæltur, og þó að þessar 3000 kr. væru veittar í eitt skipti fyrir öll, þá gæti hann eigi skilið, að það riði slig á landssjóðinn, og þar sem þingmaður Barðstrendinga lagði svo mikla áherzlu á það, að sira Mattías gæti sótt um brauð, þá gæti hann varla vonast eptir, að fjárhag hans mundi fleygja mikið fram, þó að hann fengi eitthvert 700 kr. brauðið, sem þingið væri nú nýbúið að skapa; þau væru hvorki aðgengileg fyrir hann nje aðra, eins og hann hefði áður sýnt fram á í þessu máli, enda þó hann þess vegna ekki hefði viljað fella málið í von um, að laga mætti þá galla og aðra síðar.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1, Breytingaruppástunga landshöfðingja við 7. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 5.
2, Breytingaruppástunga landshöfðingja við 9. gr. felld með 7 atkvæðum móti 3.
3, Breytingaruppástunga 3 þingmanna (Bergs Torbergs, Eiríks Kúlds og Magnúsar Stephensens) við sömu grein:
   a. Hjer var við haft nafnakall og sögðu
   Já:
   Bergur Thorberg,
   Eiríkur Kúld,
   Ásgeir Einarsson,
   Jón Hjaltalín,
   Jón Jónsson.

Nei:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Var stafliðurinn a þannig felldur með 6 atkvæðum móti 5.

b. samþykktur með 7 atkvæðum.

4, 9. grein með þessari breytingu var samþykkt með 6 atkvæðum.

5, Frumvarpið í heild sinni var samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

Forseti kvað það nú mundu verða sent aptur til neðri deildarinnar.

Ein umræða í neðri deild á 59. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 516 til 517.

Breytingartillögur I 528. 537.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg skal vera fáorður um breytingartillögurnar, og það því fremur, sem mjer virðist ekki eiga við, að minnast á eða tala um nafngreinda menn. Sú breyting hefur komið inn hjá efri deildinni, að Þórður á Leirá eigi að fá 400 kr. til barnaskólastofnunar á heimili hans, Leirá. Jeg ímynda mjer, að ef farið væri nú að styrkja skóla þennan, þá mundu margir koma á næsta þingi, og beiðast styrks til barnaskólanna, þeir eru svo margir nú orðið á landi hjer, einkum hjer sunnanlands. Þetta gæti því dregið dilk eptir sig. En þess er að gæta, að hjer ræðir um fjáraukalög fyrir árin 1878 og 1879, og væri þetta því efnisbreyting á sjálfum þeim fjárlögum, sem þessi eru viðauki við.

Tryggvi Gunnarsson: Af því að jeg er einn af fjárlaganefndinni, sem hef skrifað undir, að 9. gr. falli burtu, þá má svo ætla, sem mjer hafi orðið hughvarf, þar sem jeg hef áður stungið upp á, að skáldi þessu yrði veittur 1000 kr. styrkur. Jeg er að nokkru leyti valdur að því, að þetta mikla umtal hefur orðið um þetta efni hjer á þingi, af því að jeg bar þessa uppástungu fram, eigi að ósk skáldsins sjálfs, heldur að ósk landsmanna hans í Kaupmannahöfn. Mjer kom ekki til hugar að þessir smámunir, er farið var fram á, mundu draga þann dilk eptir sig, sem raun hefur á orðið. Þegar vjer gætum að, að laun amtmannanna eru 6000 kr., þá er þetta fje 1/6 hluti þar af, eða að eins tveggja mánaða laun. Laun þeirra eru þó borguð umtölulaust, þrátt fyrir það þó að embætti þeirra sjeu að sumra dómi eigi svo nauðsynleg; það mætti mikilli mótstöðu hjá sumum þingmönnum, að amtmannsembættin væru lögð niður, en jeg er viss um, að sú ákvörðun, að amtmannsembættin væru ekki veitt föstum embættismönnum, munar miklu meira, en þessari umtöluðu upphæð, — en svona er, þegar embættismenn eiga ekki í hlut, þá þykir allt vera of mikið. Jeg hef nú hugsað að ráða þessu máli svo til lykta, að allir partar væru ánægðir. — Tvö skáld hafa sent þinginu bænarskrár; jeg hef hugsað um, í hverju skyni þær munu vera fram komnar, hvort það væri til þess að fá peninga, eða varna hinu skáldinu að fá fjárstyrk. Ef hið fyrra á sjer stað, þá er það næsta óhyggilegt, því að það er auðvitað, að þingið muni eigi nú allt í einu fara að veita öllum skáldunum fje, svo að sæmilega mikið sje fyrir báða parta; en ef einu skáldanna hefði nú verið veittur styrkur, þá gætu hin átt von á því næsta ár, í hið minnsta mundu þeir þá eiga það miklu vísara, að þeir fengju ósk sína uppfyllta. En ef hitt hefur verið tilgangurinn, að varna hinu skáldinu að fá þennan 1000 kr. styrk, þá er bezt að þeir fái þessa ósk sína uppfyllta, svo drengileg sem hún er. En afleiðingin af þessu gæti reyndar orðið sú, að lyklunum væri svo snúið fyrir peningahirzlur landsins fyrir skáldin, að ekki þurfi bráðlega að reyna, að róta við þeim lás framar. Þeir af þingmönnum, sem halda lúkunum yfir landssjóðnum, má og líka betur, ef þessi fjárveiting er strykuð út, og vjer fylgismenn þessa

máls getum og verið ánægðir, því vjer skulum sýna það, að það er eigi prívatmönnum ofvaxið, sem sumum þykir landssjóðnum um megn. Vjer munum sjá um, að hvorki fjárframlag nje sæmd skáldsins verði að minni, þó uppástunga vor verði felld, og mun jeg því greiða atkvæði móti henni. Og þá um leið sýnum vjer, að vjer höfum mælt með skáldinu af sannfæringu vorri, að hann ætti þetta skilið, en ekki að vjer vildum hafa ástæðulaust »hrips úr landssjóði«. — Hvað snertir barnaskólann á Leirá, þá er jeg með því, að honum sje veittur styrkur þessi. Mjer hefur opt sárnað það, þegar jeg hef sjeð góðan vilja, en fátæktina hamla mönnum að koma hinum góða vilja fram. Það hefur opt verið ógæfa Íslands, að landsmenn hafa verið svo hirðulausir að nota þá krapta, er boðizt hafa fram, heldur hafa kraptar þessir dáið eða lamast af því, að þeir hafa ekki verið styrktir í tíma. Og svo mun fara með þennan heiðursmann, að ef hann eigi er styrktur, þá mun hann lamast og dofna í framtakssemi sinni, og sveit hans fara á mis við það gagn, er hún annars mundi hafa af framkvæmdum manns þessa. Jeg gjöri það því með bezta geði, að greiða atkvæði með fjárveitingu þessari.

Björn Jónsson: Jeg ætla að snúa mjer fyrst að síðari liðnum í breytingartillögu minni. Jeg get eigi ætlað, að nægileg ástæða sje fyrir deildina að hverfa frá atkvæði sínu áður um þetta atriði. Það hafa áður verið sýnd ljós rök fyrir því, hver ástæða er til að styrkja þetta eina skáld hinum fremur, og þarf jeg eigi að hafa þau upp. En hvað hitt atriðið snertir, þá er þessi uppástunga þannig komin til, að hingað á þing kom í sumar bænarskrá frá Strandasýslu, undirskrifuð af flestum búendum í sýslunni á manntalsþingum í vor, sýslumanninum sjálfum fremstum, og sömuleiðis standa allir prestar sýslunnar undir bænarskránni; í annan stað veit jeg til, að mál þetta befur komið til orða í öðrum hjeruðum t. d. Dalasýslu á sýslufundi, og hefur maður þessi fengið þar hin öflugustu meðmæli. Það hefur verið reiknað út af fróðum mönnum, hve mikill arður er af ljáum þessum, um fram hina íslenzku ljái, og hefur þeim talizt svo til, að t. d. fyrir Húnavatnssýslu eina saman væri arður þessi að minnsta kosti 10000 kr. Þetta er ærið fje, þegar litið er til þeirrar litlu þóknunar, er beiðzt er hjer handa manni þessum, og sem eigi er nema lítill partur af eins árs rentu af arði þeim, er þessi uppgötvun hefur aflað landinu. Það hefur verið tekið fram, að hann hefur eigi haft upp úr þessu, nema erfiðleika og fjártjón. Maður þessi hefur og í smíðum sláttuvjel, og ber kunnugum mönnum og skynberandi saman um, að hún muni eflaust koma að góðum notum hjer á landi, ef hann næði að fullgjöra hana, og gæti hann siglt til Englands með hana, þá mundi hann fá bætt hana svo, að hún kæmi að fullum notum. Mál þetta var borið upp í efri deildinni, en fjell þar við 3. umræðu af einhverri óhappalegri tilviljun. Umræðurnar í deild þeirri fjellu svo, að það mundi mjög líklegt, að þessi maður mundi geta unnið landi þessu mikið gagn, ef kjör hans og kringumstæður bötnuðu svo, að hann gæti beitt sjer með kappi og alúð. Það stendur að vísu til, að maður þessi fái annan styrk en þennan. Svo er mál með vexti, að hann hefur boðizt til að takast á hendur búnaðarkennslu; amtsráðið í Vesturamtinu hefur tekið vel í þetta, og mælt með 1000 króna styrk til hans, og 100 kr. til viðhalds verkfærum, og auk þess meðgjafarstyrk með þeim, er læra hjá honum. En það liggur í augum uppi, að þetta er eigi styrkur til mannsins sjálfs eða þóknun fyrir það, sem hann hefur afrekað landinu til gagns, eins og t. d. engum dettur í hug að kalla það, sem veitt er t. a. m. handa kvennaskólunum, að kalla það styrk til forstöðumanna þeirra eða kennaranna við þá. Jeg vona, að hin heiðraða deild muni vera á sama máli og jeg um það, að allar líkur sjeu til, að fjárstyrkur sá, er þessum manni kynni að verða

veittur, mundi bera mun meiri ávöxt, en mörg önnur fjárveiting, sem þingið aðhyllist viðstöðulaust.

Snorri Pálsson: Af því hjer er um nýtt fjárframlag að ræða, þá finn jeg skyldu mína að gjöra grein fyrir atkvæði mínu; og lýsi jeg því þá óhikað yfir, að jeg mun gefa þessari uppástungu atkvæði mitt. Jeg get vitnað til varaforseta og annara þeirra herra, sem jeg hef haft þá æru að vera með í fjárhagsnefndum undanfarinna þinga, að jeg hef sjaldan mælt mjög með fjárbónum, en í þetta skipti verð jeg að mæla með þessari fjárbón. Þingmaður Strandasýslu tók fram, hver hagur væri að þessum nýju ljáum fyrir Húnavatnssýslu eina, en nú skal jeg reyna að leiða rök að því, hver hagur er að þeim fyrir land allt. Eptir landshagsskýrslum bókmenntafjelagsins voru árið 1871 á öllu Íslandi 33,000 karlmenn, og af þeim 12000 verkfærir; af þessum 12000 getum vjer sett að 8000 gangi á hverju sumri til sláttar; hann mun vara 10 vikur víðast hvar eða 60 daga, og verða það þá 480000 dagsverk, sem ganga til sláttarins á öllu landinu. Margir skynsamir bændur hafa sagt, að 3 menn afkasti eins miklu með þessum nýju ljáum sem 4 menn með hinum gömlu. Þess vegna ættu að sparast við þessa nýju ljái 120000 dagsverk á öllu landinu, og ef hvert dagsverk er reiknað á 3 kr., þá verða þetta 360000 kr. árlegur sparnaður. Þegar gætt er að, hve mikill hluti þessi styrkur, sem stungið er upp á að manni þessum sje veittur, er af arði þeim, sem er af þessum nýju ljáum, þá verða það $^1/_{1800}$ hluti af öllum arðinum. Ef nú laun embættismanna eru borin saman við þetta, og þess er gætt, hve mikið gagn þeir mega vinna að tiltölu, þá ættu t. a. m. amtmennirnir að vinna, vel að merkja á einu ári, þjóðinni 10,800,000 kr. gagn, og biskupinn dálítið meira, nefnilega 12,600,000 kr.; hvort þessir heiðursmenn gjöri það, skal jeg láta ósagt, en jeg efast um það. En jeg get eigi sjeð, að minni ástæða sje til þess, að veita mönnum styrk, þótt iegi hafi þeir lært grísku eða latínu, eða þó hið opinbera hafi ekki kostað upp á þá við ýmsar vísindastofnanir svo þúsundum króna skipti.

Framsögumaður: Þessi reikningur 2. þingmanns Eyfirðinga er einn af þeim, er þarf endurskoðunar við. Jeg er einn af þeim mönnum, er brúkað hafa þessa ljái, og er jeg eigi samdóma um, að 3 menn slái með þeim, það sem 4 karlmenn slá með hinum eldri ljáunum. Í mínu plássi eru margir góðir ljáasmiðir, og efast jeg ekki um, að þeir geti smíðað, eigi að eins eins góða ljái og þessa ensku, heldur betri. Þess ber og að gæta, að maður þessi mun ekki hafa haft svo mikinn óhag af sölu þessara ljáa, því að hjer voru þeir í fyrstu seldir á 4 kr., en i Birmingham og Sheffield munu þeir kosta 75 a. til 1 kr. Jeg vil fúslega, að þeim sje umbunað, er verðlauna eru verðir, en jeg efast um, að þessi maður hafi stuðlað til neinna sjerlegra framfara, með því að flytja þessa ljái inn í landið. Jeg veit annan mann, er jeg þykist sannfærður um, að miklu þarfara verk hafi unnið, það er Jón Bjarnason, er áður var í Ólafsdal. Hann var hinn mesti búmaður, og fyrirmynd annara sveitunga sinna. Jeg vil nefna annan mann, er 1. þingmaður Eyfirðinga að minnsta kosti stendur eins nærri, og er það hinn mikli varpfræðingur Eyjólfur Guðmundsson, er komið hefur svo víða á varpi og aukið það. En jeg skal geta þess, að jarðyrkjumaður sá, er hjer ræðir um, nfl. Torfi Bjarnason í Ólafsdal, hefur engan veginn verið olbogabarn landsmanna eða landssjóðsins, og mun eigi verða. Fyrst og fremst kostuðu Húnvetningar hann til siglingar, í því trausti, að, er hann kæmi aptur úr siglingunni, þá mundi hann stofna búnaðarskóla og kenna landbúnað frá sjer, en það fórst nú einhvern veginn fyrir. Maður þessi keypti Varmalæk, er hann kom úr siglingunni, og var hann eigi langvinnur á því býli, því að hann seldi það, og fór síðan til Vesturheims, þaðan kom hann aptur, og sýndi þá hugvit sitt með þessum nýju skrúfuþjóljáum, sem fáir brúka, og nú nýlega með þessari sláttuvjel, sem reynast mun ó-

hafandi, nema á flæðiengi eða rennsljettum túnum. Ef fara ætti að veita hverjum þeim í landinu styrk, er gjört hefur jarðabætur, þá held jeg, að það mundu verða nokkrar þúsundir króna; því að þeir eru sem betur fer margir hjer á landi, er miklar jarðabætur hafa gjört. Jeg álít það engin meðmæli fyrir mann þennan, að hann með öllu sínu braski hefur heldur farið aptur á bak en áfram, það er efnahaginn snertir. Jeg ætla að snúa mjer að 1. þingmanni Suðurmúlasýslu, og lýsa gleði minni yfir því, að hann tók óskabarn sitt burt úr örmum landssjóðsins, og knjesetti það sjálfur. Hann sýnir með því, að hann hefur, eins og skáldið segir, «konungshjarta», og Eyfirðingar fá þá, eins og þeim sæmir, og konungar höfðu forðum, sitt eigið hirðskáld.

Guðmundur Einarsson: Varaforseti hefur sagt langa sögu um mann þennan, og get jeg því eigi setið á mjer, að segja líka dálitla sögu. En það er eigi, að mínu áliti, rjett, þegar um þetta mál er að ræða, að taka langt fram fyrir og villa, ef til vill, sjónir fyrir mönnum með aukasögum, sem ekki koma þessu máli við. Jeg get með sanni sagt það um mann þann, er hjer um ræðir, að hann er hinn mesti hugvitsmaður og mesti framfaramaður; hann hefur haldið skóla, kennt jarðyrkju á eigin kostnað, og eru lærisveinar hans taldir duglegir og góðir jarðyrkjumenn; hann hefur stofnað bindindi, innleitt prjónavjel í sveit sinni, hann er sýslunefndarmaður, og nýlega með miklum atkvæðafjölda kosinn amtsráðsmaður. En það er ensku ljáina snertir, þá er hægt að segja, að þeir mundu hafa komizt á hjer á landi, þótt Torfi Bjarnason hefði eigi verið; en það er erfiðara að sanna það; það er auðvelt, að koma með slíkar mótbárur, en þær eru líka sjálfhraktar. Og þótt ljáirnir hafi upphaflega verið nokkuð dýrir, þá er það alvenja, að selja dýrt það sem fyrst kemur á gang. En með tilliti til þess, að reikningur 2. þingmanns Eyfirðinga var vefengdur, þá skal jeg einnig koma með dæmi. Jeg hef búmannsreynslu fyrir því, að á meðan íslenzku ljáirnir voru brúkaðir, var tilkostnaður handa verkfærum sláttumanni um sumartímann í ljáum, kolum og verkatöf við dengslu, fullkomlega 7 króna virði. En síðan farið var að brúka hina ensku ljái, þá er samkynja tilkostnaður ekki yfir 4 kr., eru þá sparaðar 3 krónur fyrir hvern verkfæran mann. En hvort heldur nú er haft tillit til fjölda verkfærra manna á Íslandi, eða heimilafjölda á Íslandi, eða peningsfjölda hjer á landi, þá hljóta að ganga til sláttar hjer á landi jafngildi 12000 sláttumanna á hverju sumri sumarlangt, og þá sparast einungis í þessu atriði við hina ensku ljái $12000 \times 3 = 36000$ króna á hverju sumri. Jeg veit annars ekki, hverjum á að sýna verklegan heiður og hjálp, ef þeim er ekki sýnt, sem styður að framförum hins helzta atvinnuvegs lands vors með ráði og dáð, og sem lítur út fyrir að muni halda því drengilega fram, vinnist honum heilsa og aldur til.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, var málið borið undir atkvæði, og fjellu þau þannig:

1. Stafliður a., breytingartillaga þingmanns Strandamanna (I 537), samþykktur með 11 atkvæðum gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei sögðu:

Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Ólafsson,

Halldór Kr. Friðriksson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

2. Stafliður b. ísömu breytingartillögu samþykktur með 11 atkvæðum gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.

Nei sögðu:
Grímur Thomsen,
Arnljótur Ólafsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

3. 9. gr. frumvarpsins öll með áorðnum breytingum felld með 11 atkvæðum gegn 7.
4. Nefndin og 4 þingmenn, að 9. grein óbreytt falli burt, samþykkt með 18 atkvæðum.
5. Nefndin, að 7. gr. c. 6. falli burt, fellt með 14 atkvæðum gegn 6.
6. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.

Kvað forseti það nú mundu verða sent efri deild.

Ein umræða í efri deild á 53. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deildinni, sjá I 553—554.

Umræður urðu engar, og var frumvarpið samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

Síðan var frumvarpið afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXVIII. LANDSREIKNINGUR 1876—77.

A.

Frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum um tekjur og gjöld Íslands á árunum 1876 og 1877. Stjórnarfrumvarp. Sjá I 158—178.

Frumvarpið var lagt fram í neðri deild alþingis á 3. fundi, 3. júlí.

Landshöfðingi kvaðst samkvæmt 21. gr. þingskapanna leggja fyrir deildina: Frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum um tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1876 og 1877 með þeim fylgiskjölum, er samkvæmt stjórnarskránni eiga að fylgja, sem sje:

1. Athugagreinir yfirskoðunarmanna landsreikninganna við reikningana fyrir árin 1876—1877 með hliðsjón af reikningunum fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1874 til 31. desemb. 1875.
2. Athugagreinir yfirskoðunarmanna landsreikninganna við reikninginn fyrir árið 1877.
3. Svar landshöfðingja upp á athugagreinir yfirskoðunarmanna við landsreikninginn um árið 1876.
4. Svar landshöfðingja upp á athugagreinir yfirskoðunarmanna við landsreikninginn um árið 1877.
5. Tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1876 og 1877, að því leyti er snertir landsreikninginn fyrir 1876.
6. Tillögur hinna sömu, að því leyti er snertir landsreikninginn fyrir 1877.

Enn fremur var lagt fram af hálfu yfirskoðunarmanna: Yfirlit yfir tekjur og gjöld landssjóðsins á fjárhagstímabilinu 1876 til 1877, eins og þau eru eptir reikningum þeim,

sem landshöfðinginn hefur samið og sent yfirskoðunarmönnunum.

Fyrsta umræða í neðri deild á 4. fundi, 5. júlí.

Frumvarpinu var án umræðu vísað til 2. umræðu, og samkvæmt 21. gr. þingskapanna var kosin 3 manna nefnd, til þess að íhuga það ásamt áliti yfirskoðunarmanna um landsreikninginn fyrir árin 1876 og 1877.

Fyrir kosningu urðu:

Snorri Pálsson með 18 atkvæðum,
Björn Jónsson . — 15 ——,
Arnljótur Ólafsson — 12 ——.

Önnur umræða í neðri deild á 53. fundi, 21. ágúst.

Nefndarálit sjá I 413—421.

Tillögur nefndarinnar sjá I 463—464.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Að 13. lið frumvarpsins hefur nefndin ekki fundið, en við 14. lið hefur hún lagt það til, að tekjuleifarnar færðust upp um 221 kr. 18 a. Þessi tala er hjer 5. og 7. liður á löngu atkvæðaskránni. Hjer er að ræða um laun aukakennarans við læknaskólann, og eptir skýringargrein landshöfðingja finnst mjer rjett að sleppa þeirri tölu, með því aukakennarinn hafði verk fasta kennarans á hendi. Aptur finnst mjer meira mæli með 7. lið, að honum sje ekki sleppt, enda býst jeg við, að þingmaður Reykvíkinga mæli sterklega með þeirri tillögu! Við gjaldabálkinn er ekkert að athuga fyr en við 5. lið gjaldanna, þar sem hið hálfa hestverð er dregið frá, sbr. 15. lið á atkvæðaskránni löngu, en við 6. lið B dragast frá 139 kr. 44 a. (16. liður á atkvæðaskránni). Undir 8. lið eru tvær stærðir samtals 139 kr. 80 a., og hefur nú nefndin lýst því, að hún vildi í þetta sinn vera tilslökunarsöm með fje það, er ætlað var til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Nefndin hefur sleppt þeim 70 kr. til Olgu og fleirum upphæðum. Þess er að geta, að í ógáti hefur hjer komið sá ruglingur, að þær 139 kr. 44 a. hafa verið settar inn við 3. lið B, í staðinn fyrir 6. lið B.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að benda á, að 1. tölul. er kominn inn af misskilningi; þær 221 kr. 18 a., sem nefndin bætir við, hafa ekki runnið í landssjóð, heldur teljast með eptirstöðvunum, og koma því ekki frumvarpinu við. Skal jeg því biðja hina heiðruðu nefnd að taka þessa upphæð aptur. Hvað 2. tölul. snertir, þá á hann við 16. gr. frumvarpsins; þar er jeg samþykkur upphæðinni, en hún er skakkt til færð, og stendur auk þess utanstryks. En samlagningin verður samt sem áður óbreytt, því þótt breyting komist á þetta, þá hefur það engin áhrif á samlagninguna. Hinn heiðraði framsögumaður kvaðst vera samþykkur því, að láta laun aukakennarans við læknaskólann standa; jeg vona, að honum farist eins við lækninn í Þingeyjarsýslu. 4. tölul. á við 5. gr. frumvarpsins. Æskilegt væri að bera 15. tölul. upp í tvennu lagi. Jeg vil mæla sem bezt jeg get með að fella 16. tölul., og sömuleiðis með 20. tölul. Jeg skildi hinn heiðraða framsögumann á fyrra fundinum svo, að tilgangur nefndarinnar væri að vekja athygli landsstjórnarinnar að því, að þess konar fjárveitingar ættu miður vel við, og að úrskurðurinn þess vegna ætti að vera: Má við svo búið standa í þetta skipti, en verður til eptirbreytnis.

Varaforseti: Til þess að skýra mín breytingaratkvæði skal jeg geta þess, að sum eru þegar fallin að nokkru leyti, en þó ekki öllu, það er til dæmis fallinn partur af upphæðinni 250 kr., sem sje 116 kr. 66 a., en 133 kr. 34 a. standa, nema nefndin slaki einnig til með þessa upphæð. Af því það er svo einkar hæpið og flókið að taka þessi 3 mál til umræðu hvað á eptir öðru, þá vona jeg forseti sýni sem mesta tilhliðrunarsemi, því annars fer allt í rugling, og atkvæðagreiðslurnar verða hver á móti annari. Enda óttast jeg fyrir, að allir þingmenn sjái varla glöggt leið sína gegnum þetta reikningsvölundarhús. Hjer er nú t. d. tekjumegin upphæð, sem að rjettu lagi ætti að dragast frá útgjöldum læknasjóðsins tekjumegin, en partur af upphæð-

inni er fallinn undir umræðunum við annað mál (álit yfirskoðunarmanna), og hvernig kemst þá hinn partur upphæðarinnar að við atkvæðagreiðsluna í öðru máli, reikningsmálinu? Því næst kemur útgjaldamegin önnur upphæð, sem er færð úr 208 kr. niður í 108 kr. Við það minnka útgjaldaupphæðirnar meira eða minna. En þó má ekki greiða atkvæði nema um liðina í heild sinni. Upphæðunum á atkvæðaskránni verður ekki skipt. Jeg legg því fastlega til, ef allt á ekki að fara í rugling, að atkvæðagreiðslu í einu af þessum samkynja málum sje frestað, þangað til umræðurnar um öll málin eru leiddar til lykta. Annars mun það sannast, að atkvæði verða greidd, eða geta orðið greidd, hvað á móti öðru og hvað ofan í annað.

Þá voru bornir undir atkvæði viðeiganni liðir í tillögum nefndarinnar við þetta frumvarp, og var þeirra

1. 3. liður samþ. með 11 atkv. gegn 9, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei:

Ísleifur Gíslason,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

2. 5. liður felldur með 15 atkv. gegn 5.
3. 7. — — — 12 — — 7.
4. 15. — — — 14 — — 6.
5. 16. — samþ. — 16 — — 7.
6. 20. — a. felldur — 14 — — 5.
7. 20. — b. tekinn aptur.
8. 20. — c. samþ. með 12 —.
9. 20. — d. felldur — 11 — — 3.
10. 20. — e. sjálffallinn.
11. 26. — samþ. með 15 —.
12. 27. — tekinn aptur.
13. 28. — felldur með 16 — — 6.
14. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.
15. Málinu vísað til 3. umræðu með 20 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 56. fundi, 23. ágúst.

Breytingartillögur, sjá I 504—505. 513. 514.

Varaforseti (*Grímur Thomsen*) tók aptur breytingartillögur sínar, og sömuleiðis var breytingaratkvæði 6 þingmanna (I 514) tekið aptur.

Umræðulaust var greitt atkvæði um málið, fyrst um breytingartillögurnar og var hin

1. (I 513, 1. tölul., sbr. I 505, 1. töl.) samþykkt með 18 atkvæðum.
2. (I 513, 2. tölul., sbr. I 505, 2. töl.) samþykkt með 18 atkvæðum.
3. (I 513, 3. tölul.), samþykkt með 17 atkvæðum.
4. (I 505, 3. tölul.). Við 9. «40 kr. til að prenta eyðublöð endurgjaldi hlutaðeigandi landssjóði», fellt með 10 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Eggert Gunnarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,

Hjálmur Pjetursson,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll bóndi Pálsson,
Páll prestur Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

5. (I 505 4. tölulið) Klausan: «Í jarðabókarsjóðnum o. s. frv. falli niður», samþykkt með 17 atkvæðum.
6. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþ. með fyrirvara í einu hljóði.

Kvað forseti frumvarpið nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild á 50. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 543—545.

Uppástunga landshöfðingja um, að frumvarpið, sem var útbýtt á fundinum, væri nú þegar tekið til 1. umræðu, var samþykkt í einu hljóði, og var því síðan umræðulaust vísað til 2. umræðu með öllum samhljóða atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 52. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt, og því vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild á 53. fundi 26. ágúst.

Breytingartillaga: I 537.

Magnús Stephensen sagði, að orsökin til breytingaratkvæðis síns og annara tveggja þingmanna væri sú, að síðar á dagskránni væri tillaga frá neðri deildinni, er færi fram á að fela yfirskoðunarmönnum landsreikninganna fyrir 1878 og 1879 einnig yfirskoðun landsreikninganna fyrir 1875, og ef nú með lögum væri samþykkt, hversu mikið fje hefði verið í landssjóði 1. janúar 1876 og 31. desbr. 1877, þá væri loku skotið fyrir það, að nokkur leiðrjetting fengist á því, sem kynni að vera rangt í landsreikningunum þar á undan, og það sem breytingaratkvæðið færi fram á, væri að koma í veg fyrir þetta með því, að láta það óafgjört, hvað hefði átt að vera í landssjóði 1. janúar 1876, og af því leiddi aptur, að það hlyti einnig að vera óafgjört, hvað í honum hefði verið 31. desbr. 1877. Hjer væri því ekki farið fram neinni kröfu á hendur stjórninni út af ráðsmennsku hennar yfir fje landsins frá 1. apríl 1871 til 31. desbr. 1875, heldur miðaði breytingaruppástungan að eins til þess, að halda óskertum rjetti sínum til leiðrjettingar á því, er kynni að hafa farið aflaga í landsreikningunum, áður en alþingi tók við sjálfsforræði. Hann hefði borið sig saman við nokkra menn í neðri deildinni, og hefðu þeir jafnvel óskað eptir þessari breytingu. Deildin þyrfti því engan kvíðboga að bera fyrir því, að neðri deildin vildi eigi fallast á þessa breyting, og að hún yrði þannig til þess, að málið yrði eigi afgreitt á þessu þingi.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var breytingaruppástunga 3 þingmanna samþykkt í einu hljóði.

Var frumvarpið síðan sent aptur til neðri deildarinnar.

Ein umræða í neðri deild á 61. fundi 27. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild sjá I 554—555.

Frumvarpið var samþykkt umræðulaust í einu hljóði og síðan sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

B.

Tillögur í málinu um álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1876

og 1877. Frá nefndinni í því máli. Sjá I 463—464, sbr. nefndarálit I 413—421.

Fyrri umræða á 51. og 52. fundi, 20. og 21. ágúst.

Landshöfðingi: Þegar nú skal ræða tillögur nefndarinnar í málinu um samþykkt á reikningnum um tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1876 og 1877, er útbýtt var í gær, skal jeg fyrst geta þess, að mjer hefur verið veittur svo stuttur tími til þess að gegnum ganga nefndarálitið, að jeg verð að biðja hina heiðruðu deild afsökunar, þó að mjer kynni að hafa yfirsjezt eitthvert atriði í því, sem ástæða kynni að vera til sjerstaklega að svara eða að gefa ýtarlegri skýrslur um. Að svo miklu leyti sem mjer gefst kostur á því, ætla jeg við seinni umræðu málsins, að reyna til að ráða bót á því, sem ef til vill kynni að vera ábótavant í svari mínu. Jeg skal kannast við, að hin heiðraða nefnd vel og vandlega hefur leyst af hendi vandaverk það, sem henni var falið af deildinni, því að það hlýtur að vera vandaverk, þegar löggjafarvaldið í fyrsta sinn á að leggja úrskurð á landsreikninginn, eins og það hefur verið vandaverk í fyrsta sinn að semja þennan reikning og líka að yfirskoða hann. Þegar fram líða stundir og föst venja er búin að ryðja sjer til rúms, bæði við tilbúning reikningsins, við yfirskoðun hans, og við úrskurð þingsins á honum, mun þetta verk sjálfsagt verða öllum hlutaðeigendum hægara.

Jeg skal þessu næst fara nokkrum orðum um athugasemdir nefndarinnar. Þar sem nefndin (bls. 1, 1. tölul. í tillögunum) óskar breytingar á formi reikningsfrumvarpsins, þannig, að það þræði nákvæmlega niðurröðun fjárlaganna grein fyrir grein og lið fyrir lið, svo að þingið geti með nákvæmni dæmt um sjerhvern reikningslið og undirlið samkvæmt fjárlögunum, þar eð þingið skal samþykkja reikninginn með lagaboði (sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar), skal jeg geta þess, að reikningsfrumvarpið hefur verið samið alveg samkvæmt því, sem viðgengst í öðrum konstítútíónellum löndum, og sem í sjálfu sjer má álíta nægilegt og samsvarandi tilgangi reikningslaganna. Hitt er sjálfsagt, að ársreikningarnir eiga að vera sundurliðaðir á sama hátt og fjárlögin, til þess að yfirskoðunarmenn alþingis geti rannsakað og dæmt um sjerhvern reikningslið og undirliði samkvæmt fjárlögunum. Þegar þetta er búið, og ársreikningunum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil er safnað í einn reikning, skal eptir 26. grein stjórnarskrárinnar leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum og tillögum yfirskoðunarmanna; og skal því næst samþykkja reikninginn með lagaboði. Það getur að mínu áliti eigi verið meining þessarar ákvörðunar í 26. grein, að þingið eigi að nýju að endurskoða reikningana í öllum greinum, liðum og undirliðum þeirra, heldur verður sú að vera meiningin, að alþingi eigi að byggja samþykki sitt eða reikningsúrskurð sinn á tillögum yfirskoðunarmannanna, er kosnir eru af þinginu, og eru fulltrúar þingsins; og því virðist mjer alveg ónauðsynlegt, og þar að auki eiga miður vel við, að reikningurinn, sem lagður verður fyrir þingið, sje meira sundurliðaður, en hann er í lagafrumvarpi því, er hjer liggur fyrir. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að jeg er fús að taka til leiðbeiningar athugasemdir hinnar heiðruðu nefndar, bæði hvað snertir reikningsskil það, er hún hefur látið fylgja álitinu, og bendingar hennar með tilliti til reikningsfærslu jarðabókarsjóðsins. Það er viðvíkur reikningsskilum gjaldheimtumanna, mun landsstjórnin láta sjer annt um, að koma þessu máli fyrir á sem hentugastan hátt, og taka bendingar hinnar háttvirtu nefndar um þetta atriði til ýtarlegri yfirvegunar.

Jeg tel á milli hinna almennu athugasemda hinnar heiðruðu nefndar auk þeirra, sem jeg nú hef getið um, og sem standa í nefndarálitinu bls. 1—2, einnig þær, er tilfærðar eru í gjaldabálknum, þar sem hin heiðraða nefnd alveg fellst á skoðun yfirskoðunarmanna um það, að þeir hafi fulla lagaheimild til, að yfirskoða landsreikning-

ana fyrir 1875, að svo miklu leyti sem þeim virðist þörf. Þessari skoðun hinnar heiðruðu nefndar og hinna heiðruðu yfirskoðunarmanna verð jeg að mótmæla, og skal jeg í því tilliti skírskota til svars landshöfðingjans fyrir árið 1876 bls. 9—10: «Eptir að aðskilnaður á fjárhag Íslands og Danmerkur var ákveðinn með lögum 2. janúar 1871, hvarf svo sem kunnugt er, fjárveitingarvaldið, að því er snertir tekjur og gjöld Íslands, að öllu leyti undir vald konungs, án þess að alþingi bæri nokkur lagaríjettur til, að eiga þátt í fjárveitingarvaldinu eða eptirlitinu með, hvernig þess væri neytt. Það var eigi fyr en með stjórnarskránni 5. janúar 1874, að alþingi hlaut hlutdeild í tjeðu fjárveitingarvaldi, þó þannig, að samkvæmt 62. grein stjórnarskrárinnar, sbr. bráðabirgðarákvörðunina nr. 4., skyldi konungur einn neyta þess valds árið 1875, eptir sömu reglum og að undanförnu. Um tímabilið frá 1. apríl 1871 til 31. desbr. 1875 eru því áætlanir þær um tekjur og gjöld Íslands, er konungur hefur staðfest, hin gildandi fjárlög um hvert reikningsár fyrir sig, og eins reikningsyfirlit þau, er konungur hefur staðfest, fullnaðarreikningar landsins um þessi ár, og verður að byggja á þeim bæði við samning reikningsins um tekjur og útgjöld landssjóðsins árið 1876, og eins er neyta skal eptirlits þess með landsreikningnum, er alþingi ber samkvæmt stjórnarskrá 5. janúar 1874, 26. gr.» Alþingið hefur sjálft kannazt við það bæði 1875, þar sem það ekki samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar kaus yfirskoðunarmenn, og 1877, þar sem yfirskoðunarmennirnir voru kosnir til að endurskoða landsreikningana fyrir árin 1876 og 1877; og þetta er einnig alveg samkvæmt hlutarins eðli og því, sem alstaðar og ávallt viðgengst í álíkum tilfellum. Endurskoðunin á reikningunum og samþykkt alþingis á þeim er bundin við fjárlög þau, er þingið hefur samþykkt. Ákvörðunin í 4. gr. ákvarðananna um stundarsakir í stjórnarskránni: «Áætlun um tekjur og gjöld Íslands á árinu 1875 staðfestir konungur samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefur fylgt verið», innibindur í sjer ákvörðunina um það, að reikningsyfirlitið fyrir þetta ár, verður að staðfesta með konungsúrskurði, «samkvæmt þeim reglum, er hingað til hefur fylgt verið»; og jeg verð fastlega að mótmæla því, að veitingarvald það, sem konungurinn samkvæmt þessari 4. grein hefur beitt fyrir árið 1875, verði lagt undir yfirskoðun og úrskurð alþingis. Hitt er annað mál, að alþingið árið 1877 upp á lagði yfirskoðunarmönnunum að hafa hliðsjón af reikningsyfirlitinu fyrir árið 1875, því reikninginn fyrir árið 1876 verður sjálfsagt að byggja á þessu yfirliti. Að svo miklu leyti sem hin háttvirta nefnd einnig við einstakar greinir tekjubálksins, sem sje viðvíkjandi viðlagasjóðnum, styrktarsjóðnum, og árgjaldinu úr ríkissjóðnum, hefur bent á, að ástæða kynni að vera til, að endurskoða hin eldri reikningsyfirlit, skal jeg einnig leyfa mjer fastlega að mótmæla þessum bendingum, þar sem mjer virðast þær ganga veitingarvaldi konungs of nærri. Aptur á móti hef jeg fyrir mitt leyti ekki neitt annað á móti því, ef þingið við ýtarlegri yfirvegun kemst að þeirri niðurstöðu, að ráðlegt sje að höfða mál á móti ríkissjóðnum út af lestagjaldinu, en að jeg er viss um það, að þingið muni hafa meiri kostnað en ánægju af þessum málaferlum. Þar sem hin háttvirta nefnd á blaðsíðu 5. í nefndarálitinu leiðir rök að því, að landshöfðinginn hafi á hinum 2 undanfarandi þingum komið fram sem fulltrúi stjórnarinnar til að setja þingið, lengja það og slíta því, en ekki sem fulltrúi hennar til að semja við þingið, skal jeg geta þess, að þar sem samkvæmt 5. grein stjórnarskrárinnar: «Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annað hvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi eiga setu lengur en 6 vikur», þá hefur hvorki landshöfðinginn nje ráðgjafinn vald til að setja þingið, lengja það, nje slíta því, nema konungur í hvert skipti veiti þeim vald til þess fyrir sína hönd; þess vegna er það sem fulltrúi kon-

ungs, ekki sem fulltrúi stjórnarinnar, að landshöfðinginn hefur komið fram í þessu tilliti, og hefur honum í hvert skipti verið veitt sjerlegt umboð til þess með allrahæstum úrskurði (Kongeligt Reskript). Aptur á móti er landshöfðinginn samkvæmt 34. grein stjórnarskrárinnar fulltrúi stjórnarinnar á alþingi: «Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi», og hann þarf til þess ekki sjerlegs umboðs ráðgjafans. Jeg ætla ekki að fara í orðakast við hina háttvirtu nefnd um skilninginn á orðinu «heimild», en jeg skal leiða athygli hennar að því, að orð greinarinnar eru alveg hin sömu og orð grundvallarlaga Dana, enda eru þau tekin upp eptir þeim, með þeirri einni breytingu, að landshöfðingjanum er með 34. grein stjórnarskrárinnar veitt það vald, sem í grundvallarlögum Dana er veitt ráðgjöfunum, vald eða heimild til vegna embættisstöðu sinnar að sitja á þinginu og «rjett til að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa». Orðin eru alveg samhljóða, og og það getur ekki verið neinn vafi um það, að staða landshöfðingjans gagnvart alþinginu er í öllu hin sama og staða ráðgjafans gagnvart ríkisdeginum; munurinn er einungis sá, að landshöfðinginn samkvæmt 34. grein stjórnarskrárinnar kemur fram á alþingi sem fulltrúi stjórnarinnar, þar sem ráðgjafarnir á ríkisþingi Dana koma fram sem fulltrúar stjórnarinnar, hver fyrir sína ráðgjafastjórn, en honum er með þessari ákvörðun lagt hið sama vald, hin sama heimild eða hin sama skylda — hvort sem menn skoða það á þann eða þann hátt — og ráðgjafanum, og báðum ber þetta vald samkvæmt stjórnarskrá Íslands og grundvallarlögum Dana «vegna embættisstöðu sinnar». Hvorugur þeirra er skyldur að taka þátt í umræðunum optar en hann sjálfur vill, hvorugur þeirra er skyldur til að «semja» við þingið, nema að eins með því, að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, nje til þess að vera ætíð til staðar á þinginu. Aptur á móti eru þeir ráðgjafinn og landshöfðinginn, skyldir til að leggja fyrir þingið stjórnarfrumvörp þau, sem konungur ákveður (í stjórnarskrárinnar 9. gr.) að leggja skuli fyrir þingið, gefa skýrslur þær, sem þingið í þessu tilliti kynni að óska, bæði viðvíkjandi þessum frumvörpum og viðvíkjandi öllum öðrum opinberum málum, er borin verða upp samkvæmt 37. grein stjórnarskrárinnar og einhver þingmaður beiðist skýrslu um. Ef orðið «semja» verður skilið á þann hátt, þá er ráðgjafanum á ríkisdeginum og landshöfðingjanum á alþingi sem fulltrúa stjórnarinnar jafnskylt að semja við þingið; en ef skilja skal orðið «semja» þannig, eins og hin heiðraða nefnd virðist skilja það, að það þýði hið sama og að «gjöra samning», þá er ráðgjafanum eins lítil heimild til þess, og landshöfðingjanum. Samkomulag það, sem útheimtist til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi samkvæmt 10. gr. stjórnarskrárinnar, getur bæði ráðgjafinn og landshöfðinginn starfað að og leitast við að ná; en hvorugur þeirra hefur vald til að gjöra samning við þingið um það, — «til þess þarf samþykkis konungs» (10. grein stjórnarskrárinnar). — Landshöfðinginn hefur samkvæmt stjórnarskránni bæði hið æðsta innlenda stjórnarvald á hendi (2. gr. stjórnarskrárinnar) og þar að auki vald það eða heimild þá, er ráðgjafanum ber í öðrum löndum gagnvart þinginu (34. gr. stjórnarskrárinnar). Það er snertir hið æðsta vald á Íslandi innanlands, — framkvæmdarvaldið (den udövende Magt) — þá er auðsjeð, að með tilliti til þessa valds hefur landshöfðinginn ekki nein viðskipti við alþingið, því að framkvæmdarvaldið er hjá konunginum einum samkvæmt 1. gr. stjórnarskrárinnar, en löggjafarvaldið hjá konungi og alþingi í sameiningu. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að hið konstitutionella stjórnarform er byggt á þeirri grundvallarsetningu, að samkomulagi verði náð um öll löggjafarmálefni milli konungs og alþingis, og til þess að reyna til að ná þessu samkomulagi, er samkvæmt 10. gr. stjórnarskrárinnar er alveg ómissandi, er stjórninni í grundvallarlögunum veitt heim-

ild til að taka þátt í umræðum þingsins eins opt og hún vill; þessi heimild er í 34. grein stjórnarskrárinnar, og er veitt landshöfðingjanum vegna embættisstöðu hans; embættistaða hans er þannig samkvæmt stjórnarskránni tvennskonar, sem sje, hann er æðsti embættismaður konungsins í öllum framkvæmdarmálum Íslands innan lands, og þar að auki er hann fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, og á gagnvart alþinginu að gegna öllum ráðgjafastörfum þeim, er ráðgjafinn sjálfur gegnir í öðrum löndum. Þessi lagaheimild eða þetta vald ber landshöfðingjanum vegna embættisstöðu sinnar, og þessu valdi getur ráðgjafinn ekki svipt hann, á meðan hann er í þessari embættisstöðu. Landshöfðinginn er samkvæmt 34. grein stjórnarskrárinnar einn fulltrúi stjórnarinnar á alþingi; stjórnin getur veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja til að láta því í tje skýrslur þær, sem virðast nauðsynlegar; en þó að þvílíkur aðstoðarmaður yrði skipaður af stjórninni, þá er samt sem áður landshöfðinginn einn fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, en ekki aðstoðarmaðurinn. Í forföllum landshöfðingja má veita öðrum umboð til þess að semja við þingið; ef landshöfðinginn vegna lasleika ekki getur setið á þingi í einhverju máli, er honum virðist þörf á að hann taki þátt í umræðunum um, veitir hann sjálfur þetta umboð; sje hann forfallaður frá þessu, t. d. þegar hann er dáinn, veitir ráðgjafinn öðrum manni þetta umboð, því að embættismaður sá, er samkvæmt auglýsingu 22. febr. 1875 21. grein á að takast störf landshöfðingjans á hendur, hefur enga heimild til að koma fram sem fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, af því að auglýsingin einungis snertir framkvæmdarvald það, er landshöfðingjanum ber samkvæmt 2. grein stjórnarskrárinnar, en ekki ráðgjafastöf þau, er samkvæmt 34. grein hvíla á honum. Jeg er hinni háttvirtu nefnd samdóma um það, að vald það, er 34. grein stjórnarskrárinnar veitir stjórninni til að hafa fulltrúa á alþingi til að semja við það, er ekkert geðþekknisvald, heldur er það grundvallarlegt vald, fastákveðið með þessari grein, er heimilar landshöfðingja vegna embættisstöðu sinnar þetta ráðgjafavald; hvorki ráðgjafinn nje alþingið getur breytt þessari ákvörðun; til þess útheimtist sjálfsagt breyting á stjórnarskránni samkvæmt 61. grein hennar. Mjer er það alveg óskiljanlegt, að þingmenn geti sagt, að fulltrúi stjórnarinnar hafi ekki verið til staðar á þingunum 1875, 1877 og nú 1879, til þess að semja við þingið; því að hinir háttvirtu þingmenn hafa þó sjeð landshöfðingjann sitja á þinginu hjer um bil hvern dag á þessum þrem samkomum þingsins, hann hefur vissulega tekið þátt í umræðunum eins opt og honum hefur virzt þörf á því; en það er þetta, sem bæði 34. grein stjórnarskrárinnar berum orðum kallar að semja við þingið, og í öðrum löndum taka ráðgjafarnir eigi þátt í umræðunum eða semja við þingið á annan hátt. Hvað er það þá, sem hinni háttvirtu nefnd virðist ábótavant í þessu fyrirkomulagi? Það er líklega þetta, að ráðgjafinu fyrir Ísland ekki samkvæmt stjórnarskránni sjálfur er skyldur til eða hefur heimild til að sitja á þinginu og taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill. Jeg tek það upp aptur, að til þessa útheimtist breyting á stjórnarskránni, en jeg held því föstu: 34. grein stjórnarskrárinnar hefur hingað til verið fylgt bæði í orðum og anda hennar frá stjórnarinnar hálfu; — jeg vona að þingið heldur ekki fyrir sitt leyti breyti á móti henni. — Hitt er annað mál, hvort landshöfðingi sá, er nú er, hefur gegnt skyldu þeirri, er hvílir á honum gagnvart alþinginu samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar, eins og vera ber. Um þetta atriði skal jeg ekki vera margorður, og jeg er ef til vill ekki nægilega óhlutdrægur til þess að dæma um það. En jeg skal geta þess, að mjer vitanlega hefur þingið eigi nokkurn tíma látið osk sína í ljósi við hann um það, að hann væri til

staðar í einhverju máli, án þess að hann hafi orðið við óskum þingsins og hafi leitazt við að ná samkomulagi við þingið. Ekki heldur hefur þingið mjer vitanlega fundið ástæðu til samkvæmt 3. gr. stjórnarskrárinnar að bera sig upp undan því, hvernig landshöfðingi beiti valdi því, er honum er á hendur falið; en um það get jeg fullvissað þingið, að landshöfðingi sje fús á að bera alla ábyrgð aðgjörða sinna samkvæmt stjórnarskránni. Jeg skal bæta því við, að ef þingið er þeirrar skoðunar, að landshöfðingi ekki beiti valdi því, er honum er á hendur falið, eins og vera ber, þá er það einnig mín innileg ósk, að þinginu hlotnist að fá annan og betri landshöfðingja að eiga við, og að þess megi ekki bíða lengi.

Eptir að jeg þannig hef svarað hinum almennu athugasemdum nefndarálitsins, skal jeg með tilliti til hinna einstöku niðurlagsatriða eða tillaga nefndarinnar geta þessa.

3. tölul. »Eptirstöðvarnar á þessum tekjulið færist upp um 221 kr. 18 a.« Jeg skal vísa til svars landshöfðingjans við athugasemdir yfirskoðunarmannanna 1876, bls. 6.—7., þar sem tekið er fram, að skil hafi verið gjörð sumpart í hinum undanfarandi reikningsyfirlitum, sumpart í reikningunum fyrir 1876 fyrir þessum eptirstöðvum. En þar sem hin heiðraða nefnd stingur upp á, að yfirskoðunarmennirnir á næsta fjárhagstímabili gangi eptir, að upphæð þessi teljist landssjóðnum til inntektar, og þar sem nú ekki er tími til að gjöra þetta atriði nægilega ljóst fyrir hinum heiðruðu deildarmönnum, hef jeg ekki neitt á móti því, að fresta úrgreiðslu þessa spursmáls.

5. tölul. »Aukakennarinn við læknaskólann endargjaldi landssjóði 116 kr. 66 a., er hann fjekk ofgreiddar 1876«. Jeg get ekki verið hinni heiðruðu nefnd samdóma um það, að þessi upphæð hafi verið ofgreidd 1876; því að, eins og þingmönnum er kunnugt, var læknaskólinn stofnaður með lögum 11. febr. 1876, en hann tók eigi til starfa fyr en 1. október sama ár, og þess vegna ber ekki að reikna þóknun þá, er bar hjeraðslæknunum í Reykjavík, fyrir það að gegna kennslunni við skólann eptir 4. gr. þessara laga, fyr en frá þeim tíma, að skólinn tók til starfa. Aptur á móti bar honum þangað til 1. október þóknun sú, er ákveðin var með konungsúrskurði 3. ágúst 1868 sem kennara við læknakennsluna í Reykjavík. Jeg er fyrir mitt leyti þeirrar skoðunar, að upphæð sú, er ræðir um, 116 kr. 66 a., muni verða dæmd honum úr landssjóði, ef hann leggur spursmálið undir úrgreiðslu dómstólanna, og þess vegna skal jeg leyfa mjer að mæla í móti þessari uppástungu hinnar heiðruðu nefndar.

7. tölul. Einnig skal jeg leyfa mjer að mótmæla þessari uppástungu viðvíkjandi 133 kr. 38 a., sem borgaðar hafa verið hjeraðslækni þeim, er settur var í Þingeyjarsýslu samkvæmt samningi þeim, er við hann var gjörður, og skal jeg í því tilliti skírskota til svars landshöfðingja bls. 15., og skjóta því til hinnar heiðruðu deildar, að samþykkja þennan tölulið.

15. tölul. «fyrir 200 + 8 kr.» komi: «108 kr.» Hvað snertir fyrri upphæðina 200 kr., þá stendur svo á þessari upphæð, eins og nú skal greint. Á eptirlitsferð póstmeistarans gegnum Múlasýslu 1876 vildi það slys til, að þegar reiðhestar hans voru sendir til baka til Vopnafjarðar, þar sem hann hafði keypt þá til ferðarinnar fyrir milligöngu prófastsins sira Halldórs á Hofi, þá datt einn þeirra gegnum sprungu í hinu nýja hrauni á Mývatnsöræfum, og drapst þar á staðnum, án þess mögulegt væri að ná honum aptur. Prófasturinn áleit sjer skylt, að endurgjalda eiganda hestsins verð hans með 200 kr., eptir matsgjörð óvilhallra manna. Þar sem það var vafalaust, að höfðingi sá, er átti í hlut, ekki mundi vera fús á að láta eigandann endurgjalda sjer nokkuð af

þessari upphæð, sem hann var búinn að borga honum fyrir þetta tjón, ávísaði landstjórnin honum upphæðina úr póstsjóðnum, því jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að landssjóðurinn eigi ekki að láta neinn prívatmann verða fyrir útlátum fyrir hönd landssjóðsins, og jeg vil skjóta því til hinnar háttvirtu deildar, hvort hún ekki vill láta standa við svo búið. 8 kr. þær, sem þá eru eptir, eru samkvæmt skýrslum yfirskoðunarmanna í tillögum þeirra, — en mjer hafði í svarinu misskilizt athugagrein sú, er ræðir um, — upphæð, sem póstmeistarinn borgaði á Seyðisfirði í hestabið, þar sem hann var hindraður frá að komast þangað með póstgufuskipinu í ákveðinn tíma, og hafði hann pantað hesta, er vera skyldu til taks á Seyðisfirði, er póstgufuskipið kæmi; en ferðaáætlun skipsins var breytt, og verður honum eigi gefin sök á því, að þessi kostnaður fjell á. Jeg vona þess vegna einnig, að hin háttvirta deild láti þessa endurgjaldskröfu falla niður, því mjer virðist hún eigi vera sanngjörn.

16. tölul. Með tilliti til þessa töluliðs skal jeg skírskota til svars landshöfðingja, bls. 27., og taka upp aptur, að kennara þeim, er hjer ræðir um, var veitt lausn frá 1. janúar 1876 frá skyldu þeirri, er hvíldi á honum, að kenna náttúrusögu í lærða skólanum gegn hinni venjulegu borgun fyrir tímakennslu. En rektor skólans áleit æskilegt, að halda honum eptir við þessa kennslu til loka skólaársins, og samdi þess vegna með samþykki yfirstjórnenda skólans við hann um, að halda áfram þessari kennslu með sömu skilmálum og hann áður hafði haft hana á hendi. Þessi ráðstöfun, sem var gjörð einmitt skólanum í hag, og sem eigi hefur aukið útgjöld hans um einn eyri, — því að sjálfsagt hefði átt að borga öðrum tímakennara sömu þóknun, virðist mjer vera þess eðlis, að þingið vel geti sætt sig við hana. En það er auðsjeð, að hið persónulega tillag, sem alþingið stakk upp á og fjárlögin veittu þessum kennara frá 1. janúar 1876, ekki getur haft, nje á að hafa nein áhrif á spursmálið um það, hvort honum beri sama kennslukaup og hinum öðrum tímakennurum lærða skólans.

20. tölul. með 4 undirliðum hans snertir 16. grein fjárlaganna «óviss útgjöld, sem upp á kunna að koma». Þessi gjaldliður er eptir hlutarins eðli óákveðinn; hann felur umboðsstjórninni ákveðna upphæð til umráða, án þess að setja henni fastákveðnar reglur, sem hún á að fylgja í því tilliti, en sjálfsagt gjörir greinin ráð fyrir því, að með tilliti til þessarar fjárveitingar verði beitt þeim sömu reglum, sem í því tilliti áður hefur verið fylgt, og ef svo er, á umboðsstjórnin von á, að þingið á eptir ekki breyti ákvörðun hennar viðvíkjandi umráðunum á þessu fje, sjer í lagi ef ekki nein yfirgreiðsla hefur átt sjer stað. Gjöri yfirskoðunarmennirnir athugasemdir við ákvarðanir umboðsstjórnarinnar í þessu tilliti, verður umboðsstjórnin að taka þær til greina eptirleiðis, en það mun viðgangast alstaðar í öðrum konstitutionellum löndum, að þingið úrskurði þess konar spursmál þannig, að við svo búið megi standa í það skipti, ef yfirgreiðsla ekki hefur átt sjer stað, og ef umboðsstjórnin hefur fylgt þeim reglum, er undangangandi «praxis» hefur innleitt eða staðfest. Þannig stendur á öllum þessum 4 undirliðum á 16. gjaldlið fjárlaganna, og jeg treysti því, að hin heiðraða deild ekki með úrskurði sínum breyti frá því, er annarsstaðar er álitin góð konstitutionel praxis. Hvað viðvíkur 1. undirliðnum, skal jeg skírskota til svars landshöfðingjans 1876 bls. 29, þar sem tekið er fram bæði að álíka styrkur til að leita sjer læknishjálpar erlendis áður hefur verið veittur mönnum í þessum gjaldlið, og að styrkurinn í þessu tilfelli var veittur eptir tillögum rektors og stiptsyfirvaldanna samkvæmt ráðleggingu hlutaðeigandi læknis með tilliti til nauðsynjar ferð-

arinnar. Hitt er sjálfsagt, að eptirleiðis mun ekki verða veittur þess konar styrkur, eptir að aðfinningar hafa verið gjörðar í því tilliti við yfirskoðun og úrskurð reikningsins. 70 kr. þær, er borgaðar hafa verið fyrir útlegging á skjölum þeim, er ræðir um í þessum undirlið, og sem voru viðkomandi strandi af skipinu Olgu, eru alveg sama eðlis og upphæð sú, er ræðir um í tillögum yfirskoðunarmannanna fyrir 1877 15 bls. 13. tölul. viðvíkjandi sama skipstrandi, og sem yfirskoðunarmennirnir stinga upp á að þingið verði að sætta sig við eptir atvikum; og jeg vona, að hin heiðraða deild einnig aðhyllist þessa uppástungu með tilliti hinna umgetnu 70 króna og ekki heimti þær endurgoldnar af hlutaðeigandi skipseigendum á Vestmannaeyjum, sbr. svar landshöfðingjans 1877, 16. bls. Eyðublöð undir sjóleiðarbrjefin hafa ávallt hingað til verði borguð á þessum gjaldlið, og þess vegna vona jeg, eptir því sem jeg nýlega tók fram, að hin heiðraða deild einnig nú, þegar þessi útgjöld að líkindum koma fyrir í síðasta skipti, ekki breyti frá reglu þeirri, sem jeg benti á að viðgengist í öðrum konstitutionellum löndum. Ef alþingistíðindin yrðu útgefin í tækan tíma, mundi sjálfsagt ekki vera spursmál um, að stjórnin beiddist eptirrits af þingbókinni, en eins og nú stendur á, virðist mjer undarlegt, ef þingið gæfi ráðgjafanum og landshöfðingja að sök, að þeir, til þess að flýta fyrir úrgreiðslu þingmálanna og því, að lagafrumvörp þau, er þingið hefur samþykkt nái sem fyrst staðfestingu konungs, beiðist eptirrits af þingbókinni, eða forsetum alþingis að sök, að þeir láta þessi eptirrit í tje. En hitt virðist mjer auðsætt, að þegar forseti alþingis afgreiðir eptirrit af þingbókinni, verður að greiða kostnaðinn til þess annaðhvort sem alþingiskostnað eða meðal «óvissra útgjalda»; hann getur, að því er jeg fæ sjeð, ekki lent annarsstaðar.

28. *tölulið*: Upphæðir þær, er hjer eru taldar, eru allar útborgaðar á árinu 1875, og færðar til útgjalda í reikningsyfirlitinu fyrir þetta ár, og eru þannig samþykktinni á landsreikningunum fyrir 1876 og 1877 alveg óviðkomandi. Jeg skal þess vegna leyfa mjer með skírskotun til þess, sem jeg áður tók fram viðvíkjandi endurskoðun og úrskurði á reikningum þeim, er samdir hafa verið, á meðan Hans Hátign konungurinn einn hafði veitingarvaldið, að skora á hina háttvirtu nefnd, að taka þennan tölulið aptur, eða þá á hina heiðruðu deild, að fella hann. En jeg skal bæta því við, út af orðum yfirskoðunarmannanna 1876 bls. 19.: «Landshöfðingja hefur ekki þóknazt að svara neinu um þær upphæðir» o. s. frv., að þetta er ekki alveg rjett hermt, því að það má lesa í svari landshöfðingjans, bls. 28.: «Að svo miklu leyti sem þessi athugagrein snertir gjöld, sem veitt voru og greidd 1875 eptir 15. grein í áætluninni fyrir 1875 skírskota jeg til þess, er jeg hef tekið fram að framan hvað eptir annað, að þessi útgjöld liggja nú ekki undir yfirskoðun, heldur eru þau nægilega heimiluð með reikningsyfirliti því, er staðfest var 2. febúar 1877».

Framsögumaður (Arnlj. Ólafsson): Jeg skal fyrst og fremst leyfa mjer að geta þess, að þetta verk, sem nefndinni var fengið í hendur, var ofvaxið hennar veiku kröptum, og var það næsta óheppilegt, að kosningin skyldi falla á þessa menn, er nefndin er skipuð. Jeg skal enn fremur geta þess, að það er eigi að eins eitt mál, sem nefndinni var fengið í hendur, heldur þrjú mál. Í fyrsta lagi var nefndinni fengið til álita tillögur yfirskóðunarmannanna ásamt með athugasemdum þeirra og andsvörum landshöfðingjaas, er nefndin samkvæmt 21. gr. þingskapanna átti að gjöra uppástungur um. Í öðru lagi var nefndinni fengið til yfirvegunar reikningsfrumvarpið, eigi að eins til þess, að nefndin skyldi gjöra við það athugasemdir þær, er

kallast »Tillögur nefndarinnar í málinu um frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum um tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1876 og 1877«, — en þessar tillögur nefndarinnar leiddu beinlínis af því, hvort hún aðhylltist álit yfirskoðunarmannanna, — heldur og til þess, að hún yfirfæri reikningsfrumvarpið sjálft. Í þriðja lagi var nefndinni fengið í hendur frumvarp til aukafjárlaga fyrir árin 1876 og 1877. Mjer liggur við að ætla, að hversu ófimlega, sem oss nefndarmönnum hefur tekizt, þá mundi allt þetta hafa vafizt fyrir fleirum. Þó að jeg sje eigi reikningsfær, þá var þó einn maður í nefndinni, sem svo er reikningsfær, að hann er hæfur til að komast að því, hvað satt er í tölum. Vjer nefndarmenn vorum á sumum stöðum of ókunnugir landstjórnarfari voru og einkanlega ýmsri gjaldavenju til þess, að vita, hvað væri alveg sanngjarnt eða enda rjett, en vildum þó þræða veginn millum landshöfðingja og yfirskoðunarmannanna svo vel, sem oss var auðið. Vjer höfðum það fyrir augum, að landshöfðingi er í máli þessu forsvaramaður stjórnarinnar og sinna gjörða, en að yfirskoðunarmennirnir eru nokkurs konar málafylgjumenn eða málsfærslumenn landsjóðsins. Deildin á að dæma milli þessara málsparta, hvor rjett hafi, en vort hlutverk var, að reifa eða undirbúa málið undir þennan dóm. Hvort sem nú þeim mönnum, er kynna sjer vel tillögu yfirskoðunarmannanna, þykir nefndin hafa hallað frá rjettu mundangshófi, það er á þeirra dómi; en vjer höfum haft vilja til að halla hvorki á landshöfðingja nje á landssjóðinn. Jeg skal nú að svo mæltu víkja fám orðum á þær almennu athugasemdir landshöfðingja, er liggja fyrir utan tillögur yfirskoðunarmannanna, og sem hann gjörði það, sem er vort verk. Fyrst gat landshöfðingi þess, að reikningsfrumvarpið væri lagað samkvæmt því, sem tíðkaðist í »konstítútíonelle« eða stjórnfrjálsum löndum. Jeg þekki nú að vísu eigi mikið nje víða til, en ætlun mín er sú, að slíkt reikningsfrumvarpssnið tíðkist hvorki á Frakklandi, Belgíu nje Englandi. En það er satt, að það tíðkast í Danmörku, en þar er allt öðru máli að gegna en hjer, eigi af því, að Danir hafi eigi stærri reikninga en vjer, heldur af því, að reikningafrumvarpið þar er eigi samþykkt sem lagaboð, heldur með þingsályktun, og þessi þingsályktun hljóðar eiginlega upp á það, að gefa stjórninni kvittun fyrir reikningnum. En eptir því sem ákveðið er í 26. grein stjórnarskrárinnar, á að samþykkja landsreikninga vora »með lagaboði«, og verður því að fara með lagafrumvarp þetta sem önnur lagafrumvörp; en 21. gr. í þingsköpunum er miðar sig við 26. gr. stjórnarskrárinnar, er tekin upp úr þingsköpum Dana frá 2. maí 1867, 7. gr., svo hjer er því tvöföld meðferð málsins. Hjer á að samþykkja frumvarpið með lagaboði, og í annan stað á að gjöra »tillögur« um »álit yfirskoðunarmanna«; en í Danmörku er reikningurinn undirbúinn einungis undir þingsályktun. Þessa tvöföldu málsmeðferð mun hin heiðraða deild eigi hafa gjört sjer ljósa. En um sniðið á reikningsfrumvarpinu framvegis, sem getur um í 1. tölul. á atkvæðaskránni, þá er það á deildarinnar valdi, hve langt hún vill fara í því.

Landshöfðinginn gat um 3 atriði, sem honum þótti og einlægt eru vafa undirorpin. Fyrsta atriðið er út af 5. grein stöðulaganna, þar sem stendur; «Auk afrakstursins af þjóðeignum Íslands og opinberum sjóðum, og af beinlínis og óbeinlínis skattgjöldum, sem nú eru heimt saman eða eptirleiðis verða inn leidd á Íslandi, skal talið með hinum sjerstaklegu tekjum Íslands það endurgjald, vextir af láni og borgun upp í lán eða því um líkt, sem hvílir á íslenzkum sveitarfjelögum, stofnunum, embættum eða gjaldþegnum ríkissjóðnum til handa». Út af þessu hafa yfirskoðunar-

mennirnir gjört talsverða rannsókn, og þessi rannsókn þeirra er merkileg, en samt eigi tæmandi, og fyrir þessar sakir áleit nefndin sjer skylt að ganga eigi þegjandi fram hjá þessu. Hið annað atriði er um styrktarsjóðinn, og hið þriðja um lestagjaldið af gufuskipunum eptir 6. gr. stöðulaganna. Það sem nefndinni gekk til með því að ráða deildinni til, að samþykkja þingsályktun, er síðar meir mun fram koma hjer á þinginu, og sem fer fram á, að fela hinum nýju yfirskoðunarmönnum á hendur, að rannsaka þessi 3 atriði og koma fram með fullnaðarúrskurð um þau, það sem nefndinni gekk til þessa, var, að «hreinir reikningar gjöra góða vini», og nefndin var á því, að þetta ætti að eiga sjer stað um þessi þrjú ágreiningsatriði, og áleit því nauðsynlegt, að einhver endir yrði gjörr á þessum ágreiningi, hver svo sem endirinn verður, svo menn hafi eigi þennan ágreining og þrætu á samvizkunni þing eptir þing. Jeg ímynda mjer, að enginn hafi á móti því, að yfirskoðunarmönnunum verði falið þetta á hendur, og jeg ætla, að það geti á engan hátt skilizt sem upphlaup á móti stjórninni eða ríkissjóðnum, að fá hreina reikninga, þá er gjöra oss og Danastjórn góða vini. Þá ætla jeg að víkja að þessari athugasemd nefndarinnar á 5. blaðsíðu nefndarálitsins um «fulltrúa stjórnarinnar á alþingi». Hinn háttvirti landshöfðingi skýrði svo vel 34. grein stjórnarskrárinnar í sambandi við ýmsar aðrar greinir, svo sem 2. og 3. gr., 9. og 10. gr., að jeg fyrir mitt leyti er að flestu leyti vel ánægður með skýringar þessar, og ímynda jeg mjer, að deildin muni vera landshöfðingja þakklát fyrir þessar upplýsingar hans, og nefndinni þakklát fyrir, að hún hefur hreyft máli þessu, til þess að deildin fengi þessar ágætu skýringar. En þar sem landshöfðingi hjelt, að nefndin hefði lagt þennan skilning í orðin «að semja» að þau þýddu sama sem að gjöra samning, þá var það alls ekki meining hennar. Vjer vitum allir, að landshöfðinginn hefur eigi rjett til að staðfesta nokkurt lagaboð í nafni konungs. Nefndina dreymdi því ekki um rjett landshöfðingja í hinum stjórnfrjálsu nýlendum Breta, þótt vjer eigi sjeum nýlenda, heldur land «með sjerstökum landsrjettindum». En annað mál er það, að nefndin áleit erindsbrjef landshöfðingjans mikils til of þröngt, einkum í öllum fjárráðum, og áleit, að hann ætti og þyrfti endilega að hafa meira vald, til þess að geta samið við þingið viðvíkjandi þingsályktunum, sem ekki ganga til undirskriptar konungs, en hafa fjárreiður í för með sjer. Það er kunnugt, að þótt landshöfðinginn hafi hið «æðsta vald innanlands», þá hefur hann þó lítið vald í fjármálum. Til þess að sannfærast um þetta, þarf eigi annað en fletta upp stjórnartíðindunum á mýmörgum stöðum, og má þá sjá, að þegar um peningamál er að ræða, þá hefur landshöfðinginn lítið sem ekkert vald. Um þetta atriði tala jeg í sambandi við 34. grein stjórnarskrárinnar, að því leyti sem þessi þrönga umboðsskrá landshöfðingja, sem er fulltrúi stjórnarinnar á þinginu, hlýtur að hafa verkun á þingið, þar sem þingið eigi fer nema hikandi fram á þingsályktanir þær, sem hafa fjárútlát í för með sjer. Jeg geng svo fram hjá þessu. En jeg vona, að deildin og fyrst og fremst landshöfðinginn, hafi eigi skilið orð nefndarinnar þannig, að nefndin hafi með þessari athugasemd sinni ætlað að gefa þeim landshöfðingja, er nú er, nokkra ráðning eður ávítur. Jeg er sannfærður um, að sá landshöfðingi, sem nú er, hefur fylgt vel málum þingsins, og sýnt hreinskilni, mannúð og velvilja á þinginu, og haft hinn mesta áhuga á því, að mál landsins fengju sem bezt afdrif. Þessi skilningur eða athugasemd nefndarinnar leiðir af því, að landshöfðingjann vantar vald, en eigi vilja, til að semja við þingið, eins og sjá má, þegar næsta grein á eptir í

nefndarálitinu er lesin. »Með því að sá galli hefur optlega verið tekinn fram á stjórnarskránni, að stjórnarvaldið eptir henni sje svo lítið í landinu, þá verðum vjer að telja sjálfsagt, að vjer ættum að ganga fastlega eptir því, að það sje þó svo mikið, sem stjórnarskráin heimilar oss það» o. s. frv. Þar sjer landshöfðinginn, hver sú hvöt var, sem kom nefndinni til að gjöra þessa athugasemd.

Um hin sjerstöku atriði málsins skal jeg svo fara nokkrum orðum. Það er snertir 5. tölulið 16. 1., þá áleit nefndin, að aukakennarinn við læknaskólann ætti að fá laun sín fyrir sama tíma sem landlæknirinn, nl. frá 1. marz 1876. Viðvíkjandi 7. tölulið um þær 133 kr 38 a. frá lækni þeim, er þá var settur í Þingeyjarþingi, þá vísa jeg til athugasemda yfirskoðunarmannanna, og konungsúrskurðar 10. maí 1876, svo og til þess, að nefndinni var eigi kunnugt, að þessi greiðsla væri byggð á nokkrum samningi. Jeg held, að það komi heldur eigi fram í andsvörum landshöfðingja, því nefndin verður að vera yfirskoðunarmönnum í því samdóma, að ráðgjafinn hafi eigi heimild til að breyta konungsúrskurði, þótt ráðgjafinn sje aldrei nema vörður læknasjóðsins. Sjerhver lögmætur sjóður hefur, að ætlun minni, sama helgi sem landssjóðurinn. Um 15. tölul. vil jeg geta þess, að nefndin hefur sett hestverðið ofan í 100 kr. Jeg veit af lækni, sem missti hest á læknisferð, sem honum var af amtmanni skipað að fara, og það fyrir utan sitt læknishjerað, og gaf amtmaðurinn honum von um, að hann skyldi fá helming hestsverðsins endurgoldinn. Eins var í vetur, að þegar pósturinn missti einn af hestum sínum, að honum var greitt nokkuð af andvirði hans, en eigi allt. Eptir þessari sanngirni og eptir þessari venju fór nefndin, en hún gat eigi lagt það til, að verðið fjelli alveg niður. Um 16. tölul. skal jeg geta þess, að það er alveg satt, sem landshöfðinginn segir, að þetta fje sje greitt fyrir tímakennslu, er enginn lögskipaður kennari var til. En nefndin var samdóma yfirskoðunarmönnunum um, að það væri óviðkunnanlegt og hart, að þessi sami kennari, sem búinn var að biðja um og fá lausn, og það með þeim kostum, að hann fjekk að halda allri þeirri þóknun, er hann áður hafði haft fyrir tímakennslu sína við skólann, skyldi svo rjett á eptir fara að setja upp nokkra borgun fyrir það, þótt hann kenndi nokkra tíma hina sömu fræðigrein, eptir að hann hafði fengið lausnina. Mjer virðist þetta enda svo smásmuglegt, að jeg legg annaðhvort til, að hlutaðeigandi kennari endurgjaldi þessar 139 kr. 44. aura, eða að hann haldi þeim, en að þingið þá á hinn bóginn taki af honum þær 200 kr., sem hann hefur fengið fyrir að gjöra ekki neitt. Það er snertir 20. tölul., þá er jeg á því, að yfir þessum gjöldum hafi landsstjórnin mjög rúmt vald til þess að verja þessu fje á þann hátt, sem henni þykir vera samkvæmt tilgangi veitingarinnar; en þó innan þeirra takmarka, að engin ofgreiðsla eigi sjer stað, og með því móti, að hún fylgi þeim reglum, er farið hefur verið eptir að undanförnu. Nefndin fjellst á flestar tillögur yfirskoðunarmannanna á þessum tveim gjaldaliðum (8. og 9. gjaldalið reikningsfrumvarpsins) í þeim tilgangi, að þær kæmust inn á þing, og þær væru framvegis bending fyrir stjórnina að fara eptir; því að þótt álíta megi yfirskoðunarmennina mikla menn og miklu meiri en nefndina, þá verð jeg þó að ætla, að álit deildarinnar sje enn meira vert. Jeg hef eigi meira að segja um mál þetta að sinni; en jeg skal að endingu að eins taka það fram, að jeg vil fylgja þeim atriðum fram, er jeg áður hef á vikið, en er aptur á móti ásáttur á, að gefa landstjórninni allt eptir á

8. og 9. gjaldlið, sem er 20., 27. og 28. á atkvæðaskránni, eða láta nú við svo búið standa í þetta sinn.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Menn hafa heyrt hjer tvær langar tölur; ræða landshöfðingjans virtist mjer flutt með allmiklum hita, en ræða framsögumanns var afbragð að hógværð og stillingu, eins og þeim manni er lagið. Áður en jeg byrja að halda hönd fyrir höfuð yfirskoðunarmanna, því að það mun vera skylda mín, skal jeg benda deildinni á, að yfirskoðunarmönnunum er eigi að eins gefið umboð til yfirskoðunarinnar, heldur eru þeir beinlínis skipaðir eptir 26. gr. stjórnarskrárinnar, þar segir: «Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar, *og að ekkert hafi verið goldið án heimildar*». Þetta er höfuð-umboð yfirskoðunarmanna, og jeg er framsögumanni samdóma um það, að þeir komi fram sem starfsmenn, og að nokkru leyti málaflutningsmenn í þjónustu þingsins. Nefndin hefur álitið sjer skylt að vera málamiðill milli landshöfðingja og yfirskoðunarmanna, og þar sem framsögumaður sagði, að nefndin hefði álitið sjer skylt að sýna tilhliðrunarsemi, þá skal jeg ekkert um það segja; hver nefnd getur skoðað umboð sitt eins og hún vill. Jeg ætla þá að halda mjer til nefndarálitsins og ræðu landshöfðingja, og tala fyrst um hina almennu skoðun nefndarinnar. Jeg er henni samdóma um reikningsfærsluna, og þess ber að gæta, að landshöfðingi getur ekki dregið ályktanir frá reikningsfærslu ríkissjóðsins í Danmörku, eins og nú er. Reikningur frumvarpsins er sniðinn eptir því, sem átti sjer stað í ríkisráðinu sáluga, en ekki eptir ályktun um reikningsmál, eins og þau nú eru úrskurðuð í ríkisþinginu. Í Danmörku er gjört ráð fyrir þingsályktun og ekki lagaboði, en hjer eru landsreikningarnir samþykktir að eins með lagaboði; vjer verðum því sjálfir að mynda oss vora eigin fyrirmynd. Sömuleiðis er jeg samþykkur hinni síðustu málsgrein á 1. bls. nefndarálitsins; en þegar kemur aptur á neðanverða 4. og 5. bls., þá skilur með mjer og nefndinni um stund. Það gleður mig innilega, að landshöfðingi er því nú samdóma, er jeg sagði við 1. umræðu fjárlaganna, að staða landshöfðingjans hjer á þinginu væri hin sama og ráðgjafans á ríkisþinginu, en af þessu leiða líka líkar ályktanir í öðrum efnum. Það er satt, sem landshöfðingi sagði, að hann hefur heimild til að sitja á þingi, og það er líka víst, að konungur getur veitt öðrum við hliðina á landshöfðingja umboð til þess, það er samhljóða við það, sem er í öðrum löndum. — En af því að yfirskoðunarmenn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að fje það, sem greitt er til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, og sem á dönsku kallast »til Regjeringens Repræsentation« væri eigi rjettilega greitt, þá hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að sleppa allri kröfu til liðna tímans, það er snertir fje þetta. Jeg fyrir mitt leyti er fús á að sleppa öllum kröfum fyrir umliðna tímann, en jeg ætla að nota þetta tækifæri til að sýna, að það á ekki við, að þetta fje sje framvegis goldið. Framsögumaður vildi beina því að mjer nú fyrir skömmu, að það væri ósamkvæmni af mjer, að láta þessa skoðun mína fyrst nú í ljósi, en jeg er ekki viss um, að honum sje eins kunnugt um þetta mál eins og mjer. 1873 var nefnd sett til að skoða fjárreikninga Íslands; gjörði sú nefnd þá tillögu til stjórnarinnar, að þessi kostnaður legðist ekki á landið, svo að framsögumaður sjer, að þessi skoðun er eigi ný; 1875 var gjörð fyrirspurn til landshöfðingja, hvernig á fje þessu stæði, en hann svaraði, «að það væri ekki að skoða sem laun, heldur sem borðfje». Nú veit deildin þá

hvernig á fje þessu stendur. Nú ætla jeg að hverfa dálítið aptur í tímann; með konungsúrskurði 23. apríl 1845 var ákveðið, að allur ferðakostnaður konungsfulltrúa og fæðispeningar skyldu leggjast á landið, en 1846 kom aptur nýr konungsúrskurður eptir tillögum dönsku fjárhagsstjórnarinnar, og skipar hann svo fyrir, að «allur kostnaður til konungsfulltrúans skuli greiddur úr ríkissjóði», það var því eigi meining stjórnarinnar, að þessum kostnaði væri jafnað niður á landið. Nú vil jeg spyrja framsögumann, sem jeg veit að er manna fúsastur á að losa um þessa ofanámillibagga á landinu, hvort hann vill ekki einnig losa um þennan bagga, og hvort það sje nokkur ósamkvæmni að reyna að koma honum burtu. Eins víst og það er, að ráðgjafinn fær ekki einn eyri í borðfje af ríkissjóði Dana, eins víst er það, að það er eigi samkvæmt ásigkomulagi vorra tíma, að halda þessu þunga gjaldi fyrir landssjóðinn, og jeg vil spyrja þingmenn, hvort þeim þykir það við eiga að þetta fje, sem landshöfðingi ver til að halda þingmönnum veizlur, eigi að takast úr vösum fátækra skattgjaldenda. Það var allt öðru máli að gegna með konungsfulltrúa, hann hafði meiri kostnað, hann þurfti að hafa skrifara sjer, en sá kostnaður var greiddur úr ríkissjóði, og þó vill framsögumaður að þessi kvöð haldist nú, eptir það að landið hefur fengið sjálfsforræði. Jeg ætla svo ekki að fara lengra út í þetta mál; jeg vona, að deildinni sje ljóst, hver lagaheimild sje fyrir fje þessu, og hve samboðið það sje stjórnarskipuninni. Jeg er fús á að gleyma þessum 4000 kr., sem þegar eru goldnar, en eptirleiðis mun jeg af alefli leggja það til, að þetta gjald verði af numið, nema konungsúrskurður komi fyrir því, þá verðum vjer að taka því sem öðru, sem á oss er lagt og sem valdbjóða má. Landshöfðinginn sagði, að það væri heimildarlaust að gefa yfirskoðunarmönnum umboð til að fara út í reikningana fyrir 1875. Það er glöggt tekið fram, að þingið hafi fulla heimild til að skoða reikningana fyrir 1875, því að í stjórnarskránni stendur á 17. bls.: «Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskránni verði komið fullkomlega í verk einhverntíma á árinu 1875». Nú var fyrsta löggjafarþing 1875, og stjórnarskráin því komin í verk 1. júlí 1875 og fyrst að hún var komin í verk, þá hafði þingið fulla heimild til að yfirskoða reikninginn fyrir 1875, og jeg skora á landshöfðingja að segja, hvort þetta sje ekki rjett. Í tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1876 og 1877 stendur á 12. bls.: «Þar sem landshöfðingi í svari sínu bls. 18 fer fram á, að þær 2000 kr. til «Regeringens Repræsentation paa Althinget» fyrir 1875 sjeu þessum reikningi óviðkomandi, þá kemur þetta flatt upp á okkur, því landshöfðinginn má þó muna, að Hans Hátign konungurinn með 4. bráðabirgðaákvörðun í stjórnarskránni að eins áskildi sjer rjett til þess upp á sitt eindæmi að staðfesta áætlun um tekjur og gjöld landsins á árinu 1875; hlaut þetta svo að vera, þar sem ekkert þing kom saman frá því stjórnarskráin náði lagagildi til þess í júlímánuði 1875, en Hans Hátign hefur hvergi farið því fram, að hann upp á sitt eindæmi mundi staðfesta reikningsyfirlitið fyrir 1875, enda hefði það komið í bága við það heityrði konungs, að Hans Hátign muni sjá svo um, «að stjórnarskránni verði komið fullkomlega í verk einhvern tíma á árinu 1875» sama árið, sem fyrsta löggjafarþing kom saman». Landshöfðingi mun sízt ætla, að konungur bregði loforð sín. Það var satt, að yfirskoðunarmenn voru eigi kosnir 1875, þá spurði jeg landshöfðingja að því, hvort eigi skyldi kjósa þá, en hann kvað ekki liggja á því fyr en 1877, fór jeg því ofan af því, sem jeg nú sje eptir. En þótt þeir væru eigi kosnir 1875, þá var það á þingsins valdi, hvort það vildi láta yfirskoðunina

fara fram fyr eða síðar. Reikningsyfirlitið fyrir 1875 var staðfest af konungi 1877, allt svo ætti það að vera að fylgja stjórnarskránni, að láta það koma út sem konungsúrskurð þrem árum eptir að konungur ekki getur neitt úrskurðað um íslenzk mál, nema eptir tillögum alþingis. Stjórnarskráin hlaut þó að hafa fullkomið lagagildi tveim árum eptir að landið fjekk löggjafarvald. Jeg get ekki öðru trúað, en landshöfðingi falli frá þessari skoðun, því að hún er gagnstæð stjórnarskránni, sem mjer hefur fundizt hann vilja vel halda í öllum öðrum greinum. Jeg vil að deildin hugsi nákvæmlega um þetta. 26. grein stjórnarskrárinnar gjörir ráð fyrir, að löggjafarvaldið í heild sinni staðfesti reikninga landsins, jeg vona því, að það sje samhljóða áliti deildarinnar, að hafi stjórnarskráin verið komin í verk fyrir alþingi 1875, þá liggi líka reikningarnir undir úrskurð þingsins. Nú gaf þingið 1877 oss yfirskoðunarmönnum það umboð, að vjer skyldum hafa hliðsjón af landsreikningnum 1875, en þá var það að forseti neðri deildar spurði mig, hvort jeg vildi ekki koma með þingsályktunar uppástungu um kosning yfirskoðunarmanna til fullnaðaryfirskoðunar reikninga landsins, frá því það fjekk sjálfsforræði 2. ágúst 1874, en ekki með hliðsjón af reikningnum fyrir árið 1875. Þingsályktunin kom, en embættismenn þingsins strykuðu þessa ákvörðun út, þó var því komið á með breytingaratkæðum, að yfirskoðunarmenn skyldu hafa hliðsjón af reikningunum fyrir 1875, sem landshöfðingi nú neitar að þingið hafi rjett yfir. En hjer kemur annað til greina; yfirskoðunarmenn hafa bent á, að þessu reikningsyfirliti sje breytt frá því, sem það var, er það var staðfest, og eptir því leyfir þá hin umboðslega endurskoðun sjer að breyta því, sem staðfest er af konungi, og þó jeg haldi mjer eigi til þessa, þá hef jeg orð landshöfðingja sjálfs fyrir mjer í alþingistíðindunum 1875 94. bls., þar sem hann segir, að þessi reikningsyfirlit sjeu ekki lög, og fyrst svo er, þá getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að þetta reikningsyfirlit sje lagt undir endurskoðun. Jeg efa ekki, að ef deildin fellst á þetta, þá muni landshöfðingi veita allar skýrslur til að endurskoða reikningana fyrir 1875. Samhljóða hinum undan farandi ræðum vil jeg nú, eptir hinar almennu athugasemdir, taka hinar einstöku greinir, sjer í lagi af því, að mjer virtist framsögumaður hopa þar eins og á hæl fyrir landshöfðingja; getur það hafa verið af því, að hann hefur verið orðinn þreyttur, og því eigi tekið eins alvarlega í strenginn eins og honum er títt, þegar hann á við smámenni. Jeg ætla að nefna liðina eptir efni en ekki eptir tölum. Þá eru þessar 116 kr. 60 a., sem bæði nefndin og yfirskoðunarmenn vilja að endurborgist, en sem landshöfðingi er mótfallinn af því, að læknaskólinn byrjaði störf sín 1. okt. 1876. Ef sú ákvörðun á að gilda, þá er það landssjóðnum hagur, ef þessi uppástunga væri tekin aptur, því að landssjóðurinn mundi við það græða 40 kr., því hafi læknaskólinn byrjað störf sín 1. október 1876, þá hefur hann byrjað jafn snemma fyrir kennarann og fyrir landlækni. Þá eru hinar 133 kr. 33 a., sem veitast eiga lækninum, sem settur var í Þingeyjarsýslu 1876. Hvort sem landshöfðingi eða ráðgjafinn hafa samið við þennan mann, þá hafa yfirskoðunarmenn tekið það fram, að hvorugur þeirra væri bær þess, að breyta konungsúrskurði; landshöfðingi hefur enga lagaheimild til að semja um hærri laun, en ákveðin eru með lögum, en jeg skal játa, að þessi endurborgun hvíli eigi á lækninum, heldur á landshöfðingja eða ráðgjafa. Þá koma 139 kr. 44 a.; fannst mjer framsögumaður gjöra gildandi harðari kröfu gagnvart einum kennara við lærða skólann en við aðra. Jeg er samdóma framsögumanni um það, að það sje óviðkunnanlegt, að einn maður fái lausn

frá embætti sökum elli og lasleika, en sýni svo rjett á eptir, að hann sje fær um að taka að sjer sömu störf fyrir aukaborgun. Þá er þessi litla útborgun 70 kr. fyrir skipið Olgu; yfirskoðunarmenn hafa fallið frá þessari kröfu, og ætlast eigi til, að þessi upphæð komi til eudurborgunar, því að eigendur þessa skips eru líklega ekki svo að efnum komnir, að þeir geti borið málskostnað í öðrum löndum; en jeg veit ekki hvort nefndin fellst á þetta. Sama er að segja um aðra upphæð 1877 51 kr. 75 a., hún er sömu tegundar, og álíta yfirskoðunarmenn þetta fje rjettilega goldið. Landshöfðingi tók fram, að yfirskoðunarmenn hefðu þótzt verða útundan að fá svar, og skal jeg geta þess, að hann vildi eigi svara, af því að hann áleit, að yfirskoðunarmenn hefðu eigi rjett til að hnýsast í gjöld, sem goldin voru 1875; en jeg vil enn benda á það, að reikningarnir 1875 heyra löglega undir yfirskoðun þessa. Jeg hef ýmsar fleiri athugasemdir, en, með því að nú er áliðið, ætla jeg að geyma mjer rjett til að koma seinna með þær.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins geta þess, að yfirskoðunarmenn hafa haft svo gott tækifæri til að ræða þetta mál við mig, að jeg finn eigi ástæðu til að svara hinum einstöku atriðum í ræðu hins háttvirta varaforseta, enda getur það ekki verið meiningin með þessari umræðu, að landshöfðingi og yfirskoðunarmenn komi fram hver á móti öðrum. En jeg skal láta mjer nægja að skírskota til svars landshöfðingja við athugagreinir yfirskoðunarmanna. Það er snertir athugasemdir varaforseta við launaupphæðina til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sem sje, að hann vonaði að eigi ætti að veita fulltrúanum þessi laun með fjárlögum eptirleiðis, þá skal jeg geta þess, að jeg held, að honum hafi gleymzt 25. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg tek það upp aptur: úrskurðarvald á reikningum landsins er bundið við fjárveitingarvaldið. Jeg verð því fastlega að mótmæla því, að úrskurður konungs verði lagður undir endurskoðun og úrskurð þingsins, og skoðun varaforseta er að mínu áliti gagnstæð stjórnarskránni. Varaforseti gat þess, að með þingsályktun í hitt eð fyrra hefði verið ákveðið, að yfirskoðunarmenn skyldu hafa hliðsjón af reikningunum 1875, og játa jeg, að þessi ákvörðun er alveg eðlileg, af því að þessir reikningar áttu að vera byggðir á reikningsyfirlitinu 1875, en þetta er allt annað en leggja það undir úrskurð þingsins. Varaforseti lagði mikla áherzlu á það, að jeg hefði sagt, að reikningsyfirlit væri ekki lög, þetta er satt, og jeg tek það upp aptur, að það eru ekki lög, heldur konungsúrskurður, og konungsúrskurð er ekki rjett að leggja undir úrskurð þingsins. Hann lagði líka mikla áherzlu á það, að ef laun landlæknisins væru rjettilega borguð frá 1. marz, þá ætti og að borga laun kennarans eptir sömu lögum; en þetta er misskilningur, því að hjer ræðir eigi um laun, heldur þóknun, og það er allt annað mál.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg ætla að geta þess, að þær 70 kr. «fyrir útlegging á skjölum», hefur nefndin tekið samkvæmt tillögum yfirskoðunarmanna 1876 (sjá 21. bls. 15. tölul.). Þessi 70 kr. krafa er eigi tekin aptur í tillögunum 1877, heldur er engin krafa gjörð um 51 kr. 75 a., endurgjald fyrir kostnað «til að fá álit frakknesks lagamanns um það», hvort reynandi væri að fá heimtar skaðabætur með málsókn fyrir ásiglinguna á skipið Olgu (Tillögur 1877, 15. bls. 13.). Nefndin ætlaðist ekki til, að Vestmannaeyingar endurgyldu þessar 70 kr., heldur yrðu þær endurgreiddar landssjóði af fje utanríkisstjórnarinnar, sem einnig nær til þegna konungs út á Íslandi. Þá eru þessar 40 kr. og 14 kr. 50 a., sem nefndin hefur sömuleiðis tekið upp eptir tillögum yfirskoðunarmanna. Nú heyrðist mjer á ræðu varaforseta, sem endurskoðunarmenn

vilji falla frá endurkröfu þessa fjár; en það vissi nefndin ekki, þegar hún bjó til álit sitt. Hún hefur því í þessum tveimur atriðum fylgt tillögum yfirskoðunarmanna. Jeg er á sama máli sem varaforseti um reikningsyfirlitið 1875, en af því von er á þingsályktun, skal jeg ekki margt um það tala að þessu sinni. En það er kemur til þessara 2000 kr., eða matarkróna, eða hvað varaforseti vill kalla þær, þá furðar mig stórlega á því, hve langorður varaforseti var um orð mín í því efni í öðru máli. Það sem hjer er um að ræða, eru 2000 kr. þær, sem greiddar hafa verið 1875 og 1877, en eigi um það, hvort þær eigi að greiðast 1881. Jeg hygg því, að varaforseti hefði heldur átt að geyma sjer þessar athugasemdir sínar, þangað til fjárlögin koma aptur til deildarinnar. Það gleður mig, að yfirskoðunarmenn eru nefndinni samdóma um það, að hún áleit það hlutverk sitt að undirbúa málið undir þingið. Nefndin getur þess í áliti sínu, að yfirskoðunarmenn hafi líklega álitið sig bundna við umboðsskrá sína frá þinginu, að þeir skyldu að eins hafa hliðsjón af reikningsyfirlitinu 1875, eða rjettara sagt: «að hafa hliðsjón af reikningum landsins frá 2. ágúst 1874»; en jeg vil bæta því við, að það er nauðsynlegt, að reikningsyfirlitið 1875 sje endurskoðað, eigi til þess að breyta áætluninni 1875, því það getur þingið ekki, heldur í þeim greinum einum, er yfirlitið mismunar frá áætluninni. Jeg vona, að yfirskoðunarmenn játi, að eigi sje hægt að segja, hve mikill viðlagasjóðurinn sje, fyr en rannsakað er og fastákveðið, hve mikill hann var með rjettum tekjuleifum og afgangstekjum í árslok 1875. Yfirskoðunarmenn hafa eigi verið vissir um, svo sem hægt er að sjá af yfirliti þeirra, hvernig telja ætti tekjurnar, og því eigi getað í þeirri grein fullnægt skyldu sinni eptir 26. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg vil því fela deildinni á hendur að hugsa sig vandlega um, áður en hún fellir þá ráðstöfun, að reikningsyfirlitið 1875 verði endurskoðað.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er vegna annríkis þetta skipti í öðrum málum ekki viðbúinn að tala um hin einstöku atriði þessa umfangsmikla máls, en jeg vildi tala um stefnu og afstöðu máls þessa, og annara fjármála í heild sinni fáein orð. Jeg vildi þá fyrst óska, að blær og stefna umræðanna væri eins og við ætti, og landinu öllu sem happadrjúgast. Hinn heiðraði landshöfðingi beiddist í gær að fá að vita hjá þinginu, hvort það áliti að hann hefði gjört skyldu sína, og hvort það væri óánægt með gjörðir hans, því þá skyldi það fljótt losast við hann. Jeg svara honum því, að eptir minni skoðun hafi hann fullkomlega gjört skyldu sína gagnvart þinginu, og að jeg ætla, að hans mætti alvarlega sakna, ef hans missti við. Fyrir utan það sem hann gegnir embætti sínu með mestu alúð og dugnaði, þá er stjórnarskrá vor að mörgu leyti honum að þakka, og verða menn að játa, að þó hún hafi nokkra ókosti, hefur hún þó fleiri kosti; að hann fylgi henni fastlega í öllum greinum, og reyni til, að hún verði landi og lýð að sem beztum notum, fremur en nokkur annar, er svo eðlilegt, þar sem hann verður að nokkru leyti að skoða hana sem sitt fósturbarn. Jeg vil játa, að hinn hæstvirti landshöfðingi hefur nokkra ástæðu til að taka sjer nærri ýms ummæli hjer í þinginu í sumar, en eigi að síður virðist mjer, að hann taki orð nefndarinnar og ýmissa þingmanna heldur «stíft» og skoði þau sem «Mistillidsvotum til síns sjálfs». Jeg skil aðfinningar nefndarinnar svo, sem þær sjeu alls ekki persónulegar gagnvart landshöfðingja, heldur stýlaðar gegn vissum miður heppilegum ákvörðunum í stjórnarskránni, og hjer hafi stungið sjer fram óánægja, sem er hjer og þar út um landið með stjórnarskrána, og hve lítið vald er í landinu sjálfu eða hjá landshöfðingjanum, sem er henni að kenna,

en honum alls ekki. Hvað hin fjárlegu atriði snertir, þá þykir mjer ísjárvert að ganga nærri þess konar kröfum í þetta sinn, nema þar sem um lagalegar eða sjálfsagðar kröfur er að tala, því með þess konar atriðum skal jeg ætíð gefa mitt atkvæði. Vjer ættum að sjá svo um, að í framtíðinni kæmist sá rekspölur og sú regla á stjórn og meðferð vorra fjármála, að allt færi fram sem hreinast og beinast, en nú meðan við erum frumbýlingar, og erum að koma reikningum landsins í það horf, sem við óskum, þá fer oss eins vel að sneiða hjá hinum allra strängustu og smámunalegustu kröfum. Samvinna þings og landsstjórnar þarf að vera sem allra liprust. Jeg vil líkja saman okkar stóra landsbúskap við vorn minni búskap á einu einstöku heimili. Vjer munum allir játa, að þegar húsbændur sýna hjúum sínum lempni og velvild, og þau aptur húsbændunum trúnað og dugnað, þá muni búskapurinn bezt ganga; en segi húsbóndinn daglega við hjú sín, «þið hafið illa unnið, og jeg er óánægður með starfa ykkar», þá vex ekki trúleiki eða velvild, heldur miklu fremur kergja hjúanna og úlfúð á heimilinu. Allar eptirtölur í gjaldi og nöldur um smámuni reynist illa bæði í stórum búskap og smáum, og því álít jeg óheppilegt, hvort heldur það kemur í ritum eða ræðum, að embættismönnum landsins er líkt við ómaga, sem landinu sje eingöngu til byrði. Það mun hver húsbóndi játa, að góðu hjúi, sem vinnur verk sitt með trúnaði og velvild, er aldrei oflaunað, þar sem ótrúu hjúi er ekki matur gefandi. Góður húsbóndi fer aldrei í strangan reikning við gott hjú, þó ein skepna týnist, eða þó það skreppi bæjarleið; hann reiknar þetta ekki upp í kaup hjúsins, einkum hafi það gjört hans erindi um leið. Svo jeg heimfæri þetta síðast nefnda upp á viðskipti vor og hins hæstvirta landshöfðingja, þá er meðal annars ágreiningsatriði hjer út af einum hesti eða hálfu hestverði, sem glataðist í embættisferð. Um slíka smámuni eyði jeg nú sem fæstum orðum á þingi. Líkt er að segja um það, að landshöfðingi skreppur út fyrir pollinn í erindum landsins; þinginu er lítil virðing að hanga þar í bókstaf formsins til rýrðar og auðmýktar vorri landstjórn. Þegar hann kom til Kaupmannahafnar, þá var jeg þar staddur, og skal jeg bera um það, að hann barðist af alefli fyrir, að gufuskipsferðirnar og fleiri mál kæmust í það horf, er þingið hafði óskað; þetta er mjer persónulega vel kunnugt. Jeg neita ekki, að á stöku stöðum þykir mjer nokkuð djarflega farið með fje landsins, en hvergi er sú meðferð eptir minni skoðun neitt vítaverð eða tortryggileg. Jeg hef sjálfur til forráða, og sem jeg á að standa reikning fyrir, nálægt 500,000 kr. árlega, eða millión yfir fjárhagstímabilið, sem er meira en reikningar landsins, og get jeg borið um, að það er opt vandi að stýra þessu, því margir biðja, en jeg reyni að fylgja þeirri reglu, að breyta eptir beztu vitund; þó jeg geti ekki ætíð fylgt strängustu reglum, þá lít jeg á jöfnum höndum, hvað mjer finnst fjelagi mínu skylt eða sæmd að, og hinni sömu reglu veit jeg að landstjórnin fylgir. Jeg fer eigi lengra inn á þetta efni, en lýsi yfir þeirri skoðun minni, að mjer þykir gott samkomulag við landstjórnina betra og miklu meira virði, en þó vjer í dag greiddum atkvæði fyrir, að nokkur hundruð krónur gangi til baka í landssjóð máske með málaferlum.

Af öllum ágreiningsatriðunum vil jeg þó minnst róta við 15. og 16. gr. fjárlaganna, því þar er landstjórninni gefið óákveðið vald yfir því fje, sem þar er veitt. Jeg sagði, að jeg væri ekki undirbúinn að fara inn í hið einstaka, en þó vil jeg geta þess, hvað lestagjaldið snertir, að jeg greiði atkvæði á móti því, að byrjuð sje lögsókn út úr því. Fyrst að þingið í 7 ár enga gangskör hefur gjört í þessu, þá virðist mjer

að nú sje sízt tími til þess, þegar þingið einmitt nú hefur lagt til, að af nema allt lestagjald. Viðvíkjandi 15. gr., þá lægi næst að borgaður yrði aptur ferðakostnaður þeirra tveggja skólapilta, sem þar eru nefndir, en jeg legg til, að þessu sje þó sleppt sökum þess, að einhver sá mesti ágætismaður og höfðingi þessa lands á þar hlut að máli; hann hefur sjálfur ekki talið eptir nokkrar 100 kr. til einstakra og almennra þarfa og sóma. Tvær eru búskaparaðferðirnar: önnur er sú, að búa með rausn og höfðingsskap, en hin er sú, að hokra með sem minnstri eyðslu og örlyndi, eða sem menn segja að nurla. Hvortveggja aðferðin getur að vísu verið góð upp á sinn máta; en hin fyr talda á betur við mitt skap; þó er ef til vill rjettara í vorum unga þjóðbúskap að halda þar mitt á milli. Jeg geng að því sem vísu, að sumum þyki, að jeg ekki fylgi nógu fast ströngum reglum og kröfum, en eigi að síður greiði jeg atkvæði í dag með hverju því atriði, er eykur velvild og tiltrú milli þingsins og landstjórnarinnar, og það álít jeg margborga sig. Þeir sem eru á annari skoðun og greiða atkvæði þessu gagnstætt, ábyrgist þeir gjörðir sínar, að þær verði affarabetri fyrir land og lýð, en sú stefna, er jeg hef hjer fram fylgt.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eins og jeg tók fram í gær, hefur nefndin orðið að skipta máli þessu í 3 mál, og til þess að atkvæðagreiðslan gæti orðið sem rjettust samkvæmt þingsköpum vorum og stjórnarskrá, kom nefndin saman í einn stað öllum þeim tillögum, sem standa hjer á stóra blaðinu, en af því að það eru 3 mál, þótti henni óhultast að draga út þær tillögur, sem snerta reikningsfrumvarpið sjer í lagi, og eins þær sjer, er áttu heima i fjáraukalagafrumvarpinu 1876—77, því allt málið getur að vísu komið senn til umræðu, en ekki öll hin sjerstöku atriði til atkvæðagreiðslu. Um málið sjálft skal jeg nú verða fáorður; en nefndin geymir sjer og sinn rjett, þar til tillagan til þingsályktunar verður tekin á dagskrá. En hvernig sem allt er, verð jeg að halda fram þessum sjerstöku atriðum nefndarinnar í reikningsmálinu, að minnsta kosti 3., 5. og 7. lið í tekjubálkinum og í gjaldabálkinum 15. og 16. lið. Sumum þessum kröfum vil jeg halda, en sumum mætti sleppa fyrir mjer. Þeim 63 kr. 95 a. við 27. tölul. vil jeg sleppa, af því þær eru frá 1875. Þar að auki skal jeg geta þess, að jeg hjelt, að viðkomandi þrír embættismenn ættu að fá brjefavogirnar handa embættinu, en nú hef jeg sjeð, að það var ekki svo að skilja. Jeg er og með því að sleppa þeim 116 kr. 66 a. undir 5. tölulið. Að öðru leyti held jeg fast við endurgjaldskröfurnar í 3., 7., 15. og 16. tölulið. En aptur á móti er jeg enn sem fyr mjög svo hneigður til sátta um fjárreiðurnar »til jarðabóta«, »til vísindalegra og verklegra framfara«, og greiðslur til »óvissra gjalda«. Jeg vil leitast við að sýna landstjórninni alla vægð, þar sem henni liggur eigi bein lagaskylda á herðum; jeg skoða hina heiðruðu neðri deild sem fulltrúa alþýðu og fyrir þær sakir ber henni að sýna enga smámunasemi. Íslendingar hafa aldrei verið auðmenn miklir, en nyrflar hafa þeir því síður verið. Jeg skal því sleppa ströngum og smásmuglegum kröfum, þar sem tilhliðrun og mannúð getur átt við; en þeim kröfum eða atriðum þessara reikningsmála, sem standa á rjettar- eða lagagrundvelli, vil jeg ekki nje má sleppa.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að fara nokkrum orðum um mál þetta, þótt jeg játi, að neyðarúrræði sje að greiða atkvæði um löngu tillögurnar, og þótt jeg sjái fram á, að þessi aðferð gjörir enn örðugra að fara með hina parta málsins á eptir. Tveir heiðraðir þingmenn hafa nú viljað sýna mikla sanngirni og veglyndi, með því að vilja gefa eptir þessar og þessar meiri og minni upphæðir og kröfur, og sleppa þeim í

þetta sinn. En þó meiningin sje góð, má spyrja: gefa þeir úr sínum vasa? hverju sleppa þeir — þeirra eða annara? Þingmaður Suðurmúlasýslu vill hliðra til með ferðakostnað skólapiltanna vorið 1876 sökum þess, að faðir þeirra sje svo ágætur höfðingi. En mjer skilst, að þótt ábyrgð þessa fjár ætti að lenda á honum, þá er höfðingsskapurinn engin ástæða, eða hvað mundu þá fátæklingarnir mega ætlast til af landssjóðinum. Á hinn bóginn skal jeg geta þess, að með því jeg skildi orð hins hæstvirta landshöfðingja á þá leið, að hann eptirleiðis mundi varast, að slík tilfelli kæmu fyrir landssjóðinn, þá er jeg einnig tilleiðanlegur til að sýna sanngirni. Vjer vildum og alls ekki lýsa nokkru vantrausti á landshöfðingjanum; jeg tel óvíst við fengjum annan betri, en við vildum hvorki venja hann eða neinn annan í hans stöðu á að komast uppá að fara feti lengra, en full heimild leyfir. Allir vita, hver ásókn sækir að landstjórninni eptir að fá styrk og aptur styrk, og allir vita, hver stórvandi það er fyrir landshöfðingja, að synda rjett í öllum tilfellum milli skers og báru. Með okkar rannsókn og útásetningum hugsuðum við okkur því ekki, að ganga of nærri valdi og áliti landsstjórnarinnar, heldur þvert á móti gefa henni hjálp, leiðbeining og stuðning í meðferð fjárstjórnar og veitinga. Þegar alþýða veit, að landstjórninni er í engu tilfelli leyft að gleyma þeim reikningsskap, sem þingið að lögum af henni krefst, þá hætta menn að lá henni, þótt hún líti vel í kringum sig áður en hún bænheyrir hvern, sem hana biður og þykist verður hjálpar af landssjóðsins fje. Jeg skal játa, að jeg hefði margri grein sleppt í athugasemdum þessum, ef jeg hefði ekki hugsað til ókomins tíma. Þar sem framsögumaður vill hliðra til með upphæðirnar við 15. og 16. gr., þá er ástæða til þess; en þó vil jeg minna hann á, að óviss gjöld eru ekki ótakmörkuð gjöld, og sum þeirra svo ákveðin og þess eðlis, að ekki má neitt eptir gefa, og svo ætla jeg sje varið þessum 63 kr. 95 a. fyrir brjefavogir. Því skyldi þingið gefa þær eptir? Eða ef það væri eptirgefið, hví skyldu þá ekki allir sýslumenn koma á eptir og heimta sama? Menn svara: þetta kemur eigi optar fyrir; það er gott svar, en ekki nóg fyrir mig. Lögin ráða hèr; eptir þeim er það ekki landsins skylda að borga þetta, og því skyldi landið þá borga það? Fyrir mitt leyti tek jeg ekki með þökkum af stjórninni þá smámunasemi, sem komið hefur henni til að reikna Íslandi þetta fje. Þá eru fleiri smá ágreiningsatriði milli nefndarinnar og yfirskoðunarmannanna, t a. m. um hegningarhúsið. Ef menn lesa bls. 45 hjá okkur, vona jeg að menn skilji þetta atriði betur. Okkar meginregla var að veita það, sem í raun og veru hefur þurft. Þær 1253 kr. álít jeg óþarfa, því þær hafa verið brúkaðar umfram alla þörf. Nefndin vill, að þetta sje tekið upp í aukafjárlögin. Máske rjettast væri að veita það með aukafjárveitingu, en finna verður að því um leið. Nú kemur síðara árið, og er þar reikningurinn ljósari. Með þær 969 kr. 65. a., sem þar eru brúkaðar fram yfir til hegningarhússins, stendur líkt á; með aukafjárveitingu hlýtur sú upphæð að jafnast. Slík aðferð er enginn málaflutningur; sú regla er bæði dýrmæt og góð, að láta fjárveitingarvaldið ekki missa neitt af sínum rjetti. Þá greinir oss á um 10. gr. C, þar sem þær 1100 kr., sem áttu að fara til jarðabóta, hafa flutzt yfir á liðinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Þar er sökin þessi: liðurinn C hefur ekki verið brúkaður eptir sínum tilgangi. Að vísu var nú áður spursmál um, hvort stjórninni væri ekki leyfilegt að brúka fje landssjóðsins líkt þessu á víð og dreif, en nú ætti fjárlaganefndin að hafa tekið af tvímælin í þessu. Þó er jeg harðari í öðru en í þessu atriði. Þar sem kemur 15. gr., þá fer nú sviplíku fram, að

ýmsir fá styrk í ýmsa stefnu. En hafi veitingin til jarðabótanna verið helzt til lág, þá var því síður ástæða til, að taka af henni til annara augnamiða. Þá kemur fjárveiting hvort árið eptir annað til Tegners læknis. Hjer er einnig ágreiningur. Við hugðum, að maður án prófs ætti ekki að fá aðgöngu til embætta hjer á landi, að minnsta kosti yrði hann þá að vera framúrskarandi maður. Þar á ofan hafði þessum manni verið borgað fje, áður en hann var settur í embættið. Við álitum okkar beina skyldu að sporna við því, að menn, sem hvergi annarsstaðar þykja hlutgengir, fái hjer uppgang og embætti að öllu óreyndu. Þær 208 kr. til póststjórnarinnar vil jeg aðhyllast og fellst á nefndina þar, að hálft hestverðið beri að borga. Jeg vil fyrst segja beiskan sannleikann í þessum málum, en síðan vil jeg hægja á mjer og vægja til þar, sem jeg sje að vægð verður ekki að skaða eptirleiðis. En engar fjárveitingar samþykki jeg, hvorki smáar eða stórar, þar sem heimild vantar til.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þass, sem jeg tók skýrt fram í gær, að útgjöld til ferðakostnaðar til að leita sjer læknishjálpar munu eigi framvegis eiga sjer stað, með því að þingið hefur fundið að þessari fjárveitingu; en þar sem umboðsstjórnin hefur í þessu fylgt sömu reglum, sem hingað til hafa átt sjer stað, þá vona jeg, að þingið fylgi þeim reglum í þetta sinn með þeim fyrirvara, að svo megi standa í þetta sinn, en varast slíkar fjárveitingar framvegis. Jeg ætla eigi að rekja einstök atriði í ræðu varaforseta, en þar sem hann vísaði til athugasemda yfirskoðunarmanna, þá læt jeg mjer líka nægja, að vísa til svars landshöfðingja, og skal bæta því við, að jeg er varaforseta samdóma um hegningarhúsið, en sjálfsagt ekki á móti nefndinni um jarðabæturnar. Það hefur verið aðalregla landshöfðingja með tilliti til þeirra fjárveitinga, að láta búnaðarfjelögin og amtsráðin hafa öll umráð þess fjár, sem ætlað er til jarðabóta, og eigi gjört annað en samþykkja tillögur þeirra; vona jeg, að það eigi sje á móti tilgangi þeim, sem þingið veitir fjeð í. Það er snertir skipan læknisins í Árnessýslu 1876, þá skal jeg vísa til svars landshöfðingja 1876 bls. 22. Þessi læknir var að vísu settur frá 1. janúar 1876, en er það heyrðist, að hjeraðslæknirinn í Skaptafellssýslu, sem settur var til að gegna læknastörfum í Arnessýslu, lægi í «Gigtfeber», þótti mjer nauðsynlegt að fá þennan lækni til að fara sem fljótast austur í Árnessýslu til að taka þar við læknisstörfum fyrir miðjan desembermánuð, og fyrir það fjekk hann þessa 60 kr. þóknun. Jeg leiddi rök að því í gær, að í 15. tölul. væri eigi rjettarkrafa, heldur sanngirniskrafa, en þessum lið má skipta í tvennt, því að þessar 8 kr., sem lagðar eru við, eru sjálfsagt liður í ferðakostnaði póstmeistarans, og mun sá reikningur í heild sinni vera úrskurðaður af landshöfðingja; en þar sem yfirskoðunarmenn hafa tekið þessa upphæð út, þá virðist það ekki rjett, fyrst að reikningurinn er úrskurðaður af landshöfðingja.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Varaforseti tók fram 4 atriði í ræðu sinni, sem jeg vil fara um fáum orðum. 1. atriðið var um hegningarhúsið, og er þar um það að segja, að lítill sem enginn ágreiningur er hjer milli nefndarinnar og yfirskoðunarmanna. Nefndin hefur til fært á 6. bls., að reikningur hegningarhússins væri óglöggur, og ráðið til annars reikningslags; hún hefur líka tekið fram, hvað yfirskoðunarmenn og hvað landshöfðingi telja sem yfirgreiðslu, og að svo gjörðu játar nefndin, að upphæðir þessar sjeu eptir eðli sínu ágizkaðar, en af því eigi verði sjeðar með vissu afgangsleifar hússins í árslok 1877, þá gefur hún deildinni á vald að ákveða yfirgreiðsluhæðina. Nefndin hefur þó hvervetna lagt það til, að þar sem yfirgreiðsla á ágizkuðum tölum hefur átt sjer stað, þá sje það

þó lögulegra, að leitað sje aukafjárveitingar. Nefndin sá, að við hegningarhúsið hefði yfirgreiðsla átt sjer stað, en hve stór, gat hún ekki sjeð með vissu. Jeg get eigi verið samdóma varaforseta um annað atriðið, sem sje flutning á 1100 kr. frá 1876 og 800 kr. frá 1877 úr 10. gr. til 15. gr. Landshöfðingi hefur tekið það fram, að hann, eins og líka kunnugt er, skipti þessu fje til jarðabóta eptir vanalegum reglum milli amtanna, þannig að Norður- og Austurumdæmið fær $^2/_5$, en $^3/_5$ er skipt milli Vesturamtsins og Suðuramtsins, en áður var sá hluti fenginn búnaðarfjelaginu sunnlenzka. Fje þessu er varið eptir tillögum amtsráðanna og búnaðarfjelagsins sunnlenzka til skamms tíma; en landshöfðingi leggur samþykki sitt á tillögurnar. Árið 1877 var fje þessu í Norðuramtinu varið til að styrkja 2 bændasonu til utanferðar til að læra jarðyrkju á Stend í Noregi. Má reyndar segja, að þetta sje til verklegra fyrirtækja; en það má líka segja, með jafn miklum rjetti, að slík verkleg fyrirtæki sjeu til jarðabóta. Amtsráðið fyrir norðan hefur þar að auki tekið það nýlega skýrt fram, að þessir menn, er styrks hafa notið af þessu fje til að nema jarðyrkju erlendis, skyldu skyldir til að kenna ungum mönnum út frá sjer, er þeir kæmu heim, og í þeim tilgangi hefur þeim verið veittur styrkur til ferða um hjeruðin. Yfirskoðunarmenn hafa rjettilega rekið augun í vörzlu þessa fjár árið 1876; en þó verð jeg að taka það fram, að mikill hluti þess fjár, er yfirskoðunarmönnum þykir illa varið, gekk til búnaðarfjelagsins hjer, og var varið til mjólkurkirna og þess háttar muna. Reyndar mun mega geta þess fjelaginu til afsökunar, að nokkru var, ef jeg veit rjett, varið til að kaupa dýr eitt fagurt, er menn kalla svín. Þá er þriðja atriðið um lækninn í Árnesþingi. Nefndin hefur stungið upp á að láta þetta flakka rjett í þetta skipti, og hefur hún tekið þar meira tillit til athugasemda landshöfðingja; færir landshöfðingi þá ástæðu fyrir veitingunni á 60 kr. þóknuninni, að læknirinn var beðinn að fara til hjeraðs síns hjer um mánuði áður en ætlað var með fyrsta. Þar að auki áleit nefndin þennan lækni hafa svo góðan vitnisburð um kunnáttu sína í íslenzku, þar sem var vottorð sýslunefndarinnar í Múlasýslu, og skilyrðið í 4. gr. stjórnarskrárinnar gæti eigi verið setning, heldur veiting embættismanns til fyrirstöðu. Jeg ímynda mjer, að varaforseti sje mjer samdóma um það, að annað muni fremur hafa skort lækni þennan en kunnáttu í íslenzku. Nefndin hefur staðið mjög nærri yfirskoðunarmönnum í áliti sínu; því að fyrst fær læknirinn 750 kr. frá 1. jan., og svo kemur sá kvittur upp, að læknis þurfi fyrri við, og er hann þá sendur, og fyrir þann tíma fær hann 60 kr. þóknun, og er nefndin ekki á móti, að honum sjeu veittar þessar 810 kr. eptir á, rjett í þetta sinn. Hið 4. atriði er hestverðið, og er jeg varaforseta samdóma um það, og þarf því ekkert um það að segja.

Halldór Kr. Friðriksson: Þótt mikið sje búið að ræða um mál þetta, þá ímynda jeg mjer, að öllum sje eigi ljóst, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði; því að málið er svo fiókið, og því mjög óheppilegt, að það skuli koma í enda þingsins, þegar menn hafa vart tíma til að lesa það yfir, auk heldur, að íhuga það nákvæmlega. Þetta er hið fyrsta reikninga-mál, sem lagt er fyrir þingið, og því er eðlilegt, þótt þingmönnum þyki ýmislegt í því mega betur fara; en jeg fyrir mitt leyti er á því, að þingið megi heldur eigi vera of hótfyndið, því að umboðsstjórninni er vorkunn, þótt hún hafi ekki hvervetna hitt á vilja þingsins, meðan hún vissi hann ekki í hverju einstöku atriði. Jeg álít því, að þingið verði að fara vægilega í kröfur sínar, og heldur gefa eptir; vjer megum eigi vera of smásmuglegir, eða þrátta um, þótt umboðsstjórnin hafi eigi varið fje landsins

eins og vjer vildum helzt, ef hún hefur ekki breytt gagnstætt lögum og þeirri grundvallarreglu, sem vjer viljum fylgja fram. Jeg er sannfærður um, að það verður ekki einungis bending fyrir þennan landshöfðingja, heldur leiðbeining fyrir hina síðari, að þingið segir, að þessi eða hin meðferð á fje landsins sje ekki góð, og hann muni því ekki veita fje framvegis til þess, sem þingið nú lýsir óánægju sinni yfir. Mjer fannst landshöfðingi taka það svo ljóst fram í gær, að hann kæmi hjer fram á þinginu sem fulltrúi stjórnarinnar vegna embættisstöðu sinnar, að jeg er honum öldungis samdóma um það; en einmitt af því, að hann er hjer vegna embættisstöðu sinnar, þá get jeg ekki sjeð, að þessar 2000 krónur sjeu rjettilega notaðar, en þótt svo sje, þá vil jeg þó láta þær falla niður fyrir umliðna tímann, en framvegis legg jeg það til, að þær verði eigi veittar. Vjer getum eigi sagt, að þetta fje hafi hingað til verið veitt þvert á móti lögum; en framvegis er það á voru valdi að samþykkja það eigi á fjárlögum. Auk þessa eru nokkur atriði, sem jeg vil taka fram. Landshöfðingi sagði um fje það, sem nefnt er í 5. tölul., að það væri rjettilega goldið, vegna þess, að þessi aukakennari hefði verið settur frá 1. október, en ef landlæknirinn er settur frá 1. marz, þá ætti líka að reikna þessa þóknun frá fyrsta degi marzmánaðar, þegar hún er eptir sömu lögum. Lögin koma þó jafnt í gildi fyrir báða, og eptir því eiga bæði launin og þóknunin að teljast frá sama degi. Þá er 7. tölul., sem er mjer nokkuð skyldur, og því við að búast, að jeg haldi nokkurri vörn uppi fyrir þann, sem þar á hlut að máli. Jeg vona að öllum sje ljóst, að þessi læknir var settur frá 12. sept. 1874 sökum þess, að læknislaust var í Þingeyjarsýslu, og með því að nauðsynlegt var að hafa þar lækni, þá veitti landshöfðingi honum þessa viðbót af læknasjóði með leyfi ráðgjafans. Mjer þykir það næsta undarlegt, að samningur, sem umboðsstjórnin gjörir við einstakan mann, skuli vera gjörður ógildur eptir langan tíma. Jeg sje ekki, af hverju það kemur. Ef ráðgjafinn hafði leyfi til að veita þennan styrk fyrir 1874, hafði hann leyfi til þess fyrir 1876. Út úr því, sem varaforseti sagði í gær, vil jeg geta þess, að málið út af þessu er milli læknisins og landssjóðsins. En jeg er hræddur um, að landssjóðnum verði, ef í mál fer, dýrar þessar 133 kr. 38 a. En nú koma launalögin 15. október 1875, og í 4. gr. þeirra stendur: »Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðu, settur í embætti eða sýslan, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er embætti því eða sýslan fylgja«. Hver eiga nú launin að vera fyrir hinn setta lækni 1876? 1500 kr., en eigi 1000, jeg sje eigi, að hann eigi að missa í fyrir það, þótt hann sje settur áður; þessi lög upphefja samninginn, og hver maður hefur fullan rjett á að fá þau laun, sem lögin heimila honum. Annað atriði er það, að þetta leyfi ráðherrans, sem landshöfðinginn hafði, var að taka þetta fje af læknasjóðnum gamla, en þessi sjóður er ekki dreginn inn í fjárlögin fyr en 1877. Nú er því spurningin um, hvort ráðgjafinn hafi eigi haft þetta vald yfir þessum sjóði, sem er undir hans umsjón. Jeg vona að deildin fallist eigi á þessa uppástungu, ekki vegna þessa manns, heldur »principsins« vegna. Í 15. tölul. hefur nefndin stungið upp á því, að hálft hestverðið væri borgað af því opinbera, af því að sá siður væri með pósthesta, þegar þeir færust. Jeg veit ekki betur en póstmeistarinn sje skyldur að ferðast, þegar þörf gjörist, þannig að hann fái allan kostnað endurgoldinn, þegar hann er eigi að óþörfu, og honum sjálfum að kenna. Það væri undarlegt, ef hann t. a. m. veiktist á ferð sinni, að hann ætti þá að borga biðina á hestunum. Um póstana er allt öðru máli

að gegna, það er samið svo um við þá, að þeir skuli útvega sjer alla hesta, og fá tiltekna borgun fyrir ferðina. Þá er 16. tölul.; þar þykir mjer eitthvað skrítið «raisonnement» hjá yfirskoðunarmönnum og nefndinni. Þessi embættismaður, sem hjer ræðir um, fær laun frá nýári, en skólastjóra þykir nauðsynlegt að halda honum, og biður hann að kenna til vorsins. Hefði hann sagt nei, þá hefði þó þessi kostnaður ekki sparazt, heldur ef til vill orðið meiri. Það er snertir 20. tölul., þá fellst jeg ekki á, að þessar 300 kr. falli niður af því, að þessi höfðingsmaður á hlut að máli, heldur af þeirri ástæðu, að jeg álít, að þetta fje til óvissra útgjalda sje fengið landshöfðingja í hendur til frjálsra yfirráða, og honum eru engar reglur settar, hvernig hann skuli verja því. Hitt er annað mál, að mjer þykir þessu fje ekki vel varið, en það er sitt hvað og að heimta það aptur, því að hvað eru þessi óvissu útgjöld? það eru þau gjöld, sem landshöfðingja þykir við eiga að veita fje til. Jeg heyrði ekki glöggt hvað framsögumaður sagði um búnaðarfjelagið, en jeg get sagt honum, að búnaðarfjelagið fjekk ekki einum eyri meira 1876, en hin ömtin að rjettri tiltölu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að standa upp í þessu máli til að bera fram kveinstafi mína yfir, að þurfa að greiða atkvæði í þessu máli, og jeg þykist viss um, að svo sje um fleiri, að þeir sjeu eigi vissir um, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði. Verð jeg því að fara nokkrum orðum um málið. Það er augljóst, að deildin er hjer eins og í dómarasæti; hún á að dæma í því máli, sem er svo vafasamt, að þó margir lögfróðir dómendur dæmdu, mundu dómarnir verða eins margir. Jeg vil því halda mjer til hins fornkveðna, »in dubiis libertas», frelsi í því, sem er vafasamt. Jeg vil taka 7. tölulið til dæmis uppá, hvað mál þetta er vafasamt, hinn skarpvitri þingmaður Reykvíkinga færði með skarpleik sínum og lagakunnáttu margar og góðar ástæður fyrir máli sínu gegn yfirskoðunarmönnum; og ímynda jeg mjer, að svo gæti farið með fleiri töluliði, ef þeir hefðu eins skarpvitra varnarmenn, og varnarmenn, sem tækju sjer eins mikið af hinum töluliðunum, og hann af þessum. Þá koma þessar margræddu 2000 kr.; jeg vil spyrja, hvort nú sje gjörlegt að vera að tala um þær í þessu skyni, eptir að stjórnin hefur sent fjárlagafrumvarpið 1875, eptir að þingið hefur samþykkt það, og eptir að konungur hefur sjálfur staðfest það. Getur eptir allt þetta komið til greina að skila aptur þessu fje? Jeg er nefndinni samdóma, að því skuli sleppa í þetta sinn, og ekki einungis í þetta sinn, heldur og um aldur og æfi; jeg ætla heldur ekki að tala meira um það í þetta sinn. Þá eru þessar 208 kr. fyrir hestinn. Hesturinn, sem drapst, vor kominn úr umsjón póstmeistarans, það var verið að flytja hann heimleiðis, nú vil jeg spyrja: hver á að endurborga hann? er það postmeistarinn, sem fjekk hann? eru það mennirnir, sem ráku hann, og engin sök vori í dauða hans, eða eigandinn, sem þó var minnst sök í því? Jeg vil segja, þó einhver af þeim, sem hlut eiga að máli, væri í hjeraði dæmdur til að borga hann, þá gæti vel verið, að yfirrjetturinn dæmdi öðruvísi; jeg get því eigi annað en fellt þessa uppástungu. Þá eru þessar 300 kr., sem veittar voru tveimur sonum eins heiðursmanns hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis. Jeg ætla ekki að leiða rök að því, hvort þessi fjárveiting sje rjett eða eigi, það hafa þeir gjört, landshöfðingi og þingmaður Reykvíkinga, og jeg ber heldur ekki kvíðboga fyrir því, að þessi heiðursmaður sjái eptir að borga þessar krónur, því að hann hefur gefið mörg 300 kr. til menntunar landa sinna. En þó hann eigi

sjái eptir þeim, þá get jeg vel skilið, að honum þyki það ónotalegt, að þær sjeu af sjer aptur heimtaðar, úr því þær einu sinni voru greiddar, og kurteysi er það ekki við slíkan sæmdarmann. Hvað hina einstöku töluliði snertir, þá skal jeg ekki um þá tala, en jeg held og þori að fullyrða, að almenningur óskar þess, að landshöfðingja sje engin ókurteysi sýnd í þessu máli. Það er kunnugt, að lífssaga hans er samrunnin við frelsissögu Íslands; hann hefur bezt stutt að því, að vjer næðum því frelsi, sem hægt var að ná, og með einstökum dugnaði reynt að miðla málum milli vor og stjórnarinnar, og opt fengið vanþakkir, ef ekki hjá hinum málspartinum, þá hjá oss. Hann hefur með framúrskarandi dugnaði kynnt sjer hagi vora og stutt hvað eitt, sem hann hefur álitið gott og landinu til framfara. Hinn háttvirti endurskoðunarmaður, sem er í þessari deild, hefur, að jeg ætla, tekið það fram, að aðfinningar hafi jafnvel verið af kærleika við landshöfðingjann, og hefur hann þá fylgt þessari reglu Ovidiusar: Etsi nullus erit pulvis, tamen excute nullum (og þó það sje ekkert dupt, þá dustaðu þetta ekkert). Jeg lái ekki yfirskoðunarmönnum, þó þeir vektu máls á öllu, sem þeim þótti vafasamt. En það er skylda deildarinnar, að samþykkja það eitt, sem er vafalaust að sje rjett. Þegar um það er að ræða, að skila aptur fje, sem látið hefur verið af hendi án ranglætis, í því skyni að það sje rjett goldið og tekið við einnig sem rjett greiddu, þá fylgi jeg hvervetna þeirri reglu, að greiða atkvæði móti endurborgun, nema jeg sjái, að það sje fyllilega á móti lögum. Jeg vil geta þess um 16. tölulið, að þessi endurborgun, sem þar er farið fram á, er að mínum skilningi ekki rjett, og getur þar að auki vel verið nóg til þess, að styggja skap þess manns, sem lengi hefur kennari verið með heiðri og sóma, en með litlum launum; því að jeg er viss um, að hann mun taka sjer þetta mjög nærri, og telja þetta vanþakklæti við sig.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Á bls. 29 í athugasemdum yfirskoðunarmanna 1876, stendur, að hjeraðslæknisinn í Þingeyjarsýslu hafi verið settur 12. sept. 1874, og því átti hann að fá laun eptir konungsúrskurði 10. maí 1867. Í þessum konungsúrskurði er sagt í 1. tölulið, að úr læknasjóðnum skuli veitast læknaefnum 400 rd. styrkur árlega hverjum þeirra og 100 rd. viðbót fyrir hver 3 ár. Þessi læknir var þá skipaður 12. sept. 1874, og gat fyrst eptir 3 ár haft rjett til að fá 100 rd. í viðbót, en samt fær hann frá 1. jan. 1876 83 kr. 33 a. um mánuðinn í 8 mánuði, í staðinn fyrir 66 kr. 66 a. Munurinn á þessu mánaðargjaldi er alls 133 kr. 38 a., sem farið er fram yfir úrskurðinn 10. maí 1867. Þingmaður Reykvikinga hefur ætlað að jafna á nefndinni með því að fara fram á, að læknirinn fái laun sín eptir læknislaunalögum 15. okt. 1875; en til þess hefði orðið að veita honum læknisembættið eða skipa hann í það af nýju. Þetta leiðir mig til að styðja það, sem landshöfðingi sagði í gær; ef það hefur átt sjer stað, sem nefndinni var ókunnugt um, að læknirinn hafi fengið laun sín eptir samningi. Hefði læknirinn í Þingeyjarsýslu átt að fá laun eptir læknalaunalögunum, þá hefði hann átt að vera skipaður samkvæmt þeim í hið tiltekna læknishjerað. Af þeim umræðum, sem hafa fram farið, sjezt, að nefndin hefur ekki verið of lin, því að allar ræður manna hafa beinzt á móti henni, þar sem hún hefur fylgt yfirskoðuninni. Nefndin hefur reynt að leysa af hendi starf sitt eptir því, sem hún hafði vit á að væri rjettlátt og sanngjarnt í alla staði. Það hefur sýnt sig, að orðtækið forna væri eigi jafnan sannyrði: «medium tenuere beati», því að nefndin hefur mátt heyra frá varafor-

seta, að hún hafi verið of tilslökunarsöm við landshöfðingja, en öðrum deildarmönnum hefur þótt hún helzt til of hörð. Nefndin getur þó huggað sig við það, að hún hefur ekki misskilið deildina, og farið bæði gætilega í kröfum sínum, og sýnt hóflega tilslökunarsemi.

Landshöfðingi: Þó konungsúrskurður 10. maí 1867 ákveði, að veita megi læknum þeim, er ræðir um, 400 rd. eða 800 kr. árlegan styrk, þá er það aðgætandi, að ráðgjafinn hafði yfirstjórn læknasjóðsins 1874, og því hefur ráðgjafabrjef 26. febrúar 1874 gefið landshöfðingja fulla heimild til að veita lækninum í Þingeyjarsýslu þau hærri laun, sem honum hafa verið veitt. Á þessu brjefi er samningurinn byggður, og því get jeg ekki sjeð, að tillögur yfirskoðunarmanna sjeu á rökum byggðar. Út af orðum þingmanns Reykvíkinga um embættislaun og þóknun, vil jeg geta þess, að ef deildin aðhyllist skoðun yfirskoðunarmanna, þá mundi þetta valda landssjóðnum meiri kostnaðar, og það er einmitt sparnaður, að lögin um stofnun læknaskólans koma ekki í gang frá dagsetningu þeirra, því að þá hefði átt að konstituera hinn kennarann samkvæmt 3. gr. laganna. Að endingu vil jeg geta þess, að reikningurinn fyrir 1875 er þessu máli óviðkomandi, og jeg vil ráða deildinni til, að sleppa endurskoðun hans.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil út af orðum varaforseta geta þess, að jeg er þakklátur yfirskoðunarmönnum fyrir það, að þeir hafa komið fram sem góðir málsfærslumenn landssjóðsins, og jeg er þakklátur nefndinni og deildinni fyrir þá vægð og málamiðlun, sem sýnd hefur verið í þessu máli. Jeg álít þá stefnu alveg rjetta, og vona, að hún leiði til góðs, að einungis eru nú fá atriði, sem lítur út fyrir að ágreiningur muni verða um, og vil jeg því geta þess, að mjer þykir ekki ráðlegt að stofna ráðgjafanum í fleiri mál út af ráðstöfunum þingsins, en hann nú hefur; en mjer heyrðist á ræðu framsögumanns, að hann vildi eigi hika við það. Nú hafa þegar verið höfðuð 3 mái gegn ráðgjafa vorum út af ákvörðunum þingsins í hitt eð fyrra, sem hann getur orðið leiður á, þegar til lengdar leikur; mjer finnst því ekki rjett að bæta við enn fleiri málum. Vjer megum vera þakklátir ráðgjafa vorum fyrir það, hvernig hann hefur fylgt fram málum vorum, bæði með frjálslyndi í málum þeim, er þingið hefur sent frá sjer, og einnig með því að taka að sjer málstað vorn, þegar á hefur legið; það er eigi gleymt, að þegar einn þinggarpur Dana á ríkisþinginu í fyrra lagði þungar sakir á alþingið, og sagði, að það brúkaði ágengni og rangsleitni við danska þegna, þá tók ráðgjafinn svari vor Íslendinga svo, að hann varð að þagna.

Varaforseti: Það hefur komið sú skoðun fram, að landstjórnin hefði ótakmarkað vald yfir því fje, sem ætlað er til óvissra útgjalda, en til þess að sýna, að þessu er ekki svo varið, vil jeg benda mönnum á, hvað stendur í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876—77 (Alþ.tíð. 1875, bls. 41); þar er sagt, að hin óvissu útgjöld sjeu einkum til minni háttar byggingarkostnaðar, og til ferðakostnaðar handa embættismönnum, er fara frá Danmörku til Íslands. Hjer eru nefnd 2 atriði, sem óviss gjöld eru einkum ætluð til. Landshöfðingi ljet á sjer skilja, að ráðgjafinn og landshöfðinginn væru bærir um að breyta konungsúrskurðum, en til þess hafa þeir hvorugur neinn rjett. Alþingi getur ekki breytt konungsúrskurðum nema með lögum, og hafi ráðgjafinn eða landshöfðinginn veitt manni meiri laun, en honum bar eptir konungsúrskurði, ber þeim að endurgjalda það.

Þá var gengið til atkvæða um tillögur nefndarinnar í málinu »frumvarp til laga um samþykkt á reikningum« um tekjur og

útgjöld Íslands á árunum 1876 og 1877», og var þeirra

1. liður samþykktur með 14 atkv.
2. — — — 18 —
3. — tekinn aptur að sinni.
4. — samþykktur með 16 atkv.
5. — tekinn aptur að sinni.
6. — samþykktur með 14 atkv.
7. — tekinn aptur að sinni.
8. — samþykktur með 17 atkv.
9. — — — 14 —
10. — — — 17 —
11. — — — 17 —
12. — — — 13 — gegn 7, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórður Þórðarson.

13. liður samþykktur með 18 atkv.
14. — felldur með 11 atkv. gegn 9.
15. og 16. liður teknir aptur að sinni.
17. liður samþykktur með 14 atkv.
18. — — — 18 —
19. — — — 16 —
20. liður (a—e) tekinn aptur að sinni.
21. — samþykktur með 15 atkv.
22. — — — 16 —
23. — — — 18 —
24. — — — 18 —
25. til 29. tölul. teknir aptur að sinni,

Síðari umræða í neðri deild á 59. fundi, 25. ágúst.

Tillögurnar, eins og þær voru samþykktar við fyrri umræðu í neðri deildinni, sjá I 498—499.

Breytingartillaga, sjá I 527.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg vona, að umræðurnar um þetta mál þurfi eigi að vera langar, því það hefur áður verið rætt svo rækilega og önnur breyting er eigi framkomin, en sú eina breyting, er ráðgjörð var við reikningamálið, að bætt sje inn milli 2. 2: og 3. 14. 2.: «Eptirstöðvarnar á þessum tekjulið færist upp um 221 kr. 18 a.», og skal jeg geta þess, að 14., 16. og 17. tölul. og svo þessi, sem verður 3. tölul., munu nema alls 1766 kr. 50 a., ef engin af upphæðum þeim, er yfirskoðunarmenn tilgreint hafa, var komin í landssjóð fyrir lok fjárhagstímans 1876—77. Þessar 1766 kr. 50 a. verða taldar með geymslufje landssjóðs í byrjun ársins 1878. En það er sjálfsagt, að yfirskoðunarmenn reikninganna 1878 og 1879 munu ganga eptir þessum tölum. Jeg skal geta þess, að nefndin við 2. umræðu um reikningsfrumvarpið tók aptur 27. tölul. á atkvæðaskránni löngu, það er að segja athugagreinina við útgjöldin til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Nefndin hugsaði sjer, að taka nokkrar tölur yfirskoðunarmannanna til greina, og nokkuð af upphæðinni 283 kr. 65 a. En nefndin hefur þó eigi gjört þetta af þeirri ástæðu, að þetta eru gjöld, er greidd voru 1875, og þótti henni það þá eigi tilhlýðilegt, einkum þar sem þingsályktun sú hefur verið samþykkt, að yfirskoðunarmennirnir fari yfir

reikningsyfirlitið 1875; þá kemur þessi upphæð þar til greina sem annað; en skyldi svo fara, að yfirskoðunarmönnunum yrði neitað um skilríki, þá hafa þeir þó gleði þá, að geta tekið upp þessa fjárkröfu. Jeg vona þó, að þetta sje heldur huggun fyrir þá.

Varaforseti: Jeg skal leyfa mjer að spyrja framsögumann, hvort upphæðirnar undir 14., 10. og 17. tölul. í tillögum nefndarinnar inni felist eigi í þeim upphæðum, er dregnar hafa verið inn í eptirstöðvarnar. Jeg skal leyfa mjer að benda framsögumanni á, að þessar tölur eru tölur úr viðskiptaliðnum eins og nákvæmar má sjá á athugagreinum yfirskoðunarmanna og tillögum þeirra á tilvitnuðum stað. Það ríður á að þessar upphæðir, ef þingið tekur þær til greina, sjeu nákvæmlega tilgreindar og lagðar við eptirstöðvarnar frá fjárhagstímabilinu 1876 og 1877, svo að hinir nýju yfirskoðunarmenn landsreikninganna fyrir 1878 og 1879 gæti þess, að þær sjeu taldar með eign eða peningaforða landssjóðs 1. janúar 1878. Rjettara væri að reikna þessar upphæðir þegar með tekjum landsins á fjárhagstímabilinu 1876 og 1877, en sökum þess að þetta getur valdið ruglingi í hinum eldri reikningi, get jeg látið mjer lynda, að þær teljist með eptirstöðvum tekjumegin á fjárhagstímabilinu 1878 og 1879. Þetta munar landssjóðinn, allt eptir því hvernig reiknað er, frá 1700 til rúmra 2000 króna. Jeg skal því benda framsögumanni á, að það ríður á að taka nákvæmlega fram, hverjar upphæðir hann leggur til að þingið samþykki að teknar sjeu inn á eptirstöðvaliðinn frá 1876 og 1877. Þingmönnum er þetta mál svo óljóst sem von er til, að þess meira ríður á, að allt sje í skorðum og fast ákveðið, áður en þeir greiða atkvæði. Kemur hjer fram, hversu viðurhlutamikið það flaustur er, sem við er haft í öllum málum nú undir þinglok. Yfirskoðunarmenn reikningsins 1876 og 1877 eiga heimting á, að tillögur þeirra sjeu vel hugleiddar og vel ræddar, og að ekki sje vefengt nema með góðum, gildum og ljósum rökum.

Framsögumaður: Hjer er eigi að ræða um annað en að koma vissri upphæð inn í tekjuleifarnar 1878. Eptir áskorun hins háttvirta varaforseta, skal jeg skýra frá, hvernig jeg fæ upphæð þá 1766 kr. 50 a., er jeg gat um. Ef vjer flettum upp viðskiptaliðnum (34. tölul.) í tillögunum fyrir 1876, þá finnum vjer upphæðir þessar við A. 1., 3. og 6.: 171 kr. 20 a., 72 kr. og 17 kr. 20 a., og við B. 9, 10. og 13.: 54 kr. 87 a., 125 kr. og 250 kr. 13 a., og í tillögunum 1877 við B. 6.: 854 kr. 92 a, og svo er bætast hjer við þær 221 kr. 18 a., er standa eptir af tekjum landssjóðsins af fasteignum hans, þá mun koma upp tala sú, 1766 kr. 50 a., er jeg fyrst gat um. Tekjuleifarnar frá 1877 ættu því að vera þessum mun hærri, ef tillögur þessar eru áreiðanlegar, sem jeg eigi efa.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var

1, breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum;
2, tillögurnar með áorðinni breytingu samþykktar í einu hljóði.

Kvað forseti málið nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Einu umræða í efri deild á 53. fundi, 26. ágúst.

Tillögurnar, eins og þær voru samþykktar við síðari umræðu í neðri deildinni, sjá I 552—553.

Engar umræður urðu um málið, og var það samþykkt með samhljóða atkvæðum, og síðan afgreitt til landshöfðingja sem ályktun frá alþingi.

XXIX. YFIRSKOÐUN LANDSREIKNINGANNA.

A.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni í málinu: »Álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna árin 1876 og 1877». Sjá I 485.

Á 55. fundi neðri deildar, 22. ágúst, var í einu hljóði samþykkt að hafa eina umræðu um þessa uppástungu.

Ein umræða í neðri deild á 57. fundi, 23. ágúst.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Deildinni mun kunnugt, að það eru 3 atriði í reikningamálunum milli Íslands og Danmerkur, sem enn eru óútkljáð. Margar ritgjörðir hafa verið skráðar um þetta efni, en málið er þó óútkljáð enn. Nefndin í málinu um tillögur yfirskoðunarmannanna áleit sjer skylt, að vekja athygli þingmanna á því, að deildin gjörði nú sitt sárasta til að fá enda á málum þessum, og sá nefndin ekkert annað ráð vænna, en að fela yfirskoðunarmönnunum það á hendur. Nefndin gjörði ráð fyrir, að deildin mundi kjósa svo skarpvitra yfirskoðunarmenn nú sem áður, og mundi þá málið bezt komið í þeirra höndum. Í nefndarálitinu, hefur nefndin í 3. gr. 4. bls. fært rök að því, að hversu vandlega sem yfirskoðunarmenn hafa farið út í þetta mál, þá hafa þeir þó aldrei komizt að botninum, sem eigi var heldur við að búast. Jeg get búizt því, að deildin muni segja, að ekkert komi út af þessu, og að loku sje skotið fyrir, að menn geti yfirfarið reikningsyfirlitið fyrir 1875. En það var eigi meining nefndarinnar, að yfirskoðunarmennirnir skyldu gjöra meira, en þeim er mögulegt. Af því að vjer vonum, að annar yfirskoðunarmannanna verði lagamaður, þá munu tillögur hans hyggilegar um það, hvort tiltækilegt sje að höfða mál gegn ríkissjóðnum út af lestagjaldinu, af póstgufuskipunum o. s. frv.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að eins að leita upplýsinga um, hvað átt er við með orðunum «frá upphafi». Styrktarsjóðurinn hefur fengið þetta nafn sitt 1844, en er það tilætlunin, að rannsaka eigi einnig hinn fyrri kollektusjóð frá 1796.

Arnljótur Ólafsson: Ætlun nefndarinnar var, að ástand sjóðsins væri rannsakað frá upphafi, það er bæði kollektusjóðurinn og styrktarsjóðurinn.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg get fallizt á það, sem stendur undir staflið b., en eigi á það, er stendur undir c. Mjer virðist undarlegt, að nú, þegar vissa er fengin fyrir því, að lestagjaldið verði af numið, að fara þá að höfða málsókn út af því; enda er jeg hræddur um, að enginn árangur mundi af því verða, nema málskostnaður og talsvert fjárframlag úr landssjóði.

Varaforseti Jeg er eigi samdóma 1. þingmanni Suðurmúlasýslu. Ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að höfða mál, þá er hægra að höfða málssóknina um vissa, ákveðna upphæð; en það er hægt, að reikna nákvæmlega út þá upphæð, sem landssjóðurinn hefur farið varhluta af; og jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að landssjóðnum hafi verið gjörður órjettur, og brotin á oss lög.

Þá var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. liður («a») samþykktur með 20 atkvæðum.
2. — («b») —— — 20 ——
3. — («c») —— — 20 ——

Þingsályktunin öll í einu lagi samþykkt með 20 atkvæðum.

Kvað forseti hana mundu verða afgreidda til efri deildarinnar.

Ein umræða í efri deild, á 53. fundi, 26. ágúst.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og kvað leyfi landshöfðingja fengið til að ræða uppástunguna á þessum fundi, ef samþykki deildarmanna fengist, og var það samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Umræður urðu engar, og var uppástungan samþykkt með samhljóða atkvæðum sem ályktun frá alþingi.

B.

Kosning yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árin 1878 og 1879.

Í neðri deild fór fram kosningin á yfirskoðunarmanni af hennar hálfu á 58. fundi, 25. ágúst. Fyrir kosningu varð 1. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, *Dr. philos. Grímur Thomsen*, með 18 atkvæðum.

Í efri deild fór kosning á yfirskoðunarmanni af hennar hálfu fram á 53. fundi, 26. ágúst, og var hinn 5. konungkjörni þingmaður, *yfirdómari Magnús Stephensen*, kosinn yfirskoðunarmaður með 10 atkvæðum.

XXX. BYGGING ALÞINGISHÚSS.

Uppástunga til þingsályktunar um bygging á húsi handa alþingi og söfnum landsins. Frá fjárlaganefnd neðri deildar. Sjá I 368.

Á 43. fundi neðri deildar, 15. ágúst, var samþykkt með 13 atkvæðum að hafa 2 umræður um uppástungu þessa.

Fyrri umræða í neðri deild, á 46. fundi, 18. ágúst.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Þótt jeg ekki hafi talað við meðnefndarmenn mína, skal jeg leyfa mjer að víkja við tilhögunaruppástungunni um nefndina til umsjónar byggingu þessa alþingishúss. Jeg ræð til, að nefnd sje sett af 2 mönnum neðri deildar og 1 efri deildar, og að sú þriggja manna nefnd leiti atkvæðis og ráða byggingarnefndar bæjarins viðvíkjandi grundvelli hússins. Jeg játa, að þessi tillaga er ekki fundin upp af mjer, en vona, að hin heiðraða deild játi hana betri en þá, sem hjer liggur fyrir, einkum þar sem hjer er tekið tillit til landsstjórnarinnar og byggingarnefndar bæjarins. Að einskorða umsjónina við þingnefnd, er og skakkt að forminu til, þar sem þingmenn eru horfnir frá öllum störfum og sýslunum, sem þingmenn, þegar þinginu er sagt upp. Jeg vona því, að þessi tillaga mín með leyfi forseta gangi til 2. umræðu.

Forseti: Jeg ætlast til, að breytingaruppástungur í þessu máli sjeu bornar upp við síðari umræðu málsins. Að öðru leyti má gjarnan ræða þessa tillögu nú, enda kunna fleiri þingmenn að koma með breytingartillögur í málinu.

Páll prestur Pálsson: Mjer skilst ekki betur, en að þetta mál heyri einungis undir sameinað þing.

Forseti: Mjer blandast ekki hugur um það, að þetta mál gengur rjetta leið, fyrst til þessarar deildar og síðan til hinnar efri. Það kom fyrst fjárlagaveginn. Engin mál verða borin undir báðar deildir sameinaðar í einu, eptir þingsköpum og eðli hlutarins.

Framsögumaður: Það er auðvitað, að neðri deild þingsins fjallar ekki ein um mál þetta, heldur allt þingið. Hvað mína tillögu snertir, skal jeg tala við meðnefndarmenn mína; skyldu þeir hafna minni breytingu, þá skal jeg ekki halda henni til streytu, ef málið samt gengur fram.

Landshöfðingi: Jeg er þakklátur hinni heiðruðu fjárlaganefnd fyrir hennar góðu undirtektir í þessu máli, og skal jeg styðja það fyrir mitt leyti, eins vel og mjer er unnt. Jeg verð að álíta það bæði eðlilegt og hagfellt, að þingið kjósi þingnefnd, sem hafi atkvæði og eptirlit með byggingu hússins. Annars ræð jeg til, að byggingin sje boðin á uppboði, því með því eina móti er hægt að ráða kostnaðinum til hlítar og fyrir fram. Ef þingið skyldi aðhyllast breyting varaforseta, skal jeg geta þess, að jeg skal ekki vera því mótfallinn, að umboðsstjórninni sje falið á hendur eptirlit með verkinu í sambandi við nefndina, þannig að landsstjórn og nefnd í sameiningu standi fyrir byggingu hússins.

Tryggvi Gunnarsson: Hvort sem nefnd-

in ein eða landsstjórn og nefnd í sameiningu standa fyrir byggingunni, eru tveir vegir til, annar er licitation eða undirboðsvegurinn, sem mjer skildist að landshöfðingi ætlaði að velja, en hinn er sá, að þeir, sem fyrir standa, stýra smíðinu og framkvæmd allri, fyrir reikning landssjóðsins. Með hinu síðar nefnda vildi jeg heldur mæla. Sparnaðurinn getur að vísu orðið eins mikill gegnum undirboðsaðferðina, en með þeim hætti er miklu minni trygging fyrir, að allt verði sem vandlegast gjört. Þegar nefndin er verkstjóri fyrir landssjóðinn, þá getur hún sjeð um, að fá góða smiði innlenda, og að allt efni sje gott, og því traustlega fyrir komið, en sje verkið afhent vissum manni fyrir fullt og allt, þá eiga menn á hættu, að byggingunni verði hroðað af og reynt að spara í hverju einu, sem hægt er.

Framsögumaður: Jeg skal bæta því við, sem jeg tók áður fram, að menn mega ekki ætla, að nefndin starfi neitt verulegt á þessu þingi, það skyldi þá vera, að hún kæmi sjer saman við byggingarnefnd bæjarins um hússtæðið. Einungis verður þingið að treysta nefndinni sem sjálfu sjer, og fela henni fastlega, að sjá um, að húsið verði sæmilegt þjóðinni, vandað og vel byggt og stórhreinlegt sýnum. En ekki má það kosta meira fje, en fjárlögin gjöra ráð fyrir.

Forseti: Jeg veit ekki, hvort öllum er ljós þessi nefnd, sem talað er um; getur verið, að sumir skilji það þannig, að þessi nefnd eigi að vera milli-þinga-nefnd samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar, en þá er jeg samdóma framsögumanni, að slík nefnd geti eigi átt sjer stað. En hvað framkvæmd þessarar nefndar nú þegar snertir, þá mega þingmenn ekki búast við neinu sökum tímaleysisins, nema jeg ímynda mjer, að hún gæti verið búin að velja stað fyrir húsið í sameiningu við byggingarnefnd bæjarins, áður en þingi er sagt upp. Öðrum ákvörðunum viðvíkjandi byggingu þessari get jeg ekki skilið að þingmenn geti nú ráðstafað, bæði sakir skorts á tíma og þekkingu málsins.

Framsögumaður: Jeg skal þá leyfa mjer að geta þess, að sumum þingmönnum hefur dottið í hug, að ákjósanlegasta alþingishússtæði væri Arnarhóll, sem svo vel vill til að stendur á opinberri eign, eða á túni landshöfðingjans. Þetta er nú einasta bending og fljótur hugarburður minn, en engin bein tillaga, enda þyrfti hjer samkomulag um bæði þings, byggingarnefndar og landshöfðingjans.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer skilst svo á forseta, sem þingmenn gætu ekki milli þinga blandað sjer inn í, hvernig byggingunni skuli haga, og verkið framkvæmt; ekki skil jeg í því, en þó svo sje, þá finnst mjer að menn ættu að láta óskir sínar í ljósi um það, hvernig haga skuli samningnum í upphafi. Mjer skilst, að þingmönnum sje ekki ljóst, hver afleiðingin verður af hinum tvenns konar byggingar-samningi, er jeg talaði um áðan. Ef byggingin er boðin upp við «licitation» og seld þeim í hendur, er lægst býður, þá hefur hann öll umráð yfir henni, kaupir allt efni og ræður alla verkamenn sjálfur, um þetta hefur enginn annar neitt að segja; náttúrlega reynir hann að spara allt, hvað hann getur, og eigi eyða meiru en að eins svo, að hann verði eigi ákærður um samningsrof. En ef nefnd manna er valin, sem hefur ráðsmennsku yfir byggingunni fyrir landssjóðinn, þá ræður hún öllu um kaup á efni, og hverju því, er að verki lýtur. Líklegt er, að með þessu móti verði byggingin dýrari, en sjálfsagt traustari og betri. Milli þessa hefur þingið að velja.

Forseti: Jeg hef skilið svo tillöguna, að allt verkið eigi að felast framkvæmd nefndarinnar. Allt um það geta þingmenn tekið fjörlega til máls og sagt tillögur sínar, því slíkt er nefndinni gott og nauðsynlegt að heyra, áður en hún byrjar starfa sinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er nú meðmæltur þessu máli í sjálfu sjer. Það hefur verið tekið fram, að nefnd sú, sem kosin yrði til að standa fyrir hússmíðinu, leitaði ráða hjá byggingarnefnd bæjarins hjer; þetta er sjálfsagt, því sú nefnd getur verulega

stutt hina, ekki einungis, eins og tekið var fram, með því að velja staðinn. Þingmaður Suðurmúlasýslu vill síðan, að verk þetta sje gjört falt við undirboð, en jeg ætla, að það mætti vel fara, úr því nefndin og landsstjórnin eru annars vegar til eptirlita; nefndin getur allt um það samið svo við smiðinn, að hann fylgi ráðum og vilja nefndarinnar, þar sem hún vill öðru vísi til haga en hann, og haganlegra virðist. Um allt of mikinn sparnað vil jeg ekki tala; 1—2 þúsundir krónur gjöra minnst til, en jeg legg áherzluna á, að hússmíðin sje vönduð.

Framsögumaður: Um fyrirkomulagið hefur að eins verið lauslega talað í nefndinni. Þó er ætlan vor sú, að óhentara sje að selja byggingarverkið við undirboð; jeg er alveg á sama máli og þingmaður Suðurmúlasýslu og fleiri þingmenn, að það sje ekki ráðlegt, eins og um hitt, að verkið eigi að vera traust, og húsið, eins og jeg áðan sagði, stórhreinlegt. Nefndin gjörði rjettast, eptir minni meiningu, að semja við smiði upp á daglaun og láta þá starfa undir daglegu eptirliti.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst verkinu megi haga með ýmsu móti; nefndin getur skipt verkum milli margra, eins og henni þykir bezt eiga við. Að öðru leyti er jeg framsögumanni samdóma um, að öruggast væri, ef nefndin gæti daglega haft eptirlit á verkinu, en slíkt ímynda jeg mjer að yrði örðugt í framkvæmdinni. Duglegan yfirsmið þarf um fram allt að fá; væri gott ef hann væri Íslendingur, en ef hans er ekki kostur, þá sje jeg ekkert á móti því, að hafa útlendan smið. Annars verður þessi tilhögun að hvíla á nefndinni og landshöfðingja í sameiningu. Aðalmálið er, að húsið verði svo traust og laglegt og um leið svo ódýrt, sem kostur er á.

Einar Ásmundsson: Af því skoðanir manna stefna nokkuð á sinn veg hver, er nauðsynlegt, að sem flestir láti skoðun sína í ljósi. Jeg er nú ekki á sömu skoðun og þingmaður Reykvíkinga um það, að hafa eins vel útlendan yfirsmið. Jeg kýs íslenzkan mann til þess að byggja íslenzkt alþingishús. Innlendir smiðir eru komnir svo vel á veg að byggja hjer í höfuðstaðnum stæðileg og snotur hús, að jeg hvorki vantreysti þeim til nje vorkenni, að leysa þetta starf vel af hendi. Hvað það snertir, að þeir, sem nú eru þingmenn, hætti að vera það, þegar þessu þingi er slitið, eins og varaforseti virðist álíta, þá skoða jeg það nokkuð á annan veg. Eptir stjórnarskránni 14. grein erum vjer alþingismenn kosnir til fullra 6 ára eða þangað til kosnir eru nýir þingmenn í vorn stað. Eptir 6. gr. í stjórnarskránni getur konungur stefnt saman alþingi til aukafundar, þegar þörf gjörist, og ef þetta skyldi koma fyrir á næsta sumri, þá er sjálfsagt, að það yrðu kallaðir til þings sömu þingmenn, sem nú eru, af því þeirra tími er ekki á enda fyrri en 6 árin eru liðin, nema þing sje rofið. Að öðru leyti segir það sig sjálft, að ekkert er eðlilegra, en að alþingi kjósi sína eigin menn til að sjá um bygging síns eigin húss; ekki er hitt síður sjálfsagt, að smíði hússins sje falið íslenzkum smið, ef hann er til, eins og jeg álít vera. Útlendir smiðir og þeirra smíði hefur ekki ætíð reynzt betur en vel. Það er skemmst síðan útlendur meistari byggði vörðu suður á Reykjanesi, er mun hafa orðið full dýr.

Framsögumaður: Jeg er ekki samdóma þingmanni Reykvíkinga, að undirboð geti verið hentugt; því allir sjá, að þegar samningur er gjörður við yfirsmiði, verður eptirlitið úr því bæði lítið og torvelt, enda þótt sá, sem samdi, hafi áskilið sjer meira eða minna eptirlit.

Páll prestur Pálsson: Útlendan smið vil jeg með engu móti; nógir innlendir smiðir eru til. Alþingishús eptir útlendan smið yrði mjer ekki hálf ánægja að horfa á, hjá því ef jeg sæi þar hagleik einhvers landa míns.

Þorlákur Guðmundsson: Hvað það snertir, að þinghúsbyggingunni verður ekki lokið, þegar nefndarmenn þingsins hætta að vera þingmenn, þá finnst mjer, að það gjöri lítið

til, því úr því nefndin er sett, og tekin til starfa, er hún ekki bundin við þingmennsku, heldur þá sjerstöku skyldu, sem hún á upp að fylla. Annars liggur beinast við, að hún semji við smið, og ætti hann sjálfsagt að vera íslenzkur maður; innlenda smiði má fá nóga og það bæði góða og ötula. Að öðru leyti má setja þeim þá skilmála, sem þykir við eiga, til þess að eptirlit nefndarinnar geti orðið sem tryggast. Að húsið verði gott og varanlegt, álít jeg meira áríðandi en hitt, að hafa það stásslegt, en stórhreinlegt ætti það að vera, eins og varaforseti sagði, þó það verði að því skapi dýrara.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að tala fátt um þetta mál. Mjer virðist, að eigi sje hægt að ræða margt um málið sjálft, heldur að eins um það, hverjir skuli standa fyrir byggingunni. Mjer finnast meiningarnar vera nokkuð óljósar um eitt mikilsvert atriði, og það er, hvort landsstjórnin á að hafa umráð með nefndinni, eða vera fyrir utan hana, eins og mjer heyrðist vera meining þingmanns Reykvíkinga. Jeg skil þá ekki í þeirri hlíð við landsstjórn vora. Annað, sem mjer er óglöggt, er, hvort nefnd þessi á að vinna fyrir þóknun eða án þóknunar fyrir starfa sinn. Að Íslending sje falin þessi bygging, tel jeg rjettast og viðfelldnast.

Framsögumaður: Í þeim vísi til breytingartillögu, sem jeg drap á áðan, var meining mín sú, að í þessa nefnd skyldi valinn 1 maður úr efri deild og 2 úr neðri deild, og þessi nefnd skyldi í sameiningu við landshöfðingja tiltaka, hvar húsið skuli standa, með umráði byggingarnefndar bæjarins, og síðan hafa umsjón með húsbyggingunni. Meiningin getur alls ekki verið, að ganga fram hjá landsstjórninni, heldur á hún að taka allan þátt í þessari umsjón, sem henni getur eðlilega borið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skyldi vel meiningu framsögumanns, en jeg talaði um uppástunguna, sem lá fyrir, og beindi helzt orðum mínum til hins heiðraða þingmanns Reykvíkinga.

Þá var umræðunni lokið án atkvæðagreiðslu.

Síðari umræða í neðri deild á 50. fundi, 20. apríl.

Breytingartillögur sjá I 453. 513.

Framsögumaður: Hjer liggur fyrir breytingartillaga frá 6 þingmönnum, og er ekki stungið upp á annari breytingu en þeirri, að í nefndinni skuli ekki vera nema 3 þingmenn, og sje jeg ekkert til fyrirstöðu, að hún komist að, ef þinginu lízt svo. Jeg vil taka það fram, að hvort sem þessi nefnd verður skipuð 3 eða 5 þingmönnum, þá er ekki ætlazt til, að henni verði goldinn einn eyrir fyrir störf sín, og vona jeg, að þingmenn sjeu allir samdóma um það, að svo skuli vera.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er framsögumanni samdóma að nokkru leyti, að tillagan fari fram á, að 3 þingmenn sjeu í nefndinni, en ekki 5, en í henni felst einnig það, að vjer vildum taka af allan vafa, sem felst í orðum breytingaruppástungu nefndarinnar: «til þess í samráði við landsstjórnina o. s. frv.». Mjer finnst, að í þessum orðum geti legið, að nefndin hafi jafnrjetti við landsstjórnina, en hjelt að hún ætti einungis að vera í ráðum með henni. Ef nefndin hefði sama atkvæði og landsstjórnin, þá ætti hún líka að hafa sömu ábyrgð, en það veit jeg að framsögumaður vill ekki.

Framsögumaður: Að tölunum undanteknum finnst mjer sama, hvor tillagan verður tekin. Það er sjálfsagt, að nefndin hefur siðferðislega ábyrgð, þó því að eins að landsstjórnin fylgi tillögum hennar. Þar á móti mun öll peningaábyrgðin hvila á landsstjórninni. Hvort í nefndinni verða 3 menn eða 5, stendur á sama; það er að eins hægra fyrir 5 að skipta með sjer verkinu.

Arnljótur Ólafsson: Vjer álítum, að deildin hefði ekki völ á svo mörgum byggingarfróðum mönnum og smekkmönnum, að hún gæti valið 5 menn, enda álítum vjer, að 3 menn væru nóg. Jeg álít það einnig

undir verðung húsnefndarinnar, að vera að fara opt inn í hústóptina og sjá, hvernig menn standa að verki, og því sje meiri þörf á, að nefndin sje vel skipuð, en að hún sje fjölskipuð.

Framsögumaður: Það hefur komið til tals að kjósa í þessa nefnd einn mann, sem ekki verður hjer í Reykjavík, en honum er ætlað annarsstaðar að útvega efni til byggingarinnar. Þess vegna álít jeg betra að kjósa heldur 5 alls en 3. Þar sem þingmaður Norðurmúlasýslu áleit, að það væri fyrir neðan virðing nefndarinnar að koma opt að húsinu og líta eptir verkinu, þá er svo langt frá, að jeg álíti þetta fyrir neðan virðing nefndarinnar, að jeg álít það beina skyldu hennar, að hafa stöðugt eptirlit með verkinu.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. fyrri liður samþykktur í einu hljóði.
2. Breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fl. (I 513) felld með 11 atkvæðum gegn 10.
3. Breytingartillaga fjárlaganefndarinnar (I 453) samþykkt með 13 atkvæðum.
4. Þingsályktunin öll með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti hana síðan mundu verða afgreidda til efri deildar.

Á 47. fundi efri deildar var uppástunga forseta um, að hafa eina umræðu um mál þetta, samþykkt í einu hljóði.

Ein umræða í efri deild á 48. fundi, 22. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í neðri deild, sjá I 491.

Árni Thorsteinson sagði, að sú ráðstöfun væri óvanaleg, að skipuð væri 5 manna nefnd til slíks starfa. Sjer sýndist það vafasamt, hvort rjett væri að fela nefnd það á hendur, að ákveða hússtæðið; sjer sýndist bezt eiga við, að þingið gjörði það sjálft; sjer geti eigi betur sýnzt, en að það vanti «og» inn í á undan orðunum, «sem ráði», o. s. frv. Hann vildi reyndar eigi gjöra þetta að kappsmáli, en það mundi sannast hjer, sem áður hafi verið tekið fram hjer í deildinni, að það sje eigi gott að hafa margar ráðskonur á sama búi. Hann gæti eigi sjeð, að þörf sje á, að hafa nefndina skipaða fleirum mönnum en 3. Það muni að sínu áliti nægja; hann væri í miklum vafa um, hvort hann gæfi atkvæði með eða mót uppástungunni.

Forseti kvaðst vilja geta þess, áður en umræðurnar yrðu lengri, að hann ætlaði að bera uppástunguna upp í tvennu lagi; fyrst aptur fyrir orðið «hússtæðið» og síðan greinina út.

Stefán Eiríksson var samdóma hinum 6. konungkjörna þingmanni, að eigi bæri nauðsyn til, að 5 menn væru í nefndinni, því ef þeir yrðu kosnir utan af landinu, þá gætu þeir orðið dýrir; það sjeu nú ætlaðar 100,000 kr. til byggingarinnar, og sýnist sjer það ærin útgjöld á landssjóði, þó ekki bættust ofan á nefndargjöld, því varla mundu þeir eiga að vera við byggingarumsjónina fyrir ekkert. Hann gæti því varla gefið atkvæði með þessari uppástungu.

Sighvatur Árnason sagði sjer líkaði eigi heldur uppástungan, og vildi hann stinga upp á því, að umræðunni yrði frestað. Það mundi eigi þurfa langan tíma, þó menn vildu gjöra breytingar við uppástunguna; málið væri eigi svo margbrotið eða stórt um sig.

Magnús Stephensen vildi vekja athygli á því, að uppástungan væri eigi vel orðuð. Að því er kæmi til 1. tölul., þá hefði alþingi eigi eitt fjárveitingarvaldið, konungurinn yrði að samþykkja fjárlögin, áður en alþingi gæti ályktað bygginguna. Viðvíkjandi 2. tölul., þá skoðaði hann eigi uppástunguna sem 2. þingmaður Skaptfellinga, að kostnað gæti af nefndinni leitt fyrir landið; því með töluliðnum væri sjálfsagt gjört ráð fyrir, að nefndarmennirnir væru annaðhvort úr Reykjavík eða í nánd við bæinn. Nefndarmenn störfuðu að líkindum fyrir ekkert; en það gæti eigi verið skylda fyrir neinn að takast þennan starfa

á hendur; enda yrði ætlunarverk nefndarinnar, að sínu áliti, einkum í því fólgið, að vera landshöfðingja til ráðaneytis.

Eiríkur Kúld sagði, að það sæist eigi af uppástungunni, að velja ætti þessa menn úr Reykjavík, en ólíklegt væri, að þingmenn langt að yrðu kosnir til þessa starfa; en hvað ættu nú þessir menn að gjöra? Þeir ættu að velja hússtæðið, en það mundi bezt fara á því, að alþingið gjörði það sjálft í þetta sinn; en sjer sýndist nauðsyn til bera, að þessir menn hefðu erindisbrjef. Eptirlitið tæki að líkindum enginn að sjer kauplaust, enda væri enginn skyldur til þess, en nóg mundi að hafa þessa menn 3. Hann gæti því vel fallizt á fyrri kaflann.

Árni Thorsteinson sagði, að þeir, er talað hefðu, væru að vísu samdóma sjer, en hann vildi gjöra þá athugasemd, að það lægi næst, að verk nefndarinnar væri, að vera fulltrúi þingsins meðan byggt væri, og gá að, hvort svo væri að farið, sem þingið hefði ætlazt til; hitt ætlunarverkið ætti því að vera að hafa álitsatkvæði fyrir þingsins hönd. Ef stjórnin væri í efa um, hvað þingið vildi, þá ætti hún að geta haldið sig til nefndarinnar, en að nefndin standi fyrir byggingunni, ætti ekki við, og mundi ekki verða happasælt.

Jón Jónsson kvaðst vilja bæta því við orð hins 6. konungkjörna þingmanns, að nefndin gæti eigi látið stjórninni í tje álit þingsins, því að nú ætti að fara að kjósa aptur; hún gæti því eigi vitað nema hið nýkosna þing skoðaði þetta mál alveg öðruvísi en það, sem nú væri búið að sitja tíma sinn. Hinn 5. konungkjörni hefði talað um, að nefndarmennirnir ættu að vera úr Reykjavík; en hann væri þingmanni Skaptfellinga samdóma um, að Reykvíkingar ættu sízt af öllum að vera í nefndinni, og væri það ljóst, að Reykvíkingar ættu langt um verra, en maður, sem ekkert væri kaupstaðnum viðriðinn, með að kjósa hússtæði og velja smiði svo, að honum yrði ekki brugðið um hlutdrægni, eða um að líta meira á hagsmuni einstakra sambæjarmanna sinna, en á hag landsins.

Jón Pjetursson sagði, að er skólinn hefði verið byggður, hefði stiptamtmaðurinn tekið marga merka menn í bænum til að ákveða hússtæðið. Nú gæti landshöfðinginn eins tekið merka menn til þsssa, svo sem úr byggingarnefndinni og fleiri, með sjer. En eigi væri hann viss um, að hann gæfi atkvæði með 5 manna nefndinni, en vel litist sjer á það, að uppástungan væri klofin og borin upp í tvennu lagi, eins og forseti hefði stungið upp á.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort umræðunni skyldi frestað, og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

Framhald einnar umræðu í efri deild á 50. fundi, 23. ágúst.

Breytingartillaga I 498.

Þar eð enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um málið, og var fyrst borin undir atkvæði breytingaruppástunga frá Árna Thorsteinson og Bergi Thorberg, og var:

1. liður hennar samþykktur með 8 atkvæðum.
2. liður hennar samþykktur með 9 atkvæðum.
3. liður hennar samþykktur með samhljóða atkvæðum.

Uppástungan með áorðnum breytingum var samþykkt í einu hljóði, og kvaðst forseti mundu endursenda neðri deildinni hana.

Ein umræða í neðri deild á 60. fundi, 26. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt af efri deild, sjá I 536.

Með því að enginn tók til máls, bar forseti uppástunguna upp til atkvæða, og var hún samþykkt með 20 atkvæðum. Kvað forseti hana mundu verðu senda landshöfðingjanum sem ályktun frá alþingi.

Á 60. fundi neðri deildar, 26. ágúst

voru samkvæmt þessari ályktun kosnir 3 menn úr neðri deildinni í byggingarnefnd alþingishússins, og urðu þessir fyrir kosningu:

Tryggvi Gunnarsson með 19 atkvæðum,
Grímur Thomsen — 18 —
Þórarinn Böðvarsson — 17 —

Á 54. fundi efri deildarinnar, 27. ágúst, ljet forseti fram fara kosning á 2 mönnum úr efri deildinni í byggingarnefnd alþingishússins, og urðu fyrir kosningu:

Bergur Thorberg með 8 atkv.,
Árni Thorsteinson — 8 —

XXXI. SÝSLUMANNSLAUN.

Frumvarp til laga um breyting á 7. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desember 1877. Flutningsmaður: Björn Jónsson, þingmaður Strandasýslu. Sjá I 260.

Fyrsta umræða í neðri deild á 45. fundi, 16. ágúst.

Flutningsmaður: Jeg geng að því vísu, að þingmenn hafi kynnt sjer bænarskrá, sem komið hefur til þingsins frá sýslumanninum í Strandasýslu um leiðrjetting á launum hans, og sem þetta frumvarp er út af sprottið. Vona jeg, að allir sjeu mjer samdóma um, að það er mjög sterk sanngirniskrafa, sem mælir með henni. Þykir mjer því óþarft að fara fleirum orðum um málið að sinni, fyr en jeg heyri undirtektir heiðraðra þingdeildarmanna undir það, en vil mæla sem bezt með, að það verði látið ganga til 2. umræðu

Síðan var gengið til atkvæða og málinu skotið til 2. umræðu með 16 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild á 47. fundi, 18. ágúst.

Frumvarpið var samþykkt umræðulaust með 13 atkvæðum, og málinu vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild á 50. fundi, 20. ágúst.

Með því að enginn tók til máls, var frumvarpið borið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 14 atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild á 47. fundi, 21. ágúst.

Varaforseti (Bergur Thorberg) sagði, að mál þetta hefði gengið mótmælalaust gegnum neðri deildina, og vonaði hann, að málið fengi einnig hjer góðan róm. Eins og kunnugt væri, væri hjer að ræða um, að bæta úr þeim halla, sem einn sýslumaður biði af hinum nýju launalögum, svo að hann hefði nú að eins 1600 krónur í staðinn fyrir 2,500 kr., sem sýslu þessari væri ætlað í laun eptir nýju launalögunum. Sýslumaður þessi væri nú neyddur til, annaðhvort að sitja við þessi lágu laun, eða sækja að öðrum kosti frá embættinu, sem honum mundi víst eigi ljúft vera, enda væri það ósanngjarnt að neyða hann til þess, og yrði þá að veita embættið aptur ungum og óreyndum kandidat, sem að sjálfsögðu hefði heimting á 2500 kr. í laun, þegar hún losnaði; það sæju allir, hversu það væri ósanngjarnt, að láta þennan sýslumann, sem væri nýtur embættismaður, sitja við þessi lágu laun, hvað lengi sem hann væri þar.

Sighvatur Árnason kvaðst jafnan hafa lagt það til, að eigi væri að nauðsynjalausu hækkuð laun embættismanna frá því sem launalögin ákveða, en hvað mál þetta snerti, mundi það enginn sparnaður verða, þó sýslumanni þessum væri neitað um launahækkun þessa, því að það lægi í augum opið, að hann mundi sækja frá embætti sínu, svo fljótt sem kostur væri á, og yrði sýslan þá veitt eptir hinum nýju launalögum.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um það, hvort máli þessu skyldi vísað til ann-

arar umræðu, og var það samþykkt með 11 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 49. fundi, 23. ágúst.

Enginn tók til máls, og var frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og því vísað til 3. umræðu með öllum samhljóða atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild á 51. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það nú verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXII. BRÝR YFIR ÞJÓRSÁ OG ÖLFUSÁ.

Frumvarp til laga um brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá. Frá Ísleifi Gíslasyni, 2. þingmanni Rangæinga. Sjá I 239.

Fyrsta umræða í neðri deild á 30. fundi, 5. ágúst.

Flutningsmaður (Ísleifur Gíslason): Jeg ætla fyrst og fremst að leiðrjetta prentvillu í 3. gr. frumvarpsins; þar stendur »íbúatölu hans«, í staðinn fyrir »íbúatölu hennar« (ɔ: Reykjavíkur). Kemur þetta til af því, að í stað »Reykjavíkur« átti að standa »Reykjavíkur kaupstaðar«. Það er frumvarp þetta snertir, þá er svo, að eptir því sem ráða má af tillögum fjárlaganefndarinnar um málið, og eptir anda þeim, er ryður sjer meira og meira til rúms hjer í deildinni, að vilja hlynna að öllum verklegum framförum landsins, þá gjöri jeg mjer góða von um, að mál þetta fái góðan byr. Það er auðvitað, að þetta eru töluverð fjárútlát fyrir landssjóðinn, að gefa upp rentu af hárri upphæð um langt tímabil, og binda fje þetta fast í mörg ár, en jeg ætla, að mönnum sje farið að skiljast og muni skiljast það æ betur, að það er jafnmikill sómi fyrir þingið, sem gagn fyrir landið, að styrkja slíkt fyrirtæki, sem hjer ræðir um, þegar einstökum hjeruðum er það ofvaxið. Slíkt er vottur þess, að þjóðin er vöknuð af þeim dáðleysis-svefni, er hún um fyrirfarandi tíma hefur sofið í, og á sjer viðreisnar von. Hjer er einnig að ræða um töluverða byrði fyrir þau hjeruð, er taka þátt í kostnaðinum við brýr þessar, og jeg geng að því vísu, að sum af þessum hjeruðum muni eigi þykjast standa jafnt að vígi og önnur með að bera þennan kostnað, þegar þau líta til hinna beinlínis gagnsmuna af fyrirtækinu. En það er aðgætandi, að auk þessarar almennu byrði leggst fjarskalega mikil byrði á þau hjeruð, er næst liggja brúnum, með því að þau hjeruð þurfa að gjöra svo miklar vegabætur. En jeg ber það traust til hinna fjarlægari hjeraðanna, að hjá þeim muni lifna bróðurlegur fjelagsandi, sem eigi lítur einungis á sitt beinlínis gagn, og að þau muni þess vegna rjetta bróðurlega hjálparhönd, og leggjast á eitt með hinum, sem eigi geta einsaman borið byrðina. Jeg ætla eigi að fara út í einstök atriði frumvarps þessa, þar sem þetta er fyrsta umræða málsins; en fel það velvilja þingdeildarinnar, og óska, að því verði vísað til 2. umræðu. Jeg álít enga þörf á því, að nefnd sje sett í málið, því að þótt það sje að efninu stórt, þá er það að forminu einfalt. Ef þörf þykir á, að breyta frumvarpinu að einhverju leyti, þá má koma breytingaratkvæðum að án nefndar.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er neyddur til að tala lítið eitt um mál þetta. Það er að vísu ósk mín, að brýr þessar komist á, og er samdóma flutningsmanni um, að það er fagurt og lífgandi, að sjá slíkar framfarir hjer á landi. En mjer virðist tvennt athugavert við mál þetta. Fyrst og fremst liggur sú spurning fyrir: eru þessar brýr eigi dýrari en svo, að kostnaðurinn við þær geti svarað hagnaði þeim, er af þeim mun leiða? Ef þessi hagnaður er eigi svo mikill, að hann svari kostnaðinum, þá virðist mjer viðurhlutamikið, að leggja svo mikið fje á landsbúa, sem samfara er þessum brúargjörðum. Það er sjálfsagt, að

samgöngurnar verða greiðari við þetta, en á hinn bóginn eru eigi svo miklar umferðir hjer, að þetta fyrirtæki muni geta borið sig. Þingið hefur nú veitt til þessa fyrirtækis 100,000 króna lán, en eptir því sem jeg hef heyrt sagt, þá mun þetta lán eigi verða nóg til brúabygginganna, og eigi nema $^2/_3$ hlutar af því, er brýrnar munu kosta, svo að $^1/_3$ hlutinn vantar þá enn. En nú er spurningin: geta menn eigi greitt samgöngurnar með öðru móti, svo að kostnaðurinn verði minni? Er eigi eins haganlegt, að búa til stóra pramma, sem mundu kosta miklu minna, en þó nægja til þess að þeir yrðu hafðir til flutninga yfir árnar? Þá kem jeg að hinu atriðinu. Það verður eigi sagt, að það sjeu nema einar 2 sýslur, sem hafa beinlínis hag af þessu fyrirtæki, ef það kemur til framkvæmda, þ. e. hálf Skaptafellssýsla (o: Vestur-Skaptafellssýsla), Rangárvallasýsla og hálf Árnessýsla, nefnilega sá hluti hennar, sem liggur fyrir austan Ölfusá, þó að reyndar einnig megi að nokkru leyti telja hinn hluta Árnessýslu með. En þegar litið er til Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurkaupstaðar, þá er ósanngjarnt, að skylda þessi hjeruð til að leggja fje til þessa fyrirtækis. Jeg segi reyndar ekki, hvað Gullbringu- og Kjósarsýslubúar kunna að segja til þessa, en fyrir hönd Reykjavíkur-bæjar verð jeg að mæla á móti því. Þegar frumvarp þetta kom fram, þá þótti mjer skylt að leita álits bæjarmanna hjer um málið, til þess að jeg legði eigi á móti málinu eða samþykkti það án vilja bæjarmanna. Jeg skrifaði því bæjarstjórninni, hvort hún vildi leggja fje til þessa fyrirtækis, og hve mikið. Bæjarfógetinn í Reykjavík svaraði mjer með brjefi, dags. 1. ágúst þ. á., og segir hann svo í brjefi þessu: «að hann hafi leitað álits bæjarstjórnarinnar um það, hvort hún fyrir hönd Reykjavíkur vildi taka þátt í kostnaði við brúargjörð yfir Þjórsá og Ölfusá, og hafi það verið eindregið álit bæjarstjórnarinnar, að Reykjavík ætti eigi að undirgangast þá skuldbinding, að taka þátt í endurgjaldi kostnaðarins við greinda brúargjörð, með því að sá hagur, er Reykjavík gæti haft af brúargjörðinni, gæti ómögulega álitizt að standa í neinu hlutfalli við þá byrði, er bærinn tæki á herðar sjer, með því að skuldbinda sig til að endurgjalda kostnaðinn í þá átt, er frumvarpið, er lagt hafi verið fyrir alþingi af 2. þingmanni Rangæinga, færi fram á, enda áliti bæjarstjórnin bæinn, sem nú stendur þyrfti að endurborga mörg lán, er hann undanfarin ár hefði fengið, eigi þess umkominn, að geta bætt við sig nýju láni til opt nefndrar brúargjörðar, og það því síður, sem ekki einu sinni væri hægt nú að segja, hvað kostnaður sá, er brúargjörðin hefði í för með sjer, kynni að verða mikill». Að þessum tveim atriðum vildi jeg benda, áður en frumvarpið yrði samþykkt, svo að engum yrði órjettur gjörður með frumvarpinu, en jeg ætla, að Reykjavíkur-bær verði fyrir órjetti, ef frumvarp þetta verður óbreytt að lögum. Jeg vil því spyrja deildina, hvort eigi sje tiltækilegt, að koma með breytingaruppástungu við frumvarp þetta við 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil manna sízt spilla fyrir máli því, er hjer liggur fyrir, að það nái fram að ganga. Jeg er sannfærður um, að ef brýr þær, er hjer um ræðir, verða byggðar, þá er það bæði sómaverk og til mikillar nytsemdar fyrir almenning, þó að það að vísu komi þeim sýslum að mestum notum, er liggja fyrir austan ár þessar, og ef landssjóðurinn á annað borð getur lánað fje rentulaust, þá ætti hann allra helzt að lána það til slíkra fyrirtækja. Það er niðurjöfnun kostnaðarins snertir, þá tel jeg vafasamt, hvort hún er rjettsýn. Jeg hef að vísu eigi borið mig saman við Kjósar- og Gullbringusýslu búa um mál þetta. En þótt jeg vildi óska þess, að smámuna-andi sá, er lengi hefur legið hjer í landi, færi minnkandi. þá er jeg þó hræddur um, að einhverjar leifar sjeu enn eptir hjer af þessum anda. Það er eigi rjett, að Kjósar-

sýsla taki jafnan þátt í kostnaðinum við brýrnar, sem hin hjeruðin, því að Kjósarsýsla hefur ekkert meira gagn af brúnum en Borgarfjarðarsýsla. Gullbringusýsla hefur meiri hag af þeim, af því að hún liggur nær; en Reykjavík hefur mestan haginn; þó að miklir fjárflutningar hafi átt sjer stað hin fyrverandi árin austan úr sýslunum til Gullbringusýslu, þá fara nú fjárflutningar þessir óðum minnkandi, eptir því sem fjárstofninn í Gullbringusýslu vex. Annars er jeg hræddur um, að sýslufjelag Gullbringu- og Kjósarsýslu geti eigi látið mikið fje af hendi til þessa fyrirtækis. Jeg vil skjóta því til flutningsmanns, hvort eigi muni heppilegt að taka þá ákvörðun upp í framvarpið, að kostnaðurinn við brýrnar skuli borgast sem mest af brúartolli, er lagður sje á. Það er snertir greiðslu fjárins til brúnna úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá get jeg eigi sagt, hve fúslega hún muni af hendi leyst, og eigi get jeg heldur sagt, hvort sýslunefndinni muni þykja það alls kostar rjett, að leggja þetta óvanalega gjald á sýslusjóðinn, þetta gjald, sem hvergi er nefnt í sveitarstjórnarlögunum. Jeg er samdóma flutningsmanni um, að þótt komið sje fram með breytingar við frumvarpið, þá sje þar fyrir eigi þörf á að skipa nefnd í málið.

Páll prestur Pálsson: Það stendur líkt á fyrir mjer og hinum öðrum þingdeildarmönnum, er talað hafa í máli þessu, að jeg er máli þessu hlynntur, og álít það þjóðinni til mikils sóma, ef brúarbygging þessi verður framkvæmd. Mjer er að vísu kunnugt, að sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu hefur skorazt undan að greiða nokkurn kostnað við brúabygginguna, en mín eigin sannfæring er eigi bundin við það. Mjer virðist að vísu mjög athugavert fyrirkomulagið á því, hvernig greiða skuli kostnaðinn og jafna honum niður, og mun jeg reyna að ná samkomulagi við flutningsmann í því efni, því eins og ákveðið er í frumvarpi þessu, get jeg með engu móti verið hinni tiltölulegu niðurjöfnun samþykkur. Jeg er eigi samdóma þingmanni Reykvíkinga um það, að þeim sveitum, sem eru fyrir austan árnar, sjer í lagi Vesturskaptafellssýslu, sje meiri hagur að brúm þessum, en hinum sveitunum, sem fyrir sunnan eru. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að Reykjavík og Gullbringusýslu hlýtur að vera mikill hagur að byggingu brúnna; bændur í Gullbringusýslu og jafnvel menn úr Reykjavík hafa mjög opt sent austur til að kaupa fje, og ýmsir bændur austur í sýslunum hafa mikla verzlun og viðskipti við þá, sem þeim eru ómissandi og mikið hagræði að.

Flutningsmaður: Mjer kom það eigi óvart, þótt mótbárur kæmu fram gegn frumvarpi þessu, en jeg bjóst við þeim veikari frá þingmanni Reykvíkinga. Jeg ímynda mjer, að allir sjái, að brúabygging þessi er meiri hagur fyrir Reykjavík en fyrir Gullbringu- og einkum Kjósarsýslu, að minnsta kosti fyrir kaupmennina í Reykjavík, og þá um leið fyrir bæinn sjálfan. Þingmaður Reykvíkinga bryndi það fyrir þingmönnum, að þetta fyrirtæki mundi verða dýrara en svo, að það mundi svara kostnaði; en þar sem hann talaði um upphæð þá, er brýrnar mundu kosta, þá held jeg, að gjöra megi sjer von um, að þær verði eigi nærri eins dýrar og áætlað var, því þess ber að gæta, að þegar áætlunin var gjörð, þá var járn í helmingi hærra verði en það nú er í, og svo var allur flutningur miðaður við flutning á hestum, sem ekki er þörf, að minnsta kosti að því er aðra brúna snertir. Hann sagði, að umferðin þar í sýslunum væri eigi svo mikil, að fyrirtækið gæti borgað sig; en það er aðgætandi, að margir hafa sett fyrir sig erfiðleika þá, er árnar hafa í för með sjer, og hefur því umferðin orðið miklu minni en ella, svo að jeg vona, að þingmaðurinn sjái, að eigi dugir að dæma í þessu efni eptir því, sem verið hefur. Þingmaðurinn benti á aðra vegu, til að greiða með yfirferðina yfir árnar með ódýrara móti, svo sem með því, að byggja stóra pramma, til þess að ferja á hesta og farangur yfir árnar. En þessu verð jeg fyrir mitt leyti að vera öldungis mótfallinn, því að prammar þessir

mundu eigi koma að neinu gagni haust og vor, þegar ísaleysingar eru og jakaferð í ánum, og þá mundi þó einmitt helzt þurfa þeirra við. Það hefur verið talað um þá byrði, er hvíldi á Reykvíkingum og Gullbringu- og Kjósarsýslubúum, svo að þeir muudu eigi færir um að taka tiltölulegan þátt í kostnaðinum við brýr þessar. En það er Reykjavík snertir, þá mun upphæð sú, er kemur á hana, vera næsta lítil; jeg get sagt þingmanninum, að sú upphæð mundi nema 200—300 krónum árlega, og það mun Reykvíkinga ekki draga mikið. 2. þingmaður Gullbringusýslu benti til þess, hvort eigi mundi beinni ákvörðun, að ákveða brúartoll upp í kostnaðinn við brúargjörðina. Það getur verið, að jeg komi mjer saman við þingmanninn í þessu efni; en að svo stöddu er jeg eigi sannfærður um, að niðurjöfnun sú á kostnaðinum, er frumvarpið fer fram á, sje ósanngjörn. Þegar brýr þessar komast á, verða hjeruð þau, er að brúnum liggja, að gjöra fjarskalegar vegabætur, sem þau eigi geta staðizt, nema önnur fjelög taki tiltölulegan þátt í láninu. Ef það verður eigi, þá vil jeg heldur taka frumvarp þetta aptur; því að öðrum kosti leggst svo mikil byrði á sýslufjelög þau, er að brúnum standa, að ekki er kleyft fyrir þau, að rísa undir honum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg sting upp á því, að nefnd sje skipuð í mál þetta. Jeg vil alls eigi berjast á móti frumvarpi þessu; en þegar um lán er að ræða til einhvers verks eða fyrirtækis, þá virðist mjer það mjög ósanngjarnt, að neyða menn til að taka lán og borga það aptur. Jeg skal játa það, að Reykjavík hafi einhvern óbeinlínis hag af brúagjörð þessari — beinlínis hag hefur hún eigi af fyrirtæki þessu. En til þess þekki jeg eigi, að Reykvíkingar sæki fje austur á Rangárvelli. Því neita jeg einnig, að Reykjavík hafi meiri hag af brúargjörð þessari en Gullbringusýsla; því að það er kunnugt, að fjöldi austanmanna sækja verzlun til Hafnarfjarðar og jafnvel til Keflavíkur; fjöldi austanmanna sækja og til sjóróðra í Gullbringusýslu, og aptur aðrir fara þangað skreiðarferðir. Það er auðvitað, að Reykjavík mundi og hafa gagn af brúagjörð þessari, því að fleiri mundu sækja hingað verzlun að austan, þegar brýrnar væru komnar á. Þar sem flutningsmaður sagði, að eigi yrði ráðið af umferðum þeim, er hingað til hefðu verið, hve miklar umferðir mundu verða, eptir að brýr þessar eru komnar á, af því að árnar hefðu verið slíkur þröskuldur fyrir ferðamenn, — þá verða menn og að líta á mannfjölda þann, er notað getur brýrnar, og þannig sótt hingað suður til Reykjavíkur, og eptir því sem jeg bezt veit, mun það vera um 8—9 þúsundir manua, og það sjer hver maður, að eptir því sem verzlunin hjer á landi er mikil, þá mundi afraksturinn af því, að eiga viðskipti við þessa menn, verða næsta lítill í samanburði við kostnað þann, er af brúnum mundi leiða fyrir Reykjavík. Það getur verið, að Reykvíkinga dragi ekki mikið þessar 300 — 400 krónur, en bærinn hefur í undanfarin ár tekið svo mikil lán, að bæjarstjórnin treystist eigi til að taka meira lán og hafa meiri afborganir, því að það verður hver að sníða sjer stakk eptir vexti. Það er auðvitað, að eigi munar mikið um einar 200—300 krónur, en þegar margar 200—300 krónur dragast saman, þá fer að muna um það. Það er eigi langt á að minnast, að þingið í hitt eð fyrra var svo notalegt við oss Reykjavíkurbúa, að það svipti oss styrk þeim til lögregluþjónanna, sem greiddur hafði verið þangað til af landssjóði. Jeg fyrir mitt leyti óska þess, að brýr þessar komist á; en jeg verð að hafa fyrir augum hagnað kjósenda minna, og að taka tillit til skoðana þeirra manna, er bera eiga þetta lán.

Þorlákur Guðmundsson: Það hafa nú komið mótmæli móti máli þessu, sem vonlegt var. En mjer virðist æði-mikill munur milli Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, þegar ræða er um hagnað þann, er sýslur þessar mundu hafa af brúnum. Kjósarsýsla hefur

mjög lítið eða ekkert gagn af þeim; en það er allt öðru máli að gegna með Gullbringusýslu, því að hún hefur miklu meira gagn af þeim, þótt jeg neiti því eigi, að sýsla þessi hafi mikinn átroðning af hinum auknu umferðum. Það er Reykjavík snertir, þá hefur hún langmest gagn af brúargjörð þessari, bæði verzlunarstjettin, því að verzlunin mundi aukast svo mjög, sem og einnig borgararnir, því að þeir mundu hafa svo mikinn hagnað af hinum auknu aðflutningum að austan. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að það væri eigi víst, að þetta fyrirtæki borgaði sig. En ef menn rjeðust í engin fyrirtæki, nema þau, er þeir gætu fyrirfram með vissu sjeð að bæru sig, þá mundi eigi mikið vera gjört. En slíkt er vansjeð um flest stór fyrirtæki. Eða mundu menn hafa átt það víst, þegar latínuskólinn var stofnaður, að hann borgaði sig? Jeg held eigi, enda er svo um mörg fyrirtæki, að þótt þau eigi borgi sig í svipinn, þá borga þau sig með tímanum. Það hefur verið sagt, að þessi brúargjörð væri að eins litlum hluta landsins í hag. En jeg verð að ætla, að ef hún kemur einum hluta landsins að gagni, þá kemur hún öllu landinu að gagni; því að landið allt er eitt þjóðfjelag, og ef hinum minnsta hluta þess kemur eitthvað að gagni eða ógagni, þá er öllu þjóðfjelagi hagur eða óhagur að því. Þessu er eins varið og manninum, að ef honum er illt í litla fingrinum, þá líður allur líkami hans við það, af því að litli fingurinn er einn hluti af allri líkamsheildinni; það dugir eigi að segja við höndina: «jeg þarf þín ekki», eða við fótinn: «jeg þarf þín ekki». Jeg ætla að sleppa kláðaniðurskurðinum, því að jeg vona, að sá vogestur, er heitir fjárkláði, sje nú burt flæmdur úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þurfi því eigi að leggja brýr handa henni, til þess að hún eigi hægra með að sækja fje austur yfir árnar, til að auka fjárstofn sinn. En annað er það, að Reykvíkingar ættu sjálfir að sækja fje austur til s k u r ð a r, til þess að eigi fari eins og síðastliðið haust, þegar kaupmennirnir keyptu allt fje það, er fjáreigendurnir sjálfir komu með hingað til Reykjavíkur, og seldu það síðan embættismönnunum hjer og öðrum bæjarbúum, og náðu svo öllum peningunum til sín. Ef vjer Íslendingar einhvern tíma gætum fengið vagnveg, þá væru það miklar framfarir, og þá væru slíkar brýr, sem þær, er hjer ræðir um, alveg nauðsynlegar. Jeg vil eigi spilla fyrir máli þessu, heldur styðja það af fremsta megni; samt ætla jeg ekki nefnd nauðsynlega, því þeir sem eitthvað hafa að athuga við frumvarp þetta, geta gjört það með breytingaratkvæðum eða þá með samkomulagi við hinn háttvirta flutningsmann, því að «betur sjá augu en auga».

Varaforseti (*Grímur Thomsen*): Af því að jeg hef fjallað um mál þetta á tveim stöðum, bæði í amtsráðinu og á þinginu, þá ætla jeg að fara um það nokkrum orðum. Þegar mál þetta var fyrir þinginu 1877, þá var lögð áherzla á það, að þar sem allir aðrir hlutar landsins hefðu gagn af gufuskipsferðunum, þá væri allur suðurkjálki landsins útilokaður frá þeim. Niðurstaðan varð sú, að þingið bauð lán með vanalegum kjörum. En síðan var mál þetta rætt á amtsráðsfundi, og kom amtsráðinu saman um, að eptir áskorun frá sýslunefndinni í Rangárvallasýslu skyldi leita alits sýslunefndanna í hinum sýslunum um, hvað þeim litist um mál þetta, og hvernig þær mundu taka því, ef gjöld yrðu lögð á þær til brúargjörðarinnar. Formaður amtsráðsins ritaði því næst sýslunefndum þessum, og fjekk aptur svör frá þeim. Var málið þá aptur tekið fyrir til meðferðar af amtsráðinu á vorfundi þess 1879. Sýslunefndin í Árnessýslu tók vel í málið, en sýslunefndin í Rangárvallasýslu var allt óákveðnari, og bæjarstjórnin í Reykjavík kvaðst málinu hlynnt. Svona kom nú málið frá amtsráðinu, og þessar skýringar mun sá meðlimur amtsráðsins, er á heima í Rangárvallasýslu, hafa flutt þangað heim í hjerað, því að þaðan er

mál þetta nú komið inn á þing. Jeg bið menn að leggja áherzlu á það, að suðurhluti landsins fer varhluta af öllum gufuskipsferðum, og þess vegna er það siðferðisleg skylda, — þótt það sje eigi lagaleg skylda — að styrkja fyrirtæki þetta af fremsta megni. Þegar þingið fyrir sitt leyti í gær samþykkti, að veita vaxtalaust lán til þessa fyrirtækis, þá hefur landssjóðurinn gjört allt, sem í hans valdi stendur, og sýslurnar geta af honum krafizt. Það er eigi lítil ívilnun, að fá svona hátt lán rentulaust í 40 ár, því að það mun nema mörgum þúsundum króna (allt að 80000 kr.) En mjer virðist það aptur skylda hinna sýslnanna og Reykjavíkur kaupstaðar, að hlaupa undir bagga með Árness- og Rangárvallasýslum. Í gær, þegar greitt var atkvæði um lán til þessa fyrirtækis, þá gekk það greiðlega, að lána út 100000 krónur, en nú í dag, þegar ræða er um það, hvernig hjeruðin eiga að taka þátt í endurborgun láns þessa, þá er öðru máli að gegna, þá vill hver hrinda byrðinni af sjer yfir á hinn. Bæjarstjórnin í Reykjavík hefur sagzt vera hlynnt málinu — það hefur maður svart á hvítu, — en nú vill þingmaður Reykvíkinga eigi veita lánið, nema Reykjavíkur-bær taki engan þátt í endurborgun þess, og ber þingmaðurinn fyrir sig brjef frá bæjarstjórninni. 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu fór eigi svo langt, og er jeg á sama máli og hann um, að Kjósarsýslu mundi þessi brúarbygging að litlu gagni koma. Jeg er viss um, að 1. þingmaður Skaptafellssýslu segir það satt, að sýslunefndin í Skaptafellssýslu hafi eigi viljað taka þátt í kostnaðinum við brýrnar. En svo getur farið — og svo fer að öllum líkindum — að ef sýslurnar taka eigi tiltölulegan þátt í endurborgun lánsins, þá ferst lánið fyrir. Jeg fyrir mitt leyti get eigi greitt atkvæði með því, að þingið fari lengra en svo, að það veiti vaxtalaust lán til þessa fyrirtækis; svona stóra gjöf getur þingið eigi gefið. Það er á þingsins valdi, að koma sjer saman við flutningsmann um tiltölulega hluttekning i kostnaðinum, því að ella ferst málið fyrir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er búinn að tala tvisvar í máli þessu, og ætla jeg því að biðja forseta að leyfa mjer að tala örfá orð: Þar sem varaforseti sagði, að bæjarstjórnin í Reykjavík hefði sagzt vera málinu hlynnt, þá sagði hún þar fyrir eigi, að hún vildi taka þátt í kostnaðinum við brúabyggingarnar.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil styðja þetta mál, að landssjóðuriun leggi nokkuð í sölurnar til þess að koma þessum brúm á, af því þessi hluti landsins hefur eigi beinan hag af strandsiglingunum kringum landið. Þar að auk mælir það með þessu máli, að milli Skaptafells-, Rangárvalla-, Árness- og Gullbringusýslu er ekki nema ein heiði alls, Hellisheiði, svo allur þessi landshluti fær lítið af því fje, er landið leggur til fjallveganna. En þó vil jeg geta þess, að þessi hluttekning landssjóðsins er æði mikil, þó hún sje kannske sanngjörn. Í 2. gr. stendur, að veita skuli engurgjaldslaust lán 100,000 kr., er borgist á 40 árum; lánið skal vera vaxtalaust og afborganirnar byrja einu ári síðar en lánið er greitt úr landssjóði. Það er þá sama sem að landssjóðurinn láni 50,000 kr. vaxtalaust í 40 ár. Vextir af 50,000 kr. eru 2000 kr. á ári, og það, sem landssjóðurinn leggur til, er þá 80,000 kr. alls. Það kemur að vísu ljett niður, þegar það skiptist á 40 ár, nema hvað á fyrstu árin koma 40,000 kr. Þó nú svo sje, vil jeg ekki vera málinu mótmæltur, en jeg vil geta þess, að Kjósarsýsla á sjálfsagt að falla úr tölu þeirra, er lánið skiptist niður á, vegna þess að Kjósarsýsla hefur sama markað sem Rangárvalla- og Árnessýsla, það er að skilja: Reykjavík og hjer við sjó-

inn; en það er auðvitað, að eptir því sem Rangárvalla- og Árnessýslur geta ljettar sótt markaðinn og koma með fleiri vörur, eptir því spilla þær markaðinum fyrir Kjósarsýslu, en bæta hann fyrir Gullbringusýslu og Reykjavik.

Flutningsmaður (Ísleifur Gíslason): Jeg vil taka fram, að þar sem þingmaður Reykvíkinga talaði um, að bæjarstjórnin í Reykjavík hefði neitað að taka þátt í láninu, þá ætla jeg, að það sje ofmikil grýla, og þingið þurfi ekki að leggja mikla áherzlu á það. Jeg get ekki hugsað mjer annað, fyrst bæjarstjórnin segist vera hlynnt málinu, en að hún muni sýna þessa velvild sína annarsstaðar en á pappírnum. Jeg vona líka, að þingmaður Reykvíkinga verði aptur kominn í bæjarstjórnina um það leyti, að fyrirtæki þetta verður framkvæmt, og að hann muni þá útbreiða þann yl, er hann sjálfur segist hafa til þessa máls, til allra annara í bæjarstjórninni. Þingmaðurinn lagði áherzlu á það, að ekki ætti að leggja byrði á menn móti vilja þeirra, en jeg held, ef farið væri að spyrja menn: á jeg að leggja á þig gjald til fyrirtækis, sem ekki sjest glöggt fyrir, að muni gefa þjer svo og svo margar krónur í vasann? þá mundi þess konar fyrirspurnum öllum verða svarað á sama veg, og fyrirspurn þingmannsins til bæjarstjórnarinnar. Þess konar mótbárur eru ekki sterkar, vona jeg allir sjái. Annars er jeg fús til, að tala mig saman við menn um breytingar á frumvarpinu, en jeg verð að lýsa því yfir, að jeg vil heldur taka frumvarpið aptur, heldur en að ganga að neinum stórbreytingum á því.

Þá var gengið til atkvæða og frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í neðri deild á 36. fundi, 11. ágúst.

Breytingartillögur I 305.

Flutningsmaður (Ísleifur Gíslason): Jeg þarf að eins með fám orðum að minnast á breytingartillögu þá, sem hjer liggur fyrir frá mjer og 2 öðrum þingmönnum. Í henni felst engin veruleg efnisbreyting frá frumvarpinu, nema að stungið er upp á, að Kjósarsýsla falli burt úr tölu þeirra sýslna, er eiga að endurgjalda lánið. Jeg varð að ganga inn á þessa breyting, bæði af því, að hún er á talsverðum rökum byggð, og af því, að andinn í deildinni var svo, að auðheyrt var, að hún er skilyrði fyrir því, að frumvarpið fái framgang. Síðan 1. umræða var, hefur ákvörðun um lánið í fjárlögunum verið sett í 18. gr., og af því leiðir, að stinga þarf í þessu frumvarpi í 1. gr. upp á vissri upphæð til 3. umræðu. Jeg treysti því, fyrst ekki hafa komið fram fleiri breytingaratkvæði, að það sje vottur þess, að hinn sami ylur til þessa máls ríki enn í deildinni, sem auðsjáanlega var við 1. umræðu.

Varaforseti: Jeg vil geta þess í nafni fjárlaganefndarinnar, að þar eð upphæð lánsins var felld burt í fjárlögunum, þá er nauðsynlegt að taka hana hjer upp. Uppástungumaður þarf ekki annað, en að koma sjer saman við fjárlaganefndina, sem hann er sjálfur í, um breytingaratkvæði til 2. umræðu.

Þá var gengið til atkvæða og var

1. Breytingartillaga Ísleifs Gíslasonar og fleiri við 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
2. 1. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 17 atkvæðum.
3. Breytingartillaga Ísleifs Gíslasonar og fleiri við 2. gr. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
4. 2. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 18 atkvæðum.
5. Breytingartillaga Ísleifs Gíslasonar og fleiri við 3. gr. samþykkt með 18 atkvæðum.
6. 3. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 17 atkvæðum.

7. Breytingartillaga Ísleifs Gíslasonar og fleiri við 4. gr. samþykkt með 17 atkvæðum.
8. 4. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 17 atkvæðum.
9. 5. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
10. 6. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
11. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.
12. Málinu skotið til 3. umræðu með 16 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild á 41. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 349.

Breytingartillögur I 367. 368.

Flutningsmaður (Ísleifur Gíslason): Eins og ráðgjört var við 2. umræðu þessa máls, þá hefur komið breytingartillaga við frumvarp þetta frá fjárlaganefndinni, með því að hún áleit nauðsynlegt að ákveða vissa upphæð á láninu. En af því að jeg var ekki alls kostar ánægður með þessa breytingartillögu, og þótti upphæð sú, sem þar er ákveðin ískyggilega lág, þá leyfði jeg mjer að gjöra breytingartillögu við hana um hækkaða upphæð, en nú hef jeg komizt að raun um, að sú tilraun muni spilla fyrir málinu, og af því að jeg vil það ekki, þá tek jeg tillögu mína aptur.

Páll Pálsson prestur: Eins og jeg tók fram við 2. umræðu, er jeg máli þessu fyrir mitt leyti hlynntur, en af því að jeg veit, að sýslubúar Skaptafellssýslu hafa mælt á móti að taka þátt í láni þessu, þá vil jeg skjóta því til deildarinnar, hvort það muni tiltækilegt eða rjettlátt, að leggja þetta gjald á þá, þvert á móti vilja þeirra, og hvort það muni eigi ganga of nærri eignarrjettinum samkvæmt stjórnarskránni. Þingdeildin veit, að þeir hafa ekki neitað að gjalda til gufuskipsferðanna, þótt þeir hafi ekki hið minnsta gagn af þeim. En eins og jeg hef sagt, er jeg málinu meðmæltur fyrir sjálfan mig, og ætla að greiða atkvæði með því fyrir mína hönd, en alls ekki fyrir hönd kjósenda minna.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir undarlegt að vera að biðja um lán fyrir þá, sem hafa aldrei beðið um það, og eins og neyða því upp á þá. Þetta sýslufjelag hefur aldrei beðið um einn eyri til brúargjörðarinnar, og þó jeg sje málinu í sjálfu sjer hlynntur, þá verð jeg þó að mótmæla þessu láni fyrir hönd Reykjavíkur, því að eins og brjef það sýnir, sem jeg hef fengið frá bæjarstjórninni, og sem jeg gat um við síðustu umræðu þessa máls, og sem jeg skal biðja forseta að láta leggja fram á lestrarsalinn, hafa Reykjavíkurbúar skorazt undan að taka þátt í þessu láni og endurborgun þess.

Friðrik Stefánsson: Það er eitt atriði, sem jeg vildi taka fram í máli þessu, að þó austursýslunum sjeu gefnir eptir vextir af fje því, sem þeim er ætlað til brúargjörðarinnar, vegna þess að þær ekki hafa gagn af gufuskipsferðunum, sem landssjóðurinn leggur fje til, þá er allt öðru máli að gegna með Gullbringusýslu og Reykjavíkurbæ, sem að mínu áliti ættu að borga fulla vexti af láninu, þar sem sá hluti landsins hefur öllum fremur not af gufuskipsferðunum á milli Íslands og Danmerkur, og jafnframt af strandferðunum.

Varaforseti: Það gladdi mig að heyra, að 1. þingmaður Skaptfellinga ætlar þó að greiða atkvæði með frumvarpinu, þó það sje með þessum fyrirvara, sem er víst gjörður vegna kjósenda hans. En jeg vil benda þingmanni Reykvíkinga á 50. gr. stjórnarskrárinnar; þar stendur: «Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almennings þörf

krefji, þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir». Ef því það er almennings þörf, að brýrnar á Þjórsá og Ölfusá komist á, þá er líka rjett, að Reykvíkingar taki þátt í kostnaðinum. Þingmönnum mun líka kunnugt, hvernig frumvarp þetta er til orðið, og að sá maður mun hafa unnið að því, sem veit, hvað leggja má á Reykvíkinga. Það var öldungis rjett athugasemd, sem 1. þingmaður Skagfirðinga gjörði, og það gladdi mig að heyra sanngjarna skoðun frá honum, en það mun mjög erfitt að finna rjett hlutfall milli þessara sýslna; það er satt, að austursýslunum er mjög ívilnað með þessu vaxtalausa láni, en þetta er, eins og jeg tók fram við 2. umræðu, almennt í Danmörku, að veita vaxtalaust lán til opinberra fyrirtækja, og fleiri hinar ríkustu þjóðir fylgja líkri reglu. Jeg játa, að jeg veit ekki til, að það sje siður á Englandi, að veita vaxtalaust lán til slíkra fyrirtækja, en það er veitt með lægri vöxtum, 3%, þó ríkustu hjeruð eigi í hlut. Jeg sje ekki, hvernig ákveða ætti hlutfallið milli Gullbringusýslu og austursýslnanna, og ef farið væri að ákveða það, þá gæti það ef til vill fellt málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skírskotaði aldrei til 50. gr. stjórnarskrárinnar; hjer er um það að ræða, að þeir fái lán sem vilja, og hvort þeir geta skyldað aðra til að taka lán, sem ekki vilja það; jeg álít lánið eigi rjettilega lagt á þá, sem eigi hafa beðizt þess, og það er undarlegt, að neyða menn til að taka lán til þess, sem þeir hafa ekki beðið um og eigi vilja gjöra; ef þetta væri almennt fyrirtæki, þá ætti landssjóðurinn að borga það, en til sjerstaks fyrirtækis er eigi rjett að neyða menn til að borga.

Varaforseti: Það gleður mig, hve þingmaðurinn tekur þó vægilega í málið, jeg man, að 1877 var annað mál hjer á þingi líkt þessu, og sem hann var meira á móti, en varð þó að lögum; jeg vona því, að hann slaki til í þessu máli, einkum þar sem hann í dag hefur haft þá miklu gleði, að standa yfir moldum laxfriðunar frumvarpsins.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held, að það verði ekki sagt með rjettu, að brýrnar sjeu gjörðar fyrir Gullbringusýslu, þó hún hafi mikið gagn af gufuskipsferðunum; eigi að síður tel jeg ekki eptir henni að taka þátt í kostnaði þessum. Árnessýsla hefur mest gagn af brúnum, ef þær komast á, sjer í lagi austurpartur hennar; en það mun reynast, að Reykjavík hefur mest óbeinlínis gagn af því, ef brýrnar kæmust á, það er að segja, ef hún þekkir sinn vitjunartíma, og kann að brúka framtíðina og framfarirnar eins og þær taka sig út.

Flutningsmaður: Mótbárur þær, sem komið hafa gegn máli þessu, eru svo vægilegar, að jeg fyrir þeim hef beztu vonir um það, því af því jeg veit, að báðir þessir þingmenn eru persónulega málinu hlynntir, tek jeg orð þeirra svo, eins og þeir sjeu að þvo hendur sínar fyrir kjósendum sínum. Þar sem 1. þingmaður Skaptfellinga sagði, að Skaptfellingar hefðu eigi neitað, að gjalda til gufuskipsferðanna, þá veit jeg ekki, hvort þeir hafa verið spurðir um það, jeg veit eigi nema þeir hefðu neitað, ef til þess hefði komið. Þar sem talað er um, að ekki sje rjett að byggja niðurjöfnunina á láninu á sama hlutfalli fyrir allar þessar sýslur, þá er þess að gæta, eins og svo opt er búið að taka fram, að kostnaðurinn er langmestur á Rangæingum og Árnessýslubúum, því að þeir þurfa jafnframt, sem brýrnar komast á, að gjöra afarmiklar vegabætur. Að öðru leyti hefur málið fengið svo góðan byr, að jeg álít óþarft að mæla með því.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var

1. Breytingaratkvæði fjárlaganefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum.
2. Breytingartillaga 2. þingmanns Rangæinga tekin aptur.

3. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkvæðum, og kvað forseti málið mundu afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 42. fundi, 18. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 385.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi ætla að vera margorður á þessu stigi málsins; hann játaði, að neðri deildin hefði gefið máli þessu gaum til betri framgangs en 1877; en hann hefði þó helzt kosið, að hún hefði stigið feti framar. Það væri vitaskuld, að hún hefði tekið ríflega til, hvað lánskjörin snerti, en þessi lánskjör yrðu þó allþung byrði fyrir hlutaðeigandi hjeruð; að öðru leyti vildi hann leggja allt hið bezta til málsins, og að það væri látið ganga til 2. umræðu.

Jón Hjaltalín sagði, að hann hefði eigi verið þessu máli meðmæltur, er það hefði síðast komið fram. Þó nú kannske væri hart að tala móti því, þá fyndist sjer það eigi svo vel undirbúið, sem skyldi, og vildi hann því skjóta því til deildarinnar, hvort eigi væri betra að fá kunnugra manna dóm. Hætt væri og við, að hin áætlaða upphæð eigi mundi reynast nægileg, og vildi hann því fyrir sitt leyti, að málið væri látið hvíla sig.

Árni Thorsteinson kvaðst eigi vilja skilja svo við þetta mál, að hann eigi ljeti skoðun sína í ljósi; í 1. gr. væri tekið fram, að landssjóður lánaði í hæsta lagi 100,000 kr.; ef það væri satt, að sú upphæð mundi nægja, þá vildi hann gefa frumvarpinu skilyrðislaust atkvæði; en ef þetta eigi yrði nóg, og brýnar yrðu ævarandi byrði fyrir hlutaðeigandi sýslufjelög, þá vildi hann æskja þess, að hlutaðeigandi sýslufjelög íhuguðu vel, hvort þau eigi með minni kostnaði gætu unnið verulegt gagn, með því að rannsaka nákvæmlega, hvort eigi væri ráðlegra að reyna að bæta ferjurnar. Það væri varlega gjörandi fyrir þau að reisa sjer hurðarás um öxl, og leggja slíkt stórfje, sem það, er hjer er um að ræða, í brúargjörðir. Þetta vonaði hann að sveitirnar vildu íhuga, því mikil líkindi væru til, að brýrnar mundu kosta allt að 200,000 kr.

Jón Jónsson sagði, að verk þetta væri áríðandi fyrir sveitirnar, og væri það eitt hið helzta skilyrði fyrir því, að sveitirnar fengju fram þau gæði, sem lægju í engjum og mýrum: menn ættu því að styðja að því, að mál þetta fengi framgang; það væri og skylda landssjóðsins að styðja það; kvaðst hann vona, að deildarmenn væru sjer samdóma um, að miklar ástæður mæltu með þessu máli.

Magnús Stephensen kvaðst eigi vera samdóma þeim þingmönnum, sem talað hefðu; í frumvarpinu frá neðri deildinni væri ákveðið, að landssjóður lánaði 100,000 kr. til brúargjörðar; aptur væri eigi tiltekið, hverjum lánið væri veitt, en líklega væri það veitt sýslufjelögum þeim og bæjarfjelagi því, er tiltekið væri í 3. gr.; en þau hefðu þá líklega beðið um þetta lán, því þegar um lán væri að ræða, væri venja, að lántakandi og lánveitandi semdu sín á milli.

Af skýrslum þeim, er fram væru komnar, sæist, að mjög fá af sveitarfjelögum þessum hefðu beðið um þetta lán; Vesturskaptafellssýsla hefði neitað að leggja nokkuð til, sama væri um Reykjavík: Gullbringusýsla hefði eigi lofað neinu; í Árnessýslu hefðu 5 hreppar af 13 lofað að borga lán þetta, þó með því skilyrði, að eigi yrði á lagður neinn brúartollur; það væri því að eins Rangárvallasýsla og lítill partur af Árnessýslu, er vildu taka þátt í þessum kostnaði. Ef nú frumvarpið hefði verið orðað svo, að landssjóður mætti lána 100,000 kr., og svo hefði verið tiltekið með hvaða kjörum, svo að síðan yrði samið við

lántakendur, hvort þeir vildu ganga að þessum kjörum, þá hefði hann getað fallizt á frumvarpið. En sje láninu þannig neytt upp á menn, þá gæti hann eigi gefið því atkvæði sitt. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði tekið fram, að landssjóðurinn lánaði í hæsta lagi 100,000 kr., en áætlunin færi langt fram úr því, allt að 70,000 kr., og væri eigi gjört ráð fyrir, hvernig með þá upphæð ætti að fara, hvort þau sýslufjelög, sem hefðu beðið um lánið, ætluðu að leggja hana til, eða hvort ætti að leggja hana á sömu sýslufjelögin, sem ættu að endurborga hið veitta lán, því úr landssjóði fengist hún ekki eptir orðum 1. gr. frumvarpsins. Enn fremur þyrfti vegi bæði frá og að brúnum, því þær ætti að byggja langt frá þeim þjóðvegum, sem nú væru, og mundu hlutaðeigandi sýslufjelög varla fær um að leggja þann kostnað á sig umfram þann kostnað, er leiddi af brúagjörðinni. Hann gæti því eigi gefið frumvarpinu atkvæði sitt, eins og það lægi fyrir.

Sighvatur Árnason kvaðst vera hlynntur þessu máli og þakklátur hinum 5. konungkjörna þingmanni fyrir bendingar þær, er hann hefði gefið, þó hann eigi væri í alla staði ánægður með þær og ekki heldur frumvarpið sjálft. Hann kvaðst ímynda sjer, að stóllinn væri eigi settur svo fyrir dyrnar í 1. grein, að meira fje fengist alls eigi úr landssjóði, heldur mundi meiningin í greininni sú, að eigi yrði veitt meira á næsta fjárhagstímabili; þar sem talað hefði verið um, að kostnaðurinn mundi fara fram úr 100,000 krónum, þá vildi hann eigi bera á móti því, en það mætti eins spá í eyður um minni kostnað, en uppástungu Hansens, eins og hitt, að kostnaðurinn gangi yfir hana svo og svo mikið. Landsstjórnin væri t. a. m. eigi bundin við að fá verkstjóra frá Danmörku, hún gæti eins fengið hann frá öðrum löndum, Skotlandi eða Englandi, og í öðru lagi kvað hann sjer óhætt að fullyrða, að áætlun Hansens væri nákvæm yfir höfuð, og lítil líkindi, að kostnaðurinn mundi verða meiri, en þar væri gjört ráð fyrir. Allir aðflutningar væru miðaðir við flutning á hestum, en þess mætti gæta, að þar mætti vel koma að akfærum. Það mætti og geta þess, að áætlunin var gjörð á þeim tíma, þegar járnið var óvenju dýrt, og hefði slíkt hlotið að verka mikið á upphæðina, þar sem efnið er mest allt áætlað úr járni, og hann ímyndaði sjer, að landsstjórnin mundi gá vel að sjer við framkvæmdina, og gjöra allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að öll framkvæmd þessa stórvirkis og verkið sjálft verði sem bezt af hendi leyst, og jafnframt mundi farið svo sparlega með fjeð, sem auðið er. Án þess að fara lengra út í málið að sinni, vildi hann vona, að menn legðu gott til þess og ljetu það ganga sinn gang fyrir það fyrsta.

Eiríkur Kúld kvaðst unna málinu góðs, en í umræðunum hefði margt komið fram, sem gjörði sig deigari með það. Eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, væri vafi á því, hvort það væri eindreginn vilji hlutaðeigandi hjeraða, að fá brýrnar; hann gengi einnig að því vísu, að fje það, er frumvarpið nefndi, mundi eigi hrökkva, og ef nú hjeruðin fengjust eigi til að lofa því fje, sem á vantaði, hvernig ætluðu menn þá að færi, þegar kæmi til borgunarinnar. Sjer þætti það illt, að málið hefði eigi komið nógu snemma til þess, að nefnd yrði sett í það, því að sjer gæti eigi dulizt, að það væri eigi nógu vel undirbúið, en illt til þess að vita, ef það yrði að engu gagni, að málið kæmi fyrir þingið. Sjer þætti eigi ólíklegt, að ljetta mætti yfirförina á einhvern annan hátt; hann væri að vísu ókunnugur á þessum stað, en hann ímyndaði sjer, að hafa mætti ferjur, stórar og öflugar á ánum, ef þær væru nógu djúpar, svo sem flatbotnaða «pramma», er dregnir væru yfir um með vindum, er festar væru á bæði lönd;

prammar þessir ættu að vera svo stórir, að heilar lestir gætu komizt í þá í einu; þá mætti brúka, þó að straumur væri allmikill, og þó að ísskrið væri talsvert. Eins gæti hann líka hugsað sjer, að lítill gufubátur, sem væri látinn draga annan bát, gæti komið að góðum notum, en kostað þó miklu minna. Hann vissi eigi, hvort menn hefðu hugleitt þetta. Svo væri enn þess að gæta, að brýrnar gætu eigi komið að tilætluðum notum, nema vegir að ánum væru líka lagðir, og það gjörði sig eigi heldur sjálft. Mjög ískyggilegt væri líka, að leggja stórfje til þessa fyrirtækis, meðan ósjeð væri, hvort hjeruðin vildu leggja fram það, sem vantaði, og ekkert fengist úr landssjóði. Hann vorkenndi mjög, þó að menn væru ákafir eptir að fá brýrnar, þar sem þeir hefðu allra manna minnst gagn af gufuskipsferðunum kringum landið, hann ætlaði því að vona, að frumvarpið batnaði í meðförunum og greiða atkvæði með, að það gengi til 2. umræðu.

Stefán Eiríksson kvaðst eins og fleiri vera í vafa um, hvort frumvarp þetta gæti komið að tilætluðum notum. Sjer þætti frumvarpið í sumum greinum þurfa umbóta við, eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði tekið fram. Vesturskaptfellingar hefðu rætt um mál þetta á sýslufundi og eigi treyszt til að leggja út í þennan kostnað, og því þætti sjer þurfa að leita fyrst samþykkis þeirra til þessa; aptur vissi hann, að Áruesingum sumum og Rangvellingum væri megn áhugi á máli þessu, en sjer þætti ófært, ef sum hjeruð vildu ganga úr, að lagður yrði á þau kostnaður, eða að þeim forspurðum önnur eins afborgun og hjer væri um að ræða. Vegna þessa væri hann hikandi við frumvarp þetta, en vildi þó greiða atkvæði með málinu til 2. umræðu.

Árni Thorsteinson sagði, að eptir sínum skilningi ætti landsstjórnin eptir 6. gr. að annast um byggingu brúnna, en eptir 1. gr. ætti landssjóður eigi að leggja fram meira fje en 100000 krónur; nú gengi meira en þetta til byggingarinnar, og þá væri það á frjálsu valdi sveitanna, hvort þær vildu leggja fram það, sem vantaði, sem eptir áætluninni ætti að verða 70000 krónur; ef þær gjörðu það, væri nóg trygging fyrir því, að fjenu væri eigi fleygt út til ónýtis, en annars væru lögin þýðingarlaus; hann mundi þó gefa atkvæði með málinu, til þess að hlutaðeigendur vissu, að hverju þeir hefðu að ganga af hendi landsstjórnarinnar, og gætu svo spennt boga sinn sem hæst að þeim frekast væri unnt. Ef þeir svo vildu leggja fram 70000 krónur, þá legði landsstjórnin fram 100000 króna lán, en annars ekki, og það yrðu þeir svo að greiða aptur, hvort sem þeir vildu eða eigi. Sjer þætti því frumvarpið eigi með öllu óaðgengilegt, þó að það væri svo orðað, sem það væri nú, og að hans áliti fremur óaðgengilegt fyrir þá, er hlut eiga að máli.

Ásgeir Einarsson sagði, að sjer heyrðist á mönnum, að þeim þætti sá mestur þröskuldur á málinu, að meira fje mundi þurfa, en á væri ætlað til brúagjörðanna, en ef menn hefðu þolinmæði til að bíða og reyna, hvort einhver vildi eigi taka verkið að sjer fyrir ákveðna upphæð, þá syndist sjer þeim þröskuldi rutt úr vegi. Sjálfir gætu sýslubúar flutt efnið að byggingarstaðnum, fyrst svo gott væri að flytja þar á ísum. Sjer litist heppilegra, að málið væri látið bíða, heldur en að það væri fellt gjörsamlega. Hann vildi því helzt leggja það til, að frumvarpið væri tekið aptur, og leitað nákvæmari skýringa svo sem um það, hvort enginn vildi verða til að taka verkið að sjer fyrir vissa upphæð. Hann vildi gjarnan greiða atkvæði með, að málið gengi til 2. umræðu, til þess að menn gætu talað sig saman um, hverja stefnu ætti að taka í því.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort

málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 45. fundi, 20. ágúst.

Breytingartillögur I 466.

Sighvatur Árnason sagði, að hjer lægi nú fyrir frumvarp til laga um brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá frá neðri deild, en til grundvallar fyrir því frumvarpi lægi það, að fyrirtækið væri álitið gagnlegt og gott. Ef maður íhugaði frumvarpið, þá sæju menn, að í 6. gr. væri landsstjórninni falið á hendur að framkvæma verkið; en ef litið væri aptur á fjeð, þá sæju menn fljótt, að það mundi eigi nægja; þetta væri því í raun og veru frumvarp til laga um að gjöra eigi brýr á nefndar ár. Hvernig ætti nú landsstjórnin að fara að? Þó hún vildi leita til hlutaðeigandi sveita, þá mundi það til lítils, því flestar mundi vanta máttinn meir en viljann, sem neyddi þær til að hafna málinu; hún sæi heldur eigi til neins að reyna samninga við neinn um að taka verkið að sjer, þegar hún hefði eigi nægilegt fje í höndum til að bjóða fram, og því síður að byrja á verkinu uppá þá reikninga, að verða að hætta í miðju kafi. Sjer gæti því eigi betur sýnzt, en að neðri deildin hefði eigi hugsað vel málið. Sumir máske segðu, að landsstjórnin semdi við menn, sem gjörðu brýrnar á svo ódýran hátt, að fjeð dygði; en hann vildi fyrir sitt leyti óska og vona, að það kæmi eigi til, og svo mundi vera um fleiri, því slík stórvirki ættu eigi að vera hrákasmíði. Í tilefni af þessu vildi hann koma með breytingu til 3. umræðu, að bæta við 50,000 krónum, nú hefði hann komið með breytingu heldur en ekkert, að orðin »í hæsta lagi» falli burt. Hann vildi eigi fara lengra, en biðja um allt að 150,000 kr., því ef þær fengjust eigi, þá fengjust ekki heldur 168,000 kr., með því líka að hann gjörði sjer von um, að það kæmist langt. Hann vildi nú eigi fara fleirum orðum um þetta, fyr en hann heyrði skoðun manna.

Eiríkur Kúld sagði, að sjer hefði nú eigi litizt á, er hann heyrði ræðu 1. þingmanns Rangæinga, því nú hefði hlaðran sprungið; honum þætti nú fjeð of lítið; í orðum hans hefði legið, að neðri deildin hefði gjört framkvæmd málsins ómögulega, og það gæti hann játað. Breyting sú, er hann ætlaði að gjöra við 3. umræðu, færi eigi fram á lítið, og það væri með öllu óvíst, hvort landssjóðurinn gæti lagt það til; en hvert ætti þá að fara. En ef breyting hans, sem komin væri, næði eigi fram að ganga, þá mundi loku skotið fyrir málið. Það færi illa á því, ef þetta yrði í miðju kafi, og hvergi fengist fje, og sveitirnar eigi gætu lagt neitt fram. Það hefði verið betra, að taka bendingar sínar við 1. umræðu til greina, þá mundi þó kostnaðurinn minni, og það hefði verið að hafa gufubát eða helzt vindupramma, og mundi það vert að hugleiða það; en með þessu sæi hann sjer eigi fært að gefa atkvæði.

Benedikt Kristjánsson sagðist að vísu eigi búast við að fara yfir ár þessar, en hann hefði nú farið yfir þær, og hann vildi nú líta með vorkunnsemi á málið; hvað nú Skaptafellssýslu hina vestri og Rangárvallasýslu sjerstaklega snerti, þá væru þær, eins og kunnugt væri, útilokaðar frá öllum mörkuðum, og frá gagni betri samgangna; en með þessu frumvarpi yrði mikið bætt úr því, og yrði hann því að álíta það skyldu landsins, að rjetta hjálparhönd þessu fyrirtæki. Ef menn t. a. m. tækju verðlagsskrárnar í Rangárvallasýslu, að hann ekki tilnefndi verðlagsskrár Skaptafellssýslu, þá sæist, að landaurar væru þar í miklu lægra verði, en annarsstaðar; þó nú eigi verði ráðin full bót á þessu með brúargjörð, þá mundi það þó gjöra mikið til batnaðar. Nú væri að vísu um mikið fje að ræða, en hann ætl-

aði þó, að eigi þyrfti að leggja fyrir það nýja tolla á landsmenn; landið mundi og í heild sinni bera það upp, því að því skapi, sem þessi partur landsins batnaði, að sama skapi mundu og aðrir partar landsins hafa gott af því. Að hjálpa með gufubátum, mundi reynast eins mikill kostnaður og að byggja brýr, því góð brú úr járni gæti staðið lengi, en gufubátunum væri samfara daglegur kostnaður, því við þá þyrftu stöðugt að vera nokkrir menn, er þyrftu sumir hverjir hátt kaup. Með gufubátnum þyrfti að vera stór prammur, sem hestar yrðu fluttir á, og líklega einnig ísbrjótur sem mundi kosta allmikið fje, og auk þess bættist við, hvað kol kostaði og aðflutningur á þeim. Hann gæti því eigi annað verið en málinu meðmæltur, þó um stórfje væri að ræða, og vissi hann eigi, hvort því fje, er landið hefði aflögu, yrði betur varið.

Bergur Thorberg sagði, að þingið hefði sýnt, að það vildi meta þetta mál mikils, og vildi hjálpa því, enda færu menn eigi að veita 100,000 kr. til þess, sem menn eigi álitu nytsamlegt. Ef menn skoðuðu málið, eins og það nú lægi fyrir, yrðu menn þó að álíta, sem það væri komið í óefni, þar sem fjárveitingin virtist að vera ónóg til fyrirtækisins, og virtist sjer því nauðsynlegt að bjarga því úr þessum óefnum, og til þess væri eigi annar vegur, en sá, sem þingmaður Rangæinga hefði stungið upp á, og það væri að hækka fjárveitinguna. Hann kvaðst eigi skilja það, að ef menn vildu veita 100,000 kr. til þessa fyrirtækis, hvers vegna menn þá eigi gætu veitt 150,000 kr., ef þess þyrfti með, og ekki væri mögulegt að gjöra verkið fyrir minna. Að fyrirtækið væri mikilsvert og nauðsynlegt, væri viðurkennt af öllum. Það mundu og þeir bezt geta dæmt um, er byggja í þeim hjeruðum, er að ánum lægju, og væri því skylda þingsins að taka tillit til þessara þarfa hjeraðanna; það væri eigi heldur líklegt, að styrkur þessi yrði ávaxtarlaus, því hjer væri eigi eins og um eyðimörku væri að gjöra, heldur væri hjer að ræða um ein hin fjölbyggðustu hjeruð landsins. Þessi styrkur væri eigi heldur að skoða sem gjöf; hann kæmi aptur, þó rentur að vísu væru eptirgefnar; þeirri gjöf væri og vel varið. Hvað það nú snerti, er margir stingju upp á að koma ætti í staðinn fyrir brýrnar, þá yrði hann að álíta, að það væri eigi nógu vandlega yfirvegað. Kvaðst hann að lokum vona, að mál þetta fengi framgang, enda mætti þá fullyrða, að menn þá sæju hjer hin mestu mannvirki, frá því land þetta hefði verið byggt, og það væri vissulega landinu og þinginu til sóma.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja svara þingmanni Barðstrendinga fáum orðum um gufubát hans og pramma, og væri það í augum uppi, að þingmaðurinn hefði eigi sjeð ár þær, er hjer væri um að ræða, þegar þær væru í blóma sínum, því að slíkum ferjum mundi eigi verða við komið, þegar árnar væru í umróti, sem bæri opt við bæði vor og haust; á vetrum væri slíkt með öllu óhugsandi, þegar ishlaup væri í ánum, en þar á móti væru brýr jafn gagnlegar sumar og vetur. Hann vildi einnig bæta því við, að gufubátar væru dýrar ferjur, og þeir, er að þeim kynnu að þjóna, dýrir ferjumenn.

Ásgeir Einarsson sagði, að hjer væri nú spurning um það, hvort landsstjórnin mundi takast á hendur bygging brúnna, ef landið legði eigi meira til en þessar 100,000 kr., sem neðri deildin hefði samþykkt og ætlazt til, að hlutaðeigandi sýslufjelög legðu það til, er á vantaði. En nú hefði flutningsmaður sjálfur skýrt frá því, að sýslurnar mundu ekki geta greitt fje það af hendi, er á vantaði, og stungið upp á því, að tillagið væri hækkað upp í 150,000 kr., og hefði hinn 2. konungkjörni þingmaður mælt svo móðurlega með því, að sjer hefði eigi dottið í hug, að nokkur karlmaður gæti verið svo hjartagóður; en hinu hefði hann getað búizt við, að

hitta svo hugað karlmanns hjarta, er hefði sýnt slíkan höfðingsskap. Þess væri gætandi, að þó menn vildu heldur láta landsmenn njóta viðlagasjóðsins, en að hann væri suður í Danmörku, þá væri mjög líklegt, að skólar þeir, er nú væri verið að stofna, og hjer eptir mundu verða stofnaðir, og sömuleiðis fjölgun embættismanna mundi vinna sjóðinn upp innan 20—30 ára. Hann kvaðst því vilja heyra ræður fleiri kunnugra og fróðra manna um mál þetta, t. d. hins 6. konungkjörna þingmanns, áður en hann greiddi atkvæði í máli þessu; þó mætti eigi taka orð sín svo, að hann langaði til að vera mótfallinn máli þessu, en hann vildi láta varkárni við hafa í þessu sem öðru. Þó að mál þetta væri búið að bíða lengi, sýndist sjer þó reynandi, að leita fyrir sjer, hvort eigi mundi auðið að fá menn til að byggja brýrnar fyrir minna verð, svo og hvort eigi mundi hægt að ljetta aðflutningana að brúnni, með því að aka efninu um ís, og hvað það mundi kosta. Nú sem stæði vissi enginn með neinni vissu, hvað dýrar brýrnar yrðu, sumir segðu 200,000 kr. en sumir minna. Uppástungan um gufubátana lýsti vanþekkingu, en prammi gæti borið 1—200 fjár á 18 þumlunga dýpi, en enginn gufubátur flyti á svo grunnu, enda þyrfti hans eigi við, því að hægt væri fyrir 2 eða 3 menn að draga slíka pramma með vindum, og jafnvel handafli, og hvað ætti þá að gjöra við gufubáta.

Forseti ljet þá greiða atkvæði um frumvarpið, og var breytingartillaga þingmanns Rangæinga við fyrri hluta 1. greinar samþykkt með 6 atkvæðum; viðbót sama við enda 1. greinar samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

Já:

Bergur Thorberg,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson.

1. gr. með breytingum samþykkt með 8 atkvæðum.
2. gr. samþykkt með 7 atkvæðum.
3. gr. samþykkt með 7 atkvæðum.
4. gr. samþykkt með 7 atkvæðum.
5. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.
6. gr. samþykkt með 7 atkvæðum.

Málinu var vísað til þriðju umræðu með 7 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 48. fundi, 22. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 503.

Breytingaratkvæði I 481.

Sighvatur Árnason kvaðst nú hafa setið hjá og hlýtt á hið síðasta mál (gufuskipsferðir umhverfis strendur landsins). Þessi tvö mál væru allmikið skyld, því að bæði vildu styrkja og greiða samgöngur um og í landinu. Hann vildi geta þess, að það leiddi af stöðu hlutaðeigandi hjeraða, að þau gætu ekki haft not af strandsiglingunum, en legðu þó sinn skerf þar til, og því vildu þau reyna að bæta sína eigin vegi, og væntu aðstoðar þingsins þar til, svo að menn úr þeim gætu komizt sem fljótlegast á þá staði, sem væru þeim til hags, hvað verzlun og viðskipti snertir, eigi einungis kauptún, heldur og ýms hjeruð í Gullbringusýslu, sem líka væri hagur fyrir bæði kaupmenn og aðra íbúa hennar. Það væri almennt viðurkennt,

að umbætur á vegum væru eitt hið fyrsta stig til framfara. Það væru og dæmi að því, að stór fyrirtæki fleygðu þjóðunum til nýrra fyrirtækja, því áhuginn yxi, er menn sæju hinn góða árangur, er af þeim leiddi. Að því er snerti breytingaratkvæðið, vildi hann benda á, að frumvarpið væri þýðingarlítið, eins og það lægi fyrir, því hann óttaðist, að landsstjórnin gæti eigi komizt í samninga við neinn mann, án þess að hafa meira fje í höndum, og eigi heldur mundi hún sjá sjer fært að byrja á fyrirtækinu á annan hátt, sem sje með reikningsvinnu. Hann vildi vona, að meira fje mundi eigi þurfa, en áætlun verkfræðings Hansens ákvæði; en af henni mætti á hinn bóginn sjá, að 100,000 kr. muni ekki nægja til fyrirtækisins, og því vildi hann reyna að koma þessum viðauka fram, og skora jafnframt á deildina að aðhyllast hann, því annað hvort yrði mönnum að vera alvara eða ekki, og hann vildi vona, að menn mundu því aðhyllast breytinguna.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi vilja tala um það, hvort hann væri málinu hlynntur í huga sínum eða eigi; hann hefði talað um það við þingmann Rangæinga, hvaða álit hann hefði á málinu, en hann hefði ekki viljað fallast á sína skoðun. Hann væri hræddur um, að ef hann gæfi atkvæði með breytingaratkvæðinu, þá yrði það aðalmálinu til bana; hann vildi í raun og veru málinu vel, og því vildi hann eigi gjöra það, sem gæti orðið málinu til niðurdreps.

Sighvatur Árnason sagðist eigi sjá, af hverju það væri, að 1. þingmaður Húnvetninga rjeði frumvarpinu bana, þó hann gæfi breytingaratkvæðinu atkvæði sitt, nema ef það væri af því, að breytingaratkvæðið fengi eigi framgang í neðri deildinni, en það væri nú grunur sinn, að hún væri meðmælt málinu. Reyndar væri fje það of lítið, er hún hefði lagt fram, en ólíkt þætti sjer, að hún sneri alveg við blaðinu, þó nokkru væri við bætt.

Benedikt Kristjánsson sagði, að hjer yrðu menn annað hvort að vilja eða ekki vilja. Sumir hefðu sagt, að fjeð í frumvarpinu væri eigi nóg, og af þeirri ástæðu áliti hann að 1. þingmaður Rangvellinga hefði komið með breytingaratkvæði sitt, enda hefði hann fulla ástæðu til þess. Ef menn vildu styðja þetta mál, þá mætti til að veita það, sem þyrfti til þess. Þessi sami þingmaður hefði í hitt eð fyrra komið með 30000 kr. upphæð, en það hefði þingið fellt, víst af því að það hefði eigi þótt, sem það mundi koma að liði; nú beiddi hann um 100000 kr., en það segði deildin eigi nóg. Það væri nú sjálfsagt, að veita svo mikið fje, að líkindi væru til, að verkinu yrði framgengt, og virtist sjer, að fje landssjóðsins yrði eigi betur varið, því þetta bætti úr atvinnuskorti góðra hjeraða; það væri að vísu ekki hægt að flytja hjeruðin nær góðum mörkuðum, en mögulegt væri að gjöra flutningana hægri. Sumir segðu, að þetta væri velferðarmál fyrir Skaptfellinga, Rangárvallasýslu og Árnessýslu, en eigi fyrir Gullbringusýslu og Reykjavík. Hann vildi spyrja, hvort eigi væri lægra verð á vöru, ef nóg væri af henni á markaði? Hvort ekki væri betra verð á kjöti hjer, ef nóg væri af kindum til slátrunar? Sama væri um Gullbringusýslu. Útvegsbændur óskuðu að fá sem flesta á skip sín, og því væru greiðar samgöngur þeim mjög í hag. Landslagi hlutaðeigandi sveita væri svo háttað, að þær hefðu lítil not af gufuskipsferðunum kringum landið, og væri þó mikið fje lagt til þeirra, sem þær þó borguðu sinn hluta af í landssjóð. Það hefði verið sagt, að það væri sómi, að veita þetta fje, og væri það satt, en það væri bæði gagn og sómi.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla að svara 1. þingmanni Þingeyinga mörgu. Hann hefði sagt, að fjeð væri of lítið, og mætti

bezt sjá það af breytingaratkvæði 1. þingmanns Rangæinga, en það sannaðist á honum, að því meira sem kötturinn væri strokinn, því meir setti hann upp stýrið. Fyrst hefði hann beðið um 30,000 kr., nú beiddi hann um 150,000 kr., en sjer þætti vel mega svo fara, að loks yrði beðið um 250,000 kr.; því ef það reyndist eigi nóg, sem um væri beðið, þá væri annaðhvort að hætta eða leggja meira fje. Þetta fje væri og allmikið, einkum er það væri leigulaust. Ef þetta væri Reykvíkingum í hag, þá missýndist þeim mjög, og þætti sjer óliklegt, að hann væri því kunnugri en sjálfir þeir. Þó þætti sjer þetta nokkuð djarft tiltekið, þar sem margar sveitir, sem ættu að bera kostnað af þessu, afbeiddu það, og væri hann því samdóma 1. þingmanni Húnvetninga, að það ætti eigi að lána fje út þannig. Hann gæti því hvorki gefið atkvæði með frumvarpinu nje breytingaratkvæði 1. þingmanns Rangæinga.

Jón Hjaltalín kvaðst manna sízt vilja hindra þau fyrirtæki, er hann sæi einhverja manndáð vera í, og hann játaði, að þetta fyrirtæki lýsti einhverri virðingarverðri manndáð, en 100000 krónur og jafnvel þær 150000 krónur, er nú væri stungið upp á, mundu eigi ná langt til þessa fyrirtækis, því að þetta væri það heljarverk, er þeir eigi gætu ímyndað sjer, er aldrei hefðu sjeð ár þessar í vexti á vetrardag; menn þyrftu að hafa fyrir sjer áreiðanlega skýrslu frá mönnum, er vit hefðu á, en þó að maður sá, er þessa áætlun gjörði, kynni að hafa sjeð brúna yfir Limafjörðinn, þá væri hann eigi nema stöðupollur hjá Ölfusá. Hann væri því hræddur um, að mál þetta væri of snemma upp borið og þyrfti yfirlits með.

Forseti bar þá fyrst undir atkvæði breytingaratkvæði Sighvats Árnasonar, og var það fellt með 5 atkvæðum gegn 5.

Frumvarpið sjálft var samþykkt með 8 atkvæðum.

Kvað forseti frumvarpið nú mundu verða sent aptur til neðri deildarinnar.

Ein umræða í neðri deild, á 59. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 514.

Breytingartillaga I 528—529.

Flutningsmaður (*Ísl. Gíslason*): Breytingaratkvæði það, sem hjer liggur fyrir frá mörgum þingmönnum, tekur nú skýrt og ljóst skarið af með það, að skjóta loku fyrir, að meira lán úr landssjóði fáist til brúargjörðanna; en viðbótin: »í mesta lagi» er að mínu áliti næsta óheppileg, og jeg vil vona, að hin heiðraða deild aðhyllist hana ekki. Það liggur í augum uppi, að þessar 100,000 kr. eru það hæsta gjald, sem viðkomandi sýslum má álíta kleyft að standa straum af, en nú má ráð fyrir gjöra, að meira fje gangi til kostnaðarins, en til er tekið, og yrði þá tvennt til, annað hvort að hætta yrði við verkið hálfgjört, eða að sýslurnar yrðu sjálfar að bæta á sig meiri kostnaði, meiri en þær geta undir risið. Jeg verð að treysta því, að deildin vilji hvorugu þessu vandræði valda.

Varaforseti (*Grímur Thomsen*): Jeg sje ekki, að þessi breyting sje annað en að koma frumvarpinu í sama lag, og það var í, þegar það fór upp í efri deildina. Ástæðan fyrir viðauka þessum er eðlileg og augljós, sú, að einhversstaðar varð nauðsynlega við að nema með lán landssjóðsins. En aðgætandi er, að þessi veiting nær ekki út yfir fjárhagstímann; næsta þing tekur við og veitir þá meira lán, ef það þykir nauðsynlegt. Það væri of mikil tortryggni, að efast um, að næsta þing veitti litla upphæð, þar sem þetta veitti svo stórmikið fje. Lifi jeg, og þess þurfi, skal jeg, þegar þar að kemur, ekki spilla fyrir nokkrum styrk eða viðbót til þessa fyrirtækis, ef þá verður ekki annað í vegi.

Flutningsmaður: Aðal atriðið eða spursmálið er, hvort þá fengist lán, ef þess þyrfti, með sömu kjörum, og hjer eru gefin. Fá sýslurnar vaxtalaust lán til viðbótar? Því getur þessi heiðraða deild ekki lofað, og sakir þess er hin greinda viðbót mjög svo ísjárverð. Að öðru leyti verð jeg að hafa á móti hinum heiðraða varaforseta, þar sem hann sagði, að frumvarpið með breytingu þessari hjeldi sama formi og þegar það fór hjeðan til efri deildarinnar.

Varforseti: Færi svo, að eitthvert lítið fjárlán yrði að taka til brúnna, eptir að aðalverkið væri unnið, þá álít jeg það enga frágangssök, enda með 5—6 af hundraði í leigu.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. breytingartillagan samþykkt með 17 atkvæðum.
2. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.

Kvað forseti það mundu verða endursent efri deild.

Ein umræða í efri deild, á 53. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild, sjá I 525—526.

Sighvatur Árnason sagði, að litlar breytingar væru komnar fram við frumvarpið, og þyrfti því eigi að fara mörgum orðum um málið; en hann vildi leggja það til, að það fái framgang, því hann vonaði, að ef landsstjórnin byrjaði með þessu fje, þá mundi einhver ráð verða til að bæta við það, ef á lægi, og hann leyfði sjer að treysta því, að þingið hjálpaði um viðauka á sínum tíma, því auðvitað væri, að hlutaðeigandi hjeruð gætu eigi aukið á sig þyngri sköttum, en frumvarpið legði á þau til hinna fyrirhuguðu brúargjörða.

Þá var frumvarpið borið upp til atkvæða og samþykkt með 7 atkvæðum.

Forseti kvað það nú verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXIII. BRÚ YFIR SKJÁLFANDAFLJÓT.

Frumvarp til laga um brúargjörð á Skjálfandafljóti. Frá Benedikt Sveinssyni, 1. þingmanni Árnessinga. Sjá I 260.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 30. fundi, 5. ágúst.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Eptir undirtektum þeim, sem frumvarpið um brúargjörð yfir Þjórsá og Ölfusá fjekk hjá deildinni, þykist jeg ekki þurfa að fjölyrða um þetta mál. Þetta frumvarp er, að því sem unnt er, sniðið eptir því frumvarpi. Jeg vil að eins taka lítið eitt fram viðvíkjandi þeim tveim atriðum, hvað mikinn hag brú þessi getur gjört, og í annan stað erfiðleikann á, að fá lánið endurborgað. Hvað fyrra atriðið snertir, þá er ætlazt til, eins og jeg hef áður tekið fram, að brú þessi verði byggð á þeim stað, þar sem öll aðal-umferðin um Þingeyjarsýslu er og hlýtur að vera, bæði fyrir þá, er ferðast um suðurhluta sýslunnar, innan sýslu og utan, að póstunum meðtöldum, og þeim öllum, sem sækja til Akureyrar austan yfir Skjálfandafljót, eður til Húsavíkur vestan að. Vatnsfall þetta er þar að auki fjarskalega illt yfirferðar, og ferjustaðurinn svo slæmur, að fljótið er opt og tíðum ekki ferjandi bæði fyrir menn og hesta. Jeg hef sjálfur, og það seinast í vor, farið yfir fljótið á þingaferðum mínum með mesta lífsháska; sama er að segja um póstinn, að það er einungis með naumindum og lífshættu að hann opt og tíðum fær komizt yfir Skjálfandafljót á þessum eina stað, sem leið hans hlýtur að liggja um. Það liggur því í augum uppi, hversu mikið hagræði

brú á þessum stað gjörði, bæði fyrir allan almenning og póstferðir landsins, að jeg eigi tali um Þingeyinga sjálfa, sem sækja verzlun á Húsavík og Akureyri yfir fljótið. Viðvíkjandi endurborguninni, þá er ekki ætlazt til í þessu frumvarpi, að aðrir taki þátt í henni en sýsluvegasjóðir Þingeyjarsýslu, og á þann hátt fellur burtu öll niðurjöfnun og spursmálið um nýja álögu brúarinnar vegna. Þó jeg vissi, að Norðurmúlasýsla hafi reyndar mikið gagn af brúnni, þá treystist jeg ekki til að fara út í þá sálma, að láta hana taka þátt í kostnaðinum. Það er að vísu satt, að gufuskipið kemur tvisvar, þrisvar á ári snöggvast við á Húsavík, en það sjá allir, að þetta bætir ekki úr þeim annmörkum fyrir samgöngunum, sem Skjálfandafljót gjörir.

Varaforseti (*Grímur Thomsen*): Jeg vil fyrst geta þess, að endurborgunin á þessu láni finnst mjer enn óvissari, en endurborgunin á láninu til brúargjörðar yfir Þjórsá og Ölfusá, þó ýmsir örðugleikar sjeu á henni. Endurgjaldið skal greiðast úr sýsluvegasjóðum Þingeyjarsýslu, «eptir því hlutfalli, sem sýslunefndunum kemur saman um». Nú set jeg að sýslunefndunum komi ekki saman, þá er óvíst, hvernig fer um endurborgunina. Hjer er lika allt öðru máli að skipta, en á Suðurlandi; Þingeyjarsýsla er ein af þeim sýslum, sem hafa hag af gufuskipsferðunum. Það er þó allt annað mál, þó landið vilji hlaupa undir bagga með Suðurlandi. Þó vil jeg með ánægju vera með láni, en ekki með sömu kjörum og frumvarpið ákveður; upphæðin er ekki svo stór, að það þurfi 40 ár til þess að endurborga hana. Hjer er heldur engin ástæða til að veita vaxtalaust lán; þar sem þeir eiga í hlut, sem hafa eins mikið gagn af gufuskipsferðunum og aðrir landsmenn, virðist lánið eiga að endurborgast með 6 af hundraði í 28 ár. Þetta vona jeg flutningsmaður játi að sje sanngjarnt; og að jeg snúi mjer til allra þeirra þingmanna, sem eru að norðan, þá vona jeg að þeir líti svo á þetta mál, að þeir sjeu lausir við alla nesjaskoðun.

Flutningsmaður: Jeg er varaforseta þakklátur fyrir það, að hann er þó ekki alveg á móti þessu máli. Jeg játa, að það er nokkur munur á Suðurlandi og Þingeyjarsýslu með tilliti til gufuskipsferðanna, en munurinn er ekki mikill, hann er fremur í orði en á borði, og getur eigi valdið því, að öðrum eigi að veitast 100,000 króna vaxtalaust lán, en hinum vera neitað um 14,000 krónur til samkynja fyrirtækis. Þetta er, eins og allir heilvita menn sjá, ekki rjettur samjöfnuður, en að öðru leyti er jeg fús til að koma mjer saman við varaforseta um þær breytingar, sem góðu hófi gegna. Það er satt, að Þingeyjarsýsla er ekki alveg útilokuð frá allri hlutdeild i gufuskipsferðunum, því að skipið kemur sem sagt tvisvar eða þrisvar við á Húsavík, en í Þingeyjarsýslu er annar tálmi, sem er verri en gufuskipsleysi. Ef varaforseti þekkti, hvernig til hagar í Þingeyjarsýslu með veðuráttufar, mundi honum renna til rifja, er hann sæi, hvað bágt er með allar samgöngur. Maður getur næstum sagt, að sláttartíminn eða hásumartíminn sje sá eini, sem menn ekki þurfa að búast við stórhríðum á. Þó ber út af þessu svo, að menn svo dögum skiptir verða stundum á sumrin að hætta við heyskap sökum snjóáfella. Við þetta bætist margt annað til meðmæla, svo sem atorka og fjelagsskapur Þingeyinga. Jeg skal í þessu tilliti taka til dæmis, að einn af fátækustu hreppum Suðurþingeyjarsýslu, Helgastaðahreppur, hefur sjálfum sjer til sóma og öllum til gagns lagt stórfje, að kalla má, til brúargjörðar á Laxá, enda hefur og sýsluvegasjóður sýslunnar styrkt allmikið þetta lofsverða fyrirtæki. Það er því engin ástæða til að vantreysta því, að lán þetta fáist endurborgað; sýslunefndirnar í Þingeyjarsýslu eru svo bróðurlega lyntar, að varaforseti, eða neinn annar, þarf ekki

að óttast, að þær ekki komi sjer saman um endurborgunina eptir sanngirni og rjettu hlutfalli.

Varaforseti: Hjer er ekki spurning um töluupphæðir, heldur um meginreglur. Landssjóðurinn á að leggja til brúargjörðar yfir Þjórsá og Ölfusá, af því sá hluti landsins fer varhluta af þeim gæðum, er gufuskipsferðirnar hafa í för með sjer, en það á sjer ekki stað um Þingeyjarsýslu. Jeg játa, að þar munu vera mikil harðindi, en þó eru þeir menn, er jeg sje þaðan, ekki síður mannborlegir að sjá, en Rangvellingar og Árnessingar. Jeg vil minna á, að frumvarpið þarf umbóta við, því að 3. gr. inniheldur ekki næga trygging fyrir endurborguninni, enda ekki hins vaxtalausa láns. Það væri því ekki af vegi, að málið kæmist í nefnd; það gæti orðið lagað á 1—2 dögum. Jeg vil gjarnan bera mig saman við flutningsmann um breytingar á frumvarpinu, sjer í lagi í þá átt, að lánið verði ekki vaxtalaust.

Arnljótur Ólafsson: Það er satt að gufuskipið kemur við í Þingeyjarsýslu, en hvort þar af getur dregizt sú ályktun, að Þingeyjarsýsla eigi ekki að fá vaxtalaust lán til brúargjörðar, það þykir mjer mikil vafaspurning. Þegar vjer segjum, að Rangárvalla- og Árnessýsla eigi að fá 80,000 kr. að gjöf, vegna þess þær hafa ekki not af gufuskipsferðunum, liggur sú spurning við, hvers vegna hafa þær ekki sama gagn af gufuskipsferðunum? Er það þingdeildinni að kenna? Sannarlega ekki, það er náttúrunni að kenna. Má nú ekki koma öðrum náttúrugöllum að, en hafnarleysi? Árnessýsla og Rangárvallasýsla fá 80,000 kr. vegna náttúrugalla, en viljum vjer þá ekki gefa Þingeyjarsýslu neitt vegna hins sama? Jeg vil vera með í að færa borgunartímann niður í 28 ár, en jeg vil að lánið veitist vaxtalaust. (*Varaforseti:* Nei! með vöxtum!). Þá er ekki neitt veitt fyrir náttúrugalla. Þingeyjarsýsla hefur langa vegi og örðuga, og vjer Norðlendingar höfum hafís, er meðal annars hamlar gufuskipsferðunum. Ofau á þetta bætist, að vjer verðum að kosta meiru til fangelsa, en aðrir, vegna þess, hve samgöngur eru örðugar og þunnbýlt, en eigi sakir þess, að fleiri sjeu dæmdir í fangelsi fyrir norðan en sunnan. Þetta böl vort Norðlendinga stafar allt frá náttúrugöllum, og ef hafa á tillit til þeirra á einum stað, þá ætti að gjöra það víðar.

Flutningsmaður: Jeg er fús á, að bera mig saman við varaforseta um mál þetta, eins og jeg sagði fyrir skemmstu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef ekki á móti þessu frumvarpi í sjálfu sjer; en jeg ætla þó að leyfa mjer að bera eina spurning fyrir flutningsmann. Eins og kunnugt er, hefur sýslunefndin í Rangárvallasýslu óskað eptir láni til að tryggja brú yfir Þjórsá, og vildi jeg því spyrja, hvort eins væri með sýslunefndirnar í Þingeyjarsýslu, að þær hefðu óskað láns þess, er hjer ræðir um, og rætt mál þetta.

Flutningsmaður: Sýslunefndirnar í Þingeyjarsýslu hafa þrisvar rætt og ályktað mál þetta, og auk þess hefur það verið rætt á öllum manntalsþingum sýslunnar, og hvervetna verið álitið, eins og það er, mesta nauðsynja- og velferðarmál fyrir Þingeyjarsýslu og samgöngurnar á Norðurlandi yfir höfuð. Þetta getur þingmaður Reykvíkinga reitt sig á að satt er.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 19 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 36. fundi, 11. ágúst.

Breytingartillögur I 288—289. 314.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg vona, að deildinni sjeu ekki svo mislagðar hendur, að jeg þurfi að halda löngu

svari uppi fyrir þessu frumvarpi, þar sem deildin hefur samþykkt 100,000 kr. vaxtalaust lán til brúagjörðar yfir Þjórsá og Ölfusá, sjer í lagi eptir að þau breytingaratkvæði eru gjörð, sem hjer liggja fyrir. Breytingin við 1. gr. er, að lánið skuli vera allt að 20,000 kr., í stað þess jeg í fyrstu stakk upp á 14,000 kr. Þessi upphæð er ekkert óttaleg, af því fyrir framan hana stendur «allt að». Menn þurfa ekki að óttast, að meiru fje verði varið til brúargjörðarinnar en brýnasta nauðsyn krefur; en örðugt er á hinn bóginn fyrirfram að tiltaka upp á krónu, hvað mikið fje brúin útheimti. Eptir breytingunni við 2. gr. sjest, að þetta lán á að borgast með venjulegum vöxtum, nema hvað það á að vera vaxtalaust í 3 ár, því að það er nauðsynlegt, að brúin verði gjörð áður en farið verður að greiða kostnaðinn, svo arður sá, sem hún hefur í för með sjer, ljetti undir greiðslu hans. Varaforseti og 7 aðrir þingmenn hafa komið með breytingaratkvæði um, að orðin «eptir því hlutfalli, sem sýslunefndunum kemur saman um» falli burt; þetta breytingaratkvæði vona jeg sje óþarft, eptir minni breytingu, ef hún verður samþykkt. Jeg og 2 aðrir þingmenn höfum stungið upp á, að 1/3 lánsins greiðist úr jafnaðarsjóði Norðuramtsins, af því brúin verður á þjóðvegi, þar sem alfaravegur liggur fyrir alla þá, sem um Þingeyjarsýslu fara, en önnur leið er ómöguleg Norður- og Austuramtið á enda, frá vestri til austurs, og frá austri til vesturs.

Varaforseti: Jeg á með 7 öðrum þingmönnum breytingaratkvæði við þetta frumvarp, og gengur það í þá átt, að farið er nokkuð skemmra en frumvarpið. Vjer gjörum ekki ráð fyrir vaxtalausu láni, ekki einu sinni í 3 ár. Jeg tók fram við 1. umræðu, hve stór munur væri á þeim hlutum landsins, sem hefðu gagn, og þeim, sem ekkert gagn hefðu af gufuskipsferðunum; Þingeyjarsýsla hefur, ef til vill, ekki mikið gagn af gufuskipsferðunum, en Árness- og Rangárvallasýslur hafa enn minna gagn af þeim. Að vísu er stungið að eins upp á 3 ára vaxtalausu láni, en jeg er hræddur um, að það kunni að verða hættuleg fyrirmynd síðar meir, ef mönnum er komið upp á að fá vaxtalaus lán. Það er engin orsök til að gefa þetta lán með betri kjörum, en lán til prestakalla og kirkna, og nú hefur nýlega einni kirkju verið veitt lán án nokkurrar linunar. Hjer er og önnur uppástunga, sem ekki er í samhljóðun við frumvarpið um brúagjörð yfir Þjórsá og Ölfusá, það er, að amtsráðið fyrir norðan, en ekki landshöfðingi á að gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess að brúin verði byggð. Uppástungumönnum er það kærara, að, ef til vill, settur amtmaður sjái um bygginguna, heldur en að landshöfðingi gjöri það. Jeg sje enga ástæðu til að trúa betur amtsráðinu en landshöfðingja fyrir þessu, hann hefur þó peningaábyrgðina, en amtsráðið ekki. Þess vegna verð jeg að mæla sterklega með þessari breytingu á 4. gr., því að það er nauðsynlegt að halda því, að landshöfðingi hafi umsjónina og ábyrgðina. Ef tillögur vorar verða teknar til greina, þá vantar að til taka, hve mikil upphæðin skal vera, en það má gjöra seinna. Í hitt eð fyrra var stungið upp á 12,000 kr. láni, nú var stungið upp á 14,000 kr., og loksins er upphæðin orðin 20,000 kr.; það bætir reyndar úr, að orðin «allt að» eiga að standa fyrir framan, en einmitt vegna þess er nauðsynlegt, að landsstjórnin sjálf, sem ábyrgðina hefur, hafi á hendi umsjónina með byggingunni, og sjer í lagi framtalningu fjárins til hennar.

Flutningsmaður: Jeg verð að segja, að varaforseta eru mislagðar hendur í þessum brúagjörðarmálum. Jeg vil manna sízt tala þau orð, að hann sje of örlátur, þegar um brúabygging yfir Þjórsá og Ölfusá er að ræða, en jeg vona allir sjái, hve fjarskalegur munur það er, að vilja veita

það lán umtalslaust, en tala móti þessu láni, af því það á að vera vaxtalaust 3 ár. Jeg hirði sem sagt eigi um, að fletta ofan af þessari mótsögn, bún er svo allsnakin og ber fyrir augum sjáandi manna. Það er satt, að gufuskipið kemur tvisvar til þrisvar á ári við á Húsavík; en það er jafnsatt, að yfir höfuð hefur Þingeyjarsýsla ekkert gagn af gufuskipinu; það skyldi þá vera það, að í fyrra sumar t. a. m. biðu 4—5 menn marga daga á Húsavík eptir því, en sáu það aldrei, svo þeir urðu sumir hverjir að fara inn á Akureyri með ærnum kostnaði um hásumartímann, og svo aptur á Húsavík. Stormarnir og ósjórinn við strendur Þingeyjarsýslu gjöra gufuskipsferðirnar svona áreiðanlegar. Jeg veit ekki til að skipið flytji neinar vörur á Húsavík eða frá Húsavík, og eina gagnið af gufuskipinu skyldi þá vera það, að einstaka maður kemst með því kringum landið stöku sinnum, svona mest að gamni sínu. Þingeyjarsýslu er að öðru leyti svo háttað, að jeg er viss um, að ef varaforseti þekkti nokkuð til, mundi hann ekki tala svona óskiljanlega móti þessu lítilfjörlega láni. Jeg vona að deildin hiki sjer ekki við, að samþykkja þetta frumvarp, og ef jeg gæti ímyndað mjer, að hún væri svo naum, að vilja ekki gefa eptir vextina af láninu í 3 ár, væri það helzt í mjer, að taka frumvarpið aptur. Varaforseti talaði og um þá breyting, að amtsráðið á að hafa umsjónina með brúarbyggingunni. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að þriðjungur lánsins á að endurborgast úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, og hins vegar af því, að hjer ræðir að eins um lán á venjulegan hátt án nokkurra þeirra útláta frá landssjóðsins hálfu, er teljandi sjeu. Landssjóðurinn stendur öðrumegin blátt áfram sem lánardrottinn, amtsráðið og sýslunefndirnar í Þingeyjarsýslu hinumegin, sem lántakendur. Varaforseti verður að gá að því, að landshöfðingi er þar að auki svo fjarri; hann er nær Þjórsá og Ölfusá; og jeg skil, sem sagt, ekki í öðru, en að amtsráðið geti eptir eðli þessa máls verið bært að sjá um þetta. Báðar þessar breytingar eru þannig að mínu áliti svo lagaðar, að jeg get ekki sjeð, að þær geti staðið í vegi fyrir þessu máli. Jeg get ekki einu sinni sjeð betur, en að Þingeyingar hljóti að finna sárt til þess, að vera skyldir til að leggja í landsjóð jafnmikið fje, sem þeir gjöra, ef þeir ekki geta fengið úr landssjóði svona lítið lán, jeg segi beint og blátt lán. Landssjóðurinn ætti eiginlega sjálfur að taka að sjer allar þessar brúabyggingar, og eins vel sjá um, að komast megi yfir ófær vatnsföll og fljót, eins og hann annast vegi yfir fjöll og firnindi. En þetta aðal sjónarmið, sem menntuðustu og frjálsustu þjóðir skoða þessi mál frá, svo sem Ameríkumenn, er svo fjarlægt hugsun þeirra, sem mest fjalla um fjármál landsins, að jeg vil ekki fara um það fleirum orðum. Þessi skoðun mun síðar ryðja sjer til rúms eins og margt annað, sem nú má eigi heyrast. Hins vegar vona jeg að deildin líti á þau harðindi og það samgönguleysi, sem sjerstaklega er í Þingeyjarsýslu og geti frumvarpinu samþykki sitt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er á sama máli og varaforseti, að ekki væri rjett að veita lán til þessarar brúarbyggingar vaxtalaust í 40 ár, því að það er heldur mikil ívilnun, og getur orðið hættulegt að innleiða þá reglu, því þá munu fleiri hjeruð ganga á sama lagið. Jeg er því undir þeirri breytingaruppástungu, sem ákveður að láníð skuli að eins vera vaxtalaust í 3 árin fyrstu, og sýnist mjer smáræði, að rentan sje eptir gefin þessi fáu ár. Það virðist líka sanngjörn ívilnun, að taka eigi leigu af láninu fyrri, en að brúin er fullgjörð, og komin almenningi til gagns, en ekki vil jeg líta á það, að Þingeyjarsýsla hefur lítið gagn af gufuskipsferðunum; því þó verið sje að tala um, að Rangárvalla- og Árnessýsla hafi ekkert gagn af gufuskipinu, þá

álít jeg hættulegt að byggja á því vaxtalaust lán um 40 ár; eptir því geta Borgarfjarðar- og Mýrasýslur og Skaptafellssýslur líka komið og heimtað hlunnindi, af því gufuskipið komi ekki þar. Hvað það snertir, sem varaforseti lagði áherzlu á, að það væri ódæði að fela amtsráðinu umsjónina með brúarbyggingunni, þá vil jeg minna á það, að þetta er ekki fje, sem ekki á aptur að renna í landssjóð. Ef landssjóðurinn borgaði brúna, þá ætti landstjórnin að hafa umsjónina, en af því það er amtssjóðurinn og sýslusjóðurinn, sem kostar hana, þá er rjett, að amtsráðið og sýslunefndin sjái um bygginguna. Þar við bætist, að 2 úr amtsráðinu eiga heima rjett hjá brúarstæðinu, en landshöfðinginn býr í Reykjavík; hann á því óhægra með, en amtsráðið, að sjá um bygginguna. Jeg ætla því, að deildinni sje óhætt að samþykkja breytingaruppástungur vorar að því er umsjón byggingarinnar snertir; en vaxtalaust lán um 3 ár getur hún fellt, ef henni sýnist, því það er lítilsvert á báðar hliðar.

Varaforseti: Upprunalega ákvörðunin hjá nefnd neðri deildarinnar var sú, að landshöfðinginn ætti að stjórna þessu brúarmáli, og að það væri sjálfsagt, að hann gjörði það, eins og hann á að ráða byggingu brúnna á Þjórsá og Ölfusá. Nú er aptur á móti uppástaðið, að amtsráðið eigi að hafa þetta umboð á hendi. Jeg segi, að þetta á ekki við, og er öfugt; málinu fylgja ýmsar ráðstafanir, sem landshöfðinginn einn getur gjört og á að gjöra; landstjórnin á sjálf að annast þess konar störf, en aptur er ekkert á móti hinu, að landshöfðinginn feli umsjón verksins sjálfs og fleira þar að lútandi amtsráðinu nyrðra á hendur eða viðkomandi sýslunefnd, en hina fjárlegu og yfirstjórnlegu hlið fyrirtækisins á hann sjálfur að annast og ábyrgjast; því hið gagnstæða er formlaust. Hvort lánið er veitt rentulaust í 3 ár eða ekki, það þykir mjer ekki svo miklu máli skipta, að jeg deili um það, en hins bið jeg hina heiðruðu þingmenn, að þeir hvorki misskilji mig nje sjálfa sig viðvíkjandi yfirstjórn þessarar brúargjörðar, heldur sjái um, að ekkert formleysi spilli samhljóðan hvorratveggja brúargjörða-laga þingsins.

Flutningsmaður: Jeg er öldungis samdóma varaforseta um það, að það sje landshöfðingjans, eða þó heldur ráðgjafans, að sjá um útborgun lánsins, láta semja og undirskrifa skuldabrjef um endurborgun þess o. s. frv. En varaforseti villist rammlega, er hann blandar þessu saman við þá verklegu umsjón og framkvæmd á brúargjörðinni sjálfri, sem vjer ætlumst til, að amtsráðið hafi á hendi. En vitaskuld er það, að landshöfðingjanum mun vera innan handar að heimta þá skilagrein í þessu tilliti, sem hann óskar og samboðin er stöðu hans yfir höfuð gagnvart amtsráðinu.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil að eins tala fá orð til þess, að sýna varaforseta, að við uppástungumenn höfum skilið sjálfa okkur. Það sem stendur í 4. gr., að «nauðsynlegar ráðstafanir sjeu gjörðar til þess, að brúin verði gjörð», þá er það álit vort, að undir þetta geti ekki heyrt, að telja út peningana og sjá um, að skuldbindingarbrjefin fyrir láninu sjeu gild og góð, heldur að þetta sje að útvega uppdrátt brúarinnar, smiði, til að standa fyrir verkinu, og mann, til að kaupa efnivið í brúna og fá hann fluttan frá útlöndum og að brúarstaðnum, og sjá um að fá þetta allt sem ódýrast. Þetta eru þær nauðsynlegu ráðstafanir, sem vjer ætluðumst til að amtsráðið gjörði. Þegar lögin ákveða, að lánið skuli veitast, þá hefur landstjórnin ekki annað að gjöra, en telja út fjeð.

Hallór Kr. Friðriksson: Það er beinlínis skylda landshöfðingja að sjá um, að allur undirbúningur, sem þörf er á til brúargjörðarinnar, sje gjörður. Það er mikil náð, sem amtsráðið ætlar að sýna lands-

höfðingja eptir því, sem uppástungumenn vilja, það segir: «Jeg gjöri brúna eptir mínu höfði, en borga þú kostnaðinn». Mjer þykir mikið að hann fær að telja því út peningana.

Flutningsmaður: Það eru lögin sjálf, sem ákveða lánið, og þegar það er orðið að lögum, hve lánið skuli vera mikið, þá ákveða þau sömuleiðis, hverja skyldu landsstjórnin fyrir hönd landssjóðsins hafi til að fullnægja lögunum. Þetta er um leið hinn eini eðlilegi rjettur landstjórnarinnar, en meira ekki. Amtsráðið á þar á móti að ráða því, hvernig fjenu er varið, einnig samkvæmt lögunum, og auk þess er það svo nærri staðnum, að meðlimir þess geta haft persónulega umsjón með brúarbyggingunni, þar sem landstjórnin verður að sjá allt með annara augum, og það hefur stundum ekki tekizt sem bezt. Þetta er svo augljóst mál, að eigi tjáir að reyna til að flækja það út af rjettri leið, hvorki fyrir varaforseta nje þingmann Reykvíkinga.

Halldór Kr. Friðriksson: Ætli það skemmdi nokkuð, þó amtsráðið sendi landshöfðingja uppástungur sínar til samþykktar; ef það ákveður eitt um allt, þá fara lögin skakka leið.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, ljet forseti greiða atkvæði um frumvarpið, ásamt breytingartillögum þeim, sem komið höfðu, og var:

1. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.
2. Breytingaratkvæði 8 þingmanna við 1. gr. þar með fallið.
3. 1. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 14 atkv.
4. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 2. gr. samþykkt með 16 atkv.
5. Breytingaratkvæði 8 þingmanna við 2. gr. þar með fallið.
6. 2. gr. frumvarpsins sömuleiðis sjálffallin.
7. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 3. gr., samþykkt með 12 atkvæðum.
8. 3. gr. frumvarpsins þar með fallin.
9. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 4. gr. fellt með 11 atkv. gegn 4.
10. 4. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 15 atkvæðum.
11. 4. liður í breytingartillögu 8 þingmanna samþykktur með 10 atkvæðum.

12.—13. 5.—6. gr. frumvarpsins þar með fallnar.

14. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.
15. Málinu skotið til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild á 42. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 348.

Breytingaruppástungur I 367. 377.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg hef ekki mikið að athuga við málið. Breytingar okkar 6 þingmanna við 1. grein virðast víst meinlitlar, þær taka einungis skýrt fram um lánið, að það í mesta lagi nái 20,000 kr.; orðið «viðlagasjóður» er líka heppilegra en «landssjóður». Aðal ágreiningsefnið er það, sem breytingartillaga varaforseta fer fram á, að landshöfðingi, en ekki viðkomandi amtsráð standi fyrir brúargjörðinni. Við höfum sett amtsráðið fyrir framkvæmd þessa fyrirtækis, af því við sáum ekki, og sjáum ekki, annað rjettara og sjálfsagðara eptir eðli málsins, að óskertu fullu atkvæði landshöfðingja um hið fjárlega atriði, sem honum til kemur, eða þó rjettara ráðgjafanum sjálfum. Breyting varaforseta álít jeg ónauðsynlega, en að öðru leyti gjöri jeg nauðugur það eina atriði að kappsmáli, og vonast til, að hin heiðraða deild skeri skjótt úr þeim ágreiningi, á þann hátt, sem vjer 6 uppástungumenn förum fram á.

Varaforseti. Mín breytingartillaga átti

að vera miðlunartilraun milli 4. greinar og tillögu hinna 6 þingmanna. Mjer dettur að vísu ekki í hug, að lá þeim heiðruðu herrum ósk þeirra, að fá sem mest umráð í eigin hendur, sízt þar sem 2 heiðraðir meðlimir amtsráðsins standa undir tillögunni; en jeg verð að biðja þá og deildina að athuga hitt, að eptir lögum á landshöfðingi að hafa æðstu umboðsleg umráð allra mála á landinu, og sjerstaklega ábyrgð alls fjár landssjóðsins, sem hjer er varið Nú ræðir hjer um lán úr landssjóði, og þó með sjerstaklegum, mildari kjörum, en almenn venja er til. Fyrst vildu menn fá til þessa fyrirtækis 12000 kr., svo 14000 kr., nú 20000 kr.; svona hefur fjárbeiðslan verið laus, sem bendir á, að hjer þurfi eptirlit, og með eptirlitinu ábyrgð. En með ábyrgð eiga rjettindi að fylgja; sá sem á að ábyrgjast eitthvert fyrirtæki, hann hlýtur að hafa rjett til að stjórna því. Þetta mitt breytingaratkvæði er þó að eins mála miðlun. Landshöfðinginn hefur eptirlit með framkvæmd fyrirtækisins, greiðslu og ábyrgð fjárins, tekur við skuldbindingum þeirra, sem verja fjenu og eiga að endurborga það; en amtsráðið er á s a m t honum og í o g m e ð; landshöfðinginn má ekki fara út fyrir samþykki amtsráðsins, heldur verður að hlýða þeirra ráðum og aðgjörðum. Hjer gæti engin nauðung eða valdboð átt sjer stað; landsstjórnin, sem er í fjarlægð, hlýtur að láta þá mestu ráða, sem nær eru og betur þekkja til, sem er amtsráðið nyrðra og viðkomandi sýslunefnd. Jeg vona, að hinir heiðruðu þingmenn sjái, að eins og mín tillaga er formlega rjett, eins er hún hættulaus efni eða afdrifum þessa máls.

Tryggvi Gunnarsson: Það er einmitt sakir formsins, en ekki af neinu vantrausti til landsstjórnarinnar, að jeg er mótfallinn tillögu hins heiðraða varaforseta. Það er forn og einföld regla, að sá, sem tekur lán, ráði sjálfur, hvernig hann ver því. Mjer er alls ekki unnt að skilja, hvað hinum heiðraða varaforseta getur gengið til að halda svo fast fram þessu breytingaratkvæði; hvað getur hann grætt á því? Mál þetta stendur svo skýlaust og einfalt fyrir. Amtsráðið, sem lántakandi og yfirvald á staðnum, tekur við fjenu, og sjer síðan um að brúin sje gjörð; en landshöfðingi telur út fjeð og sjer um, að skuldbindingarskráin sje fulltryggjandi fyrir landssjóðinn. Berum saman þetta lán og fje það, sem veitt er til Staðarbyggðarmýranna í fjáraukalögum þeim, sem nýlega eru samþykkt af deildinni; þar er ekki ákveðið eða ætlazt til, að landshöfðinginn hafi á hendi yfirstjórn þess fyrirtækis. Umboðsmaðurinn og leiguliðarnir sjá um allar framkvæmdirnar. Hjer liggur fyrir þingsályktun frá varaforseta, að varið skuli af landssjóði 100,000 kr. til þinghússbyggingar, og nefnd sje valin til að sjá um alla framkvæmd við bygginguna; hjer á landsstjórnin ekki að koma nálægt; þetta fje er þó alveg horfið landssjóðnum, en fjeð til brúarinnar, er lán, sem greiðist aptur; hjer finnst mjer koma fram ósamkvæmni. Annað mál er, ef brú skyldi gjöra á alls landsins kostnað, en hjer kostar sjerstakt amt og sýslur mestu til. Það að lán þetta úr landssjóði er veitt rentulaust í 3 ár, er ekki þýðingarmikið atriði, en sanngjarnt eptir ástæðum. Jeg vona að öðru leyti, að hvorki hin heiðraða deild nje varaforseti misskilji mig svo, að jeg beri hið minnsta vantraust til landsstjórnarinnar, heldur finni og sjái, að jeg fylgi fram því, sem mjer skilst að sje bæði eðlilegast og haganlegast, nfl., að sá, sem tekur lán og á að borga það, fái full umráð yfir því, svo að því sje sem haganlegast varið.

Varaforseti: Jeg er ekki svo vanur skörpum hugsunum hjá 1. þingmanni Suðurmúlasýslu, að mjer bregði við að heyra hann bera saman lán, sem landið veitir til þess, sem það á, og lán, sem það veitir til þess, sem það ekki á. Hann minnti og á

alþingishúsið, en er það ekki allt annað mál, að þingið eða þingmenn fái atkvæði um þeirra eigið hús? Hjer felst einhver fiskur undir steini, því þingmaðurinn sagði, að þó hann tryði landsstjórninni í bezta máta fyrir þeim ráðstöfunum, sem hjer að lúta, þá vildi hann þó eingöngu fela amtsráðinu nyrðra, að gangast fyrir fyrirtækinu. Landsstjórnin er skyld til að hafa hjer hönd í bagga, þar sem kostnaðarupphæðin virðist svo óljós sem hjer, og þar sem þetta sjerstaklega á sjer stað, að lánað er með 6% leigum, rentulaust í 3 ár. Fyrst báðu þeir herrar um 12,000 kr., nú er beðið um 20,000 kr. og þar á ofan full umráð yfir fje og framkvæmd. Ef hinir heiðruðu þingmenn vildu taka til samanburðar lánið til brúargjörðanna á Þjórsá og Ölfusá, þá ættu þeir þó að sjá, að hjer vantar enga samhljóðan á breytingartillögu minni og þeirri ráðstöfun, sem við það mál er gjörð.

Arnljótur Ólafsson: Jeg fæ ekki betur sjeð, en að hjer sje misskilningur á ferð milli beggja hinna heiðruðu þingmanna, sem síðast skiptust orðum við, og skal jeg leyfa mjer að skýra það með fám orðum. Varaforseti hefur vel og rjett tekið fram skyldu landshöfðingja að greiða út og taka við fje landssjóðsins og að ábyrgjast alla þessa trygging. Þessa sjálfsögðu ráðstöfun finnst mjer 4. grein taki nægilega fram. Hjer eru 2 aðilar: annars vegar landssjóðurinn með sinn forráðamann, landshöfðingjann; hinn er brúin með sýslusjóðum, sýsluvegasjóðum og amtsjafnaðarsjóði. Þegar jeg nú lít á breytingaratkvæði okkar 6, sje jeg ekki, að við höfum gengið of nærri skyldum hvors aðilans fyrir sig; þar er ekki með einu orði talað í þá átt, að svipta landsstjórnina sinni eptirlitsskyldu, heldur er ákveðið um verkið og verkstjórnina; ekkert annað, (*Varaforseti*: nei!), nei, hjer hefur hinn heiðraði varaforseti varla verið rjett gáður eða gætt rjett að, því honum hefur þó víst eigi komið til hugar, að gjöra úr landshöfðingja verkstjóra; amtsráðið (*Varaforseti*: á það að vera verkstjóri?) aptur á móti hlýtur að hafa yfirverkstjórnina á hendi; það situr nærri staðnum, og það á að greiða meiri hlut fjárins, og hefur yfirskoðun viðkomandi sjóða á hendi, og verður nú að sjá um að nægu fje sje jafnað niður, svo lánið verði endurgoldið, þegar að skuldadögunum kemur. Aðra þýðing en þessa get jeg ekki úr tillögunum fengið; annaðhvort hefur því hinum heiðraða varaforseta glapizt sýn í þessu máli ellegar mjer.

Páll Pálsson bóndi: Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hina háttvirtu norðlenzku amtráðsmenn, af hverri ástæðu þeir hafa lagt það til, að 1/3 af brúarkostnaðinum yrði lagður á jafnaðarsjóð Norðuramtsins. Þetta finnst mjer móti þeirri aðalreglu, sem þingið hefur fylgt áður í líku máli, nefnil. um brúarbygging á Þjórsá og Ölfusá; mjer virðist, að sömu reglu ætti að fylgja við endurborgun þessa láns, sem höfð er við endurborgun lánsins við brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá, nl., að þeir endurborgi lánið, sem annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis hafa gagn af brúnum. Hvorki Húnavatns- nje Skagafjarðarsýsla geta haft verulegt gagn af brú á Skjálfandafljóti, og þó er hún látin valda þessum hjeruðum verulegra útgjalda. Mig undrar, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, sem jeg hjelt vera verndarengil jafnaðarsjóðs Norðuramtsins, skuli fylgja þessari ráðstöfun fram, og vil jeg biðja menn að athuga vel afleiðingarnar, ef þetta gengur fram. Innan nokkurra ára verða allar þær ár, sem hægt er að brúa í Norður- og Austuramtinu, komnar að 1/3 upp á jafnaðarsjóðinn. Gjald manna, eins og nú er, til þessa sjóðs þykir þó í sannleika nógu þungt, og varlega nokkru á það bætandi, nema því nauðsynlegra sje. Hjer er nú nýtt gjald lagt á lausafje amtsins, og minnir mig, að þingmanninum þætti þó ekki á það bætandi 1877, enda kemur jafnaðarsjóðsgjaldið mjög

illa við, þar sem það er eingöngu lagt á lausafje manna en ekki aðrar eignir, og því mjög varúðarvert að bæta gjöldum á jafnaðarsjóðina; þetta vona jeg að þingmaðurinn sje mjer samdóma um. Mjer getur ekki sýnzt annað rjettara, en að þeir, sem njóta einir arðsins af brúnni, kosti hana einir. Ætti að borga allar brýr á stórár í Norðurlandi að 1/3 af jafnaðarsjóði, þá er meðal annars athugandi við það, að sum hjeruð hafa engar ár, sem verða brúaðar, og þau yrðu þá verulega fyrir halla eða rangindum. Þannig stendur á í Húnavatnssýslu, að ekki er auðið að gjöra brú á Blöndu á nokkrum þeim stöðum, sem almennt gagn yrði að, og svo kann víðar að haga til; þau hjeruð verða þannig fyrir talsverðum órjettindum, sem ekki á að innleiða með nýjum lögum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð nú að segja: «bragð er að, þá barnið finnur». Mjer ofbýður ekki allt, en nú þykir mjer ganga úr hófi. Ætli þingmaður Vestmanneyinga fari nú ekki að biðja um fje til að gjöra brú milli lands og eyja?! Hvernig er auðið fyrir þingmann Suðurmúlasýslu að bera saman þetta lán og lánið eða kostnaðinn til Staðarbyggðarmýranna? Mjer finnst það sje beinlínis skylda landshöfðingjans að segja fyrir eða láta segja fyrir, hvernig verk þetta skal gjörast, af þeirri ástæðu, að fjárráðin eru í hans höndum. Hví vilja þessir norðlenzku herrar fá yfirráð þessarar brúargjörðar í sínar hendur? Það var eigi nefnt á nafn, að amtsráðið í Suðuramtinu skyldi annast brúargjörðina á Þjórsá og Ölfusá. Það lítur út eins og fyrir norðan búi einhver æðri kynslóð en hjer fyrir sunnan, ef amtsráðið þar skyldi eiga að ráða fyrir stjórnina móti almennri reglu. Orð þingmanns Norðurmúlasýslu þóttu mjer hártogun tóm á þýðingu þess breytingaratkvæðis, sem hann vildi skýra; eða er það tilætlunin, að landshöfðinginn fái eptir skipun amtsráðsins þá náð, að útborga 20000 kr. Jeg vil spyrja: Til hvers er þá landsstjórnin? Að tala hjer um 2 aðila og samninga milli þeirra, er að tala út í hött. Landshöfðinginn á að ábyrgjast og sjá um fje og framkvæmdir þess, sem gjöra skal; hann má leita ráða amtsráðs og sýslunefnda, ef honum sýnist, en meira ekki. Á amtsráðið sjálft að semja alla reikninga og endurskoða síðan og löggilda sína eigin reikninga og aðgjörðir? Gangi breyting hinna 6 þingmanna fram, þá er jeg alveg á móti þessu frumvarpi.

Einar Ásmundsson: Mjer þykir sumt af umræðum manna í þessu máli undarlegt að heyra. En jeg ætla sjerstaklega að snúa mjer að þingmanni Húnvetninga og biðja hann skýringar á því, hvers vegna hann skýlaust kennir okkur tveimur, sem hjer sitjum og eigum sem stendur sæti í amtsráði Norðuramtsins um það, að 1/3 af kostnaði þessarar brúar er lagður á jafnaðarsjóð amtsins. Hvar sjer hann eða hefur sjeð, að við sjeum valdir að þessu? Frumvarpið er frá alls einum manni, 1. þingmanni Árnessinga. Jeg skal biðja hinn heiðraða þingmann að lesa betur í annað skipti. En allt um það vil jeg nú gera þingmanninum það til geðs að láta sem jeg hafi valdið þessu. Já, jeg álít regluna nær sanni; jeg álít, að allir eigi hver öðrum að hjálpa hjer á landi til að brúa fljót og stórar ár. Við brúargjörðina gömlu á Jökulsá í Norðurmúlasýslu, var kostnaðinum skipt niður á amtið eða meiri hluta þess eptir líkri grundvallarreglu. Jeg álít hana rjetta og hentuga í alla staði. Þingmaðurinn kveður ómögulegt að leggja brú yfir Blöndu; jeg þykist viss um, að margfalt erfiðari ár má brúa og eru brúaðar víða í löndum, já, jeg er líka viss um, að Húnvetningar geyma ekki til margra ára þá dugnaðarframkvæmd, að brúa þessa meginá sýslunnar, og hins sama get jeg til um Hjeraðsvötnin í Skagafirði.

En verum sem sanngjarnastir við þess konar fyrirtæki og ljettum hver annars byrði, svo stórvirki þessi verði kleyf, og hverju hjeraði fyrir sig sem ljettust. Hvað Norðuramtið snertir, þá veit jeg ekki betur, en að það sje eitt fjelag, og fjelag er til þess stofnað, að það starfi með sameinuðum kröptum að sínu ætlunarverki, og komi mörgu til vegar sem eigi er vinnandi vegur að framkvæma án fjelagsskapar. Þingmaðurinn vill telja eptir þann hjer um bil 1/18 hluta, sem á Húnavatnssýslu kæmi af þessum brúarkostnaði, en þegar Blöndubrúarkostnaðurinn leggur 1/18 á Þingeyinga, skal jeg ekkert telja úr að greiða hann, og jeg er viss um, að það gjörir enginn Þingeyingur. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga er hissa á þessum brúargjörðum, og er jafnvel hræddur um, að Vestmanneyingar fari að gjöra brú til lands á landssjóðsins kostnað. Þetta er nú sjálfsagt skop. Jeg þykist skilja, að menn í hans kjördæmi og í nánd við það sjeu ekki mikið gefnir fyrir að brúa vatnsföll, því hjer nálægt höfuðstaðnum er minna sund að brúa, en sem er ógjört enn, þótt ótrúlegt sje, jeg á við hinar alkunnu Elliðaár, sem ekki eru nema lítil spræna, og þó opt illar yfirferðar einkum á vetrum. Almennilegar sjóbrýr eða bryggjur eru og teljandi hjer í umdæmi þingmannsins, svo mig skal alls ekki furða á því, þó þingmaður þessi sje ekki mikill hvatamaður þessa máls, en á hinu furðar mig heldur, hvers vegna hann þá vill amast við málinu, enda þótt það «gangi fram af honum». Annars er undarlegt, hve mikið talað er móti þessu láni til brúargjörðarinnar; fjenu er þó ekki kastað í sjóinn, og það er rjett sem rjett er, eins og þingmaður Suðurmúlasýslu tók fram, að hver fái að ráða því, sem hann tekur að láni. Amtsráðið þiggur lánið, veitir því viðtöku og sjer um að skila því aptur; landsstjórnin lánar fjeð út og tekur við vöxtum og endurborgun. Hverjum skyldi vera meiri hagur í því, að sparlega sje á fjenu haldið? Jeg hygg lánþiggjanda, sem á að bera skuldabyrðina. Jeg vona og treysti því, að þingdeildin sjái, að meiri líkur eru til sparnaðar, ef þeir, sem borga eiga, fá sjálfir fje og verki að ráða; landsstjórnin, sem bæði hefur nóg annað að sýsla, og eins telur sjer hag, að sem mest sje sparað fjeð, ætti einnig að taka þessari breytingartillögu með þökkum, því að hún virðist öllum hagfelldari.

Páll Pálsson bóndi: Jeg játa, að jeg hef munað skakkt, og að það var ekki þingmaður Eyfirðinga, heldur að eins 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, og 1. þingmaður Suðurmúlasýslu, sem stóðu undir því breytingaratkvæði um daginn, að 1/3 kostnaðarins til brúarinnar skuli borgast úr jafnaðarsjóði. Þetta var að eins minnisleysi af mjer, því jeg hafði ekki breytingaratkvæðið við höndina, og skal jeg svo ekki orðlengja um það. En þar sem þingmaður Eyfirðinga sagði, að sjer sýndist rjett, að hvert fjelag tæki þátt í fyrirtækjum hvers einstaks hluta þess, þá er hjer í þessu máli spursmálið um, hvað fjelagið yfirgrípur mikið. Hann vill segja, að allt Norðuramtið sje eitt fjelag í þessu tilliti, en jeg segi nei. Amtsskipunin forna var ekki stofnuð í þeim tilgangi, að amtið eður jafnaðarsjóður þess skyldi styrkja öll fyrirtæki, sem einni sýslu kynni að detta í hug að koma á stofn. Hann talaði enn fremur um brú yfir Blöndu, og get jeg frætt hann á því, að Húnvetningar hafa þó haft þann mannskap í sjer, að kosta skoðunargjörð á Blöndu, og varð sú niðurstaðan, að ómögulegt virtist að brúa hana nokkursstaðar nálægt þjóðveginum, heldur kannske langt fyrir ofan eða langt fyrir neðan, þar sem ekki nema einstaka maður hefði gott af því. Jeg verð að halda því fram, að ekki sje rjett að leggja á þá gjöld til þessa, er ekkert gagn, hvorki beinlínis nje óbeinlínis, geta haft af fyrirtækinu; þar sem hann sagði, að það yrði ekki nema 1/18 af

kostnaðinum, sem legðist á Húnavatnssýslu, þá er þetta ekki rjett, því hann miðaði við sýslutöluna, en ekki við hundraðatöluna í amtinu, en lausafjárhundraðatala í Húnavatnssýslu er meir en 1/18 í amtinu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg átti von á því, að þingmaður Húnvetninga mundi komast að þeirri niðurstöðu, að það var jeg einn, sem átti breytingartillöguna um, að 1/3 kostnaðarins skuli greiddur úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins. Jeg skal skýra honum frá, hvers vegna jeg var með í þeirri tillögu. Það var ekki af því, að mjer þætti ekki nóg lagt á lausafjeð, heldur af allt öðrum rökum. Þegar Jökulsárbrúin var byggð í Múlasýslu, var kostnaðinum samkvæmt rentukammerbrjefi 27. marz 1784 skipt þannig niður, að Múlasýsla galt 2/3, en Þingeyjarsýsla, Eyjafjarðarsýsla og Skagafjarðarsýsla 1/3 af kostnaðinum. Nú liggur Skjálfandafljótið í miðju amtinu, og þess vegna þótti mjer rjett að jafna 1/3 kostnaðarins niður á allt amtið. Niðurjöfnun þessi er byggð á venslum og skyldleik þeirra fjelaga í þjóðfjelaginu, er vjer köllum hreppa, sýslur og ömt; amtið er bara yfirgripsmeira fjelag en sýslur og hreppar, en þó miklu yfirgripsminna en þjóðfjelagið. Nú eru, sem þingmenn vita, vegabætur innan hreppa og innan sýslna sveitarmál eða hjeraðsmál, en ekki þjóðmál. Þó þessari reglu hafi ekki verið fylgt í Suðurumdæminu, þá er ekki þar með sagt, að það sje ekki rjett regla; en hitt er víst, að það verður að eins 1/18 af kostnaðinum, sem lendir á Húnavatnssýslu. Þingmanni Reykvíkinga ætla jeg ekki að svara; hann sagðist »ekkert sjá« — og það er hverju því orði sannara, sem hann hefur sagt. Jeg skal enn taka það upp, að það er misskilningur, að tekið sje fram fyrir hendur landsstjórnarinnar í þessu máli; hinar almennu skyldur hennar og vald yfir fjárráðum landssjóðsins eru eigi snertar í frumvarpinu, vald hennar liggur alveg fyrir utan frumvarpið, og því eigi takmarkað af því.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil svara varaforseta fám orðum, og vil játa, að það hefur opt glatt mig, að heyra hann setja fram sínar skörpu skoðanir óreykular og sjálfum sjer samkvæmar. Hann vitnaði um daginn í Grágás, að sá væri ekki þingfær, er ekki gæti sjeð fram leið sína; það er sannast að segja, að hann getur vel sjeð fram leið sína, en hann sjer hana máske of vel stundum, einkum hliðvegi — jeg vil ekki segja krókavegi — til að leiða málin í ógöngur og eyða þeim, til að koma fram vilja sínum. Mjer finnst það vera smámunir, að vera að eltast við það, að landsstjórnin fái að sjá um brúarbygginguna, og það eru að eins smámunir, til að villa sjónir fyrir þinginu. Mjer dettur ekki í hug að hafa af þeirri ástæðu móti því að landsstjórnin hafi umsjón með brúarbyggingunni, að brúin er í Norður- og Austurumdæminu, heldur af því, að jeg skoða þetta líkt og prívatlán milli tveggja manna, þar sem lántakandi á að vera óháður lánardrottni, og að það sje sjálfsagt, að áhuginn sje mestur hjá þeim, sem fá lánið, fyrir að fje sje sparað til brúarinnar. Það er mest þeim til gagns, að sem minnst fje eyðist, en jeg vil segja, að landssjóðnum komi ekkert við, þó meira fje gangi upp, en þörf er á, þegar hann fær allt lánið borgað og lagavexti af því, þar til það er borgað.

Hvað þinghúsið snertir, þá þótti varaforseta það svo náttúrlegt, að þingmenn skyldu hafa atkvæði og umráð við byggingunna á þeirra eigin húsi; þó leggja þeir engan eyri til þess sjálfir. Það er skrítið, ef Norðlendingum væri síður vorkunn, þó þeir vilji hafa atkvæði um sína eigin brú, er þeir sjálfir eiga að borga. Frá Staðarbyggðarmýrum hermdi jeg rjett, að leiguliðar sem lánið taka, gjöra verkið með umsjón umboðsmanns, en landshöfðinginn að eins telur fram fjeð. Varaforseti talaði um, að hjer lægi fiskur undir steini; jeg veit ekki að annað augnamið sje með tillögu vorri, en að sjá um, að sem bezt sje sparað. Jeg vildi gjarnan fá upplýsing frá varaforseta, hvað hann meinar með þessum

orðum. Ef það hefur verið meining hans, að vekja tortryggni þingsins, og gefa í skyn, að vjer hefðum einhvern hulinn tilgang með uppástungu vorri, þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg veit mig alveg lausan við það, og að mjer gengur engin eigingirni til þess, að halda þessari uppástungu fram, heldur einungis það, að jeg álít rangt, að þingið gjöri það að reglu, að landstjórnin blandi sjer í mál, er ekki koma henni við. Jeg álít það óhyggilegt af þingmanni Húnvetninga, að hafa á móti því, að þriðjungur kostnaðarins sje greiddur úr jafnaðarsjóði amtsins; því svo getur farið, að Húnavatnssýsla hafi einhverntíma gott af þeirri reglu, og það er eðlilegt, að þau fyrirtæki, sem koma almenningi til gagns, verði ekki að eins kostuð af því sveitarfjelagi, sem næst er, heldur verði kostnaðinum dreift á stærra svið. Allar samgöngur milli Norðurlands og Austurlands verða að ganga yfir Skjálfandafljót, póstvegurinn liggur og hlýtur að liggja þar yfir, og því er eðlilegt, að almenningur, eða fleiri hjeruð en þau, sem næst liggja, taki þátt í kostaðinum. Þingeyingar greiða eigi síður en aðrir í amtssjóð, og borga þannig sinn part af þessum mikið umtalaða $^1/_3$ parti ofan á þá $^2/_3$, er þeir einir greiða.

Flutningsmaður: Jeg vil svara einu atriði, sem þingmaður Húnvetninga tók fram; hann hjelt að þessi brúargjörð væri óviðkomandi jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, af þeirri ástæðu, að brúargjörðin á Skjálfandafljóti væri amtinu yfir höfuð ekki viðkomandi. Jeg ætla að þingmaðurinn hafi ekki lesið ofan í kjölinn á sveitastjórnarlögunum. Þar stendur í 52. gr. 3. tölul. «Amtsráðið ákveður, hvort verja skuli nokkrum hluta af vegabótagjaldi því, sem heimtað er saman úr einstökum sýslum, til þess að gjöra bætur á þjóðvegum, sem eru utan sýslu; þó má ekki verja til þess fram yfir $^1/_3$ af hinni árlegu upphæð vegabótagjaldsins». Þarna getur þingmaðurinn sjeð, að þjóðvegir eru álitnir öllu amtinu viðkomandi, og hjer er ekki að tala um sýsluvegi í rjettum skilningi heldur um veg, sem í eiginlegasta og fyllsta skilningi er ekki að eins vegur fyrir Norður-, og Austuramtið, heldur fyrir allt landið, þar á meðal fyrir póstferðir þess. En hvað sem því líður, þá man jeg ekki betur, en að Húnvetningar hafi komið með fjárbænir einu sinni til Þingeyinga (*Páll Pálsson bóndi*: Hve nær var það?). Það var út af fjárkláðanum góða. Þingeyingar voru þá mjög örlátir við þá, og þeir hefðu sjálfsagt gjört miklu betur, ef Húnvetningar, eða þá rjettara þeir, sem fyrir sunnan þá bjuggu, Sunnlendingar, sem Húnvetningar tóku ábyrgð á, hefðu sýnt þann dug og drengskap, sem þeir hefðu átt að sýna. Þingmaðurinn hneykslaðist á því, að $^1/_3$ lánsins skal greiðast úr sýslusjóði Suðurþingeyinga, annar þriðjungur úr sýsluvegasjóði Suður- og Norðurþingeyinga, en þessi ákvörðun er af því komin, að vjer vildum ekki láta ámæla oss fyrir það, að ekki væri þeim ætlað að gjalda mest, er mest gagn hefðu af brúnni. Viðvíkjandi ábyrgðinni á landsstjórninni vil jeg skírskota til þess, sem 1. þingmaður Eyfirðinga og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hafa tekið fram, að hún er ekki svipt neinu valdi eða ábyrgð í þessu tilliti. Það er satt, sem varaforseti tók fram, að það er ekki fasteignarveð fyrir þessu láni, en má jeg spyrja, hvort er meira varið í fasteignarveð, en í það veð, sem innifelst í því, að sýslusjóðir og jafnaðarsjóður amtsins eiga að greiða lánið? Þessir sjóðir eru ódauðlegir, allt svo lengi sem Norður- og Austuramtið og sýslufjelögin í Þingeyjarsýslu ekki deyja; og ef nokkurt veð í einstökum fasteignum er tryggjandi, þá er þetta veð það. Sýslufjelagið og amtið hafa ein ábyrgðina að borga lánið, landssjóðurinn lætur ekki annað af mörkum, en að veita lánið vaxtalaust í 3 ár, og það er sannarlega hið minnsta tillag til brúarinnar fyrir það, að hún verður póstvegur landsins. Ef jeg hefði ekki áður heyrt svo mikið talað um hæversku og auðsveipni, sem ætti að sýna í öllum fjárbænum til landssjóðs, þá hefði jeg ekki átt gott með að ímynda mjer, að sama daginn,

sem deildin samþykkir 100,000 kr. vaxtalaust lán til brúabygginga yfir Þjórsá og Ölfusá, að hún sama daginn kallaði það óhæverskt að biðja um þetta lán til brúar á Skjálfandafljót, mót ábyrgð amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu og sýsluvegasjóðanna í Þingeyjarsýslu.

Halldór Kr. Friðriksson: Að því er snertir, að sýslusjóðirnir eru ódauðlegir, þá má segja hið sama um hreppasjóðina, (B. Sveinsson: Hjer eru engir hreppssjóðir nefndir), og hefur þó stundum reynzt allerfitt að fá lán borguð úr þeim. Ætli ekki gæti komið sama fyrir um sýslusjóðina? Ætli þetta veð sje svo tryggilegt, að það sje hreinn óþarfi fyrir landsstjórnina, að hafa hönd í bagga með þessu fyrirtæki? 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að jeg hefði ekki sjeð neitt, en jeg held þá aptur, að hann hafi sjeð ofsjónum; hann sá svo ósköp mikið vald, sem landsstjórninni væri gefið með breytingartillögu hans við 4. gr., en þar er henni ekkert vald gefið.

Þá var gengið til atkvæða og var

1. Breytingartillaga Gríms Thomsens (I, 377) við breytingartillögur 6 þingmanna felld með 12 atkv. gegn 5.
2. 1. liður í breytingartillögum 6 þingmanna (I 367), samþ. með 16 atkv.
3. 2. liður í breytingartillögum 6 þingmanna samþ. með 14 atkvæðum.
4. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþ. með 16 atkvæðum.

Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 42. fundi, 18. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild sjá I 385.

Benedikt Kristjánsson kvaðst treysta deildinni til að láta þetta mál ganga til annarar umræðu, fyrst að hún hefði tekið svo mjúkum höndum á næsta máli á undan, (brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá), sem verið hefði öllu þrýstnara og betur þolað átökin. Fleira vildi hann eigi mæla um það á þessu stigi.

Forseti bar undir atkvæði, hvort því skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 45. fundi, 20. ágúst.

Breytingaruppástunga I 481.

Ásgeir Einarsson kvaðst vona eptir brjóstgæðum við mál þetta, því það væri að eins barn hjá næsta máli á undan (brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá), og vildi hann, að það gerði rjett og nyti rjettar síns. Það væri gjört ráð fyrir, að nokkur hluti tillagsins ætti að greiðast úr jafnaðarsjóði; en hann hefði leitað fyrir sjer, en enga grein getað fundið í sveitarstjórnarlögunum, er þetta gjald yrði heimfært undir; en lögfróðir menn mundu nú vera færari en hann að dæma um það. Hann skildi því eigi í öðru, en að nýtt gjald yrði að leggja á gjaldþegna; en aptur á móti sýndist sjer mega leggja slíkt gjald á vegabótasjóðinn, þar eð brýr væru hinar þörfustu vegabætur, og væri engu ósanngjarnara að legga gjaldið á þann sjóð, en þau hjeruð, er engin not hefðu af brúnum, og yrði skaðinn af því eigi annar en sá, að vegabætur yrðu nokkru minni það ár; hann sagði, að þó hann hefði enga heimild til þess frá kjósendum sínum, vildi hann þó vera svo fjelagslegur fyrir hönd Norðlendinga, að styrkja að því, að Þingeyingar fengju þessu framgengt, enda væru þeir framkvæmdamenn miklir, og þess vegna vert að styðja þá í þessu. Deildin hefði nú greitt veg fyrir hinum brúnum, og vonaði hann, að hún mundi gjöra hið sama í þessu máli.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi vera máli þessu kunnugur, en sjer þætti það þó ísjárvert við 3. gr. frumvarpsins, að Þingeyjarsýsla skyldi eiga að greiða 2 hluti gjaldsins á móti öllum hinum sýslum Norðuramtsins, sem að eins borguðu 1 hlutann. Sjer þætti betur við eiga, að allur kostnaðurinn væri greiddur úr amtssjóði, því sjer þætti það ofviða fyrir eina sýslu, að greiða 2 hluti gjaldsins, eins og hann hefði þegar tekið

fram, en eptir breytingaratkvæði þingmanns Húnvetninga ættu hinar sýslurnar að eins að greiða 1/3 af gjaldinu. En þó að Þingeyjarsýslu hefði máske mest not af brúnni, sýndist sjer ekki ástæða til, að sú sýsla greiddi meira en hinar sýslurnar. Hann hefði kunnað bezt við, að endurgjaldið á láninu hefði allt verið borgað af jafnaðarsjóði, því brýr, sem byggðar væru af almennu fje, væru gjörðar jafnt fyrir alla umfarendur.

Benedikt Kristjánsson sagði sjer fyndist skylt, að skakka leikinn milli þingmanns Húnvetninga og þingmanns Skaptfellinga; hann ætlaði sjer að vera á milli þeirra, en þó eigi mitt á milli. Þó að hann væri þingmaður Þingeyinga, ætlaði hann eigi að kvarta yfir þessari álögu, því hún væri ekki það stórræði, að Þingeyingur mundu skorast undan þeirri byrði, og væri hann því eigi á máli þingmanns Húnvetninga. Hið fyrsta, sem væri farið fram á í frumvarpinu, væri það, að landssjóðurinn lánaði fram yfir venjuleg kjör rentulaust fje um þriggja ára tíma, og væri það án efa byggt á því, að hjer væri um póstveg að ræða, þar eð pósturinn frá Akureyri til Austurlandsins gæti eigi farið annarstaðar, með því brúin yrði alveg á leið hans. Hjer væri eigi til mikils mælzt, og vonaði hann, að þingdeildin mundi taka máli þessu vel. Hann vildi enn fremur geta þess, þótt öllum mundi það kunnugt, að Norður- og Suðurþingeyjarsýsla væri nú orðin tvö sýslufjelög, en áður en að sýslunni hefði þannig skipt verið, hefði sýslunefndin gjört ályktun um brúargjörðina; þannig væri sú ákvörðun sett, að 1/3 af tillaginu skyldi eingöngu greiða af sýslusjóði Suðurþingeyjarsýslu, en hinn 1/3 hlutann skyldi greiða að jöfnu hlutfalli úr báðum sýslusjóðunum í Þingeyjarsýslu, þar eð Norðurþingeyjarsýsla hefði miklu minni not af brúnni en hin sýslan, og jafnvel eigi meiri en Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur; það væru að eins einstöku ferðamenn, en engir fjárrekstrar eða lestamenn í Norðurþingeyjarsýslu, er not hefðu af brú þessari; og þar eð Suðurþingeyingar hefðu mest not af brúnni, þá mundu þeir eigi skorast undan gjaldi þessu. Þingmaður Húnvetninga hefði talað hjer um nýtt gjald, sem á gjaldþegna mundi þurfa að leggja, og sakir þess vildi hann geta þess, að gjald til sýsluvegasjóðs væri að vísu fastákveðið með lögum, en jafnaðarsjóðsgjaldið og gjald til sýslusjóða væri ákveðið eptir þörfum í hvert skipti, og að því leyti gæti þingmaðurinn haft rjett að mæla. Sjer sýndist rjettast, að auk þess, sem allt landið styrkti fyrirtæki þetta að dálitlum hlut, að Norður- og Austuramtið einkum tæki byrði þessa sjer á herðar, því þau umdæmi mynduðu nokkurs konar heild út af fyrir sig, með því þau hefðu sameiginlega stjórn og sameiginlegan amtssjóð. Það væri spursmál um, hvort rjettara væri að leggja gjaldið á jafnaðarsjóðinn eða ætla amtsráðinu að jafna því niður á sýsluvegasjóðinn; en þar eð nauðsyn væri á, að leggja fje úr landssjóði til sýsluvegasjóðsins, og þingið hefði kannast við það, að svo væri, mundi eigi hugsandi vera, að leggja nýtt gjald á þá. Gjald það, er á Húnvetninga legðist, væri 1/6 af gjaldi því, er legðist á Norður- og Austuramtið, og mundi það vera 66 kr. 66 a. á ári, en þar eð í Húnavatnssýslu mundu fleiri lausafjárhundruð en í hinum sýslum Norður- og Austuramtsins, kynni gjaldið að nema allt að 80 kr. árlega, og væri það eigi mikið fje fyrir stóra sýslu. Hvort rjettara væri, að leggja gjald þetta á lausafje eða á fasteign og lausafje í sameiningu, væri auðvitað, nema því að eins að menn tækju það fyrir að flytja jarðir yfir brýr, sem að líkindum mundi seint verða, og yrði því þess vegna eigi svarað með öðru en því, að sjálfsagt væri að leggja það á lausafje. Þó sjerstök ákvörðun hefði eigi verið um þetta í jafnaðarsjóðslögunum, og það álitist rangt, að jafnaðarsjóðurinn tæki að sjer þessa fjárgreiðslu, þá kæmi hún nú inn í þau, ef þetta væri samþykkt.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja halda sjer að frumvarpinu, eins og það lægi fyr-

ir, því hann væri hræddur um, að lítill tími væri nú til að láta það fara í neðri deildina aptur, og vildi hann því helzt leggja það til, að engar breytingar væru gjörðar við það, því málið ætti að sínu áliti að fá framgang. Breytingaratkvæði þingmanns Húnvetninga sýndist að vera mjög fjelagslegt, en þingmaður Þingeyinga, sem ætti mest hlut að máli, hefði látið í ljósi, að hjeruðum þeim, sem tilnefnd væru í frumvarpinu, væri ekki of vaxið að standa straum af láninu, og þá sýndist sjer óþarft, að halda breytingaratkvæðinu fram.

Ásgeir Einarsson sagðist eigi hafa viljað leggja þetta gjald á jafnaðarsjóðina, því opt hefði áður verið talað um, hversu mikil byrði þegar hvíldi á þeim, enda hefði og verið ljett á þeim á síðasta þingi, en að fara nú að byrja á því aptur, að þyngja á þeim, því gæti hann eigi verið samdóma. Viðvíkjandi því er þingmaður Þingeyinga hefði sagt, að menn varla færu að flytja jarðir yfir árnar, þá vildi hann segja honum, að varla yrðu úr Húnavatnssýslu fluttar fleiri kindur en jarðir yfir Skjálfandafljót; ef þingmaður Þingeyinga vildi gefa atkvæði móti breytingunni, þá vildi hann fyrir sitt leyti og gefa atkvæði móti frumvarpinu, og vildi hann skjóta til lögfróðra manna, hvor hefði rjettara fyrir sjer.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða um frumvarpið og breytingaruppástunguna við 3. grein þess, og var:

1. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.
2. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.

Breytingaruppástunga Ásgeirs Einarssonar við 3. gr. felld með 6 atkvæðum móti 4, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinsson,
Ásgeir Einarsson,

Nei:
Bergur Thorberg,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Jón Hjaltalín var fjærverandi.

3. gr. frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum.
4. gr. frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 8 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild á 48. fundi, 22. ágúst.

Benedikt Kristjánsson sagði, að við 2. umræðu hefði komið hið eina breytingaratkvæði við málið, og hann hefði orðið að mæla móti því, þó að það hefði verið í hag Þingeyingum, af því að hann vissi, að Þingeyingar ætluðu eigi að hlífa sjer í þessu efni. Deildinni væri kunnugt, að hjer væri eigi að tala um annað, en venjulegt lán, nema að það ætti að vera rentulaust í 3 ár, og hefði hann fyr bent á, að sjer þætti það sanngjart, þar sem brúin yrði á póstleið. Eptir því sem deildin hefði tekið undir málið, vonaði hann, að hún mundi samþykkja það, án þess að hann talaði fleira fyrir því.

Því næst var frumvarpið samþykkt með samhljóða atkvæðum, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXIV. VERZLUNARSTAÐUR VIÐ JÖKULSÁ Á SÓLHEIMASANDI.

Frumvarp til laga um löggiltan verzlunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi. Frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga. Sjá I 29.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 7. fundi, 9. júlí.

Flutningsmaður (*Páll Pálsson, prestur*): Jeg þarf ekki að lýsa því, hvaða þörf er á, að eitthvað sje bætt úr kaupstaðarleysi því, sem er á suðurströnd landsins. Það hefur áður verið reynt að ráða bót á þessu, með því að löggilda kauptún við Dyrhólaey, en uppsiglingin hefur reynzt þar svo hættuleg, að það hefur ekki enn heppnazt, að byrja þar verzlun. Nú hefur mjer verið tjáð og sýnt, að reynandi væri að fá verzlunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi, og þykist jeg viss um, að allir þingmenn hafi kynnt sjer bænarskrána um það efni, og lýsinguna á staðnum, svo jeg álít ekki ástæðu til, að taka upp hjer, það sem þar stendur. Jeg skal að eins geta þess, að þar hefur um mörg ár verið haldið úti opnum skipum, og er opt hægt að lenda þar, þó ekki sje það mögulegt annarsstaðar. Þegar jeg reið til þings, fór jeg þangað og skoðaði staðinn, og þó jeg ekki þykist hafa vit á að dæma fullkomlega um hann, þá get jeg ekki annað sjeð, en að uppsiglingin þar sje möguleg; sú eina átt, sem er hættuleg, er landsynningur; botninn er föst jökulleðja. Jeg vona, að allir játi, að ef nokkursstaðar er nauðsyn á, að löggilda verzlunarstað, þá er það hjer, og þó nú reyndist svo, þegar til kæmi, að ótiltækilegt væri að sigla þar upp, þá eru það engin útlát fyrir þingið, að leyfa mönnum að reyna uppsiglinguna. Jeg vona, að deildin láti málið að minnsta kosti ganga til 2. umræðu; þingmenn hafa kannske ekki allir kynnt sjer svo skjölin um það, eins og þarf, og gæti það þá gjörzt áður 2. umræða byrjar.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er öllum ljóst, hver nauðsyn er á, að koma upp löggiltum verzlunarstað á suðurströndum Íslands, ef auðið væri, en það er líka augljóst eptir lýsingu þingmannsins, hve óhafandi þessi höfn er; enda þarf hjer ekkert leyfi, því að kaupmenn mega nú sigla upp á hverja vík og vog til að verzla þar með allar þungavörur, og því er lítið unnið við að löggilda þennan stað, enda óþarft; því að ef nokkurt lægi er við ósa Jökulsár, þá munu kaupmenn nota það til að flytja þangað þungavörur. Það er einungis til að rýra álit þingsins, að vera að gefa út lög um löggilding staða, þegar það leyfi þá eptir á aldrei er notað. Þar að auki er það athugavert, þegar sannað er, að uppsiglingin er hættuleg, þá getur löggildingin orðið fremur til tjóns en gagns. Þannig var sagt um Blönduós, að þar væri ágæt höfn, og látið mikið af henni; það er líka ágæt höfn, eða hitt þó heldur; þar er ekkert hæli fyrir skipin, og eigi auðið hálfum mánuðum saman, að komast þar í land af skipum. Þó fáeinir bændur segi, að höfn sje góð, þá efast jeg um, að þeir hafi fulla þekkingu til að dæma um slíkt. (*Páll Pálsson prestur*: En formenn þá?) Það er allt annað um opin skip, þó setja megi þau upp eptir sljettum söndum, en jeg efast sannarlega um, að formennirnir hafi þá þekking, sem þarf til að dæma um ágæti hafnarinnar. Það skyldi enginn vera fúsari en jeg, til að styrkja að því, að nægilega margir verzlunarstaðir kæmust upp á suðurströnd landsins, því að jeg játa, að nauðsynin er mikil, en vjer verðum að taka náttúruna eins og hún er, og það væri einungis barnæði, að samþykkja þess konar lög, eins og þessi. Það er ekki langt síðan, að Þorlákshöfn var löggilt, og efast jeg um, að nokkur muni nota það leyfi, og þá er leyfið þýðingarlaust. (*Margir*: Jú! jú! það verður notað!)

Ísleifur Gíslason: Af því þetta málefni snertir einnig nokkurn hluta kjósenda minna, þá vil jeg svara þingmanni Reykvíkinga nokkrum orðum. Hann vildi ekki byggja á lauslegu áliti bænda, sem hann taldi ekki hafa vit á þessu; en jeg verð þó að ætla, að bændur og formenn, sem eru gagnkunnugir á staðnum, sjeu þó betur færir um að dæma um uppsiglinguna þar, en þingmaðurinn, sem aldrei hefur komið á staðinn. Þar að auki er mjer kunnugt, að þegar ingenieur Windfeld Hansen var hjer á landi, veit jeg ekki betur, en að hann

hafi litið á stað þennan og dæmt hann að minnsta kosti miklu líklegri en Dýrhólaey til hafnarstæðis, því hann áleit, að hún yrði að eins með ókljúfandi kostnaði gjörð að höfn. Þennan vitnisburð að minnsta kosti tel jeg gildari en skoðun þingmanns Reykvíkinga, sem aldrei hefur sjeð staðinn og ekki getur haft eins gott vit á þessu, eins og útlærður ingenieur. En hvernig sem staðurinn annars er, þá álít jeg það óhæfilega meinsemi af þinginu, að vilja ekki leyfa mönnum að reyna uppsiglinguna, og vona jeg, að þingmaður Reykvíkinga verði einn á borði með slíka meinsemi, og engum öðrum blandist hugur um að samþykkja frumvarpið.

Þórarinn Böðvarsson: 2. þingmaður Rangæinga tók fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa; jeg vil einungis lýsa því yfir, að þó jeg hafi mikið traust til þingmanns Reykvíkinga, þá trúi jeg þó betur því, sem menn fyrir austan, er þekkja staðinn, segja um hann, og þar að auki áliti ingenieurs um hann, heldur en því, sem þingmaðurinn ímyndar sjer. Ef þingmaðurinn vill láta taka af alla þá verzlunarstaði, þar sem skip geta farizt, þá mun fljótt fækka um verzlunarstaði á landinu. Það hefur aldrei komið til þingsins beiðni um löggilding verzlunarstaðar, sem byggð er á meiri nauðsyn en þessi, og því væri það eigi rjett gjört af þinginu, að uppfylla ekki þessa bæn. Þörfin er meiri hjá þeim, sem hjer eiga hlut að máli, en nokkrum, sem beðið hefur um slíkt, og að kauptún verði ekki sett þar, er alveg ósannað, en miklar líkur og mikil sönnun fyrir því, að það sje mögulegt.

Benedikt Sveinsson: Eptir því, sem mig minnir, hef jeg optar látið í ljósi þá grundvallarskoðun, að jeg vildi helzt, að kaupmönnum væri frjálst að verzla og byggja á hverri höfn og vík, sem þeir vildu, umhverfis allt Ísland, ef þeir að eins að öðru leyti hlýðnast lögunum um verzlun og siglingar. Það er rangt af löggjafanum, að vilja setja járngreipar fyrir þá og þá höfn, og mæla við fingur sjer, hvar kaupmenn megi verzla, og hvar ekki. Hvar sem kaupmaðurinn vill hætta fje sínu og eigum, ef hann einungis gjörir það með samþykki ábyrgðarfjelaganna, þá kemur það ekkert löggjöfinni við. Ef þetta er rjett grundvallarregla, sem hún vafalaust er, þá hverfa allar mótbárur þingmanns Reykvíkinga af sjálfu sjer. Viðvíkjandi þessum stað, sem nú liggur fyrir að löggilda, vil jeg þó sjerstaklega taka það fram, að það er óhætt að fullyrða, að það er enginn staður á öllu landinu, þar sem meiri þörf er á verzlunarstað. Menn þurfa eigi annað en líta á uppdrátt Íslands og virða fyrir sjer hina afarmiklu vegalengd milli Papóss og Eyrarbakka, hin miklu vatnsföll, eyðisanda og ófærur, sem yfir er að fara, og við þetta bætist hin ofur eðlilega afleiðing, að Skaptafellssýsla er hið fátækasta hjerað landsins. Þingmaður Reykvíkinga hafði ekki rjett að mæla, þegar hann sagði, að kaupmenn mættu verzla á hverri vík á landinu, sem þeir vildu, því þeir mega að vísu flytja pantaða vöru, og það er allt annað en að verzla (*Halldór Kr. Friðriksson*: Nei). Önnur mótbára sama þingmanns var heldur en ekki skrítin, hann sagði, að höfnin á Blönduósi væri ljósasti votturinn um það, hve lítið væri að marka það, þó menn væru að halda þeirri og þeirri höfn fram á þinginu, því þar hefði farizt skip í haust eð var, og vildi hann sanna með því, að hættulegt væri að löggilda hafnir, sem ekki væru tryggar, þó þeim aldrei væri nema hælt; en má jeg þá ekki minna þingmanninn á, að það hefur líka farizt skip á Sauðárkrók, og meira að segja, jeg hef horft á með eigin augum, að skip hefur rekið upp í sjálfri Reykjavík, og hefði þá verið brim, þá hefði sjálfsagt verið ómögulegt að bjarga jafnvel mönnunum sjálfum. Skip hafa enn fremur rekið upp á Skagaströnd, á Sauðárkrók, á Grafarós, og nú nýlega á Eyrarbakka. Yfir höfuð hafa skip rekið upp á ótal mörgum öðrum löggiltum verzlunarstöðum landsins. Þessi ályktun þingmannsins dugar því ekki, það væri eins og að

banna skipum að fara út á sjóinn, af því mörg skip hafa farizt á sjónum. Eins og þingmaðurinn rjettilega sagði, verðum vjer að taka náttúru Íslands, eins og hún er; vjer getum ekki miðað lögin við það, sem ef til vill getur skeð frá náttúrunnar hendi, á hitt eigum vjer að líta, sem má vera og á að vera, það, að verzlunarlöggjöf vor sje byggð á frjálslegum og rjettum grundvallarreglum, að hún leggi ekki tálmanir fyrir viðskipti landsbúa við kaupmenn. Jeg er þess vegna fastlega meðmæltur því, að frumvarp þetta gangi til 2. umræðu, þó jeg hefði heldur óskað, að það væri í almennara formi.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er lítið eitt kunnugur á þessum stað, og álít alveg óþarft að draga úr því, sem flutningsmaður og 2. þingmaður Rangæinga hafa sagt, því að þetta er sá eini staður, þar sem er lands að leita í Vesturskaptafellssýslu, og dettur engum í hug að leita lands á öðrum stað.

Var svo málinu vísað til 2. umræðu með 19 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt með 20 atkvæðum, og málinu skotið til 3. umræðu með sama atkvæðafjölda.

Þriðja umræða í neðri deild, á 11. fundi, 14. júlí.

Breytingartillaga: I 87.

Flutningsmaður (Páll Pálsson prestur): Jeg þarf ekki að vera langorður í þetta skipti, vegna þeirra góðu undirtekta, sem mál þetta hefur fengið við fyrri umræður. Jeg vil að eins geta þess um breytingaratkvæðið, að það er komið af því, að orðin «í Vesturskaptafellssýslu» eru óþörf og fara eigi vel í lagamáli, og ættu heldur að falla burt. Að öðru leyti fel jeg deildinni málið til meðferðar, í þeirri fullu von, að hún samþykki það.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg stend ekki upp til þess að tala móti þessu frumvarpi, því það mun árangurslaust, en af því jeg er viss um, að það verður verzluninni fremur til skaða en gagns, ef þetta verður lög, þá vil jeg til að friða samvizku mína, skora á deildina að hugsa sig vel um, áður en hún löggildir stað, sem verður til lítils gagns og ef til vill til skaða, ef hún annars ekki vill löggilda hverja vík eða vog á landinu. Þegar slíkir staðir eru löggiltir, þar sem hættuleg innsigling er, þá verður öll ábyrgð dýrri ekki einungis fyrir þá staði, heldur og fyrir aðra. Þar að auki stendur það fast, að fastakaupmenn megi nú sem stendur sigla upp hverja vík og vog bæði kaupa íslenzka vöru og verzla með korn, steinkol, við, salt, tjöru, járn og hamp, og furðar það mig, að hinn eini tollheimtumaðnr, sem hjer er á þingi, skuli ekki þekkja opið brjef 19. maí 1854, og væri ekki vanþörf á því, ef lagaskólinn kemst á, að kenna tollheimtumönnunum að þekkja slíkar tilskipanir. Þetta sýnir, að það er óþarfi, að löggilda þennan stað, og ekki til annars en til að gjöra skaða, því að það er fjöldi fólks, sem kaupir alls konar óþarfa, þegar svo hægt er að ná í hann, sem það annars ljeti vera að kaupa. Og þó einhver færi að setja sig niður á þessum stað, þá verður það einungis til að útarma sveitirnar í nánd og venja menn á óreglu, eins og reynslan margopt hefur sýnt um smákaupstaði.

Flutningsmaður: Jeg bjóst við því, að þingmanni Reykvikinga mundi verða mjög hægt að tala móti þessu frumvarpi, úr því hann fór til þess á annað borð, því að hann ætti að vera farinn að kunna utanbókar mótbárurnar gegn löggildingu nýrra verzlunarstaða, því ekki hefur um liðið svo neitt þing, að hann ekki hafi komið fram með sömu mótbárurnar, og koma þessar athugasemdir alls eigi flatt upp á mig frá þingmanninum. Þar sem hann sýnist álíta, að kauptúnin sjeu ofmörg á suðurströnd landsins, þá gæti jeg vel unnt honum þess, að vera búsettur mitt á milli Papóss og Eyrarbakka, og væri gaman að vita, hvort hann kvartaði yfir, hve stutt væri til verzlunarstaðar, og hvort honum þætti ofhægt um vöru aðflutninga.

Þetta lagafrumvarp er svo saklaust og getur engum gjört skaða, svo það væri meinbægni ein af þinginu, að leyfa því ekki fram að ganga. Jeg skal taka það upp, sem bent var á við 1. umræðu, að ekki einungis vanir sjómenn hafa látið í ljósi, að þessi höfn væri vel notandi, heldur hefur einnig ingenieur Windfeld Hansen gefið henni þann vitnisburð, að hún væri að minnsta kosti ekki ótiltækileg.

Benedikt Sveinsson: Mjer þykir það illt, að stytta gleði þingmanns Reykvíkinga, en jeg verð þó að fræða hann um, að um daginn talaði jeg ekki um þær vörutegundir, sem getið er um í opnu brjefi 19. maí 1854, heldur um vörur yfir höfuð og sjer í lagi þær, sem tollur er goldinn af, en af korni, steinkolum, o. s. frv. er ekki greiddur tollur.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal hvorki tala með nje mót þessu frumvarpi, því þess þarf að minni skoðun ekki við; jeg vil einungis, af því að við 1. umræðu þessa máls var þess getið, að langt væri síðan að Þorlákshöfn hefði verið löggilt — það var nú raunar 14. desember 1877, svo það eru nú raunar 3 missiri—, og væri þó enginn farinn að nota hana, þá vil jeg geta þess, að jeg hef heyrt, að bóndinn í Þorlákshöfn hafi þegar keypt sjer borgarabrjef, og vil jeg skora á 2. þingmann Rangæinga að skýra deildinni frá, hvort það sje ekki satt, en það veit jeg með vissu, að einn af verzlunarmönnum hjer í Reykjavík hefur krafizt þess, að sjer yrði mælt út hús- og búðarstæði á þessum stað.

Ísleifur Gíslason: Jeg skal út af áskorun 2. þingmanns Árnesinga geta þess, að jeg ekki veit með neinni vissu, hvort það er satt, að bóndinn í Þorlákshöfn hafi keypt sjer borgarabrjef, en jeg ímynda mjer, að það muni satt vera.

Þá var gengið til atkvæða og var breytingaratkvæði nokkurra þingmanna við frumvarpið samþykkt með 16 atkvæðum, og frumvarpið sjálft með áorðinni breytingu samþykkt með 20 atkvæðum. Síðan var það sent efri deildinni.

Fyrsta umræða í efri deild, á 13. fundi, 16. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 126.

Sighvatur Árnason sagði, að með því að sjer væri ókunnugt um, hvernig deildin vildi taka í þetta mál, þá vildi hann láta í ljósi þá tillögu sína, að málinu væri vísað til 2. umræðu, því að viðvíkjandi Skaptafellssýslum vildi hann taka það fram, að þingið ætti að varast að hrinda slíkum bænum þaðan, með því að þær væru útilokaðar frá verzlunarstöðum meir en nokkur annar kjálki landsins; hann vonaði því, að mál þetta fengi liðugan framgang.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi vera vanur að mæla móti þess konar málum, en hann vildi að eins taka það fram, að þá er löggiltur var verzlunarstaður við Blönduós, minnti sig, að ráðgjafinn hefði látið í ljósi, að sjer þætti of snemmt að binda dagsetninguna við 1. janúar. Ef sig minnti þetta rjett, gæti máske verið ástæða til, að sigla nú fyrir þetta sker, annars vildi hann biðja þingmenn að leiðrjetta það.

Benedikt Kristjánsson kvað síður ástæðu til að hræðast þetta, síðan komin væru ný lög um þinglýsingar; áður hefðu lög eigi öðlazt gildi, fyr en þeim var lýst á manntalsþingum, en nú væri önnur aðferð fljótari til að gjöra þau gildandi fyrir landsmenn; hann vonaði, að þetta út af fyrir sig mundi eigi baga frumvarpinu.

Sighvatur Árnason sagði, að með því að þingdeildin væri ókunnug stað þeim, er hjer væri um að ræða, gæti hann ímyndað sjer, að hún mundi efast um, hvort tiltækilegt væri að setja þar verzlunarstað; en þar eð sjer nú væri sjerstaklega kunnugt, hvernig þar hagaði til, þá vildi hann í fám orðum skýra frá því, þó að það mætti lesa í skjölum þeim um málið, er lægju á lestrarsalnum. Þar sem í frumvarpinu væri sagt við Jökulsá, væri meint mynnið á ánni. Að vestanverðu við hina fyrirhuguðu skipalegu væri svarðföst grjót-

eyri eða klappir, er jafnan stæðu uppúr um fjöru, og væri því legan óyggjandi þeim megin, þar sem þær tækju frá allt brim, sem þeim megin kæmi að og enda frá hafi. Að austanverðu væru grjótgrynningar, sem opt bryti á, og drægju því öldurnar frá legunni, sem er milli þeirra og klettanna; hið eina, sem vafi gæti verið á, væri það, hvort þetta grunn austan við leguna væri nægilegt til að taka á móti öldu frá austri og landsuðri. Dýpið á legunni væri 40 fet á allmiklu svæði; fleira vildi hann eigi taka fram að þessu sinni, því að hann treysti því, að málið gengi til annarar umræðu.

Þessu næst var gengið til atkvæða um það, hvort málið skyldi ganga til annarar umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Magnús Stephensen lagði það til, að málinu væri vísað til nefndarinnar um Hornafjarðarós o. fl.

Eiríkur Kúld kvað hana hafa fengið nóg, og væri hann á móti þessari tillögu.

Ásgeir Einarsson kvaðst einnig vilja sterklega mæla á móti þeirri tillögu; störf nefndarinnar væru orðin nógu flókin, og mundi það því eigi verða til annars, en að spilla þessu máli, er allir vildu láta fá framgang, ef því væri vísað til nefndarinnar.

Var síðan gengið til atkvæða um þessa tillögu, og hún felld með 7 atkvæðum móti 3.

Önnur umræða í efri deild, á 15. fundi, 18. júlí.

Sighvatur Árnason sagði, að sjer hefði dottið sú athugasemd í hug, að breyta orðunum »við Jökulsá á Sólheimasandi« þannig: »við Jökulsármynni á Sólheimasandi«, og vildi hann bera það undir álit forseta, hvort eigi mætti svo vera, án þess það væri skoðað sem breytingaratkvæði, heldur orðabreyting; það væri að vísu auðvitað, að meiningin væri sama í frumvarpinu, að þar væri átt við ármynnið, en eigi upp á sandi; að öðru leyti ætlaði hann eigi að fara fleirum orðum um frumvarpið, því að hann vonaði, að það mundi verða látið ganga til 3. umræðu, eptir því sem undir það hefði verið tekið við 1. umræðu.

Varaforseti (*Bergur Thorberg*) sagði, að sjer sýndist þessi orðabreyting með öllu ónauðsynleg; að vísu væri hún saklaus að efninu, en sjer fyndist engar breytingar ætti að leyfa, nema ef þær væru beinlínis leiðrjettingar; það væri auðvitað, að enginn mundi hugsa til að setja verzlunarstað langt frá ósnum, en þótt byggð væri sölubúð við ána, svo sem 100—200 faðma frá ósnum, þá væri það í sjálfu sjer ekkert óeðlilegt, ef landslagið leyfði; það væri eigi rangt að segja við ána, þó byggt væri við mynnið, því mynnið væri einn partur af ánni; hann kvaðst því mæla móti breytingu þessari, og vilja halda þeirri reglu, að leyfa eigi breytingar, sem eigi kæmu fram samkvæmt þingsköpunum.

Benedikt Kristjánsson kvaðst vera samdóma varaforseta í því, að eigi væri ástæða til að breyta orðum fyrirsagnarinnar á frumvarpinu, því orðin »á Sólheimasandi« ættu einungis við »Jökulsá«, sem líka þyrfti að vera, þar eð fleiri Jökulsár væru til í Skaptafellssýslu. Þar að auki vissi hann eigi til, að þingið hefði ástæðu til að meina kaupmönnum að sigla upp eptir ánni, ef þeir gætu og vildu.

Ásgeir Einarsson sagði, að sjer sýndist ekki hægt að velja betra orð yfir verzlunarstaðinn, heldur en stæði í frumvarpinu, það stæði alveg á sama, hvort sagt væri við ána eða árósinn, og fyndist sjer þessar breytingar því með öllu þýðingarlausar.

Magnús Stephensen sagði, að eigi væri leyfilegt að gjöra neinar breytingar við frumvarpið, nema því að eins, að það yrði sent aptur til neðri deildarinnar. Deildin ætti jafnan að fylgja þeirri reglu, að koma eigi fram með neinar breytingar að nauðsynjalausu.

Sighvatur Árnason sagði, að það hefði eigi verið sinn tilgangur, að gjöra svo verulegar breytingar við frumvarp þetta, að það þyrfti fyrir þá sök að hrekjast milli deild-

anna, og fjelli hann því frá þessari tillögu sinni, úr því hún gæti eigi komizt að sem orðabreyting.

— Síðan var frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og málinu sömuleiðis í einu hljóði skotið til 3. umræðu.

Þriðja umræða í efri deild, á 18. fundi, 21. júlí.

Frumvarpið umræðulaust samþykkt í einu hljóði, og síðan sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXV. VERZLUNARSTAÐUR Á HORNAFJARÐARÓSI.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hornafjarðarósi í Austurskaptafellssýslu. Frá Stefáni Eiríkssyni, 2. þingmanni Skaptfellinga. Sjá I 81.

Fyrsta umræða í efri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Flutningsmaður (*Stefán Eiríksson*) kvaðst vona, að hin heiðraða deild tæki vel í mál þetta, með því mikill áhugi væri bæði Austur- og Vesturskaptfellinga að fá upp kauptún á Hornafjarðarós; bæði Austur- og Vesturskaptfellingar hefðu skrifað sjer hingað á síðasta þing þessu viðvíkjandi, en þá hefði legið fyrir þinginu frumvarp um, að hjerlendir kaupmenn og kaupfjelög mættu sigla alstaðar upp með vörur umhverfis landið, og hefði það frumvarp að vísu fengið góðan róm hjá þingmönnum eptir nokkra hrakninga milli deildanna, en konungur eigi viljað staðfesta það. Nú í vor, 30. maí, hefðu sýslubúar sínir fengið sjer aptur mál þetta til flutnings á fundi einum, er hann hefði kvatt þá til. Þó að þessi fyrirhugaði verzlunarstaður væri eigi allfjærri Papós, væri það þó mikill munur fyrir Vesturskaptfellinga, að þurfa ekki að fara yfir Hornafjarðarfljót, sem bæði væru djúp og blaut. Hann sagði, að Skaptfellingar hefðu í fyrra fengið skipstjóra af Gránufjelagsskipinu Elbo, P. Petersen, til að kanna og mæla ósinn, og samkvæmt brjefi hans, er hann hefði hjer meðferðis og gæti lagt fram, væri ósinn 4—5 faðmar að dýpt með hálfflæddum sjó; beint inn úr ósnum lægi áll, er sigla mætti, 2—3 faðmar á dýpt, en sjálfsagt 1 faðmi dýpri með háflóði, svo dýpið í ósnum mætti sjálfsagt telja 5 til 6 faðma og á álnum inn á leguna 3 til 4 faðma með fullflæddum sjó. Höfnin væri milli Óslands og Stapakletts, og mætti leggja skipið upp við klettinn, og til að skipa upp úr því, þyrfti því enga bryggju. Þegar þess væri gætt, að einir 2 verzlunarstaðir, Papós og Eyrarbakki, væru fyrir öllu Suðurlandinu, væri það ljóst, hvílík nauðsyn væri á að fá löggilding þessa verzlunarstaðar. Hann sagði, að í Austurskaptafellssýslu, einkum í Mýra- og Borgarhreppi, aflaðist talsvert af þorski, en þeim væri eigi unnt, að verka fisk sinn sem saltfisk vegna erfiðra aðflutninga, og þar til væri Almannaskarð á veturna opt ófært yfirferðar; aptur á móti gætu þessir hreppar stytt fyrir sjer leið með saltflutning á hestum, með því að flytja mætti sjóleið frá kaupstað á Hornafjarðarós. Að svo mæltu óskaði hann, að hin heiðraða deild vísaði málinu til 2. umræðu.

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða um, hvort málið skyldi koma til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 11. fundi, 14. júlí.

Flutningsmaður (*Stefán Eiríksson*) sagði, að þar eð deildin hefði tekið svo vel undir mál þetta við 1. umræðu, ætlaði hann eigi að fara mörgum orðum um það, en að eins geta þess, að eptir skýrslum skipstjóra Petersens væri dýpið á ósnum 4—5 faðmar, en állinn inn úr honum 2—3 faðmar með hálfföllnum sjó, en þetta vatn væri að minnsta kosti 1 faðmi dýpra með háflóði; það væri ekki óhugsandi, þegar siglingar væru komnar þar á, að gufuskip mundu einnig nota höfn þessa, þar eð engin önnur höfn væri

fyrir öllu Suðurlandi, er þau gætu komið á; hvað breiddina snerti á vatnsdýpinu, þá væri hún 80—100 faðmar.

Landshöfðingi kvaðst vilja skjóta því til deildarinnar, hvort henni sýndist eigi hentugast að kjósa nefnd í málinu, og vísa síðan til þeirrar nefndar samkynja frumvörpum, er síðar mundu koma fyrir deildina. Hann vildi taka það fram, að æskilegt væri, að í hverju slíku máli yrðu öll atriði þess nákvæmlega rannsökuð.

Flutningsmaður kvaðst ekki hafa á móti nefnd í málinu, en sjer þætti ísjárvert að láta hana bíða eptir samkynja frumvörpum, er eigi kynnu að koma fyr en undir þinglok, þar eð af því gæti leitt, að mál þetta yrði ekki útkljáð á þessu þingi.

Ásgeir Einarsson kvaðst hafa furðað sig á því, er hann las lýsinguna á hinni fyrirhuguðu höfn, að þar skyldi eigi þegar vera kominn verzlunarstaður, og kvaðst ætla, að ef nefnd yrði sett til þess að fjalla um þess konar frumvörp, þá mundi þessi höfn ein sú fyrsta, er hann legði til að löggilt yrði. Hann áliti það nauðsynlegt, að þar yrði löggiltur verzlunarstaður, því þar væri nauðsynlegt að hafa vörubirgðir á vetrum, því langt væri til annara verzlunarstaða.

Sighvatur Árnason sagðist eigi vera mótfallinn nefnd í máli þessu, en gat þess, að hvergi á öllu landinu mundi vera jafn brýn nauðsyn á að löggilda verzlunarstað sem í Skaptafellssýslum, og mundu allir þeir, er til þekktu, játa það með sjer, og væri því sjerstaklega íhugunarvert fyrir þingið að hafna þess konar beiðni frá Skaptfellingum. Sjer þætti eiga við, að frumvarpið um löggilding verzlunarstaðar við Jökulsármynni yrði samferða frumvarpi þessu; en ísjárvert að öll samkynja frumvörp biðu hvort eptir öðru, eða sjeu látin sömu nefnd til meðferðar.

Eiríkur Kúld kvaðst hingað til eigi hafa verið hlynntur löggildingum á smáverzlunarstöðum, en kvaðst þó vilja leggja það til, að frumvarp þetta fengi framgang, eins og það lægi fyrir; hann væri á sama máli og laudshöfðinginn í því, sð setja ætti nefnd í málinu, en þó þætti sjer íhugunarvert að láta frumvörpin bíða hvert eptir öðru; en sjer sýndist, að þó nefndin væri búin að afljúka störfum sínum, mætti ef til vill vísa til álita hennar samkynja frumvörpum, er þau kæmu frá neðri deildinni.

Forseti ljet því næst kjósa nefnd í málið og voru þessir kosnir:

Stefán Eiríksson	með 9 atkv.
Sighvatur Árnason	— 6 —
Eiríkur Kúld	— 4 —

Málið var afhent þingmanni Skaptfellinga.

Framhald 2. umræðu, á 17. fundi, 21. júlí.

Nefndarálit, I 151—154.

Framsögumaður (*Stefán Eiríksson*) kvaðst vera þakklátur þingmanni Barðstrendinga fyrir það, að hann vildi sigla með allri nefndinni inn á Hornafjarðarós; það væri sín skoðun, að enginn sá er kunnugur væri, hvernig hagaði til á þessari fyrirhuguðu höfn, mundi geta sjeð neitt, sem væri löggildingu hennar til fyrirstöðu; höfn þessi væri án efa sú bezta fyrir öllu Suðurlandi. Skýrslur, sem skipstjóri Petersen og Wiehe hefðu gefið, lægju hjer, og sönnuðu þær einnig þennan framburð sinn. Þeir tækju það fram í skýrslum sínum, að nauðsynlegt væri, að setja merki við ósinn, og væri það mjög auðvelt; fyrir vestan ósinn væri eyja, að nafni Hvanney, og þar væri auðgjört að setja merki, annað merkið mætti setja á Skagaklett, þar sem skipstjórarnir hefðu álitið leguna bezta, og stæðust þá merki þessi á; væru þau mjög góð leiðbeining, állinn úr ósnum inn á leguna væri þráðbeinn í afstöðu af ósnum, og nógu djúpur, 4—6 faðmar, og 80 faðmar að breidd. Sjer sýndist einnig mikil ástæða til, að deildin fylgdi meiri hluta nefndarinnar í því að löggilda hinar hafnirnar. Frá Þingeyingum hefðu opt komið bænir þessu viðvíkjandi. Hvað Kolbeinsárós snerti, þá hefðu 2 skýrslur komið, er sýndu, hvernig þar hagaði til; að vísu væru 3 verzlunarstaðir þar fyrir

áður, en þær hafnir væru lítt nýtar, þess vegna sýndist sjer ekkert vera því til fyrirstöðu, að freistað væri að löggilda hið hjer umrædda kauptún, því ske mætti, að höfnin þar reyndist tryggari, en á hinum verzlunarstöðunum. Að svo stöddu kvaðst hann eigi vilja fara fleirum orðum um þetta mál, en treysta því, að þeir, er kunnugir væru á Kópaskersvog og Kolbeinsárós, mundu taka til máls.

Jón Jónsson kvaðst vilja segja fáein orð í máli þessu samkvæmt áskornn flutningsmannsins. Hann gæti eigi fellt sig að öllu leyti við ástæður meiri hluta nefndarinnar, en hann væri samdóma honum í tillögum hans. Þar á móti skildi hann ekki, hvernig þingmaður Barðstrendinga gæti komið tillögum sínum um Hornafjarðarós saman við stöðu sína á fyrri þingum í slíkum málum og þær ástæður, er hann nú hefði tilfært. Hann hefði áður staðið fast á því, að menn ættu að taka meira tillit til hagsmuna kaupmanna þeirra, er væru á gömlu kauptúnunum, en til hagsmuna landsbúa, þegar um löggilding nýrra verzlunarstaða væri að ræða. Hvaða þýðing gæti það haft, að 4 faðma dýpi væri í Hornafjarðarós (í Kolbeinsárós væri 4⅓ faðma); ekki hjálpaði það kaupmönnum á Papós. Hvað gæti það hjálpað á Papós, að ekki væri kastvindi á Hornafjarðarós? Sama væri um það, að gufuskip gætu komið á Hornafjarðarós. Yfir höfuð að tala yrðu allar þær ástæður, er þingmaður Barðstrendinga hefði tilfært fyrir Hornafjarðarós, einnig að ná til Kolbeinsáróss og Kópaskersvogs, og ætti hann því, ef hann vildi vera sjálfum sjer samkvæmur, að leggja á móti Hornafjarðarós eins og gegn hinum. (*Forseti* bað þingmanninn að halda sjer til dagskrár, en koma eigi með aukaathugasemdir, sem eigi ættu við).

Jón Jónsson kvaðst enn eigi hafa talað um aðra verzlunarstaði en Hornafjarðarós. Ef áríðandi væri að efla hina núverandi kaupstaði og þar verandi kaupmenn og þess vegna neita um ný kauptún, þá væri rangt að neita þeim kaupmönnum, sem kynnu að hafa skaða af Hornafjarðarósverzlun, fremur um varðveizlu löggjafarvaldsins en þeim, sem það gæti verið til meins, að löggilda Kolbeinsárós og Kópaskersvog. Hann væri nú samt á því, að hagur einstakra manna gæti að eins haft litla þýðingu gagnvart hagsmunum allra landsbúa, og þess vegna vildi hann vera hlynntur öllum nýjum verzlunarstöðum, sem landsmenn æsktu eptir.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja samkvæmt tilmælum 2. þingmanns Skagfirðinga gjöra grein fyrir því, hvers vegna hann væri meðmæltur löggildingu Hornafjarnaróss, þótt hann væri eigi vanur að vera hlynntur smáverzlana-stofnunum, en jafnframt geta þess, að hann vildi eigi draga tímann með því, að telja upp allar ástæðurnar, heldur benda þingmanninum á þær í alþingistíðindunum frá 1877, og þar gæti hann lesið þær. Hvað þekkinguna á staðnum áhrærði, þá mundi hann geta þekkt Hornafjarðarós eins vel vestur í Stykkishólmi, eins og 2. þingmaður Skagfirðinga í Reykjavík; hann gæti einnig haft þar ýmsar upplýsingar, þar á meðal Íslands kort, sem þingmaðurinn án efa þekkti. Hann hefði aldrei tekið það fram, að kastvindur gæti eigi átt sjer stað á Hornafirði, heldur það, að þar mundi vera góð höfn og áreiðanleg. Þegar litið væri á landkortið, væri það hverjum augljóst, að erfitt væri að sækja til kaupstaða, þar eð þeir bæði væru mjög strjálir, og illir vegir, og stór vötn yfir að fara. Þessu hagaði allt öðruvísi til en á Kolkuós, og kvaðst hann því ætla, að enginn gæti borið sjer á brýn, að hann hefði ófyrirsynju fallizt á að löggilda Hornafjarðarós; hann furðaði sig eigi á því, þó þingmaðurinn gæti eigi fellt sig við sína skoðun, þegar hann gæti eigi fellt sig við meiri hluta nefndarinnar.

Jón Jónsson sagði, að þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að hann væri honum eigi samdóma um Hornafjarðarós, en það

væri misskilningur; enn fremur hefði sami þingmaður sagt, að hann væri eigi samdóma meiri hluta nefndarinnar, en það væri eigi satt, en hitt væri satt, að sjer þættu ástæður meiri hlutans ekki fullnægjandi; en hann kvaðst vera alveg á móti skoðun þingmanns Barðstrendinga. Ísland hefði nú í fjölda mörg ár stunið og andvarpað undir verzlunarokinu, og sýndist sjer eigi spursmál um að hlynna að einum verzlunarstað fremur en öðrum (jafnvel Reykjavík væri að eins vesælt þorp í verzlunarlegu tilliti), fyr en öflug innlend verzlun kæmist á fót; það væri því mikill ábyrgðarhluti að banna kauptún, og þar með, ef til vill, varna því, að verzlun landsins gæti náð framförum og þroska á þeim stöðum, sem hentugastir væru; en það gjörði þingmaður Barðstrendinga, er hann mælti móti þessum löggildingum. Reyndar hefði þingmaður Barðstrendinga ekki mælt á móti Hornafjarðarós, en samt væri nauðsynlegt að styðja hann með rökum, til þess að sannfæra þá þingmenn, sem, ef til vill, mundu greiða atkvæði á móti löggildingunni, eins og t. a. m. hinn 2., 5. og 6. konungkjörni þingmaður.

Árni Thorsteinson kvaðst eigi hafa ætlað sjer að taka til máls í málefni þessu, en 2. þingmaður Skagfirðinga neyddi sig til þess, með því að eigna sjer skoðun á máli, er hann ekki hefði, og ekki hefði látið í ljósi. Hvað hinar löngu ræður hans snerti, þá hefði bann ekkert botnað í þeim. Hann kvaðst enga rödd hafa heyrt á móti löggildingu Hornafjarðaróss, og þótt þingmaðurinn teldi sig einn í þeirra flokki, er eigi mundi fallast á löggilding þessa, þá ætlaði hann að greiða atkvæði með henni, en eigi vilja draga þingtímann með löngum umræðum, eins og 2. þingmaður Skagfirðinga gjörði. Sjer væri nóg, að aðrir hefðu í þessu máli tekið allt það fram, er mælti með því.

Varaforseti kvað þingmann Skagfirðinga fara með hrein ósannindi, hvað sig snerti, þar eð hann hefði ekki talað eitt orð gegn löggildingu Hornafjarðaróss; að öðru leyti fyndi hann eigi skyldu sína að tjá honum, með hverju hann ætlaði sjer að greiða atkvæði, og með hverju ekki.

Jón Hjaltalín kvað hjer vera orðna þröng á þingi; hann sagðist ætla sjer að greiða atkvæði með Hornafjarðarós, og sýndist sjer ræða þingmanns Skagfirðinga ekkert hafa hneykslað sig.

Jón Jónsson bað um orðið, en 2. þingmaður Skaptfellinga fjekk það.

Framsögumaður (Stefán Eiríksson) sagði, að sjer þættu ræður 2. þingmanns Skagfirðinga vera farnar að verða æði kastvindasamar. Meiri hluti nefndarinnar hefði haft rjett fyrir sjer í því, að engir kastvindar væru á Hornafirði, aptur á móti væru þeir á Papós, og hefðu valdið þar skipströndum. Hinn sami þingmaður hefði verið að tala um, að maður ætti jafnt að líta á hag kaupmanna og landsmanna. Þegar nú um hagnað kaupmanna og bænda væri að ræða, þá vildi hann taka það fram, að Hornafjarðarfljót, er væru djúp og ill yfirferðar, skemmdu eigi alllítið vörur manna, t. a. m. ull blotnaði, og yrðu bændur svo að leggja hana vota inn, og væri það því ekki hagnaður fyrir kaupmenn. En kaupmenn þyrftu ekki að óttast, að þeir fengju blauta ull á Hornafjarðarósi vegna hraknings úr Hornafjarðarfljótum, því yfir þau þyrfti ekki að fara að þeim ós. Til þess að styðja velmegun kaupmanna og bænda sýndist sjer því greiðastur vegur að fjölga kaupstöðum. Í Þorlákshöfn, sem væri ný-löggilt kauptún, hefði komið timburskip í vor, og hefði þá undir eins trjáviður fallið í verði á Eyrarbakka, nú væru hjer 2 prentsmiðjur, og aldrei hefði kostað eins lítið prentun á alþingistíðindunum og alþingisskjölum eins og nú; allt þetta sýndi fram á, að nauðsynlegt væri að fjölga verzlunarstöðunum, þar eð þá kæmi meira kapp og fjör í verzlunina, því einsetu kaupstaðir væru sannarlegt átumein fyrir landsmenn. Að endingu vildi hann óska þess, að Kolbeinsárós væri eins góð höfn og Hornafjarðarós.

Jón Jónsson kvaðst enga ástæðu sjá til þess, að sjer væri bannað orðið til að bera

af sjer áburð þann, er hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði borið á sig.

Forseti sagði, að 4 þingmenn hefðu beiðzt þess, að umræðum væri hætt. Ljet hann því næst ganga til atkvæða fyrst um frumvarpið sjálft, og síðan um það, hvort málinu skyldi vísað til þriðju umræðu, og var það hvorttveggja samþykkt í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild, á 19. fundi, 23. júlí.

Framsögumaður (*Stefán Eiríksson*) kvað búið að ræða málið svo mikið, að hann fyndi eigi ástæðu til að fara um það neinum orðum; einungis vildi hann fela það velvild deildarinnar, að hún samþykkti frumvarpið með öllum atkvæðum, eins og hún hefði gjört við fyrri umræðu málsins.

Síðan var frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til neðri deildar.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 203.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar jeg var hjer á þingi í hitt eð fyrra, fjekk jeg áskorun austan úr Skaptafellssýslu um, að bera upp frumvarp um löggilding Hornafjarðaróss og mæla fram með því, en af því þessi bæn barst mjer ekki fyr en um miðjan þingtímann, og jeg því ekki hafði tíma til að kynna mjer málið eins vel og þurti, og vildi ekki leggja það fyrir þingið, er jeg ekki þekkti glögg deili á, þá bar jeg það ekki upp, en ásetti mjer að leita upplýsinga um þessa höfn milli þinga. Jeg vildi ekki láta mjer nægja skýrslur þeirra manna, sem búa í nánd, og gátu álitizt, ef til vill, hlutdrægir eða eigi hefa næga þekking til að dæma um höfnina, og því fjekk jeg tvo skipstjóra til þess að gefa skýrslur um höfnina, annan í fyrra og hinn núna í sumar. Þeir hafa nú sent þessar skýrslur og hafa þær legið fyrir efri deildinni, en þingmönnum í þessari deild eru þær má ske ekki eins kunnar. Jeg vil þess vegna stuttlega skýra frá því, að þeir telja höfnina góða; hún liggur milli tveggja hólma, sem hægt er að binda skipin við á bæði borð; vatnið er 4 faðma djúpt, en innsiglingin er varasöm, af því ósinn er mjór og straumurinn mjög harður; vatnið streymir út með fjörunni, með 3 til 6 mílna hraða um 9 klukkustundir, en inn í ósinn 3 tíma á hverju dægri. Höfnin er í stuttu máli þannig, að væri kostur á betri höfn í nánd, þá áliti jeg vafasamt að ráða til að löggilda þessa höfn, en af því hjer er ekki um neina góða höfn að ræða alla leið frá Djúpavogi til Eyrarbakka, og af því þessi höfn er betri en Papós, þar sem skip fórst síðast í haust er var, þá vil jeg ráða deildinni til að láta málið ganga til 2. umræðu, og treysti því, að hún fallist því fremur á þetta frumvarp, sem hún hefur áður samþykkt löggilding Jökulsár, sem sjálfsagt er miklu verri staður.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg játa fúslega, að þörf er að fjölga kauptúnum á suðurströnd landsins, og að óskandi væri, að haganleg höfn væri þar, heldur fleiri en ein, en bæði er það, að skammt er frá Papós til þessa staðar, og að nýlega hafa verið samþykkt í þessari deild lög, er leyfa fastakaupmönnum að sigla upp hverja vík og vog á landinu og verzla þar með allt nema vínföng. Með þessu álít jeg allt það fengið, sem þörf er á. Sveitabændur búa sig hvort sem er út með allt á sumrin, og skipiu mega liggja þarna allan sumartímann og langt fram á vetur. Þess vegna get jeg ekki sjeð neina þörf á að fjölga kauptúnunum. Lögin um siglingar og verzlun eru að vísu ekki gengin í gegn, en jeg vona, að efri deildin breyti þessu ekki. Þar að auki er það, að þegar þessir smákaupstaðir eru þarna hver ofan í öðrum, þá venjast menn miklu fremur á að kaupa alls konar óþarfa, sem þeir ekki þurfa með. Jeg vil samt sem áður ekki mæla móti því, að þessi höfn verði löggilt, af því svo fáar hafnir eru á suðurströnd landsins, en þörf get jeg ekki sjeð að sje á því.

Páll Pálson prestur: Jeg held að þingmaður Reykvíkinga hafi dálítið misskilið þetta mál; meiningin er, að fá fastan kaupstað við Hornafjarðarós. Þó Papós sje nálægt, þá er það almennt viðurkennt, að þar er mjög hættuleg höfn, og hafa skip opt strandað þar. Seinast í haust sem leið strandaði þar skip, og hljóta því allir að sjá, hvað nauðsynlegt það er, að kaupstaður sje í nánd, sem geti hjálpað, þegar verzlunin bregst á Papós. Haustverzlun er ekki síður nauðsynleg fyrir Skaptafellssýslu en aðrar sýslur; fátæklingar, sem ekki hafa nógar vörur að leggja inn á sumrin fyrir nauðsynjum sínum, þeir leggja inn fje á haustum og verða þá að geta fengið eitthvað fyrir það. Í haust neyddust menn til að leggja slátursfje sitt inn á Papós, en fengu ekkert af nauðsynjavörum sínum fyrir, því að þær voru ekki til. Þetta er aðal ástæðan fyrir því, að beðið er um löggilding Hornafjarðaróss.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg sje ekki þá þörf, sem sumir telja vera á því, að löggilda þennan stað; kaupmenn geta farið þangað útbúnir með öllum nauðsynjavörum, því að með uppsiglingarleyfinu er uppsiglingin gefin, ef höfnin er svo góð, sem sagt er. En ef innsiglingin er hættuleg, þá er hún eins hættuleg fyrir skip fastakaupmanna eins og fyrir skip lausakaupmanna, og ef höfnin sjálf, þegar skipið er komið inn, er örugg, getur það legið óhult lengri eða skemmri tíma; hættan er því hin sama fyrir fasta- og lausakaupmenn. Jeg ætla ekki beinlínis að tala á móti þessu frumvarpi, en það er mín sannfæring, að þessar smáverzlanir sjeu beinlínis til einokunar í landinu, og byggð þeirri til niðurdreps, sem er í nándinni.

Tryggvi Gunnarsson: Þingmaður Reykvíkinga áleit eigi ástæðu til að löggilda Hornafjarðarós, af því meðal annars, að Papós væri svo nálægt. Það er satt, að ef Papós væri hentugur verzlunarstaður og góð höfn þar, þá væri ekki ástæða til að byggja á Hornafjarðarós. En þetta hvorttveggja vantar Papós, og það svo mjög, að hætt er við, að annmarkar þeir, sem þar eru, gjöri það að verkum, að sá verzlunarstaður leggist niður, ef byggt verður á Hornafjarðarósi, og öflug verzlun kæmist þar á. Höfnin er mjög vond, haldbotn er enginn og skipin drífa þar í land á hverju sumri, en þegar svo vill til á haustdegi, þá brotna þau. Þar að auki er þar ekkert haglendi í nánd, ferðamenn verða að flytja hesta sína mílu vegar, sem er mikill ókostur fyrir verzlunarmenn, er eiga margra daga ferð þangað. Að sönnu er kaupmönnum leyft að verzla á hverri vík og vogi að eins á skipum, svo mönnum að því leyti er borgið með að fá vörur á sumrin, en þingmaður Reykvíkinga hefur víst tekið eptir, að í áminnztum lögum er kaupmönnum eigi leyft að verzla á landi, svo á haustin geta þeir eigi notað þetta leyfi, til að kaupa slátursfje, sem byggðarmönnum er nauðsynlegt, til að kaupa matarforða til vetrarins, en í Skaptafellssýslu eru fjárríkar sveitir, svo að þar yrði sjálfsagt mikil haustverzlun, ef kauptún væru þar.

Páll Pálsson prestur: Jeg vildi að eins geta þess, að með tilliti til haustverzlunarinnar, sjer í lagi með sauðfje, hlýtur það að vera mörgum annmörkum og erfiðleikum bundið, að verzla á skipi, svo það virðist vera alveg nauðsynlegt að hafa fastan kaupstað, að minnsta kosti hús til þess, og þetta er einmitt tilgangurinn með að fá Hornafjarðarós löggiltan.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða og málinu vísað til 2. umræðu með 18 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 23. fundi, 28. júlí.

Var málinu umræðulaust vísað til 3. umræðu með 20 atkvæðum, eptir að frum-

varpið hafði verið samþykkt með sama atkvæðafjölda.

Þriðja umræða í neðri deild, á 35. fundi, 9. ágúst.

Var þá frumvarpið samþykkt umræðulaust með 19 atkvæðum.

Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXVI. KAUPTÚN VIÐ KÓPASKERSVOG.

Frumvarp til laga um kauptún við Kópaskersvog í Norðurþingeyjarsýslu. Flutningsmaður Benedikt Kristjánsson, 1. þingmaður Þingeyinga. Sjá I 83.

Fyrsta umræða í efri deild, á 10. fundi, 12. júlí.

Flutningsmaður (*Benedikt Kristjánsson*) kvað mál þetta hafa tvisvar sinnum áður verið rætt á þingi, 1875 og 1877; hann vonaði, að hann þyrfti eigi að fara mörgum orðum um frumvarpið, því það hefði í bæði sinnin verið samþykkt í þessari deild, þó að það hefði eigi átt því láni að fagna, að sleppa í gegnum neðri deildina. Síðan það hefði verið rætt síðast, hefðu engar nýjar upplýsingar komið um það, bæði hefði þá verið búið að skoða höfnina og innsiglinguna, og eptir þeirri skýrslu væri innsiglingin að vísu þröng, en dýpið nóg, nfl. 16—18 fet; höfnin nógu rúmgóð, 14400 □ faðmar, svo að nóg mætti gefa út, þó að veður kæmi. Gránufjelagið hefði sent skip þangað í fyrra, en stýrimaðurinn hefði talið óþarft að taka hafnsögumann, farið því svo grunnt, að skipið hjó niðri, og orðið þá svo hræddur, að hann þorði eigi inn, og brá þannig kaupsamningi við bændur þá, er vörurnar höfðu pantað, og legið nærri, að mál risi út af. Þessi atburður sannaði ekkert á móti málinu, og til sönnunar fyrir því, gæti hann sagt þingmönnum, að verzlunarstjórinn á Húsavík hefði staðráðið að senda þangað skip í sumar. Mótbárur þær, sem reistar hefðu verið móti málinu í þessari deild, minnti sig að eigi hefðu verið mikilvægar, og vildi hann því eigi eyða orðum að þeim. Ástæður neðri deildarinnar væru sjer að vísu eigi vel ljósar, en þær helztu mundu vera, 1. að kaupstaður mundi eigi geta þrifizt við Kópaskersvog vegna aðsóknarleysis; 2. væri það vandræði, að fjölga mjög verzlunarstöðum, ef umfangsmikil tolllög yrðu sett, því að það gjörði tollstjórnina svo erfiða; 3. mundi það eyðileggja verzlunarstaðinn á Raufarhöfn. Hvað 1. mótbáruna snerti, þá mundi allmörgum sveitum verða hægast að sækja þangað verzlun, og tilgreindi hann þessar sveitir; 2. vildi hann að eins svara því, að lítil líkindi væru til, að alþingi færi að setja umfangsmikil tolllög, því að tollumsjónin mundi þá jeta tollinn upp að miklu eða öllu leyti, og yrðu þau því eingöngu landsmönnum til byrði. Með sóttvarnir væri heldur engin vandræði, því að skip þau, sem næmar sóttir væru innanborðs í, eða kæmu frá þeim stöðum, þar sem næmar sóttir gengju, væru skyld að koma fyrst við á vissum höfnum. Hvað 3. mótbáruna snerti, þá vildi hann eigi neita því, að hinn umræddi verzlunarstaður mundi draga frá Raufarhöfn, þar eð hann lægi betur við, en hann ímyndaði sjer, að svo gæti farið, að eigi þyrfti ný lög til að eyðileggja þann verzlunarstað, því að, þá er hann vissi síðast til, hefðu skip verið pöntuð á Kópaskersvog og Þórshöfn, og Gránufjelagið mundi helzt vilja hætta allri verzlun á Raufarhöfn. Loksins vildi hann taka það fram, að það hlyti að vera leitt fyrir alþing að bæla niður hvað eptir annað óskir hlutaðeiganda í ekki stærra máli, sem aldrei gæti álitizt hættulegt eða ábyrgðarmikið fyrir þingið að veita áheyrn; hann hefði

því betri von um afdrif málsins, sem hann vissi, að það væri vilji fjölda þingmanna, að gefa frjálsa verzlun á hverri vík og vog umhverfis land allt. Þetta sýndist sjer líka eðlilegast, því að það væru kaupmennirnir, en ekki löggjafarvaldið, sem ættu að skapa kaupstaðina; þeir ættu mest á hættu, hvernig færi, og þeir hefðu bezt vit á að velja staðinn.

Eiríkur Kúld sagði, að það væri sannast að segja, að þingmaðurinn lægi eigi á liði sínu í því að fylgja þessu máli, og væri það vel gjört, ef málið væri þarflegt eða jafnvel óskaðlegt; þegar menn vildu fá löggilding á verzlunarstað, þyrfti að gefa áreiðanlega skýrslu um, að þar væri hættulaust fyrir hafskip. Þingmaðurinn hefði sjálfur í ræðu sinni gefið upplýsing um dæmi Gránufjelagsins, er benti til þess, að í þessu tilfelli væri það eigi hættulaust, en hann vildi geta þess, að hann hefði eigi hermt söguna alveg rjett, því áreiðanlegur og nákunnugur maður hefði sagt sjer, að skipið hefði siglt inn í lítilli golu; en dýpið væri í ládauðum sjó tæp 12 fet, en skipið hefði rist 9 fet, og af því ylgja kom í sjóinn, áleit hann, að skipið mundi höggva niður, og ærneddi eigi annað en hverfa þegar frá og sigla burt aptur. Hann kvað sjer vera kunnugt um, að tilraun hefði verið gjörð í annað skipti, skipið komizt inn, og nokkru verið skipað upp úr því, en síðan hefði komið kul af hafi, og gjörðist þá slíkur ósjór, að vaðbera þurfti menn úr bátum til að bjarga þeim, og skipið þegar að flýja höfnina; hann gæti enn bætt því við, að kaupstjóri Gránufjelags hefði sagt sjer, að hann fengi onga ábyrgð á skipum þeim, er hann sendi á þá höfn. Þar sem þingmaðurinn segði, að þangað yrði sent skip í sumar, sæi hann eigi betur, en að þörfinni væri fullnægt, nema ef þeir vildu fá fastan verzlunarstað einungis til þess að geta keypt þar brennivín og fleiri ónauðsynjavörur á öllum ársins tímum; enn mætti taka það fram, að þó að komið væri inn á höfnina, væri ólendandi, ef nokkur alda væri, og það væri stór ókostur á höfn; flutningsmaður hefði tekið það fram, að innsiglingin væri þröng, en hitt væri lakara, að innsiglingin væri of grunn. Að öðru leyti ímyndaði hann sjer, að þó að þessi deild vildi sinna málinu, mundi neðri deildin hrinda því, sem fyr. Hann sagði, að það væri eigi lítill kostnaðarauki fyrir landið, er þessi óþarfamál væru hvað eptir annað lögð fyrir þingið til að eyða við þau árangurslaust löngum tíma; hann vildi því í bróðerni benda þingmanninum á, hvort honum þætti eigi hentast, að taka frumvarp sitt heim aptur.

Flutningsmaður kvað þingmanninn fróðari en sig, því að sjer væri eigi kunnugt um, að Gránufjelagið hafi optar en einu sinni sent þangað skip. Þá ástæðu, að innsiglingin væri of grunn, vildi hann biðja hann að sanna, ef hann gæti, gegn skýrslu eiðsvarinna manna, er annar hefði verið lærður stýrimaður. Þegar menn hlypu eptir lausum flugufrjettum og kæmu með þær inn á þing, mundi það geta kostað landssjóðinn eins mikið og saklaus frumvörp, er fram væru borin. Hvað brimið snerti, væri sjer óskiljanlegt, hvernig það gæti komið til umtals, þar sem höfnin hefði þrönga innsigling og væri innilokuð af skergarði; hann hefði eigi fyrir sjer álitsgjörðina, en hún lægi við skjalasafn alþingis, og þar mætti finna hana; í hitt eð fyrra hefði hún verið lögð fyrir þingið, og ef hún hefði þá þótt röng, hefði verið hægt að hrekja hana. Þó að skip yrði sent þangað í sumar, þá væri það eigi ástæða á móti nauðsyn þessa máls, bæði væri eigi víst, að það yrði allt af, og svo gætu bændur, ef til vildi, eigi gjört sig ánægða með þennan eina mann.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um málið, og var því vísað til 2. umræðu með 9 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 12. fundi, 15. júlí.

Flutningsmaður (*Benedikt Kristjánsson*) sagði, að þá er nefnd var kosin í frumvarpið um Hornafjarðarós, hefði verið gjört ráð fyrir, að vísa öðrum slíkum málum, er síðar kæmu, til sömu nefndar, og eitt af þeim væri þetta mál, er hjer væri um að ræða; hann væri eigi á móti því, að málinu væri vísað til þessarar nefndar. Hann vildi geta þess, að allar þær upplýsingar, er til væru um þetta mál, lægju við skjalasafn alþingis frá því í hitt eð fyrra, og þar gæti nefndin fundið þær; annars vildi hann skjóta því undir atkvæði deildarinnar, hvort mál þetta skyldi ganga til nefndarinnar eða eigi.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja benda til þess út af því, er áður hefði verið talað um að vísa þessum verzlunarstaðamálum til þeirrar nefndar, er áður hefði verið sett viðvíkjandi Hornafjarðarósi, að sjer þætti ráð, að setja í þetta mál sjerstaka nefnd, og þætti sjer þá vel við eiga, að vísa til þeirrar sömu nefndar hinu síðasta máli á dagskránni, og það væri því sín tillaga, að umræðunni væri frestað, og kosin þriggja manna nefnd.

Stefán Eiríksson kvaðst vera samdóma þingmanni Rangæinga í því, að óhentugt væri, að vísa máli þessu til nefndarinnar um Hornafjarðarós, því að enginn sá, er í þeirri nefnd sæti, væri kunnugur þeim stað, er hjer ræddi um, og gæti því eigi farið eptir öðru en skýrslum þeim, er fyrir lægju frá alþingi 1877; en mál þetta hefði við fyrstu umræðu orðið fyrir mótmælum miklum af þingmanni Barðstrendinga; hann vildi því leggja það til, að annaðhvort væri sett sjerstök nefnd í málið, eða það látið ganga nefndarlaust gegnum deildina.

Síðan var gengið tíi atkvæða og fellt með 6 atkvæðum gegn 5, að setja sjerstaka nefnd í málið, en samþykkt með 7 atkvæðum, að vísa því til nefndarinnar í málinu um löggilding kaupstaðar á Hornafjarðarósi.

Framhald 2. umræðu í efri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Nefndarálit; I 151—153.

Framsögumaður (*Stefán Eiríksson*) kvaðst vera ókunnugur þessum fyrirhugaða verzlunarstað, en þó hefði eigi dulizt fyrir sjer, að megn áhugi Norðurþingeyinga væri, að fá þar kaupstað, eins og tekið væri fram í nefndaráliti meiri hlutans; væri það einkum sakir hestfæðar og vetrarhörku, að þeim væru erfiðar allar ferðir. Þingeyingar kostuðu ærnu fje til hestakaupa, þar eð það svaraði eigi kostnaði að ala þar upp hross. Nú á 3 þingum hefðu þeir komið fram með þessa beiðni, og sýndi það áhuga þeirra á þessu máli. Hann kvaðst ekki vera svo lyndur, að hann vildi hlaupa eptir lausasögum um hafnir, heldur eptir skýrslum áreiðanlegra manna, og við þær hefði meiri hluti nefndarinnar stutt álit sitt að löggilda ætti Kópaskersvog.

Sighvatur Árnason kvaðst hafa verið einn í nefndinni og vilja þess vegna skýra þingmanni Skagfirðinga eptir áskorun hans frá ástæðum sínum fyrir því, að vilja löggilda þennan verzlunarstað; hann sagðist vilja varast að neita þess konar bænum. Eptir sinni þekkingu á landslagi Íslands, þá væru ferðalög bundin miklum kostnaði, en án efa óvíða meiri en í Þingeyjarsýslu. Þar væru hestar mjög dýrir, og ókljúfandi kostnaður að ala þá upp. Bann gegn verzlunarstöðum, þar sem þannig væri háttað, sýndist sjer óheppilegt; sjer sýndist þvert á móti, að öll verzlunarviðskipti ættu að vera sem greiðust, og láta reynsluna sýna, hvort verzlun gæti þrifizt á þessum eða hinum staðnum eða ekki; þó nú höfnin reyndist eigi sem bezt, væri ekki þar með sagt, að hún væri verri en ýmsar

aðrar hafnir, sem löggiltar hafa verið og brúkaðar ár frá ári. Hann gæti eigi annað en verið þessu máli hlynntur, einkum af þeim erfiðleikum, sem þar væru á því, að ná til kaupstaðar, en yrði þessi staður löggiltur verzlunarstaður, ljettist aðsókn um 70 jarða og miklu fleiri búenda til kaupstaðar, og kvaðst hann ætla að þetta væri næg skýring fyrir atkvæði sínu.

Jón Jónsson þakkaði þingmanninum fyrir skýrslu hans, og sæi hann nú, að meiri hluti nefndarinnar væri sjer samdóma um ástæðurnar fyrir slíkum löggildingum, og hjer væri um að ræða. Hvað sig snerti, þá þætti sjer ísjárvert að neita þess konar löggildingum ástæðulaust, og kvaðst því greiða atkvæði með þeim, þótt hann hefði aldrei á viðkomanda stað komið, því að hann áliti það engan skaða að greiða atkvæði með þeim, en hins vegar gæti það gjört mikinn skaða, að greiða það gegn þeim. Hann sagði að forseti hefði neitað sjer um orðið, til að bera af sjer áburð varaforseta, en nú ætlaði hann að gjöra það. (*Varaforseti* neitaði því, þar eð það væri í öðru máli, en þingmaðurinn sagði, að það væri þýðingarlaust, þar eð forseti rjeði því). Hann sagði, að þó hann hefði átt því láni að sæta, að verða fyrir rógburði vondra manna undanfarin ár, þá hefði hann þó aldrei verið borinn ósannindum; hann hefði aldrei sagt, að varaforseti vildi greiða atkvæði móti sjer, heldur að það gæti skeð, að hann gjörði það eptir framgangsmáta hans við sig fyrirfarandi í bæjarstjórninni, og eptir því sem hann hefði áður komið fram í slíkum málum (*Forseti* hringdi, þingheimur og áhorfendur fussuðu). Síðan skoraði hann á forseta, að halda reglu, og láta það eigi viðgangast, að áhorfendur tækju fram í ræður þingmanna.

Benedikt Kristjánsson sagði, að við fyrstu umræðu hefði komið í ljós misskilningur um það, hve opt kaupfar hefði komið á Kópaskersvog; þangað hefði eigi komið nema einu sinni skip, en þingmaður Bardstrendinga hefði sagt, að skip hefði komið þar tvisvar, en það væri ekki með öllu rjett. Hann kvaðst hafa fengið skýrslu um það frá sýslumanni Þingeyinga, að skipstjóri ætlaði að fara þangað í sumar, en aldrei lagt inn á voginn, heldur legið úti á rúmsjó fyrir opnu hafi dagana 15.—16. júní, og hafi þá komið útnyrðingsgarður, svo skipið varð að leggja frá; hann vildi þess vegna leggja fram hið umgetna skýrteini, svo að deildin gæti sjeð hið rjetta í þessu efni; hann kvaðst áður hafa vitnað til skýrslu útlendra manna. Skipstjórinn á skipi þessu ætlaði að mæla höfnina í fyrra vor ásamt bróður sínum, sem einnig er skipstjóri, en samkvæmt skýrslu sýslumannsins var svo mikill hafís innan til á vognum, að mælingin gat ekki fram farið, og það einmitt á þeim stað, er kunnugir menn segja, að skipalegan sje; sjer þætti ráðlegt, að deildin hjeldi sig að skýrslum þeim, er fram væru komnar, en hlypu eigi eptir munnlegum frásögnum einstakra manna, eins og þingmaður Barðstrendinga, einkum manna úr Gránufjelaginu, þar eð það fjelag ætti verzlun á Raufarhöfn, og væri þeim það ekki láandi, þar eð það væri eigi ólíklegt, að það kynni að draga frá Raufarhöfn, er Gránufjelag hefði fasta verzlun, ef þessi verzlunarstaður yrði löggiltur, en hins vegar yrði deildin vel að gæta þess, að ástæður slíkra einstakra manna, gætu eigi verið ástæður fyrir hana; fyrir þingdeildinni stæðu allir verzlunarmenn með sama rjetti; hennar ætlunarverk væri að leysa þau bönd, sem hepta verzlunina. Bæði framsögumaður og aðrir hefðu talað um hin önnur atriði máls þessa, svo sem hestafæð, vegalengd o. s. frv., svo hann þyrfti eigi neinu þar við að bæta, nema því einu, að þeir, sem að norðan sækja til Húsavíkur, verða að fara yfir Reykjaheiði, sem er ófær langt fram á sumar, og eigi þarf nema eitt áfelli á haustin til að gjöra

hana ófæra aptur; en ef farið væri sjóveg, yrði að fara fyrir Tjörnes, og hefðu menn opt í slíkum ferðum orðið að liggja veðurtepptir í heila viku um há-sumarið, sem eigi væri lítill hnekkir fyrir atvinnu manna um bjargræðistímann. Úr Núpasveit væri að sönnu styttri leið að Raufarhöfn en til Húsavíkur, en sá vegur væri opt alveg ófær fyrir hesta ekki síður en yfir Reykjaheiði. Hann bæri þess vegna það traust til deildarinnar, að hún hrekti eigi mál þetta, en lofaði því að ganga til þriðju umræðu.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um frumvarpið, og síðan um það, hvort málefni þetta skyldi koma til þriðju umræðu, og var það hvorttveggja samþykkt í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild, á 19. fundi, 23. júlí.

Benedikt Kristjánsson kvaðst ætla, að eigi þyrfti að ræða málið frekar, deildarmenn hefðu getað kynnt sjer skýrslu, er komin væri frá sýslumanni Þingeyinga, og geymd væri hjá framsögumanni, og með því að engar ástæður væru komnar fram móti málinu, síðan deildin samþykkti það seinast, þá treysti hann því, að hún mundi enn samþykkja það, hvað sem neðri deildin gjörði.

Framsögumaður (*Stefán Eiríksson*) kvað ástæðurnar fyrir þessu máli vera teknar fram hjá meiri hluta nefndar þeirrar, er sett var í máli þessu. Það væri auðsjeð, að þetta væri áhugamál Þingeyinga af hinum þráfeldu bænum þeirra til þingsins, og þó að mótmæli hefðu risið móti höfninni sjálfri, væri það þó sýnt af skjölunum, að höfnin væri eigi fráleit. Sýslumaður Þingeyinga byggði skýrslu sína á orðum kunnugra manna, er teldu höfnina nógu djúpa.

Eiríkur Kúld kvaðst, viðvíkjandi orðum framsögumanns, vilja benda á, hverjar væru ástæður þær í nefndarálitinu, er hann skírskotaði til. Þar stæði, að það hefði komið fram á þinginu, að þar mundi vera grunnt fyrir haffær skip, og samt, af því að mikill áhugi væri hjá Þingeyingum á málinu, vildi meiri hlutinn veita þeim þessa bæn. Þetta væru allar þær ástæður, er taldar væru í áliti meiri hlutans, að höfnin væri of grunn og mikill áhugi á málinu, en hann kvaðst vilja spyrja, hvers vegna framsögumaður hefði eigi tekið fram þær ástæður, er komið hefðu á móti málinu, eigi að eins 1875 og 1877, eins og hann hefði nefnt, heldur einnig nú 1879. Fyrst að höfnin væri of grunn, eins og meiri hlutinn játaði (*Framsögumaður*: Nei), þá gæti hún aldrei verið góð. Árið 1875 hefði kunnugur maður eptir lýsingu, er þá kom af höfninni, sýnt fram á, að hún væri ómöguleg, og orð hans hefðu þá hjálpað til að fella málið í neðri deildinni. Nú vildi hann aptur spyrja þingmann Þingeyinga, er þessu mundi kunnugastur, hvernig höfnin hefði breytzt síðan, því að það hlyti hún að hafa gjört, ef hún væri nú góð orðin, en þá óbrúkandi. Hann vissi eigi til, að Þingeyingar hefðu gjört neitt við hana; hann sæi nú forlög Kópaskersvogs í þessari deild, en hann væri svo sannfærður um, að neðri deildin felldi frumvarpið, að hann væri til með að standa upp fyrir því við atkvæðagreiðsluna hjer.

Sighvatur Árnason sagðist vilja skýra þingmanni Barðstrendinga frá sinni meiningu, því að það liti út fyrir, að hann væri búinn að gleyma því, er fram hefði farið við 2. umræðu málsins. Hann áleit eigi hlýða, að neita beiðni svo margra manna um þetta efni, þar sem allir aðdrættir væru eins örðugir og í Þingeyjarsýslu sakir vegalengdar og hestadýrleika, enda væri neitunin á nær því engum rökum byggð, og það því fremur, sem þingið í heild sinni væri að hugsa um, að leyfa uppsigling á hvern vog og vík. Sjer þætti þetta svo fráleitt, að hann gæti eigi verið þekktur fyrir annað, en greiða atkvæði með málinu. Hvers

vegna hefði þingmaður Barðstrendinga eigi tekið fram, hvers vegna hann væri sjerstaklega mótfallinn þessum verzlunarstað, fremur en öðrum, er hann nú hefði samþykkt. Hann gæti eigi fundið frekari ástæður með hinum, þó að bann áliti rjett, að samþykkja þá einnig.

Benedikt Kristjánsson kvaðst verða að standa upp í annað sinn eptir áskorun þingmanns Barðstrendinga, sem sjer væri þó nær skapi að kalla umboðsmann skipaábyrgðarfjelagsins, af því, hversu umhugað honum væri um, að hleypa eigi skipum inn á ótryggar hafnir. Hann yrði að eiga það við sjálfan sig, hvort hann vildi berja höfði sínu við steininn. Hann neyddist til að taka nú upp í annað eða þriðja sinn hið sama, er hann hefði áður sagt — fyrst svo væri að heyra sem þingmaður Barðstrendinga hefði enn ekki heyrt það — án þess að hafa nokkra von um, að sjer lægi nú hærra rómur en þá. Þingmaður Barðstrendinga væri allt af að stagast á þinginu 1875, en þá hefði engin opinber rannsókn verið fram farin á höfninni, og því hefðu menn að eins orðið að fara eptir sögusögn, og þar sem þá hefði minna verið gjört úr höfninni en mátti, þá sýndi það, að menn ætluðu sjer eigi að villa sjónir fyrir þinginu. Til þingsins 1877 hefði komið skýrsla, er gefin var undir eiðstilboð, um höfnina; þar stæði, að innsiglingin væri fullbreið, dýpið 16—18 fet, og legan rúm.

Hann vildi nú spyrja, hvað hefði nú hrakið þessa skýrslu? Í fyrra sumar sigldi inn skip, er stýrimaður var á, er áður hefði átt að mæla höfnina, en eigi getað það vegna hafíss; eptir þessa skoðun leyfði hann sjer þó að sigla þar inn án hafnsögumanns; svo kenndi skipið grynninga, skipstjóri varð hræddur og sigldi burt. Um hitt atriðið, að annar hefði siglt þar inn seinna, hefði sýslumaður gefið sjer skýrslu eptir viðtali við sjálfan skipstjórann, sem sýndi, að hann hefði legið fyrir utan höfnina, en eigi inni á henni.

Þetta væri nú allt það, er hann gæti fundið að komið væri fram til að hrekja skýrsluna, en þingmaður Barðstrendinga yrði eigi ráðalaus með að finna fleira; hann skírskotaði til kunnuga mannsins í neðri deildinni. Sig vantaði vottorð um, að hann væri kunnugur, og hann gæti ímyndað sjer, að þessi sami maður, ef til þess kæmi, vildi eins gefa vottorð um, að hann væri ókunnugur, og framburður hans hefði átt að vera til þess að fella málið.

Forseti kvað 4 þingmenn hafa óskað, að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Því næst var frumvarpið samþykkt með 9 atkvæðum, og síðan sent neðri deild.

Fyrsta umræða í neðri deild á 21. fundi, 25. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 203.

Tryggvi Gunnarsson: Það er kunnugt, að þetta mál hefur tvisvar komið fyrir þingið og í hvorttveggja skiptið verið fellt; er vonandi, að svo fari enn. Jeg var þá ekki jafn kunnugur máli þessu, eins og jeg er nú, því síðan hef jeg aflað mjer kunnugleika um, hvernig höfn þessi er, og álít jeg mjer skylt að gefa upplýsingar í þessu efni. Jeg hef tvívegis sent skip þangað, annað sendi jeg í fyrra, komst það að eins inn á höfnina, en hjó niður, svo það varð að leggja út aptur; reyndar sögðu byggðarmenn og fylgismenn þessa máls, að skipstjóri hefði eigi farið svo langt inn í höfnina, sem vatnið var dýpst; en svo fór, að skipið lá fyrir utan skerjagarðinn, og lá þar undir seglum meðan það afhenti vöruna úti á rúmsjó. Aptur í sumar sendi jeg í annað skipti skip, og komst það nú inn á voginn, með því blítt veður var; þar gat það afhent vöruna, sem þangað átti að fara, en jafnskjótt sem skipið ætlaði af stað, brast á hvassveður, svo skipið var nær því drifið

upp í skerjagarðinn; gat skipstjóri að eins bjargað skipi og mönnum þeim, sem um borð voru og áttu bát við skipshliðina, með því að sigla með þá til Húsavíkur. Af þessu vona jeg að sjeð verði, að höfn þessi er lítt notandi. Jeg efa samt ekki, að reynt verði, til að ljetta mönnum flutninga, að sigla á Skerjavog þennan, og afhenda þar 1 dag um hásumarið, og þá ímynda jeg mjer, að óskir þeirra manna, er þar búa umhverfis, sjeu uppfylltar, og að þær ekki nái lengra, því að eptir þeirri reynd, sem er á orðin, og eptir því sem sveitum hagar, geta þeir varla búizt við, að kauptún verði byggt þar.

Benedikt Sveinsson: Mjer er það óskiljanlegt, hvers vegna 1. þingmaður Suðurmúlasýslu hefur svo mikið á móti að löggilda Kópasker. Það getur verið, að eigi verði sagt, að höfn þessi sje góð, en það getur heldur enginn sagt með rökum, að hún sje verri en margar aðrar hafnir. Jeg átti í fyrra vor tal við tvo skipstjóra, er ætluðu að kanna höfn þessa, en kváðust eigi hafa getað rannsakað hana nákvæmlega sakir hafíss. Það var að vísu satt, sem þingmaðurinn sagði, að skip það, er sent var þangað í fyrra, tók niðri, en skipstjóri fór ekki rjetta leið, að því er kunnugir og áreiðanlegir menn hafa sagt mjer, enda var skipstjóri sjálfur ókunnugur, og hafði eigi þann hafnsögumann, sem völ var á, sem var kunnugur og sem hefur lært sjómannafræði. Aptur var það ekki satt, sem þingmaðurinn sagði, að skipið, sem kom á Kópasker í ár, hafi farið inn á höfnina; því einmitt af því að skipið kenndi grynninga í fyrra, þá þorði skipstjóri ekki inn í höfnina. Jeg skil því ekki, að eigi sje ástæða til að sinna þessu máli, einkum þegar það er auðsjáanlega orðin stefna þingsins, að láta kaupmenn öldungis sjálfráða um, hvar þeir vilji verzla, og efri deildin hefur samkvæmt þessari stefnu samþykkt löggilding kauptúns þessa.

Tryggvi Gunnarsson: 1. þingmaður Árnesinga þóttist ekki skilja, hvers vegna jeg hefði svo mikið á móti, að höfn þessi væri löggilt; fyrir því hef jeg fært ástæður, en jeg vil feginn gjöra allt til þess að ljetta flutninga, því að það á bæði þingið og hver einstakur maður að gjöra. En jeg vil ekki ráða til að löggilda höfn þessa, af því að mjer sýnist það ótiltækilegt og næstum hlægilegt, að löggilda slíkar hafnir. Jeg vil ekki, að þingið sje að leika sjer að, að búa til lög, þar sem auðsjeð er að hlutaðeigendur engin not hafa af, því það mundi sannast, að þó staður þessi yrði löggiltur, þá mundi þar aldrei verða byggður kaupstaður. Jeg vildi eigi vera mótfallinn, að Hornafjörður væri löggiltur, vegna vegalengdar til annara kaupstaða, og menn eru þar vegna vatnsfalla í miklum vanda, en hjer er ekki þannig ástatt, því þegar litið er á vegalengd þá, sem er á milli Húsavíkur og Raufarhafnar, og hin fáu hjeruð, sem liggja þar að, þá sýnist undarlegt að fara að löggilda þennan stað.

Benedikt Sveinsson: Þótt Raufarhöfn sje nálægt, þá er sá hanki á þeirri leið, að hún er eigi ávallt auðfarin, en einmitt það, að aðrir kaupstaðir eru nærri, er trygging fyrir því, að þessi höfn verði eigi notuð, nema hún sje til þess hæf, svo 1. þingmaður Suðurmúlasýslu sannaði minna en ekkert með ræðu sinni.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 11 atkvæðum gegn 3.

Önnur umræða í neðri deild, á 23. fundi, 28. júlí.

Benedikt Sveinsson: Eins og jeg skýrði frá við 1. umræðu, er nauðsynin mikil á, að þessi staður sje löggiltur. Þingeyjarsýsla er eitt hið harðasta hjerað landsins, vegir

þar torsóttari en nokkursstaðar, nema ef til vill í Skaptafellssýslu, hestar fáir og fjarska dýrir. Jeg vona því, að deildin, sem í líkum málum hefur sýnt, að hún er fús á að sleppa lausri hendinni af hinni gömlu einokunar apturhaldsstefnu í verzlunarlöggjöf landsins, muni ekki skoða huga sinn um, að komast að líkri niðurstöðu í þessu máli.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg kærði mig ekki um við 1. umræðu þessa máls, að koma með mjög nákvæmar skýringar um, hvort ráðlegt væri að löggilda þennan stað, því að jeg hjelt deildinni væri það svo ljóst, og að hún hjeldi sömu stefnu í þessu máli og áður; en af því að atkvæðin fjellu svo, að svo leit út, sem deildin þættist eigi hafa nógar skýringar, þá vil jeg gefa enn ýtarlegri upplýsingar og byrja þá á því, að það er að eins mestur hluti af 2 sveitum, Skinnastaðahreppi og Presthólahreppi, sem eiga hægra með að sækja að Kópaskersvog en að Raufarhöfn eða Húsavík. Í Skinnastaðahreppi eru 22 bæir og 6 hjáleigur, í Presthólahreppi 21 bær og 5 hjáleigur, alls 43 bæir og 11 hjáleigur, en þessir bæir hafa ekki allir gagn af verzlun á Kópaskeri, svo þeir bændur, sem hafa gagn af þessari löggildingu, þó höfnin væri brúkleg, yrðu naumast fleiri en 40. Kelduhverfið og Tjörnesingar eiga fullt eins hægt með að sækja að Húsavík eins og að Kópaskersvog; sömuleiðis Svalbarðshreppur að Raufarhöfn, svo fyrir þessa 2 hreppa verður löggildingin ekki að verulegum notum. Hvað vegalengd snertir, þá er hún yfir Sljettuna 4 mílur frá Raufarhöfn á Kópasker, og 4 mílur frá Kópaskerjum í mitt Kelduhverfið, og 4 mílur þaðan að Húsavík, eða frá Raufarhöfn til Húsavíkur að eins 12 mílur. Jeg hef verið því meðmæltur, að löggilda Hornafjarðarós, af því þar er svo langt milli kaupstaða; milli Djúpavogs og Eyrarbakka eru yfir 40 mílur. Hjer þar á móti eru að eins 12 mílur milli löggiltra kauptúna í strjálbyggðu og heldur fátæku hjeraði. Það hljóta allir verzlunarfróðir menn að sjá, að ekki getur staðizt verzlunarstaður milli tveggja annara, á svona litlu svæði. Ef þar næst er skoðað, hve mikið af vörum er hjer um að gjöra, þá get jeg skýrt frá, að vörur eptir allt árið, að meðaltali í 3 ár, hafa verið frá Raufarhöfn, að haustverzlun frádreginni, fyrir 22,000 krónur, og auk þess hafa lausakaupmenn verzlað þar fyrir hjer um bil 4000 eða 6000 kr. Þegar þessari verzlun eða vörumagni ætti að skipta milli tveggja, þá er auðsjáanlegt, að þeir mundu ómögulega geta staðið sig, eða þeir yrðu að setja hærra verð á vöru sína, og bændur þannig yrðu að borga hinn aukna kostnað við skiptinguna; því auðsjeð er, að þegar skipt er milli tveggja því, sem einn þarf að lifa af, þá eykst kostnaðurinn á verzlunina. Á höfnina þarf jeg ekki að minnast; skýrsla mín um daginn var svo greinileg, sem mögulegt var. 1. þingmaður Árnesinga sagði, að skipið hefði ekki getað komizt inn á höfnina í annari ferðinni; jeg get reyndar ekki sannað nú þegar með vottorði skipstjóra, að það sje rangt, en jeg man ekki betur en skipstjórinn segði mjer, að hann hefði komizt inn, en að þessu skal jeg leiða rök síðar. Jeg hafði reynt að fá ábyrgð fyrir skipið, ef það færi inn á Kópaskersvog, en það fjekkst ekki erlendis, svo skipið varð að fara þangað upp á vogun og ábyrgð eiganda; er því líklegt, að skipstjóri hafi reynt að koma skipinu á svo óhult lægi, sem hægt var. Setjum nú svo, að hann hafi ekki farið inn á höfnina, þá vitnar það einmitt um, að hún er óbrúkanleg, því að þegar eins duglegur, áræðinn og kunnugur skipstjóri verður að liggja á skipi sínu fyrir utan voginn um hásumarið, þá get jeg ekki annað skilið, en að það sje ljóst, að höfnin sje óhafandi. Mjer finnst það beinlínis hlægilegt af deildinni, að vera að löggilda slíka höfn, þar sem hún hefur nýlega

samþykkt lög um verzlun og siglingar, er leyfa öllum fastakaupmönnum að sigla inn á hverja vík og vog, og verzla þar með alla nauðsynjavöru, svo hlutaðeigandi mönnum nálægt Kópaskerjum er að því leyti fullnægt, ef höfnin er notandi. Það er ekki rjett að mínu áliti, að fjölga löggiltum kauptúnum, þar sem eigi er brýn nauðsyn til, úr því þetta leyfi er gefið; því að við það aukast erfiðleikar að sjá um sóttvarnir og tollgreiðslu, og gjörir sýslumanninum í Þingeyjarsýslu ómök, ef Kópaskersvogur verður löggiltur. Að endingu vil jeg geta þess, að jeg get ekki virt það vel af efri deildinni, að hún fylgir þessu máli svona fast fram, þar sem það er nú í 3. skipti, sem hún sendir oss þetta frumvarp, og mætti vita, að deild þessi er ekki svo hverflynd, að hún fari að samþykkja það nú.

Benedikt Sveinsson: Þingmaður Suðurmúlasýslu berst svo kappsamlega móti þessu máli, að hann gætir þess alls ekki, að ástæður þær, er hann notar málstað sínum til stuðnings, eru ekki allar rjettar, ef nokkur þeirra er rjett. Hann fullyrðir, að Kelduhverfið og Svalbarðshreppur muni ekki sækja til Kópaskersvogs, heldur til Raufarhafnar, þó Kópaskersvogur verði löggiltur. Þetta er ekki rjett ástæða, því að frá Þistilfirði til Raufarhafnar og frá Þistilfirði á Kópasker er alveg jafnlangur vegur. Prestur, sem verið hefur í Presthólum í mörg ár, hefur sagt mjer þetta, og hefur hann mælt það með stundaglasi, sem þótti gott og gilt hjerna um daginn. Hvað er þá á móti því, að Þistilfirðingar sæki til Kópaskersvogs, ef þeir fá betri verzlun þar en á Raufarhöfn? Allt svo þingmaðurinn verður að bæta við að austan- eða norðanverðu Þistilfirðinum, og reyndar Langanesi líka, því um það gildir allt hið sama. En hann verður að gjöra betri skil. Hann verður að bæta við að vestan- eða sunnanverðu Kelduhverfinu. Eða man þingmaðurinn ekki eptir Tunguheiði og Girðibrekku, sem optast, ef eigi einlægt, er ófær yfirferðar á vetrardag, nema fyrir gangandi mann? Þetta er þá eini vegurinn til Húsavíkur, sem að vegalengd getur jafnazt við leiðina norður á Kópaskersvog. Því kringum Tjörnes á Húsavík er langtum lengri og verri vegur á vetrum, en norður á Kópasker, þegar fara má sandinn á ísum. En það gefur öllum að skilja, að þessi leið frá Þistilfirði til Kópaskersvogs er eins sljett eins og þingborðið okkar. Það er því í öllu falli, eins og jeg sagði, óhætt að bæta við Kelduhverfinu og Þistilfirði við þær sveitir, er sækja munu til Kópaskersvogs, því að þær eiga jafnhægt með að sækja þangað eins og til Raufarhafnar. Hvað það snertir, að tveir kaupmenn muni ekki geta þrifizt í þessu hjeraði, þá kemur það þeim við en ekki þinginu. Þingmaðurinn verður að muna eptir því, að hjer á hann að koma fram sem þingmaður en ekki sem kaupmaður. Ef einhver kaupmaður er svo lítilþægur, að láta sjer nægja litla verzlun, þá á hann að geta fengið þessa litlu verzlun á Kópaskersvogi; en, sem sagt, þetta kemur að eins þeim herrum kaupmönnum við. Þingmaðurinn talaði enn fremur um þennan örðugleika, sem þingið bakaði sýslumönnum með því að fjölga löggiltum kauptúnum, og talaði þannig einnig máli sýslumanna; en nú vill svo til, að póstur fer einmitt svo gott sem um á Kópaskersvogi í hverri póstferð, og því er hægt fyrir sýslumann að fá tollinn jafnóðum með pósti, þaðan eins og frá Raufarhöfn. Jeg skal geta þess, að presturinn á Presthólum var lengi umboðsmaður sýslumanns og tollinnheimtumaður á Raufarhöfn, en hann býr einmitt rjett hjá Kópaskersvogi, en langa leið frá Raufarhöfn, og ætti því langtum hægra með að vera innheimtumaður þar en á Raufarhöfn. Hvað höfnina sjálfa snertir, þá sagði skipstjórinn mjer sjálfur, að skipið hefði ekki farið inn á höfnina í sumar, en það er mjög líklegt, að hann hafi ekki

þorað það, einmitt af því að skipið var óassúrerað, og höfnin er því eins órannsökuð og eins góð eptir sem áður, þrátt fyrir þessa röngu vefengingu þingmannsins. Jeg virði efri deildina einmitt mikils fyrir það, að hún hefur samþykkt þetta mál hvað eptir annað, þrátt fyrir atkvæði neðri deildar, því að hún sýnir með því, að hún vill innleiða fullt frelsi til verzlunarviðskipta, og jeg álít það skyldu þessarar deildar að gjöra það líka, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm. Þetta frumvarp á þannig jafnvel sannkallaða heimting á samþykki hinnar heiðruðu deildar.

Tryggvi Gunnarsson: Þingmaðurinn þurfti ekki að leiðrjetta orð mín; jeg sagði sjálfur, að Skinnastaða- og Presthólahreppar ættu hægra með að sækja til Kópaskersvogs en Raufarhafnar, en að Kelduhverfið og Svalbarðshreppur ættu jafnhægt með að sækja til beggja staðanna. Það er satt, að Tunguheiði er brött og ill yfirferðar, en veit þingmaðurinn þá ekki, að til er önnur heiði, sem heitir Reykjaheiði, sem er miklu hægari yfirferðar og optast nær farin? Og hver torfæran sje verri, Tunguheiði, sem er á milli Kelduhverfis og Húsavíkur, eða Jökulsá, sem er á milli Kelduhverfis og Kópaskerja, þykir mjer vera beztur vottur, að það er gamall vani á Húsavík, að þeir, sem fara yfir Tunguheiði, fá engan ferðakostnað endurgoldinn, en þeir, sem fara yfir Jökulsá, fá borgaða ferjutolla og ferðakostnað. Það, sem þingmaðurinn sagði um ábyrgð skipsins, veit hann víst mikið vel að ekki var rjett. Þegar skipið var óassúrerað, þá eru mikil líkindi til, að það vildi forða sjer inn á höfn, sem eptir hans sögn er svo góð, heldur en liggja fyrir opnu hafi; en hefði skipið verið í ábyrgð, þá hefði ábyrgðargjaldið verið borgað, hvort sem skipið hefði farizt inni á höfninni eða fyrir utan hana, þar sem það lá. Hvað því viðvíkur, að það sje svo frjálslegt, að gefa allt laust, þá er það rjett innan þeirra takmarka, að búsettum kaupmönnum hjer á landi sje gefið leyfi til að sigla á allar víkur og voga, en það er ekki rjett, að gefa allt laust þannig, að útlendir menn, sem engin gjöld greiða hjer á landi, megi sigla inn á hverja vík og vog og þannig auka erfiðleika og kostnað með tollheimtu og sóttvarnir; ekki er það til að styðja innlenda verzlun, sem þingmaðurinn í öðrum málum lætur sjer svo annt um.

Einar Ásmundsson: Það er nú í þriðja sinni, að mál þetta hefur komið fyrir þingið, og hef jeg áður verið því mótmæltur, enda hlýt jeg að vera það enn. Jeg þykist og ekki vera með öllu ókunnugur, þar sem jeg, eins og þingmaður Suðurmúlasýslu, er Þingeyingur, og mundum við hvorugur vilja dríta í okkar eigið hreiður og vera máli þessu mótfallnir, ef við sæum nokkurt gagn að því, að það fengi framgang. Mjer þykir undarlegt, ef þingmanni Suðurmúlasýslu er ekki í þessu efni eins vel trúandi og 1. þingmanni Árnesinga, þó hann sje sýslumaður Þingeyinga og beri þá sjálfsagt fyrir brjósti, ekki einasta sem góður faðir heldur jafnvel sem góð móðir, en góðri móður er á stundum hætt við að láta of mikið eptir barni sínu, og svo er jeg hræddur um að hjer sje; jeg held sýslumaðurinn vilji að eins styðja málið, af því nokkrir sýslubúar hans hafa óskað þess, að Kópaskersvogur yrði tekinn í tölu löggiltra verzlunarstaða, án þess að gæta nógu vandlega að því, hvort þetta yrði hjeraðsmönnum eða landinu til gagns eða ógagns. Mjer virðist og þetta mál sótt meir af keppni en skynsemi eða nauðsyn, og mjer virðist ísjárvert að vera að löggilda hverja höfnina á fætur annari fyrir skip, sem koma beina leið frá útlöndum, og greiða þannig sem mest götu útlendra kaupmanna, þar sem innlendir kaupmenn eiga nú að fá leyfi til að verzla hvar sem þeir vilja eptir öðrum lögum, sem þingið hefur í smíðum. Verði utanríkisskipum leyft að sigla inn á hverja

löggilta höfn, sem vera skal, er jeg hræddur um, að með læknaskipun þeirri, er vjer nú höfum, mundu sóttvarnir verða næsta ónógar, svo vjer gætum átt á hættu, að útlendar drepsóttir flyttust inn í landið. Þetta og margt fleira, sem opt hefur verið tekið fram, og sem jeg þarf því ekki að endurtaka, kemur mjer til að setja mig móti þessari löggildingu, sem hjer ræðir um. Jeg álít, að fullkomlega nægi, að innlendir kaupmenn megi senda skip á Kópaskersvog af öðrum innlendum höfnum og verzla þar, og að einhver sveitakaupmaður taki sjer þar bólfestu, ef hann vill.

Þórarinn Böðvarsson: Þó jeg hafi heyrt, að efri deildin hafi í dag afhöfðað eitt mál fyrir neðri deildinni, vil jeg eigi gjalda illt með illu, heldur gjöra henni það til ánægju, að vera máli þessu meðmæltur. Jeg verð líka að játa, að það er í fyrsta sinni, sem jeg hef heyrt hinn heiðraða þingmann Suðurmúlasýslu tala ekki sem frjálslegast. Að vísu hef jeg ekki ferðast um Þingeyjarsýslu, en sökum kringumstæða er jeg þar þó kunnugur, og held, að óhætt sje að fullyrða, að þörf sje þar á kaupstað. 1. þingmaður Eyfirðinga talaði um góða móður, en jeg veit ekki, hvort hann vill verða faðir hlutaðeiganda eða ganga þeim í forsjónar stað, jeg vil í þessu máli lofa þeirri góðu móður (framsögumanni) og börnum hennar, þeim sem beiðzt hafa, að fá vilja sinn í þessu.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virðist þingmaður Suðurmúlasýslu og 1. þingmaður Eyfirðinga hafa gefið svo ljósar ástæður, sem krafizt verður, og 1. þingmaður Árnesinga hafi ekki hrakið þær með einu orði. Menn vilja þó víst ekki sleppa beizlinu fram af öllu, eða hvað geta menn heimtað frjálslegra en það, að leyfa innlendum kaupmönnum að sigla hvert þeir vilja, upp á hverja vík og vog? Að vera að löggilda misjafnar hafnir, er að eins til að gjöra ábyrgðina dýrari og að fjölga þessum smákaupstöðum, að eins til að auka óþarfakaup, og gjöra allt margfalt dýrara. Þeir sem eru að berja þetta fram, ættu heldur eitt skipti fyrir öll að löggilda allar strendur Íslands sem eitt einasta kauptún. Þá sparaðist þó að minnsta kosti tími þingsins, og fje landsins, því þá þyrfti ekki að vera að ræða um slík mál hjer á hverju þingi. Jeg vil því fella mál þetta sem fyrst.

Forseti bar þá mál þetta undir atkvæði og var frumvarpið samþykkt og vísað til 3. umræðu með 11 atkvæðum gegn 10, að við höfðu nafnakalli um hvorttveggja, sitt í hvoru lagi, eptir ósk 6 þingmanna, þeirra:

Benedikts Sveinssonar,
Stefáns Stephensens,
Friðriks Stefánssonar,
Gríms Thomsens,
Páls Pálssonar, bónda og
Þorsteins Jónssonar,

og sögðu

Já:

Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

Þriðja umræða í neðri deild, á 35. fundi, 9. ágúst.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vona, að þingmenn hafi ekki gleymt þeim ástæðum, sem færðar voru á báðar hliðar við 2. umræðu frumvarps þessa, þó langt sje liðið síðan, og að þeir ekki haldi, að það sje af hlutdrægni, að jeg hef mælt móti þessari löggildingu, því að það er einungis af því, að mjer finnst þingið ekki eigi að leika sjer að því valdi, sem það hefur, til að búa til lög og löggilda kauptún, heldur að eins nota það, þar sem það getur orðið hlutaðeigendum til gagns. Að öðru leyti vil jeg ekki andæfa meira í þessu máli; þó Kópasker verði löggilt, mun reynslan sanna, að jeg hef haft rjett að mæla, að þar verður aldrei byggt, eða föst verzlun þar byrjuð.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil fúslega viðurkenna, að þessi orð 1. þingmanns Suðurmúlasýslu sjeu nægileg til þess, að afsaka hann og hans persónulega augnamið með baráttu hans gegn löggildingu Kópaskers, en þau eru jöfnum höndum alsendis ónóg til að breyta þeirri skoðun hjá deildinni, sem hún við 2. umræðu sýndi að hún hafði á þessu máli, og sem hún hefur áður sýnt að hún hefði á samkynja velferðar- og frelsismálum.

Þá var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna, þeirra

Benedikts Sveinssonar,
Páls Pálssonar,
Friðriks Stefánssonar,
Hjálms Pjeturssonar,
Þórðar Þórðarsonar,
Þorsteins Jónssonar,

og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll Pálsson, bóndi,
Tryggvi Gunnarsson.

Hinir voru gengnir af fundi.

Kvað forseti málið síðan mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXVII. VIÐAUKI VIÐ SÓTTVARNARLÖG.

1. Frumvarp til laga um ráðstafanir gegn pestkynjuðum sjúkdómum, ásamt bráðabirgðalögum 4. apríl 1879 um sama efni. Stjórnarfrumvarp, lagt fram í efri deild á 2. fundi, 2. júlí. Sjá I 127—128.

Fyrsta umræða í efri deild á 4. fundi, 5. júlí.

Eiríkur Kúld sagði, að með því að mál þetta væri eigi vel kunnugt, legði hann það til, að nefnd væri kosin í málinu og umræðunni frestað, og stakk upp á 3 manna nefnd.

Var samþykkt að setja 3 manna nefnd í málið, og urðu fyrir kosningu:

Jón Jónsson með 7 atkvæðum,
Ásgeir Einarsson — 6 —
Jón Hjaltalín — 5 —

2. Frumvarp til laga um bann gegn aðflutningum vegna þess, að pestkynjaður sjúkdómur er uppi, ásamt bráðabirgðalögum 21. febrúar 1879 um sama efni. Stjórnarfrumvarp, lagt fram í efri deild á 2. fundi, 2. júlí. Sjá I 128—129.

Fyrsta umræða í efri deild á 4. fundi, 5. júlí.

Eiríkur Kúld lagði það til, að umræðunni um þetta mál væri frestað, og því vísað til þeirrar nefndar, er sett var í málið um ráðstafanir gegn útbreiðslu pestkynjaðra sjúkdóma, þar eð þau væru samkynja.

Var það samþykkt í einu hljóði.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild á 14. fundi, 17. júlí.

Nefndarálit I 130—132.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*) kvaðst eigi ætla að hafa langan formála, en að eins biðja þingdeildarmenn að líta á ástæður þær, er nefndin hefði haft fyrir sjer, og bera þær saman við lög 17. desbr. 1875. Nefndin hefði álitið, að það væri vilji deildarinnar, að bæði stjórnarfrumvörpin væru sameinuð í eina heild. Að öðru leyti kvaðst hann vilja bíða eptir því, að þingmenn tækju fram misfellur þær, er vera kynnu á málinu.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja benda framsögumanni á það, að sjer þætti mjög vafasamt, hvort álit nefndarinnar gæti komið til umræðu á þessum fundi, því að það væri nýtt frumvarp og allt annað en það, sem stæði á dagskránni, en það mætti sýnast kynlegt, ef við framhald 1. umræðu væri talað um allt annað, en það, er nefndinni hefði verið fengið í hendur í byrjun fyrstu umræðu. Það eina, sem nefndin minntist á hlutverk sitt, væri það, að hún segðist hafa «komið sjer saman um að takmarka störf sín». Sjer þætti því undarlegra, að nefndarmenn hefðu eigi tekið eptir þessu, þar sem tveir þeirra væru meðal hinna elztu þingmanna, og þingmaður Húnvetninga einkum svo fastur í öllum formum, og sá þriðji lögfræðingur. Hann vildi skjóta því til forseta, hvort mögulegt væri, að taka þetta nefndarálit til umræðu á þessum fundi.

Benedikt Kristjánsson kvaðst eigi vera fastur í formum, en sjer sýndist svo, sem það hafi ekki verið fjarstætt rjettu af nefndarinnar hálfu, að sameina bæði frumvörpin í eitt, en hún gæti hafa ætlað sjer að bera upp sjerstaka uppástungu um, að samþykkja bráðabirgðalögin að eins sem bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, ef það væri nauðsynlegt að samþykkja þau, með því að þau væru bráðabirgðalög. Þar sem nefndin hefði úr þessum tveimur frumvörpum gjört eitt frumvarp til viðauka við lög þau, sem áður væru til um sama efni, þá sýndist sjer eigi neitt vera móti þeirri aðferð, heldur væri hún hagfelldari.

Framsögumaður kvað þingmann Barðstrendinga að vísu vera gamlan þingmann og reyndan embættismann, en samt hlyti það að vera að eins af fljótfærni hans, að hann gæti eigi fundið sambandið milli nefndarfrumvarpsins og frumvarpa stjórnarinnar; hann vonaði, að ef hann vildi með athygli lesa fjórar fyrstu línur frumvarpsins, mundu allar hans vafasemdir uppleysast í reyk. Þá er nefndin var að íhuga frumvarpið, hefði hún haft sjer það hugfast, að vera sem stuttorðust, og vissi hann eigi betur, en að það væri regla góðra þingmanna, að vera stuttorðir í því, er þeir rituðu, en skýra heldur munnlega, ef eitthvað væri óljóst. Í ástæðum sínum hefði nefndin samt fært rök fyrir þessari aðferð sinni, og ef menn vildu lesa þær og frumvörpin og bera það saman, mundi engum geta blandazt hugur um «Identitet» frumvarpanna. Viðvíkjandi formi því, er þingmaður Barðstrendinga vildi hafa á nefndarálitinu, vildi hann geta þess, að hann hefði hvergi sjeð í lögum nje þingsköpum neitt kveðið á um form

nefndarálita, og væri engin önnur regla þar um en að taka skyldi ljóslega fram álit nefndarinnar um málið, og það vonaði hann að gjört hefði verið í þessu nefndaráliti. Þar eð þingmaður Barðstrendinga hefði að eins talað um formið, ljeti hann sjer nægja, að svara honum þessu. Þingmanni Þingeyinga vildi hann segja það, að nefndin hefði verið samhuga í því, að ónauðsynlegt væri að staðfesta bráðabirgðarlögin, og með því að nefndin hefði gjört orðabreytingar við þau, gæti hún eigi lagt það til, að þau væru samþykkt óbreytt. Í 11. gr. stjórnarskrárinnar væri tiltekið, að bráðabirðalög mættu eigi koma í bága við stjórnarskrána, og skyldi leggja þau jafnan fyrir næsta alþingi, en eigi til þess, að láta samþykkja þau, því að þau þurfa eigi neinnar staðfestingar með og standa óhögguð, þangað til þingið beinlínis fellir þau, eða önnur lög um sama efni koma út frá alþingi, þá falla þau af sjálfum sjer. Ef þess vegna frumvarp nefndarinnar yrði samþykkt, væru bráðabirgðarlögin fallin úr gildi, jafnskjótt sem hin nýju lög væru birt í stjórnartíðindunum. Vegna þessa hefði nefndinni litizt óþarfi að gjöra nokkra ákvörðun um þau, hvorki til að nema þau úr gildi, nje til að samþykkja þau,

Jón Hjaltalín kvað marga vita, að þingmaður Barðstrendinga væri maður «kritiskur», en með því að hann væri hræddur um, að hann væri einn af þeim, sem eigi hefðu jafnan mikla aðgætni í dómum sínum, þá ætlaði hann eigi að taka sjer nærri útásetningar hans við nefndarfrumvarpið. Sjer hefði að vísu þótt óbrotnast að fallast á frumvörpin óbreytt, en meðnefndarmenn sínir hefðu heldur viljað stytta þau, og þá hefði hann eigi viljað vera á móti því; hann væri hvorki kritiskur nje lagamaður, og vildi helzt eigi vera lagasnápur, því að það væri því líkast, að vera skottulæknir. Það væri alveg rjett, sem framsögumaður hefði tekið fram um bráðabirgðalögin, að nefndin hefði eigi getað tekið neinar ákvarðanir um þau inn í frumvarp sitt; að öðru leyti væru mótbárur þingmanns Barðstrendinga svo ljettvægar, að synd væri að sitja inni yfir þeim í svona góðu veðri.

Sighvatur Árnason kvað nefndina að sínu áliti hafa leyst starf sitt vel af hendi; í frumvarpi hennar sæi maður á einum stað og í betra búningi það, sem væri í báðum frumvörpum stjórnarinnar. Greinaskipun væri öðruvísi, 1. gr. í frumvarpi um bann gegn aðflutningum væri t. d. 3. gr. nefndarfrumvarpsins, en yfir höfuð að tala væri þó efni beggja frumvarpanna tæmt, og sumt betur útlistað í nefndarfrumvarpinu; hann felldi sig því betur við það, og sæi ekkert í móti að vinda málinu þannig við, og mundi hann gefa því atkvæði sitt.

Eirikur Kúld kvaðst vera framsögumanni samdóma í því, að nefndin hefði játað, að sjer hefði verið fengið þetta mál í hendur. framsögumaður hefði sagt, að hann væri gamall þingmaður; það væri satt, en þó væri þetta í fyrsta sinni, sem hann heyrði nefndarálit rætt við 1. umræðu. Þar sem hann og tveir aðrir þingmenn hefðu sagt, að frumvarp nefndarinnar stæði í sambandi við hin tvö frumvörpin, þá vildi hann spyrja að því, hvað ætti að bera undir atkvæði, hvort ætti að ganga til atkvæða um, hvort vísa skyldi til 2. umræðu frumvörpum stjórnarinnar eða áliti nefndarinnar; hann vildi biðja menn að athuga það, að það væri annað en nefndinni var fengið í hendur; hún hefði búið til nýtt frumvarp úr hinum báðum, án þess að nefna með einu orði, hvort hún vildi láta samþykkja frumvörp stjórnarinnar, en það væri einmitt hlutverk nefnda, að sýna fram á, hverja stefnu þær teldu rjettast að taka í því máli, er þeim væri fengið; þetta hefði nefndin alls eigi gjört, heldur búið til nýtt frumvarp, og ætlazt til, að ræða það nú, en benti ekkert á, hvað gjöra eigi við frum-

vörpin. Hann gæti eigi gefið þessari aðferð sitt atkvæði.

Framsögumaður sagði, að þar sem þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að þetta væri í fyrsta sinn, sem hann hefði heyrt nefndarálit rætt við fyrstu umræðu, þá vildi hann spyrja: hverjum er þetta að kenna? hver byrjaði umræður þessar? enginn annar en þingmaður Barðstrendinga, hann einn ætti því að hafa ábyrgðina af umræðum þessum. Það gleddi sig annars, að vafasemdir hans sýndust að mestu þrotnar, svo að hann væri nú að eins orðinn hræddur um forsetann, að hann mundi komast í vandræði með að bera þetta undir atkvæði við 2. umræðu; það óttaðist hann eigi, því að sjer sýndist liggja í augum uppi, að hvorttveggja, stjórnarfrumvörpin og nefndarálitið gengju til 2. umræðu, og þar ljeti forseti fyrst greiða atkvæði um nefndarfrumvarpið, eins og önnur breytingaratkvæði, og ef það væri fellt, þá um stjórnarfrumvörpin, en ef það væri samþykkt, væru þau sjálf-fallin.

Landshöfðingi kvað það vera rjettast, að bera stjórnarfrumvörpin undir atkvæði eins og þau stæðu á dagskránni, hvort þau skyldu ganga til 2. umræðu. Hvað snerti athugasemdir þingmanns Barðstrendinga við nefndarálitið, þá vildi hann að vísu játa, að það væri nýmæli, að sameina tvö frumvörp í eitt, en ef deildin fjellist á það, sæi hann eigi neitt verulegt móti því, því að nefndin hefði tekið allt efnið úr þeim og sameinað í sínu frumvarpi. Það hefði verið tekið fram, að nefndin hefði enga ákvörðun tekið um bráðabirgðarlögin, sjer þætti áliti hennar að vísu ábótavant í þessu, en þó mundi hægt vera að bæta úr því við 2. eða 3. umræðu, því að, ef frumvörp stjórnarinnar yrðu samþykkt þá óbreytt, væri ástæðulaust, að taka fram um bráðabirgðalögin, hvort þau skyldu vera í gildi, með því að þau væru alveg samhljóða, en ef frumvörpum stjórnarinnar yrði breytt, mætti skjóta inn í — »frá þeim degi eru bráðabirgðarlög um sama efni úr gildi numin». Að öðru leyti væri hann eigi mótfallinn nefndarálitinu, en vildi að eins óska, að þessi bending yrði höfð í hyggju.

Framsögumaður kvaðst vilja benda þingmanni Barðstrendinga á, að landshöfðingi vildi vísa stjórnarfrumvörpunum til 2. umræðu, og hefði eigi neitt að athuga við meðferð nefndarinnar á málinu. Hann væri þó eigi samdóma landshöfðingja í því, að nauðsyn bæri til að skjóta inn ákvörðun um að nema úr gildi bráðabirgðarlögin, því að það væri mjög títt, að lög, sem væru samþykkt bæði af konungi og þingi, væru numin úr gildi með yngri lögum óbeinlínis og án þess að nokkur ákvörðun væri gjörð um það; en því síður væri nauðsyn á beinlínis ákvörðun til þess að nema úr gildi bráðabirgðarlög, sem eru útgefin af konungi einum. Stjórnin hefði sýnt, að hún væri á þessari sömu skoðun, með því ekki að taka inn í frumvörp sín ákvörðun um, að bráðabirgðarlögin ættu að falla úr gildi.

Ásgeir Einarsson kvað sjer að vísu sýnast svo, sem ráðgjafinn hefði, ef honum hefði þótt þess þurfa, hlotið að geta um þessa ákvörðun í 4. gr., þar sem stæði: lög þessi öðlast gildi, er þau hafa verið birt í stjórnartíðindunum, og sjer sýndist bráðabirgðalögin hljóta að falla úr gildi jafnskjótt sem hin kæmu út, en hann vildi þó alls eigi setja sig móti því, að ákvörðun sú, er landshöfðingi vildi láta skjóta inn í frumvarpið, yrði tekin inn í það, ef mönnum þætti það viðfelldnara. Gamanyrði þingmanns Barðstrendinga nennti hann eigi að elta, með því að hann hefði eigi skilið þau vel, og vonaði hann, að þingmaðurinn vorkenndi sjer það, því að sjer væri grunur á, að hann hefði eigi skilið þau sjálfur.

Forseti sagðist vera í vafa um at-

kvæðagreiðsluna; hjer lægju 2 frumvörp fyrir, en í nefndarálitinu væri ekkert tillit tekið til þeirra; nefndin hefði ekki tekið neina ákvörðun, sem tengdi saman binar ýmsu greinir frumvarpanna; hann sæi því, að hjer væri að eins um tvennt að gjöra, annaðhvort að bera stjórnarfrumvörpin undir atkvæði, eða nefndarálitið, og óskaði hann álits framsögumannsins í þessu efni.

Framsögumaður sagði, að forseti hefði víst eigi tekið eptir því í ástæðunum, að þar væri tekið fram, hvers vegna fyrirsögninni væri breytt. Hann vissi eigi betur, en það væri algengur siður að breyta fyrirsögnum, hvort sem frumvarpið kæmi frá stjórninni eða þingmönnum. Fyrirsögnin væri hjer í nefndarálitinu $^1/_2$ lína í staðinn fyrir 4 línur í stjórnarfrumvarpinu.

Magnús Stephensen sagði, að samkvæmt dagskránni lægju hjer fyrir 2 frumvörp, sem yrði að hera upp til atkvæða, og yrði að sínu áliti eigi öðru við komið en að hrinda þeim báðum frá 2. umræðu, ef menn vildu samþykkja frumvarp nefndarinnar. Hann vildi því ráða þingmönnum, sem vildu aðhyllast frumvarp nefndarinnar, að hrinda þeim báðum frá 2. umræðu, en taka nefndarfrumvarpið til 1. umræðu á morgun, eða sem fyrst auðið væri. Hann sagði, að lík tilfelli hefðu komið fyrir áður fyrri hjer á alþingi, og hefði sú aðferð verið viðhöfð; í slíkum vandræðum væru eigi önnur úrræði. Það væri mjög mikill vandi að semja atkvæðaskrá, þar sem öllu þessu væri komið saman í eitt.

Framsögumaður kvaðst að vísu ekki geta verið þeim vandamálum, sem komið hefðu fyrir hjer í deildinni fyr meir svo kunnugur sem hinn 5. konungkjörni þingmaður; en hvað atkvæðagreiðsluna snerti, þá sýndist sjer hún næsta auðveld; færi svo, að breytingaruppástungur þær, sem nefndarfrumvarpið innihjeldi, fjellu, fyndi hann skyldu sína til að halda lífinu í stjórnarfrumvarpinu, þangað til hin einstöku atriði þess yrðu rædd, svo að þingmenn væru eigi sviptir tækifæri til þess að kynna sjer málið betur; hann legði það því til, að því væri vísað til annarar umræðu. Deildin og forseti hefðu verið með því, að vísa báðum stjórnarfrumvörpunum til nefndarinnar, og taka svo bæði fyrir í einu. Hann vildi og geta þess, að formaður nefndarinnar hefði áður talað um það við landshöfðingja, hvort nokkuð væri á móti því, að sameina bæði þessi frumvörp í eitt, og hefði hann þá látið sömu skoðun í ljósi sem nú.

Stefán Eiríksson kvaðst vera í nokkrum vafa um, hvernig greiða ætti atkvæði í máli þessu; hann væri enginn lagamaður, en samt sem áður gæti hann ekki fallizt á skoðun hins 5. konungkjörna þingmanns; hann fyrir sitt leyti áliti, að bæði stjórnarfrumvörpunum og sömuleiðis nefndarálitinu ætti nú að vísa til 2. umræðu, og ganga þá við 2. umræðu samkvæmt þingsköpunum til atkvæða um þau, og væru stjórnarfrumvörpin þá sjálffallin, ef nefndarálitið yrði samþykkt.

Ásgeir Einarsson kvaðst ekki vera á móti því formi, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði látið í ljósi, það væri mjög þægilegt og hægt; um stjórnarfrumvörpin þyrfti eigi að ræða, ef nefndarfrumvarpið væri rætt. Þá mætti koma fram með nýjar breytingar, og jafnvel taka eitthvað úr stjórnarfrumvörpunum sjálfum, ef menn vildu. Hann hefði því alls ekkert á móti tillögu hins 5. konungkjörna þingmanns, og væri eigi svo stífur, að hann eigi vildi taka skynsamlegum bendingum.

Framsögumaður gat þess, að sjer þætti mikið undir forminu komið. Hann kvaðst ganga út frá því vísu, að þingmenn hefðu enn eigi haft tíma til að geta borið saman til hlítar nefndarálitið við frumvörpin; hann vildi þess vegna ekki svipta þá hinu bezta tækifæri, og legði það því til, að bæði stjórnarfrumvörpin og nefndarálitið yrði látið ganga til 2. umræðu. Hann vildi enn

fremur taka það fram, að sjer þætti athugasemd þingmanns Barðstrendinga með öllu óþörf.

Benedikt Kristjánsson sagði, að málið hefði orðið ljósara fyrir sjer við umræðurnar; hann myndi eptir því frá fyrri þingum, að breytingaratkvæðum hefði verið hrundið fyrir þá sök, að þau hefðu farið lengra en svo, að þau gæti álitizt breytingaruppástungur, og yrðu að álítast eins og nýtt frumvarp; en hvað þessar breytingar snerti, sýndist sjer þær reyndar eigi breyta svo miklu að efninu til, og sjer sýndist að hinu leytinu mjög hentugt, að sameina svo náskyld frumvörp sem þessi í eitt. En hann væri hinum 5. konungkjörna þingmanni samdóma um það, að ómögulegt væri að bera breytingaruppástungurnar upp í sameiningu við stjórnarfrumvörpin, og vildi hann því skora á þingmann Skagfirðinga að falla frá þeirri skoðun sinni; hann vildi fella stjórnarfrumvörpin frá 2. umræðu; það væri að vísu óþægilegt, en engan veginn gjört í þeim tilgangi að óvirða þau, heldur mundi það sá eini greiði vegur fyrir framgang máls þessa; að láta stjórnarfrumvörpin ganga til 2. umræðu væri eigi til annars en tefja tímann. Ef menn vildu fallast á breytingaruppástungur nefndarinnar, þá væri eigi um annað að gjöra en fella stjórnarfrumvörpin og bera þær síðan upp í nýju frumvarpi. Fyrir sitt leyti kvaðst hann fús að fylgja nefndarálitinu, ef svo yrði að farið.

Landshöfðingi sagðist ekki geta sjeð, að atkvæðaskráin væri neitt vandasöm; sjer sýndist sá vegur greiðastur fyrir stjórnarfrumvörpin, að vísa þeim til 2. umræðu; ef nefndarálitið væri þá samþykkt, væru stjórnarfrumvörpin bæði sjálffallin. Hvað það snerti, að frumvarp nefndarinnar hefði ekki komið til 1. umræðu, þá væri 1. umræða um það í dag. Þegar nú stjórnarfrumvörpunum yrði vísað til 2. umræðu, sæi hann ekkert frá formlegri hlið, sem gæti verið því til hindrunar, að nefndarfrumvarpinu yrði vísað samhliða þeim til 2. umræðu. Hann gat þess, að þegar formaður nefndarinnar hefði lauslega talað um sameining þessa við sig, hefði hann einungis sagt honum, að það mundi vera á valdi nefndarinnar.

Framsögumaður kvaðst vilja benda hinum 5. konungkjörna þingmanni á eitt, sem hann og fylgismenn hans gætu komið til leiðar með því að fella stjórnarfrumvörpin frá 2. umræðu, sem væri það, að menn yrðu sóttvarnarlausir þangað til nefndarálitið fengi löggilding, því undir eins og þingdeildin hefði fellt stjórnarfrumvörpin, væru bráðabirgðarlögin liðin undir lok. Sjer fyndist því ábyrgðarhluti að hrinda stjórnarfrumvörpunum, en nauðsynlegt að bráðabirgðarlögin stæðu óhögguð þangað til önnur lög kæmu í þeirra stað.

Magnús Stephensen sagðist neita því, að bráðabirgðarlögin væru fallin úr gildi, þó stjórnarfrumvörpunum væri hrundið; það sem landshöfðingi hefði sagt, að með því að samþykkja 1. grein nefndarfrumvarpsins, þá væri fallin 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, þá yrði hann að segja, að hann sæi ekkert samband milli þeirra. Hvað það snerti, að semja atkvæðaskrá við 2. umræðu, þá sýndist sjer það næsta erfitt.

Framsögumaður kvaðst vona, að þá er hinn 5. konungkjörni þingmaður læsi ástæður nefndarinnar, og bæri þær saman við lög 1875, mundi þessi mótbára falla. Um bráðabirgðarlögin vildi hann segja, að meira en álit hins háttvirta konungkjörna þingmanns hefðu lög og heilbrigð skynsemi að þýða, og samkvæmt þeim væri það ljóst, að þingdeildin felldi bráðabirgðalögin um leið og hún felldi frumvörp stjórnarinnar, er væru alveg eins hljóðandi.

Landshöfðingi kvað það annaðhvort hafa verið misskilning frá hálfu hins 5. konungkjörna þingmanns eða mismæli frá sinni hálfu um 1. grein nefndarfrumvarpsins og

stjórnarfrumvarpsins. Sín skoðun hefði verið sú, að er hin 1. grein og aðrar greinir nefndarfrumvarpsins væru samþykktar, væru einnig hinar samkynja greinir stjórnarfrumvarpanna felldar.

Forseti gat þess, að það væri einn erfiðleikinn á atkvæðagreiðslunni, að nefndin hefði tekið það inn í frumvarp sitt, er hvergi stæði á dagskránni; hann kvaðst því vilja bera það undir atkvæði, hvort frumvörpin, sem stæðu á dagskránni ásamt með bráðabirgðarlögunum, skuli ganga til 2. umræðu.

Landshöfðinginn lagði það til, að stjórnarfrumvörpunum væri vísað til 2. umræðu, og að það væri borið undir atkvæði, að vísa nefndarálitinu aptur til nefndarinnar, til þess að hún búi til atkvæðaskrá, og kvað það eigi vera móti þingsköpum.

Framsögumaður kvaðst fús á að taka það ómak af skrifurunum, jafnvel þó hann vildi eigi játa að hinn 5. konungkjörni þingmaður væri eigi þeim hæfilegleikum búinn, að hann gæti leyst jafn einfalt starf af hendi, og bað hann þingmenn greiða atkvæði sín með því, að nefndin fengi að semja atkvæðaskrána.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort vísa skyldi stjórnarfrumvörpunum til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði. Því næst ljet forseti ganga til atkvæða um það, hvort nefndarálitinu skyldi vísa til nefndarinnar, og henni falið á hendur að semja atkvæðaskrá, og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

Á 15. fundi efri deildar, 18. júlí, las forseti upp uppástungu 6 þingmanna, (Jóns Hjaltalíns, Sighvats Árnasonar, Ásgeirs Einarssonar, Jóns Jónssonar, Stefáns Eiríkssonar og Benedikts Kristjánssonar) um það, að frumvörp til laga: 1. um bann gegn pestkynjuðum sjúkdómum ásamt bráðabirgðarlögum um sama efni 21. febrúar f. á. og 2. um bann gegn aðflutningum vegna þess, að pestkynjaður sjúkdómur er uppi, verði eptirleiðis rædd í sameiningu og tekin á dagskrá á morgun, og gat hann þess, að á síðasta fundi hefði það verið viðtekið með samhljóða atkvæðum, að nefndin tæki aptur við frumvarpi sínu og lagaði það svo, að það yrði sett á atkvæðaskrá, en þessi atkvæðaskrá væri enn eigi komin. Eptir sínu áliti væri það móti þingsköpunum, að draga saman í eitt tvö stjórnarfrumvörp, og gæti hann því eigi orðið við áskorun þessari, en ef þeir vildu, gætu þeir neytt rjettar þess, er þeim væri heimilaður í 43. gr. þingskapanna.

Jón Jónsson kvað 34. gr. þingskapanna heimila deildinni sjálfri að ákveða dagskrá sína; nú hefðu 6 deildarmenn komið fram með uppástungu til dagskrár, og vildi hann spyrja forseta, hvort lög stæðu til að neita þeim um, að bera það undir atkvæði deildarinnar, til þess að sjá, hvort hún vill sjálf ákveða dagskrá sína. Í 43. gr. væri talað um afbrigði frá þingsköpum, en þau væru afsökuð, ef deildin fjellist á uppástunguna, því landshöfðingi væri búinn að segja, að hann hefði ekkert á móti þessari aðferð á málinu.

Forseti kvað deildina að vísu hafa vald til, að ákveða sjálf dagskrá, en þó eigi til að breyta móti þingsköpum, en, eptir sínu áliti, væri þetta móti þeim, og vildi hann enga ábyrgð takast á hendur í því efni, þar sem það væri skylda sín sem forseta að bægja á burt öllu því, er móti þeim stríddi, en hann hefði bent þeim á þann veg, er þeir gætu farið, án þess að koma í bága við þau. Hann fyndi sjálfur eigi ástæðu til að skjóta þessu til landshöfðingja.

Jón Jónsson kvað mest komið undir ákvörðun þingdeildarinnar sjálfrar.

Forseti bauð að hætta umræðum, og bar undir atkvæði deildarmanna, hvort þeim litist eigi svo, og var það samþykkt með 8 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 16. fundi, 19. júlí

Breytingaruppástungur sjá I 146, sbr. nefndarálit I 130—132.

Atkvæðaskrá I 145—146.

Forseti kvaðst vilja leita atkvæða deildarinnar um það, hvort ekki mætti ræða málin í sameiningu, eins og 6 þingmenn, Jón Hjaltalín, Sighvatur Árnason, Stefán Eiríksson, Ásgeir Einarsson, Jón Jónsson og Benedikt Kristjánsson, hefðu farið fram á í gær.

Magnús Stephensen sagði, að það væri afbrigði frá þingsköpum, að ræða þannig tvö sjálfstæð frumvörp í einu.

Landshöfðinginn kvaðst vilja geta þess, að bæði þessi frumvörp, sem á dagskránni stæðu, væru í svo nánu sambandi innbyrðis, að deildin hefði vísað þeim til hinnar sömu nefndar, og hefði hún stungið upp á að greiða atkvæði um þau í sameiningu, og fyndist sjer ekkert geta verið á móti þessu í þingsköpunum; ef þetta fengi framgang, kæmu þau bæði til umræðu í dag, og yrði að ganga til atkvæða um það, samkvæmt 13. gr. þingskapanna. Að vísu væri það venja, að ræða frumvörpin hvort í sínu lagi, en hitt sýndist sjer þó ekki geta verið nein afbrigði frá þingsköpunum, en það væri komið undir úrskurði forseta.

Forseti kvaðst þegar hafa bent á þann veg eptir 43. gr., er greiðastur væri í þessu efni, ef landshöfðinginn leyfði hann, og hann væri samþykktur af þingmönnum. Það þyrfti eigi að snerta efnið, þótt þau væru felld saman, en slíkt væri mjög ísjárvert við öll frumvörp, en þó hættulegast við stjórnarfrumvörp, þar þau yrðu ekki aptur kölluð sem frumvörp einstakra manna, og kvaðst hann vilja leita atkvæða um það, hvort deildin leyfði, að vikið væri frá þingsköpum í þessu efni.

Við atkvæðagreiðsluna urðu 7 atkvæði með því, að frumvörpin væru rædd í einu lagi, en 4 á móti því, og var þessi uppástunga þannig fallin samkvæmt 43. gr. þingskapanna.

Framsögumaður (Jón Jónsson) kvaðst efa það, hvort þetta yrði skoðað sem afbrigði frá þingsköpunum, landshöfðinginn hefði sagt, að forseti skyldi skera úr því, hvað afbrigði væri og hvað afbrigði ekki, en það væri, vafasamt, og veittu þingsköpin hvergi forseta slíkt vald, þvert á móti virtist samkvæmt þeim landshöfðingi hafa verulegan þátt í að ákveða, hvort eitthvað væri móti þingsköpum. Sjer virtist nú að landshöfðinginn hefði talið það vafalaust, að það væri eigi brot gegn þingsköpunum, en forseti hefði engan lagastað borið fyrir gagnstæðu áliti sínu; sjer sýndist því vafasamt, hvort $^3/_4$ partar atkvæða gætu komið til greina.

Forseti skýrði frá því, að landshöfðingi hefði borið það undir forseta, hvort hann vildi leyfa þessa breyting samkvæmt 43. gr., og vildi hann benda nefndinni á það, að hún með skriflegri uppástungu fjögra þingmanna hefði getað beiðzt þessa; hann hefði eigi vald til að breyta dagskránni, en ef nefndin endilega óskaði, að frumvörpin væru rædd í einu lagi, hefði mátt bera það undir atkvæði, en um það væri engin uppástunga komin frá nefndinni; sjer sýndist rjettast að ræða þau eins og þau lægju fyrir. Nefndin hefði fallizt á, að þau væru rædd í tvennu lagi, með atkvæðaskrá sinni, sem þó væri ólík öllum, sem hann hefði sjeð.

Framsögumaður kom fram með þá tillögu, að uppástunga hinna 6 þingmanna um breyting á dagskránni yrði borin undir atkvæði; forseti hefði í gær tjáð sig fúsan á að bera upp þessa uppástungu, ef landshöfðingi hefði eigi á móti henni, en það hefði verið ljóst af því, sem landshöfðingi sagði við fyrstu umræðu, að hann væri því eigi mótfallinn, að bæði frumvörpin væru rædd í sameiningu Hann kvaðst því skora á forseta, að bera það undir atkvæði, hvort eigi skyldi breyta dagskránni, svo að bæði frumvörpin skyldu tekin fyrir í einu lagi.

Varaforseti kvað forseta vera búinn að gefa þann úrskurð í málefni þessu, að frumvörpin skyldu eigi rædd verða í sameiningu, og deildin hefði með atkvæðagreiðslu neitað að gjöra þessi afbrigði frá

þingsköpunum. Málið væri því formlega útkljáð.

Framsögumaður sagði, að forseti hefði eigi látið ganga til atkvæða um það, hvort breyta skyldi dagskránni, heldur um það, hvort leyfa skyldi þetta afbrigði gegn þingsköpunum, og mætti skilja atkvæðagreiðslu deildarinnar um það svo, að hún væri ekki forseta samdóma um, að hjer væri slíkt afbrigði, og væri það juridice ómögulegt, að leyfa það afbrigði, sem ekki væri til. Nú væri að eins spurning um breyting á dagskránni, og skoraði hann aptur á forseta, að bera hana upp samkvæmt 34. grein þingskapanna, sem forseti tjáði sig í gær fúsan á að gjöra, og hefði hann aptur í dag sagt, að hann vildi bera þetta upp.

Landshöfðingi kvaðst áður hafa látið þá skoðun í ljósi, að sjer virtist þetta eigi afbrigði, en samt sem áður hafa tekið það fram, að það væri á valdi forseta, að ákveða nákvæmar um það. Þar eð nú þetta væri afgjört samkvæmt 43. gr. þingskapanna, þá legði hann það til, að stjórnarfrumvörpin væru tekin til umræðu með hliðsjón af nefndarfrumvarpinu.

Framsögumaður kvaðst enn þá vilja skírskota til orða forseta í gær, og þess, sem hann aptur hafði sagt í dag, og kvaðst vona, að forseti breytti eigi því loforði sínu, að bera upp uppástunguna um breyting á dagskránni.

Forseti kvaðst eigi vita, í hvaða skyni nefndin hefði komið með atkvæðaskrá öðru en því, að frumvörpin væru rædd sitt í hvoru lagi; aðra meining sæi hann eigi í því.

Framsögumaður sagði, að atkvæðaskráin væri eigi sitt verk einungis, heldur nefndarinnar; hún væri því eigi til fyrirstöðu, að frumvörpin væru rædd í sameiningu. Nefndin hefði sett fram greinir nefndarálitsins á undan stjórnarfrumvarpsgreinum þeim, er þær væru breytingaruppástungur við, þetta væri algild regla; hann játaði, að frumvörpin mætti ræða hvort út af fyrir sig, en það væri flóknara, en hin aðferðin auðveldari. Hann gleddist yfir því, að landshöfðinginn, sem hefði að minnsta kosti eins mikla æfing í löggjafarþinga störfum, sem forsetinn, hefði ekkert við uppástungur nefndarinnar um meðferð á þessu máli að athuga, þó forseti þættist aldrei hafa sjeð neitt því líkt.

Eiríkur Kúld sagði, að það hefði verið afgjört, að ræða eigi nema stjórnarfrumvarpið, og vildi hann benda þingmanni Skagfirðinga á, að hann gjörði ekki annað en tefja tímann og lengja þingræður með þessum sínum ræðum um það málefni, sem áður væri útkljáð við atkvæðagreiðslu þingmanna.

Forseti sagðist álíta þetta afbrigði gegn 43. gr. þingskapanna, og bar það undir landshöfðingja, og eptir að hann hafði samþykkt að svo væri, ljet hann ganga til atkvæða, og voru 4 atkvæði móti því, en 7 með því, að það, sem uppástungan færi fram á, væri afbrigði gegn þingsköpunum.

Því næst skýrði forseti frá því, að hann tæki fyr til umræðu frumvarp til laga um ráðstafanir gegn pestkynjuðum sjúkdómum, þó það stæði síðar á dagskránni.

Framsögumaður kvað það vera hina mestu breyting, er nefndin hefði gjört á þessu frumvarpi, að fella í burtu 3. grein, og væri sú ástæða fyrir því, að hún sýndist ónauðsynleg, þegar hún væri borin saman við lög um mótvarnir gegn bólusótt 17. desemb. 1875. Stjórnin hefði þá haft þá skoðun og sýndist enn hafa hana, að tilskipun um sóttvarnir frá 8. febr. 1805 hefði hjer lagagildi, en það sýndist nefndinni mjög óliklegt, eins og líka væri tekið fram í álitinu. Breytingarnar við 4. gr. og sömuleiðis 3. gr. í lögunum frá 21. febr. 1879 mundu menn eigi verða í neinum vafa um, en aptur mundi það mjög vafasamt, hvort deildin vildi fallast á breytingarnar við 1. og 2. gr. Nefndinni hefði þótt lögulegra, að hafa 2. gr. á undan, með því að hún væri almennara eðlis heldur en 1. gr., og því vildi hún hafa hana á eptir; þyrfti hann eigi að færa fyrir því aðra ástæðu en þá, að það væri algild regla í allri löggjöf, að hafa þá grein fyr,

er væri almennara eðlis. Í 1. gr. nefndarfrumvarpsins hefði nefndin gjört þá breyting á 2. gr. stjórnarfrumvarpsins, að sleppa ákvörðuninni um auglýsing ráðgjafa eða landshöfðingja, því allt þar að lútandi væri tekið fram í lögunum frá 1875, og því væri óþarft að taka það upp aptur. Á 1. grein stjórnarfrumvarpsins hefði nefndin að eins gjört litla breyting í 2. gr. frumvarpsins, hún setti að eins í staðinn fyrir »stjórnarráð« »ráðgjafi« og «landshöfðingi»; með orðinu stjórnarráð væri að líkindum átt við ráðgjafann og ritara hans í sameiningu, og mundi orðið vera útlegging á «ministerium», en nefndin væri hrædd um, að íslenzkir bændur kynnu að misskilja það, og taka það fyrir nafnbót, eins og kansellíráð og jústitsráð o. s. frv., og með því nú að nefndinni sýndist þetta óheppilegur misskilningur, hefði hún álitið rjettara að við hafa orð það, sem væri heimilað með stjórnarskránni. Hann hefði líka áður leyft sjer að taka fram hversu óheppilegt væri, að hafa mörg nöfn um hinn sama embættismann, sjer í lagi þegar hann væri svo hátt standandi sem ráðgjafi hans hátignar konungsins; en væri orðið «stjórnarráð» skilið um ráðgjafann eingöngu, þá yrðu nöfn hans 6 (að meðtöldum útlendu nöfnunum «minister» og «secretary«). Við 5. gr. hefði verið fundið að því, að þar væri eigi neitt ákvarðað um bráðabirgðarlögin, og hefði hann því komið fram með það breytingaratkvæði, að beinlínis væri ákveðið, hve nær bráðabirgðarlögin ættu að falla úr gildi, og vonaði hann, að deildin sæi á þessu, að hann vildi hliðra til í því, að gjöra ákvörðun um þetta efni, til þess að taka af allan vafa um það, að bráðabirgðarlögin væru í gildi þangað til hin nýju kæmu út. Í 4. grein væri gjörð breyting við niðurlag 2. greinar stjórnarfrumvarpsins, þar sem fangelsishegning væri lögð við broti gegn lögum þessum, án tillits til, hvort að því yrði skaði eða eigi; þetta hefði nefndinni þótt hættuleg nýmæli, sjer í lagi, þegar að því væri gætt, að hjer væri eigi að eins spurning um brot af ásettu ráði, en einnig um óviljaverk og fljótfærni, þekkingarleysi o. s. frv., og væri það alstaðar álitið, að saknæmi slíkra brota væri mest komið undir því, hvort nokkur skaði hlytist af þeim. Litist því nefndinni heldur að fara í þessu tilliti eptir hegningarlögunum, því að það óviljabrot gæti vel fyrir komið, að fangelsisrefsing væri allt of hörð; sama væri að segja um það, er stjórnarfrumvarpið til tæki 50 króna sekt minnst, að það þætti nefndinni helzt til há sekt, og óþarfi að tiltaka annað en hæsta stig sektar þeirrar, er spurning gæti orðið um, en að öðru leyti gefa dómendunum frjálsar hendur í þessu tilliti.

Landshöfðinginn kvað sjer þykja breytingaruppástungur nefndarinnar eigi mikilsverðar; sumar þeirra væru formlegs eðlis, en sumar að eins orðabreytingar, þó að hann væri eigi framsögumanni samdóma um það, að tilskipun 18. febr. 1805 hefði eigi gildi hjer á landi, væri hann því eigi mótfallinn, að 3. gr. fjelli burt, ef 4. gr. nefndarfrumvarpsins yrði samþykkt. Sama væri að segja um hegningarákvörðunina í 2. gr., ef 4. grein nefndarinnar yrði samþykkt. Þar sem nefndin hefði bætt inn í 1. gr. «landshöfðingjanum», þá ætlaði hann að sleppa málfræðisrannsóknum framsögumanns, því að þær teldi hann eigi svaraverðar; en hann vildi benda á, að það væri þýðingarlítið að veita landshöfðingja þetta vald, með því að ráðgjafinn mundi jafnan fyr fá vitneskju um, að pestkynjaður sjúkdómur væri uppi, heldur en landshöfðinginn; en af því að sama regla væri gefin í lögunum frá 1875, þá vildi hann eigi hafa móti, að þessu væri bætt inn í. Hann hefði eigi heldur móti breytingu þeirri við 2. gr., að þessar ákvarðanir skyldu ná til allra skipa, án þess að binda það við auglýsing frá ráðgjafa eða landshöfðingja. Á móti 5. gr. hefði hann eigi, ef inn í hana væri bætt þeim orðum, sem framsögumaður, samkvæmt bendingu sinni, hefði lagt til að bætt væri við hana. Þar sem mönnum hefði þótt spurning um, hvort bráðabirgðarlögin væru úr gildi numin, ef felld væru frumvörp stjórnarinnar, þá væru engin rök

fyrir því; þá væri sjálfsagt í deildarinnar valdi, að fella stjórnarfrumvarp það, er hjer ræddi um, en með þessari atkvæðagreiðslu væru sannarlega ekki bráðabirgðarlögin felld úr gildi, til þess útheimtist beinlínis ákvörðun löggjafarvaldsins.

Framsögumaður sagðist eigi vera neinn málfræðingur, eða ætla að kenna mönnum málfræði, en þó vildi hann enn taka fram eina málfræðislega athugasemd til skýringar nefndarálitinu; nefndin hefði sleppt orðunum «fyrir Ísland» á eptir «ráðgjafanum», því að það lægi í augum uppi, eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður einu sinni áður hefði tekið fram, að hjer gæti eigi verið talað um annan ráðgjafa, en Íslands. Viðvíkjandi bráðabirgðarlögunum vildi hann enn taka það fram, að þau gætu fallið úr gildi, þó að ný lög gjörðu það eigi beinlínis.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða og gat þess, að hann treystist eigi til að fara eptir þeirri atkvæðaskrá, er nefndin hefði samið, heldur yrði hann sjálfur að haga atkvæðagreiðslunni svo, sem honum fyndist rjettast.

Framsögumaður kvaðst álíta forseta skylt að fylgja atkvæðaskrá þeirri, er samin hefði verið af nefndinni eptir ákvörðun deildarinnar. Var því eigi sinnt, og fjell atkvæðagreiðslan þannig.

1. 2. gr. nefndarfrumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum.
2. 1. gr. stjórnarfrumvarpsins þar með fallin.
3. 1. gr. nefndarfrumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum.
4. 2. gr. stjórnarfrumvarpsins þar með fallin.
5. 3. gr. stjórnarfrumvarpsins felld með 6 atkvæðum móti 4.
6. Viðaukauppástunga Jóns Jónssonar við 5. gr. nefndarfrumvarpsins. Með því að atkvæðagreiðsla þótti óglögg, var við haft nafnakall og sögðu

Já:
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Pjetursson;

og var uppástungan þannig felld með 6 atatkvæðum gegn 5.

7. 4. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem er samhljóða 5. gr. nefndarfrumvarpsins, var samþykkt sem 5. gr. með 7 atkvæðum.
8. Fyrirsögn nefndarinnar samþykkt með 7 atkvæðum.
9. Fyrirsögn stjórnarfrumvarpsins þar með fallin.
10. Að frumvarpið þannig orðað gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 6 atkvæðum.

Þá kom til umræðu frumvarp til laga um bann gegn aðflutningum vegna þess, að pestkynjaður sjúkdómur er uppi.

Framsögumaður kvað deildina nú hafa samþykkt allar greinir nefndarfrumvarpsins, nema 3. og 4. grein, og vísað því þannig til 3. umræðu, og þætti sjer því vafamál, hvort nú gæti komið til tals, að vísa þessu frumvarpi enn einu sinni til 3. umræðu; vildi hann nú spyrja hinn 5. konungkjörna þingmann, sem svo opt hefði gefið bendingar viðvíkjandi lögum og þingsköpum, hvort hann með allri sinni reynslu í þingmennsku hefði nokkurn tíma vitað, að hinu sama frumvarpi væri tvisvar vísað til 3. umræðu (*Magnús Stephensen*: Aldrei). Hann vildi nú samt með sinni litlu reynslu og þekkingu skjóta því til deildarinnar, hvort nokkuð gæti verið í þingsköpunum eða í öðrum lögum því til fyrirstöðu, að þessu frumvarpi yrði vísað aptur til 3. umræðu, og virtist það nauðsynleg afleiðing af því, hvernig forseti og skrifarar deildarinnar hefðu komið fram í þessu máli, að þetta yrði gjört. Hann legði það til, að breyt-

ingaruppástungur nefndarinnar við frumvarp það, er forseti nú lagði fram, yrðu ræddar og síðan greidd atkvæði um þær. Með því orðið «stjórnarráð» kæmi aptur fyrir í þessu frumvarpi, vildi hann gagnvart hinum hæstvirta landshöfðingja leyfa sjer að taka fram, að lögin þyrfti að semja svo, að þegnar skildu þau, en það dygði ekki að ætla íslenzkum bændum, að vera inn í skrifstofuhugmyndum þeim, sem hefðu komið því til leiðar, að menn í Danmörku nefndu optar «ministerium» en «minister». Íslendingum mundi þykja eðlilegast, að nefna við hverja stjórnarráðstöfun stjórnarherra þann, sem rjeði henni og hefði ábyrgð á henni, hvort sem það væri ráðgjafi, landshöfðingi eða aðrir háttstandandi embættismenn. Þetta væri einnig siður á Englandi.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða sem í næsta máli á undan, og fjellu atkvæðin þannig:

1. 3. grein nefndarfrumvarpsins; sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason.

Var greinin þannig felld með 6 atkvæðum gegn 5.

2. 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, hjer var og við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson.

Nei:
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Jón Jónsson greiddi eigi atkvæði, og skoraði forseti á hann samkvæmt 35. gr. þingskapanna, að gefa ástæður fyrir neitun sinni; og sagði hann, að hann gæti eigi forsvarað, að greiða atkvæði í móti grein þessari, meðan hann vissi eigi, hvort nefndarálitið yrði tekið til greina; aptur á móti þættu sjer líkur til, eptir því, sem atkvæði hefðu áður fallið, að nefndarálitið yrði samþykkt, og vildi hann því vera fyrir utan atkvæðagreiðsluna.

Forseti bar þá undir deildina, hvort hún tæki þessar ástæður gildar, og var sökum óljósrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall og sögðu

Já:
Magnús Stephensen,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín.

Nei:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Voru ástæður þingmannsins þannig dæmdar ógildar með 7 atkvæðum mót 3, og atkvæði Jóns Jónssonar því talið með meiri hlutanum, og 1. gr. stjórnarfrumvarpsins þannig felld með 7 atkvæðum gegn 4.

3. 4. gr. nefndarfrumvarpsins; varð að við hafa nafnakall, og sögðu

Já:
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason.

Var greinin þannig felld með 7 atkvæðum gegn 4.

4. 2. gr. stjórnarfrumvarpsins, varð enn að við hafa nafnakall, og sögðu

Já:
Bergur Torberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason.

Jón Jónsson gaf eigi atkvæði af sömu ástæðum og áður, og var greinin þannig felld með 5 atkvæðum gegn 5.

5. 3. gr. stjórnarfrumvarpsins; hjer varð enn að viðhafa nafnakall, og kváðu allir nei við henni, nema Jón Jónsson, sem eigi greiddi atkvæði, og var greinin þannig felld með öllum atkvæðum.

6. Fyrirsögn frumvarpsins og frumvarpið í heild sinni var þannig fallið.

Þriðja umræða í efri deild á 18. fundi, 22. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 179.

Breytingartillögur I 156—157.

Framsögumaður kvaðst vilja mæla með þeim viðaukauppástungum, er komnar væru fram við þetta mál, þá væri nefndarálitið komið óskaddað í gegnum þann eld, er ýmsir þingmenn hefðu kveykt, óvíst af hverjum hvötum, og mundu þær með tímanum fá sinn dóm. Hann vildi að eins taka fram eitt atriði út af hinum fyrri umræðum um þetta mál, af því að það gæti haft mikla þýðing, ef rangar kenningar kæmu fram á þinginu; það væri spurningin um gildi bráðabirgðarlaganna. Hann hefði nú í höndum álit tveggja lögfræðinga, er taldir væru með hinum merkustu á Norðurlöndum, og segði annar þeirra, að bráðabirgðarlög væru fallin úr gildi, ef eitt þing liði svo, eptir að þau kæmu út, að eigi væri minnzt á þau, þá væru þau úr gildi; en hinn mótmælir þessu að vísu, en segir þó, að þau sjeu eflaust fallin úr gildi, ef þingið fellir lagafrumvarp um sama efni.

Landshöfðinginn kvaðst eigi vilja taka það upp aptur, er hann hefði sagt viðvíkjandi bráðabirgðarlögunum við 2. umræðu, og vildi láta sjer nægja að skírskota til þess; sjer væri fullkunnugt, að danskir lögfræðingar hefðu eigi komið sjer saman um þetta efni. Með viðaukauppástungunum vildi hann mæla sem bezt, því að þær bættu úr þeim vandræðum, er annars hefðu leitt af atkvæðagreiðslu deildarinnar við 2. umræðu. Hann kvaðst vilja, að skipt væri við atkvæðgreiðsluna viðaukauppástungu við 5. gr. frumvarpsins, því að hann vildi ráða deildinni frá að greiða atkvæði með fyrri hluta hennar, sem sje orðunum: «deildinni B», þar sem það væri lögboðið, að öll lagaboð ætti að birta í deildinni A.

Benedikt Kristjánsson kvaðst sem einn af uppástungumönnum vera fús á að taka hana aptur, svo að eigi kæmi til þess.

Framsögumaður kvaðst þá taka upp þá breytingaruppástungu, og mæla í móti, að skipt væri atkvæðagreiðslunni.

Forseti bar undir deildina, hvort skipta skyldi atkvæðagreiðslunni, og var það samþykkt með 10 atkvæðum. Bar hann þá upp viðaukauppástungur 3 þingmanna við þetta frumvarp til atkvæðagreiðslu, og fjell hún þannig:

3. grein samþykkt í einu hljóði.
4. — —— - — —
Viðauki við 5. gr. frumvarpsins,
a, orðin »deildinni B« felld með 7 atkvæðum gegn 1.

b, samþykkt með 7 atkvæðum.

Síðan var frumvarpið allt með þessum viðauka samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til neðri deildarinnar.

Fyrsta umræða í neðri deild á 20. fundi, 24. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 201.

Tryggvi Gunnarsson: Mál þetta hefur átt örðugt uppdráttar í efri deildinni, og fengið þar talsverða breyting frá hinum upprunalegu frumvörpum; jeg held því, að betra væri að athuga málið betur, og sting því upp á, að í það sje sett 3 manna nefnd; það þarf ekki að tefja mikið fyrir.

Varaforseti (Grímur Thomsen) rjeði frá því, að setja nefnd í málið, þó frumvarpið væri gott og hefði þá rjettarbót inni að halda, að landshöfðingja væri eins og ráðherra Íslands falið, að gjöra ráðstafanir þegar bráðan bæri að, til að koma í veg fyrir, að næmar sóttir breiddust út í landinu. Kæmi skip frá öðrum löndum en Danmörku, sem hætta væri af búin, væri langt að þurfa fyrst að leita til ráðherrans í Danmörku.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er samdóma 1. þingmanni Suðurmúlasýslu, að nefnd verði sett í málið, og þarf það ekki að tefja mikið fyrir þinginu.

Benedikt Sveinsson: Jeg held það væri nauðsyn á nefnd, þó ekki væri til annars en lagfæra málið á frumvarpinu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð og að vera á því, að engin nauðsyn sje á því, að setja nefnd í þessu máli.

Þá var atkvæða leitað, og var málinu vísað til 2. umræðu með 20 atkvæðum, og uppástunga um að setja nefnd í málið felld með 13 atkvæðum gegn 4.

Önnur umræða í neðri deild á 38. fundi, 12. ágúst.

Um þetta mál urðu engar umræður, og var frumvarpsins

1. 1. gr. samþykkt með 18 atkvæðum.
2. 2. — — — 17 —
3. 3. — — — 17 —
4. 4. — — — 17 —
5. 5. — — — 16 —
6. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreislu.
7. Málinu skotið til 3. umræðu með 19 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild á 42. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt með 18 atkvæðum og síðan afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXVIII. SKIPUN PRESTAKALLA.

Frumvarp til laga um skipun prestakalla og kirkna. Stjórnarfrumvarp, lagt fram í neðri deildinni. Sjá I 1—18.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 3. fundi 3. júlí.

Var umræðulaust samþykkt með 20 atkv. að fresta umræðunni, og án atkvæðagreiðslu að setja í málið 7 manna nefnd. Nefndarkosning hlutu:

Páll Pálsson, prestur, með	20	atkv.
Þórarinn Böðvarsson —	19	—
Hjálmur Pjetursson —	19	—
Þorlákur Guðmundsson —	16	—
Friðrik Stefánsson —	16	—
Arnljótur Ólafsson —	12	—

Þá höfðu þeir H. Kr. Friðriksson og Stefán Stephensen jöfn atkvæði, 10 hvor, og rjeð hlutkesti því, að í nefndinni varð H. Kr. Friðriksson.

Framhald 1. umræðu í neðri deild, á 24. fundi, 29. júlí.

Nefndarálit: I 216—219.

Guðmundur Einarsson: Þegar jeg lít á þetta nefndarálit og virði það fyrir mjer, þá finnst mjer það furðanlegt, hvað nefndinni hefur tekizt að vera eindregin og samhuga

í uppástungum sínum, og enn meiri furðu þykir mjer það sæta, ef það reynist, að hún sje eins eindregin í anda, eins og hún er það á pappírnum. Í mörgum aðalatriðum get jeg verið nefndinni samdóma, þó vil jeg geta þess, að mjer finnst hún hafa farið ýmist of stutt eða of langt í tillögum sínum. Hún hefur farið of stutt í því, sem viðvíkur tekjum prestanna, og verið of spör á fjenu. Ef prestastjettin er skoðuð sem nauðsynleg fyrir landið, og þegar litið er á það, að mikinn undirbúning þarf til þess að verða prestur, þá á sá, sem tekur að sjer þetta embætti, ekki að fá minni laun en meðal-iðnaðarmaður. Iðnaðarmaðurinn hefur í laun að meðaltali 3 kr. á dag, og verða það um 1100 kr. um árið, og minni laun ætti presturinn ekki að hafa. Nefndin hefur fylgt allt öðrum mælikvarða, og látið tekjur hjer um 40—50 brauða verða fyrir neðan 1000 kr., en allan helming brauða fyrir neðan 1200 kr. Þetta álít jeg of mikinn sparnað. Jeg verð að álíta landssjóðnum skylt að launa prestum sómasamlega, því að landslýðurinn missir mikils í, ef prestastjettin getur ekki neytt sín í stöðu sinni sökum efnaskorts, eða ef í hana veljast sökum launaleysis þeir, sem ekki eiga annars úrkosti. Nefndin hefur aptur farið of langt í því, að sameina brauðin, og stungið upp á að sameina þau brauð, sem ekki er skynsamlegt að sameina. Það er áríðandi að fara varlega í sameiningar, því að óskynsamleg sameining er niðurdrep kirkjulegs lífs. Brauðin mega ekki vera of víðlend. Þau brauð eru of víðlend, þegar vegalengdin er svo mikil, að hún þreytir prestinn um of. Jeg fyrir mitt leyti vil miklu heldur þjóna brauði, þar sem eru 800 manns, en sem er víðáttulítið, en því brauði, þar sem að eins eru 400 manns, en sem er víðáttumikið; því að ferðalögin taka svo mikinn tíma með sjer. Jeg kalla það prestakall of víðáttumikið, þar sem hinn lati og hirðulausi prestur — því og svo munu slíkir prestar vera til — hefur afbötun fyrir víðáttu sakir brauðs síns, til þess ekki að gegna köllun sinni, eins og vera ber. Jeg kalla það brauð of víðáttumikið, þar sem prestinum, sökum víðlendis prestakallsins, getur ekki verið nægilega kunnugt um hagi sóknarfólks síns, bæði hina ytri og innri, og haft eptirlit með þeim, því að jeg álít það nauðsynlegt fyrir prestinn að þekkja vel sóknarfólk sitt. Jeg kalla það brauð of víðáttumikið, sem hefur litlar tekjur, en presturinn sökum embættisanna ekki hefur tíma til að stunda bú sitt. Þetta hefði nefndin átt að taka til greina. Jeg vil að svo stöddu ekki tala um einstakar sameiningar, því að til þess verður tími við 2. umræðu; jeg vil að eins sem dæmi upp á óheppilega sameining nefna sameining Garpsdals við Stað, Múla á Skálmarnesi við Gufudal. Það hefur verið sagt móti launahækkun presta, að þeir geti búið, og lifað eins og bændur af búum sínum, en þetta er hægra að segja en gjöra; búskapurinn er nú líka orðinn furðu kostnaðarsamur, og ekki eru nema sumir prestar lagnir á að búa, og af hverju eiga þá hinir að framfærast, þar sem launin eru mjög lítil?

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það er máske rjettast, að jeg, áður en lengra fer, þegar gjöri grein fyrir skoðun nefndarinnar. Hún mætti talsverðum erfiðleikum bæði hið innra með sjálfri sjer og svo að utan, og er þess getið í nefndarálitinu. Einn af þeim erfiðleikum, sem mættu nefndinni, var sá, að engin skýrsla var fáanleg um það, hve mikið tekjur presta hafa minnkað við hina nýju skatta, sem á þá hafa verið lagðir. Hjer er eigi tími nje staður til að tala um skatta þessa eða missi gjaldfrelsisins; prestar hafa til þessa borið þessar nýju álögur og missi sinna fornu rjettinda, já! borið með þolinmæði að gjalda tvöfaldan skatt til landssjóðs, t. d. tíund af prestssetrum og lausafje sínu, og svo skatt af tekjum sínum, sem víða eru að miklu leyti fólgnar í arði prestsetursins og renna inn í búið, sem tíund er goldin af. Þetta er — segi jeg — ekki til neins að tala um nú, að öðru leyti en því, að vænta má, að allir hinir háttvirtu þingmenn sjeu svo sann-

gjarnir, að þeir gæti þessa, þegar um tekjur stjettar þessarar er að ræða, gæti þess, að þó stjett þessari nú væri lagt úr landssjóði, þá er það eigi nema rjettvíst, eigi nema skylt, þar sem prestar nú leggja eigi lítið fje í landssjóð, sem þeir aldrei hafa gjört fyr. Þá eru ný tíundarlög nýlega orðin að lögum, og enn ósýnt, hvaða áhrif þau hafa á tekjur presta, sem víða eru mjög komnar undir upphæð tíundarinnar. Þar sem hin nýju tíundarlög fella úr tíund sjöunda hvert hundrað, má ætla, að einnig það rýri tekjur prestastjettarinnar.

Á þeirri breytingu, sem vænta mátti að frumvarp til laga um breyting á aukatekjum presta mundi gjöra til bóta kjörum presta, hefur nú hin háttvirta efri deild gjört snöggvan enda, með því að fella frumvarpið, eins og það kom frá neðri deildinni. Er því að ætla, að brauðin verði rýrari, en þau áður voru.

Þeir erfiðleikar, að tekjum af sóknum var eigi lýst fyrir hverja sókn út af fyrir sig, heldur eptir prestaköllum, uxu mörgum nefndarmönnum í augum, en erfiðleikar þessir voru þó í sjálfum sjer eigi svo voðalegir. Alstaðar mátti komast að því, svona hjer um bil, hvað sóknartekjurnar væru, og mun það hvergi skakka mjög miklu frá því, sem nefndin hefur ætlað. En þó það hækkaði töluvert, þá er hitt ljóst, að hversu nákvæmlega sem tekjur prestastjettarinnar væru reiknaðar í ár, þá væru þær stórum breyttar að ári, þar tekjur prestanna fara svo mjög eptir búnaði, ekki einungis eptir búnaði sjálfra þeirra, heldur og sóknarmanna, en búnaðurinn fer aptur eptir árferðinu. Það er dýrtíðaruppbótin, sem prestarnir til þessa hafa haft, að missa meira eða minna af tekjum sínum, já! missa stórfje þegar ári hallar. Að hinu leytinu virðist mjer það hafa sárlitla þýðing, að fá vissa upphæð á tekjum brauðanna. Það hefur þýðing að eins fyrir þá, sem vilja sækja um brauðin, en í engu öðru tilliti, þar sem árgjaldið skal nú af nema og skattur til landssjóðs er goldinn eptir því sem tekjurnar hafa greiðzt árið á undan, og eins og jeg hef sagt, eru tekjur prestastjettarinnar mjög á reiki. Hitt geta allir hinir háttvirtu þingmenn haft sjer til huggunar, að tekjur hinna rýrari brauða verða hvergi, fyrir óvissu þessa, — ofmiklar. Eins og segir í nefndarálitinu, varð meiri hluti nefndarinnar á því, að leggja eigi að svo stöddu prestaköllunum fje úr landssjóði. Jeg segi ekki, að þetta hafi verið með allra samþykki, og ekki, að jeg hafi verið því meðmæltur.

Um hinar einstöku upphæðir greiðir hver þingmaður atkvæði sitt eptir beztu samvizku sinni og sannfæringu, og jeg líka, því hef jeg lýst yfir í nefndinni, þó ekki hafi jeg skrifað ágreiningsálit. Það, sem nefndin öll vill láta landssjóðinn láta af hendi að svo stöddu, er það, að hann kaupi jörðina «Hvítanes» handa Ögurþinga prestakalli, og gefi Mývatnsþingum upp þá skuld, sem prestakall það er í við hann. Því vil jeg og lýsa yfir, að nefndin ætlast til, að landssjóðurinn greiði það tillag til hinna minni brauða, sem á að greiðast frá hinum betri brauðum, þangað til það getur orðið greitt frá þeim, sem ekki getur orðið fyr en við næstu prestaskipti. Nemur upphæð þessi um 11,700 kr., og fer eðlilega smámsaman minnkandi, t. d. þegar þær 800 kr. eru reiknaðar með, sem nefndin hefur ætlazt til að kómi frá Odda og Breiðabólstað, ef þau brauð verða þeim sameinuð, sem ráðgjört er, og svo 300 kr. frá Reynistað, að minnsta kosti ef hlutaðeigandi prestar eru því samþykkir.

Hvað hin einstöku hjeruð snertir, þá skal jeg geta þess, að eptir nefndarfrumvarpinu eiga þessi hjeruð að láta fje af hendi til annara: Norðurmúlaprófastsdæmi 600 kr., Suðurmúla 600 kr., Rangárvalla 600, Mýra 400, Dala 100 kr. En þau, er nú skulu greind, fá tekjur úr öðrum: Austurskaptafellsprófastsdæmi 700kr., Vesturskaptafellsprófastsdæmi 600 kr., Árness 500 kr.; hin bera sig að mestu sjálf.

Þá breyting hefur nefndin gjört við frumvarpið, að gjald það, sem greiða skal frá einu brauði til annars, verði eigi greitt

í landssjóð, heldur til prestakalla þeirra, sem það er ætlað; þótti nefndinni breyting þessi nauðsynleg vegna peninga-eklu í landinu, þar sem gjaldið yrði að greiðast í peningum, ef það væri greitt í landssjóð, og þótti rjettast að fela landshöfðingja með ráði biskups að kveða á um það, hvert tillagið skyldi ganga. En rjettast þótti vegna peningaleysisins, að það væri sem mest greitt með afgjöldum fasteigna, og einnig það, er úr landssjóði væri greitt.

Við brauðaskipunina hefur nefndin gjört nokkrar breytingar, sumpart þar sem henni þótti frumvarpið fara of langt í sameiningum, og sumpart þar sem henni þótti mega sameina brauð, sem eigi hafði verið stungið upp á að sameina, en í því tilliti hafði nefndin fyrir sjer tillögur hjeraðsbúa.

Hinum háttvirta þingmanni Dalamanna þótti nefndin hafa farið of langt í sameininguna, en of skammt í því, að bæta hin smærri brauð. Hvað sameininguna snertir, þá verður hann að játa, að nefndin fer skemmra en frumvarpið, en hvað hitt snertir, þá getur það enn staðið til bóta, og er honum eins og hverjum öðrum heimilt að greiða atkvæði með hverri upphæð, sem hann vill, og mun j e g manna síðastur til að verða honum ósamþykkur, þó hann vilji taka hinar hærri tölurnar, þegar um uppbót á hinum smærri prestaköllum er að ræða. Hitt höfum við báðir okkur til huggunar, að láti landssjóður lítið sem ekkert af hendi, þá verður kirkjan ekki fyrir þær sakir háð honum. Jeg vil að þessu sinni ekki tala margt þessu máli til meðmæla; jeg vona það mæli með sjer sjálft. Hans hátign konungurinn hefur af föðurlegri umhyggju fyrir velferð landsins lagt sjerstaklega áherzlu á þetta mál.

Á þinghekkjunum sitja annaðtveggja prestar, sem vita, hve ábyrgðarmikil prestsstaðan er, og hve nauðsynlegt er, að í hana kjósist hinir nýtustu menn. Að hinu leytinu eru bændur sannarlega þetta mál viðriðnir, því þeim eða alþýðu er það vissulega fyrir beztu, að prestar þeirra sjeu sem bezt launaðir, svo þeir geti átt von á nýtustu mönnunum, og þess ættu þeir að gæta, að enginn embættismaður í landinu stendur í jafn nánu sambandi við alþýðu, sem einmitt presturinn, því hann lifir súrt og sætt með söfnuði sínum og v e r ð u r það að gjöra, ef hann vill standa vel í stöðu sinni.

Þörf tímans krefur það, að mál þetta fái framgang sem fyrst, og prestar verði sem bezt launaðir. Jeg þykist viss um, að allir alþýðumenn eru svo skynsamir, að þeir sjá, að það er þeim sjálfum fyrir beztu, að prestar sjeu sem bezt launaðir og sem nýtastir embættismenn.

Tekjur presta hafa á sumum brauðum verið sár-litlar — ó h æ f i l e g a l i t l a r! Það er ekki tilhöguninni að þakka, þó bændur víða hvar hafi haldið lífinu í prestum sínum, með því að gjalda þeim meira en lögákveðið er, því þó þetta sje lofsvert og margir söfnuðir eigi þetta lof skilið, er það ekki lögunum að þakka. Það er hjer einmitt kærleiki og góðvilji, sem er að bæta úr s k o r t i l a g a n n a; en það er auðsjáanlegt, að rjettara væri, að lögin ákvæðu hverjum embættismanni föst, og vel að merkja, viðunanleg laun. Það er óheppilegt og að mínum skilningi rangt, að prestar í sumum söfnuðum hafi svo lítil laun, að þangað veljist jafnaðarlegast þeir prestar, sem eru óálitlegri. Þau fáu brauð, sem til þessa hafa mátt heita g ó ð, hafa sem optast verið setin af gömlum mönnum, og hefur afleiðingin af því orðið sú, að þau eru víðar lakar setin en hin minni. Að hinu leytinu held jeg, að prestar hafi sýnt það, að ef þeir, einkum á unga aldri, komast í bærilega stöðu, að þeir þá ekki hafa hrúkað tekjur sínar eingöngu sjer til munaðar eða gróða, heldur prestsetrunum og kirkjunum til viðreisnar — já til að efla ýmislegt gott og gagnlegt í söfnuðunum. Jeg held því, að allir alþýðumenn verði að játa, að með því að hlynna að p r e s t a s t j e t t i n n i, sje hlynnt um leið að alþýðunni, hlynnt að sæmd og velfarnan.

Halldór Kr. Friðriksson: Það vildi nú

svo óheppilega til, að jeg lenti í nefnd þessari. Forseti hafði þær óhappahendur, að jeg leyfi mjer að við hafa það orð, að hann bókstaflega «dró» mig í hana, en það verð jeg að segja, að þó jeg hafi skrifað undir nefndarálitið, er jeg því engan veginn samþykkur í öllum greinum, en hef kinokað mjer við, að fara að gjöra ágreinings- eða breytingaratkvæði. Því verður ekki neitað, að hjer eru miklir örðugleikar á, og jeg fyrir mitt leyti vildi óska, að prestum yrði launað sem mest og bezt. En jeg verð um leið að játa, að jeg álít ekki sum brauðin eins rýr eða óaðgengileg, og þau eru sögð. Sje bújörðin góð og brauðið hægt, verður það brauðið miklu betra en hitt, sem lítilfjörlega bújörð hefur eða, ef til vill, enga, og er örðugt, þótt það aldrei nema svo sje miklu hærra metið (*Grímur Thomsen*: ekki að krónutalinu!). Það getur satt verið, en það er drjúgt sem drýpur, og góð bújörð, ef vel er með hana farið og vel á henni haldið, er hin bezta borgun fyrir störf prestsins, og stundum ómetanleg borgun. Það er ekki svo að skilja, að jeg sje svo sár á landsins fje, að jeg ekki vilji leggja það fram, þar sem nauðsyn krefur.

Fyrir mínum augum er það mjög óvíst, hvort þing eða stjórn á nokkurn rjett á því, að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar. Eignir kirkna hjer á landi eru mestmegnis gjafir, en þessar gjafir hafa verið gefnar einmitt þessari kirkju, en ekki annari; jeg skoða þessar kirkjueignir sem eins konar legat, og ímynda jeg mjer, að það gæti valdið talsverðum örðugleikum að taka þær frá þeirri kirkju, sem þær voru í upphafi gefnar. En jeg skal nú reyndar ekki vera fastur á að framfylgja þessari skoðun minni. Jeg er heldur ekki með því, að gjöra öll brauð jöfn, en ef þingið, prestar og alþýða fellir sig betur við það, skal jeg ekki verða maður þar á milli; en ef þessi jöfnuður ætti á að komast, þá verð jeg að játa, að hann gæti orðið miklu meiri og betri en sá, er nefndin hefur stungið upp á. Sameiningu brauða, nema rjett á einstökum stöðum, er jeg og mótfallinn. Menn vita þó, að eins og nú er ástatt hjer á landi, hvílir menntun alþýðu mest og bezt á prestunum, ef þeir annars gæta í alla staði skyldna sinna; jeg segi menntun, og með því orði á jeg ekki einungis við, að kenna þeim «kverið» eða «kristindóminn», heldur allt það, sem heyrir til góðs siðferðis og kristilegra framfara og almennrar menntunar. Það segir sig nú sjálft, að því stærra ummáls sem prestakallið verður, því örðugra verður fyrir prestinn að hafa eptirlit með þessari fræðni, og þegar þetta virðist mjer næg ástæða móti sameiningu brauða, því þótt brauðin með þessu móti ef til vill yrði bætt, að því er tekjurnar snertir, þá fengjust ekki fyrir það fleiri nýtir prestar, heldur þvert á móti. Það að stækka brauðin yrði til skaða, því að annaðhvort yrði presturinn að þreytast, og það löngu fyrir tímann, eða hann yrði að vanrækja embætti sitt, og er mjög hætt við, að það yrði ofan á; því að þegar presturinn sæi, að hann gæti eigi gjört verk sinnar köllunar, svo vel væri, nema að leggja of mikið á sig, væri ekki ólíklegt, að hann tæki það ráðið, að gjöra sem minnst hann gæti sloppið með. Það er sjálfsagt, að ef brauð eru sameinuð, verða laun prestsins hærri að krónutalinu í tekjum; en gjöldin aukast einnig að því skapi. Og þegar nú prestur er orðinn gamall eða þreyttur af þjónustunni, og þarf að taka sjer aðstoðarprest einmitt vegna þess, að brauðið er orðið of stórt, ætli þá aðstoðarpresturinn fari ekki með ágóðann af samsteypunni, og ef til vill dálítið frekar? Auk þess að þessar samsteypur brauða ekki gjöra prestinum neitt verulegt gagn, virðist mjer þess þurfa að gæta, að þær gjöra söfnuðunum verulegt ógagn; því þær auka þeim örðugleika. Þingmaður Dalamanna tilnefndi 2 brauðasameiningar, sem væru með öllu óhæfar, og jeg held að fleiri mætti nefna, því úr því það er orðin 5—6 tíma reið á þrjá vegu um sóknina frá prestsetrinu, er víst ekki hægt að stunda embættið vel, enda veit jeg 3 presta, sem hafa kvartað undan þessu og viljað losast

sem fyrst (*Páll Pálsson prestur*; Það er ekki nema leti!) Nú, þingmaðurinn er ef til vill svo ólatur, að hann allt af er á ferðinni, en hvort hann gjörir meira gagn með því, er eptir að vita.

Jeg álit menn ættu að hugsa sig vel um að fækka ekki prestum um of. Undirbúningur þessa máls er ónógur; það er mikill munur á því, hvort prestakallið er margmennt eða fámennt; það er ekki nóg að vita um prestakallið í heild sinni, hvað það gefi af sjer, menn verða að vita, hvað hver sókn gefur af sjer, þegar skipta á prestakallinu milli tveggja annara. Í stuttu máli; jeg sje ekki, að með þessu fyrirkomulagi verði auknar tekjur presta, en það meir en vil jeg, og skal því leyfa mjer að hreyfa því, að eitthvert hið fyrsta stig til þess, er að ljetta af þeim prestaekkjum og uppgjafa-prestum, og þá tel jeg því næst, að gjöra þá færa um að útbúa svo ábýli sín, að þau verði hæfilegir bústaðir; því það mun sannast, að jarðarafgjöldin og þá ekki sízt jarðar-afnotin verða hin notadrjúgustu laun prestanna.

Páll Pálsson bóndi: Jeg hef nú heyrt 2. þingmann Gullbringusýslu og 2 aðra þingmenn tala skörulega í máli þessu, en þó þykist jeg ekki hjá þeim hafa fengið þær upplýsingar, er jeg einmitt helzt óskaði; þeir hafa ekkert frætt mig um það, á h v e r j u hinn stóri mismunur milli brauðanna sje byggður. Kostnaðurinn við það að læra er þó hjerum bil jafn, því þarf þá þessi mikli munur að vera á embættunum? Hann er að mjer virðist ekki til annars en koma ópreyju í prestana við það embætti, sem þeir fengu fyrst og undu vel; því það er eðlilegt, þó menn jafnan vilji sitja við þann eldinn, sem bezt brennur, og leiðir þetta það af sjer, að prestar fara opt að sækja um önnur svonefnd betri brauð, má ske bæði sjer og söfnuðunum til skaða. Þar sem lækna-launin eru jöfn, því máttu þá ekki prestalaunin vera það eins, eða því nær. Útkjálkabrauðin ættu að vera tekju hæst, til þess að vissa væri fyrir, að um þau yrði sótt, en þetta er öfugt hjá nefndinni; því þau eru mörg mjög lág, eptir hennar uppástungum, en aptur eru þau, sem eru í beztu sveitunum, hæst hjá nefndinni; þetta virðist mjer óhagkvæmt, ef ekki ranglátt. Hvað brauða-sameininguna snertir, virðist mjer hún ekki mjög ísjárverð, enda virðist ekki svæði það, sem prestar hafa yfir að fara, svo fjarska stórt, þegar það er borið saman við læknisumdæmin; því það mun láta nærri, að 10—12 prestar sjeu á sama svæði sem 1 læknir. Hvað kristindóms-uppfræðinguna snertir, held jeg að hún verði nú talsvert auðveldari, síðan hin nýju kver komu út, og jeg held, að prestar geti haft nægilegt eptirlit með uppfræðingu barna, þó þeir ekki gjöri það á hverjum degi, enda virðist það sjálfsagt, að hver sá embættismaður, er hefur nægileg laun, eigi líka að hafa nægilegt að gjöra. Yfir höfuð ætti að jafna brauðin betur en nefndin hefur gjört, og þá er líka nóg fje fyrir hendi, til þess að öll brauð væru aðgengileg, og þá fyrst þyrfti ekki að óttast fyrir prestaskorti eður því, að þau gengju ekki út, því þá þyrftu engin brauð að vera að mun fyrir neðan 1000 kr.

Árnljótur Ólafsson: Jeg þarf eigi að mæla með nefndarálitinu; jeg veit, að framsögumaður mun mæla því alla þá bót, er með þarf. Þó ætla jeg að gjöra nokkrar athugasemdir við ræðu þingmanns Dalamanna, og ef til vill síðar við ræðu 2. þingmanns Húnvetninga. Þingmaður Dalamanna fann það að nefndinni, að hún færi ýmist of langt eða of skammt. Þetta getur nú að vísu svo verið. Að líkindum fer hún of skammt í því, að jafna brauðin, en hitt get jeg eigi játað satt vera, að hún fari of stutt í því að launa prestunum. Jeg get eigi fallizt á skoðun þingmannsins viðvíkjandi launahæðum og embættishægð. Hann sagði, að launa ætti prestunum svo, sem þeir þ y r f t u með, og að embættin ættu eigi að vera svo erfið, að þau þ r e y t t u þá til muna. Ef vjer viljum hafa einhvern fastan mælikvarða, þá stoðar eigi, að koma með einstök brauð, og taka þannig einstök

dæmi, heldur verður að taka alla tekjuupphæð þá, er prestum er nú goldin, og deila þeirri upphæð með brauðatölu þeirri, sem stungið er upp á í frumvarpi stjórnarinnar, frumvarpi utanþingsnefndarinnar og nefndaráliti því, er nú liggur hjer frammi fyrir oss. Vjer finnum þá, að eptir frumvarpi hinnar konunglegu nefndar eru tekjur allra prestakalla á landinu til samans 184000 kr., en brauðin eru alls 140 að tölu; og þegar brauðafjöldanum er deilt í alla tekjuupphæðina, koma út rúmar 1300 krónur, sem eru þau laun, er hver prestur hefur að meðaltali hjer á landi, og ímynda jeg mjer, að þingmanni Dalamanna þyki prestarnir vel sæmdir með 1300 kr. launum. Það er sjálfsagt, að þessi laun komast eigi í samjöfnuð við laun lækna, sem hafa 1500 krónur í laun fyrir það að heita læknar, og þar að auki eru þeim borguð öll aukaverk. En menn segja: »prestunum eru lagðar bújarðir«. Það er satt, en það er og talið með tekjum þeirra. Læknunum er einnig lögð bújörð, svo þeir geta og fundið það, sem þingmaður Reykvíkinga tók fram um prestana, að það er »drjúgt sem drýpur«. En jeg ætla nú að snúa mjer frá þessu, og hverfa að öðru atriði, sem mjer virðist enn eigi hafa verið tekið fram. Mál þetta snertir eigi einungis tekjur prestanna, eigi einungis hvað prestarnir vilja hafa, heldur einnig hitt, hvað bændurnir eiga hægt með eða örðugt með að láta af hendi, hvað bændurnir eru fúsir eða ófúsir á að gjalda. Jeg skal nú reyndar ekkert tala um þennan fúsa eða ófúsa vilja; en hitt getur eigi dulizt mjer, sem og reynslan hefur kennt mjer, að prestamálið á einnig að dæmast frá bændanna hlið. Getum vjer sagt, að sóknarbændurnir sjeu því guðhræddari, sem kirkjur þær eru færri, sem presturinn þjónar? Ef að eins ein kirkja er í einu prestakalli, en þrjár kirkjur í öðru, mundu þá sóknarmenn í því prestakallinu, þar sem að eins ein kirkja er, vera þrefalt guðræknari, þrefalt siðsamari og þrisvar sinnum nær himnaríki en sóknarmennirnir í hinu prestakallinu, þar sem þrjár eru kirkjurnar? Um þetta þætti mjer gaman að fá skýrslu frá þingmanni Dalamanna. Geta menn og í annan stað sagt, að sóknarmennirnir sæki kirkjuna því betur, sem hún er nær þeim? eða er nokkur áreiðanlegur mælikvarði fyrir kirkjurækni? Eptir því sem jeg þekki til, er hvorttveggja þetta mest komið undir því, hvernig presturinn er, og hvernig prestar þeir, er á undan honun voru í brauðinu, hafa verið, svo og hvernig sóknarmenn eru gerðir sjálfir. Guðræknin hefur rót sína í siðferðislífi mannsins og í siðvenju safnaðalífsins. Sumir menn hjer á landi eru mjög kirkjuræknir, og sumir mjög ókirkjuræknir. Menn mega ekki kasta allri þessari reynslu og láta sjer hana óviðkomandi, og menn eiga engan veginn að tala svo um það, hve mikið presturinn þurfi í laun, svo að hann sje eigi svangur, og hve víðlent prestakallið eigi að vera, svo að presturinn geti komizt á kirkjurnar. Jeg kalla brauð eigi óhægt, ef optast má koma þar hesti við, þó nokkuð langt sje á kirkjurnar. Jeg get eigi vorkennt enda rosknum manni með bærilegri heilsu að sitja á hesti. Það þykir mjer of ónauðsynlegt, að minnsta kosti fyrir vasa þjóðarinnar, að borga prestum svo mikið úr landssjóði, að þeir geti verið á hverri þúfu í landinu. Þeir sem þekkja til, — og jeg hygg, að allir þingmenn þekki svo vel til, — vita, að kirkjur hafa ávallt farið fækkandi nú á seinni tímum; þær voru t. d. miklu fleiri í tíð Páls biskups í Skálholti. Ætli menn hafi verið sælli og siðprúðari og nær himnaríki þá á hinum katólsku tímunum en nú?

Um aðgjörðir nefndarinnar má margt segja, og einkum um það, að nefndin hefur gjört svo fáar breytingar. En nefndin var á eitt sátt um, að varlega væri gjörandi margar breytingar á frumvarpinu; því hún hugði, að eigi væri auðið að gjöra svo miklar breytingar, að brauðaskipunin væri eigi að síður með talsverðum göllum. Þess vegna áleit nefndin, að fara ætti sem allra-stytzt í breytingarnar, en ætlaðist til, að með tveim

öðrum frumvörpum, sem nú eru komin inn á þingið, yrði smmásaman greitt úr þeim göllum, sem á frumvarpi þessu eru, af þeim mönnum, sem bezt þekkja til og mest varðaði, að vel væri úr bætt, og bið jeg að þetta frumvarp sje skoðað, eigi eitt sjer, heldur í sambandi við þessi frumvörp.

Framsögumaður: Jeg ætla fyrst að svara þingmanni Reykvíkinga nokkrum orðum. Hann sagði, að hann væri eigi samþykkur nefndinni í öllu, en í mörgum atriðum væri hann það. Slíkt geta fleiri sagt, og þótt jeg sje samþykkur þingmanni Reykvíkinga í mörgu, þá er jeg það eigi í öllu. Jeg er eigi samþykkur þingmanninum í því, að góð bújörð sje nægileg fyrir prestinn, en krónutalan gjöri minna til, Jeg vil taka dæmi af einum stað, sem eigi er langt frá þingmanninum; það er Reykjavík; staður þessi er hin bezta bújörð, því landskuldin er engin, en fjenað geta menn haft töluverðan; en þó heyra menn talað hjer um krónutal. Krónutalið verður ávallt að vera með, því að þótt prestarnir hafi styrk af búnaðinum, þá er það eigi nóg. Prestarnir verða að lifa allt öðru lífi en bændurnir; þeir verða að við halda menntun þeirri, er þeir hafa fengið, og auka hana. Þingmaður Reykvíkinga hreyfði því, að varasamt væri, að taka frá einni kirkju og gefa hinni. En þetta hefur stjórnin leyft sjer um langan aldur, að taka beinlínis frá einni kirkjunni og leggja til annarar, og þurfum vjer eigi að fara langt, til þess að vjer verðum þessa varir; þeirri kirkju, sem nú er næst oss, er lagt frá tveimur öðrum kirkjum. Jeg vona því, að þingmaðurinn verði mjer samdóma um það, að þetta geti eigi orðið til neinnar fyrirstöðu. Sami þingmaður lagði áherzlu á það, að uppfræðing barnanna yrði því ófullkomnari, sem prestakallið væri víðlendara. Þetta er alvarleg mótbára, en jeg get eigi sannfærzt um, að hún sje á rökum byggð, og heldur verð jeg að ætla, að hún sje misskilningur, og er jeg þó kunnugri í þesssu efni en þingmaður Reykvíkinga. Það er enginn annar munur á því, hvort börnin eru mörg eða fá, en á því, að hafa marga eða fáa lærisveina í skólanum, því að uppfræðing barnanna verður hvort sem er, að fara fram við þá kirkju, sem börnin eiga kirkjusókn að. Eptir mínum skilningi er svo, að því stærra sem prestakallið er, því nánara samband er á milli prestsins og safnaðarins, og því minna sem prestakallið er, því minna er sambandið. Því að ef prestakallið er lítið að víðáttu, þá er presturinn sárlítið á ferð um sóknir sínar, og heldur sjer mest við heimili sitt. Þar sem þingmaðurinn sagði. að kostnaðurinn yrði meiri fyrir prestinn, ef brauð hans væri víðáttumikið, þá held jeg að hann verði litlu meiri, því að aðal kostnaðurinn fyrir prestinn er, að hann þarf að hafa eldishest, en flestir prestar verða að hafa eldishest, hvort sem prestakall þeirra er stórt eða lítið. Þingmaðurinn tók það fram, sem heyrzt hefur fyr, að prestararnir sjeu fyrir söfnuðinn, en söfnuðurinn eigi fyrir prestana, og tiltók hann örðugleika sóknarmannanna með að vitja prestsins í sumum þeim prestaköllum, er nefndin stingur upp á að sameinuð sjeu. En nefndin tók einmitt þetta til greina, þegar hún stakk upp á sameiningu brauðanna. Jeg vil leyfa mjer að taka nokkur dæmi: Mundi vera ókleyft fyrir söfnuðinn í Staðarbakkasókn að sækja að Melstað, fyrir Múlasókn að sækja að Grenjaðarstað, og þannig víðar. Það er of mikið gjört úr erfiðleikum hinna nýju brauða, sem stungið er upp á að sameinuð sjeu, því að jeg get sannað, að mörg þeirra eru eigi nærri því eins erfið, sem sum þeirra brauða, er staðið hafa um langan aldur, og einginn talað um erfiðleika á. Þar sem þingmaðurinn talaði um vöntun á sóknarskýrslum, þá skil jeg ekki í því, að þessi vöntun þurfi að verða málinu til fyrirstöðu, því að jeg get full-

yrt, að það munar hvergi 100 krónum, sem brauðin eru of mikið eða of lítið metin. 2. þingmaður Húnvetninga talaði sjerstaklega um eitt, að óheppilegt væri, hve mikill munur væri á tekjuhæð brauðanna. En jeg er á gagnstæðu máli; jeg verð að álíta það heppilegt. Það er heppilegt, að ungur prestur, sem kemur á rýrt brauð, vandar embætti sitt sem mest hann má, og hugsar um sanna velferð safnaðarins, það er heppilegt, segi jeg, að þessi prestur getur vonazt eptir að fá betra brauð, og fá þannig endurgoldna vandvirkni sína og reglusemi; það er sú mesta uppörvun fyrir prestana til að vanda ráð sitt og stunda vel embætti sitt. Þingmaðurinn tók dæmi af læknunum, að þeir hefðu allir jöfn laun, nema þeir læknar, sem í kaupstöðum byggi, nokkru hærri. En vill þingmaðurinn gjöra svo vel að útvega prestastjettinni svo mikið fje, sem læknarnir almennt hafa í laun, fyrir utan aukatekjur þeirra, sem nema munu nokkrum krónum um dag hvern? Ef þingmaðurinn gæti það, skyldi jeg vera samdóma honum. Og þótt þingmanninum þyki stærstu brauðin of tekjumikil, þá get jeg sagt honum það, að það eru sárfá brauð, sem ná þeirri tekjuupphæð, er sýslumenn hafa að meðaltali í laun, og kosta þó prestar eins miklu upp á sig við lærdóminn sem sýslumennirnir; að minnsta kosti er svo, að ef lagaskólinn kemst hjer á, þá verður það líkt, sem sýslumenn og prestar kosta upp á sig; og eins og nú er, þá kosta þeir, sem sigla og nema guðfræði, eins miklu upp á sig, og hínir, sem nema lögfræði. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu tók eitt fram, er jeg verð að svara. Hann sagði, að málið ætti eigi eingöngu að skoðast frá prestanna hálfu, heldur og frá bændanna hálfu. Jeg er samdóma honum um, að mál þetta eigi ekki að skoðast frá prestanna hálfu; því að það er prestunum frjálst, hvort þeir verða prestar eða eigi. En það er snertir hitt, er þingmaðurinn sagði, að gæta yrði að, hvað bændurnir væru fúsir eða ófúsir að gjalda, eða hvað þeir gætu eða gætu ekki goldið, — þá vill svo vel til, að þó farið sje í landssjóðinn handa prestunum, þá er eigi fyrir það meira tekið frá bændunum, en þegar farið er í landssjóðinn til að sækja laun handa öðrum embættismönnum. En sá er munurinn, að ef prestum er launað úr landssjóði, þá gengur það til bændanna aptur; því að því meiri tekjur sem presturinn hefur, og því betur sem hann lifir, því meira útsvar er honum sett, því meiri stoð er hann sveitinni, og því meiri líkindi eru til að hann verði söfnuðinum til gagns. Jeg verð að taka það fram, að jeg skoða þetta mál frá landsmanna hálfu, en eigi frá minni hálfu. Jeg álít það mjög skaðlegt fyrir land og lýð, ef þeir skyldu veljast til að verða prestar hjer á landi, er til fæstra hluta eru nýtir, og sú mun reyndin á verða, ef prestarnir eigi hafa viðunanleg laun. Því að ef hinir efnilegustu menn eiga að gefa sig til að verða prestar, þá verða þeir að hafa von um viðunanleg laun, já, sá samvizkusamasti maður verður að hafa von um svo mikil laun, að hann geti staðið í stöðu sinni sjer til sóma og öðrum til uppbyggingar.

Guðmundur Einarsson: 2. þingmaður Gullbringusýslu hefur að vísu tekið fram flest það, er jeg vildi sagt hafa, en þó vil jeg enn tala fáein orð um þetta mál. Jeg er að mörgu leyti samdóma þingmanni Reykvíkinga, en get þess, að þar sem hann lagði mikla áherzlu á góða bújörð, þá er jeg honum samdóma um það með því skilyrði, að presturinn sje góður búmaður, annars er ekki verulegt gagn að bújörðinni fyrir prestinn, líka er mikið komið undir því, að jörðinni sje vel í sveit komið, og enn fremur varðar það miklu, að presturinn hafi einhver efni til að geta byrjað búskapinn með, og notað kosti jarðarinnar. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu beindist í hinni löngu ræðu

sinni helzt að mjer; hann sagði, að þegar tekjur presta væru skoðaðar yfir höfuð, þá yrðu þær að meðaltali 1300 kr. fyrir hvern prest, en hvaða gagn hafa prestar almennt af þessum gæðum, þegar það er eigi nema helmingurinn, sem nýtur þeirra, það er því ekki til neins að hrósa því, sem ekki er. Mín skoðun er, að tekjur presta á mörgum brauðum sjeu skaðlega litlar, og jeg veit ekki, hvað 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, hagfræðingurinn sjálfur, hugsar, sem hlýtur að játa í hjarta sínu, að prestarnir geti alls ekki verið vel haldnir af launum, sem eru fyrir neðan 1000 kr. Jeg er nærri viss um, að ef eigi verða bætt betur kjör prestanna, þá kinoka ungir menn sjer við að ganga í þessa stjett, og þegar fleiri skólar taka að myndast hjer á landi, svo sem jarðyrkjuskólar og búnaðarskólar, þá verður prestaskólinn ef til vill öldungis útundan, og að ganga í prestastjettina neyðarúrræði, sökum þess hvað laun margra presta eru fjarska lág, verði ekki bót þar á ráðin. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að skoða ætti málið frá bændanna hlið; en það er eigi með öllu rjett mælt, hann átti að segja, ekki frá bændanna hlið, heldur frá hlið almennings. Því að það eru ekki bændurnir einir, sem gjalda til landssjóðsins; allir embættismenn háir og lágir gjalda til hans, og vjer nú þjónandi prestar höfum verið lögskyldaðir til að greiða þau gjöld, sem vjer hefðum eptir allri venju átt að vera fríir við. Þingmaðurinn var að segja mjer að vega hið andlega á vog, það mun jeg fyrst gjöra þá, er hann fær mjer vogina til að vega hið andlega á, en jeg hygg honum hentara að skoða þetta mál frá sínu hagfræðislega sjónarmiði, en frá hinu andlega. 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að sambandið milli prests og safnaðar væri því meira sem sóknirnar væru víðlendari; þetta játa jeg að rjett sje, ef sóknirnar eru þjettbýlar, en sjeu þær víðlendar og strjálbyggðar, þá er sambandið því minna, sem prestakallið er víðlendara, svo að bóndi og prestur vita varla hver af öðrum. Hann talaði um, að nauðsynlegt væri að hafa brauðin ójöfn, til þess að hvetja presta til að reynast svo í stöðu sinni, að þeir geti vonast með tímanum eptir betra brauði, en þeir hafi, en reynslan hefur nú sýnt, að slíkar vonir láta opt til skammar verða, því að menn hafa fleiri en eitt dæmi til þess, að gæðingar háyfirvaldanna komast opt í beztu brauðin, en gömlu prestarnir mega sitja á hakanum, þótt nýtir sjeu, fyrir ungum og lítt reyndum kandidötum, sem annaðhvort hafa verið á skrifstofu biskupsins, eða hafa á sjer eitthvert sjerstakt álit háyfirvaldanna. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að ókirkjurækni væri opt mest, þar sem að eins væri ein kirkja, en það er söfnuðinum en ekki prestinum að kenna, ef hann lætur aldrei standa á sjer; hann getur ekki neytt söfnuðinn til að nota þjónustu sína.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Mjer dettur ekki í hug, að ræða þetta mál ýtarlega, en jeg vildi spyrja nefndina að tveimur spurningum: hver er þessi meiri og minni hluti nefndarinnar; það getur verið fróðlegt að vita, hverjir eru í hvorum hlutanum fyrir sig. Í öðru lagi er það, að jeg skil ekki vel eitt atriði í nefndarálitinu; á 2. bls. eptir tölurnar stendur, »að sú ákvörðun í 1. gr., að greiða skuli í landssjóð» falli burt, en lesi maður nefndarálitið frá upphafi, þá sjer maður, að nefndin ætlast heldur ekki til að fje sje greitt úr landssjóði. Það virðist því nauðsynlegt, að það ákvæði stjórnarfrumvarpsins »úr landssjóði» falli líka í burtu, en það er ekki nefnt í nefndarálitinu. Um þetta atriði vildi jeg líka spyrja nefndina.

Jeg skal segja deildinni, hvers vegna jeg spyr um meiri og minni hluta nefndarinnar; jeg get vel ímyndað mjer, að þar sem í nefndinni eru bæði klerkar og leik-

menn, þá hafi þeir skipzt í flokka, þannig, að klerkarnir sjeu í öðrum en leikmennirnir í hinum flokknum, og með því að leikmenn eru fleiri, sem sje þingmaður Mýramanna, 2. þingmaður Árnessinga, 1. þingmaður Skagfirðinga og þingmaður Reykvíkinga, þá gæti jeg ímyndað mjer, að þeir væru í meiri hlutanum, en hinir geistlegu í minni hlutanum; en það getur haft áhrif á mína skoðun, hvort skoðun nefndarálitsins er leikmanna skoðun eða geistleg skoðun; því að sje hún geistleg, gæti það breytt minni skoðun, með því að jeg er leikmaður. Af þessu vil jeg vita, hverjir eru í meiri og minni hluta nefndarinnar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg gekk að því vísu, að dómar manna mundu verða ýmislegir um nefndarálit þetta, og bjóst jeg við harðari dómum um það, en enn hafa þó framkomið. Sjer í lagi hefur þingmaður Dalamanna dæmt það nokkuð hart. Þingmaður Reykvíkinga hefur nú við þessa umræðu komið öldungis eins fram og í nefndinni. Jeg vona, að framsögumaður svari þeirri spurningu: hverjir voru í meiri og minni hlutanum, reyndar get jeg ekki sagt, hvort jeg var í meiri eða minni hlutanum við hvert einstakt atriði, en hvað sem því líður, þá fylgdi jeg þeirri skoðun minni fram í nefndinni, að eigi væri nauðsynlegt að taka fje úr landssjóði, og eigi bæri að taka stórfje úr landssjóði til langframa. Þjóðkirkjan á Íslandi ætti svo mikið fje, að nægja mætti til að ala þá presta sómasamlega, er sjerstaklega þyrfti til að fullnægja kristilegum þörfum safnaðanna. Þetta hefur frá því fyrsta verið skoðun mín í þessu máli og mun verða Viðvíkjandi sameiningu brauðanna, þá má ef til vill margt á móti henni mæla og margt með; en úr því að menn ekki vildu eða þótti rjett eða ráðlegt að fara í landsjóðinn og moka fje úr honum til uppbótar brauðunum, þá varð að hafa eitthvert ráð til að bæta úr þessu, því að eitt var af tvennu, annaðhvort að fara í landssjóðinn, eða jafna brauðunum niður, því að því átti prestastjettin heimting á. Jeg skoða þjóðfjelagið eins og eitt stórt heimili; allir, sem verið hafa húsbændur, þekkja, að heimilið getur ekki staðizt með því að hafa mörg hjú, launa þeim vel og láta þau eiga gott að fæði og klæði, en lítið að gjöra. Þannig er því varið hjer á landi, að sakir þess, hve landið er strjálbyggt, þá þarf þjóðfjelagið marga presta og embættismenn, en það þolir ekki að hafa þá upp á stáss. Sem embættismenn hafa þeir heimting á að fá laun, en landsmenn hafa líka heimting á, að þeir vinni og gjöri eitthvað annað en að baða sig í sólskininu, að jeg taki svo til orða. Jeg get ekki verið að taka letingja til dæmis eins og þingmaður Dalamanna, og vildi jeg óska, að hann hefði aldrei komið með það, því slíkt er stjett hans til lítils sóma. Hann sagði, að búskapur væri erfiðari nú en áður, en hann er líka afkomu meiri, svo að sú mótbára hverfur. Það er snertir kirkjurækni, þá þekki jeg mörg dæmi til þess, að kirkjurækni er ekkert betri, þar sem að eins er ein kirkja, heldur en þar sem fleiri eru. Jeg hef sjálfur þekkt tvö brauð, þar sem svo var háttað, að í öðru var ein kirkja, en þrjár í hinu, og var miklu ver sótt þessi eina kirkja heldur en hinar þrjár, svo að ekkert sannar það. Þingmaður Dalamanna sagði, að ungir menn mundu eigi fást til prestsembætta, er launin væru svo lítil og mikið að gjöra; þetta er ljót kenning, og óhæfilegt að innræta hana ungum mönnum; það er eins og faðir prjedikaði það fyrir börnum sínum: »þið skulið ekki leggja mikið á ykkur, hugsið þið einungis um, að eiga góða daga (et og drekk sála mín!)«. Þetta álít jeg skaðlega prjedikun, og jeg vona hinir ungu menn taki hana ekki til greina. Mín skoðun er, að það þurfi annað til að lækna hina andlegu rotnunarsýki í kirkjunni og prestastjettinni hjer á landi, en há laun. Jeg

virði presta, en vil, að þeir gjöri hóflegar kröfur til heimsins gæða, og undir því er líka virðing þeirra að miklu leyti komin; ef prestastjettin fer hóflega í kröfur sínar, þá held jeg, að almenningur virði hana, og henni er það áríðandi helzt af öllum stjettum, ef að embætti hennar á að ná sínu helga og háleita augnamiði, að hún sýni sig ekki eigingjarna, því að það hefur skaðleg áhrif í för með sjer, og getur gengið svo vítt, að virðing fyrir kirkjunni og kennimannlegu embætti hverfi.

Framsögumaður: Jeg vil stuttlega svara spurningum 1. þingmanns Gullbringusýslu; hin seinni spurning hans var, hvort ekki ætti að fella burtu orðin «úr landssjóði». Jeg skal játa, að þetta er rjett athugað af þingmanninum og kann honum þökk fyrir. Þetta er vangát, sem annaðhvort hefur orðið við afskript nefndarálitsins eða þá við prentunina. Orðin eiga að standa þannig: «í landssjóð eða úr» Fyrri spurningunni, hverjir hafi verið í meiri hlutanum og hverjir í minni hlutanum, er erfiðara að svara, og jeg veit ekki, hvort rjett er af mjer, að gefa skýrslu um það, en sje þetta ónákvæmt, þá hygg jeg rjettast að segja, að það sje mjer að kenna, því að þegar jeg kastaði upp nefndarálitinu, þá vissi jeg ekki, hvort nefndin mundi hanga saman eða ekki, en svo mikið má jeg segja, að meiri hluti er hjer sama sem flest atkvæði. 1. þingmanni Gullbringusýslu þótti það miklu skipta, hvort leikmenn eða prestar væru í meiri hlutanum, og þar sem hann telur þingmann Reykvíkinga með leikmönnum, þá þykir oss prestunum það nokkuð hart um hann, sem hefur lesið guðfræði og getur orðið klerkur nær sem hann vill; vjer viljum því flestir eigna hann vorum flokki, þó vera megi að fleiri sjeu um boðið. Hið sama er að segja um 1. þingmann Gullbringusýslu, að hann getur líka orðið prestur, og því vona jeg, að hann muni verða með oss prestunum. Jeg vildi um leið ávarpa þingmann Dalamanna nokkrum orðum. Jeg skyldi nærri halda, að forseta hefði þótt hann segja nógu opt «ekki satt»; en það læt jeg nú vera; jeg held að það sje ekki orð til að reiðast af um það, sem manni finnst eigi rjett. En það var annað, hann áleit þá hvöt eigi rjetta hjá prestunum, að vilja fá betri brauð, eptir að þeir hefðu þjónað á þeim lakari, með því líka að það hefði sýnt sig, að ungir menn, er væru gæðingar yfirvaldanna, er veittu, gengju fyrir gömlum prestum. Þetta þykir mjer hart ákveðið um veitendur; það getur reyndar verið af því, að jeg hef verið einn af gæðingum þeirra, að því leyti að þeir hafa veitt mjer góð brauð, en veitingar eru vandamál og þá líka vandi að dæma rjett um þær, og rjettast að dæma þær vægt. Jeg vona, að þó okkur þingmanni Dalamanna komi ekki saman í þetta sinn, þá gangi það allt vel, er til kemur.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer þótti varaforseti vera nokkuð forvitinn, þar sem hann vill fá að vita, hverjir voru í meira hluta og hverjir í minna hluta nefndarinnar. Jeg held, að það sje ljóst af ræðum mínum, að jeg var ekki í meira, heldur í minna hlutanum, og kom það af því, að málið tók aðra stefnu, en jeg hafði óskað, þó jeg væri nefndarmönnum samdóma i einstökum atriðum, þá játaði jeg það fúslega frá byrjun, að jeg var stefnu málsins alls ekki samdóma.

Þórður Þórðarson: Jeg vil að eins með fáum orðum láta meining mína í ljósi í þessu máli. Jeg er yfir höfuð samdóma þingmanni Dalamanna, að nefndin hefur ýmist farið of stutt, eða þá of langt. Jeg er á því, að nefndin hafi ákveðið laun presta fremur lág á hinum rýrustu brauðum; en jeg er ekki eins samdóma þingmanninum um það, að sameining brauða sje óheppileg. Það er máske svo, þar sem hann þekkir til, og talaði um, en þar sem jeg þekki til, má

víða sameina meir en nefndin hefur stungið upp á. Jeg hef allt af ímyndað mjer, að enginn prestur ætti að hafa minni laun en 1000 krónur, en á hinu er jeg fastur, að þeir eigi að hafa viðunanlega mikið að gjöra, reyndar ekki meira en svo, að þeir geti vel uppfyllt skyldur sínar. Við sameiningar og meiri jöfnuð á brauðunum yrðu brauðin miklu lífvænlegri, og meiri trygging fengist þannig fyrir að fá presta í þau, Þess vegna mun jeg við 2. eða 3. umræðu koma með breytingartillögur viðvíkjandi sameiningu brauða.

Páll Pálsson bóndi: Framsögumaður misskildi orð mín að nokkru leyti, þar sem hann hjelt, að jeg vildi að tekjur allra brauða væru jafnar. Þau voru ekki mín orð, en mjer þótti munurinn á brauðunum allt of mikill, þar sem sum hafa meira en helmingi minni tekjur en önnur; mjer finnst nógur munur, að þau hafi þriðjungi minni tekjur. Framsögumaður bar laun presta saman við laun sýslumanna, en það finnst mjer ekki samanberandi, því að peningaábyrgðin sýslumanna er svo mikil, og þar að auki hafa þeir stór umdæmi. Það er satt, að læknar hafa nokkuð hærri laun en prestar, en þeir hafa líka miklu meira að gjöra (Nei! Nei!); það er ekkert brauð til, þar sem presturinn hefur helming eða þriðjung á við lækni að gjöra, það er að segja þá lækna, sem nokkra tiltrú hafa í lækningum sínum. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu benti mjer á önnur frumvörp, t. d. frumvarpið um sóknarnefndir, og gæti hugmyndin um að jafna brauðin komið fram á þann hátt, en það er aðgætandi, að sóknarnefndunum er ekki í tjeðu frumvarpi gefið neitt vald til að raska tekjum brauðanna, en um takmörk sókna innbyrðis og sameining þeirra, geta sóknarnefndir að vísu stungið upp á breytingum, en það er óhugsandi, að þær geti raskað þeim lögum, sem þingið hefur samþykkt, án þess að þingið samþykki það með nýjum lögum.

Páll Pálsson prestur: Meiri hluti nefndarinnar var á því máli, að æskilegast væri og mundi bezt mælast fyrir, að kirkjan þyrfti sem minnst að lifa á bónbjörgum frá landssjóðnum, og að kirkjan hefði nóg góz og tekjur til þess að prestar gætu lifað af þeim. Jeg vil benda þeim þingmönnum, er þykir nefndin hafa farið of stutt, á það, að stig það, sem nefndin hefur gjört til að bæta kjör prestanna, er ekki svo skammt. Nú eru 70 brauð, er höfðu minni tekjur en 700 kr., en eptir tillögum nefndarinnar yrðu það sárfá brauð, sem hefðu undir 800 kr. Framsögumaður hefur tekið það flest fram, sem jeg ætlaði mjer að segja, og þar á meðal hefur hann minnzt á það, að nefndin gat ekki fallizt á, að láta öll brauðin vera jöfn. Vjer verðum allir að muna eptir því, að prestar eru menn eins og aðrir, svo nauðsyn er og hollt, að þeir hefðu jafnframt ytra aðhald og hvöt til að rækja sem bezt embættisfærslu sína og líferni, og ein af þessum hvötum er án efa sú, að þeir geti haft von um betri laun, betra embætti, ef þeir standa vel í stöðu sinni. Þingmanni Dalamanna hefur þegar verið svarað að nokkru leyti, þar sem hanu talaði um, að ungir gæðingar veitingarvaldsins hefðu einatt verið teknir fram yfir gamla presta og tók til dæmis biskupsskrifarana, en jeg vil minna hinn hinn háttvirta þingmann á, að það getur ekki haft minni þýðing til framfara og verðugleika, að vera á skrifstofu biskups, en að vera fáein ár prestur í fámennu prestakalli, þar sem lítil æfing er fyrir hann í embættinu. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að það væri kann ske eðlisfar sumra presta að vera allt af á ferð, og vildi jafnvel dengja því að mjer, jeg held að það sje skylda þeirra að vera sem optast á ferð, til að hafa eptirlit með sóknarbörnum sínum, og mundi það sannarlega hafa mjög góð áhrif á samband og gott samkomulag og velvild, sem er svo nauðsynlegt að sje milli presta og

safnaða. Jeg er hræddur um, að sú skoðun hins heiðraða þingmanns Reykjavíkur, að prestur eigi að lifa í sífelldri ró og hóglífi, bæti ekki viðleitni presta að vanda prestverk sín og standa sem bezt í stöðu sinni. Ef presturinn ætti einlægt að sitja kyr, þá þyrftu menn sannarlega ekki að ganga á marga skóla til að læra til prests, því að það kann hver bóndinn, að sitja kyr. Jeg álít, að prestar eigi að hafa nóg, en ekki of mikið, að gjöra, en þeir eigi líka að hafa hæfileg laun. Jeg vona, að þingdeildin sjái, að nefndin hefur farið sem næst hinum rjetta meðalveg, og gjört sjer far um, að fara hvorki of langt nje of skammt.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil vekja máls á einu atriði, sem mjer finnst nefndin hafa sleppt. Það hefur alveg gleymzt bæði í frumvarpi stjórnarinnar og nefndarinnar, að minnast á Vestmannaeyjar. Þær standa að vísu í frumvarpinu, en ekki til færðar neinar tekjur handa prestinum. Jeg vildi því vekja máls á því, hvort nefndinni sýndist ekki að ákveða einhver föst laun fyrir prestinn þar, eins og á öðrum brauðum, annaðhvort úr landssjóði eða með öðru móti. Þau laun, sem presturinn á Vestmannaeyjum nú hefur samkvæmt lögum 14. desemb. 1877, eru einungis meðan sá nú verandi prestur lifir, að minnsta kosti skil jeg þau svo. Jeg vona því, að nefndin gjöri einhverja breyting á þessu til 2. umræðu, annars verð jeg sjálfur að stinga upp á viðaukabreytingu við frumvarpið til 3. umræðu.

Framsögumaður: Jeg hjelt, að allir hefðu fengið nóg af umræðunum, en nú vakti þingmaður Vestmannaeyinga máls á Vestmannaeyjum, og þótti nefndin hafa gleymt þeim. Vestmannaeyjum er gleymt í stjórnarfrumvarpinu og nefndarálitinu að því leyti, að ekki þótti ástæða til að gjöra neina breyting á tekjum þess brauðs, heldur þóknaðist nefndinni að láta það sitja við sama, en nefndin getur máske íhugað þetta nákvæmar, varla til að bæta tekjur brauðsins, en máske til að minnka þær. Þingmaður Húnvetninga talaði um, að jeg hefði misskilið orð sín, en það skildi jeg nú á honum, að sýslumenn ættu að hafa miklu meiri laun en prestar, af því peningaábyrgð þeirra væri svo mikil. Prestar hafa ábyrgð á fje kirkna, en ábyrgð sýslumanna er helzt í því falin, að þeir senda hreppstjórana af stað til að heimta fje saman fyrir sig. Þingmaðurinn sagði og, að læknar hefðu miklu meira að gjöra en prestar; þetta hlýtur hann að segja af megnum ókunnugleika, en þó þeir hafi meira að gjöra, þá er aðgætandi, að þeir hafa 1500 kr. eiginlega fyrir ekki neitt, og þó þar að auki borgun fyrir allt, sem þeir gjöra.

Þorsteinn Jónsson: Það var ekki meining mín, að biðja um að lækka laun prestsins á Vestmannaeyjum, en jeg skildi svo lögin 14. des. 1877, að sú þóknun, er þar er veitt prestinum, ætti að eins við þann prest, er nú er. Ef þetta er misskilningur minn, þá er jeg þakklátur þinginu, ef það er meining þess, að prestar á Vestmannaeyjum skuli eptirleiðis halda þessum launum, en þá vil jeg samt óska, að þau verði sett í frumvarpið.

Páll Pálsson, prestur: Jeg vil í tilefni af orðum þingmanns Vestmannaeyja lýsa yfir því, að jeg muni leyfa mjer til 2. umræðu að koma með breytingartillögu um að lækka tekjur Vestmannaeyjaprestakalls, því jeg var ávallt fremur á þeirri skoðun í nefndinni.

Þá var gengið til atkvæða, og málinu vísað til 2. umræðu með 18 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 32. og 33. fundi, 7. og 8. ágúst.

Breytingartillögur I 252—253, smbr. nefndarálit I 216—219 og atkvæðaskrá I 270—277.

Landshöfðinginn: Jeg lýsti því yfir í gær, þegar rædd voru 4 lagafrumvörp, er standa í nánu sambandi við þetta frum-

varp til laga um skipun prestakalla og kirkna, að jeg ætlaði að mæla með þeim, ef aðalmálið yrði samþykkt á þessu þingi. Jeg skal taka það upp aptur, þegar nú skal ræða þetta frumvarp, því að jeg verð að leggja hina mestu áherzlu á það, að þetta þýðingarmikla og vandamikla mál verði í heild sinni leitt til lykta á þessu þingi. Alþingi í hitt eð fyrra var einnig þessarar skoðunar, þar sem það með þingsályktun sinni ákvað, hvernig málið skyldi undir búa. Undirbúningurinn hefur nú verið gjörður í fullri samkvæmni við þingsályktunina, og frumvarp það, er hjer liggur fyrir, samið eins og þingið hafði ályktað. Í hitt eð fyrra voru allir þingmenn ásáttir um það, að brýna nauðsyn bæri til þess, að bæta kjör prestanna, sjer í lagi með því móti: 1. að jafna brauðin sín á milli, 2. með því að sameina þau, þar sem svo til hagar, að því verður við komið, og 3. með því að leggja hinum lakari brauðum tillag, sumpart frá hinum beztu brauðum, sumpart úr landssjóði. Þessi stefna málsins var ákveðin af alþingi í hitt eð fyrra, og henni hefur verið fylgt bæði af utanþingsnefndinni, í stjórnarfrumvarpinu, og hinni heiðruðu nefnd, sem deildin hefur skipað til að segja álit sitt um frumvarpið. Það segir sig sjálft, að misjafnar skoðanir hljóta að vera, þegar ræðir um hin einstöku atriði þessa vandasama máls, sem snertir hag allra landsmanna í þeim spursmálum, er hljóta að vera þeim sem mest áríðandi — í hinum kirkjulegu málefnum — og það má ekki búast við, að þetta mál verði nokkurn tíma til enda kljáð þannig, að allir sjeu ánægðir með úrgreiðslu þess. En ef löggjafarvaldið nákvæmlega íhugar málið bæði í heild sinni og í öllum atriðum þess, og þar á eptir ályktar, hvernig skuli koma því fyrir á sem beztan hátt, þá er jeg fyrir mitt leyti sannfærður um, að fyrirkomulagið mun verða bæði rjettlátt, sanngjarnt og, að stuttum tíma liðnum, einnig vinsælt. Örðugleikar þeir, er eptir hlutarins eðli eru þessu máli samfara, munu ekki hverfa, heldur munu þeir fremur aukast en fækka með því að fresta úrgreiðslu þess, og hreyfing sú, er í öllum söfnuðum landsins er komin í máli þessu, einmitt vegna þingsályktunarinnar frá í hitt eð fyrra, gjörir það að mínu áliti æskilegt og jafnvel nauðsynlegt, að reyna til þess þegar á þessu þingi, að gjöra út um málið. Ef einstakar breytingar seinna kynnu að álítast æskilegar, mun ekki vera neitt því til fyrirstöðu, með lögum að koma þeim á, þegar reynslan er búin að sýna og sanna þörfina á þeim.

Það segir í athugasemdum við frumvarpið, að jeg fyrir mitt leyti hafi aðhyllzt uppástungur utanþingsnefndarinnar bæði um brauðamatið og um skipun prestakalla og kirkna, sjálfsagt með þeim fyrirvara, að í einstökum tilfellum kynni að vera spursmál um það, hvort leiðrjettingar þurfi við. Nefndarmenn þeir, er hafa setið bæði í utanþingsnefndinni og í nefnd hinnar heiðruðu deildar, hafa haft nægilega þekking á hinum einstöku brauðum landsins i öllum landsfjórðungum, og þar að auki hafa nákvæmar skýrslur frá öllum hlutaðeigöndum, prestum, próföstum og sýslufundum, er sóttir hafa verið af fulltrúum safnaðanna, verið fengnar nefndunum til ýtarlegri yfirvegunar, svo að jeg fyrir mitt leyti ekki efast um, að uppástungur þær, er nú verða bornar undir atkvæðagreiðslu þessarar heiðruðu deildar, sjeu vel og vandlega yfirvegaðar, og að þingmenn muni hafa nægilegan undirbúning undir atkvæðagreiðsluna í hverju einstöku tilfelli. Það er einungis við 2 brauð (nefndarálitsins 1. og 2. tölul.), að deildarnefndin fer nokkuð lengra en utanþingsnefndin með tilliti til samsteypingar brauða, við 3 brauð (nefndarálitsins 3., 4. og 5. tölul.) fer hún styttra, og við 3 brauð (nefndarálitsins 6., 7. og 8. tölul.) sting-

ur hún upp á breytingum í þessu tilliti. Þetta eru sannarlega ekki margar eða verulegar breytingar við uppástungur utanþingsnefndarinnar, og þær sýna og sanna, að mínu áliti, að henni hafi heppnazt að leysa vandaverk það, er henni var falið, mjög vel og vandlega af hendi. Jeg ætla fyrir mitt leyti ekki að dæma milli þessara uppástungna, en treysti því, að hin heiðraða deild skeri úr þeim með atkvæðagreiðslu sinni á sem beztan hátt.

Hvað viðvíkur upphæð tillaga þeirra, er ætlazt er til að hin betri brauð leggi til, og hin lakari brauð fái, til þess að koma meiri jöfnuði á milli allra brauða landsins, þá er að vísu meiri ágreiningur milli uppástungna utanþingsnefndarinnar og deildarnefndarinnar, og er hann sprottinn af því, að hin síðarnefnda hefur viljað komast hjá föstum tillögum úr landssjóði. Jeg játa, að þetta er í sjálfu sjer æskilegt, og að svo miklu leyti gæti jeg vel fallizt á nefndaruppástungurnar, en á hinn bóginn virðist mjer ekki þetta alveg nauðsynlegt, þar sem landssjóðurinn að mínu áliti er vel fær um, að veita árlega tillag það, er utanþingsnefndin stingur upp á, og sem nemur 7600 kr., til þess að bæta kjör prestanna, og munar þessi upphæð ekki miklu frá því, sem þegar nú er veitt úr landssjóði fátækum brauðum til uppbótar, sem sje 4000 kr. árlega, að viðbættum þeim styrk, er einnig er af landssjóðnum lagður einstökum brauðum (Reykjavík, Vestmannaeyjum og Goðdölum), og sem eptir uppástungu nefndarinnar eptirleiðis eiga að sparast, en þessi styrkur nemur hjer um bil 2000 krónum. Þess vegna álít jeg uppástungu utanþingsnefndarinnar vel aðgengilega frá sjónarmiði landssjóðsins, og þar sem hin betri brauð landsins sannarlega ekki eru of rífleg, þegar borga skal af þeim tillag það, er utanþingsnefndin stingur upp á, skal jeg leyfa mjer að mæla sem bezt með uppástungum stjórnarfrumvarpsins viðvíkjandi upphæð árstillaganna. Samt sem áður skal jeg kannast við, að hin heiðraða nefnd hefur fylgt þeirri stefnu, sem ákveðin hefur verið með þingsályktuninni frá í hitt eð fyrra, og sem stjórnarfrumvarpið fer í, og jeg ætla þess vegna ekki að gjöra neitt sjerstakt atriði í þessu tilliti að kappsmáli. En jeg vil biðja hina heiðruðu þingmenn, við atkvæðagreiðsluna, að hafa það hugfast, að útgjöld þau, er stjórnarfrumvarpið mun leggja á landssjóðinn, ekki sjeu honum ofvaxin.

Jeg get fallizt á uppástungu nefndarinnar undir 1., 2. og 3. tölul. atkvæðaskrárinnar.

Uppástunga hins háttvirta þingmanns Dalamanna undir 211. tölul. er, þótt jeg kannist við, að hún lýsi miklu trausti til landshöfðingjans, of óákveðin, og því að mínu áliti alveg óaðgengileg, og hið sama má segja um uppástungu hins sama háttvirta þingmanns undir 217. tölul. Aptur á móti skal jeg fallast á uppástungu nefndarinnar undir 218. tölul. Hvað snertir 223. tölul. nefndarinnar um það, hvernig eigi að fara að, á meðan hin nýja brauðaskipun er að komast á, skal jeg geta þess, að ákvörðunin um það, að tillag það, er ætlað er hinum fátæku brauðum, ekki skuli greiða fyr en jafnótt, og þau losna, virðist mjer ekki vera samkvæm tilgangi frumvarpsins, sem einmitt er sá, sem fyrst að bæta kjör presta þeirra, er sitja á hinum fátæku brauðum. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki finni ástæðu til að bæta við ákvörðun 223. tölul. breytingu í þá átt, sem uppástunga hins háttvirta þingmanns Dalamanna undir 212. tölul. fer fram á, sem sje, að öll þau brauð, sem eru metin minna en 1000 kr., eða ef til vill minna en 8 eða 900 kr., fái þá tekjuviðbót, sem þeim er ætluð, sem fyrst eptir að hún verður ákveðin, eða að þau verði til bráðabirgða bætt upp allt að að minnsta kosti 800 kr. með

tillagi úr landssjóði. Með þessum viðauka mun jeg fyrir mitt leyti alveg fallast á uppástungu nefndarinnar undir 223. tölul.

Forseti: Það er vissara, að jeg bendi þingdeildarmönnum á, að það er prentvilla í atkvæðaskránni: Á eptir tölulið 214 stendur 315 (í stað 215), og svo úr því hvervetna «3» í stað «2».

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það hlýtur að gleðja nefndina, sem unnið hefur að þessu máli, að landshöfðingja leizt heldur betur en ver á aðgjörðir hennar, þótt þær sjeu eigi með öllu samkvæmar frumvarpi utanþingsnefndarinnar og stjórnarinnar, og jafnvel ekki samkvæmar því, sem sumir í nefndinni mundu hafa óskað. Jeg ætla eigi að tala margt um málið að þessu sinni, meðan jeg heyri eigi mótmæli gegn nefndinni, en leyfa mjer þó að drepa nokkrum orðum á breytingar nefndarinnar og breytingartillögur þingmanns Dalamanna. Þá sný jeg mjer fyrst að breytingu nefndarinnar undir 49. tölul., þar sem nefndin leggur það til, að við næstu prestaskipti á Vestmannaeyjum verði tillagið til þessa brauðs að eins 300 kr., í stað þess að það er nú 1443 krónur. Þetta tillag held jeg að sje í minnsta lagi; en jeg býst við, að þingmaður Vestmannaeyinga láti álit sitt í ljósi um þetta efni, og fer jeg því eigi um það fleirum orðum. Þá sný jeg mjer að breytingu þingmanns Dalamanna undir 88. tölul. Viðvíkjandi þessari breytingaruppástungu skal það tekið fram, að nefndin hefur stungið upp á því undir 94. tölul., að Knararsókn, sem eptir stjórnarfrumvarpinu er sameinuð Búðasókn í Staðastaðarprestakalli, skuli heyra undir Breiðuvíkurþing. Annars lítur svo út, að þingmaður Dalamanna hafi eigi vitað, að kirkja þessi er nú alveg lögð niður. En það er þessa sameining snertir, þá er þetta nýja brauð að mínu áliti óheppilegt, og get jeg því eigi mælt með nefndinni í þessari grein, en ræð deildinni til að fella þessa breyting. Mjer virðist sjálfsagt, að þingið eigi að láta þá brauðaskipun standa, er sett er með konungsúrskurði. Þetta kom og optar en einu sinni til tals í nefndinni, en meiri hluti nefndarmanna varð með því, að breyting þessi skyldi tekin upp. Jeg verð því að vera á móti þessu, og álít jeg ógjörlegt, að þessi breyting sje nú gjörð þvert á móti tillögum hjeraðsfundarins og án þess að nokkur mótmæli hafi komið fram gegn þeirri brauðaskipun, sem nú er þar. Það er því eindregin tillaga mín, að þingið halli sjer að stjórnarfrumvarpinu í þessu efni. Sami þingmaður á breytingaratkvæði undir 104. tölul., er fer fram á, að Staðarprestakall á Reykjanesi og Garpsdalur sjeu 2 prestaköll, svo sem áður hefur verið. Jeg skal nú eigi þrátta um þetta við þingmanninn, og þingmenn mega fyrir mjer ráða atkvæði sínu í þessu efni. En jeg finn mjer skylt, að taka það fram, að sameining Garpsdals við Stað á Reykjanesi er alls eigi ótiltækileg, og þótt sameining þessi kæmist á, þá mundi brauð þetta eigi erfiðara en mörg önnur brauð á landinu, sem þó ekkert er kvartað yfir. Fólkstalan í þessu nýja brauði þingmannsins (ɔ: Garpsdal) er 130—140 menn, og tekjur þess eru 582 kr. Brauð þetta mundi að vísu eigi þurfa svo mikla uppbót, af því að bújörðin er svo góð; en mjer er spurn: eigum vjer að vera að gefa stórfje til þess, að 100 manns eða rúmlega það, geti haft sjerstakan prest, og það ef til vill verri prest, en þeir annars mundu hafa, ef sókn þeirra væri sameinuð hinu brauðinu? Slíkt ætla jeg næsta óheppilegt. Þá kem jeg til breytingaratkvæðis þingmanns Dalamanna undir 107. tölul., og fer hann þar í gagnstæða átt bæði við utan- og innanþingsnefndina, og ætla jeg að lofa honum að gjöra grein fyrir þessari breytingu sinni. Um breytingaruppástunguna undir 115. tölul. er hið sama að segja, sem um breytingaruppástunguna undir 104. tölul. Með Otrardalsprestakall stendur líkt á og

með Garpsdalsprestakall; fólksfjöldinn í því er hjer um bil 150 manns, en það er sameining Selárdals og Otrardals snertir, þá er vegalengdin þar minni, en ef Garpsdalur og Staður á Reykjanesi væru sameinaðir, því að á milli Otrardals og Selárdals eru að eins 3 mílur. En sá er og munurinn, að tekjur Otrardals eru að eins 364 krónur, svo að ef þetta brauð ætti að verða aðgengilegt, þá yrði það að fá mikla tekju-uppbót, sem eigi mætti minni vera en 450 krónur. Þá eru nú engar breytingar af hálfu þingmanns Dalamanna, þangað til komið er að 2. grein. Jeg ætla eigi að tala margt að þessu sinni um breytingaruppástungu þingmannsins við þessa grein, en þess eins óska jeg, að breytingartillaga þessi hefði aldrei komið fyrir mín augu. Sama er að segja um breytingaruppástungur þingmannsins við 217. og 222. tölul. Landshöfðingi minntist á hina nýju grein nefndarinnar undir 223. tölul.; en eptir því er mjer virtist, skildi hann grein þessa á annan hátt, en jeg skil hana. Meiningin í greininni er sú, að tillagið til brauðanna á að greiðast nú þegar, en það á að greiðast úr landssjóði, þangað til það getur fengizt frá hinum betri brauðum. Jeg skal enn fremur geta þess, að jeg má fullyrða, að nefndin samþykkti, að breytingartillagan undir 228. tölul. væri nokkru lengri en hún er, sem sje, að bætt yrði við ákvörðun um það, hvaðan árgjald það, sem ljett er af prestaköllunum, ætti að taka, svo að uppgjafaprestar og prestaekkjur missi einskis í. Vona jeg, að nefndin taki þetta til íhugunar. Jeg ætla eigi að tala fleira um mál þetta að þessu sinni. Þingmenn hafa fyrir sjer nefndarálitið og stjórnarfrumvarpið, og er þeim eins ljóst og mjer, hverja þýðing og ábyrgð mál þetta hefur, og hve áríðandi það er fyrir velferð alls landslýðsins, að mál þetta fái sem beztar lyktir. Þingmenn geta skorið úr því með atkvæðagreiðslu sinni, hvort eigi er farið annaðhvort of langt eða of skammt í sameiningu brauðanna, og hvort eigi er farið of skammt í því, að útvega fátækum brauðum uppbót.

Guðmundur Einarsson: Að því er snertir sameiningaratriðið í þessu máli, skal jeg nú játa, að einnig um það hefði jeg margt að athuga, og er jeg ekki sammála hinum heiðraða framsögumanni í þeirri grein allvíða. En það er sjer í lagi um hinar tilætluðu þrjár brauðasamsteypur í Barðastrandarsýslu, sem jeg álit skyldu mína að vekja athygli hins heiðraða þings. Kemur þá fyrst sameining Garpsdals við Stað á Reykjanesi; hún þykir mjer ekki tiltækileg. Frá Stað eru fullar 5 mílur vegar að Garpsdal, og $2^1/_2$ míla á sóknarenda frá Stað í gagnstæða stefnu. Aptur er Garpsdalur góð bújörð, sem margir prestar hafa blessazt vel á. Jeg hygg því, að hentugra og nytsamlegra bæði fyrir sóknarprest og sóknarfólk væri að láta Garpsdal halda sjer, en leggja þangað 300 kr. Hvað hina gömlu sameining snertir á Skálmarnessmúlasókn og Flatey, þá álít jeg hana vandræði, en aptur sameining Múla og Gufudals álít jeg með öllu ómögulega, og skírskota jeg til allra, sem þekkja hálsa þá, torfærur og vegalengd, sem þar á sjer stað. Gufudals-prestur ætti þá að fara yfir 4 hálsa í sóknum sínum, sem sumir eru með öllu ófærir á vetrum og kring um 6 firði, suma alllanga. Sá eini mögulegleiki væri, að kaupa handa Múlasókn jörðina Vattarnes og gjöra hana að kirkjujörð. Frá Flatey er möguleg prestsþjónusta undir Múla, en frá Gufudal næstum ómöguleg. Frá Selárdal álít jeg einnig lítt mögulegt að þjóna til gagns Otrardal.

Að svo mæltu sleppi jeg samsteypuatriðinu, en sný mjer að því, sem mjer þykir þessu næst koma eiga til umtals viðvíkjandi frumvarpi þessu, og vil jeg í því tilliti leyfa mjer að benda nokkrum spurningum til hinnar heiðruðu nefndar. Jeg vil fyrst spyrja: af hvaða ástæðum hefur nefndin ekki sett

neinar tölur við nöfn brauðanna í frumvarpinu? Þetta, að menn hafa ekki hinar gefnu upphæðir fyrir augum til samanburðar, villir mann og truflar meðan málið er rætt, svo úr þessu verður eins konar blindingsleikur. Þetta er alveg gagnstætt því, sem gjört var þegar embættismannalögin voru rædd 1877. Önnur spurningin, og hún alvarleg, er þessi: Hví hefur hin heiðraða nefnd gjört brauðin svo misjöfn? Þegar málin um laun embættismanna komu fyrir þingið 1875 og eins 1877, var það gjört að aðalstefnu, að gjöra embættin sem jöfnust, og að embættismennirnir fengju strax laun þau, er embættum þeirra voru ákveðin, bæði sökum almennrar sanngirni yfir höfuð, og sjerstaklega til þess að fyrirbyggja, að menn kæmust strax í skuldir og vandræði. En nú er annað hljóð komið í strokkinn. Nefndin lætur 44 brauð vera fyrir neðan 1000 kr., það er 1/3 allra brauða landsins; 66 brauð milli 1000 kr. og 1600 kr., og 19 brauð þar yfir og langt yfir. Hverri aðalreglu er hjer fylgt? Aðalreglan ætti að vera sú, að hægustu og bezt settu brauðin ættu að vera lágt launuð, en hin erfiðari hátt. En lítur svo út? Jeg vil nefna nokkur hæg og vel sett brauð, og benda á, hvernig þau eru launuð. Hof er 3000 kr. brauð, Vallanes 2000, Hólmar yfir 2000, Oddi og Breiðabólsstaður milli 2 og 3 þúsund kr., Garðar 2400, Reykjavík 4000 kr. Þetta eru brauð, sem öll eru í beztu sveitum, og sum þeirra hafa beztu bújarðir. Á móti þessum vil jeg nefna fáein af hinum flokkinum, þar sem hlutfallið er öfugt, brauðið bæði illa sett eða erfitt og illa launað: Sandfell í Öræfum situr með 800 kr., Flatey með 600 kr., og þó er það kaupstaðarbrauð og eitt hið erfiðasta brauð á landinu; Gufudalur 800 kr., Sauðlauksdalur óbættur; þetta brauð, sem er eins erfitt og illt yfirferðar, eins og ef hjeðan úr Reykjavík skyldi eiga að þjóna Útskálasókn, og þar að auki bújörðin að fara í auðn af sandfoki; Goðdalir eru látnir sitja með 776 kr., og útskæklabrauðið Þönglabakka hefur nefndin sett niður úr því, sem utanþingsnefndin lagði til þess. Þegar jeg lít þannig yfir málið, eins og það kemur frá nefndinni, get jeg ekki betur skilið, en að hún hafi hlotið að vera fjarska ókunnug; til annars vil jeg ekki geta; flest hin skemmtilegustu brauðin eru bezt launuð, en flest hin óskemmtilegustu lakast launuð. Hver yrði nú afleiðingin af þessum ójöfnuði? Sú, að prestar á fátækari brauðunum verða eins konar píslarvottar, eins og opt hefur áður átt sjer stað, meðan að hinir á þeim betri hvíla á lárberjum sínum. Sem sextugur maður hef jeg leyfi til, að taka fram um sjálfan mig, að í 16 ár samfleytt varð jeg að láta mjer lynda 600 kr. og minni laun, og sömu kjörum hafa margir embættisbræður mínir orðið að sæta. Yrði þetta frumvarp að lögum, ræki enn að sama; útkjálkabrauðin mundu sitja á hakanum og standa lengur eða skemur prestþjónustulaus. Þannig er með hinni lágu tekjuhæð brauðanna misboðið, ekki einasta rjetti sumra presta á móts við embættisbræður þeirra, heldur og svo rjetti safnaðanna. Söfnuðirnir í litlu prestaköllunum mega opt og einatt vera prestþjónustulausir, og þótt til þeirra komi efnilegur prestur, sitja þess konar menn optast um færi til þess, að fá eitthvað betra svo fljótt sem unnt er. Hinir tíðu flutningar presta hjer á landi milli brauða valda enn fremur fjarska miklu fjártjóni, og slíkt þyrfti nauðsynlega að fyrirbyggja, eptir því sem unnt væri, með því að jafna betur tekjurnar á brauðum landsins. Væri ekki of langt liðið á þingtímann til þess, yrði það mín alvarlega tillaga, að hin heiðraða nefnd vildi taka frumvarpið aptur til íhugunar. Til að reyna til að ráða bót á þeim vandræðum, sem mjer virðist málið vera komið í, datt mjer í hug, að gjörlegt væri eða betra en þetta,

að fela landshöfðingja á hendur að jafna eptir ráði stiptsyfirvaldanna tekjur brauðanna. En hvernig sem með málið er farið, stríði jeg fyrir því, að allar tekjutölur undir 1000 kr. færist upp. Hin mesta sanngirni mælir með, að þetta sje gjört og það eru nóg ráð til þess, bæði með því að minnka tekjur hinna beztu brauða, og líka með því að ætla til þess nokkuð fje úr landssjóði t. a. m. 7000 krónur árlega, eins og hið konunglega frumvarp bendir á. Eins og málið liggur fyrir nú, er jeg því alveg mótfallinn og tel verk nefndarinnar næsta óheppilegt, enda mun eining andans hafa vantað, og gott, hafi ekki stefnurnar verið þrjár hjá nefndinni (*H. Kr. Friðriksson*: Sjö!), þótt ekkert ágreiningsatkvæði kæmi beinlínis fram, og var þá ekki von að vel færi.

Framsögumaður: Bæði af því að bráð er barnslund, og líka af því, að jeg vissi, að þingmanni Dalamanna mundi leiðast eptir svari frá mjer, þá bað jeg þegar um orðið. Jeg skal játa það, að þó jeg hefði ekki sjeð breytingartillögu hans í tölul. 211, þá hefði jeg af ræðu hans sannfærzt um, að «nú er Bleik brugðið»; nú sje jeg, að þingmaðurinn er með öllu villtur; jeg þykist viss um, eptir því sem jeg þekki þennan mann, að hann vill málinu hið bezta, en jeg er líka viss um, að hann gjörir nú þessu máli hið versta. Jeg skal þá fyrst minnast á einstök atriði hjá honum. Honum þykir öldungis ófært að sameina Stað og Garpsdal; jeg skal játa, að það hefði verið meiri ástæða fyrir nefndina að vera á móti sameiningu þessari, ef hún vissi eigi, að Garpdalspresturinn situr nú einmitt á Stað, sjálfsagt með samþykki sóknarmanna; reyndar hefur henni borizt í hendur bænarskrá um, að Garpsdalur sje sjerstakt brauð, en með því skilyrði, að því verði lagðar 500 kr. úr landssjóði, en af því nefndin hafði eigi það fje, þá hallaðist hún að stjórnarfrumvarpinu, og brauðið getur alls eigi erfitt heitið, hvað sem þingmaður Dalamanna segir. Þá þykir honum óhafandi sameining Gufudals- og Múlasóknar, sökum vegalengdar og torfærna; en jeg held jeg geti sagt honum, að jeg sje eins kunnugur þar eins og hann, jeg er fæddur í Garpsdal og þekki þar vel til síðan. Jeg ætla ekki að skýra hjer ástæður utan- og innanþingsnefndarinnar fyrir skiptingunum á Múla og Flatey, og sameiningu Múla og Gufudals, en það eitt get jeg sagt, að það er á öllum tímum ársins hægt að ná í prest í Gufudal, en ekki í Flatey. Til að nálgast prest frá Gufudal, þarf að eins fríska dreng, en veitir stundekki af, að skipið sje vel mannað, ef ná skal presti í Flatey. Jeg held því, að þessi sameining sje rjett hjá nefndinni, þó hálsarnir sjeu margir, en þeir eru líka ekki allir langir. Mjer er alls ekki kappsmál um sameining Otrardals og Selárdals. Jeg veit það, að Otrardal hefur lengi verið þjónað frá Selárdal; það er satt, að vegalengdin er mikil, en jeg veit ekki betur en ríða megi hlíðina bæði sumar og vetur. Það má fyrir mjer vera sjerstakt brauð, ef prestur fæst til að þjóna því, eða peningar til að bæta það. Viðvíkjandi hinni fyrstu spurningu þingmannsins, af hverjum ástæðum nefndin hefði sleppt öllum tölum við brauðin, þá vil jeg geta þess, sem hann víst man, að á alþingi 1877 kom jeg með þessar tölur, þá þóttu þær óheppilegar; þetta atriði kom líka til tals í utanþingsnefndinni, og henni þótti ekki þörf á að setja tölurnar við brauðin; mjer finnst líka, að það sje að gjöra þingmönnum rangar getsakir, að segja, að þeir þekki ekki þessar tölur, sem þeim er innan handar að lesa á hverri stundu sem þeir vilja í kirkjutíðindunum. Jeg skal líka geta þess, að jeg bar það upp í nefndinni, hvort ekki mundi rjettara að prenta tölurnar. Þær standa eigi í stjórnarfrumvarpinu og eigi í nefndarfrumvarpinu, en ef deildin væri á því, að þær væru prentaðar, þá er jeg ekkert á móti því; kirkjutíðindin eru við hendina. Þá

er önnur spurning hans, hvers vegna nefndin gjöri brauðin svo misjöfn. Þetta verð jeg að segja, að er órýmileg spurning, þar nefndin hefur gjört mikið til að jafna brauðin, og jafnað þau töluvert, látum vera, að hún hafi farið of skammt, jeg fyrir mitt leyti hef reyndar tekið það til íhugunar, hvort hún hafi eigi farið of langt, og það er víst, að ef gjöra ætti einn graut úr öllum tekjum brauðanna, er hver mætti ausa úr með sleif eða spæni eða ausu eptir vild sinni, þá væru ekki einungis sum prestaköll, heldur söfnuðirnir sviptir hinum helgasta rjetti sínum, sviptir þeim rjetti, að hafa góða og nýta presta. Í sambandi við þetta vil jeg minnast á breytingartillögu þingmannsins í tölul. 211, sem jeg af hjarta vildi óska að hann tæki aptur. Eptir mínum skilningi er þar jafnað af handahófi, eða er það ekki af handahófi að segja: eitt brauð skal vera 2500 kr., 5 brauð skulu vera 2000 kr. o. s. frv.? Ef þessi breytingartillaga kemur til greina, mun jeg mótmæla henni af fremsta megni, því að hún er svo fráleit, að jeg álít þinginu ósamboðið að taka hana til greina, og jeg álít, að það eigi að fara sem varlegast að því að taka frá einu brauðinu til annars. Þingmanni Dalamanna ofbauð tekjuhæð sumra brauða; hann nefndi Hof, Hólma, Vallanes, Vatnsfjörð o. fl. Jeg skal þá sjerstaklega taka Vatnsfjörð, jeg þekki það brauð dável; tekjur þessa brauðs eru mest gjafir frá fyrri tímum, gjafir, sem menn hafa gefið fyrir sálu sinni; væri sannarlega ekki rjett að svipta brauðið þeim gjöfum, sem gefandinn, ef til vill, á dauðadegi hefur gefið því. Þannig er því varið með flest brauð hjer á landi, sem tekjumest eru, og þó þingmanninum þyki nefndin hafa gjört brauðin misjöfn, þá takast þó um 11000 kr. frá brauðum, til uppbótar öðrum. Hann bregður nefndinni um ókunnugleik, jeg veit reyndar, að hann muni kuunugur vera, en jeg held þó, að hann sje ekki kunnugri um land allt en þeir 7 menn, er í nefndinni eru. Hann tók til dæmis sjálfan sig, að hann hefði í 17 ár haft að eins 600 kr í laun, þessu get jeg ekki bætt úr; jú, með því að sameina brauðin, en þetta sannar ekki, að brauðin sjeu of tekjulítil nú; jeg hafði líka lítil laun fyrstu prestsár mín, en nú hef jeg nógar tekjur. Hann verður að virða nefndinni til vorkunar, þó í henni væru fleiri en ein stefna; jeg held mjer sje óhætt að segja, að í henni hafi verið 4 stefnur; sumir vildu sameina sem mest, sumir tvístra sem mest og hafa brauðin tvöfalt fleiri, svo voru aptur aðrir, sem vildu taka til þakka að fá fje úr landssjóðnum brauðunum til uppbóta, en aðrir vildu spara fje hans til þess, já spara til þess, að Ísland gæti fengið góða presta, en jeg hika mjer eigi við að segja, að til betra verður fje landsins þó aldrei varið, en að fá góða, uppbyggilega og í öllu nytsama presta, og jeg játa, að það horfir landinu til hins mesta gagns, að prestarnir sjeu svo vel launaðir, sem þörf er á, því að það er satt, sem einn maður, ekki prestur heldur stjórnvitringur, hefur sagt: það eru prestarnir, sem eiga að halda við hreinleik, krapti og heilbrigði þjóðlífsins, og sjeu nógir peningar til, og þeirra þörf til þess, þá verður landssjóðnum ekki varið til þarfara, en að láta fje úr honum til viðreisnar þessari stjett, til þess hún geti gegnt sem bezt skyldum sínum.

Þorsteinn Jónsson: Jeg játa, að jeg er allt of ókunnugur þessu stóra máli, þó jeg álíti og hafi allt af álitið nauðsynlegt, að bæta kjör prestanna, en jeg játa, að þessi nefnd hefur lítið upplýst mig, og jeg er jafn nær í málinu eptir sem áður, þó jeg í byrjun hugsaði, að hún mundi leiða mig í allan sannleika; en beint á móti þeirri von minni rek jeg mig nú á eitt atriði, sem gjörir mig allt annað en trúaðan á nefndina. Nefndin játaði við fyrstu umræðu, að Vestmannaeyjum hefði alveg verið sleppt, í

þeirri meiningu, að launin ættu að haldast óbreytt, en nú rek jeg mig á, að þegar hún vaknaði, hefur hún alls eigi breytt sanngjarnlega við brauð þetta; hún hefur reyndar lagt því, en þetta tillag er allt of lítið, og sannarlegt lítilræði, eins og framsögumaður hefur viðurkennt, því að það verður ekki sagt um þetta brauð, að bújörðin sje góð, og auk þess er okurs landskuld á henni, eins og á öðrum jörðum í eyjunum, reiknuð upp í tekjur prestsins. Vjer erum þar út úr öllu mannlegu fjelagi (*Margir*: Kaupstaðurinn). Kaupstaðinn tel jeg ekki fremur mannlegt fjelag, því það eru sömu eyjarskeggjar; vjer þurfum því góðan prest til að menntast af honum; af landsmönnum höfum vjer ekki samvistir með öðrum en vinnumönnum, sem dvelja um tíma hjá oss til sjóróðra. Einmitt af aðferð nefndarinnar við þetta brauð dreg jeg þá ályktun, að henni hafi tekizt líkt með fleiri, og af því get jeg ekki greitt atkvæði með þessu frumvarpi.

Þórður Þórðarson: Mjer lízt nú miður á framgang og farsæld þessa máls, ef sjálfir prestarnir eru sundurþykkir, því að þá munu bændurnir brátt feta í þeirra fótspor. Jeg gjörði ráð fyrir, að leggja til breyting á sameiningu Breiðuvíkur- og Nesspinga. Önnur sameining í mínu kjördæmi lá mjer þó nær, sameining, sem hjeraðsfundur Snæfellsness-prófastsdæmis hafði eindregið ráðið til með samþykki viðkomandi presta, nefnilega að stofna brauð milli Straumfjarðarár og Hítarár, eða sameina Miklaholts og Hítarness prestaköll. Sömuleiðis samþykkti þetta Mýraprófastsdæmis hjeraðsfundurinn. Átti eptir því að leggja Krossholtskirkju niður, en Akra og Hjörtsey til Staðarhrauns. Yrði þá þetta nýja prestakall allt milli nefndra áa, nema fáeinir bæir undir Skógafjalli. Fyrir prestsetur var ráðgjört að fá jörðina Stórahraun, sem er eign landssjóðsins, góð jörð, í miðju þessu brauði, sem yrði töluvert hægra, en Hítarnesspingin eru, og alveg torfærulaust. Að vísu yrði Staðarhraun við þetta nokkuð erfiðara brauð, en þar samþykki prestsins, sem nú þjónar þar, var fyrir þessu, bjóst jeg því síður við, að þessi ósk kjósanda minna yrði ekki tekin til greina af hinni heiðruðu nefnd. Vildi jeg því gjarnan fá að heyra skýlausar ástæður hennar í þessu efni.

Viðvíkjandi launahæð presta í tillögum nefndarinnar, skal jeg yfirlýsa því, að jeg mun hallast að skoðun þingmanns Dalamanna, enda þótt jeg á sumum stöðum ætli mjer að fara lengra, ef því verður við komið. Flest brauð hjer á landi ættu, hvað launaupphæðir snertir, að leika milli 1000 og 2000 kr. Lægstu brauð ættu að hafa 1000 kr. laun, enda yrði launamismunurinn, ásamt öðrum mismun, nógur til þess, bæði að vekja keppni þá, sem nauðsynleg þykir, og eins til þess, að greinarmunur yrði gjörður á mismunandi verðleikum, kjörum eða kröptum embættismanna. En það er margt fleira, sem hvetur og vekur kapp og áhuga embættismanna, en upphæð launanna, því meðal annars má nefna, auk velþóknunar drottins, sómatilfinning skyldurækins manns og æru og orðstír hans í mannlegu fjelagi. Góðir embættismenn eða prestar einblína ekki á gull eða gróða, þeir líta líka á rjettlæti og sanngirni, og munu alls ekki ætlast til, að sumum prestum sje launað þrefalt eða fjórfalt við aðra, sem hafa engu meiri embættisstörf. Framsögumaður kallar samvizkusök að hreyfa við fornum eignum kirkna, sem þeim hafa verið gefnar vegna guðsþakkar. En jeg vil þá spyrja: Því er þá hreyft við nokkrum fornum eignum? Því er þá orðin regla að taka frá einu brauði og jafnvel kirkju og gefa annari?

Ísleifur Gíslason: Jeg hef ekki enn talað í máli þessu, en vil, áður en til atkvæða er gengið, gjöra grein fyrir skoðun minni á því. Menn muna máske eptir því, að jeg var flutningsmaður á þingi í hitt eð fyrra að frumvarpi, sem miðaði til að bæta kjör presta á landi voru; en margt má milli vera þess, sem þá var borið upp, og málsins, eins og það nú liggur fyrir. Jeg var þá og jeg er enn sannfærður um, að upphæðirnar þá

voru ekki ósanngjarnar, þegar litið er á þau kjör, sem aðrir embættismenn landsins njóta. Nú má margt um þær segja, en mest eru þær misjafnar og ósanngjarnar að neðan; en þó vil jeg ekki leggja eins mikla áherzlu á þetta eins og hitt, að samsteypurnar þykja mjer á ekki fáum stöðum æði gífurlegar og á stöku stöðum svo, að hefðu ekki jafn vitrir, margreyndir og fjölkunnugir menn um þær fjallað, hefði mjer máske orðið að segja, að þeir hefðu rasað fyrir ráð fram. Lakast er, þar sem breytingar leiða til þess, að kjörin batna ekkert, en uppfræðsla barna verður erfiðari og fyrir það verri. Þar sem brauðin verða gjörð of stór, hljóta prestar að neyðast til að taka sjer aðstoðarpresta, og þá minnka svo tekjur þess brauðs, að allt jafnar sig upp, eins og það aldrei hefði verið bætt, og þar við bætist sú ósanngirni, að bæta miklum erfiðleikum á menn, án þess að bæta neitt kjör þeirra um leið. Jeg þekki nú fá hjeruð, nema þar sem jeg hef þjónað í, og þar yrði eptir þeim uppástungum, sem fyrir liggja, að eins 1 brauð, og það eitt hið minnsta, sem ekki útheimtir fullkomlega færan prest, og þó þykja fá hjeruð liggja betur við samsteypum en það, og geta menn þá ályktað af því, hvernig samsteypunum muni varið í þeim hjeruðum, þar sem enn ver er ástatt. Jeg vildi gjarnan heyra ástæðu nefndarinnar fyrir því, að hún hefur svipt Efri-Holtaþingin styrk þeim, sem utanþingsnefndin og stjórnarfrumvarpið ákvað því, þar sem þetta brauð er t. d. hjer um bil þrefalt örðugra en Stóruvallabrauð, en mjög líkt að tekjum. En af því jeg vil málinu vel, skal jeg yfir lýsa því, að þótt mjer virðist þessir miklu gallar vera á frumvarpi þessu, ætla jeg mjer ekki að greiða atkvæði á móti því, því að mjer þykir enn meira í húfi, ef málið skyldi falla, og finn líka, að með þessu er stigið stórt spor til að ráða bót á þeim vandræðum, sem nú eru. Jeg neita því ekki, að jeg hafði mikla freisting til að koma með heilan her af breytingaratkvæðum, eins og þingmaður Dalamanna; en mín stutta þingreynsla hefur kennt mjer, að vilji menn bana einu máli, þá skuli menn gjöra sem flest breytingaratkvæði við það; en það vildi jeg sízt gjöra við það mál, sem er eitt vort mesta velferðarmál, svo framarlega sem menn vilja nokkra presta hafa, svo framarlega sem menn játa, að kjör þeirra eigi að vera viðunanleg, ef þeir eigi að geta trúlega gegnt skyldu sinni, og verkahringur þeirra ekki stærri en svo, að þeim sje það mögulegt.

Arnljótur Ólafsson: Þótt nefndinni hafi nú eptir þessu mjög svo mistekizt, þá vona jeg, að allir sanngjarnir menn, og ekki sízt hinn heiðraði þingmaður Dalamanna, ætli henni engan annan tilgang en góðan. Nefndin hafði í mörg horn að líta; hún átti við þrenns konar stórvandræði, auk annara fleiri, að stríða. Í fyrsta lagi vissi hún eigi, hverjum breytingum skattalögin og tíundarlögin nýju mundu valda á tekjum brauðanna. Í öðru lagi var frumvarpið um breyting á aukatekjum presta; en sá erfiðleiki er nú horfinn, því málið um aukatekjur presta er nú fallið í efri deildinni. Þriðji erfiðleikinn var miklu mestur, og hann er sá, að brauðamatið fór ekki fram eptir sóknum, svo nefndin gat ekki nema eptir ágizkun vitað, hver tekjuupphæðin mundi verða í þeim brauðum, sem steypt yrði saman við sóknir frá öðrum brauðum; en slík brauð eru ekki færri en um 34 eða $^1/_4$ af 140 brauðum. Auk þessa var nefndin bundin við konunglega frumvarpið; flestallar breytingar, sem hún ræður til, eru og samkvæmar tillögum hjeraðafundanna eða bænarskrám nú til þingsins. Hafi nefndinni stórum mistekizt, lendir mest af þeirri sök hjá milliþinganefndinni. Á þetta bið jeg hina heiðruðu deild vel að líta, og svo það, að hún hefur nákvæmlega fylgt stjórnarfrumvarpinu. Hvort stefnurnar í þingnefndinni voru 1 eða 3 eða fleiri, skal jeg ekki úr skera, en hitt hygg jeg, að hennar andi hafi verið einhver hinn friðsamasti. Allt um það játa jeg, að einn vildi einatt annað en hinn, og að sitt leizt hverjum. Aðalstefna eða mark og mið

nefndarinnar var þó sú, að leggja enga nýja byrði á landssjóðinn, Þessi stefna er tekin fram í ástæðum nefndarfrumvarpsins. Nefndin hafði og þann tilgang, að bæta kjör presta, en ekki með því, að fara í landssjóð og íþyngja með því alþýðu. Í þessu var nefndin eins hugar. Enda verð jeg að álíta 184,000 kr. nægilegt fje til að fæða fullvel presta vora. Þegar menn líta á þessa stefnu og bera hana saman við tillögurnar, er komu til þings 1877, þá vil jeg spyrja hina heiðruðu deild: er ekki þessi stefna, þessar tilraunir fremur virðingarverðar en hitt? Hefði tillögunum og frumvörpunum frá 1877 verið fylgt, þá hefði landssjóði nú verið lokað fyrir öllum framförum og landsþörfum, nema þörfum klerka og annara embættismanna. Jeg met gæði og gagn klerka mjög mikils, en flest gæði má of dýrt kaupa, þó dýrt sje drottins orðið. Alþýða getur gengið of nærri sjer, enda fyrir drottins orðið prestanna. Prjedikana þeirra þarf hún og miklu síður við nú, en áður, því nú eru hinar góðfrægu guðsorðabækur Pjeturs biskups til á hverju heimili, og geta menn ímyndað sjer, hve sólginn almúgi er í þessar húslestrarbækur, þar sem nú er komin á prent önnur útgáfa af Vorhugvekjunum um mesta annatímann, einkum síðan vorin eru orðin svo stutt og hörð. Jeg hef verið meðmæltur samsteypum, en þó svo, að jeg hef ávallt þekkt erfiðari eldri brauð, en þau, sem jeg hef ráðið til að steypa saman. Vitna jeg sjerstaklega til brauða í Eyjafirði, þar sem jeg þekki einna bezt til. Uppfræðsla barna þarf einskis í að missa við stærð brauða, því hún þarf ekki að verða neinu lakari sakir fjölda unglinga, sem sagt er til í einu. Í Ameríku kennir sami maður enda meir en 100 börnum í einni stofu. Önnur stefna nefndarinnar var sú, að jafna betur stærstu gúlana á prestaköllunum; að vísu fór hún lint út í það, en það var fyrst og fremst af því, að hún skoðaði sig eins konar dilkutanþingsnefndarinnar, og svo kom það til, að nefndin vissi, að vaninn er jafnan ríkur, og gekk hún að því vakandi, að menn mundu una því illa, ef farið væri að rýra mjög hin hálaunuðu, göfugu gömlu brauð, svo sem Odda, Breiðabólstað, Hof í Vopnafirði, Grenjaðarstað og Garða; og því voru flest slík brauð látin vera á sama bekk, sem þau voru, að eins skör lægri. En þegar aldir líða og skoðanir breytast og skýrast, stendur þetta til bóta, þegar farið verður að færa kirkjur fyrir alvöru og breyta til samkvæmt ráðum sókna- og hjeraðsnefnda. Hvað gjöld til kirkna snertir, þá lágu þau fyrir utan verkahring nefndarinnar. Þingmaður Vestmannaeyja varð æði sár, sem eðlilegt var og honum líkt, sem ekki er að eins að skoða sem föður eyjanna, heldur og sem viðkvæma móður þeirra. Jeg vil samt biðja hann að sigla með mjer snöggvast í huganum frá þeim eyjum í suðrinu og norður að ey, sem heitir Grímsey. Ætli sú ey sje ekki öllu fremur út úr mannlegu fjelagi? Þangað koma aldrei kaupmenn, aldrei útlend skip, nema fiskiskútur og svo stöku hákarlaskip; þó er presti þar ætlað að eins 300 kr. Þingmaður Dalamanna lagði margar og þungar spurningar fyrir nefndina. Jeg skal þá leyfa mjer aðra spurning viðvíkjandi tölulið 211 á atkvæðaskránni. Hvers vegna tiltekur hann ekki nema 46 brauð af 140? Hjer eru ójöfnurnar að mínu áliti miklu meiri. Hann vill fela landshöfðingjanum það litla starf á hendur, að jafna brauðin að launum og fleiru. Satt er það, að hinn háttvirti landshöfðingi er mikill afkastamaður, en hjer yrði þó máske gengið fram af honum, með því að hann á að raða 94 brauðum inn í geilina milli 1000 kr. og 1500 kr. brauðanna. Annars þarf góðan skilning til þess, að átta sig í fljótu bragði á því, hvernig einn maður á að geta leikið sjer að, að koma því í verk, svo öllum líki, sem fjöldi manna, nefnd eptir nefnd, og allt löggefandi þing landsins ekki gat gjört svo í lagi færi, jeg meina að jafna brauðin á voru landi. Hinn heiðraði þingmaður Dalamanna, sem annars er maður sanngjarn, hefur hjer í hyggju að senda hinn háttvirta landshöfðingja forsending, þar sem hann vill senda

hann út um allt landið, til þess að skipta jafnt brauðum milli allra þess presta. Það er varla ofsögum sagt, þó jeg segi, að þingmaðurinn gjöri landshöfðingjann að píslarvotti með þessu, og það þótt hann setji vor gömlu og góðu stiptsyfirvöld honum við hönd til skrafs og ráðagjörða. Nei, án þess að eyða frekar orðum um þetta, vona jeg, að allir sjái, að þá sje frumvarpið drjúgum betra, en uppástungur og breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Dalamanna.

Þorsteinn Jónsson: Þingmaður Norðurmúlasýslu þurfti ekki að sigla með mig norður til Grímseyjar; ósamkvæmnin, sem nefndin hefur sýnt við Vestmannaeyja brauðið, batnar ekki við það, að öðru eyjabrauði er sýnd enn meiri hlutdrægni. Annars hef jeg þá von, að nefndin finni og sannfærist um sjálf, að það sje ekki rjett, að lækka þetta brauð fremur en að sömu tiltölu, og hún hefur ráðið til við önnur betri brauð. Mat brauðsins nær í raun rjettri varla 800 krónum.

Þorlákur Guðmundsson: Þó hinn heiðraði þingmaður Dalamanna hefði ekki staðið upp, má sjá á atkvæðaskránni, að hann mætir ekki í þessu máli með tvær hendur tómar. Mjer fannst hann vera æði harðorður við nefndina; hann talaði hjer um bil eins, og nefndin hefði ekki gert annað en plokka fjaðrir utan af fátæku brauðunum og hlaða þeim utanum hin betri; en jeg held þó, að allir verði að játa, að nefndin hafi stigið verulegt spor til að jafna; hitt getur verið, að hún ekki hafi farið nógu langt í því efni, en þingmanninum þykir má ske það að, að minna er seilzt til landsjóðs, en milliþinganefndin gjörði. Hvorki hann eða aðrir þurftu nú að búast við, að þessi nefnd ein reyndist alfullkomin. Við þess konar á aldrei að búast. Það var hvorttveggja, að á margt var að líta undir meðferð þessa umfangsmikla máls í nefndinni, enda voru deildar meiningar manna; þó skyldar sanngirni mig til að segja, að nefndarmenn slökuðu stórum til hver fyrir öðrum, og ekki sízt hinn heiðraði formaður, sem líka sat í milliþinganefndinni. Nefndinni er mest borið á brýn tímuleysi hennar að taka frá betri brauðunum. Hefur hún þá ekki tekið töluvert frá þeim? Annar þingmaður Rangæinga tók einkar drengilega í þetta mál, og hjet nefndinni liðveizlu engu síður fyrir það, að hann ekki samþykkti allt. Að ætla landsstjórninni að taka við málinu og jafna brauðin, því get jeg ekki sjeð neitt minnsta vit í. Þingmaður Dalamanna, bregður nefndarmönnum um ókunnleika — þeir eru þó úr ýmsum hjeruðum landsins — en ætlar hann þá landshöfðingja og stiptsyfirvöld kunnugri öllu landinu, en þá alla til samans. Slíkur starfi yrði landshöfðingja alveg ókljúfandi, og svo vandasamur, að hann vill víst vera laus við hann. Þingmaður Vestmannaeyinga vonaði, að nefndin mundi leiða sig í allan sannleika, en honum hefur reynzt annað, að því sem mjer skilst. Hvað tekjur prestsins á eyjunum snertir, hafa þær lengi verið kallaðar drjúgar, og ef jeg man rjett, var brauðið álitið með landsins beztu brauðum, þegar það síðast var veitt. Að kalla eyjarnar lokaðar út úr mannlegu fjelagi, er ekki rjett eða sanngjarnt, þær hafa kaupstað, sýslumann, lækni, yfirsetukonu o. fl., sem mörg prestaköll hafa ekkert af. Landsjóðurinn mun og kosta meiru til Vestmannaeyja að tiltölu, en til nokkurs annars prestakalls á landinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki lasta samkomulagið í nefndinni; en þótt það væri gott, þá var jeg fyrir mitt leyti aldrei samdóma hinum meðnefndarmönnum mínum um brauðasamsteypuna. Mjer virðist eitt athugavert, þegar talað er um kjör prestanna; þá ber fyrst og fremst að skoða hvert ætlunarverk þeirra sje. Ætlunarverk prestanna er eigi það eingöngu, að prjedika, skíra börn, grafa dauða, gefa saman hjón o. s. frv., en eitt er aðalatriðið í verkahring þeirra, og það er uppfræðing barnanna. En það er auðvitað, að því víðáttumeira sem brauðið er, sem presturinn þjónar, því erfiðara veitir honum að gegna köllun sinni í þessu efni, því, að uppfræða börnin. Ef það dæmi hefur nýlega komið fyrir, að prestur

á hægu brauði hefur konfirmerað svo börn, að þau ekki hafa kunnað «faðir vor», hvernig mun honum fara, ef hann fær helmingi örðugra og víðáttumeira brauð. Það segir sig sjálft, að því stærri sem söknirnar eru, því erfiðara er fyrir prestinn að hafa eptirlit með uppfræðingu ungdómsins, svo að í lagi sje. Hinn fyrsti menntunargrundvöllur mannsins á að leggjast í æskunni, og þennan grundvöll eiga prestarnir að leggja, eða sjá um að sje lagður. En þegar svo á stendur í einhverju prestakalli, að margar dagleiðir eru milli sóknarendanna, getur þá eptirlitið orðið eins og menn óska? Jeg held að uppfræðsla barnanna verði þá í litlu lagi og lítt nýt; því að þegar brauðin eru orðin mjög stór, þá er það eigi nema fyrir menn með beztu heilsu og kröptum að þjóna þeim. Og þegar gamlir menn sitja í slíkum brauðum, þá er þeim annaðhvort að gjöra, að vanrækja köllun sína, eða þá að taka sjer aðstoðarprest, og held jeg, að þá fari að skarða í tekjur prestsins. Af þessu leiðir það, að kjör sumra prestanna verða eptir uppbótina, er brauð þeirra hafa fengið, verri, en þau voru áður. Þetta verður deildin að athuga, þetta verður henni að vera hugfast, þegar um samsteypu brauðanna er að ræða. Menn hafa vitnað til þess, að ýmsar þær uppástungur um sameining brauða, er teknar hafa verið upp í þetta frumvarp, hafi komið frá hjeraðafundum. Það getur vel verið, að þetta sje satt, en þessar uppástungur hafa eigi komið frá þeim fundum, sem komu saman til þess að ræða mál þetta; enda er lítið að marka þessar uppástungur, því að þegar sóknarmenn koma á eptir og afbiðja þessar samsteypur, þá er það vottur þess, að þessar uppástungur hafa eigi verið vandlega hugsaðar á þessum hjeraðafundum. Þess er og að gæta, að þegar presturinn á slíkum fundum stingur upp á einhverju við sóknarmenn sína, þá hefur, ef til vill, enginn þrek til að mæla á móti honum, og láta það því ganga, er hann hefur stungið upp á, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt. Það er því ætlun mín, að mál þetta, frá þessari hlið skoðað, sje eigi svo vel undirbúið, sem óskandi væri. Það er að vísu leitt, ef mál þetta nær eigi nú fram að ganga; en jeg er eigi samdóma 2. þingmanni Rangæinga um, að láta það ganga fram með sínum ófullkomlegleikum; því að slíkt mun eigi verða til annars, en að vekja megna óánægju hjá landsmönnum, og að málið komi aptur fram á næsta þingi. Mjer virðist miklu betra, að láta málið bíða og fá betri undirbúning. Jeg skal að vísu játa, að jeg var eigi svo ákafur í því, að taka frá brauðunum og leggja til annara brauða. En ef það er almenn skoðun, að taka eigi frá einu brauði og leggja til annars, sem tekjulítið er, þá skyldi jeg gjarnan vera með þingmanni Dalamanna í því, að koma meiri jöfnuði á millum brauðanna. Framsögumaður sagði, að ósanngjarnt væri, að svipta brauðin miklum tekjum. En ef nefndin hefur rjett til að taka nokkuð frá brauðunum, þá hefur hún rjett til að taka óákveðið frá þeim. Ef nefndin t. a. m. hefur rjett til að taka frá Hofi í Vopnafirði 2 kirkjujarðir, sem brauðinu hafa verið gefnar í legkaup, þá má nefndin taka 3 jarðir frá því. Þó að mörg brauð sjeu erfið, þá eru sum svo erfið, að eigi er vinnandi verk að þjóna þeim til fulls. Það er að vísu auðvitað, að varla er auðið að bæta úr þessu, en víst er um það, að það er engin bót í því fólgin, að gjöra þessi erfiðu brauð m ö r g (*Arnljótur Ólafsson*: «Það er sætt sameiginlegt skipbrot»). Það er eigi sætt, þegar gætt er að því, hver líður. Látum prestana líða við þetta, og það gjöra þeir; en — landslýðurinn líður einnig við þetta, og því er það beiskt og biturt. Um þessar sameiningar, er stungið er upp á, er það að segja, að jeg er samdóma þingmanni Dalamanna um það, að öll þörf sje á sundurdreifingu brauðanna, í staðinn fyrir samsteypu þeirra. Það er snertir Otrardals- og Selárdalsprestaköll, þá þekki jeg þau eins vel og framsögumaður, og mjer er fullkunnugt um, að Selárdalur með Stóra-Laugardal er fullkomlega erfiður, eins og hann er nú; og það er jeg sannfærður um, að enginn ríður frá Sel-

árdal að Otrardal á vetrum nema stöku sinnum. Alveg hið sama er að segja um sameining Gufudals og Múla; jeg verð að vera fastur á móti þessari sameiningu. Þingmaður Strandasýslu, sem er manna kunnugastur þar um sveitir, þar sem hann er þar borinn og barnfæddur, verður að játa, hversu ósanngjörn þessi sameining er. Því neitar að vísu enginn, að erfitt er að þjóna Múla frá Flatey, en erfiðara verður þó að þjóna honum frá Gufudal. Það var sagt, að auðið væri að sækja prest að Gufudal frá Múla. Þetta er satt, en það má líka sækja prest hjeðan upp í Borgarfjörð eða austur í Árnessýslu. Það var eigi þess vegna, að jeg gjörði eigi breytingar við nefndarálitið, að mjer þætti eigi þörf á að hafa fleiri brauð, en hitt var það, að jeg vildi eigi gjöra ágreining í nefndinni. En sú er spá mín, að ef mál þetta verður samþykkt eins lagað og það nú er, þá mun þess eigi lengi að bíða, þangað til breytingar verða gjörðar á sameiningum þeim, er hjer er farið fram á. En úr þessu verður ekki bætt á þessu þingi. Hver, sem því vill máli þessu vel, ætti að óska þess, að málinu yrði frestað. Við þessar miklu sameiningar eru öll eða flest brauð landsins orðin fremur erfið, svo að við það hverfa eða að minnsta kosti minnka mjög svo hækkanir þær á tekjum brauðanna, er frumvarpið gjörir ráð fyrir. Menn verða að hafa tillit til sóknarfólksins. Mjer virðist það að eins vera haft fyrir augum eða tekið tillit til þess, að börnin eigi að koma saman til kirkjunnar, þar sem presturinn messar, til þess að láta hann spyrja sig. En þessu geta börnin ekki æfinlega komið við; prestarnir geta eigi heldur heimtað börnin saman á einn stað á hverjum sunnudegi; prestarnir eiga og hljóta að ferðast um sóknir sínar endrum og sinnum, og koma sem víðast við; þeir eiga að koma heim á hvern bæ; og ef þeir eigi framkvæma þessar húsvitjanir sínar, þá vanrækja þeir þá skyldu, er þeim er á herðar lögð með prestsembættinu, að hafa eptirlit með kunnáttu manna, svo ungra sem aldraðra, og uppfræðingu í kristindóminum, og siðferði sóknarfólks síns. Af þeim ástæðum, er jeg nú hef skýrt frá, vil jeg helzt að máli þessu sje frestað. En ef deildin eigi gjörir það, mun jeg halla mjer að þeim uppástungum, sem mjer þykja skástar.

Guðmundur Einarsson: Jeg ætla ekki að tala margt að þessu sinni, eða elta orðahnippingar þær, er jeg hef fengið, því að jeg vil í ekkert hnútukast fara. Jeg gjörði breytingartillögur mínar af því, að jeg áleit, að nefndin hefði gjört langt of lítið til að jafna brauðin og bæta þau fátæku, og það er sorglegt til þess að vita, að þetta skuli enn eigi takast, og verði 6. gr. felld, þá vildi jeg helzt, að öllu málinu væri frestað, því að það er betra óbúið en illa búið. 1. þingmanni Norðurmúlasýslu ætla jeg engu að svara, það er optast hægt að teygja ýmislegt út úr orðum manna, sem, ef til vill, ekki liggur í þeim, þegar menn eru svo lyndir, að þeir vilja hafa sig til þess.

Páll Pálsson, prestur: Jeg skal fyrst snúa mjer að breytingartillögum þingmanns Dalamanna; til að láta hann sjá og heyra, að jeg hef eigi lagt til ógjörandi sameininga, ætla jeg að greiða atkvæði með breytingartillögum hans, að því er sameiningar snertir. Jeg játa reyndar, að mjer þótti þingmaður Dalmanna óvanalega harðorður, og hegningarræða hans yfir prestakallanefndinni var haldin með meiri hita, ákafa og jeg leyfi mjer að segja drambi, sem lýsti sjer í henni, þar sem hann þóttist kunnugri um land allt, en nefndin, og þó eru í henni menn frá austri, suðri, norðri og vestri. En til þess að gjöra honum skiljanlegt, að sum brauð, sem hann nefndi og sem honum þóttu hafa langt of há laun, svo sem Hof, Hólmar og Staðastaður, sjeu það eigi í raun rjettri, þá skal jeg benda honum á það, að þessi 3 brauð eru öll dúnbrauð og hlunnindabrauð, en allir vita, hve mjög æðardúnninn hefur fallið í verði síðan seinasta brauðamat fór fram, og það er eigi hægt að segja, hve miklu það munar á brauðum þessum, en svo miklu munar það, að tekjuupphæð þeirra verður langtum minni, en

nú stendur á pappírnum. Mig furðaði á því, hve sárt honum tók til Sandfells í Öræfum; mig ætti þó vegna margra ástæðna að taka sárara til þess, en jeg get ekki annað sagt, en að það brauð sje vel viðunanlegt með þeirri uppbót, er nefndin ætlar því; brauðið er hægt, sveitin góð, bújörðin ágæt, og þessu til sannninda skal jeg geta þess, að prófastur, er einu sinni var í Skaptafellssýslu hinni austari, og sem hafði gott brauð, nefnilega Bjarnanes, sótti þaðan að Sandfelli, og leið honum þar miklu betur. Þingmaðurinn finnur að því hjá nefndinni, að hún setji ekki tölur við prestakall hvert, enda má hann nú úr flokki tala, því það má þó með sanni segja, að hann gleymir ekki tölunum; en svo mikið gjörir hann úr þeim, að tillaga hans er ekkert annað en tómar tölur nafnlausar. Breyting hans við 2. gr. get jeg alls eigi fallizt á, jeg verð að játa, að þó jeg beri bezta traust til landshöfðingjans, þá get jeg ekki borið betra traust til hans en til bæði utanþings- og innanþingsnefndarinnar, og það væri ósæmilegt af þinginu, að gefa frá sjer atkvæðisrjett sinn í þessu vandamáli í hendur eins eða tveggja manna. Þá skal jeg snúa mjer að 6. gr. tölul. 223. Jeg er um hann á sama máli og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, þó þannig, að þau smábrauð, sem prestar eru í og hafa þegar fengið uppbót úr landssjóði, að þau eigi ekki að missa hana fyr en prestaskipti verða. Þingmaður Vestmannaeyinga er enn þá eigi ánægður við nefndina, og mikill má þessi 49. töluliður vera, ef allt þetta stóra og langorða skjal á að gjalda hans eins, og falla; jeg játa, að Vestmannaeyjar eru langt frá fastalandinu, en eigi frá mannlegu sjelagi; brauðið er gott og þarf eigi að vera tekjuhátt. En alls ekki er það berandi saman við Grímsey, því að það er svo miklu betra, að minnsta kosti mun þar vera ólíku saman að jafna, Ofanleiti, og Miðgörðum, sem bújörðum. Jeg veit að vísu, að þar er þörf á góðum presti, en meiri þó á ódauðlegum, því það getur komið fyrir, að eigi sje hægt að ná presti úr landi langan tíma, en reyndar er sú bót í máli, að þar er alla jafna nóg af biskupum og klerkum, og jafnvel postulum, þó mormónskir sjeu. Jeg skal þó gjöra þingmanninum það til geðs, að leggja með við nefndina, að hækka töluna, vegna þess að Vestmannaeyingar þurfa góðan prest sakir trúarvinglsmanna þeirra, sem eru þar í eyjunum, en ekki af því, að jeg óttist atkvæði hans móti frumvarpinu, af því að það geti málinu til bana orðið. Jeg þykist vita, að það hefur ekki verið alvara hjá 2. þingmanni Rangæinga, að kalla oss prestana í nefndinni fjölkunnuga, hann hefur sjálfsagt meint, að vjer værum fjölfróðir eða fjölvísir, og hefði hann sagt svo, þá hefði það engan hneykslað. Hann spurði, hvers vegna Holtaþingin hefðu eigi fengið uppbót hjá nefndinni. Jeg vil svara honum því, að það kom af því, að því brauði er vel í sveit komið, og þó þar yrði prestlaust um stund, þá er ætíð hægt að ná í prest frá öðrum prestaköllum. Til þess tók nefndin tillit. Það er snertir mótbárur þingmanns Reykvíkinga, þá hef jeg ekkert við þær að athuga; þær eru samkvæmar skoðun hans í nefndinni, og komu því ekkert flatt upp á mig.

Björn Jónsson: Jeg verð að taka undir með þeim, sem álíta rjettara að fresta þessu máli, en að ljúka því á þessu þingi, sakir galla þeirra, sem eru á frumvarpinu, bæði frá utanþings- og innanþingsnefndinni. Það er auðvitað, að mál þetta er mjög mikið vandamál. Það eru tveir aðalgallar á aðgjörðum nefndarinnar: annar sá, að brauðin eru yfir höfuð eigi jöfnuð sem skyldi, að tekjum til, en hinn sá, að hægu brauðin og þau, sem bezt er í sveit komið, eru viða látin vera tekjumest, í staðinn fyrir að fylgja gagnstæðri reglu, þar sem því varð við komið. Það er auðvitað erfitt að fá jöfnuð á brauðunum, og jeg álít betra að bíða, en uppgefast við hálfgjört verk. Jeg er öldungis á sama máli og þingmaður Dalamanna, að sameining Gufudals og Múla sje með öllu ótiltækileg; jeg þekki vel til þessara brauða,

og get því skýrt frá, hvernig þar er háttað um vegalengd o. fl. Milli kirknanna í Gufudal og á Múla á Skálmarnesi, er um hásumarið eigi minna en hálf önnur dagleið, og það illur vegur og erfiður; á vetrum er sú leið opt ófær fyrir hest og jafnvel ósjaldan fyrir gangandi menn. Það er kemur til erfiðleikanna að þjóna Múla frá Flatey, þá er það þó heldur gjörandi, því að þar má fara sjóveg á milli. Sömu erfiðleikar eru á sameiningu Otrardals og Selárdals. Hin gamla annexíuleið Selárdalsprests, frá Selárdal að Stóra-Laugardal, er eflaust einhver hin erfiðasta annexíuleið á landinu; að bæta nú þar við annari, frá Selárdal að Otrardal, sem mun vera full þingmannaleið, má nærri geta, hvaða vit er í. Selárdalsbrauð og Otrardals hafa að vísu verið sameinuð til bráðabirgða nú um nokkur ár, eins og kunnugt er, en það hefur því að eins getað blessazt — hvernig, veit jeg raunar eigi —, að Selárdalspresturinn, sem nú er, er hinn mesti röskleikamaður, á bezta skeiði.

Það er líka aðgætandi, að þótt svo ætti að heita, að mál þetta væri undirbúið á hjeraðsfundum, þá mun sá undirbúningur eigi hafa verið svo rækilegur, að mönnum mundi veita af að íhuga málið betur heima í hjeraði; það mun eigi óvíða hafa orðið annað ofan á um brauðasameiningar o. fl., en allur þorri hlutaðeiganda mundi kosið hafa við nánari íhugun. Þetta er enn ein ástæðan til þess, að jeg álít rjettast, að þessu máli sje frestað til næsta þings.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil eigi gefa þegjandi atkvæði mitt í máli þessu, en jeg ætla ekki að fara langt út í aðalefni málsins, því jeg er einn af þeim, sem álít, að það eigi að hvíla sig til næsta þings. Jeg heyrði á ferðum mínum í hjeraði, bæði á Norðurlandi og á Austurlandi, að það var almenn skoðun, að málið væri eigi nægilega undirbúið, og betra væri, að það gengi aptur í gegnum hreinsunareldinn. Þingmenn vita líka, að sama skoðun hefur komið fram í bænarskrám til þingsins, sem liggja hjer á lestrarsalnum, hvar í er beðið um, að málinu sje eigi ráðið til lykta. Þegar jeg heyri nú umræðurnar, og sje nefndarálitið, þá sannfærist jeg enn betur um, að þetta er á rökum byggt, og að málið á eigi nú fram að ganga. Það er stórt og vandasamt mál og þarf mikinn undirbúning, og yfir höfuð sýnist mjer mjög varasamt, að ráða til lykta jafnstórum málum, sem þetta mál er, sem snertir alla landsmenn, fyr en þjóð og þing er í nokkur ár búið að skoða þau frá ýmsum hliðum. Eins og málið liggur hjer fyrir, þá er það meira til hags fyrir prestana, sem fá hærri laun, en fyrir söfnuðina, í hið minnsta þá, sem lenda í brauðasamsteypunni og hafa miklu örðugra að ná til prests og kirkju sinnar en áður. Hjer er ekkert heldur komið fram um það, að leggja niður og flytja kirkjur, sem er mjög áríðandi, þegar um jöfnuð og samsteypu brauða er að tala. Tekjur brauðanna eru og allt of misjafnar. Jeg get því ekki greitt atkvæði mitt með því, að málinu sje lokið á þessu þingi.

Snorri Pálsson: Jeg vil spyrja framsögumann að því, hvers vegna nefndin hefur í tölul. 117 breytt 300 kr. í 200, þar sem hún þó hefur látið tölul. 114 óbreyttan.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vildi að eins gjöra eina játning, áður en til atkvæða er gengið. Áður en jeg fór til þings, var jeg á því, að fresta ætti máli þessu; en nú er jeg á því, að betra sje, að það gangi fram, ekki af því, að mjer líki það alls kostar, heldur fyrst og fremst af því, að jeg er orðinn sannfærður um, að hversu opt sem málið verður rætt hjer á þingi, þá mun það sannast, að ávallt verður ágreiningur um ýms atriði þess. Í öðru lagi eru það orð landshöfðingja um frumvörpin, sem rædd voru í gær, sem koma mjer til að halda málinu fram. Ef eptirlaunafrumvarpið verður að lögum, þá vil jeg spyrja deildina, hvort ekki muni lítið jafnað. Annars vegar er frumvarpið um stjórn safnaðarmála; í 11. gr. þessa frumvarps er tekið fram, að enga breyting megi gjöra á takmörkum sókna nje prestakalla, nema hjeraðsfundarmenn samþykki. Jeg gef því atkvæði með frumvarp-

inu, einmitt af trausti til ummæla landshöfðingja, að ef þetta frumvarp verður samþykkt, þá muni hin samþykkt. Í frumvarpi um stjórn safnaðarmála er verkfærið til að laga það, sem landsmönnum þykir við þurfa í prestamálinu. Það er til þess kemur, að nefndin hafi lítið jafnað brauðin, þá er þeim þó jafnað um 12000 kr. frá því sem áður var. Jeg álít, að málið sje komið æði langt á leið, og það sje mikil ábyrgð fyrir þingið, að kasta öllum þessum frumvörpum, ekki einungis þessu, sem hjer ræðir um, heldur einkanlega safnaðafrumvarpinu. Þó jeg hafi ritað á móti því, að mál þetta gengi fram á þessu þingi, þá greiði jeg þó af þessum ástæðum atkvæði með því.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að skírskota til ræðu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, og vil jeg styðja það, er hann mælti. Jeg skal taka það upp aptur, að undirbúningur þessa máls fór fram alveg samkvæmt þeirri þingsályktun, er samin var á þinginu 1877, og hygg jeg hann hafa verið svo góðan, sem hann nokkurn tíma getur verið. Það er sjálfsagt ákjósanlegt, að ræða mál þetta með breytingum þeim, er fram hafa komið, sem bezt og vandlegast á þinginu; en að fresta því og að ræða það þannig þing af þingi, það verð jeg að ætla ógjörlegt, og jeg þykist þess fullviss, að margir þingmanna muni eigi verða komnir lengra á leið í máli þessu árið 1881, en þeir eru nú komnir. Jeg skal því enn á ný leyfa mjer að skora á deildina um, að samþykkja frumvarp þetta með breytingum þeim, er nefndin hefur við það gjört.

Páll prestur Pálsson: Þó að undirbúningi máls þessa hafi að vísu verið nokkuð ábótavant, þá virðist mjer þó hyggilegast, ef þinginu á annað borð er annt um málið,— að málið sje látið ná framgöngu nú þegar á þessu þingi, svo að reynslan geti sjálf sýnt, og hún er þó hið bezta vottorð, hvort breyta þarf lögunum, og hverjar breytingar eru nauðsynlegar. Það er óhugsanlegt, að þjóðin geti sagt, að fyrirkomulag það, er nú er stungið uppá, sje óhafandi, nema reynsla sje fyrir því; því að enginn getur sagt um það svo áreiðanlegt sje, nema hann hafi reynsluna fyrir sjer. Þingið hefur eigi heldur hikað sjer við að breyta nýjum lögum, þegar það hefur sjeð, að það var til batnaðar. Þessa ástæðu virðist mjer nauðsynlegt að þingið taki til greina.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get eigi fallizt á þessa ástæðu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu fyrir því, að frumvarp þetta eigi að ná fram að ganga af þeirri orsök, að landshöfðinginn muni ella eigi mæla með hinum frumvörpunum, er standa í sambandi við prestamálið, því að þessi frumvörp standa eigi í svo nánu sambandi við mál það, er hjer liggur fyrir, að landshöfðinginn geti eigi mælt fram með þeim, þótt þetta frumvarp fjelli, ef hann á annað borð er málunum velviljaður. Jeg álít einnig þá rjettarbót í frumvörpum þessum, að þau ættu sem fyrst að ná fram að ganga. Ef frumvarpið um eptirlaun presta og styrkinn til presta-ekkna verða að lögum, þá ljettir talsvert á brauðunum. Ef aðalprestamálinu verður frestað til frekari undirbúnings, og málið um sóknanefndir og hjeraðanefndir verður að lögum, þá geta sóknanefndirnar sagt álit sitt um brauðaskipunina. Þess ber og að gæta, að ef mál þetta er ófullkomið, eins ag játað hefur verið, en nær þó fram að ganga á þingi þessu, og verður síðan staðfest sem lög af konungi, þá verður að breyta þessum lögum aptur, af því að svo miklir gallar mundu verða á þeim, en það gefur hverjum manni að skilja, að því óhægra og erfiðara er að breyta einum lögum, því stærri og umfangsmeiri sem þau eru; og það mun sannast, að ef mál þetta nær lagagildi nú á þessum árum (1879 eða 1880), þá mun koma beiðni fyrir næsta þing árið 1881 um að þeim verði breytt. Það er satt, að breyta má lögum, sem nýbúið er að samþykkja, en menn eiga ekki að vera að leika sjer að því í stórum málum; slík stórmál, sem þetta er, á að búa sem bezt úr garði að unnt er, svo að eigi þurfi að kollsteypa þeim aptur

að öllu leyti, með breytingum og byltingum.

Framsögumaður: Jeg verð að svara þingmanni Snæfellinga nokkrum orðum upp á þá spurning hans, hví Miklaholts- og Hítarnessprestaköll hefðu eigi verið sameinuð. Bæði utanþingsnefndinni og þessari nefnd þótti þessi sameining eigi gjörleg, af því að prestafæðin á þessu svæði er óvenjulega mikil. Báðar nefndirnar vildu hafa tillit til og tóku tillit til hjeraðafundanna, ef uppástungur þeirra voru eigi of gífurlegar; en sumar þeirra voru svo frekar, að eigi var umtalsmál að ganga að þeim og þar á meðal virtist nefndinni þessi uppástunga vera. 2. þingmanni Rangæinga ætla jeg eigi að svara mörgu. Honum þótti munurinn svo mikill á frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, og frumvarpi því, er hann kom með á þingið í hitt eð fyrra. Veit jeg það, að tvö eru hófin til; en þótt nefndin hafi eigi ratað meðalhófið í máli þessu, þá hefur hún þó stigið spor til verulegra bóta í því, og það vona jeg að allir játi. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að kjör prestanna bötnuðu ekki, þótt frumvarp þetta næði að verða að lögum, með því að brauðin yrðu svo miklu erfiðari en þau hefðu áður verið, sakir hinna miklu og mörgu sameininga, er nefndin hefði leyft sjer. En jeg ætla á hinn bóginn að biðja þingmanninn að taka til greina, hverjar þessar sameiningar eru, sem allt af er verið að stagast á. Það er eigi fundið að sameiningu annara brauða en þeirra, sem auðvelt er að sameina. Þingmaður Reykvíkinga talaði margt og mikið, og fleira en jeg get munað. Hann gaf meðal annars upplýsing um það, að prestur á hægu brauði hefði fermt barn, sem ekki hefði kunnað «Faðir vor». Ef þetta er satt, sem jeg vona að ekki sje, þá sannar það hið gagnstæða við það, sem þingmaðurinn ætlaði að sanna. Jeg er viss um, að enginn prestur á erfiðu brauði hefur fermt barn, sem eigi kunni «Faðir vor». Hann kvað mál þetta enn eigi hafa fengið nægan undirbúning. En hve nær mundi það verða nægilega undirbúið? Er það eigi búið að vera tvisvar í hjeruðum til undirbúnings? Jeg get sýnt hjeraðaskýrslur í tvennu lagi, sem sje frá árinu 1874 og 1878, og þessar skýrslur eru sumar alveg samhljóða og fiestum ber þeim saman. Það er merkilegt að heyra þingmenn koma með slíkar ástæður og þessar, sem eigi eru til neins annars en að tefja tímann. Þingmaðurinn talaði um ófullkomlegleika á frumvarpi þessu, en hefur þá þingmaðurinn þekkt nokkurt það mál eða nokkur þau lög, er eigi hafa einhvern ófullkomlegleika eða eru eigi alls kostar fullkomin Á flestum málum munu reynast einhverjir gallar eins og á öllum öðrum mannaverkum. Þingmaðurinn vildi vita sannan vilja hjeraðsmanna; en hvar er þennan vilja að finna, ef hann eigi er að finna í þeim hjeraðasamþykktum, er hjeraðamenn hafa ritað nafn sitt undir. Hann sagði, að úr því að nefndin hefði á annað borð tekið sjer þann rjett, að taka nokkrar tekjur frá einu brauðinu og leggja þær til annars, þá gæti hún eins leyft sjer að svipta sum brauðin öllum tekjum þeirra. En jeg held, að nefndin hafi farið svo varlega í þetta, sem henni var unnt, og eigi tekið frá neinu prestakalli meiri tekjur en svo, að það hefði nægilegar tekjur eptir; já, ekki meiri en svo, að gjafir þær, sem brauðunum hafa verið gefnar, haldist óskertar. Margt var það fleira, er þingmaðurinn talaði, ag talaði ástæðulaust. Hann sagði t. d., að sum væru þau prestaköll í frumvarpinu, er eigi mundi hægt að þjóna, svo að í nokkru lagi væri. En jeg þekki eigi þau brauð í frumvarpi þessu, sem þannig er háttað. Það er annars hægra að tala slíkt en að sanna það. Hann vildi, að málinu yrði frestað, og það betur undirbúið. En hvernig á þá að undirbúa málið, svo að það sje fullkomlega undirbúið eptir skilningi þingmanns Reykvíkinga? Mjer þætti gaman, ef þingmaðurinn segði mjer það. Það er nú tvisvar búið að undirbúa mál þetta. Það hefur verið rætt og vandlega íhugað af tveim nefndum, og af tveim þingum, og í utanþingsnefnd þeirri, er skipuð var í mál þetta, voru bæði stiptsyfirvöldin; í þessari deild hefur það

tvisvar verið rætt, og sjálfur þingmaðurinn var nú í nefndinni, og hvers þurfum vjer þá framar. Jeg held, að þetta og annað eins sje eigi sagt af góðum vilja eða hlýjum huga til málsins. Sami þingmaður sagði, að mál þetta skorti undirbúning af hálfu sóknarmanna út um landið, og að sóknaskýrslur vantaði. En 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sýndi og sannaði, að nóg stig væri stigið í þessu efni, enda væri svo, að ef frumvarpið um skipun sóknanefnda og hjeraðsnefnda næði fram að ganga, þá mundu nefndir þessar geta bætt úr því, er þessu frumvarpi er ábótavant, og gjört uppástungur um breytingar á tilhögun prestakallanna. Þingmaður Reykvíkinga talaði meðal annars um hinn mikla ójöfnuð á brauðunum. En jeg held, að þingmaðurinn ætti að kynna sjer betur frumvarpið, og mundi hann þá sjá, að nefndin hefur gjört sjer allt far um að sjá fyrir útkjálkabrauðunum, þótt hún á hinn bóginn hafi látið sum brauð sitja við miklar tekjur; og ef þetta frumvarp nær fram að ganga, þá hefur hagur útkjálkabrauðanna mjög mikið batnað úr því, sem nú er. Jeg skal aldrei vera með því, að jafna algjörlega tekjur brauðanna, því að það verð jeg að álíta alveg rangt. Nefndin hefur eigi heldur haldið hlunnindunum til hægu brauðanna, þótt hún tæki þau eigi frá þeim. 1. þingmaður Suðurmúlasýslu kvað sig hafa heyrt, að menn vildu fresta málinu. Þetta hefur þingmaðurinn víst heyrt á einhverjum af Gránuferðum sínum, og furðar mig stórlega á eins samvizkusömum þingmanni, ef hann fylgir eigi nú á þessu þingi máli þessu fram með allri alúð. 2. þingmaður Eyfirðinga lagði fyrir mig spurning viðvíkjandi aðgjörðum nefndarinnar við 117. og 114. tölul. stjórnarfrumvarpsins. Jeg skal svara þingmanninum því, að það er vandi að svara upp á það, er menn eigi hafa hugsað sjer ástæðu fyrir eða sjálfir gjört. Breyting þessi var eigi gjörð af mjer. Annars virðist mjer svarið eigi ríða á svo miklu. Þingmaður Reykvíkinga vildi með síðari ræðu sinni sanna, að þótt þetta aðalmál næði eigi fram að ganga á þessu þingi, þá þyrftu hin málin, er standa í sambandi við það, eigi að falla með því, og kvað hann landshöfðingja geta mælt með þeim eptir sem áður. En jeg held að landshöfðinginn ráði tillögum sínum fyrir þingmanni Reykvíkinga, og gjöri sem honum sýnist, þrátt fyrir ummæli þingmannsins; enda virðist mjer eðlilegast, að ef frumvarp þetta verður eigi samþykkt, þá eigi hin ekki heldur að ná fram að ganga. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að þótt þetta frumvarp nú væri samþykkt af þinginu og næði lagagildi, þá mundi það aptur koma inn á þingið 1881, því að svo margar breytingar þyrfti við það að gjöra, og kvað hann óheppilegt, að þurfa þegar aptur að fara að gjöra einlægar smábreytingar við það. En jeg held, að það sje rjettast í þessu máli, að gjöra aðalbreytingarnar fyrst, en smábreytingarnar geta komið svo síðar. Það er eigi heldur hætt við, að oss muni bregða svo mjög við, þótt vjer þyrftum að breyta lögum þessum, vjer erum eigi svo óvanir þessum smábreytingum á lögum vorum. En til þessara smábreytinga í máli þessu ætti eigi að þurfa lagafrumvarp, heldur ættu hjeraðafundirnir að stinga upp á þeim og landsstjórnin síðan að framkvæma þær. En hvað erum vjer að gjöra? Er þetta leikur? Erum vjer að gamni okkar að taka mál þetta fyrir þing eptir þing, til þess að það aldrei komist áfram? Er það heppilegt, að vjer köstum nú frá oss stjórnarfrumvarpinu, og segjum, að málið sje eigi nægilega undirbúið. Jeg segi með fullri sannfæringu: Landslýðurinn heimtar að vjer gjörum enda á máli þessu. Og söfnuðirnir gjöra rjettláta kröfu, þessir söfnuðir, sem um mörg ár hafa verið prestslausir og mœnt hafa vonaraugum til vor, að vjer bættum úr þörfum þeirra. Eins og ástandið er nú, lítur eigi út fyrir annað en að prestastjettin hjer á landi líði undir lok, þar sem brauðin standa auð og óveitt ár eptir ár og kjör prestanna hin aumlegustu. Jeg veit reyndar, að menn segja: «Þessi stjett getur enn sem fyr unað við kjör sín; hún hefur hófsöm verið, og þolað

bæði súrt og sætt; prestarnir hafa átt í bezta samkomulagi við söfnuðina, og þegið gjafir af þeim». En jeg verð að álíta, að það sje eigi heppilegt, að prestarnir sjeu komnir upp á söfnuðina, heldur tel jeg hitt æskilegt, sem frumvarpið fer fram á, að hver prestur hafi viðunanleg laun, til þess að hann geti lifað sómasamlega. Ungur maður, sem vill rækja skyldur sínar, hlýtur að fælast frá því að vera prestur, eins og kjör prestanna eru nú, og það því fremur sem hann sjer, að honum er eigi fært að standa svo í stöðu sinni, sem hann á að gjöra. Að endingu lýsi jeg því yfir, að það er eindregin tillaga mín, að málið nái fram að ganga í því sniði, sem það nú er í, og vildi jeg óska þess, að öllum þingmönnum væri það eins ljóst og mjer, hve áríðandi það er að málið fái sem beztan enda. En ef málið verður eigi leitt til lykta nú á þessu þingi, þá segi jeg það úr minni ábyrgð, að fje landssjóðsins sje varið þannig til einskis ár eptir ár, til þess að ræða þetta mál. Jeg segi það úr minni ábyrgð og á ábyrgð þeirra, sem því valda, ef mál þetta, eptir allt það, sem til þess hefur verið kostað, og þrátt fyrir þá nauðsyn, sem til þess ber, eigi fær fullnaðarenda.

Snorri Pálsson: Jeg er mjög þakklátur framsögumanni fyrir hreinskilni hans, þar sem hann játaði, að nefndin hefði breytt þessu (þ. e. tillaginu til Hvanneyrar) ástæðulaust; þetta hlýtur og að vera sannleiki, því að nefndin hefur eigi getað haft neina skynsamlega ástæðu til þessarar breytingar. Það má með engu móti minnka tekjur Hvanneyrarprestakalls frá því, sem stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu, og einkum ef menn vilja taka nokkurt tillit til þess, að það er útkjálkabrauð. Fell er miklu betur í sveit komið, og má auk þess gjöra miklar jarðabætur við þá jörð, og það með litlum tilkostnaði. Eins og landshöfðingja mun vera kunnugt, hefur verið ráðgjört, að gjöra jarðabætur á Felli, er eptir áætlun Sveins búfræðings mundu kosta 300 kr., en þessi jarðabót mun gjöra jörðina svo góða, að hún yrði hin bezta jörð í Skagafirði. En Hvanneyri er harðbalajörð hin mesta, og vetrarríki mikið; og nú hefur nefndin fært þetta brauð niður um 100 kr. Hver sem nokkuð þekkir til þessara 2 brauða, mundi eins vel sækja um Fell án nokkurrar uppbótar, eins og Hvanneyri með 300 kr. uppbót. Hversu hart sem framsögumanni kann að þykja það, verð jeg að hallast að þeirri skoðun, að eins og nefndinni hefur skjátlazt hjer, eins kunni að vera víðar, og að mál þetta sje eigi nægilega undirbúið, og er sú mín ætlun, að betra sje að fresta málinu.

Framsögumaður: Jeg verð að bera það af mjer, að þessi breyting hafi verið gjörð að ástæðulausu; en hins vegar gjörði jeg hana eigi. Þó get jeg komið með eina ástæðu fyrir breytingunni, jeg mun fara rjett með hana eptir þeim, sem þessu rjeðu, og hún er sú, að Hvanneyri er kaupstaðarbrauð, og held jeg að sumir hafi sagt, að kaupmaðurinn þar væri prestinum svo góður, að það væri á við 100 kr. Mjer virðist hart, ef máli þessu skal enn fresta, og hygg jeg, að breytingar þær, er gjöra þyrfti við málið, mætti leggja á vald hjeraðafunda. Jeg tek það upp aptur, að jeg segi það úr minni ábyrgð, þótt máli þessu sje frestað án allra orsaka, eða af þeim orsökum, er að engu eru hafandi.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði deildarinnar eptir prentaðri atkvæðaskrá (I 270—277), og var hennar

1. liður samþykktur með 19 atkvæðum.
2. — — — 18 —
3. — — — 16 —

211. —, sem hjer var borinn upp til atkvæða eptir áskorun frá 8 þingmönnum, var felldur með 14 atkvæðum gegn 4.

4. liður með á orðinni breytingu samþykktur með 14 atkv.
5. — með á orðinni breytingu samþykktur með 14 atkv.
6. — samþykktur með 13 atkvæðum.
7.—8. liður samþykktur með 14 atkv.
9. liður samþykktur með 12 atkv. gegn 3.
10. — þar með fallinn.
11. — — — —
12. — samþykktur með 12 atkvæðum.
13. — með á orðinni breytingu samþykktur með 14 atkv.
14. — með á orðinni breytingu samþykktur með 13 atkv.
15. — með á orðinni breytingu samþykktur með 15 atkv.
16. — samþykktur með 14 atkv.
17. og 18. liður þar með fallnir.
19. liður samþykktur með 16. atkv.
20. — — — 14. —
21. — með á orðinni breytingu samþykktur með 15 atkv.
22. — samþykktur með 17 atkvæðum.
23. — — — 12 —
24. — með á orðinni breytingn samþykktur með 13. atkv.
25. — með á orðinni breytingu samþykktur með 14 atkv.
26. og 27. liður samþykktur með 17 atkv.
28. liður samþykktur með 15 atkvæðum.
29. — — — 16 —
30. — — — 12 —
31. — með á orðinni breytingu samþykktur með 14. atkv.
32. — með á orðinni breytingu samþykktur með 16 atkv.
33. — samþykktur með 17 atkvæðum.
34. — — — 13 —
35. — með á orðinni breytingu samþykktur með 14 atkv.
36. — samþykktur með 16 atkv.
37. — með á orðinni breytingu samþykktur með 14 atkv.
38. — samþykktur með 17 atkv.
39. liður með á orðinni breytingu samþykktur með 14 atkv.
40. — samþykktur með 11 atkv.
41. — með á orðinni breytingu samþykktur með 12 atkv.
42. — samþykktur með 16 atkv.
43. — — — 11 —
44. — með á orðinni breytingu samþykktur með 11 atkv.
45. — með á orðinni breytingu samþykktur með 15 atkv.
46. — samþykktur með 12 atkv.
47. — með á orðinni breytingu samþykktur með 12 atkv.
48. — samþykktur með 16 atkvæðum.
49. — — — 11 —
50. — með á orðinni breytingu samþykktur með 11 atkv.
51.—61. liður samþykktur með 17 atkv.
62. liður með á orðinni breytingu samþykktur með 16 atkv.
63. liður samþykktur með 13 atkvæðum.
68. — — — 16 —

Kaflinn 63.—71. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 14 atkv.

72. liður samþykktur með 13 atkv. gegn 1.
75. — — — 12 —

Kaflinn 72.—78. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 16 atkv.

80. liður samþykktur með 12 atkvæðum.
84. — — — 14 —

Kaflinn 79.—86. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 14 atkv.

88. liður samþykktur með 16 atkvæðum.
89. — tekinn aptur af framsögumanni.
90, — samþykktur með 17 atkvæðum.
91. — sjálffallinn við atkvæðagreiðsluna við 88. lið.
92.—94. liðir teknir aptur.

«Þessu prestakalli leggjast 300 kr.» (í stjórnarfrumvarpinu) fellt með 12 atkvæðum gegn 4.

95. liður með áorðinni breytingu samþykktur með 16 atkvæðum.

Kaflinn 87.—98. liður samþykktur með á orðnum breytingum með 16 atkv.

101. liður samþykktur með 16 atkvæðum.

Kaflinn 99.—103. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 15 atkv.

104. liður samþykktur með 14 atkvæðum gegn 6, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson,

Nei:

Arnljótur Ólafsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,

105. liður «500 kr.» fellt með 11 atkvæðum gegn 7.

«400 kr.» samþykkt með 16 atkv.

107. — samþykktur með 11 atkv.

108. — «400 kr.» tekinn aptur.

«200 kr.» samþykkt með 18 atkv.

110. — samþykktur með 17 atkvæðum.

111. — — — 15 —

115. — — — 12 — gegn 8, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorsteinn Jónsson,
Páll Pálsson, prestur.

Nei:

Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Hjálmur Pjetursson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

Kaflinn 104.—115. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 14 atkvæðum.

118. liður samþykktur með 17 atkv.

119. — — — 17 —

121. — — — 15 —

Kaflinn 116.—124. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 17 atkvæðum.

125. liður samþykktur með 16 atkv.

126. — — — 14 —

129. — — — 14 —

Kaflinn 125.—133. liður með á orðnum breytingum sumþykktur með 17 atkvæðum.

136. liður samþykktur með 13 atkvæðum.

Kaflinn 134.—138. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 16 atkv.

139. liður samþykktur með 17 atkvæðum.

141. — —— — 18 —

150. — —— — 11 — gegn 1.

Kaflinn 139.—150. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 17 atkv.

152. liður samþykktur með 12 atkv. gegn 1.

154. — —— — 17 —

155. liður samþykktur með 18 atkv.
157. — —— — 13 —
158. — —— — 18 —
161. — —— — 16 —
167. — —— — 16 —
Kaflinn 151.—167. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 18 atkv.
170. liður felldur með 11 atkvæðum gegn 4.
175. — samþykktur með 19 atkvæðum.
178. — —— — 18 ——
180. — —— — 17 ——
181. — —— — 17 ——
183. — —— — 16 ——
Kaflinn 168.—184. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 18 atkv.
185. liður samþykktur með 16 atkv.
187. — —— — 12 — gegn 4.
189. — felldur með 13 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson.
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.

192. liður felldur með 13 atkvæðum gegn 6.
194. liður samþykktur með 11 atkvæðum gegn 2.
196. og 197. liðir samþykktir með 16 atkvæðum.
199. liður samþykktur með 20 atkvæðum.
Kaflinn 185.—201. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 17 atkv.
204. liður samþykktur með 12 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Grímur Thomsen,
Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

205. liður samþykktur með 16 atkvæðum.
Kaflinn 201.—209. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 18 atkv.
210. liður með á orðnum breytingum samþykktur með 15 atkvæðum.
212. liður felldur með 14 atkvæðum gegn 3.
213. — óbreyttur samþykktur með 17 atkv.
214. — samþykktur með 18 atkvæðum.
215. — þar með fallinn.
216. — samþykktur með 17 atkvæðum.
217. — tekinn aptur af flutningsmanni.

218. — samþykktur með 18 atkvæðum.
219. — þar með fallinn.
220. — samþykktur með 18 atkvæðum.
221. — þar með fallinn.
222. — felldur með 14 atkvæðum gegn 2.
223. — samþykktur með 14 atkvæðum.
224.—227. liður þar með fallnir.
228. liður samþykktur með 16 atkvæðum.
229. — með á orðinni breytingu samþykktur með 18 atkvæðum.
230. liður samþykktur með 15 atkvæðum.
231. — með á orðinni breytingu samþykktur með 15 atkvæðum.
232. liður samþykktur með 16 atkvæðum.
233. — —— — 14 ——
234. — —— án atkvæðagreiðslu.
235. — með 15 atkvæðum gegn 6, að við höfðu nafnakalli þannig, að

Já sögðu:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:
Björn Jónsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll Pálsson bóndi,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson.

Þriðja umræða í neðri deild, á 39. og 40. fundi, 13. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deildinni, sjá I 338—343.

Yfilit yfir tekjuupphæð prestakallanna á Íslandi, eins og hún var eptir 2. umræðu um frumvarpið í neðri deildinni sjá I 355—359.

Breytingartillögur I 351. 359. 360. 367.

Landshöfðingi: Eins og jeg tók fram við 2. umræðu þessa máls, ætla jeg ekki að ræða um hinar einstöku upphæðir, sem stungið er upp á að leggjast skuli hinum lakari brauðum, eða leggjast skuli til þeirra frá hinum betri brauðum, þar sem jeg geng út frá því vísu, að hinir háttvirtu deildarmenn vel og vandlega hafi yfirvegað öll þessi atriði, og hafi nægilega þekking á því, hvernig hagar til í þessu tilliti með hin einstöku prestaköll í öllum landsfjórðungunum. En jeg skal geta þess, að þegar með þeim breytingum, sem hin heiðraða deild samþykkti við 2. umræðu, var kominn mikill jöfnuður á milli brauða landsins, þar sem með þeim var lögð uppbót 40 fátækum brauðum frá 24 hinum betri brauðum, sem nemur hjer um bil 12000 kr., og með breytingaruppástungum nefndarinnar við 3. umræðu, er þessi upphæð enn fremur aukin með 1350 kr., þar sem breytingaruppástungur 7 háttvirtra þingdeildarmanna bæta enn 1200 kr. við þessa uppbót til hinna fátæku brauða. Það hefur verið haft á móti frumvarpinu og breytingum nefndarinnar við það, að með þeim verði ekki komið á fullkomnum jöfnuði. Þetta er rjett; en ætla menn að slíkum jöfnuði nokkurn tíma verði náð? Öll mannaverk hljóta þó ávallt að vera ófullkomin, og mjer virðist sá maður, er ekki kannast við, að þessi tilraun til að ná jöfnuði á brauðum landsins og sem nemur 14,000—15,000 kr., sannarlega sje miklar framfarir, vera heldur heimtufrekur.

Jeg tek það upp aptur, er jeg sagði við 2. umræðu; alþingi hefur með þingsályktun

sinni frá í hitt eð fyrra ákveðið, hvernig undirbúningurinn á þessu máli skyldi vera. Undirbúningurinn er gjörður alveg samkvæmt þingsályktuninni, og hann er að mínu áliti svo góður, og svo vel úr garði gjörður, sem líklegt er að hann nokkurn tíma verði. Með þingsályktuninni er komin á í öllum söfnuðum landsins sú hreyfing í þessu máli, sem mun haldast og ef til vill aukast ár frá ári, þangað til þetta mál verður útkljáð, og sem æskilegt og jafnvel nauðsynlegt er að reyna til sem fyrst að sefa; mjer liggur nær að segja, að það sje skylda þingsins að sefa þessa hreyfing, sem það hefur sjálft komið á. Þar sem jeg fyrir mitt leyti álít frumvarpið mikla rjettarbót, leyfi jeg mjer að mæla sem bezt með, að hin heiðraða deild samþykki það með breytingum þeim, er meiri hluti deildarinnar fellst á.

Hvað snertir breytingaruppástungur þær, er bornar eru upp við hinar aðrar greinir frumvarpsins, skal jeg geta þess, að vald það, sem 4. gr. ætlast til að veita landshöfðingjanum, til þess með ráði biskups að breyta prestakallaskipuninni, virðist mjer fara of langt, þar sem ræðir um skipun, er sett er með lagaboði; en jeg gjöri ráð fyrir, að ef landshöfðingjanum þykir ísjárvert, í einstökum tilfellum að beita þessu valdi, mun honum innan handar að gjöra bráðabirgðarráðstafanir þær, er í þessu tilliti virðast nauðsynlegar, en leggja málið til endilegrar úrgreiðslu undir atkvæði alþingis og löggjafarvaldsins. Hið sama má segja um ákvörðun þá, er þegar við 2. umræðu var tekin inn í 4. gr., um heimild landshöfðingjans til að leggja kirkju niður, þar sem konungsúrskurður hefur verið álitinn nauðsynlegur til þess. En jeg gjöri ráð fyrir, að þessi ákvörðun ekki muni vera því til fyrirstöðu, að lögin verði staðfest af Hans Hátign konunginum. Við 5. gr. skal jeg leyfa mjer að mæla sem bezt með breytingaruppástungu hinna háttvirtu 7 þingmanna, að orðin »jafnótt og þau losna« falli burt. Jeg skal loksins leyfa mjer að mæla með breytingaruppástungu hinnar háttvirtu nefndar við 6. grein.

Framsögumaður: Jeg ætla fyrst að leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við töluupphæðirnar á tekjum brauðanna. Af því að tíminn var svo stuttur, var eigi hægt að koma við á þeim leiðrjettingum og breytingum, sem ef til vill hefðu verið nauðsynlegar. Það er snertir tölul. 7., þá er Desjarmýri eptir yfirlitinu 1074 kr., en þar við bætast tekjurnar af Húsavíkursókn, en aptur hverfa þessar tekjur frá Dvergasteini. 34. tölul.: Þar hafa af vangá tekjur Vestmannaeyjabrauðsins verið settar 1684 krónur í stað 1143 kr. 62. tölul.: Eptir breytingartillögum nefndarinnar verða Borgarþing hærri, með því að við þau bætist Álptartungusókn, því að nefndin hefur stungið upp á, að Hítarnessþingin leggist niður, og skiptist upp á milli nágrannabrauðanna. Þannig hækkar og Miklaholtsprestakall, af því að við það bætast Kolbeinsstaða- og Krossholtssóknir, en til Staðarhrauns leggjast Akra- og Hjörtseyjarsóknir, en Álptartungusókn er aptur tekin frá þessu prestakalli. 73. tölul.: Við Staðarfellsþing eru eigi greindar sóknartekjurnar, en þær munu nema 600 kr., svo að brauðið yrði alls 1200 kr. 97. tölul.: Þar er ótilfært eptirgjaldið af jörðinni Húki og sóknartekjurnar af Núpssókn, sem er 300 kr. 102. tölul.: Þar er eigi tilfært smjörgjaldið af Holtastöðum og sóknartekjur, sem mun nema allt að 400 kr. Þetta brauð er því að tekjum o: 800 kr. 115. tölul.: Þar er þess eigi gætt, að tilfæra kollektu-peninga þá, er leggjast frá Knappstaðabrauði, og á lík upphæð (o: 100 kr.) að hverfa frá Barðsprestakalli. 126. tölul.: Grundarþing vaxa, af því að Miklagarðs- og Munkaþverársóknir bætast við, en Möðruvallasókn er aptur tekin frá brauðinu. 139. tölul.: Þar eru eigi tilfærðar

tekjurnar af þessari litlu sókn, en að eins það talið, er brauðinu á að leggjast (o: 600 kr.). Jeg ætla lítið eitt að minnast á breytingar nefndarinnar, og miða þær flestar að því, að gjöra brauðin jafnari að vild þingmanna. Jeg ímynda mjer, að deildinni sje ljóst, hvað meint er með hverjum tölulið. 1. tölul. fer fram á, að Skeggjastaðaprestakall hækki um 100 kr. 2. tölul.: að frá Hofsprestakalli greiðist 100 kr. fram yfir það, er áður var stungið upp á; 3. tölul.: að Hofteigi leggist 100 kr.; Hofteigur hefur að vísu ávallt verið álitinn ágæt jörð, en tekjur prestakallsins eru fremur rýrar; 4. tölul.: að frá Valþjófsstað leggist 100 kr. meir en áður var farið fram á; 7. tölul.: að Firði i Mjóafirði leggist 800 kr. í stað 600 króna; 8. tölul.: að frá Hólmum leggist 600 kr., í stað 400 kr.; 9. tölul.: að Stöð í Stöðvarfirði leggist 500 kr. í stað 400 kr.; 10. tölul. að frá Heydölum greiðist 300 kr. í stað 200 kr.; 11. tölul.: að til Ása í Skaptártungu gangi 700 kr. í stað 600 kr.; 12. tölul.; að frá Breiðabólsstað í Fljótshlíð greiðist 700kr. í stað 400 kr.; 13. tölul.: og sömuleiðis frá Odda 700 kr. í stað 400 kr.; þessar tvær síðast töldu breytingar þykja mjer helzt ísjárverðar, eigi af því, að brauðin þoli eigi þennan tekjumissi, þegar stundir líða fram, heldur vegna þeirra presta, sem nú eru, af því, að þau vaxa að erfiðleikum, en fá engar tekjur í staðinn, er svari til þessara erfiðleika, og rýrna því brauðin við þessar breytingar. 14. tölul.: hjer er stungið upp á, að Holtaþingum leggist 200 kr.; 15. tölul., að þegar prestaskipti verða í brauði þessu, þá verði tillagið til þessa brauðs 600 kr. í stað 300 kr., sem frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, fer fram á. Þetta ímynda jeg mjer að sje sanngjarnt. 16. tölul.: Þar er að eins stungið uppá þeirri breytingu, að á eptir »Leirár sókn» komi »og Melasókn, en það orð hafði fallið úr, 17. tölul.: að tillagið til Hestþinga verði 200 kr. í stað 100 kr; 18. tölul.: að tillagið til Lunds verði 300 kr. í stað 200 kr.; 19. tölul.: að Hvammi í Norðurárdal leggist 200 kr. í stað 100 kr.; 22. tölul.: þá kemur veruleg breyting, að 64. tölul. falli burt, nefnil. að Hítarnessþingabrauðið leggist niður, og skiptist upp á milli Borgarþinga, Staðarhrauns og Miklaholts. Þessi uppástunga kom upprunalega frá hjeraðsfundinum í Snæfellsnessprófastsdæmi, og var hún á þeim fundi samþykkt í einu hljóði. Síðan íhugaði utanþingsnefndin þessa uppástungu, og þótti henni hún of svæsin, og sömu skoðunar var innanþingsnefndin. En nú hefur nefndin borið sig saman við þingmann Snæfellinga, sem er manna kunnugastur, hvernig til hagar í því byggðarlagi, er hjer ræðir um, og hefur hann sannfært nefndina um, að þessi sameining mundi eigi ótiltækileg. Við þetta fyrirkomulag rýfkast bæði hin 3 brauð, er Hítarnesþingunum er skipt upp á milli, og auk þess fást 400 kr. til uppbótar öðrum brauðum. 24. tölul.: Hjer er stungið upp á, að frá Hjarðarholti í Laxárdal verði tekið minna en áður var farið fram á, nefnil. 500 kr. í stað 700 kr.; 27. tölul. Í frumvarpinu hefur orðið sú vangá undir 84. tölul., að orðin: «og Mýra- og Núpssóknir», eru látin standa, og er þetta lagfært með þessari breytingaruppástungu. Tölul. 30. fer fram á, að tillagið til Skútustaða sje 200 kr. í stað 100 kr., og virðist það sanngjarnt, þar sem þetta brauð er eitt af hinum rýrustu brauðum landsins. 31. tölul.: að frá Grenjaðarstað sjeu greiddar 1700 kr. í stað 1500 kr. 32. tölul.: að við Húsavíkurbrauðið bætist 100 kr. Nokkrir þingdeildarmenn hafa gjört þá uppástungu, að brauð þetta verði bætt upp með 200 kr.; þó að brauð þetta sje kaupstaðarbrauð, þá er það þó útkjálkabrauð og rýrt að tekjum, og því hefur nefndin stungið upp á þessari uppbót.

Breytingin við 4. grein er fólginn í því,

að ef hlutaðeigandi próföstum og hjeraðsfundum þætti skipun brauðanna óheppileg og þurfa umbóta við, þá er greidd gata fyrir því, að fá breytingum framgengt. Nefndin lagði það til, að landshöfðingi hefði vald á að gjöra breytingar á brauðaskipuninni og var landshöfðinginn ekki eiginlega samþykkur þessari ákvörðun, en þótti hún ísjárverð. En jeg get eigi verið á því máli. Mjer virðist ekkert á móti því, að vald landshöfðingjans í landinu aukist sem mest að þessu leyti, enda óska jeg að vald hans aukist eigi að eins í þessu tilliti, heldur og í öðrum efnum, svo að eigi þurfi að sækja öll ráð út fyrir landið. Við 5. gr. er gjörð sú breytingartillaga, að í stað «greiðist tillagið» komi «greiðist tillag það», og að í stað orðsins «stólsjarðir» komi «þjóðjarðir», því að það er eigi heppilegt og á eptir tímanum, að nefna jarðir þessar nú «stólsjarðir». Viðaukinn við 6. gr. er fólginn í því, að árgjaldið til uppgjafapresta og prestaekkna greiðist úr landssjóði, að minnsta kosti þangað til lögin um eptirlaun handa uppgjafaprestum og um fjárstyrk handa prestaekkjum hafa náð gildi.

Þá kem jeg til breytingartillögu hinna 7 þingmanna. Þeir stinga fyrst upp á því, að Garpsdalur sje bættur upp með 300 kr. Jeg álít, að sjá megi fyrir brauði þessu án mikillar uppbótar, enda hygg jeg rjettast vera, að ef brauði þessu er eigi þjónað frá hinum næstu brauðum, þá sje það bætt upp af því fje, er ákveðið er í fjárlögunum að landssjóður leggi til fátækra brauða. Við 88. tölulið gjöra hinir 7 þingmenn þá breytingartillögu, að Ögurþingum sjeu lagðar 100 kr., og tel jeg það sanngjarnt, því að það er eitt með hinum erfiðari brauðum. Þá hafa enn aðrir 7 þingmenn gjört breytingartillögu við 5. grein, að orðin: «jafnótt og þau losna» falli burt, nefnilega að hvert brauð fái tillag það, er því er ákveðið með lögum þessum, jafnskjótt og frumvarp þetta nær lagagildi. Jeg verð að álíta, að mikið mæli með ákvörðun þessari. Jeg held, að það mundi vekja megna óánægju, að prestur, sem nýbúinn er að fá eitthvert af hinum fátæku brauðum, er uppbót er ætluð, þegar lög þessi náðu gildi, að hann verði að sitja við hin gömlu kjör, en annar ungur prestur, sem sækir um eitthvert brauð, þegar lög þessi hafa náð gildi, hann fái uppbót þá, er því brauði er ákveðin. Þá er breytingartillaga við breytingartillögu nefndarinnar við 4. grein frá meiri hluta nefndarinnar. En jeg held, að í breytingartillögu þessari sje engin efnisbreyting fólgin, en hún að eins öðruvísi orðuð og styttri. Undir 2. tölulið í sömu breytingartillögu er stungið upp á, að orðin: «og kirkna» falli burt. Jeg hef ekkert á móti þessari breytingu, og verð að álíta hana rjetta. Mjer láðist eptir að geta þess viðvíkjandi brauðinu Skútustöðum, að sú ákvörðun hefur fallið burtu úr frumvarpinu, að jörðin Skútustaðir skuli keypt til prestsseturs. En þetta var samþykkt við 2. umræðu og á því að sjálfsögðu að bætast inn í.

Varaforseti (*Grímur Thomsen*): Þótt jeg verði að játa, að nú brestur mig skilning til að sjá leið mína í frumvarpi þessu, eins og það nú liggur fyrir, þá finn jeg mjer þó skylt að drepa á einstök atriði í því. Eins og allir sjá, hefur málið tekið miklum breytingum frá því, að það fyrst kom inn á þingið, og jeg játa, að margt kann í því að vera, sem jeg ekki skil. Framsögumaður játaði, að yfirlit það, sem hjer er komið, jeg veit ekki hvaðan, væri eigi öldungis áreiðanlegt, og drap hann á nokkur atriði, en hann lagði eigi nóga áherzlu á þá villu, sem í því stendur um uppbótina á Vestmannaeyjaprestakalli. Jeg sje, að tillagið úr landssjóði, sem eptir fjárlögunum er 1443 kr. er eigi reiknað nema fyrir annað árið á fjárhagstímabilinu; í fjárlögunum er upphæðin sett innanstryks, en

talin fyrir hvert árið um sig. Í því er heldur eigi gætt að sameining ýmissa sókna. Jeg vil því ráða þingmönnum til að fylgja sem minnst þessu yfirliti, og ætla að leggja það frá mjer. Jeg vildi biðja nefndina skýringar á breytingu hennar við 4. gr., sem hún vill að orðist þannig: «Nú þykir hlutaðeigandi söfnuðum og prestum eitthvert prestakall of erfitt, eða að önnur skipun á einstökum prestaköllum fari betur, og eru hjeraðsfundir því samþykkir, er þá rjett, að landshöfðingi með ráði biskups breyti skipuninni». Þessa breyting álít jeg ekki rjett hugsaða, og vil jeg leiða athygli nefndarinnar að því, hvort það er komið undir því, að þetta nái lagagildi, hvort annað mál nær fram að ganga; ef það nær fram að ganga, þá er jeg ekki móti þessu, en það er örðugt bæði fyrir mig og aðra að greiða atkvæði með þessu, meðan menn vita ekkert, hvernig hinu málinu reiðir af; hvar eru þessir «hjeraðsfundir?» jeg ímynda mjer þeir verði að vera til, áður en þeir fara að samþykkja. Þá kemur viðaukinn við 6. gr. «Og greiðist í þess stað 2000 kr. til uppgjafapresta og prestaekkna úr landssjóði, þangað uppgjafaprest- og prestaekkjum er borgið á annan hátt». Framsögumaður áleit þeim borgið, þegar frumvörpin um styrk prestaekkna og eptirlaun presta væru orðin að lögum. Hve nær er þeim þá borgið? Jeg vil láta allt vera ljóst í lögum, en jeg fæ ekki skilið, hve nær lagavissa er fengin fyrir því, að þeim sje borgið, þeim kann ekki einu sinni að vera borgið, þó þessi frumvörp nái lagagildi, og þessi viðbót á því síður við, sem það mun reynast, að þessi frumvörp munu verða eins bráðþroska og verða eins fljótt að lögum, eins og þetta frumvarp, sem nú ræðir um. Jeg álít, að það sje rangt og óformlegt, að vísa til annara laga, sem ekki eru orðin lög. Jeg er þingmönnum þakklátur fyrir þá varfærni og kurteysi, sem 2. þingmaður Gullbringusýslu benti á að menn ættu að hafa; fyrir þá varfærni, segi jeg, sem þeir sýndu við aðra umræðu þessa máls, með því að fella hvervetna burtu úr frumvarpinu orðin: «úr landssjóði», en eigi nú að sleppa orðunum í 5. gr.: jafnótt og þau losna», þá fer kurteysin að minnka; þá er lögð á landssjóðinn, eptir því sem mjer reiknast, miklu þyngri byrði, en utanþingsnefndin stakk upp á; hún gjörði ráð fyrir, að landssjóðurinn yrði að leggja til 7000—8000 kr., en nú hafa 6 þingmenn og þar á meðal framsögumaður, stungið upp á dálítilli orðabreytingu, en sem er einstaklega varhugaverð, orðabreytingu, sem innibindur í sjer 23000 kr. gjald fyrir landssjóðinn, og það þegar á þessu fjárhagstímabili. Hefði nefndin haldið sjer við upphæðina, sem utanþingsnefndin stakk upp á, þá var mjer skylt að greiða atkvæði með henni, en þessu er jeg mjög á móti, og jeg vona, að þó þingmenn væru svo örlátir og höfðinglyndir í öðru máli, þá láti þeir ekki höfðingsskap sinn fylgja þessari breytingartillögu. Jeg vona, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sje á mínu máli, því að hann hefur sýnt svo mikla varfærni og hófgætni í þessu máli, að þar eiga menn fagurt eptirdæmi.

Arnljótur Ólafsson: Varaforseti hefur skýrt svo ýtarlega breytingar þær, sem nefndin hefur gjört, að jeg hef ekki nema fátt eitt um þær að segja. Það er kemur til þessa yfirlits, þá er það eins og varaforseti benti á, alls ekki áreiðanlegt. Er þess ljóst dæmi, þar sem er 125. og 126 tölul. Akureyri og Grundarþing; þar er þess eigi gætt, að Munkaþverársókn á að leggjast frá Akureyri til Grundar. Er það víðar, að þess er eigi gætt, er sóknir eiga að leggjast við eitt brauðið og takast frá öðru. Jeg skal geta þess við 34. tölulið, að hinar rjettu tekjur af Vestmannaeyjabrauðinu verða við næstu prestaskipti 1261 kr. 19 aurar; nú er tillagið úr landssjóði 1443 kr. en nefndin stingur upp á, að við næstu presta-

skipti verði brauðinu lagðar 600 kr. uppbót; mismunurinn verður þá 843 kr. 19 aurar, og þegar sú upphæð er dregin frá tekjum þeim, sem brauðið hefur nú, þá koma 1261 kr. 19 aurar, svo að þetta brauð verður þó talsvert betra en Grímseyjarbrauðið. En jeg ætla að hverfa frá smáatriðum málsins að þeim hinum stóru. Jeg álít, að nefndin hafi haft fyrir augum sjer tvær aðalstefnur. Önnur er sú, og henni hef jeg haldið fram, að láta brauðin bera sig sjálf, og sækja ekki fje í landssjóð, heldur að allar þær tekjur, sem teknar yrðu frá einu brauði, skyldu lagðar til hins, þannig að frálög og tillög stæðust á endum, og ekki ein króna veitt úr landssjóði nema til eptirlauna presta, er eigi getur numið meiru en allt að 2000 kr. árlega. Þessari stefnu er varaforseti samdóma, og þessari stefnu ætla jeg líka að fylgja fram af fremsta megni, svo sem jeg gjört hef manna fyrstur frá upphafi, og þess vegna er jeg mjög á móti breytingartillögu þeirra 7 þingmanna við 5. gr., að þau orð falli úr «jafnótt og þau losna», því hún kollvarpar þessari frumstefnu. Breytingartillaga 7 þingmanna við ýmsa töluliði í 1. gr., að 1600 kr. samtals leggist til ýmissa brauða, raskar og frumstefnunni, því að þessar 1600 kr. verða að takast úr landssjóði, fyrst þeir eigi til taka, að þessar 1600 kr. skuli takast frá öðrum brauðum. Þessi breyting kollvarpar frumstefnunni, þó ekki gjörsamlega; en sjeu orðin í 5. gr. «jafnótt og þau losna» felld úr, þá er frumstefnunni með öllu kollvarpað, þá skuldbindur landssjóðurinn sig til að borga allar uppbætur, sem farið er fram á, ekki einungis það mikla tillag, 23000 kr., sem fram kemur við það, að 30 brauð eru lögð niður, heldur auk þess 12000 kr., sem leggjast frá brauði til brauðs. Fyrir því kostar landssjóðinn það milli 20 og 30 þúsundir króna, ef þessi fáu orð «jafnótt og þau losna» eru felld úr. Auk þess hefur nefndin gjört sjer far um, að orða 5. gr. þannig, að hún verði eigi misskilin, með því að setja «tillag ‚það» fyrir «tillagið». Jeg vil þess vegna leiða athygli deildarmanna að því, að þótt breyting þessi sje sprottin af góðum hvötum og hreinum hug, þá kollvarpar hún þó alveg frumstefnunni, og jeg segi fyrir mig, að ef þessi breyting kemst að, þá greiði jeg atkvæði móti öllu frumvarpinu. Önnur aðalstefnan var sú, að jafnframt sem kirkjunni var þannig komið fyrir, að hún skyldi standa á sínum eigin fótum, og hvorki í-þyngja landssjóði nje almenningi, vildi nefndin og jafnframt vekja frelsi og framfarir í kirkjunni og trúarlífi manna; þessari stefnu fannst mjer varaforseti eigi vera hlynntur, eigi af því að hann sje svo ófrjálslyndur, heldur af hinu, að hann er ekki eins vel kunnugur hinu andlega lífi í kirkjunni, eins og jeg ætti að vera. Jeg þykist ekki áfella neinn prest nje heldur kirkjustjórn vora, þótt jeg segi, að svo búið megi ekki lengur standa. Ef söfnuðirnir mega ekki taka meiri þátt í því, sem lýtur til hins andlega og líkamlega lífs kirkjunnar; ef þeir mega ekki hafa meiri áhrif á uppfræðinguna, fjárhag kirkjunnar, meðferð hennar, hvar kirkja standi, hvar kirkja leggist niður, hvert hún flytjist, hvernig hún er byggð, hvernig hún er prýdd og hvernig henni er haldið við að öllu leyti; ef söfnuðurinn fær ekki meiri hlutdeild í þessu en hingað til, þá tel jeg bezt, að hin hálfdauðvona kirkja sálist í sinni eigin vöggu. Jeg greiði því óhikað atkvæði með því, að 4. gr. sje orðuð eins og meiri hluti nefndarinnar stingur upp á, þannig orðuð er hún miklu greinilegri en í breytingartillögu nefndarinnar. Efnið er að vísu hið sama, að jeg held, en miklu fastara og ákveðnara fram tekið. Frumvarpið um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda er svo nátengt þessu frumvarpi, að hvorugt má annars án vera. Jeg ber það traust til stjórnarinnar, að hún samþykki það frumvarp, með því líka að það,

sem farið er fram á í því, er sannarlega hógvært í samanburði við það, sem heyra má í Danmörku um sama efni. Það er kemur til valds þess, er veitt er landshöfðingja í 4. greininni, þá vil jeg geta þess, að þótt áður hafi þurft konungsúrskurð til þess að taka upp og leggja niður kirkju, þá var það af því að áður vantaði almenn lög í þessu efni, er eptir var farið; en nú er þessi rjettur landshöfðingja heimilaður í 4. gr., en jafnframt alveg bundinn við safnaða hjeraðsfundalögin. Hvorugt frumvarpið má í þessari grein annars án vera. En úr því nú að landstjórninni eða landshöfðingja er heimilaður rjettur með lögum að gjöra slíkar breytingar á skipun kirkna, sókna og brauða með skilyrðum þeim, er segir í safnaða- og hjeraðsfundafrumvarpinu, þá virðist ekkert því til fyrirstöðu, að þær sjeu eins gildar eins og konungsúrskurður áður var. Jeg vil enn fremur geta um aðferð þá eða stefnu, er við skal hafa, þá er ræða er um að jafna brauðin innbyrðis milli prófastsdœma. Þar hafði nefndin einnig á tvær hendur að líta, á eina höndina er sú frumskoðun, að hver kirkja er lögstofnun sjer, og hvert brauð lögstofnun fyrir sig, og því sje næsta varúðarvert, að taka frá einni kirkjunni, frá einum söfnuði, frá einu brauði og leggja til hins. Annars vegar var sú frumskoðun, að kirkjan sje ein, eigi svo að trúnni til, heldur að fjáreigninni, kirkjujarðirnar og kirkjutekjurnar, er söfnuðurnir gjalda, hver til sinnar kirkju, það sje allt einn og sameiginlegur sjóður landskirkjunnar, og því þurfi eigi að kæra sig hót um söfnuðina, kirkjurnar, brauðin, eins og þau eru, heldur skuli jafna allt sem mest um land allt. Nú má margt segja með og móti hvorri tveggja þessari frumskoðun eða frumstefnu. Þessar frumstefnur eru næsta andvígar og standa að minnsta kosti skáreitis hvor annari, svo ef takast á að samrýma þær, þá verður að fara hornlínuna milli þeirra sem í aflasamhliðanum, til þess að fylgja eigi einræningslega annari þeirra. Jeg skal eigi neita því, að jeg hallast miklu fremur að fyrri frumskoðuninni, því jeg lít á söfnuðina sem sjerstök fjelög með sjerstökum skyldum, byrðum, eignum, frelsi og rjettindum, líkt og hreppsfjelögin eru. Þessar tvær frumstefnur manna hafði nefndin fyrir augum, þegar jafna skyldi brauðunum milli prófastsdæma, og fylgdi hún því, að taka eigi svo mikið frá hinu stóra brauði, að það yrði eigi gott brauð og girnilegt á eptir. Nefndinni duldist eigi að söfnuðirnir eiga í rauninni fulla heimting á, að eigi sje svo mikið tekið frá einu brauði, að það njóti eigi rjettar þess, sem það hefur haft, að geta vonast eptir, hvað tekjurnar snertir, að fá hinn bezta prest, eða að geta gengið í valið. Vjer höfum þó jafnað prófastsdæmin talsvert innbyrðis, því hjá því varð eigi komizt, en hitt ætluðum vjer í nefndinni hjeraðsfundunum, að jafna brauðin innan prófastsdæma, samkvæmt 4. gr. frumvarps þessa og hjeraðsfunda frumvarpinu.

Framsögumaður: Nú brestur varaforseta skilning; jeg skyldi þó ætla, að nú vildi hann beita þeim skarpleika og kunnugleika, sem honum er svo eiginlegur, að minnsta kosti mun honum þykja svo, og jeg er líka viss, að hann skildi ef hann vildi skilja. Hann þóttist eigi vita, hvaðan yfirlitið væri komið, en jeg get þá sagt honum það; það er eiginlega komið frá honum sjálfum og utanþingsnefndinni, það er samið af yfirskrifstofustjóranum og þeim manni, sem er næstur honum á skrifstofu þingsins, og munu þeir báðir til þess fullfærir; hafa þeir samið það eptir nefndaráliti utanþingsnefndarinnar og bæði nefndin og þeir hafa farið svo nærri því rjetta, sem unnt er. Hann rjeði til að stinga því í vasa sinn, en með því er ekki svo litlu af tillögum utanþingsnefndarinnar stungið undir stól. Hann þarf því eigi að ásaka innanþingsnefndina eina, heldur líka

utanþingsnefndina og sjálfan sig, að því leyti sem hann hefur unnið í henni. Jeg vil taka það fram, að þessar sóknir, sem þeir eru að stagast á, að nákvæmar skýrslur vanti um tekjur í, eru örfáar, sem koma til greina, og tölurnar eru yfir höfuð reiknaðar eptir því, sem utanþingsnefndin áleit rjettast. Yfirlitið er þingmönnum að eins til glöggvunar, svo þeir geti ráðið við sig, hvort þeir álíti nauðsynlegt að bæta brauðin meira eða minna, því að þeir þurfa varla að vera í vafa um það, að öll brauð, sem bæta á, þurfa þess með, og öll, sem taka á frá, þola það vel. Varaforseti kvað hjeraðsfundina mundu gjöra frumvarpið óformlegt, af því frumvarp um þá væri eigi samþykkt, það fæ jeg ekki skilið; fyrir utan það, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu tók fram um þá, þá hef jeg opt heyrt þá nefnda, og við, jeg og varaforseti, höfum unnið saman í nefnd og lesið skýrslur frá mörgum hjeraðsfundum og tekið tillit til þeirra. Þá þótti honum stórkostlega illa orðaður viðaukinn við 6. gr., eða þessi orð af honum: «Þangað til uppgjafaprestum og prestaekkjum er borgið á annan hátt». það getur verið, að þetta sje ekki vanalega orðað, en hver getur afleiðingin orðið, getur hún orðið önnur en sú, að þessar 2000 kr. sjeu greiddar úr landssjóði um ótiltekinn tíma, þó aldrei lengur, en þangað til að öðru vísi verður ákveðið, en það var sannarleg huggun, sem varaforseti gaf, þegar hann kvað sjer skylt að greiða atkvæði með þeirri upphæð, sem utanþingsnefndin hefði tiltekið; sú upphæð var 5000 kr., sem hún ætlaði að veita uppgjafaprestum og prestaekkjum; það er gleðilegt fyrir hlutaðeigendur, að heyra þessi huggunarorð frá varaforseta, sem tekur sjer svo mikil ráð yfir landssjóðnum. Innanþingsnefndin hefur að eins til tekið að greiða skuli úr landssjóði jafngildi árgjaldsins, sem bæði hún og utanþingsnefndin höfðu komið sjer saman um að fella burtu, því að sýnt er, að uppgjafaprestar og prestaekkjur mega ekki missa þess. Jeg fjekk reyndar enn að heyra um þessa kurteysi mína sem varaforseta er svo tíðrætt um. En jeg var búinn að heyra nóg um hana frá honum, þó hann hefði sleppt henni í þetta sinn, ekki samt af því, að jeg álíti það neina ókurteysi að biðja fyrst um það minnsta, sem maður ætlar að geta komizt af með og reyna svo að fá meira, er það nægir ekki. Jeg þykist enga ókurteysi hafa sýnt landssjóðnum, og það er hægt að finna þá, sem meira hafa hlotið úr honum en jeg. Og þó hinn háttvirti varaforseti fyrir skemmstu brygði mjer um, svo sem ókurteysi, að jeg hefði farið fram á, að Álptanesshreppur fengi styrk úr landssjóði í því mesta hallæri, sem komið hefur yfir nokkurn hrepp á síðari timum, þá mun jeg aldrei blygðast mín fyrir það. Hinum sama þingmanni hlýtur að vera kunnugt, að þá var ógreitt um gjöld jafnvel hjá sumum þeim efnuðustu í Álptanesshreppi, og hreppsbúar hjeldu lífi með fram fyrir stórkostlegar gjafir frá landsbúum. En þær urðu miklu meiri en jeg gat gjört mjer hugmynd um.

Jeg tek það enn upp, að jeg álít mál þetta nauðsynjamál, ekki einungis fyrir presta, heldur fyrir alla þjóðina. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu var svo heppinn að fá lof hjá varaforseta, en jeg verð að skerða dálítið þá gleði hans með því, að segja honum, að jeg álít grundvallarreglum utanþingsnefndarinnar engan veginn kollvarpað með frumvarpi þessu, þvert á móti er grundvöllurinn sá sami. Nefndin vildi láta prestastjettina bjargast við tekjur þær, sem henni eru ætlaðar svo sem unnt væri. Frumvarpið fer því sama fram. Munurinn er mest fólginn í því, að frumvarpið stingur upp á nokkuð minna tillagi úr landssjóði, sem fast megi beita, en of til vill nokkru frekara í bráð. Jeg veit, að hann hefur haldið því fast fram, að sem minnst

væri tekið úr landssjóði, eða alls ekkert, en það var alls ekki frumstefna nefndarinnar. Þá koma þessi orð: «jafnótt og þau losna», sem hafa hneykslað þá varaforseta og 1. þingmann Norðurmúlasýslu svo stórlega, en deildin verður að dæma um það, hvort þau í raun og veru eru hneykslanleg. jeg vona þó, að þeir, sem undir þau hafa skrifað, hneykslist ekki. Vjer felldum þau burt, af því að vjer ætluðum, að það mundi vekja mjög mikla óánægju, bæði hjá söfnuðum og prestum, að sumir prestar hefðu lítil laun, einmitt af því, að þeir væru, ef til vill, nýlega búnir að fá veiting fyrir rýru brauði, þá er lögin næðu gildi, en sumir fengju mikla uppbót, og það mundi verða til þess, sem deildin vill víst ekki, að sífelld rás yrði á prestum frá einu brauði til annars. Þetta mun heldur eigi verða tilfinnanlegt gjald fyrir landssjóðinn. Það er hægt að benda á mörg stór brauð, sem bráðum munu losna, og þá kemur uppbótin frá þeim.

Landshöfðingi: Varaforseti gat þess í ræðu sinni í morgun, að bráðabirgðar tillag það, er samkvæmt uppástungu 7 þingmanna, er jeg leyfði mjer áður að mæla með, við 5. gr. yrði að útborga af landssjóði, mundi nema allt að 20,000 kr. og hann bætti því við, að bráðabirgðaruppbótin, sem stjórnarfrumvarpið samkvæmt tillögum utanþingsnefndarinnar hefur stungið upp á í fjárlagafrumvarpinu, ekki næmi nema um 15,000 kr., og að af því hann hefði verið einn í utanþingsnefnd, mundi hann álíta sjer skylt að greiða atkvæði með, ef frumvarp utanþingsnefndarinnar yrði samþykkt, en aptur á móti áliti hann sjer skylt að greiða atkvæði móti uppástungu hinna 7 þingmanna. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu var varaforseta samdóma um þetta atriði, og vildi einnig fyrir sitt leyti greiða atkvæði móti málinu í heild sinni, ef þessi uppástunga yrði samþykkt, af því hann áliti hana beint á móti frumstefnu frumvarpsins eptir skoðun nefndarinnar, og taldi hann einnig upphæð þá, er búast mætti við að greiða skyldi úr landssjóðnum, ef uppástungan yrði samþykkt, rúmar 22000 kr. á ári.

Af því mjer virðist bæði varaforseta og þingmanni Norðurmúlasýslu hafi misreiknazt stórlega um þessa breytingaruppástungu, og af því jeg hef mælt með henni, og ekki óska að koma fram örlátlegar eða öðruvísi en góðu hófi gegnir, þegar ræðir um fje landssjóðsins, skal jeg leyfa mjer að leiða rök að því, hversu mikil þessi upphæð í raun og veru verði, ef landssjóðurinn tekur að sjer að borga tillagið frá þeim tíma, er ætlazt er til að lögin öðlist gildi, sem sje frá fardögum 1881, og skal jeg biðja deildarmenn að hafa við höndina frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, þar sem jeg ætla að leggja það til grundvallar fyrir reikningi mínum eða áætlun um tillag landssjóðsins frá fardögum 1881, ef orðin í 5. gr. «jafnótt og þau losna» verða felld úr.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að brauð þau, er tilfærð eru undir 9. 23. 46., 73. og 139. tölul. að öllum líkindum ekki verða skipuð fyrst um sinn, og því má vel sleppa þeim, þegar ræðir um upphæð tillagsins, á meðan hin nýja skipun er að komast á, þar sem vafalaust fleiri brauð munu losna og hin nefnda skipun þeirra komast á með tilliti til þeirra, en sem samsvarar upphæð þeirra alls 2900 kr. er ætlazt er til að leggja þessum 5 brauðum, þegar í þau verða skipaðir prestar. Það sama má ef til vill segja um 88. 106. 116. o. fl., en samt ætla jeg að sleppa þeim að svo stöddu. Enn fremur skal jeg geta þess, að skilyrðin fyrir því, að þessi nýja brauðaskipun þegar komist á, þegar eru til staðar við brauðin, undir tölul. 27. 28. og 30. og að þess vegna tillagið frá þessum brauðum samkvæmt 5. gr. má taka til inntektar fra fardögum 1881, en það nemur tamtals 900 kr.

Í Norðurmúla prófastsdæmi leggjast til 1. og 7.	500 kr.	
Í Suðurmúla prófastsdæmi leggjast til 14. og til 9., sem samkv. því, sem jeg áður sagði, ekki þarf að draga frá að svo stöddu . . .	400 —	600 kr.
Í Austurskaptafells prófastsdæmi leggjast 20. og 21. . . .	700 —	
Í Vesturskaptafells prófastsdæmi leggjast til 23.	600 —	
en sem ekki koma til útgjalda fyrst um sinn samkvæmt því, sem jeg áður sagði.		
Í Rangárvalla prófastsdæmi leggjast til 31.	300 —	
en frá 27., 28. og 30. greiðast		900 kr.
Í Árness prófastsdæmi leggjast 46., sem ekki kemur þó strax til útgjalda . . .	500 —	
Í Kjalarness prófastsdæmi leggjast til 47.	300 —	
Í Borgarfjarðar prófastsdæmi leggjast til 56. og 57. . . .	300 —	
Í Mýra prófastsdæmi leggjast til 60. .	100 —	
Í Dala prófastsdæmi leggist til 73., þó ekki strax	600 —	
Í Barðastrandar prófastsdæmi leggjast til 77., 78. og 79, .	700 —	
Í Vesturísafjarðar prófastsdæmi leggjast		
Flyt	3300 kr.	2300 kr. 900 kr.

Fluttar	3300 kr.	2300 kr. 900 kr.
til 84.	200 —	
Í Norðurísafjarðar prófastsdæmi leggjast til 90., 91. og 92.	1200 —	
Í Stranda prófastsdæmi leggjast til 95.	200 —	
Í Húnavatns prófastsdæmi leggjast til 97., 99., 106. . . .	800 —	
Í Skagafjarðar prófastsdæmi leggjast til 107., 108., 112., 116.	1200 —	
Í Eyjafjarðar prófastsdæmi leggjast til 118., 119., 120. .	700 —	
Í Suðurþingeyjar prófastsdæmi leggjast til 129., 130., 132., 133. og 134. . .	1200 —	
Í Norðurþingeyjar prófastsdæmi leggjast til 138., 140. . .	500 —	
til 139., þó ekki strax . .	600 —	
	9300 — 2900 —	900 —

Af því að bæði varaforseti og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu eru svo reikningsfróðir menn, efast jeg ekki um það, að þeir hafa fylgt þessum reikningi mínum, og að þeir, þegar búið er að yfirskoða hann, muni finna hann rjettan, og komast að þeirri niðurstöðu, að það sje engin frágangssök að samþykkja breytingaruppástungu hinna 7 þingmanna; jeg vona einnig, að þeir sjálfir muni greiða atkvæði með þessari uppástungu.

Páll prestur Pálsson: Mál þetta er reyndar orðið svo margbrotið og flókið, að vandi er að sjá, hvar byrja skal eða hætta, þá er menn ræða um það; jeg vil nú í fám orðum yfirlýsa minni skoðun, svo formlega sem mjer er unnt, og byrja jeg þá fyrst á því, að tala um þetta stóra yfirlit yfir tekjuupphæð prestakallanna, og er það svo óáreiðan-

legt, eins og von er til, þar sem allar skýrslur vantaði um tekjur af sóknunum; en mjer þótti það vera heppilegt fyrir mig, sem átti að heita skrifari í nefndinni, að framsögumaður lýsti því yfir, að vandvirkir hefðu um þetta yfirlit fjallað, og þarf jeg því eigi að hafa fyrir því, að þvo hendur mínar frá þessu verki, þar eð hann hefur þegar tekið af mjer ómakið; en þess skal jeg eigi dyljast, að jeg muni fylgja ráði hins heiðraða varaforseta, og leggja yfirlit þetta hjá mjer. Þá sný jeg mjer að breytingartillögunum frá nefndinni. Mig minnir, að framsögumaður segði, að Hofteigur rýrnaði við að missa Möðrudal. Þessu verð jeg að mótmæla, því þeim mun hægari sem brauðin eru, því betri eru þau í raun rjettri, því hægð og tími eru peningar; svo jeg álít það ekki svo lítinn gróða fyrir Hofteig en ekki skaða. Hvað 600 kr. í stað 300 kr. til Vestmannaeyja snertir, þá fellst jeg á það; brauð þetta er að vísu mjög hægt, og án efa skemmtilegt brauð, en það útheimtir valinn og reglusaman prest og kenniföður, af því þar hefur brytt helzt á því hjer á landi, að villutrúarflokkur hefur rutt sjer til rúms. Jeg býst við, að í efri deildinni komi mótmæli gegn tillaginu til Ása og Sandfells, af því þau eru misjöfn. Jeg er kunnugur báðum þessum brauðum, og það segi jeg satt, að heldur kysi jeg Sandfell án uppbótar en Ása, og 200 kr. mun á þeim álít jeg hið minnsta. Það var sagt með tilliti til 4. gr., að tillögur hjeraðsfunda, sem ekki væru lögskipaðir, hefðu nú misjafnt gildi; jeg er ekki á þeirri skoðun, heldur álít slíka fundi optlega einkar gagnlega, og þeir mundu það því meir, sem þjóðin færi að venjast því, að hugsa um mál sín. Viðvíkjandi breytingartillögunni við 5. gr. tók framsögumaður ljóslega fram, svo jeg þarf eigi að skýra betur; en mín skoðun er skýlaust sú, að þau brauð, sem nú eru bætt upp, og sem prestar eru í, haldi þeim styrk að fullu, þangað til þau losna, því það mega allir sjá, hversu ósanngjarnt það væri, að svipta þá presta því, sem þeir þegar hafa fengið. Eptir breytingartillögunni við 6. gr. skal árgjaldið til prestaekkna og uppgjafapresta falla burt, þá er þeim er borgið á annan hátt. Þetta þótti einhverjum þingmönnum óákveðið og mjög valt; en jeg treysti því, að þetta gjald verði af löggjafarþinginu þá og því að eins tekið af, að nægar ástæður sjeu fyrir því, og að ekkjum og emerítprestum sje borgið á annan þann hátt, sem fulltryggjandi sje. Hvað breytingartillögur þeirra 7 þingmanna snertir, þá greiði jeg atkvæði móti þeim öllum; jeg fer þess vegna í engan eltingarleik við hvert einstakt atriði. Viðvíkjandi Flatey vil jeg að eins taka það fram, að þar þykir mjer 500 kr. viðbótin nokkuð um of höfðingleg, þar sem brauðinu er að öðru leyti hvergi íþyngt, enda mun þar margt til gæða vera, og svo, ef litið er til síðasta jarðamats, hefur fasteignartíund þess brauðs alls ekki lítið að segja. Breytingartillöguna við 5. gr.: »jafnótt og þau losna« — falli burt; henni var jeg aldrei samþykkur í nefndinni, þótt það kunni að vera, að nafn mitt standi hjer undir; jeg kalla þessa tillögu hneykslunarhellu, og vjer vitum, að það er eigi rjett að valda hneykslan, og vil jeg ekki verða því ollandi með atkvæði mínu, að frumvarpið falli vegna þessarar breytingar. Jeg hef frá upphafi þessa prestamáls haft þá sannfæring, að vjer ekki ættum að seilast ófyrirsynju djúpt í vasa landssjóðsins, og því síður í vasa alþýðunnar til að bæta laun prestanna, því það væri óviðurkvæmilegt og yrði án efa óvinsælt; enda var jeg ávallt þeirrar skoðunar, að prestaköll þessa lands þyrftu ekki mikla uppbót úr landssjóði, þegar búið væri að steypa saman og bæta eitt með öðru. Að endingu vil jeg leiða athygli deildarinnar á aðalfrumvarpið; það er að vísu ófullkomið og því í mörgu ábótavant, eins og

vanalegt er, þá er byrja á að koma á nýrri og mikilli löggjöf; en þrátt fyrir það er þetta byrjun mikillar rjettarbótar fyrir kirkju vora og prestastjett; jeg vil því vona, að þingdeildin ekki hafni því, heldur samþykki það. Hingað til hefur prestastjett þessa lands verið sannkallað olbogabarn í launalegu tilliti, í samanburði við aðra embættismenn: hjer er nú fyrst alvarlega og almennt litið á fyrri og núverandi misfellur og ójafnað, og nokkuð, já, töluvert, er nú hvorttveggja bætt. Öll frumvörp eru mannaverk, og því skyldi þá ekki slíkt vandaverk, sem prestamálið er, bera mannlegri skammsýni vott? Jeg skal enda játa, að þessi lög eru að skoða að eins sem bráðabirgðarlög, því það eru í raun rjettri öll ný lög. Oss er það nægilega ljóst, hversu dags daglega vjer erum hjer að breyta nýjum lögum, og því skyldu þessi lög ekki einnig mega sæta sömu kjörum; þegar þjóðin af reynslunni og með tímanum hefur fundið gallana, þá er kominn tími til að fullkomna það, sem nú er ófullkomið. Mín frumstefna í máli þessu er söm nú, sem frá upphafi, og fylgir í mörgum greinum mest frumskoðun hins heiðraða 1. þingmanns Norðurmúlasýslu.

Ísleifur Gíslason: Jeg skal játa, að jeg var við 2. umræðu að því leyti samþykkur frumvarpi nefndarinnar, að jeg hjet því atkvæði mínu, af því jeg taldi það byrjun töluverðrar rjettarbótar, eins og það þá lá fyrir, en eptir sumum þeim breytingaratkvæðum hinnar heiðruðu nefndar, sem nú liggja fyrir, er mjer nú næst geði, að gefa atkvæði mitt móti frumvarpinu öllu, ef þessar breytingartillögur verða samþykktar. Jeg vil ekki nje þarf að ítreka hjer aðalskoðun mína á máli þessu, því lauk jeg af við 2. umræðu; nú eru það einkum tveir sjerstakir töluliðir, sem jeg vil tala um, og hvernig sem menn skoða athugasemdir mínar um þá, hvort sem menn skoða þær sprottnar af meðhaldi með kjördæmi mínu, persónulegri hlutdrægni, eða öðrum hvötum, þá liggur það mjer í ljettu rúmi, því jeg vona, að mjer takist að sanna, að þær eru á fyllstu rökum byggðar, byggðar á sanngirninnar og rjettvísinnar grundvelli. Jeg á við töluliðina 12 og 13 í breytingartillögum nefndarinnar; þeir hafa orðið fyrir því hlutskipti, að nefndin hefur, hvað þá snertir, orðið einna stórskæðust í því, að sjá sig um hönd. Fyrst áttu tillögin frá þessum brauðum eptir utanþingsnefndarfrumvarpinu að vera 250 kr. frá hvoru, svo kemur þingnefndin og nærri tvöfaldar það tillag, og svo kemur breytingartillagan frá þeirri sömu heiðruðu nefnd og því nær tvöfaldar aptur þetta tillag; mjer heyrðist líka á ræðu framsögumanns í dag, að hann sjálfur væri töluvert myrkfælinn við þessa uppástungu, og vil jeg nú reyna að sýna fram á, að það sje ekki ástæðulaust. Væri þetta samþykkt, þá yrðu þeir prestar, sem hlut eiga að máli, og sem yrðu að taka þessari breytingu undir eins og lögin kæmu í gildi, af því öll skilyrði fyrir þessum sameiningum eru þegar fyrir hendi, þar sem hin minni brauð, er sameinast eiga við hin stærri, eru nú laus, þá yrðu þeir, segi jeg, að missa í af þeim tekjum, sem þeir nú hafa, með öðrum orðum fá örðugleika vaxna meir en að helmingi, fyrir minna en ekki neitt. Eins og tölurnar nú liggja fyrir, eru það 700 kr., sem eiga að leggjast frá hvoru þessu brauði; en brauðin, sem sameinast eiga við þau, eru á pappírnum, annað 707 kr., hitt 757 kr., svo að eptir því fengi annar 7 kr., en hinn 57 kr. á pappírnum fyrir meir en tvöfalda erfiðleika. En tvær orsakir eru til þess, að í reyndinni mundi þetta verða talsvert minna en ekki neitt. Önnur er sú, að þegar hið síðasta brauðamat fór fram, var meðalalin í verðlagsskránni á hæsta stigi, sem hún hefur orðið í Rangárvallasýslu, af því hún hafði þá sameiginlega verðlagsskrá með öðrum sýslum suðuramtsins, að undanskildum Skaptafellssýslum; síðan hefur hún fengið

sjerstaka verðlagsskrá, og fjell þá meðalalin strax á öðru ári um 10 aura, og sjá allir, hvaða áhrif þetta hefur á tekjurýrnun þessara brauða. Hin ástæðan er sú, að eins og viðurkennt hefur verið hjer á þingi og annarsstaðar, eru jarðir í þessari sýslu metnar í hinu nú gildandi jarðamati einna hæst á öllu landinu, og mundu því, þegar jarðamat innan skamms fram fer að nýju, lækka að miklum mun, og hefði það einnig fjarska mikla verkun, til að rýra tekjur hinna umræddu brauða. Afleiðingin af þessu yrði þá sú, að neytt yrði upp á þessa menn sameiningu, sem margfaldaði fyrirhöfn þeirra, en svipti þá talsverðu af þeim tekjum, sem þeir nú hafa, og væri það hið sama og menn segðu: «þú hefur reyndar fengið konunglega veiting fyrir embætti með vissum launum; en nú ætla jeg að taka af þjer töluvert af þessum launum, en skipa þjer um leið, að gjöra meira en helmingi meira en áður». Og þar sem nú gamall maður situr í öðru þessu brauði, og hlyti sjálfsagt fyrir þessa breyting að taka aðstoðarprest, verður í öllu falli auðsætt, hvílíkri sanngirni er beitt við hann. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg geti ekki fallizt á, að tekjuhæð þessara sameinuðu brauða væri nægileg, ef nýr prestur sækti um þau, sem vissi, að hverju hann gengi, en neyða þessu (oktroyera því) upp á menn, sem við það missa af því, sem þeir hafa, það eru þau rangindi, sem þingið getur ekki verið þekkt fyrir að samþykkja. Jeg veit ekki, hvort menn geta bent mjer á sams konar dæmi annarsstaðar í uppástungum nefndarinnar, jeg finn það ekki; en verði menn að játa, að þetta sje eins dæmi, geti menn ekki bent mjer á, að annarsstaðar sje almennt í uppástungunum beitt þessu sama, þá vona jeg líka, að hin heiðraða deild verði að játa, að hún geti ekki með óskertum sóma sínum gefið atkvæði sitt því frumvarpi, sem hefur þvílíkar ákvarðanir inni að halda, og því tel jeg það vafalaust, að hún 'felli þessi breytingaratkvæði, sem inni halda bersýnilega rangsleitni; að öðrum kosti mun jeg að minnsta kosti gefa atkvæði á móti öllu frumvarpinu.

Arnljótur Ólafsson: Þrátt fyrir hinar góðu ástæður landshöfðingjans, finnst mjer nú ýmislegt varhugavert við breytingar þær, sem hjer liggja frammi. Jeg samsinni með honum, að af þeim 12000 kr. komi þegar til greina og gjalda að eins 8400 kr.; en hjer við má bæta þeim 1600 kr., sem breytingartillaga þeirra 7 þingmanna gjörir ráð fyrir, fyrst landshöfðinginn er henni samþykkur. Enn fremur bætist við 1300 kr. eptir hinum nýju breytingartillögum nefndarinnar, til frekari uppbóta ýmsum minni brauðum. Þetta er þá til samans 11,300 kr. En annars verð jeg að kalla alla þessa reikninga af handahófi eða undir kasti komna, þar sem hjer er að eins tilfærð gjaldhliðin, en tekjuhliðin ekki. Verði breytingartillagan, að fella úr orðin «jafnótt og þau losna», samþykkt, munu gjöldin sjálfsagt ná 20,000kr., er þegar skal greiða úr landssjóði, er lögin ganga í gildi. Viðbótin, eptir minni skoðun, á ekki að koma fram, fyr en «jafnótt og brauðin losna». Þeir prestar, sem slík brauð hafa, sóttu um þau og fengu þau skilyrðislaust, nema þar sem um hin frægu «fyrirheitisbrauð» stiptsyfirvaldanna er að ræða. Hví skyldu þessi fyrirheitisbörn þurfa að kvarta? Þeim bregzt víst aldrei hið fyrirheitna hnoss stiptsyfirvaldanna, heldur munu þeir eflaust fá hið feita brauð í «fyllingu tímans»!? Það sem að mun bætir tekjur presta enn fremur, er það, að eptirlaunin falla nú af fátæku brauðunum á landssjóð eptir 5. gr. eptirlaunalaganna, og meðan þeir prestar, sem nú lifa, eru með, þá mun sú upphæð verða frá 2000—3000 kr. Enn bætist á landssjóð eptirgjöfin á skuldinni við Mývatnsþingin, svo og kaup Hvítaness í Ögursþingunum. Jeg gat þess lauslega, að mjer þætti fleira athugavert við 5. gr. frumvarpsins.

Hver er sú «uppbót», sem þar er gjört ráð fyrir að úr landssjóði greiðist til vissra brauða, jafnótt og þau losna? Sjálfsagt tekjur þeirra 33 brauða, sem lögð skulu niður. Jeg er nú hræddur um, að þegar tappinn er einu sinni tekinn úr ámunni, þá muni rennslið halda áfram. Eigi að bæta tekjur presta sem framast má verða, þá veit jeg ekki vel, hvar staðar muni nema. Jeg vil bæta kjör eða tekjur fátækra brauða, en hóflega, skynsamlega. Áður þótti nóg að veita tillag til þeirra smábrauða, sem standa laus, nú þykir nauðsynlegt að bæta við laun presta nú þegar, áður en brauð þeirra losna. Sumir hafa tekið þetta mikla mál sem eingöngu krónumál, en sje það meining bæði hinnar konunglegu og þinglegu nefndar, og á síðan þings og stjórnar, að launalækkunin sje aðalmark og mið nýrrar og betri kirkjuskipunar hjer á landi, þá kalla jeg slíkan hugsunarhátt og ráðlag hryggilegt. Launajarmur gengur nógur á landi voru, þótt prestar eigi fylli þann flokkinn um skör fram. Að prestar Íslands verði lagðir landssjóðnum á bak, það samþykki jeg aldrei, meðan jeg lifi, því það er hið sama sem að þurrka upp landssjóðinn, en veita öllum landstekjunum í gullstrauma til embættismanna sinna, og hleypa loku fyrir öll andleg og líkamleg fyrirtæki, þjóð vorri til framfara og heilla; enda fulltreysti jeg því, að fjöldi manna finni til þess, sem jeg finn, að kristnin hjer á landi þurfi sannarlega annars miklu fremur við, en að fjölga krónum í vasa klerkanna.

Landshöfðingi: Það var rjett hermt af 1. þingmanni Norðurmúlasýslu, að taka beri einnig tillit til tekjuliðsins, ef gjöra skal rjettan reikning um upphæð þá, er tillagið í raun og veru nemur; — jeg vissi það áður, en jeg vildi einungis sýna það, að tillagið ekki yrði meira en 8400 kr., ef breytingaruppástunga 7 þingmanna yrði samþykkt, — það mun sjálfsagt smámsaman verða minna, og það þegar á fjárhagstímabilinu innan fardaga 1881, — en jeg álít það ónauðsynlegt, að taka þetta atriði fram með berum orðum.

Hvað það snertir, hvaða sanngirni mæli með því, að prestar þeir, sem nú eru í brauðunum, fái hinar ákveðnu uppbætur, þá vil jeg leyfa mjer að vísa til þess, að þessari reglu hefur verið fylgt í öllum launalögum vorum, og því virðist sömu reglu eiga að beita með tilliti til prestanna.

Páll prestur Pálsson: Eins og jeg tók áðan fram, þá verð jeg að álíta það rjett og sjálfu sjer samkvæmt, að samþykkja þetta frumvarp, þó eigi væri af annari ástæðu en þeirri, að fjárlögin til taka ekki meira en 4000 kr. til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum, og deildin vildi ekki samþykkja uppástungu mína um að leggja brauðunum 7000 kr., sem jeg áleit hið minnsta, til þess að geta haft von um, að sjá prestsþjónustunni í smáu útkjálkabrauðunum borgið á fjárhagstímabilinu, ef svo skyldi fara, að prestamálið næði ekki fram að ganga. Þess vegna álít jeg það rjett, að málið sje ekki látið falla í vorri deild, því að hvað á annars að gjöra við hin prestslausu brauðin, þegar ekkert fje er fyrir hendi til að bæta þau? Jeg hef svo kynnzt höfðingsskap og örlæti fjárlaganefndarinnar, að jeg gæti vel trúað því, að þeir, sem um daginn mæltu móti 7000 króna bráðabirgðatillaginu til fátækustu brauða, hafi gjört það í þeirri von, að prestamálið kynni að falla, og þá sparaðist landssjóði það fje. Það er með öllu ósjeð, hvort prestamálið mun græða svo mikið á því, að bíða til næsta þings, því verði því nú frestað, þá geta menn þó að minnsta kosti eigi borið reynsluna fyrir sjer með tilliti til gallanna. Vjer verðum að gá að, hvað mikið það er þegar búið að kosta þjóðina bæði að tíma og fje, og hvernig getur þá þingið forsvarað að láta það falla hjeðan af, og allur þessi mikli og langi undir-

búningur skyldi verða til einskis. Það er að mínu áliti alls ekki forsvaranlegt af þinginu, að láta slíkt eptir sig liggja. Hvað snertir breytingaruppástungur nefndarinnar við 28. og 30. tölul., Odda og Breiðabólsstað, þá álít jeg, að nefndin hafi þar alveg rjett fyrir sjer, eða þó tekið heldur lítið af þessum brauðum, ef Oddi og Breiðabólsstaður eru bornir saman við Skeggjastaði eða önnur útkjálka- og rýrðarbrauð. Þó þessar 700 kr. verði teknar af Breiðabólsstað, þá verða þó eptir nálega 2500 kr., og þó 700 kr. verði teknar frá Odda, verða eptir 2400 kr., og það mest í jarðaafgjöldum, sem verða þó að álítast hinar vissustu tekjur brauðanna. Ætli þingmaður Rangæinga mundi ekki heldur vilja sækja um þessi brauð með 2400 kr., en um Grímsey með 1000 kr.? Þingmaðurinn tók fram, að prestarnir í þessum brauðum, einkum annar, þyrftu að fá sjer kapellán vegna erfiðleikanna, sem við þau bættust. En hvað væri á móti því, þó svo væri; þeir hefðu á eptir 1500 kr. samt, þó þeir launuðu kapelláninum 1000 kr., og mundu margir fremur fást til að verða kapellánar á þessum stöðum fyrir 1000 kr. laun, heldur en að fara fyrir jafnvel minni laun á einhvern útkjálkann. Jeg er viss um, að þingmanninum hefur gengið gott eitt til vegna kjördæmis síns, með að taka þessi dæmi, en útfærslan mislukkaðist hjá honum með öllu. Viðvíkjandi því, að hann sagði, að gengið yrði of nærri rjetti þeirra presta, sem nú eru í þessum brauðum, þá vil jeg geta þess, að jeg fæ ekki sjeð, að svo sje, því að jeg veit ekki betur, en að tekið sje fram í veitingabrjefum allra presta, að þeir sjeu skyldir til að taka hverri þeirri breytingu, sem gjörð kunni að verða á prestaköllunum, og að þessari skyldu munu prestarnir á Breiðabólsstað og Odda eigi hafa síður gengið vakandi, en hver annar prestur á landinu.

Framsögumaður: Mig furðaði á því í dag, þegar 2 þingmenn reiknuðu út, að útgjöldin til prestastjettarinnar mundu verða 23,000 kr., ef breytingaruppástungan um, að orðin «jafnóðum og þau losna» falli burt, verði samþykkt. Jeg vissi fyrst ekki, hverju jeg átti að trúa, þegar jeg heyrði þingmennina bera þetta fram sem full sannindi. Síðan hef jeg rannsakað þetta nákvæmar, og komizt að því, sem jeg reyndar áður vissi, að þeirra reikningur er með öllu rangur; þeim hefur líklega orðið það á, að leggja saman bæði það, sem lagt er frá prestaköllunum, og líka það, sem leggja á til hinna minni brauða, og með því fengið um tvöfalda summu, eða þeir hafa vitandi farið með rangt. Útgjöldin geta í mesta lagi verið 12—14,000 kr., enda hefur annar þingmaðurinn fært sinn reikning niður í 11,000 kr., og er það ekki svo lítið á ekki lengri tíma. Jeg vil fyrst minnast á þessa litlu breyting við 5. gr., að orðin «jafnótt og þau losna» falli burt. Jeg álít það skyldu mína, af því jeg var í utanþingsnefndinni, að vera með í þessari uppástungu. Utanþingsnefndin, sem varaforseti var með í, og hefur hann sagt, að hann fúslega skyldi gefa uppástungum hennar atkvæði sitt, og álíti það jafnvel skyldu sína, — hún stakk upp á því, að leggja 7600 kr. á ári til uppbótar prestaköllunum. Nú er þetta tillag til prestakallanna, ef vjer fylgjum reikningi 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, 11—12,000 kr., ekki um aldur og æfi, eins og 7600 kr. tillag utanþingsnefndarinnar, heldur um stuttan ára tíma. Innan 10—20 ára verður upphæð þessi að miklu leyti horfin; eptir 30 ár má með vissu telja, að hún verði alveg horfin (*Halldór Kr. Friðriksson*: «Hún hverfur aldrei að öllu!). Hvað er nú meiri kostnaður fyrir landssjóð, að fylgja utanþingsnefndinni, eða því, sem vjer nú stingum upp á? Hvað hinar einstöku tölur snertir, þá vil jeg bæta því við, að jeg er sízt á móti því, að Garpsdalur fái 300 króna uppbót úr landssjóði; en jeg ímynda mjer,

að það megi taka af þeim 4000 kr., sem veittar eru á fjárlögunum, ef álitið er ógjörlegt, að honum verði þjónað frá næsta prestakalli. Jeg er samdóma 2. þingmanni Rangæinga, hvað snertir Odda og Breiðabólsstað, að hann hafi töluvert til síns máls, en vjer verðum að líta á allar kringumstæður. Nefndin hefur fengið ámæli fyrir það, að hún hafi jafnað brauðin of lítið, og einmitt af þeim rökum er breytingartillaga þessi samin. Jeg játa, að þessi breyting er ein af hinum vafasömustu, og er sjálfsagt báðum hlutaðeigandi prestum til mikillar byrði, en jeg vil minna þingmanninn á, að þetta fje, sem tekið er af þessum brauðum, gengur til Holtaþinga, og Vestmannaeyja, og vill hann sjálfsagt, að þau brauð sjeu bætt, að minnsta kosti hið fyr nefnda. Nú mátti ekki, eins og einn þingmaður kallaði það, fara dýpra í vasa alþýðu, og því greip nefndin til þess úrræðis, óyndisúrræði mun þingmaður Rangæinga kalla það, að bíta í Odda og Breiðabólstað. Það er sjálfsagt hart, þar sem eldri maður á í hlut, að sameina bæði Keldnaþingin við Odda, og taka af launum hans. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu gat ekki sjeð neina ástæðu til þess, að gjöra þá breyting, að tillagið til brauðanna kæmist strax á. Landshöfðingi færði til eina ástæðu, að þetta væri algeng venja í öllum vorum launalögum. (*Arnljótur Ólafsson*: Ekki í launalögum sýslumanna!) Það er undantekning. Þar að auki verður afleiðingin af þessu slæm; það verður sífelldur straumur á prestum fram og aptur, að sækja frá einu brauði til annnars. (*Arnljótur Ólafsson:* Þeir hafa gott af að hreyfa sig!) Hinn sami þingmaður taldi það með uppbótinni til brauðanna, að 33 brauð eiga að leggjast niður; jeg vil biðja hann að benda mjer á, hvernig það getur reiknazt með tillaginu úr landssjóði, að brauðum er fækkað. Hann talaði einnig mjög fagurlega um það, að það ætti ekki að vera aðaltilgangur þessa máls, að bæta kjör presta. Satt að segja, get jeg ekki skilið, að í þessu frumvarpi sje um annað að ræða, en að bæta kjör presta. En það get jeg ekki tekið til mín, að jeg álíti allt kirkjumálið í því innifalið, að útvega prestunum fáeinar krónur, því að jeg hef verið með þingmanninum í að semja önnur frumvörp viðvíkjandi kirkjunni, sem hafa annan tilgang. Eptir mínum skilningi er það alþýðu fyrir beztu, að prestar hafi nóg laun, en um það geta verið misjafnar skoðanir, hvað eru nóg laun. Þeir þingmenn, sem vilja alþýðu til geðs spara nokkrar krónur úr landssjóði, til þess að alþýða fái sem nýtasta presta, misskilja alveg sannan hag alþýðu, og gjöra henni óþægt verk. Margir alþýðumenn eru líka svo skynsamir, að þeir játa þetta, játa, að það er þeim í stundlegum og andlegum efnum mjög áríðandi, að prestar þeirra sjeu sem nýtastir, já, og hafi nóg fyrir sig að leggja.

Varaforseti: Landshöfðingi er farinn burt úr salnum, svo að jeg get ekki svarað honum, og því vil jeg snúa mjer að framsögumanni. Það hefur verið ágreiningur um töluupphæðir, sjer í lagi um það, hvort reikningur minn eða landshöfðingja væri rjettur. Jeg skal enn ítreka það, að hefði ekki verið um annað að ræða en um þá 15000kr. uppbót til fátækra prestakalla, sem fjárlagafrumv. stjórnarinnar fyrir 1880—1881 gjörði ráð fyrir, þá gæti jeg gefið atkvæði með frumvarpinu, þó þessi upphæð sje nokkuð hærri en sú, sem utanþingsnefndin stakk upp á, nefnilega 7600 kr. uppbót til fátækra brauða og 5000 kr. til uppgjafapresta; en nú eru útgjöldin til prestastjettarinnar þannig:

Á fjárlögunum er veitt:

1. Til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum	4000 kr.	» a.
2. Til prestaekkna og barna og fátækra uppgjafapresta .	2500 —	» -
3. Til prestsins á Vestm.eyjum	1443 —	19 -
flyt	7943 —	19 -

flutt	7943 kr.	19 a.
4. Til prestsins á Goðdölum	20 —	» -
Eptir frumvarpi nefndarinnar, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, er uppbótin til brauðanna	12500 —	» -
Eptirlaun uppgjafapresta og prestsekkna hjer um bil .	2000 —	» -
Uppbót á 6 brauðum eptir breytingartillöga 7 þingmanna	1600 —	» -
Uppbót frá 34 niðurlögðum brauðum (sbr. álitsskjal utanþingsnefndarinnar óbeinlínis eptir því sem þau leggjast niður)	23500 —	» -
Uppgjöf Mývatnsþingaskuldarinnar	4000 —	» -
Til að kaupa jörðina Hvítanes	3000 —	» -
Árgjaldið eptir breytingartillögum nefndarinnar við 6. gr. frumvarpsins	2000 —	» -
Alls	56563 —	19 -
Ef vjer nú drögum frá þá uppbót, sem fæst frá hinum niðurlögðu brauðum	23500 —	» -
þá verður tillagið úr landssjóði	33063 —	19 -

Landshöfðingi sagði, að brauð, sem eiga að uppbætast, mundu ekki verða veitt fyrst um sinn, en það getur hann ekki sagt með vissu. Ef landshöfðingi vill gefa skriflegt vottorð um það, að ekkert af þeim brauðum, er hann taldi upp, muni verða veitt fyrst um sinn, þá væri öðru máli að gegna, en það mun landsstjórnin sízt geta. Jeg vil vona, að hver, sem hugsar um, hver byrði muni leggjast á landssjóðinn, ef breytingartillagan við 5. gr. verður samþykkt, muni vel yfirvega, áður hann gefur atkvæði sitt.

Framsögumaður: Jeg get ómögulega skilið skýringar varaforseta og reikning hans. Margt var ekki rjett hjá honum, t. d. taldi hann með árlegum útgjöldum verð jarðanna Skútustaða og Hvítaness, og öll útgjöldin á fjárlögunum til prestastjettarinnar.

Sú spurning, sem hjer liggur fyrir, er, hvort betra sje að leggja 7600 kr. til uppbótar brauðunum um aldur og æfi, eða að veita 11000 kr. að eins um lítinn tíma. Mjer finnst auðsjáanlegt, að betra er að veita 11000 kr. um stuttan tima, og sem einlægt fer minnkandi. Jeg vil svo ekki tala frekar um breytingaruppástungurnar; þingmenn verða að ráða við sig sjálfa, hvernig þeir greiða atkvæði, en jeg álít það skyldu mína, að taka það upp, að ekki er farið nærri eins langt í þessu frumvarpi, eins og í uppástungum utanþingsnefndarinnar.

Guðmundur Einarsson: Þegar vjer skoðum þetta mál, þá er það aðalatriðið, hvort vjer viljum bæta kjör presta, eða halda öllu í gamla horfinu. Það hefur verið talað margt í þessu máli, og sumt ósanngjarnt að minni sannfæringu, en það verð jeg að álíta, að rjettara sje að fella málið, heldur en að breyta ekki því, sem þarf breytingar við. Breytingartillagan við 78. tölulið (um Flatey) þarf endilega að samþykkjast, og sama er að segja um aðrar tillögur, sem eru á þessu breytingaratkvæðablaði, einkum um Garpsdal og Otrardal. Tilbreyting talnanna á tekjuhæðinni á brauðunum í Dalasýslu er einmitt tekin eptir tillögu prófastsins þar, og vona jeg því, að hún verði samþykkt. Það er annars ekki til neins fyrir mig að vera að bæta við umræðurnar í þessu máli; allir hljóta að sjá, að það er ósanngjarnt, að láta aumingja prestana á smábrauðunum búa lengur við þau kjör, sem þeir nú hafa, enda væri það alveg gagnstætt þeirri reglu, sem hingað til hefur verið fylgt um laun embættismanna.

Þorsteinn Jónsson: Áður en gengið er til atkvæða, þá verð jeg að taka það fram, að jeg er ekki samþykkur framsögumanni, að launin á Vestmannaeyjum sjeu sanngjörn. Eptir mínum reikningi verða laun-

in að eins 1090 kr., því að 170 kr. dragast frá, vegna þess að landskuldin er reiknuð fyrir prestinn eptir hinum sama rangláta mælikvarða, sem vjer aðrir megum búa við. Þingmaður Skaptfellinga tók það fram við 2. umræðu, að vjer þyrftum ekki prests við, af því vjer hefðum biskupa, postula og jeg veit ekki hvað, en jeg vil benda honum á, að ef það eru Mormónarnir, sem hann meinar, þá þurfum vjer ekki síður fyrir það duglegan prest, en hann getum við ekki búizt við að fá nema hann sje vel launaður.

Framsögumaður: Jeg held, að þingmaður Vestmannaeyinga hafi mig fyrir rangri sök. Jeg játa, að tekjur þess brauðs eru í rýrasta lagi eptir frumvarpinu, og að þar þarf einmitt duglegan prest vegna Mormónanna. Að öðru leyti er búið að ræða svo mikið um breytingaruppástungurnar, að jeg álít óþarfa að tala meira um þær og vil ekki halda þeim til streitu, sízt til þess að málið falli vegna þeirra. Jeg vil ekki, að þetta frumvarp falli, og ef það fellur, þá er sannast að segja, að lítil afreksverk liggja þá eptir þetta þing, að minnsta kosti þessa deild, sem vjer erum í. Til máls þessa er þegar búið að kosta miklu fje, bæði á þingi og utanþings. Getum vjer þá forsvarað það að láta allan þennan kostnað enn verða að ónýtu, Jeg verð að síðustu að gefa sjálfum mjer þann vitnisburð, að jeg hef gjört mitt til, að þetta mál geti fengið framgang, og farið hóflega í kröfum mínum kirkjunnar vegna. Jeg skal gefa sjálfum mjer þann vitnisburð, að jeg hef flutt þetta mál eptir megni, án þess sjálfur að vænta eins eyris ágóða, já, án þess að vænta annars en vanþakklætis, já, án þess að líta á hag presta eingöngu, heldur mest á hag safnaðanna, hag og velferð alþýðu. Jeg hef áður lýst því yfir, að jeg vildi helzt, að kirkjan gæti komizt af án landssjóðsins, en af því jeg sje, að hún ekki getur verið án tillags úr landssjóðnum, hef jeg fylgt því fram, að henni verði lagt til í bráð. En þegar fram líða stundir, þá koma dagar og þá koma ráð, þá getur sjezt, hvort kirkjan getur ekki borið sig sjálf. Prestar hafa lengi verið hóflegir í kröfum, og gjört sig ánægða með lítið, kannske þeir verði það enn framvegis. Jeg vildi óska þess, úr því ekki er annars kostur.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virðist nú sem skoðanirnar í þessu máli ætli að verða æði margbreyttar. Nefndin hefur umsteypt grundvelli þeim, sem utanþingsnefndin lagði, og ræður því að líkindum, að margir gallar sjeu á frumvarpið komnir; því það er varla auðið hjer á þingi að gjöra svo umfangsmikið mál svo úr garði, að vel sje, ef grundvöllurinn er eigi góður undir, og jeg ræð því heldur til, að frumvarpið sje eigi samþykkt; því ef það yrði, þá mundu sjálfsagt koma ýmsar bænir um breytingar á næsta þingi, og eigi að eins á næsta þingi, heldur og þing eptir þing. Viðvíkjandi því, sem framsögumaður lagði til með brauðunum 76. og 82. — Garpsdal og Otrardal — þar sem hann ætlar þeim styrk af þeim 4000 kr., sem nú eru lagðar fátækum brauðum, þá gleymir hann því, að þetta styrktarfje gengur inn, þegar frumvarp þetta er orðið að lögum. Af því fje er því tilgangslaust að ætla nefndum brauðum styrk, og hið sama sem að ætla þeim alls ekkert. Viðvíkjandi hinum ýmsu tölum hinna ýmsu þingmanna, þá virðast mjer reikningarnir orðnir að minnsta kosti þrír. Landshöfðingjans upphæð er auðsjáanlega of lág, en varaforseta helzt til of há.

Framsögumaður: Jeg vildi leiðrjetta hinn heiðraða þingmann Reykvíkinga, en — eins og hann segir sjálfur — hann lætur sig ekki sannfæra. Hann ber nefndinni á brýn, að hún hafi horfið frá grundvelli þeim, sem utanþingsnefndin hafi sett. En þessu mótmæli jeg; grundvöllurinn er hinn sami,

þótt hann sje nokkuð breyttur eða lagaður undir rekstri málsins; nefndin tekur ekki meira, heldur minna fje úr landssjóði, en áður var gjört ráð fyrir, enda þótt nokkuð meira verði að leggja fram í byrjuninni.. Hinn heiðraði þingmaður segir, að þær 4000 kr., sem ætlaðar eru til uppbótar brauðum, gangi inn, þegar frumvarp þetta gangi út, sem lög; þetta er of mikill ókunnleiki eða misskilningur, sem jeg skal sannfæra hann um strax, ef hann vill sjá hið sanna. Jeg vil í þessu tilliti vitna til hins háttvirta formanns fjárlaganefndarinnar, sem hefur lýst því yfir, að þær 4000 kr., sem eru í fjárlögunum, sjeu veittar, án tillits til þessa máls, en að fje það, sem greiða á úr landssjóði eptir þessu frumvarpi, komi í 17. gr. fjárlaganna. Þetta hefði þingmaður Reykvíkinga átt að vita, fyrst hann er í fjárlaganefndinni.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, fyrst um breytingaruppástungurnar við frumvarpið, og var

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar (I 351) við 1. gr. 1. tölul. samþykkt með 12 atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. 2. tölul. samþykkt með 12 atkv.
3. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. 3. tölul. felld með 11 atkv. gegn 10, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

   Já:

   Björn Jónsson,
   Ísleifur Gíslason,
   Arnljótur Ólafsson,
   Eggert Gunnarsson
   Friðrik Stefánsson,
   Guðmundur Einarsson,
   Snorri Pálsson,
   Þórarinn Böðvarsson,
   Þórður Þórðarson,
   Þorsteinn Jónsson.

   Nei:

   Grímur Thomsen,
   Benedikt Sveinsson,
   Einar Ásmundsson,
   Guðmundur Ólafsson,
   Halldór Kr. Friðriksson,
   Hjálmur Pjetursson,
   Páll Pálsson, prestur,
   Páll Pálsson, bóndi,
   Stefán Stephensen,
   Tryggvi Gunnarsson,
   Þorlákur Guðmundsson.
4. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. 6. tölul. felld með 12 atkvæðum gegn 9, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

   Já:

   Friðrik Stefánsson,
   Guðmundur Einarsson,
   Halldór Kr. Friðriksson,
   Hjálmur Pjetursson,
   Páll Pálsson, prestur,
   Páll Pálsson, bóndi,
   Snorri Pálsson,
   Þórður Þórðarson,
   Þorlákur Guðmundsson.

   Nei:

   Grímur Thomsen,
   Björn Jónsson,
   Ísleifur Gíslason,
   Arnljótur Ólafsson,
   Benedikt Sveinsson,
   Eggert Gunnarsson,
   Einar Ásmundsson,
   Guðmundur Ólafsson,
   Stefán Stephensen,
   Tryggvi Gunnarsson,
   Þórarinn Böðvarsson,
   Þorsteinn Jónsson.
5. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 7. tölul. samþykkt með 17 atkvæðum.
6. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 8. tölul. samþykkt án atkvæðagreiðslu.

7. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 9. tölul. samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Benedikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Þórður Þórðarson.

8. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 12. tölul. samþykkt með 18 atkvæðum.
9. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 14. tölul. samþykkt með 11 atkvæðum.
10. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 15. tölul. samþykkt með 14 atkvæðum.
11. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 23. tölul. samþykkt með 13 atkvæðum.
12. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 28. tölul. samþykkt með 17 atkvæðum.
13. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 30. tölul. samþykkt með 16 atkvæðum.
14. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 32. tölul. samþykkt með 15 atkvæðum.
15. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 34. tölul. samþykkt með 16 atkvæðum.
16. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 54. tölul. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
17. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 56. tölul. samþykkt með 16 atkvæðum.
18. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 57. tölul. samþykkt með 13 atkvæðum.
19. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 60. tölul. samþykkt með 11 atkvæðum.
20. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 62. tölul. samþykkt með 15 atkvæðum.
21. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 63. tölul. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
22. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 64. tölul. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
23. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 65. tölul. samþykkt með 17 atkvæðum.
24. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 72. tölul. felld með 14 atkvæðum gegn 7.
25. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 73. tölul. felld með 12 atkvæðum gegn 5.
26. Breytingaruppástunga sömu við 1. gr. 74. tölul. samþykkt með 13 atkvæðum.
27. Breytingaruppástunga 7 þingmanna (I 359) við 1. gr. 76. tölul. felld með 11 atkvæðum gegn 8.
28. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við 1. gr. 78. tölul. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Grímur Thomsen,

Ísleifur Gíslason,
Einar Ásmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

29. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við 1. gr. 80. tölul. felld með 11 atkvæðum gegn 5.
30. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við 1. gr. 82. tölul. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

31. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. 84. tölul. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
32. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við 1. gr. 88. tölul. felld með 14 atkvæðum gegn 5.
33. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. 126.—127. tölul. samþykkt í einu hljóði.
34. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. 134. tölul. samþykkt með 12 atkvæðum.
35. Breytingaruppástunga 6 þingmanna (I 367) við 1. gr. sama tölul. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
36. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. 135. tölul. samþykkt með 18 atkvæðum.
37. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við 1. gr. 137. tölul. samþykkt með 12 atkvæðum.
38. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. sama tölul. þar við fallin.
39. 4. grein meiri hluta nefndarinnar (I 360) samþykkt með 17 atkvæðum.
40. 4. grein nefndarinnar þar við fallin.
41. 5. grein. Nefndin: «Greiðist tillag það úr landssjóði», samþykkt með 15 atkvæðum.
42. 5. grein. 7 þingmenn (I 359): «Jafnótt og þau losna» falli burt, fellt með 15 atkvæðum gegn 5.
43. 5. grein. Nefndin: Í stað «stólsjarða» komi «þjóðjarða» samþykkt með 19 atkvæðum.
44. 6. grein. Breytingaruppástunga nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum.
45. Breytingaruppástunga frá meiri hluta nefndarinnar við fyrirsögnina samþykkt með 20 atkvæðum.

Síðan var frumvarpið allt með á orðnum breytingum samþykkt með 16 atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 38. fundi, 15. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 378—383.

Landshöfðingi: Eins og hinni heiðruðu deild er kunnugt, ályktaði þingið í hitt eð fyrra, að stjórnin skyldi undirbúa og leggja fyrir þingið frumvarp til laga um nýja brauðaskipun. Samkvæmt þessari þingsályktun hefur frumvarp til laga um skipun prestakalla og kirkna verið samið, og liggur það nú fyrir þessari heiðruðu deild í því formi, sem það hefur verið samþykkt af neðri deildinni, sem frumvarp til laga um skipun prestakalla. Utanþingsnefnd sú, er sett var með konungsúrskurði samkvæmt þingsályktuninni, stjórnarfrumvarpið, er byggt var á frumvarpi þessarar nefndar, og nefnd sú, sem neðri deildin skipaði til þess að segja álit sitt um stjórnarfrumvarpið, hafa allar fylgt þeirri stefnu, er ákveðin var af þinginu í hitt eð fyrra, sem sje að bæta skuli kjör presta með því að jafna brauðin sín á milli, með því að sameina þau, að leggja hinum lakari brauðum tillag frá hinum betri brauðum, þar sem svo hagar til, þannig, að uppbótin til bráðabirgðar verði greidd úr landssjóðnum, og þannig er frumvarp það orðið til, er nú liggur fyrir til 1. umræðu í þessari heiðruðu deild. Frumvarpið hefur vissulega átt örðugt uppdráttar, eins og eðlilegt er, því það er vandamikið og umfangsmikið mál, er hjer ræðir um, og það grípur á margvíslegan hátt inn í þau spursmál, er hljóta að vera öllum landsmönnum hin mest áríðandi, hin kirkjulegu málefni, og það er einnig alveg eðlilegt, að misjafnar skoðanir kynnu að vera um það, hvort frumvarpið í öllum atriðum þess sje sem heppilegast. Þegar ræðir um þvílíkt mál, hlýtur það að vera svo, að ómögulegt sje að út kljá það svo, að allir sjeu eins ánægðir með úrgreiðslu þess. Samt sem áður hefur eptir minni sannfæringu málið, eins og það nú liggur fyrir, verið svo nákvæmlega og ýtarlega yfirvegað og rætt, að jeg fyrir mitt leyti álít það svo vel undirbúið, sem það nokkurn tíma getur orðið, og innilega óska jeg, að hin heiðraða deild leggi samþykki sitt á það, og með þessu móti gjöri það, sem í hennar valdi stendur, til bæði að koma á nýju og betra fyrirkomulagi á brauðaskipun landsins, og að sefa þá hreyfing, er þingsályktunin frá í hitt eð fyrra hefur komið á í öllum söfnuðum landsins, og sem æskilegt og jafnvel nauðsynlegt er að sje sem fyrst sefuð. Það getur ekki verið neinn vafi um það, að frumvarpið, eins og neðri deildin hefur samþykkt það, hafi mikla rjettarbót inni að halda, þó að ýmsir gallar, ef til vill, kunni að vera á því, en þá má vissulega laga smámsaman, þegar reynslan er búin að sýna og sanna, hverjir þeir sjeu, og hvernig ráðin verði bót á þeim. Eptir hinni nú gildandi brauðaskipun eru brauð landsins samtals 170, þó þannig, að 15—20 þeirra annaðhvort til bráðabirgðar hafa verið sameinuð öðrum brauðum, eða hafa um langan tíma verið óveitt. Í raun og veru hefur í mörg ár ekki fleirum brauðum verið þjónað hjer á landi en rúmum 150. Þessum brauðum er samkvæmt frumvarpinu fækkað til 141 og meira tillit tekið til þess, hvernig hagar til í hlutaðeigandi söfnuðum. Hvað viðvíkur jöfnuðinum milli brauðanna sín á milli, leggur frumvarpið fr[illegible]inum betri brauðum árstillag, sem nemur samtals 13000—14000 krónum, til handa hinum fátækari brauðum. Þó að með þessu móti eigi komist á fullkominn jöfnuður, því honum er ómögulegt nokkurn tíma að ná, þá verður þetta sannarlega að skoða sem verulegar framfarir í þeirri stefnu, sem ræðir um.

Frumvarpið fer mjög varlega að því, að koma á þessari nýju skipun, þar sem það ákveður, að hin fátæku brauð ekki skuli uppbætt fyr en jafnótt og þau losna. Jeg hefði fyrir mitt leyti óskað, að fá þessari ákvörðun breytt, en allar tilraunir til þess hafa verið árangurslausar, og jeg skal því fallast á ákvörðunina, eins og hún liggur fyrir, þar sem jeg verð að játa, að frumvarpið þrátt fyrir hann hafi verulega rjettarbót inni að halda. Um hin einstöku atriði málsins er að öðru leyti eigi að ræða við 1. umræðu, og jeg skal þess vegna á

þessu stigi málsins eigi fara neinum orðum um þau, heldur leyfa mjer að mæla með frumvarpinu, eins og það liggur fyrir.

Sighvatur Árnason sagðist fyrir sitt leyti vilja játa, að eins og málið lægi fyrir í frumvarpinu, hefði það tekið umbótum frá ástandinu, sem verið hefði, en samt vildi hann þó lýsa því yfir, að gallar væru eigi litlir á því, að minnsta kosti þar sem hann þekkti til, sem væri helzt í Rangárvallasýslu. Það sem brauðin bættust þar að upphæðinni til við sameininguna, væri tekið frá þeim aptur, án þess að bíða eptir prestaskiptum í brauðunum, samkvæmt 3 gr., og það þætti sjer ósanngjarnt. Hann vildi fyrst geta þess, að brauðin í Rangárvallasýslu væru eigi rjett metin í eðli sínu, því verðlagsskrárnar hefðu þar eigi náð neinni átt, hvorki á sauðfje nje smjöri, meðan sýslan var í sambandi við suðursýslurnar með verðlagsskrá, sem brauðamatið hefði þó verið byggt á, og vildi hann taka til dæmis þau þrjú brauð, sem frumvarpið legði frá til annara brauða, nefnil. Odda, Breiðabólsstað og Holt, sem væru of há nálægt um 100—200 kr. fyrir skekkju verðlagsskrárinnar, og þetta villti menn að talsverðum mun, sem von væri, þegar allt annað stæði á pappírnum en vera ætti. Sameiningin á Keldum við Odda væri eigi heppileg; úr því yrði heil sveit, önnur hálf, og partur úr þriðju eitt brauð; næsti prestur væri á Breiðabólsstað, og hann fengi nú Innhlíðina, sem er seigur viðauki á vetrum, þó hún sje fögur á sumrin. Nú deyr presturinn í öðru hvoru þessu brauði, eða hann fer frá því, og hvert ætti þá að fara til að fá prest til að þjóna brauðinu? Landeyjapresturinn hefði víst nóg og Útfjallapresturinn líka; á þeim tímabilum yrði þá prestþjónustulítið í brauðum þessum. Betra væri því að sameina eigi þessi brauð, heldur jafna þau upp við prestaskipti. Þá væri Mýrdalurinn; þau brauð ætti bæði að sameina, en enginn kunnugur maður mundi vilja gjöra það; þar væru 4 kirkjur, en þær gætu að vísu fækkað, en sveitin væri sú örðugasta, er hann þekkti á Suðurlandi, og þar til mesta snjókista. Annar presturinn þar væri röskur maður, en hann hefði sagt sjer, að hann vildi eigi þiggja slíka sameining. Hvað prestinn í Odda snerti, sem þar er nú, þá yrði hann annaðhvort að hætta, eða taka aðstoðarprest, sem hann eigi fengi fyrir minna en 1000 kr., og þá hefði hann eigi meira en 1200—1400 kr. eptir, þegar allt væri dregið frá, en þetta væri eigi sanngjarnt; presturinn þar ætti annað skilið í elli sinni, heldur en neyða hann til slíks. Það væri þó sannarlega hart, að kasta miklu ómaki á gamla menn ofan á embætti þeirra án alls endurgjalds og jafnvel fyrir minna en ekki neitt. Hvað nú sjálft frumvarpið snerti, væri eigi annað en að taka það sökum tímaleysis eins og það væri, eða þá eyðileggja það, og væri hann fyrir sitt leyti sem stæði á báðum áttum, hvað gjöra skyldi.

Jón Jónsson sagði, að þingmanni Rangæinga hefði eigi þótt ráðlegt, að setja nefnd í máli þessu sakir tímaleysis; en þó tíminn væri naumur, mætti hjálpa því við með afbrigði gegn þingsköpunum, svo að skemmri tíma þyrfti til að ræða málið. Hann þekkti dæmi til á þingi Dana, að mál hefðu verið rædd 8 sinnum á einum degi, og því skyldu eigi Íslendingar geta unnið eins rösklega að þingstörfum og Danir. Hann vildi leiða rök að því, að það væri eigi tilgangur sinn með nefndinni, að vilja fella málið. Nefndin væri alveg nauðsynleg, til að endurskoða 1. grein frumvarpsins og lagfæra galla þá, sem landshöfðingi hefði játað að á henni væru. Blöðin hefðu sýnt, að á hjeraðsfundum í fyrra hefðu bændur komið alveg óundirbúnir; brauðamatið, grundvöllurinn undir þessu máli, væri því alveg ónákvæmt, og hefði brauðanefndin sjálf bent á það, og þar sem hún eigi hefði tekið eptir þeim göllum, er þingmaður Rangæinga hefði tekið fram, þætti sjer eigi ólíklegt, að henni hefði sjezt yfir fleiri galla; það væri eigi gott að hafa undirstöðuna ranga undir því, sem lengi ætti að hanga, og varðar mest til allra hluta, að undirstaðan rjett sje fundin, en einkum og sjer í lagi ætti þetta við um lög. Þannig

útbúið hefði nú málið verið sent til þingsins frá brauðanefndinni, en hvernig hefði þá gengið. Já við höfum allir heyrt getið um umræðurnar í neðri deildinni. Óhætt væri að fullyrða, að við ekkert mál hefðu verið gjörðar jafnmargar breytingar, sem þetta (*Eiríkur Kúld:* Jú fleiri), því á atkvæðaskránni hefðu staðið 241. töluliðir, og bæri það vott um, hvort eigi væri nauðsyn á, að íhuga vandlega hin einstöku atriði þess. Neðri deildin hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að fækka brauðunum úr 170 niður í 141. Um aldamótin hefðu prestarnir hjer á landi verið fleiri en 170, en þó eigi nema 40,000 manns í landinu, en nú væru yfir 70,000 manns; samt hefði varla trúrækni og góðir siðir aukizt svo, að fækka mætti verkamönnum í víngarði drottins, og nú væru eigi að eins þeir menn fleiri, sem þyrfti að kenna kristindóminn, en kristinsdómskennslan væri því nauðsynlegri nú en þá, sem þjóðin nú hefði fengið það stjórnarfrelsi, er engan dreymdi um aldamótin að hún gæti auðnazt; en frelsið án kristindóms og annarar andlegrar menntunar gæti hæglega orðið bölvun í stað blessunar. Til þess væru mörg dæmi í öðrum löndum. Nú riði ekki að eins einstökum mönnum, en allri þjóðinni, mjög mikið á, að þeir menn yrðu sem flestir og beztir, er kenndu þjóðinni, að hún á að dýrka annað en vömb sína og vitsmuni, að maður lifi ekki á eintómu brauði. Hvað laun prestanna snerti, þá þætti sjer vafasamt, hvort nauðsyn á að hækka laun þeirra væri eins mikil, og almennt væri sagt. Þessi kurr, sem nú heyrðist, hefði komið upp eptir að laun hinna veraldlegu embættismanna hefðu verið hækkuð 1875, og væru margir í vafa um, að launahækkun þessi hefði haft við mikil rök að styðjast. En gæti vafi verið hjer um, væri eigi ráðlegt að byggja tillögur í máli þessu á launahækkuninni 1875. Landshöfðinginn hefði haft rjett að mæla í því, að erfitt væri að koma saman skoðunum manna í máli þessu, en þetta væri einmitt ástæða til að fresta málinu, því þingið ætti að vara sig á að koma með þau lög, sem meiri hluti þjóðarinnar væri á móti. Því miður fyndust sjer allmargir deildarmenn gjöra lítið úr þjóðviljanum, en það væri eigi rjett. Þeir menn, sem hefðu aðra skoðun, en meiri hluti þjóðarinnar, gætu ef til vill haft rjettara fyrir sjer; þeir sæju, ef til vill, margt skarpara og ljósara en almenningur, en þá væri það bein skylda þeirra að sannfæra almenning, áður en þeir kæmu með lagabreytingar sínar. Almenningur vildi aldrei neitt rangt af ásettu ráði, það væri misskilningur, vanþekking, sem rjeði úrslitum, ef hann skoðaði eitthvað miður rjett, en þá þyrfti að sannfæra hann. Ef menn notuðu vinsældir sínar hjá þingmönnum til að koma fram ótímabærum lögum, æstu menn að eins þjóðina gegn þinginu og þeim, er þar rjeðu mest. Allir þeir, sem þekktu vilja þjóðarinnar, vissu, að hún vildi eigi, að mál þetta fengi framgang á þessu þingi, eins og það nú væri, og eins og þingmaður Rangæinga hefði einnig bent á í ræðu sinni. Hann sæi enga ástæðu til að flýta málinu; það lægi í augum uppi, að prestar fengjust eins eptir sem áður, ef prestaefni fjölguðu. Þau hefðu fækkað, þegar prestaskólinn var stofnaður, af því að bændur horfðu í hinn aukna kostnað við undirbúninginn undir prestskap, og gátu ekki metið í svipinn þýðing þá, sem það hefði, að efla hin innlendu guðfræðisvísindi. Nú væru skólapiltar aptur farnir að fjölga, og eigi mundi þess langt að bíða, að fleiri sæktust eptir að verða prestar, en gætu komizt að.

Landshöfðingi sagði, að hvað athugasemd þingmanns Rangæinga snerti, þá væri auðvelt að bæta úr því samkvæmt 5. gr., með því að veita hlutaðeigandi presti árlegt tillag í fjárlögunum, svo að þau brauð yrðu viðunanleg. Þrátt fyrir athugasemdir þingmannsins um verðlagsskrárnar, væri tekjuupphæð brauða þessara til samans 2000 kr.

2. þingmaður Skagfirðinga hefði sagt, að hann vildi eigi mæla með nefnd í þeim tilgangi, að eyðileggja málið; en af ræðu þingmannsins hefði hann orðið þess vísari,

að orð hans voru gagnstæð meiningu hans, því að þingmaðurinn hefði með skýrum orðum ráðið til að fresta málinu til næsta þings. Hann kvaðst vera alveg á móti nefnd í málinu, þar eð hann æskti þess, að það gæti fengið framgang á þessu þingi.

Eiríkur Kúld kvaðst vera á máli landshöfðingja í því, að eigi ætti að setja nefnd í máli þessu, en gagnstæður skoðun 2. þingmanns Skagfirðinga, er virtist vilja fresta málinu með því að setja nefnd í það, og gæti eigi annað legið til grundvallar fyrir skoðun þingmannsins, en að vilja fella það á þessu þingi. Hann vildi svara sama þingmanni því, að sjer að vísu þætti eigi vansæmi í að feta í fótspor Dana, en að taka ríkisþing þeirra sjer til fyrirmyndar, sem lyki við færri mál, en vjer á miklu lengri tíma, þætti sjer eigi við eiga. Hann játaði að vísu, að málið væri eigi eins vel úr garði gjört, og æskilegt hefði verið, en þó vildi hann vekja athygli þingmannsins á því, að ekkert mál hefði komið betur undir búið á þing síðan 1853, að hann var fyrst á þingi. Sjer þætti einnig vafasamt, þó nefnd væri sett í málinu, að hún mundi breyta því til batnaðar, þar sem hún yrði eingöngu að hafa það fyrir augum, að flýta sjer sem mest, og jafnvel þótt 2. þingmaður Skagfirðinga breytti út af þingsköpunum og hjeldi 8 fundi á dag, þá væri efasamt, hvort málið fengi framgang á þessu þingi, og vildi hann þó ekki efa dugnað þingmannsins; og þó hann treysti þingmanninum vel, efaðist hann samt um, að honum mundi takast að útrýma þeim göllum, er hvorki hin svo nefnda konunglega nefnd, nje nefnd sú, er neðri deildin hefði sett í málinu, hefði getað útrýmt. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði einnig borið sumum þingmönnum á brýn, að þeir hirtu lítt um þjóðviljann. Sjer þætti nú efasamt, hvort þessi þingmaður þekkti þjóðviljann í þessu máli betur en allir aðrir; hann vissi eigi annað, en að það væri eindreginn vilji þjóðarinnar, að vilja bæta kjör prestanna, en að öðru leyti vildi hann eigi þrátta um það, þar eð hann væri sjálfur prestur. Sami þingmaður hefði einnig tekið það fram, að launahækkun embættismanna 1875 hefði verið óþörf; hann kvaðst nú eigi hafa sömu skoðun um launahækkun þá, sem þessi þingmaður, því að þau hefðu eigi alstaðar hækkað, heldur þvert á móti lækkað, t. d. sum sýslumannalaun. Sami þingmaður hefði kennt prestaskólanum um prestaekluna, það væri undarlegt, að þingmaðurinn skyldi þá eigi hafa komið með frumvarp til þingsins um að af nema stofnun þessa; það væri hryggilegt, ef fleiri hefðu slíkar skoðanir um hina beztu vísindastofnun í landinu, að hún væri til ills eins. Hvað athugasemdir þingmanns Rangæinga snerti, þá játaði hann, að gallar væru á frumvarpinu, hvað það snerti, er þingmaðurinn hefði tekið fram; en landshöfðingi hefði jafnframt getið þess, að eigi mundi torvelt að greiða úr göllum þeim, enda þyrfti þingmaðurinn eigi annað en gæta að 4. og 5. gr. frumvarpsins, til þess að sannfærast um það. Hvað Mýrdalsþing snerti, þá væri hann þar eigi svo kunnugur, að hann gæti dæmt neitt um það, en nokkuð væri það, að bæði brauðanefndin og nefndin í neðri deildinni hefðu verið á sama máli um þetta brauð. Hvað brauðasameining yfir höfuð snerti, því væri hann lítið fyrir stórkostlegar sameiningar, þó að 4. gr. sykraði slíkar sameiningar að nokkru. Hann kvaðst eigi ætla að þessu sinni að ræða það, er sjer sýndist athugavert við hinar sjerstöku greinir frumvarpsins, en þó vilja gjöra það, áður en gengið væri til atkvæða um það við 2. umræðu, svo að kjósendur sínir sæju, að hann hefði tekið eptir því. En þó gallar væru á frumvarpinu, sýndist sjer miklar rjettarbætur í því. Þingmaður Rangæinga hefði einnig verið á sinni skoðun um það, að æskilegt væri, að málið fengi framgang á þessu þingi, og því væri eigi ráðlegt að káka svo við það, að það þyrfti að fara aptur fyrir neðri deildina, og ef til vildi fyrir hið sameinaða alþingi, sem eigi mundi verða til annars, en að sváfa það til fulls. Hann langaði eigi til að koma heim og sjá starfa þingsins, ef þetta eitt

hið helzta mál, sem fyrir það hefði verið lagt, yrði að engu, og væri hann hræddur um, að sumir mundu þá segja, að oss hefði verið betra að sitja kyrrir heima.

Jón Hjaltalín sagði, að nú sem stæði væri eigi hægt að gjöra meira við málið, en neðri deildin hefði þegar gjört, og væri hann því eigi samþykkur þingmanni Skagfirðinga, að leggja nú málið í nýja grautargjörð, og hefði hann víst eigi heyrt þessi orð Goldsmiths, að ef menn hugsuðu að gjöra það, sem ekkert yrði að fundið, að þá yrði það aldrei gjört. Það væri því mesta óráð, að fara nú að káka við það; ef þessi deild vildi nú leggjast á eitt með neðri deildinni, þá fengju menn þó mikla rjettarbót. Að setja nefnd yrði hann og að vera mótmæltur.

Stefán Eiríksson sagði, að hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að neðri deildin hefði gjört svo vel úr garði þetta mál, að þessi deild mundi varla bæta það, en hann kvaðst vera á allt annari skoðun. En nú væri orðið svo liðið á þingtímann, að eigi væri hægt að gjöra miklar breytingar, því neðri deildin hefði setið yfir því fram undir þinglok, og þó væru á því stórgallar. Hvað nú sjálft frumvarpið snerti, kvaðst hann vilja gjöra nokkrar athugasemdir. Hann vildi t. a. m. benda á, hversu sanngjörn neðri deildin hefði verið, þegar hún vill hafa tekjur Stöðvarprestakalls 976 kr. 94 a., og Ása í Skaptártungu 998 kr. 25 a., en Sandfellsprestakall vill hún hafa að eins 778 kr. 83 a. Þetta lýsir sjerlegri ónákvæmni og ósanngirni þeirra, sem mest hafa fjallað um málið í neðri deildinni. Sandfell verður að gjöra svo viðunanlegt að tekjum, að hver prestur sje fús að sækja um það, því ómögulegt er fyrir Öræfinga að nálgast prest utan frá Prestbakka eða austan frá Kálfafellsstað, yfir fullar 3 þingmannaleiðir, og væri nú ekki prest að fá á Kálfafellsstað, yrðu þeir að fara að Bjarnanesi yfir 4 þingmannaleiðir; þessi erfiðleiki sóknarmanna er svo þungur, að hann er með öllu óhafandi, hvort heldur sóknarmenn eiga í hlut eða þjónandi prestur. Hann vildi líka lítið eitt minnast á sameining brauða; hin konunglega nefnd, sem svo væri kölluð, og fjallað hefði um þetta mál áður, hefði viljað hafa Hallormsstað og Þingmúla sjerskilt brauð, en nú hefði neðri deildin sett þetta prestakall saman við Vallanessprestakall, og það áliti hann miður heppilegt; því Vallanessprestakall með þessari tilhögun væri ókleyft fyrir einn prest að hafa, og gegna skyldum með uppfræðing barna, svo vel sje, og við þennan aukna erfiðleika, sem hleðst á prestinn, fær hann í tekjuviðbót við Vallaness tekjur að eins rúmar 600 kr., og þessi viðbót nægir ekki til að borga aðstoðarpresti; en enginn prestur mundi til lengdar þjóna þessum erfiðu sóknum án aðstoðarprests, og þá áliti hann lítið unnið í tekjulegu tilliti fyrir prestana, að hann nú ekki talaði um erfiðleika þá, er hlæðust á söfnuðina við þessar stórkostlegu samsteypur. Hann vildi einnig taka fram um samsteypu Áss og Valþjófstaðar, þó hann væri þar ekki vel kunnugur, að þá áliti hann slíka sameining óhafandi, því það mundi fjarska vegur frá Valþjófsstað að fara yfir alla Ássókn. Þingmaður Rangæinga hefði minnzt á Mýrdalinn, og að þar mundu vera 6 kirkjur, en þær eru að eins 4. Höfðabrekku, Reinis, Dyrhóla og Sólheima kirkjur. Hvað það prestakall snerti, þá væri það að vísu erfitt undir einum presti, en ef presturinn sæti á Dyrhólum, væri allt hægra fyrir hann, en á Felli væri presturinn illa settur. Væru lagðar niður Höfðabrekku- og Sólheima kirkjur, væri Mýrdalur hugsanlegur undir einum presti, en þær kirkjur, eru bændaeignar kirkjur, og því varla ætlandi, að þær yrðu lagðar niður. Það hefði verið talað um sameining Keldna og Stórólfshvols við Odda, og haft á móti þeirri sameiningu, en það væri þó athugandi við þá sameining, að þar eru sjerlega góðir vegir, og ekki vötn á vegi nema Rángá, en við samsteypurnar í Múlasýslum væri það að athuga, að þar væri optast á vetrum ófært fyrir hesta vegna snjóþyngsla. Hann

kvaðst svo ekki ætla að mæla meira í þessu máli, en lýsa því yfir, að hann hlyti að taka sjer breytingaratkvæði viðvíkjandi Sandfelli.

Jón Jónsson sagði, að landshöfðinginn hefði álitið, að tilgangur sinn væri að fresta málinu. Hann myndi að vísu eigi gráta, ef málið væri fellt, hann hefði heldur ekki á móti því, að það fengi framgang, ef gallarnir á því yrðu lagaðir; eins og það nú lægi, gæti hann ekki gefið því atkvæði sitt. Þingmaður Barðstrendinga hefði verið hræddur um, að kjósendur hans mundu, ef þetta mál næði eigi fram að ganga, ámæla honum fyrir að hafa ekki gjört nóg fyrir þingkaupið. En nú vildi hann spyrja þingmanninn, hve margir hefðu þakkað honum fyrir frammistöðuna á þinginu 1875. Ef börnin í kjördæmi þingmannsins væru svo tornæm, að þau gætu eigi lært að skrifa og reikna, þá gæti hann vel skilið að kjósendur hans væru ekki betur gáfaðir en svo, að þeir mettu þingstörf hans eptir því, hve margar álnir af nýjum lögum hann hefði verið með að játa og kærðu sig minna um innihald laganna. Í þeim hjeruðum, er hann þekkti til, væri alþýða á annari skoðun. Þar væru kjósendur ekki ánægðir með að fá sem flest ný lög án tillits til innihaldsins. Þeir vildu heldur hafa engin laganýmæli, en þau, sem væru verri en hin eldri, og þeir kunna að meta þetta. Þegar hann tæki tillit til þess dóms, sem þjóðin almennt hefði lagt á aðgjörðir þingsins 1875, þakkaði hann sínum sæla, að hann hefði ekki verið með í þeim ráðagjörðum. Landshöfðinginn hefði sagt, að maður gæti lagað galla þá, er á frumvarpinu væru, eptir á, en það mundi eigi reynast betra. Ef prestar fækkuðu, þá mundi eigi auðvelt að fjölga þeim aptur. Hann vildi því, að nefnd væri kosin, en málinu eigi vísað til annarar umræðu nú þegar. Þingmaður Barðstrendinga hefði talað um, að mælandi vildi leggja niður prestaskólann, en þetta væri mikill misskilningur eða rangfærsla á orðum sínum. Það mundi víst verða einhver annar til þess að afnema prestaskólann en hinn núverandi 2. þingmaður Skagfirðinga. Skólinn hefði reyndar orðið hið saklausa tilefni til þess, að prestaefni hefðu fækkað, en nú væri það yfirunnið, og eins og mælandinn væri sannfærður um það, að landið mundi hafa ómetanlegt gagn af læknaskólanum og lagaskólanum, þannig vissi hann, að prestaskólinn hefði komið miklu góðu til leiðar.

Ásgeir Einarsson sagði, að mál þetta væri nú orðið nokkuð rætt og menn hefðu komið með ýmsa galla, er fundizt hefðu við frumvarpið, en þar sem sumir hefðu sett upp á það stór hrós, þá gæti hann eigi skrifað undir það; hann sagðist verða að játa, að hann hefði eigi næga þekking á málinu, til að geta tekið það í heild sinni, en aptur á móti vissi hann það, að hjer sem víðar ætti við hið gamla orðtæki, að «varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin». En það væri sitt álit, að undirstöðuna vanti hjer á þingi undir þessu máli. Hin konunglega nefnd hefði umsteypt mörgu, sumu til bóta, en sumu rjett út í bláinn. Þannig hefði bóndi í nefndinni metið varp nærri sjer, en er til hefði komið, hefði nefndin breytt þessu mati. Hann þekkti marga presta í hjeraði og vilja þeirra, en hjer sýndist sjer sem menn streittust á móti honum, því það væri eindreginn vilji þeirra, að brauðin yrðu gjörð sem jöfnust, en þau ekki bezt, er skemmtilegust væru og auðveldust, og hefðu beztar bújarðir; en útkjálkabrauðin, sem opt væru erfið yfirferðar, þyrftu að vera bezt að krónu-upphæðinni, þó líka ætti að hafa tillit til fólksfjöldans í hinum; hann væri því í efa um atkvæði sitt. Margir hefðu talað við sig heima í hjeraði og óskað fremur, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi, heldur en það kæmist í þá stefnu, sem það virtist nú komið í. 2 bændur hjer í deildinni hefðu nú þegar sýnt fram á galla, er á því væru, og sem snertu brauð, er þeim væru sjerstaklega kunnug. Hann gæti og komið með 2 brauð, annað væri Tröllatunga í Strandasýslu og hitt Tjörn á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu. Tröllatunga í Strandasýslu væri eptir leið-

rjettingu nefndarinnar 639 kr. 92 a., en nú ætti að bæta hana upp einungis með 200kr. Tjarnarbrauðið væri að vísu erfiðara brauð, en það munaði eigi svo miklu sem mismunurinn væri. Tjarnarbrauðið hefði nefndin sett eptir leiðrjettingu sinni, þegar Vesturhópshólabrauðið bættist við, 992 kr. 10 a.; við þetta brauð hefði neðri deildin bætt 300 kr., og sýndi þetta litla dæmi, hvað vel málið hefði verið athugað. Hann þekkti því eigi ástæðurnar fyrir þessum mismun. Hann hefði áður minnzt á undirstöðuna fyrir málinu; hann sem sagt, sæi hana eigi. Brauðamatið hið síðasta hefði ekki sjezt hjer á lestrarsalnum, og ástæður hinnar konunglegu nefndar væru sjer ekki ljósar fyrir breytingunni á brauðamötunum; ekki væri svo mikið sem að upphæð tekjanna í hverri sókn út af fyrir sig sæist; fleira vildi hann ekki til tína í þetta sinn. Það hefði og verið talað mikið um þjóðarviljann, en hann hefði bent á það, sem sjer væri kunnugt um hann; það væri einungis um að gjöra, hvað menn vildu meta hann mikils og láta málið bíða, þangað til betur væri frá því gengið, en það væri samt sem áður eigi tilgangur sinn að spilla fyrir málinu; það mætti enginn taka orð sín svo. Menn hefðu vitnað mikið í 4. gr., að hún bætti úr, og vildi hann játa, að svo gæti verið, ef hún væri vel brúkuð, en það væri samt engin vissa fyrir því. Það mætti þó gjöra ráð fyrir, að á næsta þingi yrðu einhverjar skýrslumyndir. Hin konunglega nefnd hefði talað um, að það vantaði afgjald til Undirfells af Torfastaðakoti; en sá væri galli á, að enginn þekkti þetta kot; málið þyrfti mikla umhugsun, en enginn tími væri nú til að setja nefnd í það, en atkvæði vildi hann gefa með, að það fengi að ganga til 2. umræðu.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi hafa ætlað sjer að standa upp aptur í máli þessu, en þingmaður Skagfirðinga neyddi sig til þess að leiðrjetta það, sem hann hefði ranghermt eptir sjer; en með því að hann væri nú genginn út, eins og optar, er hann ætti von á slíku, þá vildi hann fyrst snúa sjer að þingmanni Húnvetninga; sjer hefði heyrzt hann einkum leggja áherzlu á ókunnugleika sinn um þetta mál, en þar sem nú svo skammur tími væri eptir, og þingmaðurinn hefði enn eigi getað kynnt sjer það, þá mundi eigi vera til þess að hugsa fyrir hann, að kynna sjer það til hlítar úr þessu, og hvers vegna vildi hann þá eigi taka tillit til orða þeirra manna, er kunnugri væru málinu; í frumvarpinu væri líka eitt atriði, sem hann vissi, að þingmanninum hlyti að þykja mikið í varið, og það væri uppástungurjettur sá, er hjeraðafundunum væri veittur í 4. gr. Hann fyrir sitt leyti hefði svo gott traust til yfirvalda þeirra, er slíkum tillögum ættu að gegna, að laga mætti í hendi sjer gallana, er væru á frumvarpinu; því væri hann helzt á, að þingmaðurinn byggi sjer til meiri grýlu úr frumvarpinu, en vert væri, þó að hann vissi, að hann væri eigi vanur að hræðast smámuni. Á þingmann Skagfirðinga vildi hann eigi kasta hörðum steini, þó að hann hefði mishermt orð sín í þetta sinn; slíkt henti hann svo títt; hann hefði aldrei borið það á þingmanninn, að hann vildi eyðileggja prestaskólann, heldur hefði hann sagt, að sig furðaði á því, hvers vegna þingmaðurinn hefði eigi komið fyrir löngu fram með frumvarp um að afnema prestaskólann, ef hann kenndi honum um prestafæðina hjer, og það hefði þingmaðurinn gjört; þingmaðurinn hlyti að vita það eins vel og hann, ef hann vildi vita það, hvers vegna svo fáir hefðu gengið á prestaskólann, fyrst eptir að hann var stofnaður; það hefði komið af því, að svo fáir gengu þá á latínuskólann, en það kom aptur af því, að þá var gengið svo hart eptir inntökuprófinu. Þingmaðurinn hefði mikið talað um þá óánægju, sem launalögin hefðu valdið út um landið; hann hefði eigi orðið var við hana, þar sem hann þekkti til; þingmaðurinn hefði líklega lesið «Norðling» og fengið úr honum sína vizku, hann vildi ráða honum til, að byggja eigi mikið á því, sem hann segði, því að hvergi, þar sem hann væri kunnugur, legðu menn

neinn trúnað á það. Hann gæti alls eigi skilið, hvaðan þingmaðurinn hefði þá vizku, að flest börn í umdæmi sínu væru svo gáfutreg, að þau gætu eigi lært að draga til stafs; ef hann gæti sýnt sjer, að hann hefði verið skipaður «general-visitator», þá skyldi hann taka þessi orð hans til greina, en með því hann byggist eigi við því, gæti hann ekki þakkað þingmanninum fyrir slík tilhæfulaus orð um kjósendur sína.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort málinu skyldi vísa til 2. umræðu, og var það samþykkt með 9 atkvæðum, og hvort setja skyldi nefnd í það, og var það fellt með 6 atkvæðum gegn 4.

Önnur umræða í efri deild, á 41. fundi, 18. ágúst.

Breytingaruppástungur I 410. 424.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi geta látið vera að láta í ljósi meining sína um þetta mál. Það væri tvennt, sem hann væri óánægður með, nefnilega, að málið komist fram, eins og það væri nú, og svo hitt, að það eigi kæmist fram í bærilegu horfi. Það sem væri helzta ástæða fyrir sig til að gefa eigi frumvarpinu atkvæði sitt, væri það, að eigi væri nóg tekinn til greina ójöfnuður brauðanna; það hefði eigi verið ástæða til að láta svo mörg brauð fara fram úr 2000 krónum, að dómkirkjubrauðinu frá teknu, eða láta jafnmörg brauð vera undir 800 kr. sem hann áliti enn verra; hann gæti því eigi gefið ójöfnuði þeim, er frumvarpið færi fram á, atkvæði sitt án þess að eitthvað bættist úr skák með málið. Hann gæti þannig tekið til dæmis mörg brauð, sem væru undir 800 krónum, og það væri merkilegast, að það væru einhver hin örðugustu brauðin, og sum af þeim harðsætustu og verst í sveit komið, og þætti sjer undrum sæta, að menn gætu fellt sig við þetta. Þannig væru undir 800 krónum Hofteigur, Sandfell í Öræfum, Staður í Grindavík, Ögurþing, Staður í Hrútafirði, Kálfafellstaður, Ríp, Goðdalir, Grundarþing, Lundarbrekka, Hof og Miklibær í Óslandshlíð og Garpsdalur; þannig væru 12 brauð um og undir 800 krónum, og væru mörg þeirra örðug. En svo væru aptur önnur, sem væru að mun yfir 2000 kr., t. d. Vallanes, Hólmar, Breiðabólsstaður, Oddi, Garðar á Álptanesi, Helgafell, Melstaður, Grenjaðarstaður, og Sauðanes. Þessi mismunur eða misrjettur meðal prestastjettarinnar, sem hann eigi gæti skilið að væri á nógu góðum rökum byggður, fældi sig mest frá frumvarpinu; og hann vildi taka það upp aptur, að hann yrði að hugsa sig vel um, hvort hann ætti að velja af tvennu illu, að samþykkja frumvarpið eins og það væri, eða fella það, eða í þriðja lagi að breyta því, sem mundi líka verða því að bana sökum tímaleysis. Að því er snerti breytingarnar, þá mætti segja, að hann væri nálega einn á bandi með þær; að vísu væru 2 aðrar, en menn mundu, ef til vildi, segja, að þær ættu eigi við, þar sem þær kæmu svo að segja úr einni átt, og það yrði hann að játa, að frumvarpið þyrfti víðar umbóta við en í Rangárvallasýslu, en þeim væri enn óhreyft; en samt sem áður gæti sjer eigi annað sýnzt, en að þær bættu úr skák og mættu álítast nauðsynlegar, að minnsta kosti til þess að benda á gallana á frumvarpinu, sem væru svo fráfælandi, að minnsta kosti í sínum augum. Það hefði verið tekið fram og ástæður færðar fyrir, að prestar væru skyldir að taka þeim breytingum, er gjörðar yrðu á brauðum þeirra, en því hefði eigi, enn sem komið væri, verið beitt til skaða fyrir þá; en það væri næst sjer að halda, að ef þetta frumvarp næði fram að ganga, að þá yrði þeim stórlega misboðið í þessu tilliti. Það hefði heldur eigi verið vani, að taka þau laun af mönnum, sem þeim hefðu verið veitt; prestarnir yrðu þá víst þeir einu af embættismannaflokknum, sem yrðu fyrir því. Breytingar sínar hefðu snert sameining Odda og Keldnaþinganna, og Breiðabólsstaðar og Innhlíðarþinganna, er hann væri í mesta máta á móti í sjálfu sjer, því það væri ekki nóg að hrúga saman brauðunum án tillits til þess, hvort það eyðilegði prestsþjónustuna sjálfa eða ekki, og presta-

stjettina með; en hann vildi enn fremur taka það fram, að þessar 700 kr., sem frá brauðum þessum ætti að leggja, mundu láta nærri tekjum hinna viðauknu brauða, því í öðru brauðinu mundu verða eptir einar 7 kr., en í hinu um 50 kr. Hjer við bætist nú, að það, sem gjalda á milli brauða eptir 3. gr. frumvarpsins, skal sem mest greiða «í fasteignum eða með afgjaldi jarða», og þá mundi hjer verða lítið af þeim gjaldeyri upp í þessar 700 kr. af viðaukabrauðunum; því þar eru bændakirkjur og einungis fáir fjórðungar smjörs, sem prestinum ber af þeim, en ekkert jarðargjald. Þetta gjald frá brauðunum hljóti því að ganga inn á gamla brauðið að mestu leyti, eða nálægt að $^6/_7$ pörtum, er væri í mesta máta ósanngjarnt við hvern þann prest, er væri fyrir í brauði, þegar lögin ná gildi. Því hefði hann stungið upp á því, að gjald þetta yrði eigi svo hátt fyr en við næstu prestaskipti, að það yrði eigi þangað til nema 400 krónur frá þessum brauðum, en þá fyrst 700 kr.; því það væri næsta hart aðgöngu, að prestur væri neyddur til að láta sitt eigið smjör og fje af gamla brauðinu í þetta afdrag; það mætti reyndar láta peninga eptir frumvarpinu; en þeir væru opt eigi fyrir hendi í þeim hjeruðum, sem lægju fjærri mörkuðum landsins; að svo komnu máli ætlaði hann nú eigi að fara fleirum orðum um frumvarpið.

Benedikt Kristjánsson sagði, að af því hann væri ekki hinn þögli maður, mundi það lagt sjer til ámælis, ef hann eigi ljeti til sín heyra í máli þessu, þar sem það snerti sig eptir embættisstöðu sinni. Ef litið væri til sögu málsins, þá væri undirlagið frumvarp það, sem nefnd sú, er konungur hefði skipað, hefði samið. Það væri öllum prestum augljóst, að nefndin hefði gjört breytingar því nær við öll brauðamöt á landinu, án þess þó að reikningsvillur væru í matinu, nema við svo sem tvö brauð. Ein breyting hefði verið á góðum rökum byggð, þar sem hreppstjórarnir, sem metið hefðu prestsetrin, hefðu víða sett kúgildi, sem eigi voru til, og nefndin svo dregið frá rentu af fje því, sem kúgildin kostuðu. Að því er snerti brauðamatið í Þingeyjarprófastsdæmi, þá yrði hann að segja, að konunglega nefndin hefði sumstaðar afbakað matið og byggt á röngum grundvelli; hann yrði því að álykta svo, að grundvöllurinn væri óáreiðanlegur. Er um þetta mál væri að ræða, þá mætti í fyrsta lagi skoða það sem launamál presta. Nú mætti spyrja, hvað væri þá út á það að setja? Hann gæti reyndar eigi nefnt ákveðnar tölur, en nærri því mætti fara. Ef menn bæru saman hin hærri og lægri laun, þá yrði mismunurinn þrefaldur eða allt að því fjórfaldur á launaupphæðunum. Nú vildi hann spyrja, hvort dæmi væru til slíks í öðrum launalögum? Ef maður skoðaði nú laun sýslumanna; þau væru yngst, þá væru þau hæst 3500 kr., en lægst 2500 kr., að undanskildum Vestmannaeyjum; mismunurinn yrði því eigi þriðjungi meiri. Enn minni væri mismunurinn á læknalaununum. Prestar þyrftu allir að ganga í sama skóla og afla sjer sömu undirbúningsmenntunar undir embættisstöðu sína. Sumir þeirra gengju á háskólann, en sumir sýslumenn væru líka danskir lögfræðingar (Kúskar). Frá þessu sjónarmiði væri frumvarpið óaðgengilegt. En þá mætti og skoða þetta frá annari síðu, að embættismaðurinn væri þjónn þeirra, sem hann gjörir embættisverkin fyrir, og þá væri það skoðað með tilliti til starfans og gagns þess, sem presturinn gæti gjört. Það væri víða um land, að brauðin í frumvarpi þingsins væru gjörð svo örðug, að prestar gætu varla þjónað þeim sem ber; hann vildi eigi leggja svo mikla áherzlu á það, þó hann gæti eigi messað nema þriðja eða jafnvel fjórða hvern sunnudag á hverri kirkju, því á flestum heimilum væru nú á tímum til góðar lestrarbækur, en á það vildi hann leggja áherzlu, að hann gæti uppfrætt börnin, sem honum bæri, því þó börn sjeu undir umsjón foreldra, þá yrði uppfræðing þeirra því að eins að æskilegum notum, að presturinn leiðbeindi. Foreldra-uppfræðingin væri vanalega fólgin í því, að börnum væri kennt að lesa og látin læra barnalær-

dóminn, en síður væru þau spurð út úr, svo þau læri að skilja, eða þeim gjört það ljóst, að það, sem þau lærðu, ætti að vera þeim lífsregla, sem þau ættu að lifa eptir. Frá þessum tveim sjónarmiðum væri málið ískyggilegt. Hann ályktaði því, að það væri betra, að fresta málinu, en koma með það, sem engum væri að skapi og engum fullnægði. Hann óttaðist, að menn legðu of harðan dóm á þá skipun, sem nú væri, en sjer gæti ekki betur sýnzt, en að við hana mætti una 2 ár enn. Þingmaður Barðstrendinga hefði tekið fram 4. gr. frumvarpsins og bent á, að hún bætti úr, en hún stæði í sambandi við annað frumvarp, og meðan það eigi væri staðfest, þá væri 4. gr. sem súla Samsons í hofi Filistea. Hann vildi því lýsa yfir því fyrir deildinni, að hann hvorki mundi gefa atkvæði með eða móti frumvarpinu, og það eins þó nafnakall verði haft, enda hefði hann nú gjört grein fyrir ástæðum sínum til þess að greiða ekki atkvæði; hann vildi því skjóta því til forseta, að fresta 3. umræðu um þetta mál, þangað til frumvarp til laga um sókna- og hjeraðanefndir væri fullrætt hjer í deildinni; því það væri það eina, sem gjörði sjer þetta frumvarp aðgengilegt. Hann vildi helzt, að hvert prófastsdæmi gæti borið sig, þó brauð yrðu rýrari í sumum en öðrum, og vildi hann, ef eitthvert prófastsdæmi stæði miklu ver að vígi en önnur, leyfa sjer að vona, að þingið mundi bera velvild til kirkjunnar, þó hún færi sína götu, og rjetta því hjálparhönd með uppbót á brauð þar. Að því er snerti breytingar 1. þingmanns Rangæinga og 2. þingmanns Skaptfellinga, þá væru þær frá sínu sjónarmiði eigi annað en kák; slíkar breytingar hefði hann og getað gjört í sínu prófastsdæmi, t. d. við Háls, það væri örðugt brauð, en í góðri sveit, er lægi mjög í þjóðbraut, og væri óhætt að ætla til gesta tekjurnar, en þær væru fyrir innan 1000 kr. Einstakar breytingar við frumvarpið yrðu eigi annað en kák. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði máske tekið aptur breyting sína, sjer væri það eigi ljóst, en það mætti segja, að hann væri einlægur við kolann, og án þess að meiða trú höfundar breytinganna, þá væru þær heiðni ein, þar sem hann ljet ríki og kirkju renna saman í eitt.

Jón Jónsson kvaðst vera þingmanni Þingeyinga samdóma í aðalatriðum þessa máls, en eigi skildi hann, hvernig þingmanni Rangæinga gæti blandazt hugur um að greiða atkvæði móti málinu, er hann íhugaði það nákvæmlega, sem hann sjálfur hefði tekið fram. Sjer sýndist rjettast að fresta því í þetta sinn. Ekkert væri unnið með að láta það fá framgang nú, eins og það nú væri, og mundi það þykja óaðgengilegt og vekja almenna óánægju, ef það fengi lagagildi. Sjer sýndust prestarnir nauðsynlegir, eigi að eins vegna barnauppfræðingarinnar, sem þingmaður Þingeyinga hefði eingöngu lagt áherzlu á, heldur einnig sökum messnanna, sem væru heilög athöfn, er hefði mikla þýðing, og væri allt annað en húslestrar, og sem því ættu að fara sem optast fram. Þingmaður Rangæinga hefði rætt um verulega galla á frumvarpinu, og væru þeir einmitt orsök til þess, að láta málið bíða næsta þings. Þingmaður Þingeyinga hefði haft orðið kák um breytingar þær, er komnar voru fram á brauðamatinu; þetta væri nokkuð harðlega mælt, en hann yrði að vera þingmanninum samdóma, að eigi yrði unnið neitt verulegt með breytingum við einstök brauð, því að grundvöllurinn undir frumvarpinu væri allur óáreiðanlegur, nl. brauðamálið, eins og þingmaður Þingeyinga og þingmaður Rangæinga hefðu tekið fram. Breytingaruppástunga sín hefði hneykslað þingmann Þingeyinga, en fyrir sitt leyti gæti hann engan heiðindóm sjeð í henni. Heiðingjar væru ekki vanir að óska að prestum væri fjölgað; þar á móti skyldi hann játa, að hann vildi ekkert prestaveldi, og að því mætti kalla uppástungur sínar ókaþólskar eða ópáfalegar, en þær yrðu að geðjast hverjum sannlútersk-um presti. Þingmaðurinn hlyti að vita, að frá siðabótinni hefði konungurinn verið æðsti biskup landsins, og ríki og kirkja þannig

sameinað; því töluðum vjer um þjóðkirkju, og því væru prestar konunglegir embættismenn, og stæðu eða ættu að standa alveg jafnfætis hinum veraldlegu embættismönnum. Við siðabótina hefði konungur orðið handhafi allra kirkjueigna og þessi umráð væru nú komin í hendur alþingis í sameiningu við konung. Af þessum ástæðum sýndist sjer enginn heiðindómur í því vera, þó sýslunefnd, hreppsnefnd og söfnuður hefðu atkvæðarjett í sínum eigin kirkjumálum. Eius og alþingi hefði með konungi öll ráð yfir kirkjumálum landsins, ætti sýslunefnd og hreppsnefnd að geta skipt sjer af kirkjumálum sýslunnar og hreppsins. Hann hefði stungið upp á, að þessum orðum: «að minnsta kosti» væri bætt inn í 1. gr., þar eð hann vildi eigi láta fækka brauðum án samþykkis hlutaðeigandi safnaða; hann vildi láta bæta upp rýru brauðin, en lækka þau, er fylgdu óþarflega miklar tekjur, en hann vildi eigi fækka prestaköllunum nema brýn nauðsyn væri til þess, og hefði hann tvær ástæður til þess; hin fyrri væri sú, að barnauppfræðing og guðsþjónusta liðu við það, og hin síðari væri sú, að sóknarbandið yrði því þungbærara, því færri prestarnir yrðu; því að um leið og brauðunum væri fækkað, væri prestunum einnig fækkað, og menn bundnir við að sækja prestþjónustu til fáeinna manna. Þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að 4, gr. bætti úr skák, en þegar litið væri á 1. gr., þá væri þar skipun, svo þessi rjettar bót í 4. gr. yrði næsta þýðingarlítil nema ef skilja mætti orðið «skipun» í þeirri grein um þá skipun, er nú væri, og ekki þá er ræddi um í 1. gr. frumvarpsins, en til þess að gjöra það ljóst, hefði hann stungið upp á því, að skjóta fáeinum orðum inn í 4. greinina. Hann væri hræddur um, að það ætti ekki vel við, að veita hjeraðsfundum vald, meðan allar ákvarðanir vantaði um, hvernig ætti að kjósa á þá, og hvernig þeir ættu að starfa. Nú sem stæði væru allir hjer á landi kristnir, og þyrfti því eigi að kvíða fyrir því, að aðrir menn yrðu í sýslunefndum og hreppsnefndum; en ef það tækist, að fækka prestum svo, að margir landsbúar yrðu heiðingjar, þá mætti æfinlega tala um að mynda sjerstakar hreppsnefndir og sýslunefndir fyrir kirkjumál. Hvað 6. gr. snerti, þá sýndist sjer óþarft sem stendur að afnema árgjaldið af prestaköllunum, og þess vegna hefði hann komið með breytingartillögur við hana.

Stefán Eiríksson kvaðst hafa látið skoðun sína í ljósi áður um þetta mál, og ætlaði hann því ekki að verða langorður nú. Þingmaður Þingeyinga hefði nefnt breytingaruppástungur hans og þingmanns Rangæinga, og kallaði þær kák, og væri það að vísu satt, en þeir hefðu ætlað prestunum að fara lengra í því efni, því þeir væru málinu kunnugri og færari að gjöra breytingar við mál þetta; en það vildi nú svo óheppilega til, að prestarnir, sem þó væru óánægðir með málið, kæmu með engar breytingar. Hann kvaðst ekki skilja í því sorglega athugaleysi hjá þeim, sem hefðu mest fjallað um málið í neðri deildinni, að taka eigi tillit til þeirra brauða, er nálega ómögulegt væri að fá þjónandi presta að. Sjer þætti mjög undarlegt, að Sandfell í Öræfum skyldi að eins vera bætt upp með 500 kr., sem allir kunnugir menn álitu ómögulegt að fá þjónandi prest að, og því hefði hann komið með breytingaratkvæði, að bæta það upp með 700 kr. Því bæði á Ásum og Stöð væri miklu hægra að ná til þjónandi prests, eins og hann hefði sýnt fram á áður. Þingmaður Þingeyinga hefði sýnt marga galla á frumvarpinu, en samt sem áður hefði hann komizt að þeirri niðurstöðu í niðurlagi ræðu sinnar, að málið ætti að fá framgang, og væri hann þingmanninum samdóma um það, því að málið væri nú búið að ganga í gegnum hreinsunareldinn, þar sem hjeraðsfundirnir, konunglega nefndin og neðri deildin væru búin að ganga gegnum það, og þó að það yrði látið bíða til næsta þings, og jafnvel lengur, mundi eitthvað verða að því fundið. Hvað breytingartillögu sína snerti, þá vildi hann heldur taka hana aptur, en hún yrði frumvarpinu til falls, því að hann vonaði,

að yfirstjórn landsins mundi bæta úr því, sem einstök brauð liðu við það, að verða svona hraparlega út undan. Hann væri því orðinn á þeirri skoðun, að gefa atkvæði sitt með málinu, þó hann við 1. umræðu þess hefði verið í vafa um það, og óskaði hann, að aðrir deildarmenn gjörðu hið sama, svo málið hætti að flækjast bæði milli nefnda og deilda alþingis, sem ekki mundi verða til annars, en gjöra verri graut úr því, en búið væri.

Eirikur Kúld kvaðst eigi ætla að verða langorður um málið, enda hefði hann enga breytingartillögu, en þó sumar breytingaruppástungur þær, er fram væru komnar, hefðu við mikið að styðjast, þá ætti það ekki heima um breytingaruppástungur 2. þingmanns Skagfirðinga, og mundi enginn fallast á þær. Hvað hinar breytingaruppástungurnar snerti, nefnil. þingmanns Rangæinga og þingmanns Skaptfellinga, þá gæti hann eigi gefið þeim atkvæði sitt, því að hann vildi láta málið fá framgang, en það efaðist hann stórlega um, ef málið þyrfti að koma aptur fyrir neðri deildina, enda treysti hann báðum þessum þingmönnum til þess, að taka uppástungur sínar aptur, heldur en að málið yrði eyðilagt sakir þeirra, enda væri það hættulaust fyrir þá, og vonaði hann að þingmaður Rangæinga mundi verða samdóma sjer í því, að landshöfðingi mundi, eins og hann hefði sjálfur skýrt frá síðast, sjá um að brauð þessi fengju uppborinn halla þann, er þau hefðu orðið fyrir samkvæmt frumvarpinu. Hann játaði, að mörg brauð væru mjög lítil, en samt væru sum þeirra bætt nokkuð meira en þingmaður Rangæinga ætlaði, t. d. Ögurþing væru bætt upp með því, að fá prestinum bújörðina Hvítanes. Þingmaður Rangæinga hefði fundið það að frumvarpinu, að mörg brauð væru yfir 2000 kr., og þætti sjer það enginn galli, heldur miklu fremur nauðsyn, einkum þegar þess væri gætt, að sum þeirra væru kaupstaðarbrauð, þar sem væri dýrara að lifa, og mundi því þingmaðurinn verða sjer samdóma um það, að þetta væri eigi galli á frumvarpinu. Sjer kæmi undarlega fyrir, hversu litið þingmaður Þingeyinga gjörði úr kennslu foreldranna; því að þar sem hún væri góð, væri hún hin bezta uppfræðing barna, og hjer eptir væri hálfu hægra fyrir foreldrana að uppfræða börn sín, þar eð nú væri út komin mjög auðveld lærdómsbók með leiðarvísi fyrir kennendur til að spyrja út úr eptir. Hvað barnaspurningar snerti á messudögum, þá væru þær mjög erfiðar og opt ómögulegar, þar eð bæði væri víða langt til kirkju, vond færð og misjafnt veður, svo að ómögulegt væri fyrir foreldrana að koma með börn sín til kirkju um nokkurn tíma ársins. Það hefði einnig verið sagt, að bezt væri að fresta málinu, en nú vildi hann spyrja, hve lengi ætti að fresta málinu? ef því væri frestað á þessu þingi, væri hann sannfærður um, að það fengi langa hvíld, en hann vildi enn taka það fram, að ef stærstu málin væru eyðilögð, þá vildi hann helzt eigi þurfa að líta yfir gjörðir sínar á þessu þingi. Menn hefðu játað, að ástandið hefði verið slæmt áður, en hví ætti þá eigi að taka þessum litlu bótum. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði verið ærið harðorður við þingmann Rangæinga fyrir það, að sá þingmaður hefði eigi viljað leggjast á eitt með honum að fella málið, en 2. þingmaður Skagfirðinga mundi varla geta furðað sig á því, þó þessi tillaga hans væri eigi samþykkt, er hann liti á þau afdrif, sem hinar löngu breytingartrossur hans hefðu fengið hingað til.

Jón Hjaltalín hjelt, að ef málinu nú væri frestað, þá muni spillt fyrir því um óvissan tíma, og hefði hann litla von um, að það mundi batna, þó því væri frestað. En þær breytingar, sem gjörðar hefðu verið, væru tómt kák og verra en ekki neitt. Það mundi bezt að taka það sem það væri. Það væri satt, að brauðum hefði verið fækkað um 40, en það væri betra að hafa 130 í lagi, en allt í óreglu. Maður vissi, hverju maður sleppti, en eigi hvað maður hreppti. Neðri deildin hefði gjört sjer allt far um að koma málinu vel fram, og væri það mesta vitleysa að fara nú að hræra í frumvarpinu með

breytingakáki. Hvað mundu landsmenn segja, er þeir sæju þennan graut. Það mætti að vísu fá betri skýrslur á næsta þingi, og mætti þá nota þær til að gjöra smábreytingar við frumvarpið, en að kasta því núna, væri mesta vitleysa.

Bergur Thorberg sagði, að það sýndi sig, að mál þetta væri eitt af þeim, sem menn eigi væru samdóma um; og væri það eðlilegt, þar sem það væri svo mikils umvarðandi og umfangsmikið, að meiningar manna væru skiptar, að sumir væru með og sumir móti. Hvað málið sjálft snerti, væri það ástæðulaust, að bera það fram, að það væri eigi þjóðarvilji, að lög þessi kæmust á, því þar sem meiri hluti neðri deildarinnar vildi fallast á frumvarpið, og þar eð margir einnig væru með því í þessari deild, þá væri líklegt, að það væri samkvæmt þjóðviljanum; það sem þingið, eða meiri hluti þingsins, aðhylltist, það væri þjóðarvilji; hann kvaðst ekki þekkja neinn annan vott um þjóðviljann en ályktanir þingsins; þótt einhver skoðun kæmi fram í einhverju blaði fyrir norðan eða sunnan, það gæti hann ekki skoðað sem þjóðvilja; það væri rangt, að vilja nú dæma málið til dauða, af því það væri eigi samkvæmt þjóðviljanum. Það mætti, ef til vill, finna ýmislegt að frumvarpinu, og kvaðst hann fyrir sitt leyti verða að játa, að frumvarpið eigi hefði batnað, síðan það kom inn á þingið, heldur hefði því farið aptur frá stjórnarfrumvarpinu, er virtist að fullnægja meira þörfum prestastjettarinnar, en frumvarp það, sem hefði komið úr neðri deildinni; en samt sem áður væri hann samdóma þeim þingmönnum, sem álitu, að það hefði í sjer mikla endurbót frá því ástandi, sem nú væri, og sem bæta þyrfti úr, nefnilega högum presta og skipun prestakalla, og nauðsyninni til að fá viðunanlega þjónustu á brauðum landsins, og hjer væri stigið verulegu feti fram í því efni. Hann vildi benda á það, að hjer væri farið fram á að leggja verulegt tillag til brauða þeirra, er mest þyrftu þess með, og líklegt væri, að það yrði til þess, að fengizt gætu prestar í þau; það væru einkum útkjálkabrauðin. Það hefði verið tekið fram, að sameining brauða mundi gjöra barnauppfræðinguna ófullkomnari; þetta kynni að nokkru leyti að vera satt, en þá bætti frumvarpið þó hins vegar úr öðrum annmarka, sem væri enn þá meiri, og hann væri sá, að með þessu móti fengju þó sum þau brauð prestsþjónustu, er nú um langan tíma hefðu orðið að vera án hennar; en þó prestar í öðrum brauðum væru skipaðir til að þjóna, væri í sjálfu sjer þýðingarlitið. Þessi umbót væri svo veruleg, að meira væri í hana varið en annmarka þá, sem fólgnir væru í minni afskiptum presta af barnauppfræðingunni í hinum sameinuðu brauðum. Það væri satt, að frumvarpið þyrfti endurbóta við, ef það ætti að verða að allra óskum, og þá ætti sjálfsagt að færa það nær stjórnarfrumvarpinu; en hann vildi þó taka málið frá praktisku sjónarmiði, því að gjöra nú breytingar, væri, ef til vill, sama sem að fella það, og þá væri eigi sjeð, hve nær það kæmi fram aptur. Þá hefði verið fundið að undirbúningi málsins, en hann yrði að efast um, hvort hann yrði betri, þó málinu yrði frestað. Þingmaður Þingeyinga hefði fundið að þessum undirbúningi og sjerstaklega að aðgjörðum hinnar konunglegu nefndar, og meðferð hennar á málinu, og tekið dæmi af sínu eigin brauði, þar sem hann sagði, að nefndin hefði afbakað brauðamatið; þar hefði verið bætt við 1 kúgildi; en þar sem bjer einungis væri að gjöra um 15 krónur, gjörði það í rauninni hvorki til nje frá. Það væri því harður dómur, að þetta væri afbökun; breytingin væri byggð á vissum reglum, er einnig hefði verið fylgt annarsstaðar. Væri þetta hin stærsta synd nefndarinnar, og aðrar stærri hefði þingmaðurinn eigi nefnt, þá væru syndir hennar eigi allstórar. Hinn sami þingmaður hefði og tekið fram, að mismunur brauðanna væri mikill, en þetta mundi þó hvorki vera svo skaðlegt nje óeðlilegt, því eigi væri neitt á móti því, þó lítil brauð væru, ef þeim væri vel í sveit komið, enda væri það eigi neitt óaðgengilegt, þó kornungir menn yrðu að byrja

með litlum brauðum, ef þeir seinna hefðu von um að fá önnur betri; þetta ætti sjer og stað alstaðar annarsstaðar.

Að öll brauð væru jöfn, væri eigi æskilegt. Viðvíkjandi athugasemdum þingmanns Rangæinga, að því er snerti 2 brauð í Rangárvallasýslu, þá væri hann honum samdóma, að eigi væri sanngjarnt eða rjett, að prestum, sem nú væru settir til að þjóna þessum brauðum, væri gjört að skyldu, að greiða árgjöld þau, sem frumvarpið ætlast til að greidd væru af þeim, þegar þau væru sameinuð til fullnaðar, en landshöfðingi hefði tekið fram, að úr þessu mætti bæta á annan hátt, enda gæti hann eigi skoðað sameininguna sem endilega, fyr en aðalbrauðið losnaði, og að hlutaðeigandi prestum ekki yrði gjört að skyldu að greiða þetta gjald frá brauðunum, meðan þeir væru að eins settir til að þjóna öðru brauðinu. Hann kvaðst verða að álíta það rjett, að málið, eins og það lægi fyrir, fengi framgang, því það væri, eins og hann hefði tekið fram, veruleg endurbót á nokkrum atriðum, sem eigi væru viðunandi í hinu núverandi ástandi. Af þeim ástæðum væru allar breytingar við frumvarp þetta varúðarverðar, því eigi væru forlög þess viss, ef það nú gengi aptur til neðri deildarinnar, svo væri og svo liðið á tímann, að efasamt væri, hvort þá yrði lokið við málið. Vildi hann því gefa atkvæði fyrir frumvarpinu, eins og það lægi fyrir, og það því fremur, sem neðri deildin hefði lengi yfirvegað það og vandað sig á því, og enda ólíklegt, að hún mundi geta fallizt á miklar breytingar við það.

Sighvatur Árnason kvaðst játa, að breytingar þær, er komnar væru fram, væru nokkurs konar kák, en hvers vegna væri það? Af því þessi heiðraða deild eigi hefði gjört það, sem í hennar valdi stæði, að bæta úr skák, hvað frumvarpið snerti, og tekið á líkan hátt fram á öðrum stöðum, sem þörf væri á að breyta til bóta, sem hann hefði eigi sjeð sjer fært að ráðast í svona einn á bandi. Hann kvaðst og játa, að hefði deildin lagt sig betur að málinu, hvað breytingar snerti, þá gæti hann betur sætt sig við, þó málið dæi af tímaleysi, vel undir búið fyrir þjóðina og þingið næst, heldur en það verði að lögum illa úr garði gjört eða fellt fyrir agnúa á því. Viðvíkjandi því, er hinn 4. konungkjörni hefði sagt, þá kvaðst hann ætla, að hann hefði farið á mjóu vaði yfir frumvarpið sjálft og breytingarnar við það, og væri það því ekki svaravert. Viðvíkjandi 3. gr., að þar falli burtu »fasteignum eða», þá væri auðvitað, að eigi væri ætlazt til, að greiða frá einu brauði til annars með fasteignunum sjálfum, heldur með afgjaldi þeirra, því áliti hann þessi orð eigi eiga við. Hvað snerti 9. gr., hefði hann stungið upp á dagsetningu á frumvarpinu, og virtist sjer það fara betur, en um þessar smábreytingar ljeti hann sjer ekki annt. Hvað snerti athugasemd hins 2. konungkjörna þingmanns við 5. grein, að það væri komið undir landshöfðingja, að steypa ekki saman brauðunum fyr en við prestaskipti, þá gæti hann að vísu sætt sig við það, ef því mætti treysta, að hann hefði vald til þess eptir greininni, en hann yrði að efast um það. Hvað viðviki því, er þingmaður Barðstrendinga hefði tekið fram, að hann tæki breytingar sínar aptur, þá vildi hann engu lofa um það, fyr en hann sæi fram á, að þær mundu verða felldar við atkvæðagreiðsluna.

Benedikt Kristjánsson kvaðst ætla, að þingdeildinni hefði þótt hann nokkuð langorður í fyrri umræðu sinni, og ætlaði hann því nú að vera stuttorður. Sjer gæti eigi dulizt, að allir þeir, er mælt hefðu, hefðu verið á einu máli um það, að málinu væri ábótavant, og ágreiningurinn milli þeirra væri sá, að einn drægi þessa ályktun og hinn hina. Það væri því eigi miklu til spillt, þó málinu væri frestað til næsta þings. Þá vildi hann tala um hina fögru samlíkingu hins 4. konungkjörna þingmanns, þar sem hann hefði verið að tala um hráan graut; það mundi víst sjálfsagt vera bezta

ráðið, að sjóða hann betur, áður en hann væri etinn. Þingmaður Barðstrendinga hefði hermt orð sín rjett, að sjer þætti ástandið nú ekki gott; það væri það sízt, að því er kæmi til ójafnaðarins á launum presta, sem nokkra bót ætti að ráða á með frumvarpinu; en að hinu leytinu, að því er kemur til uppfræðingarinnar, væri hin fyrirhugaða skipun verri en nú, og það þætti sjer meiru skipta. Nú ættu að verða 141 brauð í stað 170, og væri þá auðvitað, að mörg mundu verða örðugri en áður, þó sum yrðu betri. Hvað 6. og 10. tölul. snerti, þá virtist sjer þar of langt farið; því þar væru 3 brauð við 10. tölul. lögð saman, og hjer væri auðsjeð, að barnauppfræðingin væri lögð til síðu, og slík breyting væri jafn skaðleg fyrir presta, söfnuði og uppfræðing. Hann kvaðst hafa skilið hinn 2. konungkjörna þingmann svo, sem hann vildi rjettlæta sameininguna með því, að ástandið versnaði eigi frá því, sem nú væri; þetta kynni að vísu að hafa mikið til síns máls, en hið vonda ástandið yrði þó eigi betra, þó lögboðið væri. Hinn sami þingmaður hefði og tekið fram, að neðri deildin hefði spillt þeim grundvelli, sem byggja hefði átt á, en því ætti þá þingið að staðfesta þetta frumvarp. Sjer virtist því þetta nægileg ástæða til að fella frumvarpið.

Jón Jónsson kvaðst vera samdóma hinum 2. konungkjörna þingmanni og þingmanni Barðstrendinga í því, að hið núverandi ástand prestastjettarinnar og prestaskipunarinnar sje óhafandi, og væri þrennt, sem þyrfti að laga. Það þyrfti að lækka laun sumra brauða, hækka laun annara, og loksins þyrfti í sumum hjeruðum að fjölga prestaköllunum. Hvað fyrsta atriðið snerti, væri sjálfsagt, að byggja alla breyting í þá átt á brauðamatinu, en nú væri það þegar sýnt og sannað, að hið síðasta brauðamat, það sem hefði verið undirstaðan undir öllu þessu máli, væri óáreiðanlegt, og það dygði þó sannarlega ekki, þegar maður vildi lækka tekjur einhvers prestakalls, að gjöra það fyr en maður vissi, hve miklar tekjur brauðið hefði, því annars gæti farið svo, að menn tækju frá þeim, er nær væri að bæta við. Hvað annað atriðið, uppbót á fátækum brauðum, snerti, vildi hann skírskota til allra þeirra deildarmanna, er talað hefðu í málinu. Allir hefðu þeir bent á ýmsa galla í því tilliti, og sjálfur gæti hann bætt mörgum við, þar sem hækkunin væri alveg ófullnægjandi, en hann vildi ekki lengja umræðurnar með slíkum útlistunum. En með tilliti til þriðja atriðisins, að fjölga prestum í sumum hjeruðum, væri frumvarpið að sínu áliti svo fráleitt, sem framast væri unnt, og, ef það fengi framgang, yrði ástandið þúsund sinnum verra en áður, því að fjölgunin væri innifalin í því, að fækka brauðum um 29; hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði að vísu bent á, að með þessu frumvarpi mundu prestar fást á ýms útkjálkabrauð, sem annars yrði enginn til að þjóna; upp á þetta vildi hann svara með lítilli sögu, þó hann væri ekki vanur að segja sögur á þingi. Þegar hann hefði heyrt þessi orð varaforsetans, hefði hann farið til þingmanns Barðstrendinga og beðið hann að nefna sjer eitthvert útkjálkabrauð, sem þetta frumvarp hjálpaði um prestsþjónustu. Þingmaðurinn gat þá ekki nefnt annað en Stað í Súgandafirði, en ef þingmenn nú vilja skoða frumvarpið, munu þeir sjá, að þetta brauð á einmitt að leggjast niður, sameinast um aldur og æfi við Holtsbrauðið í Önundarfirði, það væri öll prestsþjónustan, sem þessum útkjálkasöfnuði ætti að bætast. Á ekkert annað hefði þingmaðurinn getað bent sjer, en sjálfur gæti hann þó bent á Fjallaþing, og væri samt óvíst, hvort nokkur gengi að því með þeirri uppbót, er ætluð væri til þess. Þetta væri hið eina útkjálkaprestakall, sem landið fengi í stað þeirra 30 prestakalla, sem það missti af þeim 170, er það nú

hefði. Hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði því víst eigi áttað sig vel á þessu atriði. Þingmaður Rangæinga hefði verið huggaður með því, hvað Odda og Breiðabólsstað snerti, að eigi mundi neitt verða tekið frá þeim brauðum fyr en við prestaskiptin næstu, en hinn 2. konungkjörni þingmaður, er gaf honum þessa huggun, hefði víst eigi gáð að 9. gr., þar sem stæði, að frumvarpið öðlaðist gildi 1881 í fardögum; hvernig gæti þá stjórnin frestað þessu lengur en þangað til, hún hlyti að ganga eptir lögunum þegar í stað (*Eiríkur Kúld*: 5. gr.). Í 5. gr. væri að eins talað um það gjald, sem greiðist frá einu brauði til annars, og það væri allt annað en þetta. Þar að auki segði grein þessi skýrum orðum, að af öllum sameinuðum brauðum ætti, undir eins og sameiningin hefði átt sjer stað, að greiða hið fyrirskipaða gjald; en sameiningin færi fram í fardögum 1881 samkvæmt 6. og 1. gr. Han sæi því eigi, hvernig hlutaðeigandi prestar gætu komizt hjá þessum ójöfnuði, nema með því að leggja niður embættin, og þætti sjer hart að neyða þá til þess, er verið væri að hlynna að hinum veraldlegu embættismönnum, og halda því fast fram, að laun þau, sem þeir einu sinni hefðu fengið, mættu aldrei lækka um einn eyri. Það gleddi sig mikillega, að eigi hefði verið neitt haft móti breytingartillögum sínum, nema að þær leiddu til heiðindóms, sem hann þættist fullkomlega hafa svarað, því að það gæfi sjer von um, að þær gengju í gegn. Þingmaður Barðstendinga hefði sagt um sig, að hann þyrfti eigi að undrast, þó að breytingartillögur sínar fjellu; það væri líka fjærri sjer að gjöra það, því að hann vissi, að síðan þingmaður Barðstrendinga væri genginn í lið hinna konungkjörnu, hefðu margar uppástungur hinna þjóðkjörnu þingmanna hlotið að falla. Hjer sætu þar að auki nú í deildinni 7 Reykvíkingar, og hann þekkti svo afskipti sumra Reykvíkinga af almennings málum, að þeir tækju fullt eins mikið tillit til mannsins, sem málefnisins. Hefði persónuleg óvild ráðið atkvæðagreiðslu þingmanna, sem menn kynnu að ætla vegna þess, að aldrei hefðu þær ástæður komið fram gegn tillögum sínum, er hann hefði eigi hrakið með rökum, þá tæki hann sjer það mjög ljett, því að þjóðin mundi eigi hirða um þá óvild, og atkvæðagreiðslan eigi verða sjer til skammar, heldur þeim, sem í henni hefðu farið eptir persónulegri óvild. Hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að þjóðviljinn kæmi eigi fram annarsstaðar en á þingi, en hann vildi spyrja, hvort svo væri álitið í öðrum löndum, t. d. Englandi og Ameríku. Þar kölluðu menn þjóðviljann «public opinion»; hann væri og ætti að vera hjá kjósendum, sem alþingismenn, væru skyldir til að gjöra grein og skil fyrir atkvæðagreiðslu sinni. Þjóðviljinn í þessu máli hefði glögglega komið fram í blöðunum, og þeir, sem hefðu móti því, sem þar væri sagt, ættu eigi að sitja kyrrir í sínu horni, án þess að mæla móti, því með þögninni samþykktu þeir það, sem þeir segðu, er hefðu nóga einurð, hreinskilni og áhuga til að láta skoðanir sínar í ljósi um landsins gagn og nauðsynjar. Það, sem þjóðin aldrei heyrði á mannfundum eða læsi í blöðunum, gæti hún ekkert tillit tekið til.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla í eltingaleik við þingmann Skagfirðinga, því að það mætti æra óstöðugan, en við atkvæðagreiðsluna skyldi hann sýna honum, hvort hann væri samdóma breytingartillögum hans, þó að hann vildi eigi leggja sig niður við að hrekja þær, svo auðvirðilegar sem þær væru. Þingmaðurinn hefði fundið að því við hinn 2. konungkjörna þingmann, að hann kvað þjóðviljann koma fram á þinginu, en þessu yrði hann að vera alveg samdóma; þjóðarviljinn kæmi hvergi fram hreinni en í þinginu, sem væri auga þjóðarinnar; að öðru leyti hefði þingmaðurinn fullkomlega sannað

með orðum sínum, að bann þekkti eigi hið minnsta þjóðviljann, því að það væri ranghermt, að þjóðin vildi fella þetta mál. Þingmaðurinn kallaði málið illa undirbúið, en hvaða mál hefði fengið ýtarlegri undirbúning; fyrst hefðu prestar og prófastar verið látnir gefa sitt álit um það, og síðan hefði það verið lagt fyrir hjeraðafundi; þingmaðurinn einn kynni að geta hugsað upp annan undirbúning hentugri, en eigi mundi það vera á annara deildarmanna færi. Þar sem hann hefði sagt, að Reykvíkingar og deildarmenn litu meira á manninn en málefnið og fl., þá yrði hann sjálfur að hafa ábyrgð á þeim orðum, en það gæti hann reitt sig á, að eins og hann þekkti eigi þjóðarviljann, eins mundi þjóðin eigi alltaf álíta hans vilja hinn bezta og rjettasta. Þingmaðurinn hafði sagt, að ástandið yrði þúsundfalt verra eptir þessum lögum en áður; hann hefði eigi komið með neitt því til sönnunar, og allir deildarmenn aðrir könnuðust við, að hjer væri stigið spor til framfara; þess vegna mundi hann hjer, sem optar, verða einn á báti. Hann hefði enn sagzt hafa spurt sig, hver útkjálkabrauð mundu fá prest fyrir þetta frumvarp; en hann vildi segja honum, að hann teldi sig eigi skyldan að svara slíkum spurningum hans, og vildi hvorki vera svarfífil hans nje annara; þó gæti hann nefnt honum fleiri t. d. Ögurþing, sem nú væri þjónað af presti frá öðru brauði, og að svo mæltu vildi hann eigi eyða fleiri orðum að honum, heldur snúa sjer að þingmanni Þingeyinga. Hann hefði tekið til dæmis tölul. 6 og tölul. 10 um það, að ófært væri að sameina þau brauð, er þar er um getið, að óvilja hlutaðeiganda, en þegar dæmi væru tekin, yrðu menn að gæta þess, að hafa þau gild og góð, en nú hefði einmitt komið bónarbrjef frá Skriðdælum, er beiddu um sameininguna, er gjört er ráð fyrir undir 10. tölul., og það hlyti að vera það, sem bæði hann og þingmaður Skagfirðinga kölluðu þjóðarvilja. Þingmaðurinn hefði nú komizt að þeirri niðurstöðu, sem hann aldrei fyr hefði komizt að, nefnilega að frumvarpið mundi verða til bóta í Þingeyjarsýslu, og þar við vildi hann nú bæta því, að þar sem hann þekkti til, væri það líka víða til bóta, en eins og hann hefði sýnt í fyrri ræðu sinni, skyldi hann fúslega játa, að á því væru líka nokkrir gallar. Hann hefði einnig verið mjög harður við hina konunglegu nefnd fyrir þær breytingar, er hún hefði gjört á álitum hjeraðafundanna, en það er sitt prófastsdæmi snerti, væri hann henni þakklátur fyrir þær breytingar, því að þær væru að sínu áliti til bóta hvað það snerti; og hann gæti varla skilið, að þingmanninn tæki svo sárt breytingin við matið á prestssetri hans, sem næmi einum 15 kr. eptir orðum hins 2. konungkjörna þingmanns, að hann vildi vegna hennar kasta svo þungum steini á nefndina. Þingmaður Skagfirðinga hefði bent á einhverja ósamkvæmni hjá hinum 2. konungkjörna þingmanni viðvíkjandi Odda og Breiðabólsstað, en það kæmi víst af því, að hann hefði eigi gefið sjer tíma til að lesa 5., gr., þar að auki hefði hann loforð landshöfðingja þar í móti sjer, og þætti sjer eigi ástæða til annars, en treysta því. Sig furðaði stórlega, að þeir menn, er annars sýndust hlynntir málinu, skyldu eigi sjá, hversu mjög þeir spilltu fyrir því, með því að berjast fyrir breytingum á því.

Jón Hjaltalín kvað þingmenn Skagfirðinga tala mikið um þjóðvilja, þetta orð væru allir þeir menn vanir að brúka, sem öllu vildu róta upp í. Hann vildi spyrja þingmanninn, hvort hann hefði lesið «Civilisationens Historie» eptir Guizot? *Árni Thorsteinson*: Hann hefur víst lesið hana illa). Það hefði þingmaðurinn sjálfsagt gjört, annars mundi hann vita, hvað Guizot segir um þjóðarviljann; hann segir, að til sje bæði «public opinion» og «public clamour»; hið

fyrnefnda er eigi til hjer á landi, og hann vildi fyrir sitt leyti helzt vera laus við þessa þoku-expression, þjóðarviljann. Líka vildi hann frábiðja sjer fyrir hönd Reykvíkinga þau orð, er þingmaðurinn hafði um þá. Það mundi lítt hjálpa að láta málið bíða, nema hann ætlaði sjer að vera þá orðinn alræðismaður á þinginu, og enginn skynsamur maður mundi þakka honum fyrir að fella málið, því að hver, sem vildi líta kapplaust á frumvarpið, hlyti að játa, að það bætti allmikið úr því, sem væri nú.

Stefán Eiríksson kvaðst ætla að bæta fám orðum við það, er hann sagði áðan. Af ræðum deildarmanna hefði hann æ betur sannfærzt um, að málið ætti fram að ganga, þrátt fyrir alla þá galla, sem á því væru, því hjer væri sinn á hverju máli, og sinn á hverri skoðun, og þó þingmaður Skagfirðinga og þingmaður Þingeyinga vildu sjóða þennan prestakallagraut til næsta þings eða ákveðinn tíma, þá mundi hann ekki verða betur soðinn en nú, og jafnóætilegur, og því síður vildi hann, að málinu yrði lengur frestað, því að hann væri sannfærður um, að allt af yrðu gallar á því í einhvers augum. Nú væri það líka komið fram, sem hann ekki hefði vitað við 1. umræðu, að söfnuðirnir sjálfir sumir vildu láta steypa saman brauðum sumstaðar, þar sem bæði hann og aðrir hefðu álitið það ófært; þannig væri ósk Þingmúlasóknarmanna, að verða sameinaðir við Vallanes, og svona gæti verið víðar.

Ásgeir Einarsson kvað þingmann Rangæinga hafa fundið að því, að eigi hefðu komið fleiri breytingaratkvæði við málið; hann fyrir sitt leyti hefði eigi viljað gjöra það, fyr en hann vissi, hverja stefnu málið tæki við 2. umræðu; ef það fengi þá framgang og 4. gr. veitti það frelsi, er sumir segðu, þá þætti sjer eigi illa fallið að sýna fram á nokkra galla, sem á því væru, þar sem menn þekktu bezt til; á nokkra slíka galla hefði þingmaður Þingeyinga bent, en þó þingmaður Barðstrendinga á flesta, en hann teldi þá víst eigi stóra, þó að hann kallaði það svo. Hann ætlaði nú að benda á tvö brauð, til þess að sýna samkvæmnina í frumvarpinu. Tröllatunga, sem væri metin 639 kr. 92 a., fengi 200 króna uppbót, svo að það brauð yrði 839 kr. í allt; þetta væri nú eigi hátt, einkum er litið væri til þess, að prestsetrið væri svo óhaganlega sett, að það væri nærri á enda sóknarinnar; hefði nefndin þekkt vel til, hefði henni verið mjög hægt að bæta betur upp brauðið, með því að leggja undir það jarðir frá Staðarprestakalli, sem ætti margar jarðir, og tvær þeirra æðarvarpsjarðir. Nú væri aptur annað brauð, Hof á Skagaströnd, sem væri metið 784 kr. 2 a., því ætti að leggja 300 kr., svo það yrði 1084 kr., þrátt fyrir það, að ef nefndin hefði viljað hafa jöfnuð, hefði henni verið það mjög hægt, með því að sameina það brauð við Höskuldsstaði, eins og hjeraðsfundurinn fór fram á, og hefði þá komið af því nokkurt gjald til landssjóðs, í stað þess að nú yrði að leggja brauði þessu 300 kr.; nú sem stæði þjónaði sami prestur báðum brauðum, og hann hefði sagt sjer, að hann mundi eigi betur þjóna öðru þeirra en báðum, og engum fullhraustum manni væri nein vorkunn á að þjóna þeim báðum, þó þau væru fjölmenn, enda gæti hann sýnt fram á það, eptir þeirri vegalengd, er prestur yrði að fara innan um sóknina, í samanburði við það, sem aðrir prestar yrðu að fara, og sem hann hefði gáð að eptir kortinu. Presturinn á Stað í Steingrímsfirði yrði að fara 14 mílur lengst til húsvitjunar, Árnesspresturinn 15—20, Prestbakkapresturinn 10, en þegar Staðarbrauðið hefði verið sameinað, hefði hann orðið að fara 16 mílur, en Höskuldsstaðapresturinn þyrfti eigi að fara lengra en 8—10 mílur, þó að Hofsbrauðið væri sameinað við Höskuldsstaðina; af þessu væri ljóst, að neðri deildin hefði eigi haft ljósa

hugmynd um svo mikið sem vegalengdina, þegar hún hefði verið að semja þetta; en hvers vegna hún vildi veita þessu brauði meiri uppbót en Tröllatungu, hlyti að liggja í þeim hulda leyndardómi í brauðamatinu, er þeim væri eigi unnt að skilja, er litla prestsuppfræðingu hefðu fengið í æskunni, og deildin hefði ekki sjeð þessi leyndarskjöl hinnar konunglegu brauðaskipunarnefndar, sem hún hefur byggt á álit sitt. Þar sem menn væru svo mikið að tala um þjóðviljann, þá væri hann sá, að brauðin væru gjörð sem jöfnust, en ekki hitt, að málið væri rekið af á þann hátt, er þjóðin gæti eigi verið ánægð með; menn mættu muna, hvað þjóðin hefði verið ánægð með embættismannalaunamálið. Sjer þætti leitt að heyra stöðugt í neðri deildinni brixlyrði út af launalögunum, vegna manna þeirra, er hlut ættu að máli, og vildi hann því ráða deildinni til að fara varlega í þessu máli, því þó fáum mundi nú þykja launin of há, mundi þeim þykja þau ójöfn. Menn segðu, að sumstaðar væri of mikið sameinað, svo að uppfræðing barna mundi líða við, en þegar talað væri um kvennaskólana, segðu menn, að mæðurnar ættu að vera svo menntaðar, að þær gætu uppfrætt börn sín, og svo væri nýja kverið og leiðarvísirinn til að spyrja börn, og víst væri um það, að minnsta uppfræðing hefði hann fengið hjá presti, þó að hann hefði spurt sig einu sinni meðan hann var að læra kverið, og morguninn áður en hann var fermdur. Að segja, að frumvarpið um skipun sóknarnefnda og hjeraðanefnda muni bæta úr, dygði alls eigi, því að óvíst væri, að það yrði samþykkt, en þá búið að samþykkja þetta, en samt sem áður væri það þó hið eina, er mælti með því í sínum augum að samþykkja frumvarpið, en þó því að eins, að breytt væri nokkuð 1. gr., þar sem stæði «skulu vera»; þessi orð bentu á það, að ný lög þyrftu til að fá lögum þessum breytt, er þau einu sinni væru komin á. Með breytingaratkvæðum þeim, sem komin væru fram við frumvarpið, mælti margt; ef þau fjellu, mundi hann ekki gefa frumvarpinu atkvæði, enda mundi það fá þau nógu mörg til að komast til 3. umræðu.

Jón Jónsson lagði það til, að umræðum skyldi frestað.

Forseti bar það undir atkvæði, og var tillagan felld með 6 atkvæðum gegn 2. Þá gat hann þess, að þar sem engar breytingartillögur væru komnar við prófastsdæmin, mundi hann bera þau upp hvert fyrir sig. *Jón Jónsson* mótmælti því, en *forseti* kvaðst eigi mundu taka þau mótmæli til greina.

Sighvatur Árnason lýsti yfir því, að hann tæki aptur breytingartillögur sínar, af því að hann sæi af umræðum manna, að þær hlytu að falla, og mundi hann svo greiða atkvæði með frumvarpinu óbreyttu.

Stefán Eiriksson tók einnig aptur sína breytingartillögu af sömu ástæðu.

Jón Jónsson tók upp breytingartillögur Sighvats, og voru þær allar felldar við atkvæðagreiðsluna. Breytingaruppástungur sínar tók hann aptur.

Þannig fjell atkvæðagreiðslan:

Norðurmúlaprófastsdæmi	samþ.	með	7	atkv.
Suðurmúla	—	—	7	—
Austurskaptafells	—	—	7	—
Vesturskaptafells	—	—	7	—
Rangárvalla	—	—	6	—
Árness	—	—	8	—
Kjalarness	—	—	8	—
Borgarfjarðar	—	—	7	—
Mýra	—	—	7	—
Snæfellsness	—	—	7	—
Dala	—	—	7	—
Barðastrandar	—	—	7	—
Vesturísafjarðar	—	—	7	—
Norðurísafjarðar	—	—	7	—
Stranda	—	—	8	—
Húnavatns	—	—	7	—
Skagafjarðar	—	—	7	—

Eyjafjarðar	—	—	—	7	—
Suðurþingeyjar	—	—	—	8	—
Norðurþingeyjar	—	—	—	8	—

1. gr. frumvarpsins í heild sinni samþykkt með 7 atkvæðum.
2. gr. frumvarpsins samþykkt með 8 atkv.

3. gr.	—	—	—	7	—
4. gr.	—	—	—	10	—
5. gr.	—	—	—	8	—
6. gr.	—	—	—	7	—
7. gr.	—	—	—	8	—
8. gr.	—	—	—	8	—
9. gr.	—	—	—	7	—

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 8 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 48. fundi, 22. ágúst.

Frumvarpið (I 378—383) var samþykkt umræðulaust með 6 atkvæðum gegn 4, og síðan sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXXIX. EPTIRLAUN PRESTA.

Frumvarp til laga um eptirlaun presta. Frá prestakallanefndinni. Sjá I 213—214.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 25. fundi, 30. júlí.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vil einungis geta þess um frumvarp þetta, að það er sniðið eptir tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun embættismanna, að því leyti sem þau geta átt við presta. Hvað snertir eptirlaunaupphæðina, þá vil jeg sjer í lagi benda á 5. grein frumvarpsins, því að þar ætla jeg að nefndinni hafi tekizt að þræða hinn gullna meðalveg, þar sem hún ekki leggur eptirlaunin á landssjóðinn nema því að eins, að tekjur brauðsins verði við það minni en 1200 kr. Eptir þeirri reglu eiga uppgjafaprestar að fá eptirlaun af öllum þeim brauðum, er hafa svo mikið yfir 1200 kr., sem svarar eptirlaunum uppgjafaprestsins að minnsta kosti. Eptirlaunin eru og í annan stað sett svo, að þau skuli vaxa um 10 kr. fyrir hvert þjónustuár prestsins. Hjer er því ekki farið eptir tekjuhæð brauðsins. Eptirlaunin vaxa jafnt fyrir hvert það ár, er presturinn þjónar, en fara eigi stígandi að því skapi, sem presturinn verður eldri. Þetta jafnaðartal byggði nefndin á því, að hún áleit engu síður nauðsynlegt, að prestur fengi 10 krónur í eptirlaun fyrir hvert þjónustuár, þótt hann neyddist til þess á unga aldri, að segja af sjer sökum heilsulasleika eða annara atvika, er honum var eigi sjálfum um að kenna. Ef að er gætt, hve há eptirlaunin verða eptir þessari reglu, þá er auðsætt, að þau verða í hæsta lagi 500 kr., og það með því að presturinn þjóni í 50 ár. Verið getur, að eptirlaunin þyki lítil, en nefndin áleit þau nógu há, og ekki rjett að hafa þau hærri, því bæði er líklegt, að sá prestur, sem lengi hefur þjónað, hafi nokkuð fyrir sig að leggja, og annað hitt, að þegar maðurinn er gamall orðinn, þá eru þarfir hans minni, þá er hann búinn að koma upp börnum sínum, og er horfinn frá æskumunaðinum og búinn að læra að lifa í hófi og með sparsemi.

Guðmundur Einarsson: Mjer lízt vel á frumvarp þetta og álít, að það sje góð rjettarbót, ef það verður að lögum. Mjer þykir vanta í það eina ákvörðun, og skal jeg við 2. umræðu leyfa mjer að koma með breytingartillögu um það atriði. Að svo stöddu skal jeg ekki tala meira um frumvarp þetta.

Varaforseti: Jeg legg til, að í 5. grein sjeu 1200 kr. færðar niður í 1000 kr.

Framsögumaður: Jeg skal geta þess, að vjer höfum haft fyrir oss skýrslu yfir alla uppgjafapresta árið 1878. Þeir voru

16 alls, og að eins 6 eða 7 af þeim geta eptir 5. grein þurft eptirlauna úr landssjóði, og öll þau eptirlaun mundu nema hjer um bil 1500 kr. Um breyting varaforseta skal jeg að eins geta þess, að sje hún sprottin af því, að hann vilji færa niður eptirlaun veraldlegra embættismanna, þá er jeg alls ekki á móti henni, en sje hún runnin af öðrum rökum, þá getur verið, að hún fái mótmæli.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 20 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 31. fundi, 6. ágúst.

Breytingartillaga I 270.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal vera stuttorður um málið sjálft eða um samanburð þessa frumvarps við eptirlaunalögin 31. maí 1855, því að jeg drap á þennan samanburð stuttlega við 1. umræðu málsins. Jeg skal geta þess um breytingartillögu þingmanns Dalamanna, að jeg veit eigi, hvort skilningur minn á henni er rjettur. Mjer virðist liggja í henni sá skilningur, að þeir prestar, sem nú eru, eigi rjett á að halda þeim eptirlaunum, sem þeim bera eptir eldri lögum, eða rjettara og venju, þar sem eptir 7. gr. frumvarpsins uppgjafaprestar þeir, er búnir eru að fá hærri eptirlaun, en til eru tekin í lögum þessum, skulu halda þeim sem viðbót fyrir sjálfa sig. Nefndin byggði á því, að aðalfrumvarp nefndarinnar í brauða- og prestamálinu yrði að lögum, og þess vegna mundi sú brauðaskipun komast á, er þar er stungið upp á, og miðaði nefndin því þetta frumvarp við aðalmálið, þannig að uppgjafaprestar skyldu hverfa af brauðunum samkvæmt 5. gr. frumvarpsins. En til þess að þeir uppgjafaprestar, sem nú eru búnir að fá hærri eptirlaun, en en þeir mundu hafa eptir frumvarpi þessu, einskis missi í, þá er svo ákveðið í 7. grein, að þeir skuli halda því, sem umfram er, sem persónulegri viðbót, og skal þeim greidd þessi viðbót af brauðinu, af landssjóði, eða af hvorutveggja samkvæmt 5. gr., þannig að laun þjónanda prestsins fari eigi ofan úr 1200 kr. Eptir þessum tilgangi frumvarpsins á breytingartillaga þingmanns Dalamanna ekki við, því að hún byggir á því, að prestar þeir, sem nú eru í brauðunum, skuli hafa eptirlaun eptir hinum nú gildandi reglum. Mjer finnst eigi heppilegt, að menn megi velja um, eptir hverjum reglum þeir fái eptirlaun sín, enda þótt jeg játi, að ein sanngirnisástæða mæli með því, sem sje: að þeir prestar, sem nú eru í háum brauðum, gjöra sjer nú eptir venju þeirri, er nú gildir, von um, að fá hærri eptirlaun, en þeir geta búizt við að fá eptir þessu frumvarpi. En jeg skal leyfa mjer að vekja athygli þingmanns Dalamanna að því, að það er sitt hvað, að hafa von um hærri eptirlaun, og að hafa rjett til þeirra; og þótt slíkar vonir hafi verið gjörðar gildandi í síðustu málsgrein 7. greinar hinna almennu launalaga, þá er það þó undantekning frá almennum löggjafarreglum.

Guðmundur Einarsson: Mjer hefur ávallt þótt það leitt, að embættismaður sje sviptur þeirri von, sem hann hafði um, hvað laun sín mundu verða, eptir hinum eldri lögum. Ef frumvarp það, er hjer liggur fyrir, er borið saman við launalög presta, þau er nú eru í gildi, þá má sjá, að allir þeir prestar, sem eru á brauðum, er metin eru yfir 1200 kr., verða sviptir þeim rjetti til eptirlauna, er nú gildandi lög heimila þeim. Eptir þeim lögum, sem nú gilda, fær enginn prestur minna en $^1/_3$ af föstum tekjum brauðs þess, er hann þjónaði síðast, áður en hann fjekk lausn frá prestsskap. Það er því augljóst, að með frumvarpi þessu er rjettur margra væntanlegra uppgjafapresta fyrir borð borinn, og virðist því síður ástæða til þess, að ný lög fari nú að skerða rjett presta,

þar sem mörg rjettindi þeirra hafa hin fyrirfarandi árin skert verið, og er það sannarlega, að bæta gráu ofan á svart. Jeg verð því alvarlega að mæla með viðaukaatkvæði mínu við 7. grein, en tek það um leið fram, að jeg hef engan persónulegan hag af því, þótt þetta viðaukaatkvæði gangi í gegn, því að jeg er á litlu brauði.

Landshöfðingi: Ef frumvarp til laga um skipun prestakalla og kirkna, sem lagt er fyrir þessa heiðruðu deild, verður samþykkt með breytingum þeim, er deildin kynni að aðhyllast við það, skal jeg fyrir mitt leyti mæla með frumvarpi því, er hjer ræðir um, og hinum þrem frumvörpum, er á dagskránni standa næst á eptir; því að þau öll standa í svo nánu sambandi við aðalmálið, að þau að mínu áliti eiga að standa og falla með því.

Að vísu hefur stjórnin, eins og segir í athugasemdunum, álitið það ísjárvert, að láta landssjóðinn borga eptirlaun til prestanna, sem ekki hafa laun sín af þessum sjóði, en samt sem áður verð jeg, ef eptirlaunin verða takmörkuð á þann hátt, sem frumvarpið stingur upp á, þannig að þau einungis af þeim brauðum, er hafa minni tekjur en 1200 kr., verði að fullu greidd úr landssjóðnum, að álíta þetta fyrirkomulag aðgengilegt einnig frá hálfu landssjóðsins.

Um hinar einstöku ákvarðanir frumvarpsins skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg álít það vera tilgang frumvarpsins, að innihalda allar reglur þær, er eptirleiðis eiga að gilda um eptirlaun presta, þannig að lögin eigi að ná til allra þeirra presta, er fá lausn fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um, eptir að lögin hafa öðlazt gildi; en að eptirlaunum þeim, er þegar eru veitt samkvæmt hinum nú gildandi reglum, eigi að halda óbreyttum, eins og segir í 7. gr., og einnig framvegis að hvíla á hlutaðeigandi prestaköllum. Sje þetta meiningin, og jeg fyrir mitt leyti efast ekki um að svo sje, mun það að mínu áliti vera æskilegt, að taka ákvörðun inn í frumvarpið um það, að tilsk. 15. desbr. 1865 skuli numin úr gildi, og ef til vill bæði í 1. gr. og í 7. gr. orða frumvarpið nokkuð öðruvísi, þannig að allur vafi í því tilliti verði tekinn af.

Þar sem eptirlaun annara embættismanna eru miðuð bæði við þjónustualdur þeirra og við upphæð launanna, er þeim hafa verið lögð um hin síðustu embættisár þeirra, skal jeg leyfa mjer að skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort ekki sje ástæða til einnig við eptirlaun presta að taka tillit til tekjuupphæða þeirra, er lagðar eru prestakalli því, er þeir fara frá; og ef nefndinni virtist, þá að stinga upp á breytingu í þá átt við 2. gr. frumvarpsins. Jeg skal leyfa mjer að benda á, hvort ekki sje tiltækilegt, t. d. að bæta við í 2. grein, að upphæð eptirlaunanna skuli vera t. d. 15 kr. fyrir hvert þjónustuár prestsins, ef hann hefur þjónað 30 ár, og af þeim hin 5 síðustu í því brauði, sem hefur embættistekjur að upphæð 1800 kr. eða 2000 kr. árlega.

Þar sem 5. gr. ákveður, að tekjur brauðsins skuli telja eptir 3 ára meðaltali, virðist mjer í sjálfu sjer æskilegra, að leggja til grundvallar brauðamatið, án þess að taka tillit til þess, hvað tekjurnar í raun og veru hafa verið um hin síðustu 3 ár. Jeg skal þess vegna leyfa mjer, að skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún finni ástæðu til að taka þessa bending til greina, og jeg skal bæta því við, að «3 síðustu árin» í 5. gr. sjálfsagt verði að skiljast um hin síðustu 3 ár, áður en hlutaðeigandi uppgjafaprestur fær lausn frá embættinu, og að ekki eigi að taka tillit til þeirra breytinga, er kunna að verða á tekjum brauðsins, á meðan hann er uppgjafaprestur í því.

Guðmundur Einarsson: Mjer datt rjett núna í hug, að nauðsynlegt væri að bæta einni ákvörðun inn í frumvarp þetta, og það er, að þegar ungur prestur neyðist til að

segja af sjer brauði fyrir sakir heilsubrests eða einhvers áfalls, þá væru eptirlaun hans miðuð við einhverja aðra ákvörðun, en frumvarp þetta inniheldur. Það er hart, ef ungur prestur, sem slasast á embættisferð, eða verður að segja af sjer fyrir einhverjar þær sakir, er honum er eigi sjálfrátt um, skal verða að sitja við 40—50 kr. eptirlaun. Mjer virðist sjálfsagt, að slíkur prestur fái eptirlaun eptir öðrum mælikvarða, en frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, enda minnir mig, að ákvörðun sje til um þetta efni í hinum almennu eptirlaunalögum. Þar sem landshöfðinginn lagði það til, að eptirlaun presta yrðu miðuð við tekjuupphæð þá, er lögð er prestakalli því, er þeir fara frá, þá stoðar slíkt eigi, þegar um hin lágu brauðin er að ræða. Það væri alveg eyðileggjandi fyrir gamla presta, sem resignera t. d. á 800 kr. brauði.

Framsögumaður: Það hlýtur að gleðja nefndina, að hún fjekk góðar undirtektir hjá landshöfðingja. Það sem landshöfðinginn athugaði við 5. gr. frumvarpsins, ætla jeg sje á góðum rökum byggt, og mun jeg því koma fram með þá breytingartillögu, að í stað orðanna «eptir meðaltali 3 síðustu árin» komi «eptir síðasta brauðamati», því að það tekur af alla vafninga. En aptur á móti verð jeg að vera á því, að 2. gr. sje heppilegri hjá nefndinni, en tilsvarandi ákvörðun í eptirlaunalögunum. Aðalhugmynd nefndarinnar er sú, að gjöra kjör prestanna, þá er þeir eru hættir að þjóna brauðunum, sem jöfnust, það er að segja, að eptirlaununum til, og að láta það eigi koma til greina, hvort þeir hafa haft meiri eða minni tekjur í embætti sínu. Það er og optast, að sá prestur, sem er á feitu brauði, er efnaðri en hinn presturinn, sem er á magra brauðinu, og virðist því eigi sanngjarnt, að sá presturinn, sem er á fátæka brauðinu, fái minni eptirlaun, en hinn á góða brauðinu, af þeirri einu ástæðu, ef til vill, að hann hefir svo lengi þjónað litlu brauði, því hægð brauðsins, vanafesta, tryggð, vinfengi, ástfóstur við sóknarmenn, jörðina eða hjeraðið ásamt mörgu öðru geta komið prestinum til að sækja eigi frá fátæku brauði. Það er auðvitað, að eptirlaunin verða mjög lítil, þegar embættisár prestanna eru margföldð með 10 kr., og þegar bezt lætur, munu eptirlaunin verða 500 kr.; því þess eru varla dæmi, að prestur hafi setið lengur en 50 ár í embætti sínu. En þetta er gjört með vilja. Jeg skal geta þess í sambandi hjer við, að eptir skýrslum þeim, er nefndin hefur fengið, þá voru árið 1878 16 uppgjafaprestar á landi hjer, og sú upphæð, sem landssjóðurinn hefði orðið að greiða einum sex þessum prestum í eptirlaun, hefðu í mesta lagi orðið 1400—1500 kr., því hinir 10 voru uppgjafaprestar í svo góðum brauðum. Þessi byrði er lítil, og svo miklu minni en sú, er hin konunglega nefnd lagði á landssjóðinn. Nefndin byggði yfir höfuð á því, að eptirlaunin ættu eigi að vera há. Presturinn er venjulega orðinn gamall, þegar hann segir af sjer og fær eptirlaun; börn hans komin upp, hann hættur að lifa í «vellystingum praktuglega», og farinn eða á að vera farinn að minnsta kosti að hugsa áfram eða um annan heim; hann á að vera búinn að læra sjálfur það, er hann hefur kennt öðrum svo títt, að «fyrirlíta þennan heim» og «krossfesta holdið», svo að hann kemst af með harla lítið. Landshöfðinginn sagði, að nema þyrfti úr lögum, að mjer skildist, 3. og 4. gr. í tilsk. 15. des. 1865, en það get jeg eigi sjeð að sje nauðsynlegt, því þessar greinir falla niður af sjálfu sjer, þegar núverandi uppgjafaprestar eru allir dánir. Jeg legg eigi fast á móti breytingartillögum þingmanns Dalamanna, en mjer virðast þær þó eigi samkvæmar eptirlaunareglum þeim, er nú eru, og þar sem þingmaðurinn tók það fram í síðari ræðu sinni, að bæta þyrfti við frumvarpið grein, er færi í þá átt, að ungir prestar, er

segja yrðu lausum embættum sínum fyrir sakir heilsubrests eða einhvers þess, sem þeim er ósjálfsrátt um, skyldu fá eptirlaun eptir öðrum ákvörðunum, en frumvarp þetta hefur inni að halda, þá finn jeg enga ákvörðun í tilsk. 31. maí 1855 í þessa átt. Mjer virðist því óþarfi að koma með ákvörðun um þetta efni, enda má hjálpa slíkum uppgjafapresti á annan hátt, t. d. með fjárstyrk þeim, er þeim er veittur til bráðabirgðar í fjárlögunum. Það er til 2. greinar kemur, þá þótti nefndinni ekki rjett að láta eptirlaunaupphæðina stíga eptir embættisaldri, svo sem til dæmis þegar presturinn væri búinn að þjóna embætti sínu í 20 ár, þá skyldi prestinum reiknast eptirlaun með 15 krónum fyrir ár hvert; því að nefndin byggði á þeirri hugsun, að ef ungur prestur missti heilsu sína, þá væri ósanngjarnt, að honum reiknuðust eptirlaun sín með að eins 5 krónum fyrir hvert af þeim fáu árum, er hann hefur þjónað prestsembættinu. Vjer álítum, að ungi uppgjafapresturinn þyrfti fullt svo mikilla eptirlauna með sem gamli presturinn, sem lengi hefir þjónað embætti, og, ef að líkindum ræður, verið í feitu brauði hin síðustu embættisár sín.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef eigi margt að segja um frumvarp þetta; jeg skal geta þess við 2. gr., að þó jeg sje eigi ósamþykkur landshöfðingja, þá er jeg þó hræddur um, að nefndin vilji eigi taka uppástungur hans upp; þetta atriði hefur einmitt komið til orða hjá nefndinni, en nefndin vildi kenna hinum eldri prestum, að hugsa um annað líf, en ala eigi upp í þeim hugsun um þessa heims gæði. Hugsun þessi er sjálfsagt góð hjá meiri hluta nefndarinnar, þó prestar muni ekki þykjast þurfa þessa fyrirhyggju. Jeg er hræddur um, að nefndin, eða meiri hluti hennar, vilji eigi taka breytingum í þessu efni. Breytingartillaga þingmanns Dalamanna álít jeg að bæti nokkuð, því að það er rjettvíst, að þeir prestar, em nú eru í brauðum, fái laun af þeim brauðum, eins og lög hafa verið hingað til. Jeg ímynda mjer, að nefndin verði fús á að taka aðra breyting landshöfðingja til greina. Þetta 3 ára tímabil getur efalaust orðið orsök til misskilnings, og er rjett að taka það fram, að það sje eptir síðasta brauðamati.

Með því að eigi fleiri tóku til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, fjellu þau þannig:

1. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði
2. — —— —— - — —
3. — —— —— - — —
4. — —— —— - — —
5. — —— —— með 20 atkv.
6. — —— —— — 20 —

Breytingartillaga Guðmundar Einarssonar við 7. gr. samþ. með 12 atkv.

7. — frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 18 atkvæðum.
8. — frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu skotið til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild á 38. fundi, 12. ágúst.

Frumvarpið eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 317—318.

Breytingartillögur I 348. 350. 355.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Þingmenn munu hafa kynnt sjer þær breytingartillögur, sem komnar eru fram við frumvarp þetta. Hin helzta er sú, er fer því fram, að eptir 2. gr. komi ný grein: «Nú slasast prestur að ósjálfráðu» o. s. frv. Þessi breytingartillaga er komin af því, að nefndinni þótti mikið mæla með, að þeir prestar, sem slasast að ósjálfráðu, fái meiri eptirlaun, en svari árafjöldanum. Þetta kemur sjaldan fyrir, en fyrst eptirlaunin eru svona lág, þá mælir margt með þessu. Eptirlaunin mega ekki vera meiri en svara eptir 25 ára þjónustu, og eru ákveðin eptir málavöxtum. Hitt er auðsætt, að slasist prestur

sá, er þjónað hefur 25 ár eða lengur, þá er honum innan handar að fá lausn og eptirlaun eptir 2. gr. Breytingartillagan við 5. gr. er samkvæmt umræðunum við 2. umræðu, að í staðinn fyrir orðin: «meðaltali 3 síðustu ára» komi: «síðasta brauðamati». Svo er breytingin við 7. gr., að í staðinn fyrir seinusta klausuna komi: «Svo skulu og prestar þeir o. s. frv.». Þessi tillaga er byggð á því, að þessi málsgrein, eins og hún var áður orðuð, getur misskilizt, og greiðsluhátturinn, sem áður var ákveðinn, getur ekki samrýmzt við 5. gr.

Þá var gengið til atkvæða, og var:

1. Breytingartillaga nefndarinnar um nýja grein eptir 2. gr. samþykkt með 14 atkv.
2. Breytingartillaga nefndarinnar við 5. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.
3. Breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar við 7. gr. samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

4. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.

Kvað forseti málið nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 37. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 364—365.

Benedikt Kristjánsson kvaðst eigi sjá ástæðu til að setja nefnd í málinu, þó að það væri mikilsvert í sjálfu sjer, en hann áliti hægt að koma að breytingum, sem frumvarpið án efa þyrfti, án nefndar; hann þyrfti eigi að skora á deildina að láta málið koma til 2. umræðu, því að hann teldi víst, að hún mundi gjöra það.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 42. fundi 18. ágúst.

Breytingartillögur I 397.

Benedikt Kristjánsson sagði, að af því hann hefði gjört breytingaratkvæði, þá vildi hann leyfa sjer að gjöra grein fyrir þeim. 1. breytingin væri við 2. gr. frumvarpsins; þar væri gjört ráð fyrir, að prestar hafi rjett til lausnar, er þeir sjeu sjötugir að aldri, en hann vildi vona, að deildinni velktist eigi hugur um, að færri aldursár, þótt eigi sje að ræða um slösun, gætu gjört prestinn ófæran til að þjóna, og ef prestur verður að hætta við prestsþjónustu af því, verður hann annað hvort af launununum, eða að öðrum kosti hlýtur að taka kapellán; sjer virtist því ákvörðunin um aldurinn í greininni ósanngjörn, enda væri hún eigi nauðsynleg. Þá væri 2. breytingin við 3. gr. Sjer hefði þótt eiga við að breyta greininni allri. Ákvörðunin í 3. gr. væri æði takmörkuð, og þætti sjer eigi þó nauðsyn til bera

að hafa hana svo þrönga. Það væri eigi eðlilegt, að einskorða, að prestur, sem eigi gæti þjónað, þyrfti að hafa slasazt við embættisverk, til þess að fá hina ákveðnu eptirlauna upphæð, 250 kr. Það gæti opt verið vafasamt, hvort prestur slasist við embættisverk; stranglega tekið væri ferðin til eða frá einhverju prestsverki ekki embættisverk; hann vildi og taka eitt dæmi: prestur væri að semja ræðu og gengi út í þönkum, hált væri, en ný fallinn snær á jörðu, eptir þessu hugsaði hann ef til vill eigi, og kynni að detta, og sú bilta gæti gjört hann ófæran til að þjóna lengur. Dæmið mætti ef til vill álíta barnalegt, en tilfellið gæti þó átt sjer stað. Þar að auki sæi hann ekki, hvers vegna prestur, sem tæki vanheilsu, svo hann yrði ófær til að þjóna á fyrri árum sínum, ætti ekki að fá eptirlaunin, og þar að auki sæist eigi, hvort þessi upphæð væri ætluð einasta þeim, er ekki hefðu þjónað svo lengi, að þeir hefðu eigi tilkall til svo hárra eptirlauna, eptir hinni almennu reglu. 4. grein gjörir ráð fyrir, að prestur, er í eitt skipti sje vikið frá, fái laun, en í annað sinn eigi. Það væri mörg dæmi, að presti væri vikið frá um stund, af því að á hann sjeu bornar sakir, sem gjöra, að hann missti embætti, ef á hann sannaðist; það megi og gjöra ráð fyrir, að á hann sjeu bornar sakir ranglega, og það væri eigi rjett að ákveða, að prestar missi eptirlaun sín af því. Að öðru leyti vildi hann skjóta því til álits deildarinnar, hvað hún vildi gjöra við málið.

Magnús Stephensen var eigi samdóma breytingu 1. þingmanns Þingeyinga við 2. gr. Sjer virtist, að sú lagaákvörðun mætti eigi missast, því að þar væri bein lagaheimild fyrir því, að sjötugur prestur gæti heimtað eptirlaun án læknis vottorðs; það væri eigi breyting á 1. gr. heldur viðauki, að prestur fái eptirlaun, er hann sje sjötugur að aldri, án þess hann sje veikur eða ófær að þjóna fyrir aldurs sakir, enda sje það eðlilegt, að eins sje um presta í þessu efni, sem um aðra embættismenn. Breytinguna við 3. gr. gæti hann betur fellt sig við; en að því er snerti 4. gr., þá væri þar án efa að eins haft það tilfelli fyrir augum, að presti væri algjörlega vikið frá, en ekki það, að honum væri vikið frá um stundarsakir (suspenderaður), og því væru aðfinningar þingmannsins að henni ekki á rökum byggðar. Hinsvegar vantaði ákvörðun um, hvort tími sá, sem presti væri vikið frá, ætti að teljast með til þjónustuáranna, en eptir uppástungu 1. þingmanns Þingeyinga virtist skoðun hans vera sú, að þau ár ættu að teljast með.

Árni Thorsteinson kvaðst eigi geta fallizt á breytinguna við 3. gr., því það væri annað efni, en það, sem hjer væri um að ræða í frumvarpinu. Það væri gjört ráð fyrir, að prestur slasaðist í embættisverkum; þessi ákvörðun gilti og um aðra embættismenn, en væri aldrei tekin í þrengri þýðingu, t. d. að presturinn ætti að vera einmitt fyrir altarinu eða í stólnum, eða að gjöra prestsverkið sjálft, þá er hann slasaðist; það væri kallað, að presturinn slasaðist í embættisverkum, ef hann t. a. m. slasaðist í ferð til eða frá einhverju embættisverki. Ef hann bæri saman 3. gr. og 1. gr., þá væri þar í hinni fyrri greininni einnig gjört ráð fyrir heilsuleysi, en í uppástungunni væri gjört ráð fyrir sama; öðruvísi gæti hann eigi skilið hana. Að öðru leyti líkaði sjer síðari hluti hennar; og vildi hann óska, að hún yrði borin upp til atkvæða í tvennu lagi; en eigi kynni hann við orð frumvarpsins sjálfs, þar sem stæði: »allt að 250 kr.», því í þessu lægi eigi annað, en að presturinn skyldi fá þau eptirlaun, sem honum bera eptir almennum eptirlaunaskilmálum, og væri þannig þeim, er slasaðist, ekki veitt sú ívilnun, er hann ætti að hafa.

Ásgeir Einarsson kvað breytingarnar hafa mikið fyrir sjer, þar sem talað væri um, að

prestur kynni að slasast að ósjálfráðu, og hefði sjer líkað vel dæmi það, er 1. þingmaður Þingeyinga hefði tekið um prestinn við ræðugjörðina, því sjer þætti sem það mætti telja, að hann hefði verið að embættisverki En nú vildi hann leyfa sjer að spyrja, hvort presti væri ósjálfrátt, ef hann slasaðist og væri eigi vel gáður? Þetta hefði komið fyrir, þó það ef til vill kæmi eigi fyrir hjer eptir. Þar sem hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði talað um 4. gr., þá áliti hann, að presti væri eigi vikið frá, meðan hann eigi væri dæmdur; það gæti þó máske verið, en ef svo væri, þá kæmi það fram, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi geta fellt sig við orðin »allt að« og »eptir atvikum«, og vildi hann vona, að uppástungumaður vildi fella orðin burtu; þá vildi hann og leggja það til, að uppástungan yrði borin upp í tvennu lagi. Viðvíkjandi því, sem 1. þingmaður Húnvetninga hefði sagt, þá gat hann þess, að prestinum gæti verið vikið frá, án þess að hann væri dæmdur, en hvað hitt tilfellið snerti, þá yrði það að vera komið undir álitum, hvort presti væri það ósjálfrátt eða eigi; það væri örðugt að ákveða það með lögum. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði tekið það fram, að ekki megi taka ákvörðunina um slis prests í of þröngri þýðingu. Að lyktum kvaðst hann vilja vona, að uppástungumaður vildi fallast á orð hins 5. konungkjörna þingmanns, að prestur sjötugur að aldri hafi rjett til að segja af sjer án læknis vottorðs,

Benedikt Kristjánsson kvaðst vona, að deildinni kæmi það eigi óvart, þó hann firrtist eptir þessa ráðning, og að hún því mundi eigi lá sjer það, þó hann eigi legði upp með breytingar aptur. Viðvíkjandi sjötíu ára aldrinum, þá gæti það verið, að það væri misskilningur hjá sjer; en það þætti sjer vafasamt, hvort telja mætti það heilsuleysi, þó prestur væri sjóndapur eða svo brjóstþungur og hás, að hann gæti ekki tónað eða flutt ræðu, svo vel heyrðist. Hann væri eigi sannfærður um, að breytingarnar væru ástæðulausar, Að því er snerti orð hins 6. konungkjörna þingmanns, að önnur meining komi í 3. gr., þá játaði hann það; spurningin væri einungis, hvor ákvörðunin væri sanngjarnari og betri til að hafa í lögum, hann fyrir sitt leyti áliti breytinguna sanngjarna og rjetta, en það kynni nú að vera, að það kæmi af því, að hverjum þætti sinn fugl fagur; en hann vildi taka það fram, að breytingarnar væru á valdi deildarinnar; ef þær fjellu, þá yrði máske einhver til að lappa upp á frumvarpið, þótt hann vildi ekki verða til þess aptur, er bót sú, er hann hefði lagt á það, hefði ekki líkað.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja svara 1. þingmanni Þingeyinga fáum orðum upp á ræðu hans. Sjer hefði þótt þingmaðurinn taka strangt aðfinningar sínar, þar eð hann hefði viljað láta breytingar sínar sigla sinn eigin sjó, og á eigin ábyrgð, og hefði hann vænt þess gagnstæða af þessum þingmanni, og að hann hjeldi því fram, að prestar nytu jafnrjettis við aðra embættismenn um tilkall til eptirlauna, þá er þeir slösuðust í framkvæmd embættisverka sinna, og kvaðst hann vona þess, að þingmaðurinn mundi koma sjer saman við hann um, að koma fram með breytingaratkvæði til 3. umræðu. Í því trausti kvaðst hann ætla nú, að gefa breytingum þingmannsins atkvæði sitt, því að hann vonaði, að þingmaðurinn mundi sjá, að sanngjarnt væri, að sama grundvallarregla væri fyrir eptirlaunum presta, sem hverra annara embættismanna.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um frumvarpið, og var:

1. 1. gr. frumvarpsins samþykkt með öllum atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga þingmanns Þing-

eyinga við 2. gr. felld með 9 atkvæðum.

3. 2. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 11 atkvæðum.
4. Breytingaruppástungu þingmanns Þingeyinga við 3. gr. frumvarpsins var af forseta skipt í tvennt við atkvæðagreiðsluna, og var:
   a. Fyrri kafli uppástungunnar samþykktur með 10 atkvæðum gegn 1, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

      Já:

      Bergur Thorberg,
      Eiríkur Kúld,
      Magnús Stephensen,
      Árni Thorsteinson,
      Ásgeir Einarsson,
      Benedikt Kristjánsson,
      Jón Hjaltalín,
      Jón Jónsson,
      Sighvatur Árnason,
      Stefán Eiríksson.

      Nei:

      Jón Pjetursson.

   b. Síðari kafli uppástungunnar var samþykktur með 10 atkvæðum.
5. 3. gr. frumvarpsins þar með fallin.
6. Breytingaruppástunga þingmanns Þingeyinga, að síðari hluti 4. gr. falli burt, samþykkt með 6 atkvæðum.
7. 4. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 6 atkvæðum.
8. 5. gr. samþykkt með öllum atkvæðum.
9. 6. — —— — — ——
10. 7. — —— — — ——
11. 8. — —— — — ——
12. 9. — —— — — ——
13. Að frumvarpið gangi til 3. umræðu, samþykkt með öllum atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild á 45. fundi, 20. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deildinni, sjá I 473—474. Breytingartillögur I 449.

Með því enginn tók til máls, var gengið til atkvæða um breytingaruppástungu frá 3 þingmönnum, Árna Thorsteinson, Bergi Thorberg og Magnúsi Stephensen, við 3. gr., og var hún samþykkt með 9 atkv. Frumvarpið í heild sinni var samþykkt með 10 atkv., og kvað forseti það mundu verða aptur afgreitt til neðri deildar.

Ein umræða í neðri deild, á 55. fundi, 22. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 524—525.

Nefndarálit I 497.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Frumvarpi þessu hefur lítið verið breytt í efri deildinni. 3. gr. er að eins orðabreyting, sem er til skilningsauka og því til bóta. Að öðru leyti eru engar breytingar gjörðar, er teljandi sje, og því ræð jeg deildinni til að samþykkja það óbreytt.

Þá var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XL. LÍFEYRIR PRESTSEKKNA.

Frumvarp til laga um skyldu presta, til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag. Frá nefndinni í prestakallamálinu. Sjá I 202—203.

Fyrsta umræða í neðri deild á 25. fundi, 30. júlí.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg hef ekki mikið að segja um frumvarp þetta; það er sprottið af þeirri við-

leitni nefndarinnar, að gjöra kjör presta aðgengilegri og ljetta á brauðunum þeirri byrði, sem hægt er, án þess að íþyngja landssjóðnum. Eins og aðrir embættismenn eiga að sjá ekkjum sínum fyrir styrk eptir sinn dag, eins getur það ekki verið ofætlun fyrir prestana, einkum ef laun þeirra verða bætt. Þó styrkurinn sje eigi mikill, 100 kr. árlega, þá er hann þó svo mikill, að ekkjunum er í mun, og haganlegri að því leyti, að prestsekkjur skerða ekki tekjur brauðanna, því að það rýrir mjög lítil brauð, að tólftungur tekjanna gengur til prestsekkna, er kunna að vera í þeim; svo er og annað hitt, að þessi styrkur af brauðunum selst misjafnt úr hendi, svo að sumar ekkjur fá stundum lítið eða ekkert, en hjer er reynt að gjöra hann vísan. Frumvarp þetta er lagað eptir opnu brjefi 31. maí 1855 með þeim breytingum, sem nefndinni þóttu nauðsynlegar. Það getur verið, að í frumvarpi þessu sjeu ýms orðatiltæki, sem betur mættu fara öðruvísi, þó jeg hafi ekki sjeð þau enn þá; en jeg fel deildinni að gjöra breytingar við það, ef henni þykir nauðsyn til bera, og hef jeg því ekki meira um það að segja, fyr en jeg heyri skoðanir manna um það.

Guðmundur Einarsson: Jeg er á báðum áttum með frumvarp þetta, af því að jeg veit ekki, hvernig kjör presta verða, en ef prestarnir verða gjörðir inn að skinni, sem jeg býst fremur við, þá er þetta ný álaga, og er óljóst, hve þung hún verður Mjer þætti æskilegt að vita hjer um bil, hve þung hún yrði á ungum presti, sem giptist ungri konu og ætti að sjá ekkju sinni fyrir eptirlaunastyrk. Það er bent á í frumvarpinu, að ráðherrann eða landshöfðinginn eigi að ráða miklu um reglugjörð fyrir upphæð árstillagsins; væri því æskilegt, ef landshöfðingi vildi gefa upplýsingar um þetta efni.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að jeg skil frumvarp þetta svo, að það eigi að vera reglugjörð lík reglugjörðum í útlöndum um líkar stofnanir.

Framsögumaður: Nefndin ætlaðist til, að hið árlega tillag væri sniðið eptir reglum, sem gilda í þessu efni í Danmörku fyrir lífsábyrgðarsjóðinn. Gjaldið breytist eptir aldri manns og konu, og mismuninum á aldri þeirra. Jeg hef eigi fyrir hendinni skýrslur um gjald þetta, en ef jeg man rjett, þá verður það, ef presturinn vígist 25 ára, rúmar 20 kr., og má tillag þetta heita ljettbært fyrir prestinn. Vjer höfðum eigi önnur ráð, en að landssjóðurinn hefði ábyrgð á styrk þessum, og álítum vjer það enga hættu, með því að þetta er ekki gjört fyrir aðra presta en þá, sem hjer eptir vígjast. Það getur verið, að rjettara væri að breyta 1. gr. þannig, að fyrir «veiting» væri sett «vígsla», því að þá er alls engin hætta, að landssjóðurinn missi sitt. Oss þótti þetta fyrirkomulag rjettara og haganlegra, en að skylda presta til að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn danska; en að stofna nýjan sjóð, þótti oss ógjörandi, með því að innstæðuna þá vantaði að öllu.

Þórarinn Böðvarsson: Það er víst ekki búizt við, að jeg mæli á móti frumvarpi þessu, og jeg ætlaði heldur eigi að standa upp, en orð framsögumanns komu mjer til þess; hann sagði, að haganlegra væri, að landssjóðurinn ábyrgðist fjeð, en að stofna nýjan sjóð, en jeg verð að álíta, að það væri haganlegt, að sjerstakur sjóður fyrir presta og prestsekkjur væri stofnaður í þessu skyni, er lán fengist úr gegn fulltryggu veði. Þess þyrfti líka að gæta, hvort eigi ætti í síðustu greininni að taka nákvæmar fram þau hlunnindi prestsekkna, sem eigi eru aftekin, t. a. m. ábúð á kirkjujörðum. En það er meining nefndarinnar, að hlunnindi þessi haldist óbreytt.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í neðri deild, á 31. fundi, 6. ágúst.

Breytingaruppástungur I 221—222.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg hef lítið um frumvarp þetta að segja. Breytingar, sem komið hafa, breyta því ekki til muna. Jeg hef ekkert á móti viðaukatillögum 1. þingmanns Norðurmúlasýslu og 1. þingmanns Skaptfellinga; breyting þeirra á 8. gr. er að eins orðabreyting; hugsunin er öldungis hin sama og í frumvarpinu; legg jeg það því í vald deildarinnar, við hverja uppástunguna hún kann betur. Jeg er eigi eins samþykkur breytingaratkvæði 1. þingmanns Skaptfellinga við 7. gr. vegna þess, að konan getur eigi haldið þessum styrk, nema maðurinn haldi áfram að leggja í sjóðinn, þetta skilyrði felst í 7. gr. Ef presturinn er sekur, liggur skyldan öldungis eins á honum, en ef konan er sek, þá hverfur líka skyldan af prestinum. Eins og jeg áður hef tekið fram, er frumvarp þetta borið upp í þeim tilgangi að ljetta á fátækum brauðum; vona jeg því, að hinn háttvirti landshöfðingi verði því meðmæltur án tillits til þess, hvernig aðalmálinu reiðir af, því að þetta frumvarp er alls ekki bundið við það, og komist það ekki á, að brauðin verði bætt, þá er því meiri nauðsyn á þessum styrk. Eigi er heldur hætt við því, að hann íþyngi á nokkurn hátt landssjóðnum.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess viðvíkjandi þessu máli, að jeg verð að taka tillit til aðalmálsins; jeg vil eigi leggja nýja byrði á presta á fátækum brauðum án þess að vita, hvernig prestamálið í heild sinni verður lagað. Í 1. gr. er til tekin hin minnsta upphæð styrksins, mjer virðist, að það ætti líka við að taka til, hvað styrkurinn skuli hæstur, og hver sje sú mesta upphæð, er prestar verði skyldaðir til að sjá ekkjum sínum borgið með. Samkvæmt opnu brjefi frá 21. maí 1855 er sjerhverjum embættismanni gjört að skyldu, að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk, og skal styrkurinn nema einum fimmta parti af þeirri upphæð, sem eptirlaun hans verða, en eptirlaun presta eru, samkvæmt frumvarpi því, er nú var rætt, eigi miðuð við annað en þjónustuár þeirra; en jeg álít nauðsynlegt, að setja reglu um það, hvernig upphæð hins árlega tillags og fjárstyrksins verði ákveðin, t. d., að hún eigi að samsvara $^1/_5$ eða öðrum ákveðnum parti af tekjum brauðsins eptir síðasta brauðamati. Það er snertir 2. grein og reglugjörð þá, er ráðgjafi Íslands skal semja um hlutfallið milli hins árlega tillags og fjárstyrks, þá verður sú reglugjörð að byggjast á þeim reglum, sem gilda fyrir lífsfjár- og framfærslustofnunina í Kaupmannahöfn, en reglugjörð hennar er byggð á líkindum þeim, sem eru fyrir því, að manninum endist líf, svo að það, sem lagt er í sjóðinn, svari með vöxtum því, sem á að útborga við lát hans (Probabilitetsberegning). Þar að auki verður hlutaðeigandi að sýna læknisvottorð um, að lífi hans sje engin hætta búin af neinum sjerstökum sjúkdómi; yrði sú regla líka að gilda, ef landssjóðurinn á að taka að sjer ábyrgðina. — Mjer virðist ísjárverð ákvörðunin í 6 gr. um, að ekkjan hafi ekkert tilkall til fjárstyrks, þó presturinn hafi eigi alla æfi greitt tillagið; vildi jeg því skjóta því til hinnar heiðruðu deildar, hvort ekki væri ástæða til að breyta þessu þannig, að ekkjan hefði að minnsta kosti tilkall til nokkurs hluta.

Páll Pálsson prestur: Jeg þarf eigi að mæla með fyrri breytingartillögu minni, en hin seinni átti einkum að vera til skýringar; mjer finnst ekki rjett, að konan hafi ekkert tilkall til styrksins, þegar hún skilur við manninn fyrir sakir, sem hún er eigi völd að; hún verður þá að skoðast sem prestsekkja, og á því að fá styrkinn; jeg tók svo eptir, að landshöfðingi hefði líka skoðun, svo jeg treysti því, að nefndin sjái,

að breytingaratkvæði mín koma eigi af öðru en að gjöra ákvarðanirnar skýrari.

Framsögumaður: Landshöfðingi talaði um, að byrði þessi lenti á fátækum brauðum, en hún lendir ekki á þeim fremur en hinum, en þótt ungur prestur eigi að borga 20 kr. eða þar um bil á ári, þá getur það ekki talizt þung byrði eða mikil, móts við það, að halda ekkju í brauðinu. Landshöfðingi vildi fastákveða styrkinn, en eptir frumvarpinu er hann þannig fastákveðinn, að hver prestur er skyldur að greiða svo mikið tillag árlega, að styrkur ekkju hans nemi að minnsta kosti 100 kr. árlega; ef presturinn vill, getur hann látið meira, en nefndin áleit þetta svo mikið, að hún treysti eigi prestinum til meira. Það er auðvitað, að ef styrkurinn eigi nægir, þá verður ekkjan að fá einhvern annan styrk, svo sem af prestsekknasjóðnum. Nefndin gekk út frá því, að stjórnin ákvæði tillagið og hlutföll þess, og eptir því er hin fastákveðna upphæð ekki svo mikils virði. Landshöfðingi áleit, að læknisvottorð væri nauðsynlegt, en jeg hygg, að það gjöri ekki mikið til, því að auðvitað er, að vottorðið fæst ávallt, þó að maðurinn sje heilsulítill, ef hann hefur engan þann sjúkdóm, sem honum er bráð hætta búin af. Það er snertir breytingaratkvæði 1. þingmanns Skaptfellinga við 7. gr., þá skal jeg benda honum á, að þar sem hjá honum stendur «skilin að borði og sæng» þá getur það verið þannig, að konan óski skilnaðarins, er það þá eptir samkomulagi þeirra á milli og með þeim skilmálum, er þeim kemur saman um, og þegar svo stendur á, er ekki um styrk að tala til konunnar sem ekkju; nokkuð öðru máli er að gegna þegar hún fær skilnaðardóm.

Einar Ásmundsson: Jeg álít frumvarp þetta gott, og hef lítið annað um það að segja; eitt atriði finnst mjer þó efasamt viðvíkjandi fyrstu ákvörðuninni í 7. gr.; þar stendur: «Ef prestur hefur fengið skilnaðardóm frá konu sinni, er hann eptirleiðis laus við þá skyldu, að sjá konu þeirri borgið sem ekkju eptir sinn dag, er hann hefur skilið við, og á hann rjett að fá endurgoldin þau tillög, er hann þegar hefur greitt». Jeg get ekki fellt mig við, að presturinn fái endurborgaðan styrkinn, þótt konan sje með dómi skilin frá honum. Hann fær þó eigi tillag sitt endurgoldið, þótt konan deyi, og þurfi því eigi eptirlauna við nje fái þau. Mjer finnst, að sama regla ætti helzt að gilda í báðum tilfellunum. Þegar konan er skilin við prestinn, þá er hún dáin sem kona hans, og það er ekki landssjóðnum að kenna, þó hún sje sek orðin; landssjóðurinn getur ekki styrkt presta til að eiga þær konur, sem þeir síðan hafa nægа orsök til að skilja við, með því að bæta prestunum tillagið aptur. Breytingarnar álít jeg allar til bóta, það er einungis eitt atriði í viðaukatillögunum, 4. tölul., sem jeg er í vafa um að rjettvíst sje, sem sje sú ákvörðun, að ekkjan fyrirgjöri eptirlauna-styrknum, ef hún tekur önnur trúarbrögð; þetta álít jeg órjett eptir stjórnarskránni, og get því eigi gefið atkvæði með því. — Allt annað mál er það, ef prestur, og jafnvel uppgjafaprestur, hafnar trú þjóðkirkjunnar.

Guðmundur Einarsson: Jeg er hlynntur frumvarpi þessu, en þó með efa og ótta, af því að jeg get eigi sjeð fyrir endann á því. Landshöfðinginn kvaðst eigi nú sem stæði geta sagt, hverjum reglum væri fylgt, með tilliti til ekkjuforsorgunar, að því er snertir aldurshlutfall hjóna, en hann kvaðst ætla, að á hverjum 5 árum ætti embættismaðurinn að leggja jafnmikla upphæð í ekkjukassann, sem svaraði styrk ekkjunnar á ári hverju. Mjer þykir það næsta hart aðgöngu, ef presturinn þyrfti að leggja 20 krónur á ári í ekkjukassann, til þess að ekkjan fengi 100 kr. árlegan styrk eptir hans dag. En samt sem áður fellst jeg á þessa ákvörðun frumvarpsins í öruggri von þess, að landshöfð-

inginn og ráðgjafinn muni sjá um, að þetta tillag prestanna verði svo lágt, sem unnt er. Það er snertir viðaukaatkvæði þingmanns Skaptfellinga, þá vil jeg ráða nefndinni til að aðhyllast það, og ímynda jeg mjer, að hún geti lagað það, svo að viðunandi sje. Jeg þekki til þess, að prestsekkjur, sem fyrir engar sakir hafa skilið við mann sinn, hafa ýmist fengið styrk, eða þeim þá verið neitað um hann. Jeg lít svo á, að þegar prestsekkjan hefur eigi verið völd að skilnaðinum, þá eigi hún að njóta prestsekkjurjettar, og bið jeg þingmenn að gjalda varhuga við, að rjettur prestsekknanna sje skertur að nokkru leyti, sem og að hafa það hugfast, að prestsekkjur þær, er nú eru, fái einhvern styrk.

Landshöfðingi: Jeg ætla, að sleppa megi í 1. gr. orðunum «að minnsta kosti», því að þau orð geta ef til vill valdið misskilningi. Viðvíkjandi 1. grein skal jeg enn fremur geta þess, að þar sem þessi skylda hvílir að eins á þeim prestum, er giptir eru, þá er ástæða til að taka af allan vafa í þessu efni með orðabreytingu.

Framsögumaður: Það getur verið, að orða megi 1. gr. fyllra, en hugsunin er sú, að hver prestur, sem giptist eptir að lögin ná gildi, eigi að greiða þetta tillag. Þar sem 1. þingmaður Eyfirðinga sagði það um 7. gr., að undarlegt væri, að presturinn skyldi fá endargoldin tillög sín, ef hann fengi skilnardóm frá konu sinni, þá er þetta alls eigi undarlegt; því að ef konan deyr, þá brýtur ekkjan eigi af sjer rjettindi sín, en ef hún skilur við mann sinn, brýtur hún af sjer rjettinn til eptirlaunastyrks, og missir því rjett til alls styrks. Þetta er tekið eptir eptirlaunalögunum frá 31. maí 1855, því að þar segir svo í 9. grein: «Ef maðurinn hefur fengið skilnaðardóm við konu sína, er hann eptirleiðis laus við þá skyldu, að sjá konu þeirri borgið sem ekkju, er hann hefur skilið við, og á hann rjett á að ganga úr lífsfjár- og framfærslustofnuninni, samkvæmt reglum þeim, sem gilda um sjálfráða hluttakendur»; enda virðist og hart fyrir prestinn að missa þessa fjár, sem hann hefur til einskis varið, og sem konan hefur af sjer brotið rjett sinn að njóta góðs af.

Arnljótur Ólafsson: Það er ein athugasemd, sem jeg vil gjöra við 1. grein. Þar er tiltekin skylda prestsins að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk, og ákveðið að styrkur þessi megi eigi vera minni en 100 kr., en hins eigi getið, hve hár styrkurinn megi vera mestur, en um það er nauðsynlegt að ákvörðun sje tekin. Í tilskipun 31. maí 1855 er tiltekið, að þessi styrkur handa ekkjunum megi ekki vera hærri en 600 krónur, en þar er um hina hálaunuðu embættismenn að ræða. Hjer ætti að vera ákveðið, að styrkurinn mætti eigi vera hærri en 300 eða mest 400 kr. Vjer getum eigi miðað við launaupphæð prestsins, því að prestarnir skipta svo opt um brauð, og tekjur þeirra verða því svo ýmislegar. Mjer finnst nauðsynlegt, að ákvörðun í þessa átt verði tekin inn í lög þessi, af því að dauðleikinn (Mortalitetsqvotient) er hærri hjer en í Danmörku, svo líklegt er, að landsjóðurinn geti naumast fylgt sömu reglu í þessu efni, sem í Danmörku er fylgt. Annars er sá reikningur eigi hægur hjer á landi, því oss vantar enn nægilegar hagskýrslur, til að finna út eptir dauðleikshlutfallið hjer á landi. Jeg er þakklátur 1. þingmanni Eyfirðinga fyrir það, er hann tók fram um 4. tölul. í viðaukatillögum mínum og 1. þingmanns Skaptfellinga, jeg held annars, að sá liður hafi slæðzt inn af »óaðgæzluleysi«, sem menn svo kalla.

Þórarinn Böðvarsson: Það er 1. grein frumvarps þessa snertir, þá gekk nefndinni það til með þeirri ákvörðun, sem hún hefur inni að halda, að sjá svo fyrir, að ekkjum yrði borgið með fjárstyrk, en eigi svo, að prestum þeim, sem nú eru í brauðum, yrði

ofþyngt með gjaldinu, einkum á hinum rýrari brauðum. Þess vegna komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að taka skyldi þá ákvörðun upp í 1. grein, að þeir prestar, sem hjer eptir fengju veiting fyrir brauði og eigi væru sextugir að aldri, skyldu sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk. Nefndinni var ljóst, að prestarnir hefðu nóga byrði að bera, og þótti henni því eigi gjörlegt, að leggja þá kvöð á prestana á hinum rýrari brauðunum, að greiða gjald þetta, fyr en þeir sæktu um annað brauð, en þegar þeir sæktu um annað brauð, þótti líklegt, að það brauð væri betra, og að þeir þá yrðu færir um að greiða gjald þetta. Þingmaður Eyfirðinga taldi það rangt, að presturinn ætti rjett á, þegar hann hefur fengið skilnaðardóm frá konu sinni, að fá endurgoldin úr landssjóði tillög þau, er hann hefur greitt. En mjer virðist þetta rjettvíst; því að konan er eigi prestsekkja, þegar hún er skilin við mann sinn, og landssjóðurinn missir ekkert, heldur skilar að eins aptur því, sem hann hefur tekið við, og þó án leigu. Þar sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hjelt, að tölul. 4. í viðaukatillögum hinna 2 þingdeildarmanna hefði flækzt með af »óaðgæzluleysi«, þá held jeg hann megi standa, það hefur hingað til þótt vel fara, að presturinn væri eigi að eins trúaður sjálfur, heldur einnig kona hans og börn.

Einar Ásmundsson: Jeg ætla að bæta því við viðvíkjandi 4. tölul. í breytingartillögunum, að mjer er eigi ljóst, hvort prestum er bannað með lögum, að eiga konu þá, sem eigi hefur trú þjóðkirkjunnar. Ef það er eigi bannað, þá hygg jeg, að ákvarðanir frumvarpsins sjeu eigi fullnægar, og hefði nefndin því átt að bæta við ákvörðun um það, að prestum skyldi slíkt bannað, eða að þeir ættu þá ekki rjett á að útvega slíkum konum eptirlaun. Ef prestur má eptir gildandi lögum eiga konu, sem hefur önnur trúarbrögð en lútersk, þá er honum ekki meinað með frumvarpinu að útvega henni eptirlaun, en það væri kynlegt, að slík prestsekkja, sem, ef til vill, aldrei á æfi sinni hefði haft þjóðkirkjutrúna, fengi sín eptirlaun, en önnur aptur í móti, sem hið fyrsta skipti um trú, eptir að hún væri orðin ekkja, væri svipt sínum eptirlaunum. Þetta væri engin samkvæmni.

Páll prestur Pálsson: 1. þingmanni Norðurmúlasýslu hefur víst orðið mismæli áðan; hann hefur að ætlað segja «aðgæzluleysi»; en jeg lýsi því yfir, að hann var algáður, þegar viðaukatillögur þessar voru samdar, og því einnig þegar 4. tölul. þeirra var saminn. Jeg hef að vísu verið einn af þeim, er hafa viljað leysa sóknarbandið; en svo langt, sem 1. þingmaður Eyfirðinga fer, get jeg með engu móti farið í þessu falli, að láta prestsekkju þá, er trú sinni hefur kastað, njóta fjárstyrks sem ekkju eptir prest, sem hefur haldið trú þjóðkristninnar. Jeg held því þessum 4. tölul. fast fram.

Arnljótur Ólafsson: Það er rjett, sem 1. þingmaður Skaptfellinga sagði, að jeg var algáður, þegar jeg samdi þennan 4. tölul. Það er aðgætandi, að þó prestinum væri gjört að skyldu að eiga kristna konu, þá geta menn eigi gjört honum að skyldu, að konan eigi gangi úr þjóðkirkjunni eptir hans dag. Þar sem hjer er um fjárkröfurjett að ræða, þá mundi liður þessi koma í bága við 47. gr. stjórnarskrárinnar: «Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu». Það er hart, að þegar ekkjan er búin að afla sjer rjettarins til fjárstyrksins, þá skuli hún missa hann aptur. Þess vegna tek jeg það upp aptur, að mjer hefur orðið það af óaðgætni, að skrifa undir þennan 4. tölul.

Þórarinn Böðvarsson: Af því að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu vitnaði í 47. grein stjórnarskrárinnar, hví fór hann þá fram hjá 45. grein? Ef 4. töluliður í við-

aukatillögunum er borinn saman við þá grein, þá ætla jeg að vona, að þingmaðurinn sjái, að 4. töluliður er eigi í neinni mótsögn við stjórnarskrána. 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að nefndin hefði farið of skammt, þar sem hún hefði eigi bannað prestum að eiga konur, er eigi hefðu trú þjóðkirkjunnar, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að oss virtist það eigi augnamið frumvarps þessa, að fara að gefa reglur um prestskonuefni; frumvarpið er um prestsekkjur, en ekki um prestskonuefni.

Framsögumaður: Jeg ætla að leyfa mjer að spyrja forseta, hvort eigi sje ástæða til, að leita atkvæða sjerstaklega um hvern tölulið í viðaukatillögunum út af fyrir sig.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði, og fjellu þau þannig:

1. 1. grein samþykkt í einu hljóði.
2. 2. — —— - — —
3. 3. — —— - — —
4. 4. — —— - — —
5. 5. — —— - — —
6. 6. — —— með 19 atkvæðum.
7. Breytingartillaga Páls prests Pálssonar samþykkt með 14 atkvæðum.
8. 7. grein með á orðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.
9. 1. liður í fyrri grein í viðaukatillögum 2 þingmanna samþykktur með 20 atkvæðum.
10. 2. liður í sömu grein samþykktur með 20 atkvæðum.
11. 3. liður í sömu grein samþykktur með 19 atkvæðum.
12. 4. liður í sömu grein felldur með 14 atkvæðum gegn 4.
13. 5. liður í sömu grein samþykktur með 20 atkvæðum.
14. Greinin öll með á orðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.
15. Síðari grein í viðaukatillögunni samþykkt með 20 atkvæðum.
16. 8. grein frumvarpsins þar með fallin.
17. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.
18. Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild á 37. fundi, 12. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 316—317.

Breytingaruppástungur I 346.

Páll prestur Pálsson: Af því að framsögumaður máls þessa er enn eigi kominn á þing, þá ætla jeg með þessum fáu orðum að eins að láta þá von mína í ljósi, að jeg treysti því, að mál þetta leggi svo með sjer sjálft, að það þurfi enga frekari meðmæling. Jeg vona því, að deildin fallist á frumvarpið, eins og það nú er lagað, ásamt breytingaruppástungum þeim, er komnar eru við það frá nefndinni.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg þarf eigi að tala margt um frumvarp þetta. Það hafa engar breytingartillögur komið fram við það nema frá nefndinni, og vona jeg, að deildin samþykki þær fúslega. Þessar breytingaruppástungur miða sumpart til þess, að gjöra ákvarðanirnar nákvæmari, sumpart til þess, að gjöra þær ljósari. Fyrst er sú breytingartillaga, að aptan við 1. gr. bætist: «en þó eigi meir en 300 kr. árlega». Sú viðbót er til þess að sýna, hversu háan styrk landssjóðurinn sje skyldur að takast á hendur að ábyrgjast að ekkjan fái. Nefndinni þótti nauðsyn bera til þess, að gjöra þessa ákvörðun, og virtist henni eigi tiltækilegt að gjöra landssjóðnum að skyldu, að ábyrgjast hærri styrk. Í 2. gr. er bætt við: «og skal presturinn jafnframt útvega læknisvottorð um, að lífi hans sje engin bráð hætta búin». Þetta eru hin vanalegu skilyrði, er heimtuð eru af embættismönnum þeim, er í ekkjusjóðinn leggja. Við 7. grein höfum vjer gjört þá breyting, að í stað orðanna «nú er prestskona skilin að borði og sæng frá manni sínum, eða hefur fengið skilnaðardóm frá honum» er sett: «Nú hefur prestskona fengið skilnaðardóm frá

manni sínum». Þessa breyting höfum vjer gjört af þeirri ástæðu, að vjer álítum sjálfsagt, að þótt hjón sjeu skilin að borði og sæng, þá er það að eins eptir samkomulagi þeirra í millum, og er eigi fullkominn skilnaður. Jeg hef eigi meira að segja um mál þetta, en treysti því að eins, að deildin samþykki frumvarpið. Það liggur í augum uppi, að hvernig sem fer um aðalmálið, þá er þetta mál eigi svo nátengt því, að það standi og falli með því. Ef þetta frumvarp nær fram að ganga, þá er það mikil bót, unnin bæði fyrir brauðin og ekkjurnar.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði, og fjellu þau þannig:

1. liður í breytingaratkvæði nefndarinnar samþykktur með 19 atkvæðum.
2. liður í breytingaratkvæði nefndarinnar samþykktur í einu hljóði.
3. liður í breytingaratkvæði nefndarinnar samþykktur í einu hljóði.

Frumvarpið allt með á orðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti málið nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 37. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 361—362.

Jón Jónsson kvaðst stinga upp á því, að máli þessu væri vísað til nefndar þeirrar, er sett hefði verið í málinu um skyldur embættismanna um að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag, og að landssjóðurinn tæki að sjer að greiða lífeyri eptir dauða þessara embættismanna. Nefnd þessi hefði einnig verið sett með sjerstöku tilliti til þessa máls, sem einnig hefði legið fyrir þinginu.

Varaforseti sagði, að sú nefnd hefði enn eigi lokið starfa sínum, og að hann vissi eigi til, að sú nefnd hefði verið sett með tilliti til þessa máls.

Jón Jónsson sagði, að nefndin hefði verið sett eptir sinni uppástungu, og sig minnti ekki betur, en að hann þá tæki fram, að málið væri skylt við það mál, er hjer lægi fyrir, enda væri þetta auðsjáanlegt.

Ásgeir Einarsson sagði, að ef menn vildu láta málið fá framgang á þessu þingi, þá rjeði hann frá því, að setja nefnd í það; en ef menn vildu láta það hvíla sig, þá væri ekkert á móti því, að kjósa nefnd í það.

Jón Jónsson sagði, að nefnd sú, er hann hefði nefnt, mundi ekki eiga svo mikið eptir af störfum sínum, að hún gæti ekki bætt þessu máli á sig.

Eiríkur Kúld kvaðst mæla móti nefnd í máli þessu, þar eð það væri áríðandi, einkum ef aðal-prestamálið fengi framgang, því að þá sýndist sjer, að fylgiskjöl þess ættu að verða samferða.

Sighvatur Árnason kvaðst hvorki vilja kjósa nýja nefnd í máli þessu, nje vísa því til annarar nefndar, því sú nefnd þyrfti einnig sinn tíma til málsins, eins og þó ný nefnd væri kosin. Sjer sýndist málið eigi svo vafasamt eða með þeim göllum, sem eigi mætti laga án nefndar; eigi væri mál þetta heldur voðalegt fyrir landssjóðinn, því það stæði á svo lágum tölum, en væri mjög vel meint í sjálfu sjer og þarflegt, enda sýndist sjer ekkert á móti því, þó tillag þetta yrði nokkru meira en hingað til hefur verið, þar að auki hyrfi tillag það úr fjárlögunum, sem til þessa hefði verið varið hingað til, og þá mundi mismunuriun aldrei verða mikill. Sjer þætti hart, ef frumvarp þetta þyrfti að deyja út sakir tímaleysis.

Jón Jónsson sagðist fús á að taka aptur uppástungu sína, ef að menn hefðu mikið á móti henni.

Magnús Stephensen kvaðst vilja biðja menn að átta sig vel á einni grein í frumvarpi þessu, sem hljóðaði um tilfelli þau, er ekkjan fyrirgjörði rjetti sínum til styrksins; sjer fyndist þar vera blandað saman eptirlaunum og lífeyri; en það væri tvennt ólíkt. Það væri sjálfsagt, að löggjafarvaldið gæti bundið eptirlaunin hverju skilyrði sem það vildi, þar sem þau væru nokkurs konar gjöf,

en um lífeyrinn væri öðru máli að gegna, því hann væri beinlínis keyptur og borgaður af prestinum fyrir fram, og prestsekkjur gætu því ekki fremur fyrirgjört honum, en aðrar ekkjur eða aðrir menn, sem keyptur væri handa lífeyrir í lífsábyrgðar- og framfærslustofnunum eða öðrum slíkum fjelögum. Þar eð fjárstyrkur sá, er hjer um ræddi, væri keyptur, sýndist sjer það ekki koma landssjóði við, þó ekkjan giptist á ný o. s. frv., en aptur á móti væri það eðlilegt, að hlutaðeigandi ekkja missti tilkall sitt til eptirlauna við það, að giptast aptur. Hann óskaði því, að þingmenn vildu gjöra sjer þennan mun glöggan, áður en málið kæmi til 2. umræðu.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 42. fundi, 18. ágúst.

Breytingartillögur I 397.

Benedikt Kristjánsson kvaðst eiga lítilfjörlegar breytingar við frumvarp þetta, hin fyrri væri að eins orðabreyting, einnig vildi hann geta þess, að í 1. gr. væri prentvilla, nefnil. «meiri» fyrir «meiru». Aðal breytingin væri við 7. gr.; þar hefði hann lagt það til, að sleppt væri úr «nema öðruvísi sje með berum orðum um samið við skilnaðinn». Það væri auðvitað að presturinn fengi eigi, þegar svo á stæði, útborgað tillag sitt, en sjer fyndist eigi við eiga að tala um slík tilfelli í lögum, því þó að slíkt gæti átt sjer stað, þá væri það þó eigi byggt á sómasamlegum hvötum, að unna landssjóðnum styrksins fremur en konu sinni, enda lægi slíkt fyrir utan lögin. Annað atriði í frumvarpi þessu þætti sjer óviðfelldið, en sem kynni að liggja í því, að hann væri eigi vel heima í slíkum ákvörðunum, og ætlaði hann eigi að tilgreina það. Sjer sýndist sjálfsagt, að sjerhver veglyndur prestur mundi halda áfram að hugsa fyrir styrktarfje konu sinnar eptir skilnaðinn.

Sighvatur Árnason sagði sjer þætti styrkur þessi mjög nauðsynlegur, því að prestsekkjur væru opt illa staddar; þær yrðu að víkja af bújörðum sínum, er nýr prestur kæmi, og væru því opt á flæðiskeri staddar, hvernig sem fjárhagnum liði. En aptur á móti væri það nýmæli að gjöra landssjóðinn að ábyrgðarsjóði, og yrði má ske voðalegt í fyrstu í augum margra landsmanna, jafnvel þó hann væri eigi meðal þeirra, sem kunna að álíta hættu við þetta. Vitaskuld væri það, að hættan væri meiri fyrir eins fámenna þjóð, sem vjer værum, því almennt væri álitið, að mannsaldurinn væri lægri hjá fámennri en fjölmennri þjóð, og væri svo til talið að mannsaldurinn væri 5 árum lægri hjer en í Danmörku, nefnilega 25 ár hjer, en 30 ár þar, en þar lægju líka aðrar orsakir til, og væri því hættan minni fyrir landssjóðinn, nema því að eins, að tillagið væri á þeim mun hærra stigi, og þess vegna hefði verið aðgengilegra fyrir prestana að fá aðgang að ekkjusjóðnum í Danmörku, því að í grundvallarlögum hans mundi reglan vera um lífeyrinn að nokkru leyti byggð á lífsmagni þjóðarinnar; en eigi áliti hann að heldur, að sjerleg hætta gæti verið fyrir landssjóðinn, þó hann tæki að sjer ábyrgð þessa; þar eð lífeyririnn væri ákveðinn svo lágur, þá yrði mismunurinn eða hallinn, sem landssjóðurinn kynni að bíða við þetta, aldrei mikill, og mundi hann því greiða atkvæði með frumvarpinu.

Varaforseti kvaðst eigi geta fellt sig við breytingaratkvæði þingmanns Þingeyinga við 7. gr., og vissi hann eigi, hvort þingmaðurinn hefði gjört sjer glöggva grein fyrir, hvers vegna hann vildi fella úr þessi orð: «nema öðru vísi sje um samið» o. s. frv.; en þá yrði presturinn eptir skilnaðinn ávallt skyldur að greiða árstillagið, sem ekki væri eðlilegt; hann fyrir sitt leyti hefði kunnað betur við að burtfella slíka skyldu, nema öðruvísi hefði verið um samið. Sjer líkaði heldur eigi grein frumvarpsins um það efni, þar væri dómur og samkomulag haft í mótsetningu hvað

við annað, en það væri eigi með öllu rjett, því gagnstætt því að skilja með dómi væri að fá leyfisbrjef til skilnaðar, en leyfisbrjef mætti fá án samkomnlags hlutaðeigandi hjóna, ef sakir væru á aðra hvora hliðina. Við umræðu máls þessa hefði annar þingmaður komið með þá athugasemd, að sleppa burt 8. gr., því að hjer væri talað um að kaupa gegn verði, og væri hann á sama máli um það og sá þingmaður, og væri það misskilningur, að lífeyrir gæti tapazt, þó þau tilfelli, er hjer ræddi um, bæri að höndum.

Jón Jónsson sagðist vera á sama máli og 2. konungkjörni þingmaður um það, að 7. greinin væri illa samin, en þó gæti hann ekki fallizt á breytingartillögu þingmanns Þingeyinga, því sjer fyndist það of þungbært fyrir presta, að þurfa að greiða tillag af launum sínum fleiri konum, því ef ungur prestur skildi við konu sína, mætti búast við, að hann kvæntist á ný; ætti hann þá samkvæmt tillögum þingmanns Þingeyinga einnig að sjá borgið þeirri konu, er hann hefði skilið við, ásamt síðari konunni. Hann vildi því leyfa sjer að ráða deildinni til að fella alveg 7. greinina. Þegar vel væri gætt að, mætti vel missa hana, því það, sem hún inniheldur, ætti vel heima í reglugjörð þeirri, sem 2. gr. framvarpsins fæli ráðgjafanum á hendur að semja.

Benedikt Kristjánsson kvaðst geta, ef til vill, fallizt á frumvarpið, en vildi þó hugsa sig um, hvort hann gæti sætt sig við það, ef breytingaruppástunga sín fjelli, en undarlegt þætti sjer, ef enginn við 3. umræðu vildi taka breyting við 7. grein. Sjer væri eigi ljóst, að ef prestur, sem skildi við konu, gæti fengið útborgað tillag sitt úr landssjóði, hvers vegna hann þá eigi gæti það, ef hún dæi. Að öðru leyti væri hann á máli þeirra, er álitu, að greinin þyrfti lagfæringar við.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

2. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

3. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

Breytingaratkvæði þingmanns Þingeyinga við 4. grein var samþykkt með 6 atkvæðum.

4. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 11 atkvæðum.

5. grein samþykkt með 11 atkvæðum.

6. grein samþykkt með 11 atkvæðum.

Breytingaratkvæði þingmanns Þingeyinga við 7. grein var fellt með 6 atkvæðum gegn 5 að við höfðu nafnakalli, og sögðu

Já:

Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason.

7. grein óbreytt felld með 6 atkvæðum gegn 5.

8. grein felld með 9 atkvæðum.

9. grein samþykkt með 11 atkvæðum.

Að frumvarpinu skyldi vísað til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild, á 45. fundi, 20. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 484.

Breytingartillögur I 474.

Bergur Thorberg kvaðst vilja gjöra grein fyrir breytingaratkvæði því, er hann hefði gjört við frumvarp þetta ásamt tveimur þingmönnum öðrum, og sýna, í hverju hlutfalli það stæði við frumvarpið.

Hvað snerti breytinguna, sem þeir ætluðust til að gjörð væri á 6. gr. frumvarpsins, þá væri hún sprottin af því, að þeir

teldu nauðsyn á að taka fram, að í reglugjörð þeirri, er nefnd væri í 2. gr., skyldi ákveða, hversu mikils endurgjalds sá maður mætti vænta, er greitt hefði tillag um nokkurn tíma, en hætti því svo, því að hann gæti eigi átt heimting á, að fá það allt endurgoldið, er hann hefði þegar greitt, vegna þess, að í öllum lífsábyrgðarfjelögum væri venja, er slíkt kæmi fyrir, að draga nokkurn hluta frá fyrir ábyrgð þeirri, er stofnunin hefði haft, og um þetta atriði vildu uppástungumennirnir hafa fasta ákvörðun í reglugjörðinni, er ráðherranum væri ætlað að semja.

Hin nýja grein, er uppástungumenn ætluðust til að yrði 7. gr., ætti eptir tilætlun þeirra að koma í stað þeirrar greinar, er deildin felldi úr við 2. umræðu, því að þeim fyndist eitthvað þurfa að koma í staðinn fyrir hana, þó að hún hefði haft þá galla, að deildin gat eigi fallizt á hana, eins og hún var þá. Ákvörðunin í þeirri nýju grein, er þeir legðu til að yrði tekin inn í frumvarpið sem 8. gr., hefði þeim þótt nauðsynleg, af því að vel gæti skeð, að stjórnin sæi sjer eigi fært, að koma því þegar í kring, að landssjóður gjörðist nokkurs konar lífsábyrgðarsjóður, en þessi ákvörðun ætti eigi að koma neitt við embættismönnum þeim, er legðu fram tillagið, þeir ættu að eiga eingöngu við landssjóðinn, en stjórnin að eins að semja við hið danska lífsábyrgðarfjelag, eða hvert það fjelag, er hún annars kysi.

Jón Jónsson kvaðst vilja spyrja uppástungumennina, hvort það væri tilgangur þeirra, að stjórnin útvegaði landssjóði endurábyrgð fyrir sinni ábyrgð, eða hitt, að hinn danski lífsábyrgðarsjóður hafi ábyrgðina alla, en landssjóður að eins taki við tillögum og greiði út aptur styrkinn ekkjunum, og verði þannig eins og meðalgangari milli danska sjóðsins og prestanna; þannig væri þetta haft með aðra embættismenn, og væri eðlilegast, að prestar væru látnir sæta sömu kjörum, hvort sem kostirnir væru betri við landssjóðinn, eða þeir hlytu að verða þyngri, eins og hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði sagt. Sjer þætti ástæða til, að stjórnin sæi svo um, að hvorirtveggja gyldu í hinn danska ábyrgðarsjóð, þangað til öll ábyrgðin kæmist inn í landið sjálft.

Bergur Thorberg sagði, að í 8. gr. stæði: «Útvegar stjórnin fyrir landssjóðsins hönd»; eptir þessu þætti sjer ljóst, að landssjóði ætti að útvega endurábyrgð; og það væri vafalaust, að prestar nytu þeirra góðu kosta, er hann fengi hjá fjelaginu, því að landssjóðurinn ætlaðist eigi til annars, en að verða skaðlaus, og því mundu prestar hafa sömu kosti hjá honum sem hann hefði hjá fjelaginu, en þeir ættu einungis aðgang að honum með alla ábyrgð.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja skjóta því til forseta, hvort hann gæti eigi fallizt á, að breyta fyrirsögn frumvarpsins þannig, að annaðhvort væru felld aptan af orðin: «eptir sinn dag» eða «ekkjum» breytt í «konum», samkvæmt því sem hann hefði tekið fram við 2. umræðu málsins; hann sæi eigi, að það kæmi í bága við 14. gr. þingskapanna, því að þetta væri að eins orðabreyting,

Árni Thorsteinson kvaðst vera á sama máli og hinn 2. konungkjörni þingmaður að öðru leyti en því, að hann áliti, að hjer væri hvorki um endurábyrgð að tala, nje að landssjóðurinn yrði meðalgangari milli embættismannanna og hins útlenda fjelags, þannig að hann væri einhvers konar fulltrúi fyrir hið útlenda fjelag. Landssjóðurinn ætti að hjálpa til að allt gæti gengið greitt, og sjá um allt, sem þyrfti til þess, að ábyrgð þessi væri gild fyrir prestastjettina; en með því móti yrði landssjóðurinn eins konar fulltrúi eða erindsreki hennar gagnvart fjelaginu, sem gætti þarfa sinna á eigin hönd. Hann vildi mælast til, að menn tækju vel undir tillögu þessa, því að hann vildi, að skipulag þetta kæmist sem fyrst á, af því að það væri í hag prestastjettinni, en ef menn samþykktu frumvarpið óbreytt, væri hann hræddur um, að það gæti eigi orðið eins fljótt, að það kæmist á, að prestar sjái ekkjum sínum borgið. Svo vildi hann benda á það, að í greininni stæði: «þangað til

öðruvísi verður ákveðið», og því yrði samningur stjórnarinnar við ábyrgðarfjelagið að vera svo, að honum mætti slíta, hve nær sem vera skyldi, ef menn skyldu óska þess.

Jón Pjetursson sagði, að þar sem í upphafi 8. gr. stæði: «þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum», þá vildi hann spyrja, hve nær þessi lög ættu að koma, er greinin talaði um? og hverjar ástæður það mundu verða, er gjörðu þörf að breyta þessari ákvörðun greinarinnar? það væri gaman að fá að heyra þær. Landssjóðurinn ætti að eins að taka við fjenu hjá greiðendum fyrir ábyrgðarfjelagið, og greiða aptur ekkjunum styrkinn fyrir hönd þess; stjórnin ætti að skipa öllum embættismönnum íslenzkum að greiða til hins danska ábyrgðarfjelags árlegt tillag til óákveðins tíma. Lífsábyrgðarfjelagið mundi með gleði taka á móti þessu.

Benedikt Kristjánsson kvað það vera auðsætt, að þessi nýja grein færi í allt aðra stefnu en frumvarpið. Hann ímyndaði sjer, að bæði neðri deildin og þessi deild hefðu hingað til álitið, að landssjóðurinn tæki að sjer útborgunina, en eptir þessari grein ætti stjórnin að leggja þessa skyldu á herðar dönsku fjelagi, og ef ríkissjóðurinn stæði eigi á bak við það, vildi hann þakka fyrir ábyrgð þessa fyrir hönd prestanna. Hann lýsti yfir því skýlausa áliti sínu, að hann mundi eindregið greiða atkvæði móti þessari grein, því að með henni væri málið komið í allt annað horf, en sjer þætti æskilegt.

Bergur Thorberg kvað meininguna í greininni vera þá, að prestar og ekkjur þeirra ættu eingöngu að eiga við landssjóðinn, en stjórnin ein semja við hina útlendu stofnun fyrir landssjóðsins hönd, hver sem hún yrði. Sjer þætti málið vera áríðandi, eins og það væri vaxið, og því mundi hann gefa því sitt atkvæði, án þess að ganga neitt inn á spurning þá, hvort hjer væri að ræða um endurábyrgð eða eigi, því að það gjörði lítið til.

Jón Jónsson sagði, að eptir því sem hinum 6. konungkjörna þingmanni hefði farizt orð, þá hlyti að vera komin ný stefna í málið, og væri hann hinum 3. konungkjörna þingmanni samdóma, að hún gæti verið í sjárverð; en samt sem áður mundi þetta þó prestum í hag, og mundi hann því gefa atkvæði með því; landssjóðurinn gæti ef til vill ekki selt lífsábyrgð með eins góðum kjörum sem útlend lífsábyrgðarfjelög, af því að viðskiptamennirnir væru svo fáir; hann vildi benda á, að menn í Reykjavík hefðu húsassurance hjá dönsku fjelagi, því það hefði eigi verið mögulegt, að fá það hjer með betri kjörum; skyldi síðan reynast, að lífsábyrgðin hjá erlendu fjelagi yrði ekki ódýrari, en landssjóðurinn gæti selt hana, þá mætti flytja alla ábyrgðina inn í landið.

Benedikt Kristjánsson kvaðst eigi geta lengur áttað sig á þessum hugmyndum, því þær væru farnar að reka sig hver á aðra. En það væri máske eigi almenningsálit, að Reykvíkingum hefði tekizt heppilega, er þeir gengu í danskt brunabótafjelag í stað þess að stofna sjálfir ábyrgðarfjelag, eins og t. d. ábyrgðarfjelagið eyfirzka, sem mörg skip gæti ekki heitið að væru í, sem þó væru úti á hinum hættulegustu tímum ársins. Ef landssjóðurinn hefði ábyrgðina, og borgað væri í hann, og hann borgaði svo út aptur, þá fylgdi því enginn kostnaður, en útlend fjelög heimtuðu sinn kostnað endurgoldinn, og tækju eigi neitt að sjer, sem þeim gæti verið skaði að; þvert á móti mundu þessi fjelög þurfa að fá og vilja fá hag af stofnuninni, auk alls kostnaðar við stjórn og umsjón þeirra. Hann gæti eigi, ef hjer væri að tala um skaða, kosið það fyrir hönd prestanna á Íslandi, að verða ölmusumenn útlendra fjelaga; en ef útlend fjelög stæðust þetta, þá mundi landssjóðurinn ekki síður standast það.

Jón Pjetursson spurði, hvort það væri þá meiningin, að þegar landssjóðurinn væri orðinn gjaldþrota, af því að borga ekkna eptirlaun, þá ætti danska lífsábyrgðarfjelagið að fara að borga þeim, og þá væri fyrst tíminn kominn að breyta þessu fyrirkomulagi með lögum.

Síðan var gengið til atkvæða um

breytingaruppástungu 3 þingmanna, Árna Thorsteinsonar, Bergs Thorbergs og Magnúsar Stephensens við 6. gr., og hún samþykkt með 10 atkvæðum.

7. gr., ný grein, samþykkt með 10 atkvæðum.

8. gr. ný grein samþykkt með 8 atkv.

Frumvarpið síðan með breytingum og viðauka samþykkt með 10 atkvæðum, og kvað forseti málið verða afgreitt aptur til neðri deildar.

Ein umræða í neðri deild, á 55. fundi, 22. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 500—501.

Nefndarálit I 497.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Við þetta frumvarp hefur efri deildin gjört litlar breytingar, og að eins í 8. gr., en þó þessi breyting sje ekki sem æskilegust, þá álít jeg ekki rjett, að fresta málinu þess vegna, og ræð því hinni heiðruðu deild að samþykkja frumvarpið orðrjett, eins og það nú er.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að kalla þetta óheppilega breyting af efri deildinni, að hún skuli ekki hafa þorað, að koma þeirri reglu á, að landssjóðurinn verði ábyrgðarsjóður fyrir prestsekkjur. Þó álít jeg ekki þennan galla svo mikinn, að jeg vilji þess vegna tefja fyrir málinu.

Þá var gengið til atkvæða og var frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XLI. STJÓRN SAFNAÐARMÁLEFNA.

Frumvarp til laga um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. Frá Arnljóti Ólafssyni, Þórarni Böðvarssyni og Einari Ásmundssyni. Sjá I 219—220.

Fyrsta umræða í neðri deild á 24. fundi, 29. júlí.

Guðmundur Einarsson: Þó í þessu frumvarpi sjeu einstök atriði, er þurfa breytinga við, þá er jeg því ekki mótfallinn yfir höfuð, og vil jeg sýna 1. þingmanni Norðurmúlasýslu einu sinni þann sóma og velvild, að vera honum samdóma, og að jeg er ekki í öllum greinum ófrjálslyndur.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg þarf ekki að tala mikið þessu frumvarpi til varnar; fyrri hluti þess er kunnur öllum af tillögum hinnar konunglegu nefndar í prestakallamálinu, en seinni hlutinn eðlilegt áframhald af fyrri hlutanum. Aðaltilgangur frumvarpsins er, að gefa sóknarnefndunum og hjeraðsnefndunum hina sömu eða svipaða hlutdeild í safnaðamálum, sem sveitanefndir og sýslunefndir nú hafa í sveitarmálefnum, og hljóta því allir, sem unna frelsi kristinna manna, að vera hlynntir frumvarpi þessu. Það getur, ef til vill, verið ágreiningur um einstök atriði, en hann getur fyrst komið fram við 2. umræðu.

Var svo málinu vísað til 2. umræðu með 16 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 38. fundi, 6. ágúst.

Breytingartillögur I 247. 253. 270.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Hjer er komin sú breytingartillaga frá þingmanni Mýramanna, að 7. gr. frumvarpsins falli niður. Jeg verð að vera þeirri tillögu samþykkur. Í 7. gr. er sagt, að sóknarnefndin skuli innheimta fyrir prestinn öll föst gjöld í sókninni, o. s. frv. Er þá meiningin sú, að sóknarmenn heimti líka inn öll jarðarafgjöld, landskuld sem leigur, fyrir prest, og jafnvel byggi jarðir og ráði leigumála fyrir hann? Umráð prests og rjettur verður ekki mikill eptir þessari grein. Jeg álít bæði rjettara og hollara, að prestar hafi sjálfir á hendi innheimtuna, að minnsta kosti að sumu leyti. Þar sem prestur á við fátæka sóknarmenn, og vill líkna þeim eða í-

vilna í gjöldum, getur hann það því að eins vel, að hann ráði að mestu, hvernig og í hverju honum er goldið. En þar sem prestar þurfa aðstoðar sóknarmanna við gjaldheimtu, mun þeim vorkunnarlaust að fá hana, án þess lög skipi fyrir um það, enda er sóknarnefndunum ætlaður nógur annar starfi, ekki síður en öðrum nefndum sveitanna. En viðaukanum við 12. gr. frumvarpsins get jeg ekki verið samþykkur, að í staðinn fyrir «nema meiri hluti» komi: «nema $^2/_3$ hlutar», því ákvæði þetta bindur hendur hjeraðsfundanna og rýrir auðsjáanlega samþykktaratkvæði þeirra. Við 13. gr. er það lagt til, að kirkjuskoðunarlaun prófasta og yfirskoðunarlaun presta sjeu ekki greidd af fjám kirknanna. Þessu er jeg samþykkur. Að sóknarfulltrúar fái 3 kr. í fæðispeninga, þykir mjer sanngjarnt; svo þykir mjer og í sjálfu sjer rjett, að prófastar og prestar fái enga þóknun, þótt sýslumenn fái það fyrir setu sína á sýslunefndarfundum. Í Eyjafirði, að minnsta kosti í minni sókn, er jeg veit um, var kostnaður sóknarfulltrúans til hjeraðsfundarins greiddur þannig, fremur eptir samkomulagi en skipun.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði mjer nú ekki að eyða frekari tíma eða orðum um frumvarpið sjálft, en verð að standa upp til að láta í ljósi undrun mína yfir því, hvað hinn heiðraði þingmaður Norðurmúlasýslu hefur sýnt sig leiðitaman í þessu máli. Hann vill skilja orðin: «öll hin föstu prestgjöld» í 7. gr. um fasteignargjöld, byggingarráð o. fl., en þar er að eins og auðsjáanlega meint einungis sóknargjöldin og þeirra innheimta. Greinin skipar ekki neina innheimtu nje skyldar, nema því að eins að prestar heimti. Hvað tollheimtu presta snertir, má margt segja með henni og mót, sumstaðar mundi jeg ekkert hafa á móti henni, og jeg þykist ekki vera sá, sem mest tala um hið sorglega eða hneykslanlega við það, að prestar taka sjálfir við tekjum sínum af hendi sóknarbarna sinna. Samt sem áður álít jeg, að prestar eigi að fá lagarjett til, að geta krafizt aðstoðar sóknarmanna við tollheimtu þeirra. Varatillögu þingmanns Mýramanna álít jeg af misskilningi sprottna; frumvarpið gjörir hvergi ráð fyrir innheimtu sóknarnefndar á fasteignargjöldum, og þá á «umsjón um bygging og ábúð kirkjujarða» alls ekki hjer við. Breyting hans á 12. gr. get jeg ekki álitið til bóta. Við 13. greinar breytinguna skal jeg geta þess, að hinn heiðraði flutningsmaður hefði heldur átt að svara henni en jeg, því hann mun búast við að verða lengur prófastur hjer eptir en jeg; en þingmann Mýramanna vil jeg spyrja að því: hvaðan eiga prófastar og prestar að fá þau laun, sem þeir þannig missa? Eða mun prófföstum svo ríflega launuð verk þeirra, að sanngjarnt sje að auka störf þeirra en minnka launin? Að vísitatíur prófasta aukist en fækki ekki eða minnki, verð jeg að álíta nauðsynlegt. Jeg skal gjarnan játa, að það sje bæði ósanngjarnt og neyðarúrræði, að kirkjur einar borgi yfirskoðunarstörf prófasta; það ráð var fundið upp á erfiðum tímum, þegar ekki var í annað hús að venda, til að fá opinbert fje; fáist því nú breytt, skal jeg vera því samþykkur, en þá verður að ákveða með vissu, hvaðan nefnd borgun skuli greiðast. Laun prófasta þyrftu að aukast og ættu ekki lengur að vera mest fólgin í þeirri fallvöltu von, að þeir hljóti bezta prestakall hjeraðsins, sem losnar og þeir sækja um. Jeg vil því biðja hinn heiðraða þingmann að taka aptur viðbót sína við 13. gr. frumvarpsins.

Hjálmur Pjetursson: Jeg skal geta þess, að með föstum tekjum tel jeg einnig gjald af kirkjujörðum, en hafi jeg misskilið þetta og jeg heyri, að tveir skarpir þingmenn skilja það sinn á hvern hátt, þá er jeg hræddur um, að fleiri misskilji það, og álít jeg því bezta ráðið að fallast á tillögu mína að fella 7. gr. En sje það nú eigi rangt, að telja afgjöld kirkjujarða með föstum tekjum presta, þá verð jeg að álíta sanngjarnt og rjett, að sóknarnefndin ráði byggingu jarðanna og líti eptir ábúðinni, svo framarlega sem hún á að hafa innheimtuna á hendi. Viðvíkjandi breytingu minni á 12. gr., þá gjörði jeg

hana af því, að mjer þykir ætíð varasamt, þegar um er að ræða mikilsverðar eða nýjar breytingar, að láta velta á eins manns atkvæði, og þó jeg sje ekki fastur á að halda þessari breytingartillögu fram á þessum stað, þá ætla jeg þó ekki að taka hana aptur, heldur láta fella hana. Mjer kom það á óvart, að 2. þingmanni Gullbringusýslu skyldi þykja viðbót mín við 13. gr. of stutt og illa sniðin. Því bjóst jeg ekki við, heldur að hann mundi þakka mjer innilega fyrir þessa viðbót, hann, sem svo opt hefur kvartað sáran yfir því, hve tekjur kirkna væru litlar, sbr. umræðurnar um sætisfisk og legkaup, en það rýrir þær þó eigi alllítið, ef öllu þessu gjaldi til hjeraðsfundanna yrði bætt ofan á revisíons- og vísitatíu-launin, sem sjálfsagt mundi nema eins miklu og þau, og sem í flestum prófastsdæmum mundi skipta hundruðum króna.

Hinn sami þingmaður fann að því við mig, að jeg eigi hefði stungið upp á neinu í staðinn, eða bent á neinn annan sjóð til að greiða úr vísitatíulaunin; en þetta kom af því, að jeg hafði eigi fyrir hendi neina pyngju til að vísa á; en þingmaðurinn getur sjálfur komið með uppástungu um þetta eins vel og jeg, og beðið um vísitatíulaunin, annaðhvort úr landssjóði eða annarsstaðar frá, ef hann álítur þörf á því, að við halda þeim og borga þau. Jeg verð nú að álíta miklu minni þörf á vísitatíum, þegar söfnuðirnir eru búnir að taka að sjer kirkjurnar, að því leyti sem snertir skoðunargjörð á húsinu, og vil jeg ekki gefa túskilding fyrir skoðunarferðir prófasta til þess, með því að þær yrðu þá öldungis þýðingarlausar og óþarfar. En breytingartillögu þingmanns Dalamanna álít jeg allt of stutta, þar sem hún endar á því, «og annast hlutaðeigandi sóknarnefnd um greiðslu fjárins». Hvar eiga sóknarnefndirnar að taka þetta fje handa sóknarfulltrúanum? Einhversstaðar frá verða þær þó að fá það; jeg skil ekkert í, hvernig uppástungumaður hefur hugsað sjer þetta; ef hann ætlast til, að sóknarnefndin borgi það úr sínum vasa, þá hefði þurft að geta þess, og taka það fram með beinum orðum, en jeg vona, að breytingartillaga þessi falli, því sje það meiningin, að sóknarnefndin greiði gjaldið úr sínum vasa, þá er hún á móti allri sanngirni; en ef það er meiningin, að nefndin eigi að taka gjald þetta af sóknarmönnum, þá þarf skýlausa ákvörðun um það; en jeg held samt, að slík ákvörðun mundi eigi verða vinsæl.

Guðmundur Einarsson: Jeg hef nokkrum sinnum heyrt það á sumum þingmönnum, að þeim þætti jeg apturhaldsmaður, en nú ætlaði jeg þó einu sinni að vera frjálslyndur og vera frumvarpi þessu meðmæltur og fylgja því í lengstu lög, þó jeg reyndar verði með þeim, er vilja fella 7. gr. Viðvíkjandi 12. gr. er jeg samdóma þingmanni Mýramanna, að heppilegra sje, að $^2/_3$ komi í staðinn fyrir »meiri hluti«, því að jeg vil ekki, að eins manns atkvæði ráði úrslitum þýðingarmikilla mála, sem þar að auki hafa mikinn kostnað í för með sjer. Þá er 13. grein; þar var aðalhnúturinn, jeg gat ekki fallizt á, að fleygja öllum kostnaðinum, sem getur numið 200—300 kr., á kirkjusjóðina, og þess vegna stakk jeg upp á því óyndisúrræði, að leggja nýjar skyldur á prestana; jeg gat ekki annað en látið þá sækja fundina kauplaust, en úr því að sóknarmenn vildu hafa fjelag, þá álít jeg, að þau fjelög væru skyldug að borga fulltrúum sínum; en jeg vildi eigi binda hendur þeirra, hvernig þeir ættu að fá þetta fje; sóknarnefndin má fá það á þann hátt, er hún álítur haganlegastan, með gjöfum, samskotum, með því að fá fulltrúa sinn til að sækja fundina endurgjaldslaust o. s. frv. Jeg álít því breytingartillögu mína nógu langa, og þingmaður Mýramanna fær aldrei sanngjarnari tillögu.

Varaforseti (*Grímur Thomsen*): Jeg heyri það opt, að það sje merki um frjálslega stefnu, að hafa nefndir til að stjórna ýmsum tilteknum málefnum, þó t. d. landshöfðingi álíti eins frjálslegt að láta einn mann hafa æðstu yfirráðin, eins og kom fram, þegar ræða var um heilbrigðisráðið. Frumvarp þetta, sem nú ræðir um, þekki jeg

nokkuð frá fyrri tíð, þó það sje nokkuð breytt frá því, sem það var þá; en andinn í því virðist að vera sá, að eins og settar eru hreppsnefndir, sýslunefndir og amtsráð, eins eigi nú að skipa sóknar- og hjeraðsnefndir. Þetta mun vera stefna frelsisandans í því, en þegar jeg virði fyrir mjer, hvernig eigi að fram fylgja þessari stefnu, þá sýnist mjer frumvarpið næsta ófullkomið. Í 6. gr. er t. d. sagt, að nefndarmenn skuli stýðja að því, að söfnuðurinn færi sjer guðsorð sem bezt í nyt; þetta er þung skylda, og jeg veit sannarlega ekki, hvernig þeir eiga að fara að þessu; jeg álít betra að fella en semja slík lög. 7. gr. álít jeg óþarfa eins og fleiri. Þá er 9. gr.; ekki er hún til að bæta mikið; setjum svo, að hvorki hjeraðsnefnd nje sóknarnefnd vilji sækja fund, hvernig á að koma fyrir aðhaldinu til þessa, eða hegna þeim, sem ekki mæta? eða á borgunin, sem nefnd er í 13. grein, að vera þeim hin eina hvöt? Þar sem skylda er sett, verður líka að leggja við hegning eða sektir, ef skyldan er vanrækt; þetta vantar í frumvarpið. Í 11. gr. sje jeg ekki betur en sje ákvörðun gegn gildandi lögum; þar stendur, að á hjeraðsfundi skuli forseti leggja fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraði til umræðu og úrskurðar. Eptir lögunum hefur biskupinn eða stiptsyfirvöldin það vald, að úrskurða kirkjureikninga, en eptir þessu frumvarpi er þetta vald tekið af stiptsyfirvöldunum og fengið í hendur hjeraðsfundum; þetta er ný breyting, og jeg get varla ímyndað mjer, að flutningsmenn hafi haft «úrskurð» í þeim skilningi, og vil því biðja þá að breyta því, svo að það veki eigi hneykslí. Jeg þykist vita, að sá frelsisvísir, sem er í frumvarpi þessu, eigi að vekja áhuga manna á kirkjulegum málefnum, en jeg efast um, að sá áhugi verði vakinn með lögum; áhuginn á að koma fyrst, svo lögin á eptir, til að halda áhuganum í rjettum farvegi. Í 13. grein er kaup hjeraðsfundarmanna til tekið 2 kr. á dag, en þingmaður Dalamenn vill setja það 3 kr.; það gjörir reyndar lítið, hvort það er einni krónu hærra eða lægra, en jeg vona, að þegar menn gá að því, hve kirkjur eru hjer fátækar, þá játi þeir, að þetta sje nokkuð þung álaga, að borga þessa hjeraðsfundi, sem geta orðið ærið fjölsóttir og varað marga daga í hvert sinn, og jeg verð að segja, að mjer virðist þessi álaga á kirkjurnar hvorki nauðsynleg nje fjárhag kirkna til bóta. Jeg þykist vita, hvað verða muni um hið visnaða trjeð, þegar þeir fara svo með hið græna, og mjer kemur það alls eigi á óvart, að jeg verði kallaður apturhaldsmaður, fyrst þingmaður Dalamanna verður fyrir því nafni, en jeg ætla samt að láta þá skoðun mína í ljósi, að frumvarp þetta sje óþarft, og jeg greiði því atkvæði á móti því; en fari það lengra, þá vona jeg að þingmenn sjái þá galla á því, sem sjálfsagt er að lagfæra.

Einar Ásmundsson: Jeg vil geta þess, að jeg hef sama skilning á 7. gr. sem 2. þingmaður Gullbringusýslu, að eigi sje meint með föstum tekjum annað en prestgjöld úr sókninni, svo sem tíund og dagsverk, offur og heytollur, en jeg veit ekki, hvort grein þessi á í sjálfu sjer fremur að falla eða standa. Jeg hef aldrei prestur verið, en heyri nú, að prestana greinir mjög á um hana. Jeg veit að eins, að hún er sett í góðu skyni við presta, og skal jeg því ekki fara lengra út í þá sálma að dæma um, hvort sú góða meining gjöri stoð. Breyting þingmanns Mýramanna við 12. gr. álít jeg ekki bæti. Jeg verð að álíta, að mál þau, sem rædd eru á hjeraðsfundum, þó kirkjumál sjeu, sjeu eigi mikilsverðari, en mál þau, er vjer ræðum hjer á löggjafarþinginu, og þó látum vjer oss nægja einfaldan atkvæðamun. Viðaukaatkvæði þingmanns Mýramanna við 13. gr. get jeg eigi fallizt á; það á ekki hjer við, að breyta verkahring prófasta, að öðru leyti en því, að beina störfum þeirra í frjálsari stefnu. Það er snertir 13. gr. sjálfa og breytingaratkvæði þingmanns Dalamanna, þá get jeg við hvorugt fellt mig; jeg sje, að það er ekki góð regla, að jafna kostnaðinum niður á sjóði

kirknanna, eins og gjört er í sjálfri greininni, en breyting þingmanns Dalamanna er líka vandkvæðum bundin. Jeg álít rjett, að gjalda hjeraðsfundarmönnum eigi meira en 2 kr. um daginn, eins og sýslunefndarmenn fá, og eins er jeg á því, að rjett sje, að prestur fái kaup eins og aðrir fundarmenn; jeg vil, að skyldur og rjettindi gangi sem jafnast yfir alla. Mjer virðist einna hentugast að jafna gjaldinu ekki á sjóði kirknanna, heldur á söfnuðina eptir manntali, og vildi jeg geta komið þeirri breytingu að við 3. umræðu, ef flutningsmenn og einhverjir aðrir verða mjer samdóma um þetta. Ef hver söfnuður á að borga sínum fulltrúa, þá er þess að gæta, að söfnuðirnir standa ójafnt að vígi, því að í stórum hjeruðum verður mikill munur á vegalengd til fundarstaðarins, og þar þyrftu fjærstu söfnuðirnir við fundarstaðinn að borga langmest; en nú er opt svo, að þeir söfnuðir eru minnstir, jeg skal nefna t. a. m. Grímsey; ef hún sendi erindisreka sinn til hjeraðsfundar, þá yrði það svo mikill kostnaður, að söfnuðurinn fengi vart borið; það er því miklu eðlilegra, að jafna öllum kostnaðinum á alla söfnuðina eptir manntali eða einhverri þess konar reglu, heldur en að hver borgi sínum fulltrúa. Varaforseta ætla jeg ekki að svara, jeg vona, að framsögumaður gjöri það. Mjer virtist hann yfir höfuð vera á móti nefndum, og fer jeg að verða hræddur um, að bráðum komi frumvarp frá honum um að af taka allar nefndir, hreppsnefndir, sýslunefndir, amtsráð o. s. frv. Jeg bjóst reyndar við því, að hann mundi verða á móti frumvarpi þessu, því að jeg veit, að hann hefur heitið því fyrir heilu ári, og heit sín er hinn háttvirti varaforseti vanur að muna og efna.

Flutningsmaður: Hinn heiðvirði 1. þingmaður Eyfirðinga hefur nú tekið flest það fram, er mjer þótti helzt máli skipta. Viðvíkjandi 13. gr. álít jeg rjettast, að þingmaður Dalamanna eigi við nefndina með breytingar sínar. Við enda hinnar nýju greinar hans finnst mjer vanta orð, sem þessi: «sem jafnist niður eptir manntali». Þó þykir mjer seinni liður 13. gr. betri í frumvarpinu, því kostnaður kemur þar niður ekki eptir fjarlægð, heldur eptir efnum. Sjerstaklega gladdi mig að heyra frjálslyndi þingmannsins sannað með svo glæsilegum rökum, sem endanum á hinni nýju 13. gr. hans. Hjer í frumvarpinu segja menn að komi fram offrelsi; en ætlan mín er sú, að sókna- og hjeraðsnefndir þessar hafi við svo næg rök að styðjast, að hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu muni varla fá hrakið þær, enda vona jeg, að hann haldi ekki til streitu í móti frumvarpinu, þótt hann gjarna vilji vera talsmaður landshöfðingja, einkum þar sem annar eins guðsmaður og stillingarmaður á í hlut, sem þingmaður Dalamanna. Jeg skal taka enn betur fram mótmæli mín gegn breytingartillögu þingmanns Mýramanna við 12. gr. Í 12. gr. ræðir um rjettindi hjeraðsfundar, í fyrri málsgreininni um tillögurjett hans, í hinni síðari um samþykktaratkvæði hans. Breytingartillaga þingmannsins vill tryggja þetta samþykktaratkvæði, en hann verður að gæta þess, að hann þrengir óþarflega mikið og því um of þennan samþykktarrjett fundanna. Jeg get verið samdóma 1. þingmanni Gullbringusýslu í því, að rjettara muni að «samþykktar» komi í stað «úrskurðar» í niðurlagi 11. gr., og að orðin «færi sjer í nyt» í enda 6. gr. megi missa sig. Þar sem þingmanninum þykir óþarfi, að sóknarnefndin styðji að guðsþjónustunni, þá álít jeg, að sú ákvörðun megi vel standa, enda sje hún samkvæm þeirri venju, að meðhjálparar eru nú prestum til aðstoðar við messugjörðina, og hafa jafnvel á hendi stjórn á allri reglu undir guðsþjónustunni. Eptir «instrúxinu» eiga hreppstjórar að vísu að «passa rakkana» og margt annað fleira, sem truflað getur helgar tíðir, einkum ef presturinn er lágrómaður.

Páll bóndi Pálsson: Skoðanir mínar á þessu máli eru nú nokkuð sjerstaklegar. Jeg álít tilgang þessa frumvarps að vísu góðan, nefnilega þann, að veita söfnuðunum meiri, rjettindi og frelsi. En hvar eru þessi rjett-

indi? Hvar er þetta frelsi? Með bezta vilja finn jeg hjer að eins skyldur, en engin rjettindi eða frelsisbót. (*Flutningsmaður*: En í 12. greininni?) Nei, ekki heldur þar. En skyldum eiga jafnan að fylgja tilsvarandi rjettindi. Umstang, ómak og fyrirhöfn, ferðalög og kostnað, allt þetta les jeg glöggt út úr frumvarpinu, en framkvæmdir þessara nefnda eða trygging fyrir framkvæmd þeirra og árangri finn jeg hvergi. Sjerstaklega þykir mjer 7. gr. skyggja á allan frelsisbjarma í frumvarpinu; slíkt er óhentug ákvörðun, einkum sökum prestanna sjálfra, sem hjer skyldi vilna í. Eitt hið þægilegasta gjald eða gjaldeyrir fyrir marga búandi presta er t. a. m. vinnan og ýmislegir húshlutir, er hann þarfnast við búskap sinn, og einmitt þetta eiga margir fátækir hægast með úti að láta. Gangi frumvarpins 7. gr. fram, getur þessi borgun ekki átt sjer stað lengur, því söknanefndirnar verða að heimta allt í peningum af gjaldendum, ef þær eiga að geta staðið prestinum skil á rjettum gjalddaga; vil jeg því að 7. gr. falli úr frumvarpinu með öllu. Í 13. gr. er mikill kostnaður að minni ætlun lagður í móti litlum eða nær engum rjettindum. Helzt gæti jeg fellt mig við skoðanir þingmanns Dalamanna og 1. þingmanns Eyfirðinga, en nefndarinnar skoðun álít jeg ótæka. Ferðakostnaður hjeraðsfunda í örðugum sýslum gæti orðið að 300—400 kr., sem er of mikið fyrir svo lítið í aðra hönd. Hefðu söknarmenn fengið vald til að kjósa sjer sjálfir presta í þessu frumvarpi, hefði jeg gefið því 2 atkvæði fyrir 1, ef jeg hefði mátt ráða, en hjer er mjög svo öðru máli að gegna.

Þorlákur Guðmundsson: Þingræður taka nú að fjölga í þessu máli, enda taka og skoðanir manna að festast og skýrast, en skoðanir manna ekki að því skapi að jafnast eða færast hver nær annari. Mín skoðun er, að þetta frumvarp sje ekki enn orðið tímabært, að það hvorki sje nauðsynlegt, eins og stendur, nje í sjálfu sjer verulegt. Eins og 2. þingmaður Húnvetninga tók fram, bjóðast hjer meiri skyldur en rjettindi; hefði staðið sú ákvörðun, að söfnuðir skuli hjer eptir kjósa sjer sjálfir presta, eða eiga einhvern atkvæðisrjett með það, þá hefðu rjettindi samsvarað ábyrgð, en hjer er byrði rjettindalaus lögð á bak alþýðu, og hún ekki svo lítil, ef rjett er að gáð, í peningalegu tilliti. Hjeraðafundir í erfiðustu prófastsdæmum landsins eru ekkert gamansmál, þeir geta og opt orðið ómögulegir sökum ýmissa forfalla, enda sæktu menn þá varla án viðlagðra sekta almennt í septembermánuði, undir núverandi ástandi kirkjunnar hjer hjá oss. Vísitatíur prófasta álít jeg annars megi fækka, og nóg, að þær framfari 3. hvert ár; þær hafa annars lengi reynzt mjög svo misjafnar að notum og uppbyggingu, og sumar vart til annars gagns en til að jeta upp allt að helmingi af tekjum smákirknanna, sem ekki leggja upp nema 20—24 kr. árlega, og þetta er þá mest til að skrifa upp altarisskrúða, hökul og rykkilín, annars er próföstum engin vorkunn að vita í hjeraði sínu, hvar kirkjur eru vel hýstar og hvar illa. Breytingartillaga hins heiðraða þingmanns Dalamanna um hina alfrjálsu borgunararaðferð heldur að mínu áliti hvorki vindi nje vatni, því reyndin yrði sú, að söknarnefndin yrði að taka það úr sínum eigin vasa, úr því henni ekki er gefin heimild til að taka það úr sveitarsjóði eða á annan fast ákveðinn hátt.

Guðmundur Einarsson: Ræðurnar eru nú komnar nokkuð á víð og dreif, svo mig að vísu uggir um frumvarpið, en þó vildi jeg, að það mætti úr þessu lifa upp í efri deildina. Þessi litla frelsishreyfing, sem frumvarp þetta lýsir, er þó einnig vottur um vaknandi vísi til lífs í kirkjunni. Þann vísi vil jeg ekki deyða. Að borgunaraðferðin sje fullkomlega frjáls og nefndarmönnum í sjálfs vald sett, stend jeg fast á; einnig því, að borgunin sje 3 kr. á dag. Menn verða að gæta þess, að september er sumar- og vinnutími, og má því ekki eingöngu miða við laun sýslunefndarmanna, sem líka eru langtum of lág. Að borgunin sje jöfnuð niður eptir efnum jafnt á allt hjeraðið, það

álít jeg ófrjálslegri aðferðina, frjálsara er hitt, að hver sókn launi sínum fulltrúa; þarf hún þá ekki að launa þeim manni, sem ekki fer, sem hún ekki sendir, eða sem hún engin laun vill gefa. Prestar þar á móti ættu að sækja og sitja fundi þessa kauplaust. Jeg held fast við þá skoðun, að $^2/_3$ sóknarbænda þurfi til samþykktar, þegar flytja skal kirkju; þá eru opt mikil ágreiningsefni á ferðum og um mikinn tilkostnað og fjármuni að ræða. Jeg er samdóma skoðun 2. þingmanns Húnvetninga um það, að samþykktir hjeraðsfunda eigi að takmarka vald biskupsins, og skuli hann skyldur til, að taka þær til greina.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal ekki neita því, að mjer fannst hinn heiðraði þingmaður Norðurmúlasýslu ætla að fara að bregða á leik í þessu máli, þó hygg jeg reyndar hvorki honum nje mjer sje þetta gamanefni. Mitt álit og mín stefna er, að veita almenningi alla hlutdeild í kirkjulegu frelsi og sjálfsforræði, sem hann kann með að fara, kirkju og kristindómi að skaðlausu. Dauft eða jafnvel dautt líf vaknar að vísu ekki við tóm lög, en lög má ekki vanta, er losa um þau bönd, sem skaða. Hinn heiðraði 1. þingmaður Gullbringusýslu talaði rjett um þýðing 11. gr. Hún á hvorki að svipta biskup nje prófast því valdi, sem þeir hafa. Hún á að vekja áhuga og athygli almennings í söfnuðunum á almennum sem einstökum málefnum kristinnar kirkju og andlegra efna yfir höfuð að tala. Aptur ætti hvorki þessi grein nje frumvarpið í heild sinni að gefa söfnuðunum nein ákveðin völd. Það sem fyrir er mælt í 6. gr., að sóknarnefndir eigi að efla guðsþjónustuna, á að standa, því þær bæði eiga að gjöra það og geta gjört það. 2. þingmanni Húnvetninga þykir nefndir þessar hafa lítið vald. Vill hann, að þær fái löggefandi vald? Einnig þykir honum innheimtan óhentug, ef bændur sjá um hana, af því að þeir geti ekki tekið við hverju, sem er, sem mjer skilst að hann álíti rjett að bjóða prestinum. En getur hún orðið bóndanum óhentugri en prestinum? Þingmaðurinn veit þó, að eptir lögum þeim, sem nú gilda, má ekki bjóða prestinum hvað sem er í gjöld. Það hefur verið sagt, að frumvarp þetta væri ótímabært, og mega menn þá minnast stundaglassins, sem talað var um hjer um daginn. Annars má spyrja: Nær á að byrja? Nær er tími til að byrja á því, að efla frelsi og sjálfsforræði manna. Í 13 greininni felst að vísu ný álaga á sjóði kirknanna, en sú borgunaraðferðin er sú eina tiltækilega, sem jeg sje, enda er hún að vísu þung, en ekki óbærileg fyrir kirkjurnar. Þriggja króna laun þingmanns Dalamanna virðast mjer of rífleg. Það var dregið í efa, að prófastar þyrftu að vísitera, en jeg verð sem fyr að fylgja alveg gagnstæðri skoðun, því jeg álít þær ferðir með öllu ómissandi kirkjum og söfnuðum. Vilji menn annars fella þessa grein frumvarpsins, þá taki menn viðaukagrein þingmanns Mýramanna.

Varaforseti: 1. þingmaður Eyfirðinga vill ekki centralisera (sameina), en hvað sem hann segir, mun víða fara svo, að í allri sókninni er enga aðra menn hæfa til að velja í slíkar nefndir en þá, sem sitja í öðrum nefndum, hreppsnefndum, heilbrigðisnefndum, o. s. frv. Það sem frumvarp þetta fer fram á og þörf rekur eptir, ætti því heldur að fela hreppsnefndum að gjöra. Frumvarp þetta virðist ótímabært, eins og þegar er sagt; þrír þingmenn, allir sjálfsagðir sóknarnefndarmenn, andæpa því hjer í salnum, enda prestunum um og ó að mæla með því, og sjálfum flutningsmanni málsins hefur nýlega verið borið á brýn, að hann væri að gjöra að gamni sínu, og hinn heiðraði þingmaður Dalamanna álítur kappnóg, að það fengi að lifa, þangað til það með veikum mætti kemst upp í efri deildina; þar vill þingmaðurinn láta það sofna hinum hinnsta svefni. Jeg skil ekki, vegna hvers við ekki getum látið þessi frumvörp vor, sem feig eru hvort eð er, deyja hjá sjálfum oss, og hvað það er betra, að láta þau kveljast lengur, þangað til efri deildin styttir þeim stundir.

1. þingmaður Norðurmúlasýslu og 2. þingmaður Gullbringusýslu voru mjer samdóma um smábreytingar, og skal jeg bera mig saman við þá.

Flutningsmaður: Umræður þessar eru þegar orðnar æði-langar, og skal jeg því tala stutt. Fáeinir þingmenn þykjast ekki finna nein rjettindi í frumvarpi þessu. Hafa þeir þá ekki lesið 12. greinina? Eru þar engin rjettindi ákveðin og gefin. Þar er þó sagt með berum orðum, að «enga breyting megi gjöra á takmörkum sókna nje prestakalla, enga kirkju megi færa, upp taka eða af leggja», nema með samþykki hjeraðsfundar. Þetta eru bæði mikil og skýlaus rjettindi. Sýslunefndir hafa hvergi meiri rjettindi í meðferð veraldlegra mála. Og þó sumir álíti, að yfir þessu frumvarpi hangi bæði «stundaglasið» og «niðurskurðarhnífur» efri deildarinnar, þá vona jeg, að menn finni í grein þessari góð og gild rjettindi og safnaðafrelsi, sannarlega ekki offrelsi, og þurfi því hvorki að fussa nje æðrast. En það er satt, menn verða að skoða með ró og gætni 12. gr., og bera hennar rjett saman við rjett sýslunefndanna. Hluturinn er bara sá, að hjer er byggð samskonar sjálfsforræðisbygging í andlegum málum, sem þegar er byggð í veraldlegum, það er að segja: sóknarnefndir eru skipaðar á móts við hreppsnefndirnar, og hjeraðsnefndir á borð við sýslunefndir. Að eins vantar eitthvert æðra ráð í kirkjumálum, er samsvari að tign og valdi amtsráðunum í verzlegum málum. Þetta getur hneykslað þá, er engin rjettindi finna í frumvarpinu, en það hlýtur að spekja hina, er tala um eitthvert offrelsi, eins og vjer værum farnir að búa til «ríki í ríkinu».

Í fyrstu 6 greinum frumvarpsins, er hljóða um rjettindi og skyldur sóknarnefndanna, eru skyldurnar mjög svo alveg hinar sömu, sem hingað til hafa legið á meðhjálpurum prestanna, svo um þennan kafla er ekkert að segja. Öll hugsun frumvarpsins er sú, að byggja sem minnst á þvingunarafli lagarjettarins, en sem mest á magni og grundvelli siðferðis og trúar. Ef menn eru frjálsir í huga og vilja sínum málum sjálfir ráða, þá þiggja menn það, sem frumvarp þetta frambýður, sem gæði og rjettindi, en sjeu menn ófrjálsir í hug og hjarta og latir í umsýslu sinna eigin málefna, þá skil jeg vel, að í slíkra manna augum sje frumvarp þetta tilgangslaust. Skyldur og rjettindi eru annars einungis fyrir lifandi og frjálsa menn, en eigi fyrir andlega sofandi og dauða.

Þegar hjer var komið umræðunum, kom skrifleg beiðni til forseta um, að umræðunum yrði hætt, frá þeim 8 þingdeildarmönnum, er nú skal greina:

Benedikt Sveinssyni,
Stefáni Stephensen,
Tryggva Gunnarssyni,
Grími Thomsen,
Snorra Pálssyni,
Eggert Gunnarssyn,
Páli presti Pálssyni,
Þórði Þórðarsyni.

Var með 13 atkvæðum samþykkt, að umræðunum skyldi hætt.

Því næst bar forseti málið undir atkvæði, og fjellu þau þannig:

1. 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.
2. 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
3. 3. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
4. 4. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
5. 5. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
6. 6. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
7. 7. gr. frumvarpsins felld með 17 atkvæðum.
8. Viðaukauppástunga Hjálms Pjeturssonar við þessa grein þar með fallin.
9. 8. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.

10. 9. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
11. 10. gr. frumvarpsins samþykkt með 14 atkvæðum.
12. 11. gr. frumvarpsins samþykkt með 14 atkvæðum.
13. Breytingartillaga Hjálms Pjeturssonar við 12. grein felld með 11 atkvæðum gegn 7.
14. 12. gr. óbreytt samþykkt með 15 atkv.
15. Breytingartillaga Guðmundar Einarssonar við 13. gr. felld með 12 atkvæðum gegn 6.
16. Viðaukaatkvæði Hjálms Pjeturssonar við sömu grein fellt með 11 atkvæðum gegn 10, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Grímur Thomsen,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson.

17. 13. gr. felld með 17 atkv. gegn 4.
18. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.
19. Málinu vísað til 3. umræðu með 15 atkvæðum gegn 6, að við höfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna, þeirra er nú skulu greindir:

Friðriks Stefánssonar,
Benedikts Sveinssonar,
Þorláks Guðmundssonar,
Hjálms Pjeturssonar,
Þórðar Þórðarsonar,
Björns Jónssonar.

Já sögðu:
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson.

Þriðja umræða í neðri deild, á 37. fundi, 12. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 295—296.

Breytingartillögur I 301—320.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Við frumvarp þetta höfum vjer flutningsmenn gjört breytingartillögu, og er hún fólgin í því, að ný grein, sem verður 12. grein, bætist aptan við frumvarpið. Deildin man eptir því, að 12. greinin, sem var í

fyrra frumvarpinu, var felld, og þess vegna þótti oss nauðsynlegt, að koma með nýja grein í hennar stað. Þessi 12. grein er að nokkru leyti samsett af breytingartillögu þingmanns Dalamanna og hinni upprunalegu 12. grein, og vona jeg, að deildin samþykki þessa grein. Þar að auki hafa komið fram breytingartillögur frá 6 þingmönnum, og gjöra þær allmiklar breytingar á frumvarpinu. Fyrsta breytingartillagan er sú, að í stað 6. greinar komi ný grein. Þessi 6. grein þeirra 6 þingmanna er, að jeg ætla, svipuð og að efninu til hin sama sem 6. grein frumvarpsins, og þess vegna er jeg eigi á móti þessari breytingartillögu. Næsta breytingartillagan er sú, að á millum 6. og 7. greinar komi ný grein, er svo hljóðar: «Þegar prestakall er undir veitingu, hefur hlutaðeigandi sóknarnefnd rjett á að mæla fram með einum umsækjanda, og hefur hún heimting á, að meðmæli hennar sjeu tekin til greina við veitinguna, að svo miklu leyti, sem þau eru á rökum byggð». Það er auðsjeð, að tilgangurinn með þessari breytingartillögu er sá, að sóknarmenn geti haft áhrif á, hver prestur þeirra verður, og að þessu leyti fellst jeg á tilganginn. En aptur á móti er grein þessi orðuð svo, að meðmæli þessi mundu verða lítilfjörleg, þar sem í greininni stendur: «að svo miklu leyti sem þau eru á r ö k u m b y g g ð». Það er auðvitað, að veitingarvaldið dæmir um, hvort meðmæli þessi eru gild eða eigi; en sínum augum lítur hver á silfrið, og ekkert annað vald getur dæmt um, hvort meðmæli þessi eru gild eða eigi. Jeg hefði því kunnað betur við, að þessi viðbót hefði eigi staðið; en þrátt fyrir þetta álít jeg breytingartillöguna svo meinlausa, að jeg hef eigi á móti því, að hún verði samþykkt. Þá er hin þ r i ð j a breytingartillagan, að í stað 10. greinar frumvarpsins komi svo hljóðandi grein: «Þegar forseta þykir nauðsynlegt, eða þegar einn eða fleiri söfnuðir æskja þess, skal hann kveðja til fundar alla hlutaðeigendur samkvæmt 9. grein á ákveðnum degi, og þeim stað, er hagkvæmastur er í hjeraðinu; skal í fundarboðuninni tekið fram, hver þau málefni sjeu, er bera skal upp á fundinum«. Hjer er auðsjáanlega misskilningur; þessi grein getur eigi komið í stað 10. greinar frumvarpsins, sem þannig er orðuð: «Forseti leitar álits fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni, einkum að því er lýtur að menntun og uppfræðing ungmenna»; þetta breytingaratkvæði á að vera í stað 9. greinar. Í 9. grein frumvarpsins er tiltekið, að þessi aðalfundur skuli haldinn í septembermánuði, og þar tiltekið, að fundurinn skuli útkljá þau mál, er hjeraðsnefndin á um að sýsla. Í breytingartillögunni er sú breyting á orðin, að enginn tími, enginn mánuður er til tekinn, hve nær halda skuli fund þennan. Mjer virðist næsta óheppilegt, að ákveða eigi vissan fund einhvern tíma á ári hverju, og þykir mjer sem breytingartillaga þessi sje gagnstæð sveitarstjórnarlögum, að því er snertir sveitarfundi og sýslunefndarfundi. Það ræður að líkindum, að þegar menn vita, að fundur þessi á að verða í septembermánuði, og þar geta komið öll þau mál til greina, er mikils eru varðandi, þá búa sóknarfulltrúarnir sig út, til þess að geta verið viðstaddir á fundi þessum, og rætt þessi mál. En öll þessi vissa hverfur með breytingaratkvæði þeirra 6 þingmanna, og hjeraðsfundirnir verða haldnir eptir geðþótta eða áliti hjeraðsprófastsins, sem er forseti fundarins. Jeg verð því að ráða deildinni frá að taka þetta breytingaratkvæði, því að það spillir, en bætir eigi. Það mun vera sama villan við næsta breytingaratkvæði, að í stað «11. gr. falli burt», á að vera: »10. gr. falli burt». Vjer skulum nú lesa þessar greinir saman. Frumvarpsgreinin hljóðar þannig: «Forseti leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknar-

nefndir gegni köllun sinni, einkum að því er lýtur að menntun og uppfræðingu ungmenna. Á fundinum leggur forseti fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraðinu næstliðið fardagaár til umræðu og úrskurðar». Breytingartillaga hinna 6 þingmanna hljóðar aptur á móti þannig: «Á hjeraðsfundi leitar forseti skýringa um það hjá safnaðarfulltrúum, hvernig prestar og söknarnefndir gegni köllun sinni, einkum í því, er heyrir til húsvitjana, eptirliti með húslestrum og uppfræðingu ungmenna, einnig um meðferð, fjárhald og umsjón kirkna». Breytingartillaga þessi er þá einkum fólgin í því tvennu, að eptirlit með húsvitjunum, húslestrum og uppfræðing ungmenna er sett í staðinn fyrir allt það, er lýtur að uppfræðing ungmenna, og í hinu, að sleppt er valdi því, sem hjeraðsfundunum er veitt, til þess að leggja úrskurð sinn eða samþykki á endurskoðaða reikninga kirknanna í hjeraðinu. Auk þess er að taka það fram, að þar sem í frumvarpinu stendur, að forseti leiti álits fundarins, þá er í þess stað sett í breytingartillögunni að eins, að forseti (eða prófasturinn) leiti skýringa hjá safnaðafulltrúunum. Hjeraðsfundurinn hefur þá eptir þessu eigi annað vald, en að gefa skýringar. Jeg get eigi tekið það nógu sterklega fram, að mig furðar stórlega á því, að margir heiðvirðir bændur skuli standa undir slíkri breytingartillögu, sem þessi er, er sviptir hjeraðsfundinn, og því söfnuðina, hlutdeild í kirkjulegum málum. Jeg hefði getað skilið, að þessi breytingartillaga hefði komið frá einhverjum gömlum háæruverðugum presti eða prófasti, er eigi hefði viljað missa neitt af valdi sínu. Breytingaratkvæðið við 12. gr., sem á að vera 11. gr., fellst jeg á, því að sá viðauki gengur í frjálsa stefnu. Jeg hefi eigi meira að athuga við mál þetta að sinni, en bið uppástungumenn að skoða breytingartillögur sínar með sömu rósemi og óhlutdrægni, sem jeg hef gjört. Jeg verð að ætla, að sumar af þessum breytingartillögum, og sjerstaklega sú við 10. gr., verði til þess að rýra rjett safnaðanna, enda ætla jeg, að þær sjeu sumar hverjar sprottnar af misskilningi; því að það ætti sízt að vera meining bænda hjer á þingi, að svipta söknarmenn allri rjettarhluttöku í safnaðarmálum.

Einar Ásmundsson: Framsögumaður er nú búinn að taka það flest fram, er jeg vildi gjört hafa, og hef jeg því litlu við það að bæta. Hann sagði um breytingartillögu hinna 6 þingmanna við 6. grein, að hann hefði ekkert á móti henni fyrir sitt leyti. En jeg er eigi samdóma framsögumanni um þetta atriði; mjer líkar eigi þessi breyting, því að mjer virðist hún fara fram á að byggja út úr frumvarpinu því, sem stendur í hinni 6. gr. frumvarpsins um eptirlit söknarmanna með siðsemi í söfnuðinum; og mjer þykir sem uppástungumennirnir hafi eigi viljað leyfa söknarnefndunum að þeim málum, er snerta siðsemi, samlyndi og friðsemi í söfnuðinum, þó að þeim sje síðar í breytingartillögunum, nefnil. í breytingartillögunni við 10. grein, gjört að skyldu, að hafa vakandi auga með húslestrum o. s. frv. Enn fremur segir í sömu breytingartillögu, að söknarnefndarmenn skuli vera sjálfkjörnir meðhjálparar prestsins. Sjálfkjörnir geta þeir eigi verið, þar sem í 3. grein frumvarpsins stendur, að þeir skuli kosnir á safnaðarfundi. Jeg get því eigi skilið í þessari breytingu. Í frumvarpinu stendur, að nefndarmenn skuli vera meðhjálparar prestsins við guðsþjónustugjörðina í kirkjunni, en í breytingartillögunni segir, þeir skuli vera meðhjálparar prestsins við guðsþjónustu-gjörðina yfir höfuð, og eptir því eiga þeir að vera við, þegar skírt er barn, þjónustað gamalmenni eða sjúklingur o. s. frv. Jeg ímynda mjer því, að framsögumaður hafi eigi lesið breytingartillögu þessa ofan í kjölinn, fyrst hann sagðist fallast á hana, þótt hún hafi þessa annmarka. Það er hina nýju grein í breyt-

ingartillögunum snertir, þá er jeg alveg á sama máli og framsögumaður um, að grein þessi ber það með sjer, að hún er sprottin af góðum vilja, en reynist líklega gagnslítil, og er sannarlega undarlegt, að uppástungumenn skuli eigi hafa vandað hana betur. Vjer flutningsmenn frumvarpsins höfum sannarlega eigi á móti því, að ákvörðun í þessa stefnu sje tekin inn í lögin, en vjer viljum, að hún hafi þá þýðing, er til er ætlazt. Það er auðvitað, að eins og nú stendur, geta sóknarmenn skrifað landshöfðingja, og beðið hann að veita brauðið fremur einum en öðrum. Jeg get komið með eitt dæmi, er sannar, að sóknarmenn hafa stundum borið fram slíka beiðni. Þegar Laufás losnaði, fyrir 20—30 árum, báðu sóknarmenn stiptsyfirvöldin um, að veita hann aðstoðarpresti þeim, er fyr hafði verið þar, og fjekk þessi beiðni þeirra framgang, væntanlega af því að hún þótti á rökum byggð. En heyrt hef jeg að vísu, að sumum hafi eigi þótt tilhlýðilegt nje rjett, að svo ungum manni skyldi veitt brauð þetta fyrir öðrum eldri prestum. Framsögumaður talaði svo skýrt og ljóst um hinar aðrar breytingartillögurnar, að jeg ætla að sleppa því, að minnast á þær.

Þórarinn Böðvarsson: Framsögumaður og 1. þingmaður Eyfirðinga hafa nú tekið flest það fram, er jeg vildi sagt hafa. Jeg ætla fyrst að snúa mjer að 10. gr. frumvarpsins, þar sem segir: »Á fundinum leggur forseti fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraðinu næstliðið fardagaár til umræðu og úrskurðar». Orðinu «úrskurðar» hefur eigi verið breytt, af því að svo var álitið, sem það muudi eigi háskalegt, þótt orði þessu væri haldið (*Varaforseti*: »Hvað þýðir orðið?»). Orðið «úrskurður» þýðir samþykkt, og þótt orðið «úrskurður» stæði hjer í vanalegum skilningi, þá er eigi þar fyrir útilokað úrskurðarvald prófasts, biskups og stjórnarinnar. Það er hina nýju grein í breytingartillögum hinna 6 þingmanna snertir, þá er jeg samdóma framsögumanni um, að sú grein er óheppilega orðuð, og muni hollara að hreyfa alls eigi þessu máli, heldur en að hafa svo látandi orð, sem eru í enda greinarinnar. Það er snertir breytingaruppástunguna við 9. gr., þá held jeg, að hún sje sjálffallin; því að það er snertir skipulag og allt fyrirkomulag fundanna, þá má öllum vera ljóst, að það er skýrar tekið fram í frumvarpsgreininni. Í 9. grein frumvarpsins stendur, að ákveða skuli vissan hjeraðsfund á ári hverju; 10. grein til tekur það, er koma á fyrir á fundi þessum, og 11. greinin skýrir frá, hvað koma megi til umræðu á honum. En á þessu gjöra breytingartillögur hinna 6 þingmanna ýmsar óheppilegar breytingar. Jeg verð því að ætla, að allgóð meining sje í ákvörðunum frumvarpsins, en engin skýr meining í breytingartillögum hinna 6 þingdeildarmanna, og vona jeg því, að deildin samþykki frumvarpið. Við 11. grein er sú breytingartillaga frá hinum 6 þingmönnum, að á eptir orðunum «biskupi» bætist inn í: «sem skal taka þær sjerstaklega til greina». Þó að framsögumaður hafi fallizt á þessa breytingartillögu eða þennan viðauka, þá er jeg eigi eins fús á að samþykkjast hann, og álít jeg þessa ákvörðun fullt eins varhugaverða, og orðið «úrskurðar» í 10. grein. Að segja, að biskup skuli taka sjerstaklega til greina samþykktir hjeraðsfundarins, með því er mikið sagt og of mikið; með því getur verið sagt það, að hjeraðsfundurinn hafi hið síðasta atkvæði um kirkjuleg mál, og bindi með öllu hendur yfirstjórnarinnar. Það er aldrei nema sanngjarnt, að biskup hafi allt það traust og tillit til hjeraðsfundanna, sem unnt er. Eins og orðin liggja fyrir í breytingartillögunni, þá verð jeg að ráða til, að viðauki þessi verði eigi tekinn til greina; því að það mundi geta spillt fyrir fyrumvarpinu og orðið til þess, að það fjelli.

Páll prestur Pálsson: Það kom flatt upp á mig, að jeg skyldi þurfa að tala í máli þessu. Jeg er nú reyndar hvorki bóndi nje heldur gamall og allra sízt háæruverðugur, svo að jeg get varla talað með í málinu, eptir því sem fram hefur komið í því. Jeg ætla einkum að leggja áherzlu á breytingartillöguna við 6. gr., og hefur einn flutningsmannanna, nfl. 1. þingmaður Eyfirðinga, haft svo mikið á móti tillögu þessari, sakir þess að vjer með henni hefðum viljað nema burtu samlyndi það, siðsemi þá og friðsemi, er 6. gr. frumvarpsins getur um, en sett í staðinn að eins það, að sóknarnefndin skyldi efla góða reglu í söfnuðinum. En hvernig getur nokkur maður hugsað sjer, að efla góða reglu, nema því að eins, að siðsemi og friðsemin sjeu þar í innibundin, eins og annað gott og fagurt. Þar sem 1. þingmaður Eyfirðinga hneykslaðist á þeirri ákvörðun í breytingartillögunni við 6. gr., að »nefndarmenn skuli vera sjálfkjörnir meðhjálparar«, þá get jeg ekkert hneykslanlegt sjeð í þessari breytingu; er eigi hin sama þýðing fólgin í orðunum »skulu vera meðhjálparar« sem í orðunum »skulu vera sjálfkjörnir meðhjálparar«? og þeir verða aldrei sjálfkjörnir til þess starfa, fyrri en þeir með frjálsum kosningum eru komnir í sóknarnefnd. Jeg hneykslaðist á framsögumanni, þegar hann ljet það á sjer skiljast, að hann vildi láta það standa í lögum, er eigi er á rökum byggt. Jeg verð að leyfa mjer að segja, að »rök« sjeu sama og »sannanir«. Jeg get varla annað en verið hræddur um, að framsögumaður hafi verið eitthvað utan við sig, þegar hann bar fram slíka röksemdaleiðslu. Þar sem framsögumaður hafði svo mikið á móti breytingartillögunni við 10. gr., þar sem í stað orðanna »forseti leitar álita fundarins«, stendur »forseti leitar skýringa fundarins«. Eptir minni ætlun innibindur orðið «skýring» sterkari og glöggari meining en orðið «álit», af því að álitið styðst við eins einstaks manns skoðun en skýringar eru sannanir. Það er breytingartillöguna við 9. grein snertir, þá álít jeg hana alveg nauðsynlega, með því að vilji hvers einstaks manns á að koma fram þegar um safnaðarmálefni er að ræða. Breytingartillöguna við 11. grein verð jeg að ætla nauðsynlega; hvað á að gjöra við tillögur, já, tillögu á tillögu ofan, ef enginn á að taka þær til greina? Jeg held það væri betra, ef svo væri, að spara sjer pappírinn, og láta engar tillögur í tje, ef engin skylda er til að taka þær til greina. Jeg lýsi yfir því, að þrátt fyrir allt það, er búið er að taka fram gegn þessum breytingartillögum vorum, þá get jeg eigi sannfærzt um, að þær sjeu óhafandi, og þó að þær sjeu undirskrifaðar af 5 bændum og mjer, þá ber jeg engan kinnroða fyrir því, að vera með bændum, og það því síður, sem tillögurnar frá oss eru bæði til skýringar og á rökum byggðar.

Þorlákur Guðmundsson: 1. þingmaður Skaptfellinga hefur að miklu leyti tekið af mjer ómakið. Þar sem framsögumaður og 1. þingmaður Eyjafjarðarsýslu hafa fundið svo mikið að breytingartillögum vorum, þá er það annaðhvort af misskilningi eða vanafestu fyrir þeim, eða þá af því, að «hverjum þykir sinn fugl fagur». Allar málalengingar þeirra um formleysi á niðurskipun breytingaruppástungnanna eru nú full-hraktar, svo það getur nú ekki lengur verið ástæða. Jeg get eigi sjeð, að þessar breytingaruppástungur vorar sjeu ver orðaðar, en frumvarpið, enda hafa mótbárur þær, er komið hafa fram gegn þeim, verið hártoganir einar. Það hefur verið fundið að 1. málslið í breytingartillögunni við 6. grein, þar sem stendur: «Sóknarnefndin skal vera prestinum til aðstoðar í því, að viðhalda og efla góða reglu í söfnuðinum». En jeg verð að ætla, að undir góða reglu heyri allt það, sem gott er, og því bæði siðsemi, friðsemi og samlyndi; munurinn er sá, að þetta er að eins

í færri orðum hjá oss, en tví- og þrítuggið í frumvarpinu. Það sem gengur út yfir góða reglu, á ekki að eiga sjer stað. Það, er snertir þá ákvörðun vora, að «nefndarmenn skuli vera sjálfkjörnir meðhjálparar prestsins við guðsþjónustugjörðina», þá verða menn að gá að því, að þeir eru fyrst nefndarmenn, þegar búið er að kjósa þá; það er ekki vert að tala um, að þeir skuli vara sjálfkjörnir fyrir meðhjálpara, fyr en þeir eru kjörnir í sóknarnefnd. Jeg neita því eigi, að svo megi teygja úr þessum orðum, ef menn leggja sig í líma, að heimfæra megi þau upp á það, að nefndarmenn skuli skyldir að vera við barnaskírn, þjónustu sjúkra, o. s. frv.; en sú var eigi meining vor uppástungumanna; enda ætla jeg ekki mikla ástæðu, að skilja þetta þannig, því í frumvarpinu sjálfu mundi mega teygja mörg orð á líkan hátt, af þeim sem vildu brúka vit og tíma til þess. Það hafa komið mótbárur gegn hinni nýju grein vorri, og einkum verið fundið að orðunum: »að svo miklu leyti sem þau eru á rökum byggð«. Vjer hefðum satt að segja gjarnan viljað fara lengra, en gátum það eigi, en þetta er þó sú bending, er áður hefur eigi verið í lögum vorum, og það mun mikið efamál undir þeim kringumstæðum, sem eru, hvort það er fært, að fara lengra, eða heppilegt, að fara lengra. Jeg veit að vísu, að söfnuðurnir mega, eins og nú stendur, skrifa landshöfðingja og biskupi, og biðja þá um að veita brauðið einhverjum vissum presti, er þeir mæla með; en landshöfðingi og biskup þurfa eigi að taka þessar meðmælingar eða tillögur til greina, fremur en þeim þóknast. Þessi ákvörðun er því eigi verri, en það, sem er, heldur betri, og ímynda jeg mjer, að því verði eigi neitað, að þetta er þó dálítið spor til þess, að útvega söfnuðinum meiri rjettindi en áður. Það er snertir breytingartillöguna við 9. gr. frumvarpsins, er þannig hljóðar: »Þegar forseta þykir nauðsynlegt, eða þegar einn eða fleiri söfnuðir æskja þess, skal hann kveðja til fundar alla hlutaðeigendur«, o. s. frv., þá er þessi breytingartillaga sprottin af því, að það kom fram í umræðunum við 2. umræðu þessa máls, að eigi mundi nauðsyn bera til þess, að fundir þessir væru haldnir á hverju ári, allra sízt í því prestakalli, sem eigi er nema ein sókn, og hugðum vjer því, að fundirnir mundu betur sóttir, ef þeir væru eigi haldnir nema annaðhvort ár. Það er snertir breytingartillöguna við 11. grein, að á eptir orðinu «biskupi» bætist inn í: «sem skal taka þær sjerstaklega til greina», þá áleit 2. þingmaður Gullbringusýslu þessa viðbót óhafandi, og að því leyti eru þeir framsögumaður og hann hvor á móti öðrum. En jeg álít þennan viðauka sanngjarnan og virðist hann koma jöfnuði á; því að ef biskup þyrfti alls ekkert að taka til greina tillögur hjeraðsfundarins, þá væri eigi til neins að vera að senda þær; en ef hjeraðsfundirnir þar á móti hefðu allt valdið, þá þyrfti alls eigi að bera málið undir biskupinn. Mjer virðast því uppástungumennirnir hafa þrætt meðalveginn með þessum viðauka. Í niðurlagi 10. gr. frumvarpsins er sú ákvörðun, að hjeraðsfundir endurskoði og úrskurði kirkjureikninga; hvað eiga þeir svo að gjöra til yfirstjórnarinnar? Það er allt annað að endurskoða reikninga, en að úrskurða þá; en af því að 1. þingmaður Gullbringusýslu talaði á móti þessu við 2. umræðu, skora jeg enn á hann að taka til máls um þetta efni. Framsögumaður sagði, að við vildum rýra frelsi safnaðarins, þetta er rangfært; við viljum auka það með þessari nýju grein.

Flutningsmaður: Jeg skal leyfa mjer að láta það í ljósi, svo sem jeg hef áður tekið fram, að jeg er eigi mótfallinn þessari nýju grein í breytingartillögum hinna 6 þingmanna, og verð jeg að álíta hana betri en ekkert, þó að hún sje of halalöng. Jeg er með viðaukanum við 11. gr. frumvarpsins;

þó að hann hafi eigi mikla þýðing, þá er hann þó bending fyrir biskupinn. Jeg fellst alveg á það, sem 1. þingmaður Eyfirðinga sagði um breytingartillöguna við 6. grein, og játa jeg, að jeg var eigi búinn að bera saman greinir þessar svo nákvæmlega sem skyldi. Einkum virðist mjer það óskiljanlegt, hvað uppástungumönnum hefur gengið til með því, að útiloka orðið «siðsemi» úr 6. grein. Regla og siðsemi er eigi hið sama. Það lítur út eins og 1. þingmaður Skaptfellinga sje farinn að gleyma fyrirlestrum sínum í siðfræði, er hann nam á prestaskólanum. En jeg ætla nú að sleppa bæði þessu og orðinu «sjálfkjörnir», sem er í berri mótsögn við 3. grein frumvarpsins, því að þessi grein verður þá ónýt, ef meðhjálparinn er sjálfkjörinn eptir 6. gr. Jeg skil annars eigi í því, að þó að þingmenn sjeu aldrei nema starfsamir, þá skuli þeir vera að gjöra þessar breytingartillögur, sem að eins tefja tímann og dvelja fyrir málunum, þó að þeir mættu sjá, að tillögurnar sjeu eigi til neinna bóta, og það vona jeg að uppástungumenn játi, að 6. greinin í breytingartillögum þeirra tekur eigi að neinu leyti fram 6. grein frumvarpsins, því að það getur eigi verið betra að útiloka orðið «siðsemi», en að láta það standa. Sundurliðun einnar hugmyndar er ávallt til glöggleika, þó að innibinda megi það í færri orðum. Og þó þessir bændur, sem hjer sitja á þingi, skilji 6. grein í breytingartillögum hinna 6 þingmanna, þá er það eigi af vegi að hafa aðra grein gleggri og skiljanlegri fyrir bændur út um landið. Jeg sný mjer þá að hinni 3. og 4. breytingartillögu þeirra 6 þingmanna við 9. og 10. grein frumvarpsins, og skal jeg játa, að þessir heiðursmenn hafa ætlað að bæta frumvarpið; en nú skal jeg brátt sýna, að þeim hefur eigi tekizt það. Í 9. grein frumvarpsins er ákveðið, að forseti skuli á ári hverju í septembermánuði halda hjeraðsfund. En hver er þessi hjeraðsfundur? Hann getur eigi átt sjer stað, nema allir þeir menn sjeu kvaddir til fundarins, er á honum skulu sitja. Nú á þessi 9. grein frumvarpsins að falla burtu, og í hennar stað kemur hin 10. grein í breytingartillögum hinna 6 þingmanna, er ákveður, að forseti skuli kveðja til fundar alla hlutaðeigendur samkvæmt 9. gr. (það á að vera 8. grein). Hverjir eru þessir hlutaðeigendur? Það stendur ekkert í 8. gr. frumvarpsins um neina hjeraðsfundi, en 9. gr. talar um þessa hjeraðsfundi, og hún á nú einmitt að falla úr frumvarpinu. Jeg get eigi lagt annan skilning í þetta, því að fari menn að þræða allar þessar breytingar, sem koma í stað 9. gr. frumvarpsins, hvernig á þá eptir þeim að kveðja til fundarins alla þá, er nefndir eru í 8. gr. frumvarpsins? Það er alls eigi mögulegt, að álíta alla þá hlutaðeigendur, er nefndir eru í 8. gr. Ef einn söfnuður æskir fundarins, þá er ekkert líkara, en að það mál, er fundurinn skal út kljá, snerti þennan söfnuð einan, eða í mesta lagi söfnuði þá, er næstir þessum söfnuði eru; svo þá getur eigi verið um aðra hlutaðeigendur að ræða, en þá söfnuði, er hlut eiga að máli þessu. Þannig mun þetta verða skilið af öllum þeim, er rýra vilja álit fundarins. Það tjáir eigi að troða inn í ákvörðun þessa þeim skilningi, er lögin heimila eigi eptir orðanna hljóðan. 1. þingmaður Skaptfellinga sagði, að orðið «skýringar« færi betur en orðið »álit« í 10. gr. frumvarpsins. Það er leiðinlegt, að þurfa að eyða tímanum, þegar mikið er að gjöra, til þess að hrekja það, sem engar ástæður eru fyrir. Jeg vona, að hver maður skilji, að það er sitt hvað, að heimta skýringar eða álit. Skýringar eða útlistun gef jeg eptir skriflegum eða munnlegum athugasemdum, en álitið er eptir minni eigin sannfæringu, það er frá sjálfum mjer. Skýringar eru eigi annað en skýrslur. Hvað sem lagt er í orðið »skýringar«,

þá er auðsjeð, að það er eigi betra, heldur lakara en orðið »álit». Það er því allt annað skýringar fundarins eða álit hans. Að vera að troða inn í frumvarpið gömlum aflögðum húsvitjunum er óheppilegt, og að gjöra prestum að skyldu eptirlit með því, hvort einn maður kaupir vorhugvekjurnar eða eigi — það hygg jeg eigi vera það mál, er undir verksvið hjeraðsfundanna heyri. Presturinn getur eigi gjört að því, þótt rit Magnúsar Eiríkssonar sjeu lesin á bæjunum í söknum; hann getur eigi bannað mönnum að lesa hverjar þær bækur, er þeim lízt. Jeg vil ráða uppástungumönnum til þess, að falla sjálfir frá breytingartillögum sínum við 6., 9. og 10. gr. frumvarpsins, því að — þótt jeg setji til hliðar allan misskilning, — þá virðast mjer þó breytingartillögur þessar vera sprottnar af einni hvöt, og hún er sú, að ómaka sóknarfulltrúana sem allra minnst, og að hafa því eigi fundi nema ef mönnum kynni rjett að detta það í hug. Breytingartillögur þessar eru því sprottnar, — jeg vil eigi segja beinlínis af leti — en af ofmikilli hvíldrækni og skorti á fjelagsrækt. Að mæla það eptir mönnum, að ómaka sig á þessa hjeraðsfundi, er hið sama sem að þykjast vilja hafa frelsi, en hafa ekkert fyrir því, það er hið sama sem að vilja rýra embættisvald annara, en gjöra síðan ekkert sjálfur. Slíkt stjórnfrelsi — ef stjórnfrelsi mætti kalla — er stjórnleysi, en alls engin sjálfstjórn. Ef stjórnfrelsi á að dafna á landi hjer, þá verðum vjer að stjórna sjálfir, en eigi að leggja árar í bát. Jeg ætla, að þessi hvöt, er jeg áður gat um, hljóti að liggja hulin á bak við breytingartillögu þeirra 6 þingmanna, þó að þeim eigi hafi orðið það ljóst nje enda vitanlegt sjálfum.

Varaforseti: 2. þingmaður Árnesinga skírskotaði til mín að segja álit mitt um þetta orð «úrskurður«, sem flutningsmaður þessa frumvarps lofaði við 2. umræðu að breyta, en sem nú kemur óbreytt til 3. umræðu. 2. þingmaður Gullbringusýslu hefur í dag viljað telja mönnum trú um, að þetta orð þýddi hjer sama sem samþykkt; þetta er ný þýðing, og þó að flutningsmenn skilji þetta orð þannig, þá eiga þeir öldungis ekki víst, þegar þeir menn fara að lesa lögin, ef frumvarpið verður að lögum, sem ekki þekkja til þessarar þýðingar, eða ekki aðhyllast hana, nema þeim virðist þá þetta orð illa valið, og annaðhvort meiningarlaust eða meiningarrangt, og eins og jeg tók fram við 2. umræðu, getur að mínu áliti «úrskurður» eigi þýtt annað en fullnaðarúrskurður eptir almennri þýðingu, en þetta úrskurðarvald hafa að lögum aðrir (biskup, stiptsyfirvöld, landshöfðingi fyrir landskirkjur), og orðið hlýtur hjer að vera rangt og þetta eina orð er því nóg til þess, að koma mjer til að greiða atkvæði á móti 10. gr. frumvarpsins. Jeg felli mig betur við breytingartillöguna. Jeg skal geta þess, að þó það eigi að vera frelsis- og framfaravottur, að koma með slík frumvörp og þetta, þá skal það alls ekkert hræða mig frá að greiða atkvæði á móti því, og þó jeg viti, að jeg muni apturhaldsmaður kallaður verða, af því að jeg álít frumvarpið með öllu óþarft. Flutningsmaður talaði um það, að það væri eigi rjett, að sýna starfsemi sína með breytingartillögum, sem ekkert bættu, en lengdu að eins þingtímann; en er það þá rjett, að sýna starfsemi sína í því að koma með sæg af óþörfum frumvörpum, sem hvorki eru sprottin af rjettarmeðvitund, nje áhuga landsbúa yfir höfuð, og sem eptir mikla fyrirhöfn eru felld, annaðhvort hjer eða fyrir ofan. Jeg hneykslaðist stórlega á því, er flutningsmaður kallaði húsvitjanir «úreltar og aflagðar». Jeg get skírskotað til annara þingmanna, sem álíta þær mikilsverðar, og það er víst heldur eigi lítilsvert, að efla siðsemi og uppfræðing ungmenna, en einmitt húsvitjanirnar miða til þess, og vona jeg að 2. þingmaður Gullbringusýslu

sje mjer samdóma um það; sem samvizkusamur embættismaður mun hann ekki álíta þær úreltar og óþarfar. Það er auðsjeð, að flutningsmaður gengur í frumvarpi þessu í þá stefnu, að þær skyldur, sem prestarnir nú hafa, þær vill hann sem mest leggja söfnuðunum á herðar. En það er mín ætlun, að það sje rjett, að prestar hafi og eigi að hafa mikil áhrif á safnaðalífið, en það er ekki til neins að vera að þrátta um þetta hjer, það sannast hjer, sem haft er eptir einum merkum manni hjer í sveitinni, «að það er komin í umræðurnar sú þverúð og strekkelsi», sem ekki getur verið frumvarpinu og stefnu þess til þrifa. En ef menn vilja vera vissir um, að frumvarpið fái þau úrslit, sem æskilegust væru, þá er bezt að greiða atkvæði með breytingartillögunum, því að ef þær verða samþykktar, þá eru skapadægur frumvarpsins viss. Jeg álít það óþarft, og rjett að fella það.

Páll Pálsson prestur: Það er auðsjeð, að langt er síðan, að jeg gekk upp til prófs á prestaskólanum, ef jeg gæti látið mjer skiljast að «Moral», siðafræði, geti ekki samþýðzt góðri reglu. Góð regla hefur þó sannarlega innibundið í sjer orðið «Moral» og hugsunina siðafræði, «siðsemi». Jeg skal leyfa mjer litla athugasemd, af því að flutningsmanni verður sjaldan mismæli; hann rjeði oss frá að taka breytingartillögur vorar aptur, en var þó á móti þeim. Hann talaði um hvatir, og lagði áherzlu á það orð, sem hefði komið oss til að gjöra breytingartillögur þessar, en má jeg spyrja: geta breytingartillögur eða frumvörp orðið til, nema að þeim sjeu hvatir, og skyldi þetta lítilræðisfrumvarp, sem er reyndar ekki svo stutt, vera fætt í heiminn, án þess nokkur hvöt hefði komið feðrum þess til að bera það upp? Jeg er reyndar samþykkur varaforseta um það, að hvatirnar til sumra frumvarpa sjeu óþarfahvatir. Þar sem hann sagði, að vjer útilokuðum samlyndi, þá vil jeg spyrja hann: verður ósamlyndi nokkurntíma kallað með rjetti «regla». Hann sagði, að vjer hefðum stungið upp á að 9. gr. fjelli úr; hvar stendur það? Hvergi í breytingaratkvæðunum; hún á einmitt að standa, en 10. gr. orðast eins og vjer tiltökum. Vjer erum alls eigi svo blóðþyrstir slátrarar, að vjer viljum fella þær greinir út úr frumvörpum, sem eru rjettar og góðar. Flutningsmaður segir í 6. gr. «nefndarmenn skula vera meðhjálparar prestsins», en þó vill hann ekki láta þá heita sjálfkjörna, en jeg segi, að þeir sjeu sjálfkjörnir þá fyrst, þegar þeir eru komnir í sóknarnefndina. Hann sagði, að leitt væri að eyða tímanum með slíkum breytingartillögum, en jeg vil þá segja, að það sje eigi skemmtilegra að eyða honum með sumum frumvörpum, og það er sannarlega leyfilegt að gjöra breytingaratkvæði við frumvörpin, þegar þau eru komin, nema því að eins, að þingmönnum sje ekki leyfilegt að hafa sjálfstæðar skoðanir, heldur verði að vera sjálfkjörnir jábræður frumvarpasmiðanna. Jeg ætla ekki að tala margt um húsvitjanirnar, en þrátt fyrir kenninguna úr Öxnadal eru þær þó tíðkaðar á Suðurlandi, að minnsta kosti þar sem jeg þekki til, í Skaptafellssýslu, og mjer hefur verið kennt, og bæði sjálfur gjört og sjeð fyrir mjer haft, að fleira ætti að gjöra í húsvitjunum en eingöngu að spyrja börn, þær eiga og ættu sannarlega að stuðla að því, að efla góða reglu, já siðsemi og samlyndi, og þó að þær sjeu lagðar niður, og úreltar í Öxnadalnum, þá vona jeg, að norðrið, í þessu falli, eða norðlenzkt húsvitjunarleysi færist aldrei svo langt til suðurs, að húsvitjanirnar verði aflagðar á Suðurlandi.

Þegar hjer var komið umræðunum, var þeim hætt eptir ósk 8 þingmanna, þeirra:

Snorra Pálssonar,
Benedikts Sveinssonar,
Tryggva Gunnarssonar,
Hjálms Pjeturssonar,

Halldórs Kr. Friðrikssonar,
Guðmundar Einarssonar,
Bjarnar Jónssonar,
Ísleifs Gíslasonar.

Síðan var gengið til atkvæða, og var:

1. Breytingaratkvæði 6 þingmanna við 6. gr. fellt með 11 atkv. gegn 9.
2. Ný grein milli 6. og 7. gr. frá sömu þingmönnum samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.
3. Breytingaratkvæði sömu þingmanna við 10. (á að vera 9.) gr. fellt með 12 atkvæðum gegn 8.
4. Breytingaratkvæði sömu þingmanna 11. (á að vera 10.) gr. fellt með 11 atkv. gegn 9.
5. Breytingaratkvæði sömu þingmanna við 12. (á að vera 11.) gr. samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.
6. Viðaukauppástunga flutningsmanna, að bætt sje við frumvarpið nýrri grein, er verði 12. gr., tekin aptur.
7. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 14 atkv.

Kvað forseti það mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild á 37. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 362—363.

Jón Jónsson sagðist óska málinu framgangs, samt vildi hann skjóta til deildarmanna, hvort eigi skyldi setja nefnd í málið, svo að laga mætti galla þá, er væru á frumvarpinu, sjer í lagi koma þeim í betri samkvæmni við sveitarstjórnarlögin. Sem stendur hefðu sýslunefndir og hreppsnefndir talsverð afskipti af uppfræðingu barna, er nú ætti að heyra eingöngu undir safnaðar- og hjeraðsfundi.

Ásgeir Einarsson kvaðst furða sig á því, að sá þingmaður, sem hefði verið svo hlynntur lausu sóknarbandi, skyldi nú mæla svo fast á móti frumvarpi þessu, er almenningur gæti haft not af, og sem eptir sinni skoðun ætti að vera prófsteinn á þjóðina. Sjer sýndist nefnd í máli þessu óþörf, því að 2. þingmaður Skagfirðinga mundi eigi verða lengi að snara frá sjer einu breytingaratkvæði, þar sem hann hefði treyst sjer að af ljúka starfi nefndarinnar í landbúnaðarlagamálinu á 2 dögum; og mundi hann því eigi lengi verða að ganga gegnum þetta frumvarp. Sjer fyndist því ósamkvæmni hjá þingmanninum að halda fram sóknarbandslausninni eða sokkabandslausninni, en vera andvígur þessu frumvarpi.

Benedikt Kristjánsson sagði, að sjer fyndist eigi annað vanta á uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga en það, að þingmaðurinn vildi gjöra hreppsnefndaroddvita að prestum og sýslunefndaroddvita að prófastum, annars væri hann eigi samkvæmur sjálfum sjer. Hann kvaðst vera á máli þingmanns Húnvetninga í því, að þetta væri prófsteinn fyrir þjóðina og kirkjulíf safnaðanna, en þó fyndist sjer nokkuð vanta í frumvarpið, til þess það væri í samkvæmni. Fyrst frumvarpið vildi setja þessar nefndir, þá vildi hann láta setja þær í samband við synodus, því að sjer þætti vel til fallið, að þar sem prestar væru formenn sóknarnefnda, og prófastar hjeraðsnefnda, að málin frá þessum nefndum gengu til synodus, þar sem stiptsyfirvöldin væru oddvitar; einkum þar sem á synodus síðast hefði verið stungið uppá að gefa nákvæmari ákvarðanir fyrir verkahring hennar. Ef eitthvað virtist vanta í frumvarpið, mætti bæta því inn í, ef til vildi. Ef nefnd hefði þurft í næsta mál á undan (frumvarp til laga um, að söfnuðirnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna), þá sýndist sjer eigi minni þörf á því í þetta mál.

Eiríkur Kúld kvaðst ætla, að ef nefnd hefði þurft í sum þau mál, er hún hefði verið sett í, þá mundi eigi vanþörf á henni vera í

þessu máli, og gæti hann því eigi verið á máli 1. þingmanns Húnvetninga. Þingmanni Þingeyinga hefði heldur eigi litizt ráðlegt, að setja nefnd í málinu. Hann kvaðst vilja unna söfnuðunum hluttekningar í kirkjumálunum; en á frumvarp neðri deildarinnar gæti hann eigi fallizt án breytinga, en þær breytingar, sem frumvarpið þyrfti, treysti hann sjer eigi upp á sitt eindæmi að gjöra, og þætti sjer því ráðlegt, að setja nefnd til þess í málinu. Sjer þætti einn höfuðgalli á því; og þótt ósk þingmanns Húnvetninga yrði framgengt, að það yrði prófsteinn þjóðarinnar, þá mundi það þó, eins og það nú væri, verða þýðingarlaust, hversu mikið safnaðalíf sem sami þingmaður talaði um að ætti sjer stað, og sem hann vissi að ætti sjer stað hjá þessum þingmanni. Hann væri sannfærður um, að slíkir fundir mundu eigi verða fjölsóttir í júnímánuði, er allur þorri manna væri önnum kafinn í voryrkjum, og þegar engin laun væru ákveðin fyrir ómakið. Að vísu hefði hann heyrt í neðri deildinni koma fram uppástungu um dagpeninga; en hún hefði verið miður heppileg, þar eð fje það hefði átt að greiða úr kirkjusjóði; enda hefði uppástunga sú verið felld. Sjer þætti eigi ólíklegt, að eigi mundu aðrir mæta á fundum þessum, en prófasturinn og 1 eða 2 prestar, en að söfnuðirnir sendu marga á þá fundi ókeypis, þætti sjer næsta vafasamt. Í þessu frumvarpi væri einnig nýmæli, sem ætti að koma fram í öðru frumvarpi, sem væri, að söfnuðirnir mættu sjálfir kjósa presta sína; þetta væri meira en tillögurjettur, því að þeir ættu heimting á, að það væri tekið til greina; slíkt væri í sjálfu sjer æskilegt, en í þessu frumvarpi gæti það eigi komið til greina.

Sighvatur Árnason kvaðst játa það, að furðu mikið hlæðist á bændur af slíkum störfum, og væri það því verra, er þeir fengju enga borgun fyrir þau störf; en hann vildi samt láta mál þetta fá framgang, því að því gæti orðið töluvert gagn; bæði mundi það vekja líf í söfnuðunum, og ef nefndir þessar störfuðu nokkuð á annað borð, mundu þær verða gagnlegar til að styðja uppfræðing ungmenna. Hann væri sannfærður um, að þingmaður Barðstrendinga væri vel fær um að búa til eina grein um borgun handa bændum fyrir ómak sitt, ef honum þætti það helzt vanta í frumvarpið. Hjer hefðu nú margar nefndir komið á góma, hreppsnefndir, sýslunefndir, synodus og hin nýkosna nefnd í hinu málinu, og gæti eigi verið áhorfsmál, til hverrar af þeim skyldi vísa þessu máli; það væri sjálfsagt að vísa því helzt til hinnar síðast nefndu, enda væri hún ágætlega skipuð, og mundi víst eigi draga málið um skör fram.

Jón Jónsson sagðist verða að standa upp, til þess að bera af sjer hin miður fallegu orð þingmanns Húnvetninga, þar sem hann mundi hafa átt við mælandann, þegar hann hefði talað um, að einn þingmaður væri ósamkvæmur sjálfum sjer og hefði enga áhuga á safnaðarmálum (*Ásgeir Einarsson:* Hvaða bölvuð vitleysa!); hann hefði gjörsamlega misskilið orð sín (*Ásgeir Einarsson*: Meir hefur þingmaðurinn misskilið mig), því að hann hefði að eins stungið upp á nefnd, en ekkert mælt á móti frumvarpinu. Hann vildi sannfæra þingmann Þingeyinga um það, að hann bæri hina mestu virðing fyrir allri kirkjustjórn, en það yrði þingmaðurinn að játa, að í frumvarpinu væri eigi að eins að ræða um hið innra kirkjulíf, heldur snerti margt í frumvarpinu hina veraldlegu stjórn. Þingmaðurinn hlyti að vita, að prófastur ætti að vera í sýslunefnd að því leyti, er snerti uppfræðing barna; sömuleiðis væru prestar allt af í hreppsnefnd, að því er það efni snerti. Enn fremur væri ákveðið í frumvarpinu, að þessar sóknarnefndir skyldu styrkja prest til að viðhalda góðri reglu í söfnuðinum, og sama starf hefði hreppsnefndin á hendi; þegar nú verka-

hringur nefnda þessara fjelli þannig saman, sæi hann ekkert móti því, að sameina þær, þar sem hreppurinn væri eigi nema ein sókn. Eins og það hefði komið fram á þinginu, að alþingi ætti að hafa umsjón með jarðeignum kirkna, eins þætti sjer mjög ískyggilegt, að fá nú synodus í hendur yfirstjórn safnaðamála. Málinu væri hann í rauninni hlynntur, og ef til vill meir en þingmaður Húnvetninga; hann ætti að gæta þess, að í þessu máli væri sama stefna og í hinu um leysing sóknarbands, sem hann hefði greitt atkvæði móti áður.

Jón Hjaltalín sagði, að sjer ofbyðu allar þessar nefndir, og væri bezt fyrir deildina, að láta þetta mál sofna með því, að gefa því inn ópíum.

Ásgeir Einarsson sagði, að þegar hann hefði sjeð frumvarpið, eins og það hefði komið fyrst, hefði hann meðtekið það með fögnuði, þangað til komið hefði að 7. gr.; hún hefði orðið sjer að hneykslunarhellu, og hann hefði sízt búizt við því frá höfundi frumvarpsins, að hann mundi setja prestana á bekk hjá þeim embættismönnum, sem «gullstraumurinn» rynni ofan í fyrirhafnarlaust, en hjer virtist sjer að söfnuðirnir eigi að mata prestana, þegar sóknarmenn eiga að kalla saman fyrir þá tekjurnar. Þessu hefði nú verið breytt í seinna frumvarpinu, og vonaði hann, að það lifni ekki aptur, og bætt hefði verið inn í uppástungu í þá átt, að söfnuðirnir megi taka nokkurn þátt í því, hvern prest þeir fá af þeim, er sækja um brauðin; þetta gæti þó ekki orðið sanngjarnt, nema ekki sje mikill mismunur á brauðunum. Að sönnu væri uppástunga þessi mjög lin, en þó stefndi hún í rjetta átt. Ef þetta tækist vel, væri vonandi, að það yrði lykill að meira frelsi í þessari grein. Frumvarp þetta væri því nokkurs konar prófsteinn á þjóðina; vilji hún ekki nota það, verður ekki farið lengra út í það mál, en noti hún það til gagns, væri ekki fyrir að vita, hvað mikið gott það getur leitt af sjer. Hann sagði, að spár sínar hefðu ekki átt langan aldur, þar sem hann hefði sagt, að frumvarpið væri prófsteinn á þjóðina; nú færu menn að telja það ófært, að fara á þessa hjeraðsfundi nema fyrir borgun, og vildu strax fara að ákveða hana, og gjaldstofninn; en þeir hefðu líklega ekki gætt þess, að Krists ríki væri ekki krónuríki, og það hefði ekki verið keypt með krónum; skyldi nú svo fara, að nefndarmenn vildu fá borgun fyrir ferðir sínar, væri bezt, að söfnuðirnir sjálfir kæmu sjer saman um slíkt; gætu þeir ekki svo mikið, mundi varla þurfa að búast við miklum framkvæmdum þeirra til góðs, og þá eyðilegðist allt málið; hann vissi ekki til, að neinn maður hefði talað um borgun, þegar þeir hefðu komið á kirkjumálsfundinn í Steinnesi, og prófasturinn hefði tekið á móti þeim, án þess að tala eitt orð um borgun, og mundu þeir sjálfir hafa greitt hana án kröfu til kjósanda sinna. Þetta sýndi þó, að þegar menn vildu koma einhverju fram, væri ekki allt af verið að klifa á borgun; menn færu í veizlur um háslættinn og með margt af fólki sínu í kaupstað, meir til skemmtunar en gagns, að hann ekki talaði um aðrar útreiðarskemmtanir opt á sunnudögum, má ske fram hjá kirkjunni á messutíma; þetta og fleira því líkt gætu menn gjört borgunarlaust, en ekki farið dagleið í þeim erindum, sem miðuðu til að efla sannarlegt trúarlíf og gott siðferði. Hjer væri þó öðru máli að gegna en um sóknarbandsmálið, sem þingmaður Skagfirðinga hefði brígslað sjer um að hann hefði ekki fallizt á, en hjer væri öðru máli að gegna; hjer gætu allir notið jafnrjettis, en í hinu málinu hefðu ekki getað það nema fáeinir menn í einstöku söfnuðum, og þeir sízt, sem hefðu, ef til vill, haft þess mesta þörf. Hann vonaði því, að þeir, sem hefðu verið meðmæltir hinu áminnzta málinu, yrðu þessu meðmæltir.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, bar forseti upp til atkvæða uppástungu Sighvats Árnasonar og fleiri þingmanna, að máli þessu skyldi vísað til nefndarinnar í málinu um, að söfnuðirnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna, en í þeirri nefnd voru þeir Eiríkur Kúld, Benedikt Kristjánsson og Bergur Thorberg, og var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild á 47. fundi, 21. ágúst.

Nefndarálit I 476—477.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*) sagði, að líkt væri um þetta mál og hið fyrra um að söfnuðirnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna; það væri eigi ástæða til að tala mikið um breytingar nefndarinnar, því þær væru mestmegnis orðabreytingar, en breyttu lítið stefnu frumvarpsins, og hann vonaði því, að menn fjellust á þær.

Stefán Eiríksson sagðist eigi ætla að fara langt út í frumvarpið, með því það væri framhald fyrstu umræðu, nje heldur tala um hinar einstöku greinir þess. Hvað sjálft frumvarpið snerti, þá gæfi það söfnuðunum meiri rjett en áður, til að taka þátt í kirkjulegum málefnum, og að því leyti væri það gott, en sjer fyndist, að þessir kostir ekki vægju upp á móti þeim annmörkum, sem væru á frumvarpinu, þar sem allt lægi undir æðri stjórn, eins og áður. Þá væri tekið fram í frumvarpinu, að safnaðanefndir ættu að vera prestinum til aðstoðar við uppfræðing barna; þetta og annað slíkt þætti sjer ísjárvert að setja upp á bændur, þó meiningin væri kannske sú, að prestarnir ættu að borga bændum aðstoð þessa úr sínum eigin vasa. Þá væri enn einn galli á frumvarpi þessu, og hann væri sá, að safnaðafulltrúar þeir, er ættu að sækja fundina, ættu að gjöra það án alls endurgjalds, og nefndin hefði ekki heldur bætt úr göllum frumvarpsins í þessu efni; það væri þó aðgætandi, að sumir safnaðafulltrúar yrðu að ferðast á fundarstaðina fullar 2 dagleiðir, t. a. m. í Múlasýslum og Skaptafellssýslum, og máske víðar; að hann nú ekki talaði um þá tilhögun, sem frumvarpið færi fram á, að halda þessa hjeraðsfundi í september; það væri alls ekki ákveðið, hvort fundir þessir ættu að vera seint eða snemma í þeim mánuði, en sláttur stæði optast yfir fram undir septemberlok, einkum í rosasumrum, svo þessar og aðrar ákvarðanir væru bændum mjög í óhag, og þó eiga þeir að sækja fundi þessa án borgunar; því ætlaði hann að koma með breyting í þá átt við 2. umræðu, að safnaðarfulltrúar fengju ákveðna borgun fyrir hvern dag.

Ásgeir Einarsson sagði, að sínum augum liti hver á silfrið, og sannaðist það á frumvarpi þessu. Breytingaratkvæðið væri nú eigi mikið, og væri hitt meira vert, að nefndin skyldi eigi láta leiðast inn í villu neðri deildarinnar, og leggja skatta á menn, til þess að greiða mönnum fje fyrir að sækja á fundi þessa. Hann hefði um daginn tekið það fram, að Krists ríki væri eigi krónuríki, en nú vildi hann spyrja, hvort menn eigi vildu leitast við að feta í fótspor frelsara vors, er gekk í kring, gjörði gott, græddi alla og fræddi alla í hinum sáluhjálplega lærdómi; og ef að sólin, er skín í ríki drottins, væri á braut horfin af himninum, hvort mundi þá enginn sá finnast, er vildi fara bæjarleið kauplaust til þess að fá hana aptur.

Stefán Eiríksson kvaðst ætla að svara þingmanni Húnvetninga því einu, að þó frumvarp þetta yrði að lögum, mundi það varla græða öll þau sár, sem eru á kirkjustjórn vorri.

Framsögumaður kvaðst vilja leiðrjetta þingmann Skaptfellinga í því, að fundi þessa ætti einkum að halda í júnímánuði, en einungis hjeraðsfundina í septembermánuði, og ef fundir þessir væru eigi sóttir,

þá væri það þeirra sök, er eigi kæmu; hitt kvaðst hann eigi efa, að viðkomandi sóknarmenn mundu eigi skorast undan að greiða fje þeim mönnum, er sæktu fundina fyrir þeirra hönd, ef þeir eigi vildu sækja fundina ókeypis. Fyrir sitt leyti ætlaði hann, að þeir, sem á annað borð vildu styðja kirkjuna, mundu eigi líta eingöngu á krónuna, heldur miklu fremur hinn góða tilgang og árangur af starfi sínu. Hann vonaði, að þingmaður Skaptfellinga mundi verða sjer samdóma um, að þetta ljetti mikið undir fyrir andlegu stjettinni, og veitti bændum jafnframt ný rjettindi, og að það mundi affarasælt verða fyrir land og lýð.

Sighvatur Árnason sagði, að sjer þætti eigi ástæða til að áfella þingmann Skaptfellinga fyrir skoðun hans á máli þessu. Sjer væri kunnugt um, að sjerstakir menn í sveitunum yrðu fyrir þessum mörgu nefndarstörfum, og vissi hann eigi, hversu lengi ætti að halda áfram með að hlaða slíkum störfum á menn án þóknunar. Hann væri fyrir sitt leyti hlynntur frumvarpinu, því það mundi geta orðið að góðu liði, ef notað væri, einkum við uppfræðing ungmenna.

Ásgeir Einarsson kvaðst ætla, að sóknarnefnd mundi eigi mikilsverð, ef sóknarmenn vildu eigi sjálfir endurgjalda mönnum þeim, er í henni sætu, ef þeir á annað borð vildu þiggja laun fyrir það; og þætti sjer betur við eiga, að sóknarmenn sjálfir legðu þann skatt á sig, en að hann væri ákveðinn á alþingi, sem sjer þætti alls eigi við eiga í þessu máli.

Framsögumaður kvaðst að eins vilja benda þingmanni Skaptfellinga á það, að þar eð fundur sá, er hjer ræddi um, ætti að haldast í þeim mánuði, sem heyannir væru almennt úti, þá væri það sá hentugasti tími, sem hugsazt gæti. Að öðru leyti mundi hlutaðeigandi hjeraðsprófastur sjá um að kalla slíkan fund saman, þegar hentugast væri fyrir hlutaðeigendur að sækja hann.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild á 50. fundi, 23. ágúst.

Breytingartillögur I 493—494, sbr. nefndarálit I 476—477.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*) kvað komið vera breytingaratkvæði við málið frá 2 þingmönnum, sem væri annaðhvort mjög líkt, eða eins og það breytingaratkvæði, er neðri deildin felldi; fyrir sitt leyti hefði hann eigi svo mikið móti því, ef hann byggist við, að það gæti fengið framgang, en neðri deildin mundi eigi verða fúsari til þess nú en áður, og þá væri málið allt fallið vegna tímaleysis. Samt sem áður furðaði sig mjög á að sjá nafn þingmanns Rangæinga undir þessu breytingaratkvæði; hann hefði áður komið fram með frumvarp um uppfræðing barna, sem hann væri honum mjög þakklátur fyrir, en hann hlyti að játa, að í því væri hlaðið meiri störfum á presta, en þeir hefðu áður haft án nokkurs endurgjalds, og þetta þætti sjer alveg rjett; en þegar nú hjer kæmi til tals, að láta bændur taka þátt í að sjá um uppfræðing barna, þá kæmi annað hljóð í bjölluna; það mætti eigi nefna, nema þeim væri borgað, og þar kæmi fram ósamkvæmni. Það væri eigi heldur sanngjarnt við prestana, að þeir skyldu vera skyldir að sækja hjeraðsfundi kauplaust, en bóndi ætti eigi að fara eitt spor til að efla siðgæði, trúarlíf og uppfræðing fyrir minna en 2 krónur um daginn; ef það yrði til að gjöra frumvarp þetta þýðingarlaust, að menn vildu eigi sækja fundina endurgjaldslaust, þá mundi lítill skaði vera, þó að slíkir menn kæmu eigi á fundi. Svo kæmi sú ákvörðun í breytingaratkvæðinu, að hjeraðsfundir jafni kostnaðinum niður á sóknirnar eptir manntali; það væri bezt að líta á, hvernig þetta færi. Ef menn settu svo,

að prófastur sæti í einhverju fjölmennasta prestakallinu, og hjeldi fundinn að heimili sínu, þá færi svo, að sú sóknin, sem sótt gæti fundinn kostnaðarlaust, yrði að borga mest, þar sem einmitt þær hlytu að eiga mest að gjalda, er fjarlægastar væru. Síðan eptir breytingaratkvæðinu ættu sóknarnefndirnar að jafna kostnaðinum niður á sóknarmenn eptir sömu tiltölu og sveitarútsvari; hvers vegna ættu þá eigi hreppsnefndir að gjöra það, sem kunnugastar væru «efnum manna og ástæðum». Ef frumvarpi þessu yrði eigi vel tekið út um land, þó borgunin væri eigi ákveðin, þá gæfi hann lítið fyrir trúarlífið hjá almenningi.

Jón Pjetursson kvað sjer þykja frumvarpið gott og mjög svo frjálslegt, t. d. í því að gefa konum og körlum jafnrjetti; það væri mikið nýmæli, en hlyti þó að vera meiningin í frumvarpinu, þar sem öll rjettindin væru bundin við það, að hlutaðeigandi gyldi til prests og kirkju, en það gjörðu jafnt búandi konur, sem búandi karlar. Eptir þessu gætu konur komizt í sóknarnefnd, en þar sem sóknarnefndarmenn ættu líka að vera meðhjálparar, þá gæti hanu eigi neitað því, að hann mundi kunna lakar við, að sjá konur vera meðhjálpara. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu væri hann á sama máli og þingmaður Barðstendinga, að það ætti eigi við.

Stefán Eiríksson kvað það vera kunnugt deildarmönnum, að hann hefði látið í ljósi við 1. umræðu, að sjer þætti frumvarpið engin rjettindi veita söfnuðunum, enda voru þá komnar fram við framhald 1. umræðu breytingar nefndarinnar. Ein hin helztu rjettindi safnaðanna væru fólgin í 7. og 12. gr. frumvarpsins, eins og það var, þegar það kom frá neðri deildinni, en þegar nefndin legði það til, að fella burt, að meðmæli sóknarnefnda með presti sjeu tekin til greina við veiting brauðsins, og svo það, að biskup skuli sjerstaklega taka til greina tillögur hjeraðsfundanna, þá sæi hann eigi, að nein rjettindi yrðu eptir í þessum eða öðrum greinum frumvarpsins; eigi sæi hann heldur, að nokkur rjettindi fyrir bændur væru innifalin í 6. gr., þó að prestar mættu hafa þá sjer til aðstoðar við barnauppfræðinguna, með því líka sig furðaði á, að menn, sem alltaf eru að tala um menntun og framfarir í kirkjulegum málefnum, skuli vilja innleiða það í lög, að ómenntaðir bændur skuli vera barnauppfræðendur, og þannig velta þeim starfa yfir á þá, sem einmitt er skylda prestsins. Mönnum hlyti því að virðast það óheppilegt og ósanngjarnt, að hlaða á bændur hverjum starfanum eptir annan, án alls endurgjalds, því að þess bæri að gæta, að einmitt sömu mennirnir yrðu optast fyrir öllum hinum mörgu nefndarstörfum í sveitarmálum og sýslunefndum. Í sjálfu sjer væri sjer eigi neitt kappsmál að halda fram breytingaratkvæðinu, en hann væri sannfærður um, að ef verið væri að tala um að leggja embættismönnum einhvern starfa á herðar, sem eigi heyrði beint undir þeirra verkahring, þá mundi mönnum eigi hafa komið til hugar, að láta þá enga sjerstaka borgun hafa fyrir það. Þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að þetta sama breytingaratkvæði hefði verið fellt í neðri deildinni, og væri það að vísu satt, en margir hefðu viljað koma því fram þar, og það hefði einungis verið vegna formgalla, að það varð eigi tekið til greina, því það vantaði fulla tölu manna eptir þingsköpunum til þess að það kæmist að við 3. umræðu, og væri þá hjer með hrundið þeirri mótbárunni, er þingmaðurinn legði mesta áherzlu á.

Sighvatur Árnason kvaðst fyrst vilja hugga þingmann Barðstreudinga með því, að hann mundi eigi sækja mál þetta með kappi, en þó vildi hann eigi láta tilleiðast af orðum hans, hvorki til að greiða atkvæði móti breytingaratkvæði sínu, nje til að taka það aptur, því að hann vissi, að þó að það kæmist að, mundi það eigi verða

til hindrunar því, að málið fengi framgang á þessu þingi, því að neðri deildin hefði fellt það sökum formgalla, en eigi af því, að meiri hluti hennar væri því mótfallinn. Hvað breytingaratkvæðið sjálft snerti, þá gæti hann eigi skilið, að ósanngjarnt væri, að bændur fengju þóknun fyrir að sækja fundina, þar sem þeir jafnvel kynnu að þurfa að verja til þeirra 2 til 5 dögum; hann hjeldi meira að segja, að það gæti orðið til þess, að fundirnir yrðu betur sóttir, því að ef engin borgun fengist, efaðist hann stórlega um, að bændur almennt yrðu fúsir að sækja fundina, en þá yrðu þeir þýðingarlitlir; borgunin miðaði því einmitt til þess, að gefa fundum þessum þýðing, og þá um leið öllu frumvarpinu, því að menn yrðu því miður að játa það, að trúarlífi og áhuga á safnaðarmálum væri hjer svo ábótavant, að menn eigi muni, eins og óskandi væri, leggja mikið í sölurnar fyrir það. Það mætti líka lengi ágæða með að hlaða starfa á starfa ofan á bændur, sem þeir fengju sjaldan neina borgun fyrir, einkum þar eð öll þessi störf optast lentu mest á sömu mönnunum, eins og þingmaður Skaptfellinga hefði tekið fram; þetta yrði jafnvel til þess, að ofþreyta menn og ergja. En þó að prestar ættu að sækja fundi borgunarlaust og gjöra annað það, er frumvarpið tæki fram, þá væri það eigi ósanngjarnt að sínu áliti, því að það væri nákvæmlega samtvinnað þeirra verkahring, og þegar menn á annað borð væru launaðir, þá vildi hann láta þá taka við sjerhverri rýmkun á sínum verkahring, sem jafnlítið er í varið, án sjerstakrar borgunar.

Framsögumaður kvaðst eigi ætla að þrátta um, hvort viðaukinn væri heppilegur; hann væri að sínu áliti óþarfur. Þingmaður Rangæinga hefði misskilið sig, ef hann ætlaði, að hann vildi láta presta hafa borgun fyrir sitt ómak, því að hann vildi alls ekkert láta þá fá fyrir ferð sína, en bændurna eigi heldur. Þingmaður Skaptfellinga hefði sagt, að engin rjettindi væru í frumvarpinu vegna þess, að úr 7. og 12. grein hefði nefndin dregið allan kjarnann; þetta væri engan veginn rjett skilið hjá þingmanninum; nefndin næmi eigi burt neitt af þeirri þýðingu, sem hægt hefði verið að leggja í frumvarpsgreinina, því að niðurlag það, sem nefndin vildi fella burtu, væri með öllu óhafandi, og hefði með engu móti getað orðið tekið til greina, því að það hefði hindrað alla sanngirni í brauðaveitingum. Ef t. d. ætti að veita brauð austur í Múlasýslum, hvernig gæti þá sóknarnefndin vitað um alla þá, sem um brauðið mundu sækja? Hún mælti náttúrlega með einhverjum, sem bezt hefði mælt fram með sjer við hana, en svo gæti vel komið fyrir, að aðrir sæktu verðugri, og hver sanngirni væri þá, að veita eigi þeim, er verðugastur væri; en það væri auðvitað, að ef sækjendur væru jafnir, þá yrðu meðmælin tekin til greina, hvort sem niðurlagið stæði eða eigi. Sama væri að segja um samþykktir hjeraðsfundanna í 12. gr.; biskup tæki þær til greina, að svo miklu leyti sem þær væru á rökum byggðar, þó að orðin væru felld úr, sem nefndin vildi, og að ætlast til meira, væri heimskulegt. Sjer þætti því dómur þingmanns Skaptfellinga of harður, og hann gjöra of lítið úr rjettindum þeim, er frumvarpið veitti söfnuðunum. Hann vildi og mæla fram með tillögum nefndarinnar, því að þær væru að sínu áliti til bóta, þó að komast mætti af með frumvarpið án þeirra.

Benedikt Kristjánsson sagðist eigi þurfa að bæta við það, sem framsögumaður hefði tekið fram; það væru að vísu komnar breytingar fram, en þær væru eigi miklar. Síðar hluti 7. gr. hefði verið felldur úr; nefndin hefði eigi sjeð neina rjettarbót í honum. Þar væri sagt, að sóknarmenn hefðu heimt-

ing á, að meðmæli þeirra væru tekin til greina, að því leyti sem þau væru á rökum byggð, en þetta mundi vissulega verða gjört, og væri því þýðingarlítið að taka það fram. Ef ganga ætti inn á skoðun þingmanns Skaptfellinga, og álíta rjettarbót í síðari hluta greinarinnar, þá gæti hann eigi skilið annað, en að frumvarpið hefði aðra þýðing en nú kæmi fyrir sjónir í því. Konungur veitti samkvæmt stjórnarskránni embættin, en ef nú söfnuðirnir ættu að fara að gjöra það, þá yrði að taka fram, að þetta frumvarp væri breyting við stjórnarskrána. Breytingin við 13. gr. færi fram á, að menn fengju 2 kr. um daginn; launin ættu að hvetja menn til að sækja fundina, því eigi væri mikill áhugi manna á kirkjumálum; en hætt væri við, að slíkir menn, sem meira mettu borgunina, en traust kjósenda sinna, mundu gjöra lítið gagn; hann væri því móti þessu breytingaratkvæði, enda væri hann einnig mótfallinn því, að fulltrúarnir væru launaðir; þessi laun mundu heldur eigi gjöra þá ríkari nje duglegri, heldur kannske miklu fremur spilla hugsunarhætti þeirra.

Stefán Eiríksson sagði, að þingmanni Þingeyinga og Barðstrendinga hefði nú orðið fremur skrafdrjúgt út af breytingaratkvæði sínu, en hann hefði áður tekið fram, að hann hjeldi því eigi fast fram, og væru því eigi langar ræður í því efni þarfar, enda sýndu þeir í þessu máli, að þeir væru ekki sem frjálslyndastir, þegar um þóknun væri að ræða til bænda, en það kæmi má ske af því, að þeir væru ekki teknir með í breytingaratkvæðinu. Hvað snertir breyting nefndarinnar við 5. gr., þá legði nefndin þar töluvert þyngri byrði á sóknarnefndir, en frumvarpið sjálft benti til, þar sem eptir breytingu nefndarinnar væru sóknarnefndarmenn skyldir til að vera í nefndinni 3 ár samfleytt, ef þeir væru endurkosnir, en frumvarpið sjálft vildi þó láta þá vera lausa við starf þetta annaðhvort ár. Að nauðsynlegt væri að fella síðari hluta 7. gr. burtu, gæti hann eigi heldur sjeð, með því að bæði þær breytingar nefndarinnar og aðrar gjörðu frumvarpið alveg þýðingarlaust, og fundarhöld öldungis ónauðsynleg.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi geta verið að taka það upp, sem 2. þingmaður Skaptfellinga hefði talað um 7. gr. og 12. grein. En fyrir 1. þingmanni Þingeyinga hefði eigi farið svo, að hann hefði verið slægur sem höggormur, og einfaldur sem dúfa. Hann hefði þótzt eiga loforð fyrir, að þetta mál hefði átt að ganga á undan prestamálinu, því þá gæti 4. gr. orðið að gagni, og þá hefði allt verið undir því komið, að þessu væri þannig hagað, en við því gæti hann ekki sjeð, ef þetta bregzt. Allir vissu löngun þjóðarinnar að taka þátt í prestakosningum, en það væri satt, að það væri stór vandi að dæma um, hvort meðmæli safnaðanna væru á rökum byggð. Það væri og mjög varasamt, að fara við veitingar eptir aldri manna; það gæti t. d. komið fyrir, að 2 prestar sæktu; annar væri ef til vildi einu ári eldri, en sá yngri miklu betri prestur, en samt sem áður gengi þó sá eldri máske fyrir; það væri og dæmi til, að beðið hefði verið um ungan prest, en annar hefði þó fengið brauðið, sem upp á sína vísu ritaði vel í blöðin; fleiri hefðu sótt ágætir prestar, en ekki fengið. Hann yrði því að lýsa yfir því, að hann gæti eigi gefið atkvæði með breytingunni. Það væri satt, að konungur hefði vald til að veita, en hann hefði veitt vald til að veita brauð mönnum á landi hjer. En það hlytu menn að sjá, að þetta vekti safnaðarlífið, því væri siðferðisleg skylda, að taka tillit til meðmælanna, ef þau væru á rökum byggð; ef þetta yrði sett í lög, þá sæju menn eigi eptir 1 eða 2 krónum meir handa presti sínum.

Sighvatur Árnason sagðist vilja geta þess viðvíkjandi því, er 1. þingmaður Þingeyinga

hefði sagt í móti breytingaratkvæðinu, að hann áliti, að allir ættu tíma sinn, er eigi væru öðrum háðir; sá, sem væri tekinn til einhvers starfa án þóknunar, hann væri sviptur tima sínum, og áliti hann það eigi rjett. Það væri fullreynt, að menn sumir í sveitum yrðu að raða niður á dagana mest allt vorið tíma þeim, sem þeir yrðu að verja í almennings þarfir, án þess að fá nokkra borgun fyrir. Hann vildi og benda á það, að embættismenn vildu fá borgun fyrir flest aukaverk, og það þó þeir hefðu sómasamleg laun, og væru ekki prestarnir eptirbátar með það, og um suma þeirra mætti jafnvel segja, ekki síður en um bændur, að þeir hirði meir um krónur en kristni; en sjer virtist að það væri þá eigi síður skylda fyrir þá, sem eru launaðir verkamenn þjóðarinnar, að gjöra slíkt endurgjaldslaust; en hann þættist sjá, hvað lægi á milli línanna í þessu hjá þeim, sem í móti mæltu, sem mundi vera það, að koma eigi bændum upp á að fá nokkra borgun fyrir starfa sinn í opinberar þarfir; og sýndist sjer, ef þannig væri að farið koll af kolli, mjög farið gagnstætt hinu gamla orðtæki: «Bóndi er bústólpi, en bú er landstólpi»; því vitaskuld væri, að öll þau störf, sem þannig hlæðust á helztu menn í sveitum, væru þeim ekki til persónulegrar búsældar.

Ásgeir Einarsson sagði, að hjer mætti heimfæra söguna um það, er maður eitt sinn kom til konu og beiddi dóttur hennar, en var að vísu fátækur; móðirin sagðist eigi geta talið honum annað til gildis en það, að hann væri vel að sjer, vel læs og skrifandi, og hefði góða þekking á guði sínum, en þetta yrði ekki látið í askana. Ef nú ekkert væri gott eða gagnlegt nema það, sem látið yrði í askana, þá færi sjer nú ekki að lítast á, og ef það væri til einskis, að efla gott siðferði og guðsótta, þá væri ekki gagn að öðru en því, sem væri látið í munn og maga, og þá gæti maðurinn lifað á «einu saman brauði».

Framsögumaður sagði, að 2. þingmaður Skaptfellinga hefði eigi viljað berjast fyrir breytingunni, en hann vildi þá máske taka hana aptur. (*Stefán Eiríksson*: Nei). Viðvíkjandi 5. gr., þá væri lík ákvörðun í sveitastjórnarlögunum. 1. þingmaður Rangæinga hefði viljað láta alla eiga sinn tíma; en ef hann vildi gjöra öllum jafnt undir höfði í því, þá væru þeir samdóma, en hann vildi einungis láta prestana vinna þetta fyrir ekkert, og það bæri þeim á milli. Hann fyrir sitt leyti vildi láta prestana gjöra það fyrir ekki neitt, en bændurna líka. Viðvíkjandi 1. þingmanni Húnvetninga vildi hann benda á, að ef ætti að veita söfnuðunum meir en hjer væri gjört, þá gæti það orðið óhagræði. Það gæti hugsazt, að söfnuðir langt burtu þekktu einn prest góðan, sem þeir vildu að fengi eitt brauð, en 10 aðrir sæktu, sem væru miklu verðugri, og væri því eigi rjett að veita honum brauðið fremur einum hinna. Hann vildi því vona, að hann yrði sjer samdóma um þetta.

Jón Jónsson kvaðst vilja benda á, að eptir 4. gr. stjórnarskrárinnar mætti gjöra breyting á veitingavaldinu, en eigi gæti hann sjeð, að ákvarðanir þær, er í frumvarpinu væru, gjörðu nokkrar breytingar á stjórnarskránni.

Varaforseti kvaðst vilja gjöra fáar athugasemdir. Sjer virtist nauðsynlegt að sleppa síðari hluta 7. gr.; því ef hann ætti að hafa þýðing, þá lægi ofmikið í honum. Þegar söfnuðurnir ættu að eiga þátt í veitingunni, þá virtist sjer sjálfsagt, að veita þeim, er þeir hefðu mælt fram með. Það væri að vísu satt, að meðmælin gætu verið rjett, en þess bæri að gæta, að söfnuðirnir þekktu eigi alla sækendurna, og aðrir prestar gætu verið, er hefðu meiri verðugleika, en yrðu samt að vera á hakanum. Sjer virtist því, að það yrði eigi rjettlátt, ef það

væri gjört að skyldu, að veita þeim prestum, er meðmæli fengju frá söfnuðunum, nema því að eins að söfnuðurnir mættu kjósa sjer presta, en um það væri hjer ekki að ræða, og þar um væri ekki einu sinni nein uppástúnga. En ef söfnuðirnir hefðu heimild að koma með meðmæli, væri það ekki þýðingarlaust, þótt ekki væri fyrir skipað að fara eptir þeim, því veitingarvaldið ætti að taka þau til yfirvegunar, og láta þau hafa það gildi, sem þau ættu skilið. Hinar sömu ástæður, væru til að sleppa úr 12. gr.: «Sem skal taka þær sjerstaklega til greina», því biskup væri skyldur til að taka það tillit til meðmælanna, sem þau ættu skilið, án þessarar ákvörðunar.

Þá var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. gr. —— —— —.

Breyting nefndarinnar við 3. gr. samþykkt í einu hljóði.

3. gr. frumvarpsins þar við fallin.
4. gr. samþykkt í einu hljóði.

Breyting nefndarinnar við 5. gr. samþykkt í einu hljóði.

5. gr. þar við fallin.

Breyting nefndarinnar við 6. gr. samþykkt með 7 atkv.

6. gr. frumvarpsins með þessari breytingu samþykkt í einu hljóði.

Breyting nefndarinnar við 7. gr. samþykkt með 6 atkv.

7. gr. með þessari breytingu samþykkt með 8 atkv.

Breyting nefndarinnar við 8. gr. samþykkt í einu hljóði.

8. gr. með þessari breytingu samþykkt í einu hljóði.

9., 10. og 11. gr. samþykktar í einu hljóði.

Breyting nefndarinnar við 12 gr., samþykkt með 6 atkv.

12. gr., samþykkt með 8 atkvæðum.

Viðaukaatkvæði Stefáns Eirikssonar og Sighvats Árnasonar, (nfl., að aptan við frumvarpið komi ný grein) fellt með 6 atkvæðum.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 7 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 51. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 518—519.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*) sagði, að eigi væri ástæða til að fara mörgum orðum um frumvarpið; það hefði komið ein breyting fram við það við 2. umræðu, og hún hefði verið felld. Hann vildi því eigi tefja tímann með því að fara fleirum orðum um það.

Forseti bar það þá upp til atkvæða, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Kvað forseti frumvarpið nú mundu verða sent aptur til neðri deildar.

Ein umræða í neðri deild, á 60. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I 538—539.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Hin heiðraða efri deild hefur nú breytt þessu frumvarpi minna en hinu, sem nú var fellt (um að söfnuðirnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna). Þó hefur hún kippt þessari ákvörðun út úr 7. grein: «og hefur hún heimting á» o. s. frv.; þessi breyting er ekki óveruleg, en veldur þó ekki stórskaða á lögum þessum. Það sem í reynslunni fær mesta þýðing, það er að sóknarmenn hafa mælt með þeim manni, sem þeir vilja, og halda eptirriti af brjefi sínu til biskups. Þó þessi orð sjeu felld úr greininni, þá gjörir það að því leyti lítinn skaða, að enginn getur skyldað landshöfðingja eða konung til að fallast á það, sem sóknarmenn vilja. En þá eru blöðin, hin frjálsu blöð með almenningsálitið yfir og allt um kring, og þar geta

söfnuðirnir komið fram á vígvöllinn með eptirritið af meðmælisbrjefi sínu í höndum. Hin breytingin er við 12. grein; þar eru felld úr orðin: «sem skal taka þær sjerstaklega til greina». Allt um það má grein þessi vera; hún er enn gott vopn í höndum duglegs hjeraðsfundar. Jeg hygg því, að frumvarp þetta megi nota, eins og það er, og segi um það eins og Sigurður Jórsalafari: «ljótr fótr ok ferligr, en eigi svá at eigi megi við hlíta». Enn er og það athugandi, að 4. gr. í brauðamálinu grípur inn í þetta mál; lagafrumvörp þessi eru sem tvær stallsystur, er haldast í hendur. Með tíð og tíma vona jeg að úr frumvarpi þessu verði rjettarbót sú, sem vekur líf í þeim söfnuðum, þar sem nú drottnar deyfð og doði, og þar kvikni lífslopt, sem nú er aldeyða. Það eitt, að prestar og safnaðarfulltrúar hittast og ráðgast saman sem jafningjar um safnaðarmál, það er mjög heillavænlegt, til að vekja og efla trúar- og frelsislíf kristni vorrar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er því ekki samdóma, að efri deildin hafi í nokkru skemmt eða skaðað frumvarp þetta. Breytingar þær, sem efri deildin hefur gjört á því, eru ekki einungis meinlausar, heldur og rjettar og nauðsynlegar. Sú breyting, sem var hnoðað inn í frumvarpið, áður en það fór frá neðri deildinni, að biskup væri skyldur til að taka meðmæli sóknarnefnda til greina, gat valdið því, að frumvarpið næði ekki samþykki. Það er konungur einn og þeir, sem hann gefur umboð til þess, sem hefur vald til þess að veita embætti. Það er engan veginn tilgangur frumvarpsins, að ganga of nærri yfirstjórninni, eða losa kirkjuna við ríkið, heldur hitt, að gjöra söfnuðinn hluttakandi í því frelsi, sem hann getur notið. Vil jeg því sterklega mæla með því, að frumvarpið þannig orðað verði nú samþykkt, en skal að öðru leyti ekki fjölyrða um það, enda þarf þess ekki.

Páll Pálsson bóndi: Jeg skal þó leyfa mjer, að láta gagnstæða skoðun á lögum þessum í ljósi. Mjer finnast breytingar þessa frumvarps eins skaðlegar og breytingar efri deildarinnar þóttu á hinu fyrra. Mjer þykir það undarleg ákvörðun, að veita með lögum leyfi til fundarhalda — því skyldi þurfa lagaleyfi til þess? — og veita þó þeim fundarhöldum hvorki vald eða rjettindi. Menn benda á 12. gr. sem verndarskjöld, en sú grein finnst mjer þýðingarlítil, úr því breytingar þessar eru með. Jeg vil því, að þetta frumvarp fari sömu ferð og hitt, því þetta röksemda- og rjettarleysi, sem nú liggur í því, gjörir það að minni meiningu að dauðum bókstaf, enda eru mjer óskiljanlegar ástæður efri deildarinnar fyrir breytingum þessum.

Þá var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 15 atkv. gegn 5.

Kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XLII. UMSJÓN OG FJÁRHALD KIRKNA.

Frumvarp til laga um, að söfnuðurnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna. Frá Þórarni Böðvarssyni, Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni. Sjá I 231—232.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 24. fundi, 29. júlí.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg held 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hafi tekið leyfi hjá sjálfum sjer til að setja mig framsögumann í þessu máli, og mun jeg taka mjer framsöguna ljett. Hin einfalda ástæða fyrir frumvarpi þessu er sú, að vekja meiri áhuga hjá söfnuðunum fyrir kirkjum sínum, með því að fela þeim umsjónina með kirkjunum, eða gefa þeim kost á henni. Það er alreyndur sannleiki, að það er manni kærast, sem maður hefur stutt að sjálfur, og því er það mjög líklegt, að söfnuðurnir baldi meira af kirkjum sín-

um, ef þeir fá meiri hluttekning í byggingu og viðhaldi þeirra. Þetta er rjett hugsað, og samkvæmt mannlegu eðli, þar að auki eru ekki allir prestar jafnhæfir til að sjá um bygging kirkna, og hafa margir fengið álas fyrir vanhirðing í því efni. Jeg vona því, að allir prestar sjeu mjer samdóma um, að bezt sje að gefa söfnuðunum kost á umsjóninni með kirkjunum, því að þær eru eiginlega hús safnaðanna. Prestastjettinni getur það ekki orðið til skaða, en það er vel hugsanlegt, að það gæti orðið kirkjunum til góðs, því að söfnuðirnir munu þá sýna þeim meiri eptirtekt og sóma. Þó sumir prestar eigi hrós skilið fyrir umsjón með kirkjum sínum, þá er það þó fremur undantekning. Jeg álít, að ekki þurfi nefnd í þessu máli, en sting upp á, að það gangi til 2. umræðu.

Var málinu svo vísað til 2. umræðu með 15 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 31. fundi, 6. ágúst.

Breytingartillögur I 243. 247.

Flutningsmaður (*Einar Ásmundsson*): Jeg er reyndar ekkl viðbúinn að takast á hendur framsögu í máli þessu, en jeg ímynda mjer, að hún verði ljett verk, því að frumvarp þetta er svo gott, að jeg ímynda mjer, að það falli þingmönnum vel í geð. Af breytingartillögum, sem fram hafa komið, eru flestar frá þingmanni Mýramanna. Breytingartillaga hans við 1. gr., að í staðinn fyrir »meiri hluti« komi »$^2/_3$«, er sams konar og breytingartillaga hans við síðasta frumvarpið, sem rætt var (um stjórn safnaðarmála), og sem þá var felld; ætla jeg, að hjer sje eigi fremur ástæða til að fallast á breyting hans. Það virðist nóg trygging, að meiri hluti skeri hjer úr sem í öðrum málum, sem ekki eru einkar áríðandi. Jeg get aðhyllzt fyrri breyting hans við 4. gr.; hún gjörir að minnsta kosti ekkert illt, en skýrir ef til vill efnið. Önnur breyting hans við sömu grein er á þessum stað með öllu óþörf; greinin er full-ljós, þó þessi orð sjeu eigi tekin upp aptur. Breytingartillögu þingmanns Vestmannaeyinga við 4. gr. fellst jeg á; hún er heldur til bóta, því að hún gjörir greinina ljósari.

Guðmundur Einarsson: Jeg vil að eins spyrja þingmann Mýramanna, hvað hann meinar með orðinu »eignir«, ef það eru ágóði og skrúði kirkna m. fl., þá fellst jeg á það, en ekki sje meint hinar svo nefndu jarðir þeirra.

Hjálmur Pjetursson: Jeg skal svara þingmanni Dalamanna því, að jeg meinti eigi kirkjujarðir með orðinu »eignir«, heldur ýmislega aðra hluti, sem kunna að hafa tilheyrt kirkjunni, margt annað geta menn nefnt eignir, og sem rjett er að fylgi kirkjunni, þegar hún er afhent, og jeg sje eigi, að það sje hættulegt, þó eignir sjeu nefndar; því eigi er ólíklegt, að það verði á stundum komið undir samningum, hvað skuli fylgja kirkjunni, hvort sem söfnuður tekur við henni eða ekki. Skoðun mín um þá tillögu mína, að »$^2/_3$« kæmu í staðinn fyrir »meiri hluti« hefur eigi breytzt, þótt tillaga mín væri felld áðan, heldur verð jeg að halda fast við, að það sje nauðsynlegt, þegar byrja skal á áríðandi málum, að láta eigi velta á einu atkvæði, fundir geta opt verið illa sóttir, kannske að ekki nema helmingur sóknarmanna komi á fund, og þá sjá allir, að þetta er varhugavert. Framsögumaður tók það fram, að á alþingi ljetum vjer oss nægja einfaldan meiri hluta, en jeg verð þó að minna hann á 19. greinina í þingsköpunum; þar er beinlínis tekið fram, að $^2/_3$ atkvæða þurfi til þess, að útkljá mál þau, sem þar eru nefnd. Jeg hygg, að mál þau, sem rædd eru á sóknarfundum, hafi að sínu leyti eins mikla þýðing fyrir sóknirnar, eins og sum alþingismál hafa fyrir landið í heild sinni.

Jeg er báðum þessum frumvörpum, bæði

þessu og frumvarpinu um safnaðamál, sem áðan var rætt, meðmæltur, og get eigi fallizt á það, sem sagt hefur verið, að þau einungis leggi á menn skyldur, en bjóði eigi nein rjettindi. Jeg álít, að í þeim sjeu alþýðu veitt töluverð rjettindi, og því ófrjálslegt að fella þau.

Flutningsmaður: Jeg skildi þingmann Mýramanna svo, að hann með meiri hluta ætti við meiri hluta þeirra, er á fund koma; en það er eigi miðað við þá í frumvarpinu, heldur við alla sóknarmenn, sem gjalda til prests og kirkju, og vona jeg, að þegar hann gætir að því, þá muni hann sjá, að breytingin er eigi þörf.

Páll Pálsson bóndi: Jeg var á móti fyrra frumvarpinu, en þessu er jeg meðmæltur, því að hjer fylgja rjettindi með, og jeg get vel ímyndað mjer, að þetta verði til að auka safnaðarlífið hjer á landi, einkum af því, að þetta skal framkvæmast eptir frjálsu samkomulagi safnaðanna og kirkjuráðanda, en ekki gjört að lagaskyldu.

Þorsteinn Jónsson: Framsögumaður hefur tekið af mjer ómakið, að mæla með breytingaratkvæði mínu, jeg kom með það, af því að jeg áleit, að það gæti orðið til góðs á sumum stöðum, að söfnuðirnir taki við kirkjunum, en það mundu þeir síður gjöra eptir frumvarpinu; því áleit jeg nauðsynlegt, að þetta væri betur skýrt.

Hjálmur Pjetursson: Framsögumaður kvaðst hafa skilið orð mín svo, að jeg hefði meint meiri hluta þeirra, er á fund koma, en jeg ætlast til, að breytingartillaga mín geti eins vel átt við alla sóknarmenn, eins og við fundarmenn eina, því jeg ímynda mjer, að þau mál, sem hjer er um að ræða, verði sem optast rædd og útkljáð á fundum, og jeg fæ eigi sjeð, að sóknarmálefni, sem annars hafa nokkra verulega þýðing, geti útkljáðzt á annan hátt; en hvað sem því líður, þá álít jeg breyting mína eins þarfa, hvort heldur sem er, og get eigi skilið, að hún gjöri skaða.

Arnljótur Ólafsson: Það er gleðilegt að 2. þingmaður Húnvetninga finnur rjettindi í þessu frumvarpi, þar sem það þó inniheldur eintómar skyldur. Mjer finnst að tillagan um skoðunarlaun prófasta gæti vel komizt hjer að í 5. grein, og jeg þykist vita, að tillögumenn sjái, að hún á einmitt hjer heima.

Guðmundur Ólafsson: Jeg gat ekki fellt mig við fyrra frumvarpið, af því að það var ekki betra en það, sem vjer höfum, en þetta frumvarp þykir mjer gott, og mæli jeg fram með því.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið og breytingartillögur þær, sem komið höfðu; fjellu þau þannig:

1. Breytingartillaga Hjálms Pjeturssonar við 1. gr. samþykkt með 13 atkvæðum gegn 3.
2. 1. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkv.
3. 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 19 atkvæðum.
4. Breytingartillaga Hjálms Pjeturssonar við 3. gr. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
5. 3. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkv.
6. Breytingartillaga Hjálms Pjeturssonar við 4. gr. hin fyrri samþykkt með 11 atkv. gegn 4.
7. Breytingartillaga Hjálms Pjeturssonar við 4. gr. hin síðari tekin aptur.
8. Breytingartillaga Þorsteins Jónssonar við 4. gr. samþykkt með 17 atkv.
9. 4. gr. frumvarpsins með á orðinni breytingu samþykkt með 19 atkv.
10. 5. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkvæðum.
11. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.
12. Málinu vísað til 3. umræðu með 19 atatkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 37. fundi, 12. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við við 2. umræðu, sjá I 294.

Breytingartillögur I 346.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson) Jeg hef ekki margt að segja um frumvarp þetta, það hefur hingað til ekki mætt neinum mótþróa, og jeg vona, að svo verði einnig nú. Það hefur að eins komið ein breytingartillaga við þetta frumvarp til þessarar umræðu, er hún, að 5. gr. falli burt, og ný grein komi í staðinn. Jeg verð að álíta, að þessi breytingartillaga sje til engra bóta, heldur til skaða; í 5. gr. er tekið fram, að söfnuðurnir eigi að hafa allar þær skyldur viðvíkjandi kirkjunum, sem hvílt hafa á eigendum þeirra og forráðamönnum. En í hinni nýju grein eru engar skyldur heimtaðar af söfnuðunum, nema að söknarnefndirnar heimti inn tekjur kirkjunnar; komi kirkjusjóðnum á vöxtu og hafi svo 6 % í ómakslaun. Hjer er því ekki tekið fram, að söknarnefndin hafi sömu skyldur og eigendur eða forráðamenn höfðu; en þær eru miklu fleiri og meira áríðandi, heldur en þær, sem taldar eru í hinni nýju grein. Þessi úrfelling gjörir breytingartillöguna óhafandi. Söfnuðinum getur eigi veitzt sú heimild að hafa kirkjuna eptir vild sinni, láta hana vera illa hirta og illa byggða, og láta vanta, það sem nauðsynlegt er til þess, að guðsþjónustan geti farið fram. Hann á einnig að sjá um öll áhöld hennar, og að vín og brauð sje ætíð til, og svo margt, sem óþarfi er upp að telja, en þessu er öllu sleppt með breytingartillögunni. Niðurlag breytingartillögunnar er sprottið af algjörðum misskilningi, eða af því, að uppástungumönnum hefur hugkvæmzt, að söknarmenn skyldu lausir við allar skyldur við kirkjuna, og eptir því á kirkjan að vera undanþegin öllu optirliti. Ef eptirlitinu er haldið áfram, og það er óumflýjanlegt, að halda því áfram, og það er einmitt prófasturinn, sem hefur haft það og á að hafa það, þá getur víst engum dottið í hug að svipta prófasta launum fyrir það, og mig furðar á því, að þegar uppástungumenn taka það fram, að skoðunarlaun skuli eigi greidd úr kirkjusjóði, að þeir þá ekki setja það, hvaðan eigi að taka þau. Jeg vildi óska, að flutningsmenn þessarar breytingartillögu tækju hana aptur, án þess hún kæmi til umræðu.

Hjálmur Pjetursson: Jeg býst ekki við, að halda langri vörn uppi fyrir breytingaratkvæði þessu, er jeg stend fyrstur undir; framsögumaður hefur tekið illa undir það. Jeg skal geta þess, að það var ekki meining mín, að svipta kirkjuna öllu eptirliti, en jeg hafði þá ætlun, að auk þess sem þetta stendur bæði í fyrirsögn frumvarps þessa, og líka í 1. greininni, þá væri eptirlitið svo sjálfsagt, að það hjeldist eigi síður fyrir það, ef hjeraðs- og söknarnefndir komast á, að eigi þyrfti að taka það fram í þessari grein. Seinni partur breytingartillögunnar líkar framsögumanni þó lakast. Jeg álít líka, að ef skoðunarferðir prófasta haldast við, þá sje rjett, að þeir fái laun fyrir þær, en þessi laun ættu að greiðast annarstaðar frá, en af fje fátækra kirkna. Jeg álít þessar skoðunarferðir á hverju ári með öllu óþarfar, þegar lögskipaðar söknarnefndir og hjeraðsnefndir eru komnar á, allra helzt árlega; umtalsmál gæti verið, að þær ættu sjer stað svo sem 5. hvert eða 10. hvert ár, en þó eigi til að skoða húsin einungis; jeg er ekki á móti því, að prófastar fari um, til þess að kynna sjer uppfræðing barna, og samkomulag milli safnaða og presta, en laun fyrir það vil jeg ekki taka af kirkjusjóði; það er athugavert að leggja ekki tálmanir í veginn fyrir það, sem maður vill að verði framgengt, en jeg er viss um, að þetta óþarfa gjald úr kirkjusjóði yrði því til verulegrar tálmunar, að söfnuðirnir tækju að sjer umsjón og fjárhald kirknanna. Jeg skal fara sem stytzt út í

að lýsa vísitatium prófasta, því að ef jeg segði allt, sem jeg veit, að satt er um það efni, þá yrði það ekki til að mæla með þeim, en jeg ætla að sleppa því, vegna þess að menn kynnu að halda að ónýtar vísitatíur eigi sjer fremur stað í mínu kjördæmi en annarstaðar, en það er eigi meining mín. Jeg álít því eigi rjett að borga fyrir skoðunarferðir þessar á hverju ári frá kirkjunum. Jeg skil ekki að það sje til að spilla, þó söfnuðirnir, þegar þeir hafa samkvæmt lögunum fengið umsjónina, selji kirkjusjóðina á vöxtu, og það álít jeg sanngjarnt, að þeir fái þóknun fyrir ómak sitt, því að það hvetur þá líka til að taka að sjer umsjón og fjárhald kirknanna. Jeg vil heyra skoðun þeirra, sem hafa skrifað undir tillöguna með mjer, um það, hvort fyrri liðurinn í 5. gr. megi standa; því það var aldrei meining mín, að allt eptirlit væri útilokað.

Framsögumaður: Jeg hef eigi á móti miðpartinum úr breytingartillögunni: «Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6 af 100 af árstekjum kirkjunnar». Ef að því uppástungumenn vildu fella framan og aptan af breytingartillögunni, þá er jeg ekki á móti henni, því að þetta er að mínu áliti sanngjarnt. En jeg tek það upp aptur, að breytingartillagan, eins og hún er, gjörir frumvarpið óhafandi, því að söfnuðunum eru engar skyldur lagðar á herðar, nema að heimta inn fje kirkjunnar, setja það á vöxtu og taka 6%. Þingmaður Mýramanna gjörði ráð fyrir eptirlitinu sem sjálfsögðu, þó það væri eigi tekið fram; en þá er bezt að sleppa breytingartillögunni og halda við frumvarpið. Hann talaði um óþarfar visitatiur, en það var óþarfi fyrir hann að vera að staglast á því, að þær væru óþarfar á hverju ári, því að þær eru ekki, þar jeg til veit, nema annaðhvort ár, og þar, sem jeg þekki, eru þær alls ekki óþarfar. Þingmaðurinn vill, að prófastar fengju þó fyrir ferðir sínar; það var gott að heyra, en hvar á að taka fje til að borga þeim; í kirkjusjóðinn má ekki fara, það vill hann ekki; hann hefði því átt að setja eitthvað í staðinn, sem þeim yrði borgað af, því að taka svona tekjur ástæðulaust af embættismönnum og án þess að setja neitt í staðinn, getur eigi átt sjer stað. Jeg álít nauðsynlegt, að kirkjusjóðirnir sjeu hafðir á vöxtum, og sóknarnefndin mun að sjálfsögðu eiga að sjá um það, þótt það sje eigi tekið fram í lögum; en hitt er jeg hræddur um, að þær eigi sjái svo vel um kirkjurnar sem skyldi, ef það er ekki tekið skýrt fram í lögunum. Kirkjustjórnin getur ekki sleppt eptirlitinu, það er skylda hennar að sjá um, að allt sje til, sem til þess heyrir, að guðsþjónustan geti farið fram og orðið sem uppbyggilegust fyrir söfnuðina. Þannig hlýtur það að vera, meðan kirkjan er eigi undan þegin yfirstjórninni, og undir eins er það nauðsynlegt, að kirkjustjórnin hafi lög, sem gefa henni rjett til að krefjast þess, sem hún á að krefjast; en eptir breytingartillögunni hefur hún ekki rjett til að heimta neitt af sóknarnefndinni; jeg vil því fastlega ráða frá, að samþykkja þessa breytingatillögu.

Arnljótur Ólafsson: Af því að jeg er einn á meðal þeirra 6 þingmanna, sem hafa skrifað sig undir breytingaratkvæði þetta, þá ætla jeg að láta í ljósi, hverja merking jeg lagði í það. Aðalbreytingin er síðasta atriði greinarinnar: «Þá er sóknarnefnd hefur tekið við fjárhaldinu, skulu skoðunarlaun á kirkju og kirkjureikningum eigi framar greidd úr kirkjusjóði». Með þessum orðum var ekki einungis til ætlazt, að af taka skoðunarlaun prófasta, heldur einnig borgun til presta fyrir að yfirskoða reikninga á bændakirkjum, það er að segja, sem borgun af kirkjusjóði, með því að oss fannst þessi yfirskoðun presta á reikningum bændakirkna óþörf, þegar lögskipuð nefnd var búin að taka við allri umsjón kirkjunnar; og

þó jeg sje svo heppinn, að hafa sjálfur slíka yfirskoðun á hendi, þá er jeg fús á, að afsala mjer henni. Jeg get eigi sjeð, að það sje eðlilegt, að prófastar hafi kaup af kirkjusjóði fyrir embættisferðir sínar. Veraldlegir embættismenn höfðu áður skylduflutning, síðan var því breytt svo, að skylduflutningurinn er greiddur þeim úr jafnaðarsjóðunum, og nú seinast er búið að leggja gjald það á landssjóðinn. Jeg álít rjettast og eðlilegast, að prófföstum sje sem öðrum embættismönnum greidd skoðunarlaun úr landssjóði, því þetta er eigi nema embættisferðakostnaður. Það er þó mikið efamál, hvort kirkjan eigi að borga fyrir það, að ungmennum er hlýtt yfir. Og nú þótt svo væri fyrrum, eins og var með aðrar embættisferðir, þá ættu þessi skoðunarlaun að fara sömu brautina sem skylduflutningurinn er kominn. Ef skoðunarferðir prófasta eru nauðsynlegar, þá er líka skylda landssjóðsins að borga þær. Þessi skoðun rjeði miklu hjá mjer, en jeg áleit, að nú þegar væri eigi nauðsynlegt að til taka, hvaðan skyldi taka þessa borgun, því jeg er viss um, að þó þetta verði að lögum, verða eigi margar kirkjur komnar í safnaða hendur fyrir næsta alþingi, svo prófastar bíða ekki mikinn halla við lögin; en ef svo færi, þá mætti altjend veita þeim borgun með fjáraukalögum 1881. Jeg er samdóma framsögumanni, að nauðsynlegt sje, að öll kurl komi til grafar, og sjá skuli sem bezt um fjárhag kirkna. Það er ekki víst, að menn fái aptur sætisfisk eða kaupamannafisk, hvort heldur er. Þar sem til tekið er, að sóknarnefndir fái 6 af 100 í innheimtu- og ómakslaun, þá er það samkvæmt biskupsbrjefi til presta, sem ákveður þeim 6% »fyrir verzlun kirkjugjalda«, og úr því að þetta hefur ekki verið talið eptir prestum, sem hafa þó stundum ekki skilið sem bezt við reikninga kirkjunnar, þá sýnist eigi ósanngjarnt, að sóknarnefndir fái einnig þessa þóknun; þær deyja ekki þó einstakur maður deyi, og því má jafnan heimta skil af þeim. Jeg get ekki sjeð, að þessi breytingartillaga geti samrýmzt fyrri hluta 5. gr., og álít jeg rjettast, að hún komi fyrir alla 5. grein.

Framsögumaður: Einmitt það, að hún getur eigi samrýmzt 5. gr., er nóg til að sýna, að breytingin er óhafandi. 5. gr. tekur fram allar skyldur, sem sóknarnefndir eigi að gæta, en breytingartillagan ekki nema sumar, og sje hún tekin, þá hafa söfnuðirnir enga skyldu gagnvart kirkjunni, nema heimta inn og setja fje á vöxtu og taka rentu, en þetta er alls ekki nóg. 1. þing-Norðurmúlasýslu sagði, að yfirskoðun presta væri óþörf, er söfnuðirnir hafa fengið ráð yfir henni, en því er jeg ekki samdóma, því þó að kirkjan gangi í hendur safnaðanna, þá er hún eign sjer, eign, sem sjálfir söfnuðirnir geta ekki tekið einn eyri frá. Að fá söfnuðunum kirkjuna í hendur, er gjört til þess, að vekja meiri áhuga á kirkjulegum málum, vekja meiri áhuga hjá þeim á því, að prýða kirkjur sínar, en alls eigi til þess, að þeir megi fara með fje þeirra eins og fje sjálfra sín, og jeg get ekki sjeð, að yfirskoðanir sjeu óþarfar. Jeg er öldungis samdóma 1. þingmanni Norðurmúlasýslu um það, að það sje rjettast og eðlilegast, að landssjóðurinn borgi prófföstum ferðakostnað þeirra, eins eg jeg á hinn bóginn álít það eigi rjett, að prestar borgi prófföstum fyrir að taka út prestaköll, því við úttektir prestakallanna kemur prófastur fram eingöngu af hálfu hins opinbera, til að líta eptir því, að öllu sje svarað, sem svara á, og ekkert gangi úr sjer eða falli niður. Jeg vil biðja þingmenn að gæta vel að breytingartillögunni og frumvarpinu, og mun þeim þá verða ljóst, að hún spillir frumvarpinu mikið, ef hún er tekin öll, en miðpartinum hef jeg ekki á móti, ef tekið er aptan og framan af henni.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls,

ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var:

1. Breytingartillaga 6 þingmanna við 5. gr. samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.
2. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkv.

Kvað forseti það mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild á 37. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 360—361.

Magnús Stephensen sagðist vilja leiða athygli að því, að eitthvað virtist að vanta í 3. gr. Þar stæði, að til þess, að uppástungan gengi fram, yrðu $^2/_3$ að vera með henni, og til þess að hún fjelli, $^2/_3$ móti; ef nú atkvæði væru þar á milli, vissi hann eigi, hvernig ætti að fara að.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla að tala um einstakar greinir, en eitt væri athugavert, að hjer væri gjört ráð fyrir nýjum útgjöldum fyrir kirkjurnar, og væri það eigi hentugt, ef fátækar kirkjur ættu í hlut, og væri því ástæða til að mæla móti frumvarpinu, eins og það hljóðaði, og það því heldur sem á prestafundi í hans prófastdæmi að eins einn hefði verið með líkri uppástungu en allir á móti.

Ásgeir Einarsson sagði, að þingmaður Barðstrendinga hefði vitnað til fundar, en hann kvaðst líka geta vitnað til annars fundar. Einn maður á prestafundinum í Húnavatnssýslu hefði talað um, að jörð hefði verið tekin frá kirkju og lögð til brauðsins, en kirkjan fjelítil, og þyrfti að byggjast; því væri ísjárvert fyrir sóknarmenn að taka við kirkjum, úr því búið væri að fjefletta þær; en annar hefði sagt, hvers vegna menn ættu að vera svo afskiptalausir að láta slíkt viðgangast; hefðu fundarmenn fallizt á skoðun þess síðara, og orðið nær því öll atkvæði með því, að söfnuðir tækju kirkjur að sjer; en hvað sem menn vildu gjöra úr fundum þessum, þá væri víst að konunglega nefndin hefði sumstaðar gjört lítið úr þeim. Aðgætandi væri og, að hjer væri einungis spursmál um samkomulag við prest og stiptsyfirvöld, og væri því eigi talað um, að nauðga neinu upp á sóknarmenn. Loks kvaðst hann vilja mæla með því, að málið gengi til 2. umræðu.

Benedikt Kristjánsson kvaðst vilja mæla með því, að málið gengi til 2. umræðu, svo betur mætti átta sig á því. Í 3. og einkum í 4. gr. virtist sjer sem rjettarhugmyndirnar sjeu eitthvað ruglaðar og ósamkvæmar rjettarástandi því, sem nú er. Mundi ísjárvert að gjöra slíkar ákvarðanir, með fram vegna þess, að það væri komið undir samkomulagi, hvort söfnuðurinn tæki að sjer þessa umsjón. Auðvitað væri að öðru leyti, að ef söfnuðurinn tæki við umsjóninni, yrði hann að fullnægja kröfu yfirstjórnarinnar og skyldum, sem nú liggja á forráðamönnum og eigendum kirkna.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi vera því mótmæltur, að málið kæmi til 2. umræðu, því menn yrðu að hafa tíma til að kynna sjer það; málið væri að vísu prestum í hag, en öðrugra mundi ef til vildi með eptirlitið á kirkjunum fyrir söfnuðina, og þeir staðir væru kannske til, þar sem söfnuðurinn eigi væri fær um að takast þetta á hendur. Hin konunglega nefnd hefði eigi treyst sjer til að framfylgja þessu, af því svo fáar tillögur hefðu komið fram um það frá landsmönnum. Erlendis, t. d. í Noregi, væru sóknarnefndir, og þar væru þá hæst 3 menn í hverri; hann hefði yfir höfuð ekkert á móti því, að málið gengi til 2. umræðu, ef það þá eigi kæmi strax aptur á dagskrána.

Stefán Eiríksson kvað nú umræðurnar um þetta mál orðnar æði langar, og margir af þeim, sem talað hefðu, hefðu bent á ýmsa galla frumvarpsins, og hann væri því samþykkur, að það þyrfti að lagast í ýmsum

greinum, ef menn á annað borð vildu sinna því, hann vildi því leyfa sjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd yrði sett í þetta mál, og fyrstu umræðu frestað.

Forseti bar því næst upp, hvort málinu skyldi vísað til nefndar, og var það samþykkt. Þessir voru kosnir í nefndina:

Eiríkur Kúld með 6 atkvæðum,
Bergur Thorberg,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson.

hlutu 4 atkvæði hver. Var þá hlutað um, hver þeirra þriggja ætti úr að ganga, og kom upp hlutur Árna Thorsteinsonar. Var svo fyrstu umræðu frestað.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 47. fundi, 21. ágúst.

Nefndarálit I 475—576.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson) kvaðst eigi álíta, að ástæða væri til að tala um breytingar nefndarinnar; enda væru þær eigi miklar, og miðuðu til skýringar á málinu, og til að taka skarpt fram hina rjettu skoðun á rjettarástandinu; vonaði hann því, að málinu yrði vísað til 2. umræðu.

Forseti bar því næst frumvarpið upp til atkvæða, og var því vísað til 2. umræðu með 10 atkv.

Önnur umræða í efri deild, á 49. fundi, 23. ágúst.

Jón Pjetursson sagði, að 1. gr. í frumvarpinu væri eigi í samhljóðun við 2. gr. Því eptir 1. gr. fengju söfnuðirnir eigi kirkjur afhentar, nema með leyfi biskups og hjeraðsfundar, en eptir 2. gr. gætu þeir það án þess að hafa þetta samþykki. Það væri og áhorfsmál að fá söfnuðum kirkjur í hendur, nema því að eins að þeir settu veð; því hugsazt gæti, að þeim eigi yrði haldið vel við, eða þá að eptirkomendurnir eigi hirtu um að halda þeim við eða hafa þær; þeir kynnu t. a. m. að verða Mormónar; slíkt gæti að minnsta kosti hugsazt. Hvað 4. gr. snerti, þá ætti víst orðið «eigi» að falla burt, því hitt væri ónáttúrlegt og órjettvíst.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson) sagði, að eins og deildin sæi, hefði nefndin gjört fáar breytingar og eigi aðrar en nauðsynlegar hefðu verið.

Í 1. gr. væri talað um afhending kirkna til safnaðanna, og hefði nefndin álitið þá ákvörðun rjetta, að ákveðinn atkvæðafjölda þyrfti, því bæði þyrfti áhugi manna að vera á því, og svo gæti það og haft peningalega þýðing og ábyrgð. Prestar hefðu rjett til að hafa sjóði kirkna undir höndum, og ættu á hinn bóginn að halda þeim í sómasamlegu standi.

Við 3. grein hefði nefndin gjört breyting, en að eins orðabreyting. Viðvíkjandi 4. gr. hefði nefndin stungið upp á, að 1. kafli falli burtu, orðin «er valdsmaður nefnir», því henni hefði eigi fundizt ástæða til að breyta frá núgildandi venju, enda væri það og umsvifamikið að þurfa að fara ætíð til sýslumanns, ef úttekt ætti að fara fram. Í síðari málsgrein sömu greinar hefði nefndin og stungið upp á, að í stað orðanna «skal þá» komi «og úttektarmenn» o. s. frv.

Það væri alkunnugt, að þegar prestar hefðu byggt kirkju og lánað fje, sem eigi væri endurgoldið, og kirkjan ekki væri í álagsfríu standi, að þá misstu þeir skuldina og yrðu að borga álagið í þokkabót; þar sem kirkjur væru tekjulitlar, þar væru þær sem nokkurs konar þungi á prestakallinu; en að þetta gjörði skakkafall á einstaka presti, væri eigi rjettarástandinu að kenna, heldur því, hvernig úttektin hefði verið, því hún væri vanalega eigi nógu ströng.

Þá væri viðauki við 5. gr., og hefði nefndinni þótt hann nauðsynlegur. Þar væri tekið fram, að söfnuðirnir gengjust undir allar þær skyldur, er legið hefðu á eigendum kirknanna. Hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði viljað hafa veð frá söfnuðunum, en þess mundi varla þurfa við, þar sem varla væri hætta við, að söfnuðirnir yrðu gjaldþrota. Ef þeir yrðu Mormónar, þá fengju þeir sjer auðvitað aðra kirkju.

Forseti bar því næst frumvarpið upp til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. gr. samþykkt með samhljóða atkvæðum.
2. gr. samþykkt í einu hljóði.

Breyting nefndarinnar við 3. gr. samþ. með samhljóða atkvæðum.

3. gr. með þessari breytingu samþykkt með 10 atkv.

Breyting nefndarinnar við 4. gr.:

a. samþykkt með 8 atkv.
b. — — 8 —
c. — — 10 —

4. gr. með breytingum samþykkt með 8 atkv.

Breyting nefndarinnar við 5. gr.

a. samþykkt með 11 atkv.
b. — — 8 —

5. gr. með breytingum samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Málinu vísað til 3. umræðu með samhljóða atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild á 51. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá 1 519—520.

Breytingartillögur I 521—522, 527.

Framsögumaður (*Benedikt Kristjánsson*) sagði, að breytingar nefndarinnar væru að eins til þess að raða niður skynsamlega efninu í frumvarpinu, en alls eigi til þess að breyta því; það hefði verið álitsmál, hvort rjettara væri, að hafa 2. gr. frumvarpsins út af fyrir sig, eða að gjöra hana að viðauka við 1. gr., og hefði nefndin að sínu áliti hitt þar hinn rjettari veginn. Þar á móti væru breytingaratkvæði hinna 3. þingmanna mjög svo þýðingarmikil. Við 1. umræðu hefði hann tekið það fram, að hið núverandi rjettarástand væri eigi rangt í sjálfu sjer, en yrði stundum kringumstæðna vegna óþægilegt; en lögin ættu að ákveða rjettarástandið svo, að hver njóti síns (suum cuique). Breytingaratkvæðið væri auðsjáanlega komið af því, að rjettarástandið yrði stundum óþægilegt, en þó að þetta kynni að heyra undir hið latneska orðtak «summum jus summa injuria», þá ætti þó að binda sig við hinn æðsta rjett; órjettur gæti þá að eins komið til skoðunar, er hinn fyrverandi fjárhaldsmaður kirkjunnar gæti eigi losað sig við hana nema með fjárútlátum, en þar sem nú kirkjan væri eins og ómagi hjá honum, væri það hagur fyrir hann, að losast við hana, þó að hann yrði að greiða fje nokkuð til þess, en með þessu breytingaratkvæði hinna 3. þingmanna væri rekinn slagbrandur fyrir að hann gæti það, með því að hann mundi þá vilja neyta hinna vildari kosta viðtakanda til ógagns, sem mundi þess vegna skorast undan að taka á móti kirkjunni. Hann vonaði, að deildin mundi um þetta efni hafa sömu sannfæring og hann sjálfur.

Jón Pjetursson kvað framsögumann hafa sagt, að 4. gr. frumvarpsins væri byggð á hinu núverandi rjettarástandi, og um það væri hann á sama máli, en að það rjettarástand væri rjettlátt, gæti hann eigi sjeð. Enginn maður væri skyldur að borga fyrir annan mann, nema einhver grundvöllur væri til, sem sú skylda byggðist á; það gæti með engu móti verið rjett, að skylda nokkurn til að borga það, er hann aldrei hafði tekið á móti; hann vissi eigi, hvers vegna þingmaðurinn vildi gjöra það að lögum, er orðið gæti «summa injuria» (mesta rangsleitni). Af frumvarpinu væri eigi mögulegt að sjá, hvað það ætlaðist til að verða skyldi af sjóði kirkjunnar; það ætlaðist kannske til þess að kirkjuhaldarinn skyldi hafa eða eignast hann. Kirkjan mætti þó eins bíða halla einhverntíma eins og eigandi eða umsjónarmaður hennar. Hver maður hlyti enn fremur að sjá, að það væri eigi rjettlátt, að vilja, þegar kirkjan væri í skuld við prest eða eigandann, láta hann eigi að eins missa skuld sína, heldur bæta nýju fje við til að borga með álagið, ef úttektarmenn skipuðu það, og svo ættu þeir að ákveða, hvað mikið hann skyldi fá endurgoldið af skuldinni, og þannig ætti hann það eingöngu undir náð þeirra, hvort hann fengi nokkuð af henni eða ekkert. Svo ætti og að fara að «á sama hátt», ef kirkjan hefði lán þegið af opinberu fje; úttektarmenn ættu því einnig að kveða þá á

um, hvort hún skyldi borga lánið, og það gæti engum þótt fallegt, að hið opinbera væri þannig svipt rjetti sínum til að fá aptur fje sitt.

Framsögumaður benti hinum 3. konungkjörna þingmanni á, að lögin gjöra bæði kirkjuhaldara og eiganda að skyldu, að halda kirkjunni í messufæru og sómasamlegu standi, og því yrðu þeir og að skila henni í því standi. Ef kirkjan væri svo fátæk, að hún eigi gæti haldið sig, þá væri hún skoðuð sem ómagi, en það mætti eins skoða hana sem góða próventukonu; flestar ættu fasteignir og legðu afgjald þeirra á borð með sjer. Hann vildi taka það fram, að ef það væri örðugt, að halda kirkjuna fyrir prestinn, þá væri það óvænlegt fyrir söfnuðinn að taka við henni. Annars mundi eigi þurfa að mæla meira fyrir þessu.

Jón Pjetursson sagði, að það væri rjett, að kirkjueigandi eða haldandi ætti að skila kirkjunni í sómasamlegu standi, en meira mætti eigi heimta af þeim, nema ef sjóður væri. En þetta væri allt annað en það, sem stæði í 4. gr.

Framsögumaður sagði, að þar sem hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði minnzt á sjóð kirknanna, þá hefði sjer komið sama í hug, sem löggjafanum forðum, að slíkt hefði sjer eigi komið til hugar að gæti orðið spursmál um, því það væri sjálfsagt, að kirkjan ætti sinn sjóð. Það væri hjer bent á sanngjarnt tillit, sem getur átt sjer stað, til kirkjunnar. Það væri leiðinlegt, ef fram kæmi ósamkvæmni í frumvarpinu, sem gjörði það ómögulegt, en hann væri fyrir sitt leyti sannfærður um, að það væri sú rjetta hugmynd, sem frumvarpið færi fram á.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, bar forseti fyrst breytingaruppástungurnar og síðan frumvarpið sjálft upp til atkvæða, og var:

1. breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. samþykkt með 10 atkv.
2. breytingaruppástunga nefndarinnar, að 2. gr. falli burt, samþykkt með samhljóða atkvæðum.
3. breytingaruppástunga 3 þingmanna (Jóns Pjeturssonar, Sighvats Árnasonar og Stefáns Eiríkssonar) við 4. gr.:

a, fellt með 6 atkvæðum móti 5 að við höfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Magnús Stephensen,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinsson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín.

b, Hjer varð einnig sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu að við hafa nafnakall, og sögðu

Já:
Magnús Stephensen,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,

Nei:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinsson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,

og var þessi liður breytingaruppástungunnar þannig einnig felldur með 6 atkv. gegn 5.

Frumvarpið sjálft með áorðnum breytingum var samþykkt með 9 atkvæðum.

Kvað forseti það mundu verða sent aptur til neðri deildar.

Ein umræða í neðri deild, á 60. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 526—527.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Efri deildin hefur gjört nokkrar breytingar á þessu frumvarpi; jeg vil ekki segja, að þessar breytingar spilli frumvarpinu, en til verulegra bóta eru þær ekki. Jeg vil samt ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það liggur fyrir, því að það getur orðið til þess, að söfnuðirnir fari að hugsa meir um að prýða og bæta kirkjur sínar.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst þeir stórgallar vera á breytingum efri deildarinnar, einkum á 5. gr., sem nú er 4. gr., að ekki sje umtalsmál annað en að fella frumvarpið. Í neðri deildinni var það samþykkt, að þegar söfnuðurnir tækju að sjer umsjónina með kirkjunum, þá skyldu falla niður skoðunarlaun á kirkjunum og reikningum þeirra. Efri deildinni hefur ekki þóknazt að fallast á þetta; hún hefur að eins látið það standa, að eigi skuli greidd skoðunarlaun á kirkjureikningum af kirkjusjóði, upp frá því að söfnuðirnir taki að sjer fjárhald kirkna. Það er merkilegt, að efri deildin skuli vilja hlífa kirkjusjóðnum við 3 álna gjaldi fyrir skoðun á kirkjureikningum, en kærir sig eigi hót um þótt kirkjurnar verði að greiða 20 álnir fyrir, ef til vill, handónýtar kirkjuskoðanir. Skoðanir á kirkjum eru góðar sumstaðar, en þær eru sumstaðar bráðónýtar. (*Þórarinn Böðvarsson*: Hvar?) Einkum á Suðurlandi og Vesturlandi, en þó líka á Norðurlandi. Jeg álít rjettast af deildinni að fella frumvarpið, eins og það er nú, vegna þess að það er í rauninni aldrei nema byrði fyrir söfnuðina að taka að sjer fjárhald kirkna, og þeir vinna ekki annað við það, en að þeir fá betri og fegri kirkjur. Þar sem er fátækur prestur eða trassi, þar er nauðsynlegt að svipta prestinn fjárhaldinu. Mjer finnst prestastjettin eða kirkjustjórnin — hún álít jeg hafi sæti í efri deild — meta lítils góðan vilja bænda, þar sem hún skuli ekki vilja láta þetta litla eptir söfnuðunum, að þeir þurfi eigi framvegis að greiða úr hinum litlu kirknasjóðum fyrir misjafnar og optlega ónýtar kirkjuskoðanir. Efri deildin segir við bændur: Þjer megið gjarnan hafa allt ómakið fyrir kirkjunum, halda reikninga þeirra, lána þeim stórfje o. s. frv., en þjer verðið að punga út handa prófasti, þegar honum þóknast að vísitera. Því er rjettast, að segja aptur við efri deildina: Vjer höfum gjört þetta tilboð af góðum vilja, en eigðu nú þitt eigið frumvarp, þegar þú kannt ekki að meta góðan vilja bænda betur en þetta.

Framsögumaður: Jeg verð að vera á gagnstæðri skoðun um þetta frumvarp; breytingin, sem á því er gjörð, er ekki nauðsynleg, en hún er heldur ekki skaðleg. Það er sjálfsagt að vísitera kirkjurnar eins fyrir það, þó söfnuðirnir hafi umsjón og fjárhald þeirra, en það er ekki eðlilegt að vísitatíulaun sjeu goldin af fje kirkna, en þó verður að sætta sig við það, því að ef söfnuðirnir bera sig upp undan því, þá geta þeir fengið leiðrjetting á því. Jeg hef tekið það fram og tek það enn fram, að það er ekki tilgangur þessa frumvarps, að breyta í neinu yfirumsjóninni. Þingmaðurinn talaði um bráðónýtar vísitatíur, og sagði, að þær ættu sjer helzt stað á Suðurlandi, en því verð jeg að mótmæla, að svo sje nokkursstaðar þar, sem jeg þekki til. Jeg verð þrátt fyrir mótmæli 1. þingmanns Norðurmúlasýslu að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt, því að jeg ímynda mjer, að það geti á sumum stöðum að minnsta kosti vakið áhuga manna á kirkjum sínum og kirkjuleg málum. Ef söfnuðirnir vilja losast við kirkjuskoðunarlaunin, þá má gjöra það á næsta þingi; mjer fyrir mitt leyti finnst rjettast, að landssjóðurinn borgi allan kostnað við vísitatíur, og eins prófasti kostnað þann, sem leiðir af veru hans við úttektir.

Arnljótur Ólafsson: Það er enn ein breyting á frumvarpinu, sem á er komin í efri deild. 2. gr. er í raun rjettri felld úr, því það er fellt úr, að söfnuðirnir hafi heimting á að fá fjárhald kirknanna í hendur, og meining neðri deildarinnar öll rugluð. Eptir frumvarpinu hafði söfnuðurinn enga heimting til að ná fjárhaldinu af

þeim prestum, sem nú eru í embættinu; en hitt var skýrt tekið fram í frumvarpi neðri deildarinnar, að söfnuðirnir geti heimtað fjárhaldið af nýjum prestum, er fá brauðin eptir þann tíma, er lögin koma út; en þessu er nú sleppt úr frumvarpinu. Það er annars merkilegt í svo einföldu máli eins og þessu, að vera að rýra þessa ósk safnaðanna til þess að hirða betur kirkju sína, því að annað getur söfnuðunum ekki gengið til. Þennan rjett hafa söfnuðirnir ekki nú í frumvarpinu nema með vilja prestsins, því að þó hjeraðsfundurinn verði með því, að kirkjan verði afhent söfnuðinum, þá er það auðsjáanlegt, hvoru megin hryggjar biskup muni verða, þegar presturinn leggur á móti ósk safnaðarins. Allt þarf að fara suður í Reykjavík; þangað verður að sækja leyfi til alls. Nú er efri deildin búin að fyrirskipa, að söfnuðurnir geti eigi heimtað fjárhald kirkna; söfnuðirnir eru enn bundnir við tjóðurhælana, því ekki fjekkst leysingin á sóknarbandinu. Nú vantar einungis, að sú hávísa efri deild gefi út þau lög, að allir skuli hjer eptir trúa því einu, sem biskup skipar að trúa, að uppfræðingin skuli vera alveg eins og hann fyrirskipi; söfnuðina varði ekki um neitt nema að sitja í kirkjunni, þeir megi ekki hugsa um neitt sjálfir, og enginn maður megi einusinni taka í nefið, þótt hann syfji undir þessum blessuðu lesturþulum prestanna.

Framsögumaður: 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að sá eini tilgangur, sem bændur hefðu til að taka að sjer fjárhald kirkna, væri að hirða þær betur, en líka eru til glæsilegar kirkjur með góðu fjárhaldi, sem hugsazt gæti að bændur vildu ná í; einkum ef prófastur ætti aldrei að skoða þær framar, því að eigingirni er líka til hjá bændum. Það sem hann sagði um trúna og biskupinn, álít jeg ekki svara vert; vjer höfum eins og hann veit ríkiskirkju, á meðan kirkja og ríki ekki eru aðskilin, eins og sagt var í Norðlingi heitnum. (*Arnljótur Ólafsson*: Hann lifir enn karlinn!) Mjer finnst frumvarpið meinlaust, og það getur jafnvel verið gagnlegt, og því vil jeg ekki, að það sje fellt.

Þá var gengið til atkvæða og var frumvarpið fellt með 12 atkv. gegn 8.

XLIII. UPPFRÆÐING BARNA.

A.

Frumvarp til laga um skyldur presta og safnaða til að kenna börnum að skrifa og reikna. Frá Sighvati Árnasyni, 1. þingmanni Rangæinga. Sjá I 249.

Fyrsta umræða í efri deild, á 27. fundi, 4. ágúst.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*) sagði, að það væri vitaskuld, að sú grundvallarnauðsyn, sem lægi til grundvallar fyrir því, að koma með frumvarp þetta, væri, að börn gætu fengið meiri menntun, en þau nú almennt ættu kost á og fengju. Hvað það snerti, að þetta væri lagt á presta, þá hjelt hann, að það mundi eigi verða svo tilfinnanleg byrði, því það væri eigi tilgangur frumvarpsins, að leggja á bak þeim ný skylduverk, er þeir þyrftu að hafa sjerstakt ómak og fyrirhöfn fyrir, heldur gættu þeir þessa samhliða öðrum skyldustörfum, og því væri það eigi nýtt ómak; það yrði einungis tímatöf fyrir þá á þeim stundum, sem þeir verðu samt sem áður til barnauppfræðingar, því þeim væri ætlað að vinna þessi störf jafnframt því, er þeir uppfræða börn í kristindómi. Hann sagðist nú eigi mundu fara fleirum orðum um þetta að sinni, fyr en hann hefði heyrt tillögur manna, en yfir höfuð fela málið velvild þingdeildarinnar.

Jón Jónsson sagðist sjaldan hafa orðið glaðari, en er hann sá frumvarp þetta. Hann þakkaði hinum háttvirta þingmanni Rangæinga fyrir það, að hafa fyrstur á löggjafarþinginu flutt það mál, sem þjóðinni ríður mest á af öllum málum, og mundi það einhverntíma ekki verða talið alþingi til sóma, að það hugsaði meira um að hækka laun

embættismanna og skatta alþýðunnar, en að bæta úr því menntunarleysi, er þingmaður Rangæinga hefði kallað sorglegt, en sem ekki væri of mikið að segja, að væri hörmulegt, grátlegt. Það væri sorglegt að fara um þetta land og sjá fátækt alþýðunnar, að koma á útmánuðum á þá bæi, þar sem mjólkurdropi úr einni kú væri allur sá forði, er til væri handa barnaheimili. Það væri hörmulegt að sjá sóðaskapinn og óþrifnaðinn á sumum bæjum, þar sem börnin væru útsteypt í kláða, og menn gætu eigi setzt neinstaðar niður, nema að verða, ef til vill, kvikur af óværð. — En þetta væri nú allt lítið í samanburði við þá andlegu eymd, sem ríkti manna á meðal. Það væri sjaldgæft að hitta unglinga, sem kynnu að skrifa, að minnsta kosti svo mynd væri á; um landafræði, sögu og reikning væri hreint ekki að tala. Það væri undarlegt, að menn hefðu byrjað á því, að gefa út skattalög og ýms önnur lög, en hugsuðu eigi út í það, sem væri hin sanna undirstaða undir allri velmegun landsins og stjórn þess, einkum nú á þessum tímum — uppfræðslu ungmenna. Fyrir þá menn, sem hugsuðu um framför landsins, væri þetta mál því mjög athugavert. Það, sem einkum væri þakklætisvert, væri, að bóndi hefði orðið fyrstur til að koma með þetta. Hann vildi taka það fram, að málið þyrfti ýtarlegrar umhugsunar við, og vildi hann því stinga upp á, að nefnd yrði sett í það. Enn fremur benti hann á, að hann hefði tekið fram hugmyndir sínar um málið í öðru frumvarpi, sem útbýtt hefði verið til deildarmanna í dag; þó að agnúar kynnu að finnast á frumvarpi sínu og 1. þingmanns Rangæinga, þá mundi mega laga þau svo og steypa þeim svo saman, að eitthvað gott kæmi fram af þeim.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi samdóma 2. þingmanni Skagfirðinga í því, að þingmaður Rangæinga hafi fyrstur orðið til að vekja máls á þessu, því fyrst hefði verið vakið máls á því í umburðarbrjefi biskups, en þrátt fyrir það kynni hann þingmanni Rangæinga miklar þakkir, og tæki fúslega undir með 2. þingmanni Skagfirðinga, að það sje næsta gleðilegt, að slíkar raddir komi frá bændum. Eins og frumvarpið liggur fyrir, áleit hann það lítt mögulegt, að koma því við. Reyndar væri hann eigi eins víðförull sem 2. þingmaður Skagfirðinga, enda hefði hann hvergi sjeð slíkt, sem hann hefði gjört orð á að hann hefði sjeð; víst væri og um það, að slæmt væri það hjer með uppfræðing, en þó mundi með það öllu lakara ástatt víða erlendis. Hann vildi eigi fara út í einstakar greinir frumvarpsins, en benda þingmanni Rangæinga á, að það er eigi vandalaust, er skyldur eru lagðar á menn. Það væri lítt mögulegt fyrir presta að takast þetta á hendur, eins og hjer væri gjört ráð fyrir; hann vildi reyndar eigi tala um ómakið, sem því fylgdi, og það væri býsna margt, sem prestar mættu gjöra án borgunar. Það væri víst meiningin, að það væri sama skylda fyrir prestinn að gjöra þetta, sem að búa barn undir ferming, en það væri ósanngjarnt. Hann vildi spyrja, hvar og hvenær presturinn ætti að gjöra þetta? svarið yrði sjálfsagt, í kirkjunni. Allt svo um hávetur; en þá gæti nú verið opt illt að ferðast fyrir börn á 10—14 ára aldri, og svo ættu þau víst að rita og reikna á kirkjugólfinu. En í þessu tilliti vildi hann leyfa sjer að benda á það, að órjett sje að halda söfnuðum fram í rauðamyrkur, því það geti haft slæmar afleiðingar. Þess megi þar að auki gæta, að til slíkrar kennslu vanti bæði bækur og hús. En hann vildi leyfa sjer að benda á eitt, án þess að gjöra það að uppástungu, og það væri, að fá menn til að fara um sóknirnar og kenna börnum nefndar námsgreinir, og mætti ef til vill launa honum af sveitarsjóði. Að endingu lýsti hann yfir því, að sjer þætti í raun og veru uppástungan fögur, og vildi því leggja það til, að nefnd yrði sett í málið, til þess að hjálpa því við, og þetta því fremur sem öðru frumvarpi hefði verið útbýtt í dag, er fer fram á hið sama.

Flutningsmaður kvað sjer þykja vel hafa verið tekið undir málið, og væri hann þeim, er látið hefðu í ljósi skoðun sína, þakklátur

fyrir hinar góðu viðtökur, er þeir hefðu veitt frumvarpinu. Hann kvaðst kunna þingmanni Barðstrendinga og hverjum, sem fundið gæti betri veg, en frumvarpið benti á, til slíkrar kennslu, miklar þakkir. Það væri á valdi hinnar heiðruðu þingdeildar, að setja nefnd í málið. En það vildi hann taka fram og benda mönnum á, að varlegt sje að hugsa sjer mikla kennslu á þessu stigi, hvort sem það væru prestar eða hlutaðeigendur sjálfir, sem ættu að annast hana. Þá vildi hann og taka það fram, sem lægi til grundvallar fyrir þessu, og væri það það, að þetta frumvarp ætti við þau hjeruð, sem ekki hefðu barnaskóla, og sem ekki er hagkvæmt að stofna þá í, sem víða ætti sjer stað.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort nefnd skyldi sett í málið, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Í nefndina voru kosnir:

Sighvatur Árnason með 9 atkv.
Eiríkur Kúld — 6 —
Bergur Thorberg — 4 —

Var umræðunni síðan frestað.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 34. fundi, 12. ágúst.

Nefndarálit I 336—338.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) kvaðst eigi hafa ástæðu til að tala, fyr en hann hefði heyrt, hvernig mönnum geðjaðist að nefndarálitinu yfir höfuð. Nefndin hefði verið í vandræðum með frumvarpið, þar sem mörgum hefði fundizt það of stutt, en hún hefði eigi treyst sjer til að fara lengra vegna þess, hvernig hagaði til víða hjer á landi. Hann vildi drepa á það, að breyting hefði verið gjörð við 1. gr., og við 2. gr. hefði verið bætt inn «tugabrot»; það væri að vísu lítið, sem heimtað væri, en það mætti þó segja um það, að lítið væri betra en ekki neitt; það væri þó hægra fyrir greindan ungling að bæta við það. Að því er snerti aðhaldið, þá væri 3. gr. bætt við. Viðvíkjandi 4. gr. væri höfð hliðsjón af eldri lögum um uppfræðslu barna. Meira ætlaði hann eigi að segja um þetta mál að svo komnu, fyr en hann hefði heyrt skoðanir manna.

Jón Jónsson þakkaði nefndinni fyrir það, er hún hefði gjört, því þó það eigi væri langt stig fram á leið, þá væri það samt framför. Nefndinni hefði þótt erfiðleikar á um söguágrip og landafræði. En þetta söguágrip þyrfti eigi að vera svo stórt, sem það, er kennt væri í barnaskólum; á barnaskólanum hjer í bænum og á Ísafirði mundu vera kennd ágrip Páls Melsteðs í sögu og landafræði, og ýmislegt fleira, svo sem: danska, söngur og leikfimi. Það ágrip, sem hjer væri spurning um að börnin lærðu, mætti vera að sínu leyti eins lítið eða minna en kver það, er kennt væri í kristindóminum. Nefndin hefði að vísu fallizt á tillögur hans um að borga kostnaðinn úr sveitarsjóði, en svo hefði og átt að vera með kostnað þann, er yrði til áhalda; því prestinn gæti munað um að þurfa að borga bæði reikningsspjöld og pappír eins og lærdómsbækur. Loks vildi hann skjóta því til nefndarinnar, að skerpa aðhaldið með að gjöra það að skilyrði fyrir fermingu og hjónabandi, að vera búinn að læra að skrifa og reikna, auk lestursins og kristindómsins.

Framsögumaður sagði, að 2. þingmaður Skagfirðinga hefði sjeð, að nefndin hefði tekið tillögur hans til greina, en að því er viðkom sögu og landafræði, þá hefði hún eigi sjeð sjer fært að gjöra það að fastri reglu; ef um barnaskóla væri að ræða, þá gæti tillaga hans verið góð, en hann vildi benda honum á, þar sem uppfræðing væri annars góð, þar væri enda kennt eitthvað í dönsku og jafnvel dálítið í sögu og landafræði. Þar sem þingmaðurinn hefði álitið, að prestar ættu að kaupa lærdómsbækur, þá væri það rangt, þeir ættu einungis að sjá um, að þær væru til. Það væri eigi heldur gott að hafa það sem skilyrði fyrir fermingu og giptingu, að menn kunni að skrifa og reikna, því til þess sjeu dæmi, að sum börn geti eigi lært alla lærdómsbókina, og sjeu þá fermd með biskupsleyfi. Að það sje skilyrði fyrir giptingu, að bæði sjeu

skrifandi og reiknandi, það geti verið mjög íhugunarvert, það væri gott ef annað hjónaefnanna kynni það, en að gjöra það að lagaskyldu, einkum um bæði, áliti hann eigi hentugt, eins og víða hagar til.

Ásgeir Einarsson kvaðst hafa orðið mjög glaður, er hann sá frumvarpið, og einkum af því, að það var komið frá bónda, því það væru þeir, sem kunnugast væri um fáfræði almennings. En hjer þætti sjer nokkuð hart að gengið, þar sem lagður væri á menn kostnaður, og svo mætti taka með lögtaki, og það þó kostnaður nemi allt að 50 kr. Þetta væri hart, ef fátæklingar ættu í hlut. Hann vildi taka til dæmis, ef fátæk hjón tækju að sjer munaðarlaust barn af meðaumkvun, þá væri æði hart aðgöngu að taka hjá þeim með lögtaki fyrir, að þau hefðu eigi látið því það í tje, sem þau eigi gátu. Ef þessu eigi væri breytt, gæti hann því eigi verið með frumvarpinu, en með litlum breytingum vildi hann vera því meðmæltur. Þeir menn hefðu átt að vera til, sem eigi hefðu getað talið hlutinn sinn forðum, þegar verið var að taka spítalahlutinn; ætli þeir gætu kennt reikning? en öllum hörðum lögum væri illa hlýtt, þannig hefði farið um stóradóm. Svo mætti og gæta þess, að það væri örðugt að koma þessu við í sveitum. Þó börnum sje kennandi kristindómurinn, þá mætti það vel vera, að þau gætu eigi lært þetta, því dæmin væru til, að börnum hefði verið kenndur kristindómurinn, án þess að þau þó lærðu að lesa; það væri og hugsanlegt, að þetta yrði til að koma mönnum í basl og bágindi, og hann vildi því taka það fram, að sjer þætti það mjög «ópraktiskt». Ef líf hefur komið í hjeruðin, til að mennta unglinga, þá hefðu menn fremur keppt sín á milli um uppfræðinguna, en þurft að nauðga þeim til að uppfræða börn sín, og fátækur fjölskyldumaður gæti ekki klofið slíkt hjálparlaust, hvað feginn sem hann vildi, og væri þá hart að sekta hann.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi vera á sama máli og þingmaður Húnvetninga í því, að tillögur nefndarinnar væru óhafandi; sjer þætti að vísu 4. grein, sem nefndin vildi bæta inn í frumvarpið, vera nokkuð ísjárverð, en þó yrðu allir að játa, að ef nokkuð ætti að verða úr þessu frumvarpi, er til framkvæmda kæmi, þá yrði að mega taka unglinginn frá því heimili, er hann gæti eigi notið hinnar nauðsynlegu tilsagnar; svo yrði þingmaðurinn vel að gæta þess, að ákvörðunin næði að eins til þeirra barna, er væru «hæf», og um það væri prestsins að dæma. 50 króna sekt þætti sjer heldur há, þar sem fátækir optast mundu eiga í hlut, og gæti annaðhvort nefndin eða hann eða þingmaður Húnvetninga komið með breytingaratkvæði við það, ef þeim litist svo, og fært sektina t. a. m. niður í 25 kr.

Framsögumaður kvað þingmann Húnvetninga nú hafa hent það, er sjaldan bæri að, nefnilega, að berjast við skuggann sinn; ef hann hefði lesið frumvarpið eins rækilega og þingmaður Skaptfellinga, þá hefði hann komizt hjá, að reka sig svona hraparlega á; ef hann að eins hefði tekið eptir orðinu «hæf», og um leið athugað, hver ætti að dæma um, hvort þau væru það, þá mundi hann hafa sjeð, að presturinn mundi vera eins fær um að dæma um það, eins og kunnáttu þeirra í kristindóminum, og þá vonaði hann, að hann ætlaði prestinum eigi það ranglæti, að hann ljeti taka lögtaki, þar sem hann áliti það eigi rjett, og ef hann kannaðist við þetta hvorttveggja, hlyti hann í þriðja lagi að kannast við það, að mótbára hans móti þessari ákvörðun væri orðin að reyk. Hann þekkti þingmanninn svo vel að því, að vilja styðja og efla alla uppfræðing í landinu, að hann gæti eigi trúað honum til, að vilja fella þetta mál, þó að honum þætti stigið nokkuð of langt, heldur ætti hann þá að koma með breytingaratkvæði. Hann kynni eigi heldur við það hjá honum, að hafa sem ástæðu móti þessu máli hið forna brixl við Sunnlendinga, að þeir kynnu eigi að telja hlutinn sinn, því að þetta frumvarp gengi einmitt út á svo mikið, að þeir gætu talið

hann. Viðvíkjandi sektunum vildi hann taka það eitt fram, að þær mætti miða við fleiri en þá, sem ættu fyrir börnunum að sjá og segja.

Jón Jónsson kvaðst að vísu eigi vera eins kunnugur barnauppfræðingu, eins og þingmenn Barðstrendinga og Húnvetninga, en sjer væri samt óskiljanlegt, að börn gætu eigi lært reikning og að draga til stafs, ef þau gætu lært kristindóm sinn; til þess að læra að skrifa, þyrftu þó engar andlegar gáfur, og ekki nema að eins að brúka höndina. Framsögumaður hefði eigi svarað sjer nógsamlega um það, að prestur hlyti að útvega öll áhöld til kennslunnar, svo sem spjöld til að reikna á, o. s. frv. Eptir lögunum, er nú stæðu, væru prestar skyldir að sjá um, að til væru lærdómsbækur, og gæti hann eigi betur sjeð, en að prestur hlyti þá að vera skyldur að leggja fje út fyrir þær fyrir fram, ef bóksali neitaði að hafa þær til að öðrum kosti, og sama máli hlyti að vera að gegna um áhöldin til að skrifa og reikna; hann hefði stungið upp á að leggja þessa skyldu á sveitarnefndirnar, að eins til þess að ljetta henni af prestunum. Viðvíkjandi sektunum vildi hann benda þingmanni Skaptfellinga á, að nefndin ætlaðist varla til, að hvert brot gegn lögum þessum skyldi varða 50 kr. sektum; þvert á móti væri það sjálfsagt, að sektir venjulega yrðu miklu lægri og jafnvel eigi nema fáir aurar, en menn gætu hugsað sjer svo stórt brot gegn þeim, að sektirnar mættu vera 50 krónur.

Ásgeir Einarsson kvað framsögumann að eins hafa haft það í móti orðum sínum, að hann hefði eigi sjeð orðið hæfilegleika; en hann vissi það, að margir foreldrar væru svo fátækir, að þá skorti efni til að koma börnum sínum til mennta burt frá sjer, og því hefði sjer boðið við hinum háu sektum; hann sæi eigi, hvaðan ætti að taka þann kostnað, er af því leiddi. Þar sem þingmaður Skagfirðinga gæti eigi skilið, að börn gætu eigi lært að skrifa og reikna, þá kæmi það víst af því, að hann hefði eigi kennt mörgum ónæmum börnum kristindómiun.

Framsögumaður kvað það vera helga skyldu prestsins, að sjá um, að börnum þeim, er eigi gætu notið fræðslu í heimahúsum, væri komið fyrir annarsstaðar, og ef eigi annað væri hægt, þá á kostnað hreppssjóðsins; þingmaður Húnvetninga hefði átt að kippa burt 53. gr. stjórnarskrárinnar, áður en hann fann að þessu atriði hjá nefndinni, því að hún hefði beinlínis þessa ákvörðun inni að halda, og til þess að þingmaðurinn sæi, hversu hraparlega hann hefði barizt við skuggann sinn, vildi hann leyfa sjer að lesa upp greinina. (*Ásgeir Einarsson:* Misskilningur, þar er eigi talað um skript og reikning). Nei, en nefndin ætlast til, að sama ákvörðun nái nú til þeirra vísindagreina. Þingmaður Skagfirðinga hefði sagt, að hann hefði eigi svarað sjer út af skyldu presta til að útvega skriffæri og þess konar, en hann vildi benda honum á, að þó að prestar sjeu skyldir að útvega, eru þeir eigi skyldir að borga, því að »útvega« og »borga« er sitt hvað. Hann vildi eigi heimta, að sveitin keypti slíkt nema að eins fyrir sveitarbörn. Þar sem hann tryði eigi því, að börn gætu eigi lært að skrifa og reikna, þá skyldi hann benda honum á, að sum væru svo tornæm og sum svo málhölt, að þeim yrði aldrei kennt að lesa, og með því að þingmaðurinn mundi þessu lítt kunnugur, ætlaðist hann til, að hann tæki orð kunnugra manna eins trúanleg og sín eigin, og hann hlyti að játa, að hann hefði minna vit á slíku, en prestar út um landið.

Málinu var því næst vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 37. fundi, 14. ágúst.

Breytingartillögur I 365. 366, sbr. nefndarálit I 336—338.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) sagði, að fram hefðu komið 2 breytingaratkvæði við frumvarpið, og væri hann þeim mönnum, sem þau hefðu gjört, þakklátur, því þeir vildu málinu vel, en hann gæti þó

eigi fallizt á breytingar þeirra. Hvað snerti breytingaruppástungu 1. þingmanns Húnvetninga, þá væri það auðskilið, að tilgangurinn væri góður, en hann óttaðist víst, að valdinu yrði beytt ófyrirsynju, en slíkt væri óþarfi. Það megi hugsa sjer, að enginn á bænum geti kennt skript og reikning, og efni vanti til að koma börnum fyrir, og enginn fáist, að fara þangað til að kenna; það væri því annaðhvort að leggja árar í bát, eða prestur að hafa heimild til að taka barnið burtu; en það geti engin hætta verið í því, þó þetta eigi sjer stað; það sjeu öll líkindi til, að hreppsnefndir muni styðja það eptir mætti, og presturinn í síðustu lög leggja það til, að tekið verði lögtak. En hvað snerti breytingaratkvæði 2. þingmanns Skaptfellinga, þá væri hann að vísu eigi móti því, en hann áliti það óþarft; ef þingmaðurinn læsi frumvarpið vel, þá sæi hann, að þar væri til tekið allt að 50 kr.; það væri það hæsta stig; sjer þætti rjett, að til taka hið hæsta, því það fældi frá, að brjóta lögin; yfir höfuð mundi það bezt að fylgja nefndinni.

Ásgeir Einarsson kvaðst vilja halda þessum krakka undir skírn, þó hann væri ekki stór; hann væri hlessa á því, að þingmaður Barðstrendinga skyldi eigi skilja meininguna í breytingaruppástungu sinni; sjer ofbyði sem sje að leggja slíka sekt á fátæklinga og taka hana svo lögtaki, þegar þeir gætu ekki borgað, og ef það kæmi af fátækt, að menn eigi borguðu, þá væri svo hart að gengið með lögtakinu, að hann gæti eigi verið þar með. En ef ætti að hlífa þeim við lögtakinu, þá væru þessi lög til einskis, því það væri eigi til neins að hafa þau lög, sem eigi væri framfylgt. Hann vildi því heldur fella frumvarpið, eins og skilið hefði verið við það, ef breytingaratkvæðið fjelli.

Stefán Eiríksson sagðist ekki standa upp til að mæla mikið með breytingaratkvæði sínu. Sjer þætti ísjárvert, að hafa sektirnar svo háar, eins og til tekið væri í frumvarpinu. Kostnaðurinn í 4. gr. væri nógur, þó eigi bættist þetta við. Það hefði því verið tilgangur sinn, að girða fyrir, að hæsta stig sektanna yrði mjög hátt; það ætti bezt við, að fara sem mannúðlegast að í máli þessu; flestir foreldrar mundu taka þessu vel, og því óþarfi að hafa sektirnar svo gífurlegar, að jafnvel vandræði gætu leitt af þeim fyrir sveitafjelögin.

Framsögumaður var samdóma 2. þingmanni Skaptfellinga í því, að bezt væri að fara vel í mál þetta, og eins, að því mundi tekið vel, og að því leyti væri ástæða að fylgja uppástungu hans; en hann vildi benda á það, að enginn beitti háum sektum nema í sjerstökum tilfellum. Sjer sýndist því ekkert móti því, að háar sektir sjeu til, en hann kvaðst játa, að báðum þessum þingmönnum gengi gott til með breytingar sínar.

Ásgeir Einarsson sagði, að af því framsögumaður hefði borið svo mikið traust til hreppsnefndanna, þá ætlaði hann að bera svo gott traust til prestanna, og eigi gefa 1. gr. atkvæði sitt.

Sighvatur Árnason sagði, að breytingaruppástunga 1. þingmanns Húnvetninga væri vel takandi í mál; hún bætti úr, því hún ákvæði, hvar beita eigi valdi, og svo liggi í henni hlíf, þar sem fátækt sje fyrir; kinoki menn sjer að láta börnin frá sjer, verði það að vera álitsmál í hreppnum. Hann mundi því hiklaust gefa breytingu þessari atkvæði sitt.

Framsögumaður kvaðst eigi vilja gjöra þetta að kappsmáli, það væri á deildarinnar valdi, hvað hún vildi gjöra við málið. Með tilliti til 1. þingmanns Húnvetninga vildi hann benda á, að þær ákvarðanir, sem nefndin hefði sleppt síðast í 1. gr., þær væru einmitt teknar fram í 3. gr. hjá nefndinni.

Þá var gengið til atkvæða eptir prentaðri atkvæðaskrá (I 374—375), og fjellu atkvæðin þannig:

1. tölul. samþykktur með 9 atkvæðum.
2. tölul. með áfallinni breytingu samþykktur með 9 atkvæðum.

3. tölul. samþykktur með 9 atkvæðum.
4. tölul. með áföllnum viðauka samþykktur með 9 atkvæðum.
5. tölul. samþykktur með 9 atkvæðum.
6. tölul. fallinn.
7. tölul. samþykktur með 7 atkvæðum.
8. tölul. með áfallinni breytingu samþykktur með 10 atkvæðum.
9. tölul. samþykktur með 6 atkvæðum.
10. tölul. með áfallinni breytingu samþykktur með 10 atkvæðum.
11. tölul. samþykktur með 10 atkvæðum.
12. tölul. þar með fallinn.

Málinu síðan vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild á 40. fundi, 16. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 396.

Með því að enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var það samþykkt með 9 atkvæðum. Kvað forseti það nú verða sent til neðri deildar.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 48. fundi, 19. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 423—424.

Guðmundur Einarsson: Það gleður mig sannarlega, að frumvarp þetta er komið fram, og vona jeg, að það fái meðmæli deildarinnar. Í frumvarpi þessu er komið hálfa leið á móti þeim almennings vilja, að börnin fái sem bezta uppfræðing, og á móti þerri löngun hjá prestunum, að hjálpa unglingunum til framfara. Frumvarp þetta inniheldur því nýja hvöt, bæði fyrir prestana til að líta sem bezt eptir uppfræðingn og framförum ungmenna, sem og fyrir foreldra og vandamenn til að stíga feti lengra en hingað til hefur gjört verið í því, er lítur að menntun og uppfræðingu barna þeirra. Ef tíminn hefði verið nægur, þá hefði jeg viljað stinga upp á nokkrum breytingum við frumvarp þetta, en tíminn er nú svo naumur orðinn, að jeg vil ekki eiga undir því, að koma með breytingartillögur við frumvarpið, og að það kynni að verða til þess að fella málið eða að varna því, að það næði fram að ganga. Jeg vil því mæla sem mest og bezt með frumvarpi þessu, og verð að álíta það gott framfarastig til menntunar almennings.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer er ómögulegt að vera eins glaður yfir frumvarpi þessu, eins og þingmaður Dalamanna. Það gleður mig reyndar, að meiningin með frumvarpinu er góð, og það mundi einnig gleðja mig, ef frumvarpið gæti haft þann árangur, sem uppástungumenn þess hafa ætlazt til. En prestanna vegna verð jeg að vera óglaður yfir því. Þó að nú sje 1. umræða máls þessa, þá skal jeg leyfa mjer að hlaupa yfir frumvarpið grein fyrir grein. Í 1. grein er prestunum gjört að skyldu, að þeir skuli sjá um, að öll börn, sem til þess eru hæf, að áliti prests og meðhjálpara, læri að skrifa og reikna. Jeg verð að ætla, að þessi skylda prestanna, að grennslast eptir þessu og að hafa eptirlit með þessu, sje svo þungbær, að hún sje með öllu ofvaxin þeim prestum, er erfiðum brauðum þjóna. Í 3. grein liggur sú ákvörðun, að ef presturinn á að fara samvizkusamlega að, þá á hann að taka börnin undir próf og gefa þeim einkunnir. Ef þetta á að takast stranglega, getur það orðið lítt kleyft. Stefnan í 5. gr. er sú, að hvert brot gegn lögum þessum varði 25 krónum, eða ef barnið getur eigi lært að skrifa og reikna, þá skuli prestar eða hlutaðeigendur sektast þessum sektum. Nú fer eigi að verða mikil gleði prestanna vegna. Jeg er því í miklum vafa um, hvernig jeg á að gefa atkvæði um frumvarp þetta, eins og það nú er lagað, þótt jeg að öðru leyti væri manna fúsastur á, að styrkja mál þetta; því að mjer virðist mjög viðsjárvert og þykir enda engin ástæða til, að gefa út ströng lög fyrir prestana, sem þeim veitir erfitt mjög að fylgja, og rangt að gefa út þau lög, sem menn ekki geta hlýtt.

Páll prestur Pálsson: Jeg tek í sama strenginn og þingmaður Dalamanna, að jeg er glaður yfir því, að frumvarp þetta er fram komið, og þó mjer að sumu leyti þyki það þurfa breytinga við, þá ann jeg málinu svo mjög, að jeg vil engar breytingartillögur gjöra við það, til þess að það því heldur fái fram að ganga. Jeg játa að vísu, að frumvarp þetta hefur inni að halda nokkurn lítinn viðauka við starfsvið eða verkahring prestanna, og eykur þeim nokkra erfiðleika, en aðgætandi er, að prestinum er eigi einum gjört að skyldu að hafa eptirlit með uppfræðingu barnanna, heldur meðhjálpurunum einnig, enda get jeg varla ímyndað mjer annað, en að flestir prestarmundu hafa yndi af því, að uppfylla sem bezt þessa skyldu sína. 2. þingmaður Gullbringusýslu kvað prestum mundu verða svo þungbært að hafa bókfærslu um framfarir barnanna í skript og lestri; en má jeg spyrja: er það þá eigi bein skylda prestanna að skrifa í embættisbækur sínar, hvað langt hvert barn er komið í lærdómi og hvernig það les? Eiga þeir eigi að grennslast eptir menntunarástandi sóknarfólks síns, og hafa eptirlit með uppfræðingu barnanna í sóknum sínum? Jeg ætla eigi betur, en að þetta sje bein skylda þeirra. Það er snertir þá ákvörðun 3. greinar frumvarpsins, að presturinn skuli rita inn í húsvitjunarbókina einkunnir um kunnáttu barnanna, þá veit jeg ekki betur, en að presturinn hvort sem er riti á hverju ári inn í húsvitjunarbókina, hve langt börnin eru komin í kverinu, og mundi prestum víst ekki muna mikið um, þótt hann þá skrifaði einkunnirnar um skript og reikning um leið. Það er sektirnar snertir, þá hræða þær mig eigi mikið; það er auðvitað, að svo er um þessar sektir sem aðrar, að þær eru ægilegar fyrir þá eina, er vanrækja köllun sína, en eigi fyrir hina, er gegna henni vel. Jeg lýsi því yfir því áliti mínu, að jeg tel frumvarp þetta hina mestu rjettarbót, og vil jeg því fastlega mæla með því, að það nái fram að ganga.

Guðmundur Einarsson: Bæði er svo, að 1. þingmaður Skaptfellinga hefur tekið það fram, er jeg vildi sagt hafa, enda get jeg eigi talað um frumvarpið, nema að fara út í einstakar greinir þess, og mun jeg því geyma mjer orðið þangað til við 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal taka það upp aptur, að ef frumvarp þetta væri tekið lauslega, þá væri hægt að fara eptir því; en ef það er tekið samvizkusamlega, þá verður það of þungt fyrir flesta presta, þó að það kunni eigi að verða of þungt fyrir 1. þingmann Skaptfellinga. Eptir 1. grein á presturinn að dæma um, hver börn sjeu hæf eða eigi hæf til þess að læra að skrifa og reikna. En hver börn eru hæf til þessa, og hver eru óhæf? Jeg ímynda mjer, að það yrðu flest börn, er álíta mætti hæf til þessa. 1. þingmaður Skaptfellinga hjelt, að þetta mundi eigi mikill viðauki við starfsvið prestanna; en jeg verð að ætla þetta sannarlega verulega viðbót.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg mæli með því, að mál þetta nái að ganga til 2. umræðu, til þess að mönnum gefist kostur á að fara út í einstakar greinir þess, og geta þá komið í ljós bæði kostir og ókostir frumvarpsins.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 12 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 53. fundi; 21. ágúst.

Breytingartillaga I 489.

Þórarinn Böðvarsson: Það er sannast að segja, að mjer þótti ísjárvert að kasta frumvarpi þessu, en þó virðist mjer það óhafandi með 5. grein. Jeg leyfi mjer því að skora á hina heiðruðu deild að fella þá grein burt og taka síðan frumvarp þetta óbreytt.

Guðmundur Einarsson: Jeg er alveg samdóma hinum heiðraða þingmanni, að jeg vil fella 5. grein; jeg álít nóga trygging í 4. grein.

Ísleifur Gíslason: Frumvarp þetta á upptök sín í mínu hjeraði, og er byggt á áskorun fundar, sem þar var haldinn. Mjer hefði því þótt mjög leitt, hefði jeg neyðzt til að greiða atkvæði móti því, og það hefði jeg gjört, hefði það legið fyrir nú, eins og það var við 1. umræðu, en nú, þegar stungið er uppá að fella úr 5. greinina, get jeg glaður gefið atkvæði með því.

Páll Pálsson prestur: Mig gladdi stórlega, að sjá breyting hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu, og þó gladdi mig enn meir að sannfærast um, að hann er sannur framfaramaður. Jeg bið hinn heiðraða þingmann að þiggja mínar beztu þakkir.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg neitaði að vísu aldrei þessu frumvarpi, því tilgangurinn er loflegur og góður, en ákvörðunina í 5. gr. um 25 kr. sektir fyrir hvert barn, sem einhver kynni að segja að hefði mátt kenna að skrifa, en kunni það ekki, á hana hefði jeg aldrei fallizt. Nú vona jeg, að frumvarp þetta gangi fram og verði til uppbyggingar.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. Frumvarpsins 1. gr. samþykkt með 12 atkvæðum.
2. Frumvarpsins 2. gr. samþykkt með 11 atkvæðum.
3. Frumvarpsins 3. gr. samþykkt með 13 atkvæðum.
4. Frumvarpsins 4. gr. samþykkt með 11 atkv.
5. Breytingartillaga 2. þingmanns Gullbringusýslu, að 5. gr. falli burt, samþykkt með 20 atkvæðum.
6. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.
7. Málinu skotið til 3. umræðu með 16 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 57. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 495.

Með því enginn tók til máls, bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 14 atkvæðum.

Kvað forseti það nú verða sent aptur til efri deildarinnar.

Ein umræða í efri deild, á 53. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 520—521.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) sagði, að deildarmenn sæju, að frumvarpið kæmi nú aptur óbreytt frá neðri deildinni, að því undanskildu, að sektirnar hefðu verið felldar burtu, og þó að þær breytingar hefðu gjörðar verið í neðri deildinni, þá vildi hann ráða deildinni til að samþykkja frumvarp þetta, eins og það lægi nú fyrir.

Jón Jónsson kvaðst vera á sömu skoðun og þingmaður Barðstrendinga um það, að deildin ætti að fallast á frumvarpið, eins og það nú kæmi fyrir, og vildi hann geta þess, að sjer virtist það ljóst, að sektaákvarðanir þær, sem væru í hinum eldri lögum um uppfræðing barna í kristindómi, einnig næðu til skyldna þeirra, sem nú væru orðin lög um að uppfræða börn í skript og reikningi.

Framsögumaður sagði sjer sýndist eigi spursmál vera um að samþykkja frumvarpið, þó þessi grein væri felld burt, því að hann fyrir sitt leyti vildi eigi missa frumvarpið.

Forseti ljet þá greiða atkvæði um frumvarpið, og var það samþykkt með öllum atkvæðum, og kvað hann það yrði afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

B.

Frumvarp til laga um uppfræðing barna. Frá Jóni Jónssyni, 2. þingmanni Skagfirðinga. Sjá I 269—270.

Fyrsta umræða í efri deild, á 28. fundi, 5. ágúst.

Flutningsmaður (Jón Jónsson) sagði, að þingmaður Barðstrendinga hefði í gær tekið það fram, að með uppástungu þingmanns Rangæinga væri mjog aukið starf presta;

en ef hann nú skoðaði þær skyldur, sem prestar hefðu samkvæmt lögunum, þá væru þær talsvert öðruvísi en þær skyldur, er þeir nú almennt gegndu.

Lög þau, sem nú væru í gildi um barnauppfræðinguna, væru tilskipanirnar frá 29. maí 1744, um barnaspurningar, og 27. maí 1746, um húsvitjanir, og loksins konungsbrjef frá 2. júlí 1790, um uppfræðslu ungdómsins í Skálholtsstipti.

Samkvæmt þessum lögum væri hver húsráðandi skyldur til að sjá um, að sjerhvert barn á heimili hans byrjaði að lesa fyr en það væri 5 ára gamalt; hver prestur væri skyldur til á hverjum sunnudegi á árinu að yfirheyra börnin eptir messu í barnalærdómi og sannri guðfræði, og ætti hann eptir yfirheyrsluna að setja þeim, sem lært hafa að lesa, það fyrir, sem þau ættu að læra, þangað til næsta yfirheyrsla gæti farið fram, og væri það skylda húsbænda, samkvæmt leiðbeiningu prestsins, að sjá um, að þetta yrði gjört, og að námið yrði börnunum að sönnu gagni.

Þar að auki ættu prestarnir minnst tvisvar sinnum á ári að húsvitja á hverju heimili í prestakallinu; en væri prestakallið lítið og engin útkirkja, ættu þeir að húsvitja optar. Þeir ættu að rannsaka, hvernig börnunum væri kennt þar á bænum, og væri hvert hjú, ef húsbóndinn væri eigi fær um að kenna börnunum, skylt að gjöra þetta. Væri hvorki húsbóndi nje neinn annar maður á bænum fær um að kenna börnunum, væri það skylda prestsins, að taka börnin frá heimilinu og koma þeim fyrir annarsstaðar, ef í nauðirnar ræki, jafnvel án samþykkis foreldra eða húsbænda, og væru þeir, er sýndu tregðu í þessu, sekir 4 mörkum fyrir hvert barn; en þau hjú, sem væru fær um að kenna börnum og vildu eigi taka að sjer þessa kennslu, skyldi setja í gapastokk um 2 klukkustundir eða lengur.

Loksins ættu prestarnir á húsvitjunarferðum sínum að grennslast eptir því, hverjar bækur væru til á hverju heimili, og væru húsbændur skyldir, að viðlagðri 2 marka sekt, að kaupa þær bækur, sem prestur áliti nauðsynlegar. Þar að auki ætti presturinn að kaupa sjálfur bækurnar gegn endurgjaldi frá húsráðandanum. En sá prestur, sem vanrækti skyldu sína í nefndu tilliti, og sjer í lagi ekki spyrði börnin í sóknum sínum á hverjum sunnudegi, væri sekur í fyrsta og annað sinn svo háum sektum, er hann gæti borgað, eins og konungsbrjef 22. apríl 1635 kæmist að orði, en í þriðja sinn skyldi hann settur frá embætti.

Þegar þessar ákvarðanir væru athugaðar, og þess gætt, að prestur samkvæmt hinni gildandi löggjöf ekki að eins væru skyldir að leggja út kostnaðinn við bókakaup, heldur einnig að taka börn frá hirðulausum húsráðendum, og koma þeim til uppfræðslu á öðrum heimilum, þá vonaði hann, að öllum yrði ljóst, jafnvel þingmanni Barðstrendinga, að ef lögum þessum væri fylgt fram, eins og börnin, foreldrar þeirra og alþingi á heimting á, þá yrði það flestum prestum, eptir því sem þeir nú gegndu störfum sínum, talsverður meiri starfsauki og talsvert útlátasamara, en þó þeim væri falið það á hendur, sem þingmaður Rangæinga og hann hefði stungið upp á.

Með tilliti til hinna einstöku greina í hinu fyrirliggjandi frumvarpi, vildi hann taka fram, að hann eigi ætlaðist til, að börn almennt lærðu landafræði Erslevs og mannkynssöguágrip P. Melsteds. Ágripin handa alþýðubörnum ættu að vera margfalt minni, ef til vildi eigi lengri en svo, að þau kæmust bæði í kver á borð við kver síra Helga Hálfdánarsonar. Þetta yrði eigi eins mikil byrði fyrir börn og húsráðendur, eins og maður fyrst skyldi halda. Hver barnafræðari vissi, að börn ættu langtum hægra með að læra einmitt þær greinir í Balles kveri, sem væru landfræðilegs efnis, en þær greinir, sem innihjeldu siðalærdóm og trúarlærdóm, og væri sá lærdómur, eins og öll hugsunarfræði, langtum óaðgengilegri fyrir börn en landafræði og saga.

Í sambandi við þetta vildi hann og benda á, að ef vjer fengjum ekki jafnframt

kveri síra Helga Hálfdánarsonar landfræðiskver, þá mundi margur sakna mjög mikið hinna áminnztu greina hjá Balle. Reynslan væri búin að sýna, að það eptirlit, sem prófastar og biskup hafa með því, að prestar fullnægi skyldum sínum samkvæmt hinum áminnztu lögum, væri þýðingarlítið; hins vegar vonaði hann, að 4. gr. frumvarpsins gæti veitt prestum og öðrum hlutaðeigendum talsvert aðhald. Væri sjerstaklega varla neitt á móti því, að gjöra það að skilyrði fyrir að ganga í hjónaband, að hlutaðeigendur kynnu að lesa og skrifa. Lögin reyndu að varna örreiga giptingum; en væri ekki fullt eins mikil ástæða til þess að sjá um, að hjónaefni gætu útvegað börnum sínum, er þau kynnu að fá, þá andlegu fæðu, er þau gætu þarfnazt, eins og hina líkamlegu.

Samkvæmt 5. gr. gætu sektirnar orðið frá 1 eyri allt að 100 kr. Hann gjörði ráð fyrir, að smábrot húsráðanda yrðu hæfilega afplánuð með nokkrum aurum. Aptur á móti gætu einnig fyrir komið brot, sjer í lagi frá prestum, sem vanrækja optar en einu sinni húsvitjanir og barnaspurningar, sem 100 kr. væri ekki of þung refsing fyrir, og væri eldri löggjöfin, eins og frá er skýrt, jafnvel strangari með tilliti til slíkra brota, en hjer er stungið upp á.

Hann gjörði ráð fyrir, að deildin mundi vísa frumvarpi þessu til nefndar þeirrar, sem sett hefði verið í gær, og vonaði, að nefndin sæi, að starf hennar í rauninni væri mjög ljett, og að hinn háttvirti prestur, sem væri í nefndinni, yrði ekki því til fyrirstöðu, að nefndin flýtti störfum sínum sem mest, svo að þingmaður Rangæinga gæti komið fram á þessu þingi þeirri miklu og góðu rjettarbót, sem hann hefði orðið fyrsti frumkvöðull að; en hinn 2. konungkjörna þingmann, sem væri í stiptsyfirvöldunum, vildi hann minna á biskupsbrjef það frá 30. maí þ. á., sem þingmaður Barðstrendinga hefði getið um í gær, og sem einmitt gengi út frá því, að þessi rjettarbót væri mjög nauðsynleg og áríðandi.

Jón Pjetursson áleit frumvarpið mikilsvert og gott í mörgum greinum; en þar eð annað sams konar frumvarp lægi hjer fyrir, sýndist sjer bezt við eiga, að vísa frumvarpi þessu til þeirrar nefndar, er þegar væri sett í hinu málinu, eins og flutningsmaður sjálfur hefði stungið upp á.

Benedikt Kristjánsson kvaðst vilja styðja að því, að frumvarpi þessu væri vísað til nefndar þeirrar, er sett var í gær í frumvarpinu um skyldur presta og safnaða að uppfræða unglinga; þegar hann nú hefði heyrt þessa snjöllu og áhrifamiklu ræðu flutningsmanns, efaðist hann eigi um, að frumvarpið væri af góðum rótum runnið, og vildi hann nú í verkinu láta flutningsmanni í ljós þakklæti sitt og styðja að því með atkvæði sínu, að frumvarpinu verði vísað til hinnar sömu nefndar. Hann vissi einnig, að flutningsmanni væri umhugað um, að þingmaður Barðstrendinga fengi það til meðferðar, og að lögfræðingur væri við höndina í nefninni, til að útþýða lögin með flutningsmanni, og sömuleiðis einn úr búandmanna flokki, sem vissi, hverja byrði mætti leggja á húsfeður í þessu efni.

Jón Hjaltalín kvað sjer þykja undarlegt, að maður, sem hefði farið um allt land, skyldi koma með slíkt frumvarp fyrir þingið; þingmaður Barðstrendinga hefði nógsamlega sýnt og sannað, að slíkt fyrirkomulag gæti alls eigi átt sjer stað, og sannaðist það á frumvarpi þessu, «skipað gæti jeg væri mjer hlýtt». Fyrir slíka draumóra væri eigi vert að eyða peningum landsins, og yrði hann fyrir sitt leyti að vera á móti þeim skipunum, sem væru ómögulegar og næðu engri átt. Hann áliti frumvarpið svo úr garði gjört, að ekki væri heil brú í því, og vonaði hann að deildin ljeti eigi slíkan ósóma frá sjer koma. (*Forseti:* Þetta á maður ekki að segja).

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort frumvarpinu skyldi vísa til hinnar

sömu nefndar sem var sett í málinu um frumvarp til laga um skyldu prests og safnaða að kenna börnum að skrifa og reikna, og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

Framhald fyrstu umræðu, á 34. fundi, 12. ágúst.

Nefndarálit, I 336—338.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*) tók frumvarpið aptur, án þess nokkur frekari umræða yrði um það.

XLIV. LEYSING Á SÓKNARBANDI.

Frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi. Frá Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni. Sjá I 136—137.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 18. fundi, 22. júlí.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg þarf ekki að mæla fram með frumvarpi þessu, því að það mælir sjálft fram með sjer. Það er ekki nýtt frumvarp, heldur kom það fram á þingi í hitt eð fyrra, og fjekk þá svo góðan byr hjá deildinni, að jeg er viss um hún lætur það ganga til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal játa, að jeg er flutningsmönnum þessa frumvarps samdóma í mörgu, sem snertir kirkjuna, en í þessu máli get jeg ekki fylgt þeim. Það er virðingarvert af þinginu, að gefa út lög um það, sem þörf er á að gefa lög um og betur má fara, en þetta á sjer ekki stað í þessu máli. Til þess að ný lög geti öðlazt gildi, þá þarf það að vera sannfæring allra þingmanna, að þau, sem áður hafa gilt, sjeu ekki góð. Hjá oss á sóknarband sjer stað, því að kirkjan er sameinuð ríkinu; stjórnin á hjá oss að hafa eptirlit með guðsþjónustunni, og sjá um, að prestar ræki hvervetna vel köllun sína, og að hver sál hafi það, sem hún þarf til uppfræðingar í trú og siðgæði. Jeg vil nú spyrja, er þörf á, að þessu sje breytt? Fer það betur, ef því er breytt? Jeg verð að kveða nei við þessu. Þörfina þekki jeg ekki. Ef horft er á sögu þessa máls, þá munu ekki vera fleiri en 4 menn á hverri öld, sem hafa þótzt þurfa þessa frelsis við, og fyrst maður er farinn að líta á söguna, hvaða ástæða er það, sem þessir menn hafa haft til að óska frelsisins? Ástæðan hefur verið sú, að þeir hafa verið reiðir sóknarpresti sínum; er þetta það, sem menn vilja ala upp í mönnum, að hverjum, sem þykir eitthvað við sóknarprest sinn af röngum sökum eða án saka, verði gefinn laus taumurinn. Einn gamall kirkjufaðir hefur sagt, að þrír níundu hlutar af kristindóminum væri umburðarlyndi, og getur þetta eins átt við presta eins og söfnuði. Lúther sagðist þurfa að sýna umburðarlyndi við börn sín, við konu sína, við páfann, og allt líf sitt væri stöðugt umburðarlyndi. Prestar þurfa að hafa umburðarlyndi við söfnuði, og söfnuðir við presta. Slík lög, sem þessi, eru ekki til að betra ástandið, heldur til að auka sundurlyndið og gjöra þann mann óánægðan, er áður var ánægður; þessi sannfæring mín er byggð á reynslu. Væri tími til kominn að leysa allt, þá væri ekki víst nema jeg væri flutningsmönnum samdóma; en nú er kirkjan enn sameinuð við ríkið, og ekki enn kominn tími til að losa þetta samband, og hættulegt að losa um það. Jeg vil biðja flutningsmenn að athuga afleiðingarnar, sem af því geta orðið, að hver, sem er yfir 16 ára, geti heimtað, að öll aukaverk sjeu gjörð af öðrum prestum en sínum eigin; eitt prestsverk verður þó eptir, sem prestinum leyfist að fremja; honum leyfist enn að prjedika; en ætli hann finni ástæðu til að prjedika guðsorð, þegar hann er ekki beðinn um að gjöra neitt aukaverk?

eða eru líkindi til, að söfnuðurinn finni ástæðu til að hlýða á prjedikun hjá presti, sem hann ekki trúir fyrir neinu aukaverki? Er ekki ástæða til að ætla, að þessi prestur hverfi í eiginlegum skilningi úr tölu presta? Og þó á hann að sitja að öllum föstum tekjum eptir sem áður. Það er vert að gæta þess, að ástæðan til að skilja við prest sinn, getur opt verið sú, að hann er vandlætingasamur um uppfræðing barna og umvöndunarsamur um siðferði; en bændur, sem hirðulausir eru um slíkt, leita þá til þess, sem er fús á að gjöra litlar kröfur; að þessu vilja líklega flutningsmenn ekki styðja. Þörfin á leysingu sóknarbands er ekki mikil hjer á landi, því að hjer er ekki um marga trúarflokka að ræða, enda mundi ekki hægt að nota þetta leyfi á mörgum stöðum sökum strjálbyggðar landsins. Hafi bændur í gær (í málinu um tekjur presta og kirkna 3. umr.) talað í anda bænda yfir höfuð, þá held jeg, að þeir hlífi sjer við miklum kostnaði til utansóknarpresta, og fari ekki að sækja þá langar leiðir. Hjer við bætist, að samlyndið og bróðernið milli prestanna verður ekki eins gott og vera ætti. Margur prestur merkur og góður getur, ef þetta verður að lögum, sjeð ómerkari prest ganga inn í sína kirkju og fremja þá athöfn, sem hann eptir eigin saanfæringu er viss um, að hann hefði getað gjört miklu betur. Yfir höfuð verða menn að gæta þess, að þær hvatir, sem leiða menn til að skilja við prest sinn, eru sjaldan sannar hvatir eða góðar. Út í einstök atriði skal jeg ekki fara á þessu stigi málsins; jeg vil að eins geta þess, að mjer finnst mjer dálítið misboðið, ef jeg á fagran messuskrúða, ef óþrifinn prestur á að hafa leyfi til að skemma hana; jeg veit ekki, hvers vegna því er ekki bætt við, að hann megi líka taka hempuna mína, því að jeg á eiginlega hana engu fremur en messuskrúðann; fari messuskrúðinn, hlýt jeg að leggja nýjan til. Að endingn vil jeg endurtaka það, að tími er ekki enn kominn til að gjöra þetta að lögum, og því vil jeg biðja flutningsmenn að geyma frumvarpið annaðhvort til betri tíma, þegar það getur ekki gjört tjón, eða þá til verri tíma, þegar engu er hægt að spilla meir.

Einar Ásmundsson: Jeg þykist viss um, að öll þjóð vor væntir mikilla umræðna um presta- og brauðamálið á þessu þingi. Jeg get ekki álitið, að þetta mál sje enn byrjað, þótt 2 smáfrumvörp um húsagjald til kirkna og aukatekjur presta hafi verið rædd, því að þau mál eru svo óveruleg atriði í þessu mikilvæga máli. Umræðan um aðalmálið álít jeg að byrji fyrst í dag, þegar um þetta frumvarp er að ræða, og þingið verður því að minni ætlun að átta sig vel á því, hvaða stefnu það vill fylgja í þessu máli. Það eru 2 aðalstefnur mögulegar í málinu, sem hver verður að byggja á sínar tillögur. Önnur stefnan er sú, að halda kirkjunni rígbundinni við þjóðfjelagið, þannig að það semji og setji öll lög fyrir hana og hafi hana ávallt í eptirdragi. Hin stefnan er sú, að láta kirkjuna vera sem frjálslegasta og sjálfráðasta í sínum eigin málefnum. Jeg lýsi því yfir nú í upphafi málsins, að jeg hlýt að fylgja hinni frjálsu stefnu, ekki af keppni, heldur af því, að það er hjartans sannfæring min, að það sje kirkjunni hollast og bezt, að ráða sjálf sínum eigin málum. Það kemur hjer opt fyrir, þegar ræða er um nýmæli, að menn standa upp og tala um, að tíminn sje ekki enn kominn til þess að innleiða breytingar, rjett eins og þeir hafi í hendi sinni stundaglas, og geti sagt nákvæmlega, hve nær hinn rjetti tími er kominn eða ekki kominn. 2. þingmaður Gullbringusýslu horfði nú á stundaglasið og tók þau orð upp tvisvar, að tíminn væri ekki enn kominn til að leyfa mönnum að halda sjer til þess prests, sem þeim er bezt að skapi. Jeg verð að játa, að jeg hef ekki neitt stundaglas til þess að meta, hvort tíminn sje kominn eða ekki, en

eptir minni ætlun hefur sá tími aldrei komið, að rjett væri að leggja þessi óeðlilegu bönd á meðlimi kirkjunnar. Er ekki kominn tími til að leysa hin röngu og óeðlilegu bönd af kirkjunni eða trúarfjelaginu? Jú! vissulega er sá tími kominn fyrir eins löngu, eins og langt er síðan þau voru á hana lögð. Það getur verið, að það sje einhver ástæða til að hugsa, að fjelagsskapurinn muni komast á ringulreið við þetta frelsi, en jeg held það sje þó of mikil hræðsla. Það getur ef til vill litið svo út í sumra augum, sem fjelagsskipunin komist á ringulreið, þegar óeðlileg bönd eru af numin; en það kemur af því, að menn eru orðnir svo vanir að skoða það sem nauðsyn, að allt liggi í böndum. Jeg veit að vísu, að nú sem stendur er friður, en líka þögn og svefn í kirkjunni; hún sefur á sínum kodda og gjörir ekki helmings gagn við það, sem hún ætti að gjöra, gæti gjört og mundi gjöra, ef hún væri frjáls. Jeg játa hreinskilnislega, að jeg hef ekki lært mikið í kirkjusögu, og ekki gengið til þess á fyrirlestra á prestaskólanum, en svo mikið þykist jeg vita, að meðan kirkjan eða kristnin var frjáls og óháð veraldlegu valdi, þá breiddist hún óðum út og kristnaði margar heiðnar þjóðir, já hálfan heiminn á fáum öldum; en þegar hún var bundin við þjóðfjelagið rómverska, þá sofnaði hún út af, og hefur síðan nálega staðið í stað, að minnsta kosti er hálfur heimurinn heiðinn enn þann dag í dag. Að svo mæltu vil jeg snúa mjer að 2. þingmanni Gullbringusýslu; mjer þykir það undarlegt, að hann skuli ekki með okkur flutningsmönnum vilja stíga hið fyrsta stig í þá frjálsu stefnu, sem frumvarpið fer fram á. Þingmaðurinn hefur þó verið svo lítillátur, að vera með mjer í að semja annað frumvarp um að losa um það band, er hamlar söfnuðunum að ráða nokkru, sem teljandi sje, um sín eigin mál. Mjer finnst það hart að leyfa ekki manni, sem óánægður er með prest sinn, ef til vill af mjög góðri og gildri ástæðu, að leita til annars prests. Það er að mínu áliti gott, að þjóðfjelagið sjer um, að nógir prestar sjeu til í landinu, hvort sem þeir eru nú álitnir hæfilega margir 170 eða 140 alls, en það get jeg ekki fallizt á, sem rjetta eða góða reglu, að tjóðra vissa menn við vissan prest; mjer finnst að rjettast sje að losa um tjóðurböndin, og einmitt gefa mönnum lausa taumana, eins og einum háttvirtum þingmanni þóknaðist að kalla það. Prestarnir eiga að minni skoðun að vera frjálsir leiðtogar og lærifeður frjálsra manna, og jeg skil ekki í öðru, en að einmitt þeir sjálfir vilji líka síður vera tjóðurhælar ánauðugra manna.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætlaði að leita dálítillar upplýsingar hjá flutningsmanni. Aptast í frumvarpinu stendur: «Ný grein bætist við, sem verður 10. grein». Á þetta að standa þannig í lögunum? eða á þetta að tákna það, að frumvarp þetta sje uppvakinn draugur frá þinginu 1877? Ef svo er, þá hefði þessi uppvakningur átt að koma í lögulegri búningi inn á þingið, enda væri bezt að kveða hann sem fljótast niður aptur.

Flutningsmaður: Jeg skal fræða þingmann Reykvíkinga um þetta efni: Frumvarp þetta átti að sýna okkur 1. þingmanni Eyfirðinga og mjer, áður það væri full prentað; en sökum tímaleysis varð eigi af því, svo okkur gafst eigi færi til að lagfæra þetta. Þessi orð eiga að falla úr, eins og auðvitað er. Jeg skal eigi tala langt um efni frumvarpsins. 1. þingmaður Eyfirðinga talaði svo vel um mál þetta, að jeg hef mjög fáu þar við að bæta. Jeg geng að því vísu, að hvað sem menn kunna að hafa á móti frumvarpi þessu, þá munu menn þó eigi hafa á móti því, er stendur í stjórnarskránni. Mig furðar á því, að þar sem margir þingmenn hafa haft það á móti stjórnarskránni, að þeim þyki hún eigi nógu

frjálsleg, að þá skuli þessum sömu mönnum vera þó svo mislagðar hendur, að þeir eigi vilja nota frelsi það í trúarefnum, er stjórnarskráin býður. Menn geta eigi skafið það út, er stendur í 45.—47. grein stjórnarskrárinnar. Jeg get eigi skilið í því, hvernig nokkrum manni, sem les þessar greinir stjórnarskrárinnar, getur dottið í hug, að binda hvern mann aptan við sóknarprest sinn. Í 46. grein stendur: «Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæring hvers eins». Eru þessi orð samkvæmni við það, að banna mönnum, að nota nokkurn þann prest, er þeir vilja, utan sóknarprestinn? Í 47. grein stendur: «Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna», en eptir orðum 2. þingmanns Gullbringusýslu má enginn fá fullnægju í trúarbragðaefnum hjá öðrum presti en sóknarpresti sínum, og það þótt hann enga fullnægju finni hjá honum. Er þetta sanngirni og frelsi, er þetta samkvæmni? Jeg spyr engan veginn 2. þingmann Gullbringusýslu einan að þessu, heldur hina heiðruðu deild. Er samkvæmni í því, að leyfa öllum að hlaupa burtu úr þjóðkirkjunni og stofna söfnuð, en leyfa mönnum ekkert frelsi innan vebanda kirkjunnar? Jeg vil ekkert gapafrelsi hafa, en slíkt frelsi, sem frumvarp þetta fer fram á, vil jeg að mönnum sje veitt. Jeg veit að vísu, að 2. þingmaður Gullbringusýslu er frjálslyndur maður; en hann vill byrja smátt og smátt á frelsinu, og kenna það, eins og börnum er kennt, að byrja á því minnsta, og feta sig svo upp eptir. En frumvarp það, er hjer liggur fyrir, er eigi annað en barnalærdómur kristinna manna frelsis; það er að eins hin 1. grein í frelsisfræði kristilegrar kirkju. Jeg er viss um, að annar þingmaður Gullbringusýslu hefur eigi haldið ræðu sína fyrir þá sök, að hann væri móti frumvarpinu, heldur til þess að heyra hjá bónda eins ágæta ræðu eins og 1. þingmaður Eyjafjarðarsýslu hjelt.

Guðmundur Einarsson: Mjer þótti merkilegt, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu skyldi eigi lesa nema helminginn af 46. gr. stjórnarskrárinnar. Hann gleymdi að lesa síðari hluta greinarinnar, er hljóðar þannig: «Þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði, og allsherjar reglu». Þegar maður leggur þessi orð til grundvallar og heimfærir þau til frumvarps þess, sem hjer ræðir um, þá er mín skoðun sú, ef það yrði að lögum, þá mundi það spilla góðum siðum og trufla allsherjar reglu. Góðu siðferði mundi það spilla, þegar það leyfir 16 ára gömlu barni og ýmsum óráðsmönnum að ráða sjer og hlaupa eptir sínum eigin geðþótta frá einum prestinum til annars. Allsherjarregla mundi spillast, því við það truflaðist samheldi kirkjulegs fjelags, og sá eindrægnisandi, sem nauðsynlegt er að ríki í söfnuðunum. Þar sem 1. þingmaður Eyjafjarðarsýslu kallaði prestana tjóðurhæla, þá er slíkt óvirðingarnafn, sem ekki er svaravert. Jeg aptur á móti get kallað þá safnaðafeður eða formenn, sem söfnuðirnir eiga að halda sjer til, eins og börn til föður, hjú til húsbónda, hásetar til formanns. Það væri skrítið, ef hvert hjú gæti hlaupið af heimilinu, hve nær sem það vildi, gæti það fundið sjer eitthvað til. Það væri fallegt, ef hásetarnir gætu hlaupið úr skiprúminu, hve nær sem þeim þóknaðist, gætu þeir fegrað það með einhverju. Slík of-frelsislög, sem þessi eru, eru því næsta ísjárverð. Eins margur og er maðurinn, eins margt er sinnið, og þó að sumir sjeu gætnir reglumenn, þá eru sumir ógætnir óreglumenn, og sökum þessara síðari má ekki gefa of lausan tauminn.

Framsögumaður: Jeg ætla að svara þingmanni Dalamanna því einu, að sje frumvarp þetta gagnstætt stjórnarskránni, þá er í rauninni okkur flutningsmönnunum

alls ekki þar um að kenna, heldur stjórninni, sem lagði frumvarpið fyrir síðasta þing. Ef því frumvarp þetta spillir góðum siðum og allsherjar reglu, þá verður þingmaðurinn að hefja ákæru um það efni gegn stjórninni sjálfri, en eigi okkur hjer nú á þingi.

Benedikt Sveinsson: Að því er snertir 46. grein stjórnarskrárinnar, þá segir þar: «landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæring hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu». Hjer talast um fjelög, hjer er verið að gefa meginreglu um stofnun þeirra fjelaga, sem í meginatriðum mismuna frá þjóðkirkjunni, og eru slík fjelög, gagnvart og í mótsetningu við þjóðkirkjuna, bundin því, að þau eigi kenni eða fremji neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu. Þingmaður Dalamanna getur því á engan hátt borið grein þessa fyrir sig, þegar hann kemur með mótbárur gegn þessu frumvarpi, því að í frumvarpinu ræðir um, að rýmka um frelsi einstakra manna innan vebanda sjálfrar þjóðkirkjunnar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að kveðja þingmenn þá, er talað hafa með frumvarpi þessu, nokkrum orðum, áður en gengið er til atkvæða í málinu. Mig furðar á því, er 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að þjóðfjelagið setti kirkjunni lög. Jeg er viss um, að þingmaðurinn er svo kunnugur kirkjlegum málefnum, að þetta hefur eigi verið meining hans, heldur hefur honum annaðhvort orðið mismæli, eða hann hefur litið of fljótt á málið. Þjóðfjelagið setur kirkjunni eigi lög, heldur gjörir konungurinn það; hann er æðsti presturinn; hann setur kirkjunni lög í sambandi við yfirmann kirkjunnar á Íslandi, nl. biskupinn, (*Margir*: ja so!) og eptir tillögum ráðherra Íslands. 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að jeg hefði haldið á stundaglasi síðast er jeg talaði. Þetta er sannleikur. En hvert er þá stundaglasið? Stundaglasið er þekking mín á ástandi kirkjunnar, þekkingin á því, að ástand kirkjunnar hjer á landi sje enn eigi svo vaxið, að vert sje að gjöra slíkar breytingar, sem frumvarp þetta fer fram á. Jeg er samdóma þingmanninum um það, að losa um það í kirkjulegum málum, er losað verður. En þetta los get jeg ekki álitið heilt nje hálft. Það verður að standa óhaggað, að prestarnir sjeu skipaðir af æðsta presti kirkjunnar nl. konungi. Alþingi hefur ekkert við kirkjuleg mál að gjöra, nema þau ein, er peningamál eru. Í kirkjulegum málefnum er konungur vor enn einvaldur. Sami þingmaður talaði um óeðlileg bönd, er hvíldu á mönnum í kirkjulegum málefnum. En það eru til bönd, sem með öllu eru nauðsynleg. Maðurinn er eigi þannig skapaður, að hann geti verið án allra banda. Einn hinn merkasti guðfræðingur hefur þannig sagt: »Maðurinn hefur eigi þá fullkomleglegleika til að bera, að hann geti fullkomlega ákvarðað sig sjálfur án hjálpar frá öðrum». Sami þingmaður sagði, að kirkjan sværi, hans orð i heiðri, og það skal jeg játa, að það er ofmikið satt í þessu. En þetta frumvarp er eigi eindregið meðal, ef kirkjan sværi, og það los, það frelsi í kirkjulegum málum, er frumvarpið hefur að færa, er eigi nóg til þess, að vekja kirkjuna af svefni hennar. Það er annað, en breytingin á kirkjustjórninni, er fær vakið hana. 1. þingmaður Eyfirðinga leiddi menn jafnvel í sannleika um sögu kirkjunnar. Jeg játa það, að jeg hef sjeð þá skoðun, er þingmaðurinn kom með, að kirkjan hafi beðið tjón af því, að komast undir yfirráð rómverska ríkisins, — hjá fleirum en þingmanninum; en jeg er annarar meiningar. Auðvitað er, að margt mátti finna keisara þeim til lasts, er tók kirkjuna fyrstur undir vernd sína, en jeg fyrir mitt

leyti verð að ætla, að hann hafi gjört mesta velgjörning með því. Kirkjan útbreiddist eptir það meira en áður út um heiminn, að vísu eigi með frelsi, heldur með ofríki, en ávextirnir urðu þeir sömu með tímanum. Sami þingmaður gjörði ráð fyrir því, að sumir prestar væru svo ljelegir, að vart væri við þá unandi. En jeg vil aptur á móti helzt ganga út frá því, að hver maður eigi góðan prest; því að það er skylda yfirstjórnandanna kirkju vorrar, að annast um, að hvert prestakall fái góðan prest. Um tjóðurhæla 1. þingmanns Eyfirðinga ætla jeg mjer ekki að tala; þingmaður Dalamanna hefur minnzt á þá, að svo miklu leyti, sem þess var þörf.

Jeg verð einnig að kveðja 1. þingmann Norðurmúlasýslu. Jeg skal taka það fram, að jeg er á sama máli og hann um það, að menn hjer á landi eigi að fá meiri hlutdeild í kirkjulegum málefnum, en nú hafa þeir, og að æskilegt kynni að vera, að sóknarmenn fengju rjett til þess að kjósa sjer prest; og skal jeg einnig játa, að jeg skyldi vera á hans máli, það er frumvarp þetta snertir, ef jeg eigi óttaðist, að tími væri eigi enn kominn til þess, að lög í þá átt, er frumvarpið fer fram á, næðu fram að ganga. Svo frjálslyndur er jeg, að jeg tel það mikla neyð, að hafa þann mann fyrir prest, sem maður er mjög óánægður með, sem setja má út á, eða maður hefur ástæðu til að setja út á. En hinn 1. þingmaður Norðurmúlasýslu lagði hvorki rjetta áherzlu nje þýðing í stjórnarskrána, enda vitnaði hann minnst til 45. greinar, er segir: «Hin evangeliska lúterska kirkja s k a l vera þjóðkirkja á Íslandi, og s k a l hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda». Er mönnum hjer á landi þá samkvæmt þessu veitt algjört frelsi í kirkjulegum málefnum? Hans hátign konungurinn segir, að þjóðkirkjan skuli studd og vernduð af hinu opinbera (*Arnljótur Ólafsson:* «Hvað er þjóðkirkja?»). Þjóðkirkja er sú kirkja, sem liggur undir vernd stjórnarinnar, og þjóðin á að fylgja, þótt hinum einstaka sje gefin heimild til að vera annarar trúar. Frelsið er eptir stjórnarskránni leyft hið innra, en eigi hið ytra; frelsi fyrir samvizkuna er leyft, og það lætur eigi heldur binda sig. Það er eigi leyft í stjórnarskránni, að Íslendingar megi allir verða kaþólskir eða Mormónar. 46. grein stjórnarskrárinnar er alls eigi á móti mínum skilningi. Þótt það sje aðalreglan, að lúterska kirkjan eigi að vera þjóðkirkja, þá mega þó einstakir menn dýrka guð á þann hátt, er þeir vilja. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu tók það til dæmis, að stjórnarskráin leyfði mönnum að hlaupa burt úr þjóðkirkjunni. Þetta er satt, og að þessu leyti losar stjórnarskráin um samvizkufrelsi manna; en það þarf stjórnarskráin eigi að leyfa; því að slíkt frelsi tekur samvizkan sjer sjálf, án þess að henni verði bannað það. Jeg ætla að enda mál mitt á því að lýsa því yfir, að jeg er manna fúsastur á að fara fram á það frelsi, sem miðar til eflingar og upphefðar hinni kristilegu kirkju á meðal vor.

Síðan var málinu skotið til 2. umræðu með 14 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg þarf ekki að mæla með frumvarpi þessu; þessu máli var tekið svo vel við 1. umræðu, að mig minnir. Jeg ætla að eins að geta þess, að bráðum er von á máli úr Norðurlandi, sem gengur í líka stefnu, jeg veit reyndar ekki í hvaða mynd það er, en það er frá nokkrum hluta safnaðar. Bendir það atvik sem fleira á, að nauðsynlegt sje, að máli þessu verði framgengt. Jeg vona að 1. þingmaður Skagfirðinga geti gefið skýrslu um, hvernig þessu norðlenzka máli er háttað.

Friðrik Stefánsson: Það er kemur til

þess, er 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að jeg mundi geta gefið skýrslu um, að söfnuður í Skagafirði vildi fá meira frelsi, þá er því þannig háttað, að tvær sóknir, Hofstaða- og Flugumýrar, er áður voru sameinaðar, óska að fá sjerstakan prest; er það því að nokkru leyti annað mál en hjer ræðir um. En fyrst jeg er á annað borð staðinn upp, þá skal jeg fara fáum orðum um þetta mál. Oss er þannig háttað, að vjer erum allir samdóma, þegar um almennt landsfrelsi er að ræða, að vilja hafa það sem fullkomnast; en þegar þingið aptur fer að skipta þessu allsherjar frelsi út til einstakra manna og stjetta í landinu, þá segja víst margir og það með sönnu, að því sjeu mislagðar hendur. En allt eru mannaverk, sem þurfa endurbótar og eru breytanleg. Mjer fyrir mitt leyti finnst frumvarp þetta um leysing sóknarbandsins svo frjálslegt og vel samið, að jeg álít sjálfsagt að fylgja því fram, og mjer sýnast þeir, sem mæla á móti því, eigi vera hæfir að stofna frjálsa kirkju, því þetta verður þó ekki talið nema lítið undirstöðuatriði til þess. Jeg verð að ætla, að mótmæli þeirra komi af ótta fyrir því, að tekjur presta minnki, ef þetta verður að lögum, og menn mega hafa þann prest, er þeir vilja, eins og bændur áður máttu á þjóðveldistímunum segja sig í þing með þeim goða, er þeir helzt vildu. Því held jeg að þetta frumvarp hafi þann mikla kost, ef það verður að lögum, að það gjöri presta skylduræknari en sumir þeirra eru nú, og er það mikilsvert. Einnig fer bezt á því að öllu leyti, að þar sem tveir vinna saman, að báðir sjeu frjálsir.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði í þetta sinn ekki að standa upp í máli þessu, en 1. þingmaður Skagfirðinga kom mjer til þess. Hann sagði, að þeir, sem mæltu móti frumvarpi þessu, mundu óttast, að tekjur presta minnkuðu, en jeg mæli sterklega á móti því, að það sje af ótta fyrir því, að tekjur presta minnki, að jeg mæli á móti frumvarpi þessu. Jeg hef allt aðrar ástæður, sem jeg þykist vera búinn að sýna svo greinilega, að eigi sje þörf að taka þær optar fram. Hann sagði, að þetta mundi verða til að gjöra presta skylduræknari, því mótmæli jeg; það er þvert á móti til þess, að ala upp í þeim óskyldurækni; því að mönnum leiðist hjá þeim prestum, sem áminna og aðvara, og hlaupa til hinna, sem þeir sæta minni áminningum af, og þeir fá svo flesta á sitt band. Annars er jeg eigi svo mjög á móti frumvarpi þessu; jeg vona, að það verði meinlítið, en jeg held gagnslítið, og það er mín skoðun, að þingið eigi að fara varlega í að búa til lög, þar sem eigi er ástæða til, og breyta því, sem eigi er til batnaðar að breytt sje. 1. þingmaður Skagfirðinga sagði, að frumvarp þetta væri frjálslegt, en mjer virðist frelsið í því naumt skamtað; í því er gengið út frá því, sem jeg vil aldrei ganga út frá, sem sje, að prestar vanræki skyldu sína. Hjer eru ekki mismunandi trúarflokkar, landið er strjálbyggt, og á útkjálkum er ómögulegt að neyta þessara laga, þar sem þó helzt er ábótabant, því að þar eru brauðin rýrust og fæstir prestar. Hinn 1. þingmaður Eyfirðinga gjörði prestastjettinni þann heiður, að líkja prestunum við tjóðurhæla; jeg hafði sannarlega vonast eptir heppilegri samlíkingu hjá honum; slíkt nafn getur átt við alla embættismenn, ef það á við prestana. Það getur átt við hið háleitasta, sólina, og hefði jeg heldur getað búizt við, að hann líkti prestunum við sól, er söfnuðirnir gengu um innan vissra takmarka. Hver er þessi stóri munur á prestum og sýslumönnum? Ef manni þykir við prest, þá má maður hlaupa frá honum til annars, en hjeraðsbúa er ekki leyft að hlaupast brott, þó honum þyki eitthvað við sýslumann sinn. Frelsið verður aldrei án takmarka, þau ytri takmörk skaða ekki, heldur hin innri, og að sleppa öllum takmörkum í þessu efni, álít jeg ekki gott

og ekki þarflegt, eins og nú stendur á hjer á landi. Vil jeg því helzt mælast til að geyma þetta frumvarp, þangað til reikistjörnurnar hætta að ganga kring um sólina, eða fá leyfi til að hverfa frá þeim.

Framsögumaður: 2. þingmaður Gullbringusýslu sannaði enn betur en áður var gjört, að málinu hefur verið vel tekið. Þó virtist mjer brydda í ræðu hans á mótsögn. Hann sagðist ekki sjá mikið frelsi í frumvarpi þessu, og þykir honum þá nú eigi ómaksins vert að mæla fram með því, af því það hafi of lítið frelsi að geyma, en hann mælti á móti frumvarpinu við fyrstu umræðu, af því honum þótti það þá of frjálslegt. En jeg vil þó segja, að í frumvarpinu felist talsvert frelsi, og skal jeg einkum benda á 1. gr. Vjer getum hugsað oss, að afleiðingar frumvarps þessa verði litlar að því leyti, að fáir vilji nota rjettindi þess eða frelsisgjöf og enda að enginn vilji óska eptir öðrum presti, en hann hefur; en er þá afleiðingin engin, eða er hún lítilsverð? Nei engan veginn. Noti sóknarmenn sjer eigi frelsið, þá er það sönnun þess, að allir vilji sjálfviljugir hvíla umhverfis þessa miðsól, eða þennan tjóðurhæl. Það er örugg sönnun þess, að þau bönd, er tengja söfnuðina við presta sína, eru ekki þrældómsbönd, heldur frelsis- og kærleiksbönd, og sem vottorð þessa hygg jeg að frumvarpið hafa mikla þýðing. Þótt jeg yfirfari allar greinir frumvarpsins, get jeg enga fundið, er breyti til hins lakara, eða getur það kallast offrelsi, þó menn megi fara frá einum presti til annars, sem fullnægir betur trúarþörfum þeirra; þar sem talað er um, að leysingi hafi rjett til að láta kjörprest sinn skíra, ferma, gipta o. s. frv., en eigi tiltekið, að hann megi láta hann flytja helgidagaræðu í kirkjunni, þá er það eðlilegt; því að hver maður má hlýða á ræðu prests við sóknarkirkju hans, og kjörpresturinn á að vera «skipaður yfir einhvern söfnuð». Í 9. gr. stendur, að sjerhver sóknarleysingi hafi rjett á að láta kjörprest sinn fremja ekki einungis öll aukaverk, svo sem skírn, ferming, hjónavígslu og yfirsöng, heldur og taka fólk til altaris, og að flytja skriptaræður, líkræður og hjónavígsluræður í sóknarkirkjunni. Þetta er eðlilega gjört til þess, að eigi þurfi að byggja nýja kirkju til þessa, heldur megi nota sóknarkirkjuna. En leysingi skal og gjalda öll lögboðin gjöld til sóknarkirkjunnar. Er það gjört til þess að styðja kirkjuna, og hins vegar er því svo ráðstafað, að presturinn missir aldrei hinar föstu tekjur sínar. Þannig eru tiltekin mörk milli stuðnings þjóðkirkjunnar og yfirráða hins einstaka. Jeg er sannfærður um, að 2. þingmaður Gullbringusýslu muni í hjarta sínu aðhyllast frumvarp þetta, því að eptir þeirri litlu þekkingu, sem jeg hef á honum, er hann rjettur stillingar- og frelsismaður.

Einar Ásmundsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tala meira í þessu máli, en jeg þegar hef gjört, en jeg varð svo hrifinn af hinni fögru ræðu 2. þingmanns Gullbringusýslu, að jeg get ekki á mjer setið að taka til máls. Jeg álít það svo háleitt og skáldlegt, að líkja prestunum við sólir og sóknarmönnunum við plánetur, eins og hann gjörði, að jeg verð að lýsa því hátíðlega yfir hjer að lögbergi, að jeg vil fallast á þessa samlíking og álít hana heppilega. Mjer skildist þingmaðurinn ekki vilja róta upp í þessum sólkerfum, en í öðru máli, sem þessu er skylt, hefur hann þó verið mjer samdóma um að róta upp í þeim, og gjöra þau 170 sólkerfi, sem nú eru hjer á landi, að 140. Jeg ætla að þetta komi af því, að hann vill hafa lagabönd til að halda sólkerfum sínum saman, og er hræddur um þau fari annars á ringulreið. Við flutningsmennirnir viljum þar í mót halda þeim saman með kærleiksböndum, og lofa hverri plánetu að snúast um þá sól, sem hún vill helzt dragast að sjálfkrafa. Með

þessu frumvarpi er annars ekki meir rótað upp í sólkerfunum en með öðru frumvarpi, sem kemur frá nefnd, er þingmaðurinn hefur sjálfur setið í.

Guðmundur Einarsson: Jeg skal hvorki elta sólkerfasnúninga 1. þingmanns Eyfirðinga, nje sannfæringartal 1. þingmanns Norðurmúlasýslu, en mjer duttu í hug tvö spakmæli, annað er: «andinn lifir æ hinn sami» hjá oss Íslendingum, og hitt er: «sje lögunum sundurskipt, þá er sundurskipt friðnum». Jeg er hræddur um, að ef farið verður að róta upp í þessum lögum, þá verði og sundurskipt friðnum milli prests og safnaðar. Því hvað er það, sem veldur því, að sóknarbarn vill skilja við prest sinn? Mun það ekki optast nær koma af einhverri ósamkvæmni milli þeirra? Og þegar maður fær rjett til að yfirgefa prest sinn og fara til annars fyrir eitthvað, er á milli kann að bera, og máske fyrir það, sem presturinn er skyldur til að finna að eða hefur rjett á að heimta, þá er hætt við, að af því leiði sundurþykkju og sundurlyndi á báðar hliðar. Og þegar nú 16 ára barn hefur leyfi til að segja skilið við sóknarprest sinn, þá er hætt við, að það geti leiðzt af ekki sem ástæðubeztum fortölum annara. Jeg vil ekki takmarka frelsi manna um of, en jeg vil reyna að koma í veg fyrir að óhlutvandir menn fái ráðrúm til að koma til leiðar óeiningu, þar sem þarf að vera eindrægni andans í bandi friðarins. Þess vegna mun jeg gefa sjerhverri grein frumvarpsins mótatkvæði mitt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg heyrði 1. þingmann Norðurmúlasýslu fara í gegnum frumvarpið, og reyna til að sýna frelsið í því, og honum heppnaðist ekki betur en svo, að mjer fannst frelsið fara alveg út um þúfur. Hann sagði, að þetta og þetta væri leyft, af því það væri samvizkumálefni. Er það þá samvizkumálefni, að láta skíra barn, að láta lýtalausan prest skíra barn sitt? því að prestur með lýtum, töluverðum lýtum á ekki að vera prestur. Hann sagði, að það væri leyft að sækja aðra kirkju, en sína sóknarkirkju. Það kalla jeg ekki neitt verulegt frelsi, en hitt mundi jeg kalla verulegt frelsi, ef söfnuðurinn gæti kallað hvern þann prest, sem hann vildi til að prjedika yfir sjer. 1. þingmaður Eyfirðinga tók vel undir likinguna um sólkerfin; jeg held, að sú líking ætti að geta færzt til sanns vegar, þar sem presturinn á að lýsa innan þeirra takmarka, sem hann er yfir settur. Jeg álít það rjett, og ekki í neinni mótsögn við frelsið, að hver prestur og jafnvel hver maður hafi sem fastast ákveðinn verkahring. Þau bönd eru alveg eðlileg, og takmörkun á verkahring er skilyrði fyrir því, að vel sje unnið. Nú mun jeg ekki tala meira móti þessu frumvarpi, en lýsi því yfir, að jeg mun sitja fyrir hverri grein þess.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg var ekki meðmæltur þessu frumvarpi 1877; en nú er jeg kominn að þeirri niðurstöðu, að ekki sje nauðsynlegt að mæla móti því; því að það er sannast að segja, að ekki er ofmikið af andlegu frelsi hjer á landi, og svo skammt sem vjer erum komnir í veraldlegum og verklegum framförum, þá erum vjer þó mörgum stigum skemmra á leið komnir í andlegu frelsi. Þetta getur þó orðið spor til andlegs frelsis, og get jeg ómögulega sjeð, að það geti skaðað. Það væri, ef til vill, ráðlegra að binda aldurstakmarkið við 25 ár; hitt getur aldrei orðið hættulegt, og jeg ímynda mjer, að það muni sjaldan koma fyrir, að mikill hluti safnaðar yfirgefi prest sinn, nema hann sje óhæfiegur að þjóna söfnuði, og þá kemur þetta vel við.

Framsögumaður: Af því mjer er mjög annt um, að þingmaður Dalamanna misskilji mig ekki, þá vil jeg víkja fáeinum orðum að ræðu hans. Hann sagði, að þessi lög gætu kveykt ósamkvæmnis- og óvildar anda milli prests og safnaðar. Þetta get jeg ekki

sjeð, því að óvild og ósamkvæmni kemur af einhverjum meiningarmun, sem hlýtur að hafa verið til staðar milli prestsins og sóknarbarnsins, áður en það fer að nota sjer þann rjett, sem frumvarpið gefur. Vjer vitum allir, að ómögulegt er, að hneykslanir komi ekki. Það er ómögulegt að kærleikurinn milli prests og safnaðar sje hvervetna um land allt svo mikill, að ekki sje einhverstaðar til ósamkvæmni milli prestsins og einhvers af söfnuðinum. En hvað á nú þá að gjöra? Hvort er rjettara og hentugra, að ágreiningsefnið eða hneykslunarmaðurinn, ef þingmaðurinn vill kalla hann svo, verði að dúsa enda þvernauðugur í söfnuðinum, eins eptir sem áður, eða að gefa honum svo mikið frelsi, að hann megi þiggja guðsþjónustu af öðrum presti? Hvort af þessu tvennu ætli sje betur lagið til að eyða óánægjunni og friða hina ósáttu. Nú skilja leiðir okkar; jeg vil heldur, að sá maður, sem er í ósamkvæmni við mig, fari burt úr söfnuðinum, og hafi svo eigi tilefni til að kveykja þennan ófriðaranda hjá öðrum. 2. þingmanni Gullbringusýslu vil jeg svara því, að jeg hef ekkert á móti því, að frelsið verði aukið svo, eins og hann fór fram á, að leysingjar geti fengið annan prest til að flytja stólræður, ef þeir óska þess.

Guðmundur Einarsson: Jeg ætla ekki að þrátta við 1. þingmann Norðurmúlasýslu, því að jeg vona að deildin skilji okkur báða. Það vita allir, að menn geta fengið konungsleyfi til að losast við prest sinn, og munu sumir þeirra, sem fengið hafa slíkt leyfi, að ætlan minni, ekki hafa sótt um það af sem beztum hvötum. Þingmaðurinn sagði, að betri væri fullkominn aðskilnaður en að prestur og söfnuður væru saman í ósamlyndi. Er það þá rjett, að hjón skilji undir eins og þeim kemur ekki saman? Er ekki betra að sambandið og kærleikurinn dragi þau saman, heldur en að þau geti, hvað lítið sem á milli ber, hlaupið í sundur, máske í bráðræði? En samband milli prests og safnaðar er líkt sambandinu milli hjóna. (*Arnljótur Ólafsson*: Prestur og söfnuður eiga ekki börn saman!). Jú, andleg börn. Þingmaðurinu sagði, að betra væri, að sóknarmaðurinn færi burt, ef hann er óánægður með prest sinn; en hann fer ekki burt, hann verður eins eptir sem áður kyrr í söfnuðinum, og ertir ef til vill prest sinn daglega, og kemur máske öðrum til þess, eða prestur ertir hann, af því losið er komið á.

Þá var gengið til atkvæða, og var

1. grein samþykkt með 12 atkvæðum gegn 4.
2. — — — 14 — — 1.
3. — — — 14 — — 2.
4. — — — 14 — — 3.
5. — — — 14 — — 2.
6. — — — 14 — — 3.
7.—10. grein samþykkt hver fyrir sig með 14 atkvæðum gegn 1.

Málinu var síðan vísað til 3. umræðu með 14 atkv. gegn 4

Þriðja umræða í neðri deild, á 22. fundi, 26. júlí.

Framsögumaður (*Árnljótur Ólafsson*): Jeg álít nú mál þetta fullrætt, og þær mótbárur fram komnar móti því, sem geta komið fram. Að vísu er enn ein mótbára, sem ekki er komin fram til hlítar; það er hræðslan við frelsið, og hún getur ekki komið fram, af því að hana vantar orð, svo hún sje frambærileg. Maðurinn, sem hefur þessa mótbáru, kinokar sjer við að koma fram með hana. Það er mín sannfæring um þetta mál, eptir þeirri þekkingu, sem jeg hef á landsháttum og á samkomulagi milli presta og safnaða, að þessi lög verði óvíða notuð; en það kalla jeg hinn mesta kost við lögin, ef þau geta sýnt, að allir sóknarmenn sjeu tengdir þeim frelsis- og vináttu-böndum við presta sína, að þeir vilji eigi nota sjer lög þessi. Þetta vottorð er nauðsynlegt fyrir oss prestana, þá falla öll þau

orð, sem svo rjettilega hafa verið sögð í umræðunum um frumvarp þetta, að vjer sjeum að lögum tjóðurhælar sóknarbarna vorra. Eigum vjer ekki að hrinda af oss slíku ámæli, og láta reynsluna skera úr, hvort vjer sjeum sannkallaðir tjóðurhælar eða festarhælar safnaðanna? Þetta er annar kosturinn við frumvarp þetta. En það er enn annar kostur við frumvarpið. Það er eins með prestastjettina sem aðrar stjettir, að misjafn er sauður í mörgu fje. Það er ekki tiltökumál, þótt prestar þeir sjeu til hjer á landi, sem ekki ættu að vera prestar (Heir!). Nú vil jeg spyrja alla þá, sem er annt um, að prestar standi sómasamlega í stöðu sinni, hvaða meðul hafa söfnuðurnir nú til þess að umbæta presta sína, þegar þeir þurfa umbóta við? Þeir geta kvartað og klagað prestinn. Jeg veit eitt dæmi þess, að söfnuður kvartaði tvisvar eða þó þrisvar yfir presti sínum, kvartaði fyrst til prófasts, og prófastur var með söfnuðinum og áminnti prestinn. En þessi áminning endaði svo, að prófasturinn varð að bera prestinn burt frá sjer, því honum ofbuðu orð hans og athæfi. Síðan klagaði prófastur til biskups, en fjekk hjer um bil það svar frá honum: »Jeg get ekkert gjört í þessu efni, nema biðja þig að áminna prestinn með kærleika«. Prófastur var þegar búinn að áminna hann, en af stríði og óskammfeilni ljet presturinn ekki af óreglu sinni. Jeg vil ekkert segja um biskupa vora nema gott, hvorki þann, sem nú er, nje þá, er áður hafa verið, og ekki tala um þá nema með virðingu; en það verð jeg að segja, að biskup getur ekki þvingað prest til að vera öðruvísi en hann er; hann vantar vald til þess, þótt viljinn sje góður. Þegar þetta er svona, og vjer megum heyra í útlendum blöðum af löndum vorum prestum hjer á landi borna mjög illa söguna, og megum með kinnroða játa, að það sje eigi tilhæfulaust, hvað getum vjer þá annað gjört, en gefa söfnuðunum vald til, að hafa aðhald að prestum sínum. Lög þessi geta gefið slíkt aðhald; ef söfnuðurinn er óguðrækinn og ósiðsamur, þá er ekki hægt að bæta, en ef hann er guðrækinn söfnuður, þá segir hann við prestinn sinn, ef hann er drykkjumaður og óreglumaður: »ef þú gjörir þetta optar, þá göngum vjer frá þjer og förum til annars prests«. Þetta er meira aðhald, en allt prófasts- og biskups vald getur haft.

Ísleifur Gíslason: Áður en mál þetta yfirgefur deildina, álít jeg við eiga, að gjöra grein fyrir, hvernig jeg mun greiða atkvæði, til þess að þögnin skuli ekki vera tekin sem samþykki. Sannfæring mín um þetta efni hefur ekki breytzt hið minnsta síðan í hitt eð fyrra, að engin þörf sje fyrir þetta mikla eða litla frelsi, sem frumvarp þetta hefur fram að bjóða; heldur ekki er horfinn óttinn fyrir því, að það muni hafa skaðlegar afleiðingar. Jeg vil ekki taka það upp aptur, sem tekið hefur verið fram gegn frumvarpi þessu, einkum af öðrum þingmanni Gullbringusýslu, við 2. umræðu málsins, því jeg get skrifað undir hvert orð, er hann sagði þá hjer að lútandi, en lýsi því að eins yfir, að jeg álít það enn ekki einungis óþarft, heldur að það jafnvel geti orðið mjög skaðlegt. Þó uppástungumenn þekki 1 eða 2 söfnuði fyrir norðan, þar sem þessi þörf er, þá er það engin sönnun fyrir almennri þörf fyrir þetta frelsi. Og þvílíkar hneykslunarhellur kirkjunnar og prestastjettarinnar ættu heldur að fara alveg burt úr henni, og það má fá þær burt, ef söfnuðirnir eru nógu stöðugir í að kvarta. Jeg mun því eins og fyr gefa atkvæði móti þessu frumvarpi.

Guðmundur Einarsson: Jeg játa, að ræða þingmanns Norðurmúlasýslu var mjög fögur og mælsk, en hann skoðaði málið að eins frá annari hliðinni, frá hinni fögru hlið þess, en málið hefur aðra hlið álitsljótari. Eins og hann kom með dæmi um, hvað

nauðsynlegt frumvarpið væri, kirkjulegu frelsi til eflingar, eins mætti koma með mörg dæmi, sem sýndu og sönnuðu, að þegar losað er ofmjög um böndin, þá nota óhlutvandir menn sjer það, til þess að koma sínum ætlunum fram, er spilla kirkjulegu samheldi, og slíka spilling mun frumvarpið fremur auka en minnka. Jeg er því á sama máli og þingmaður Rangæinga, að þetta frumvarp sje ótímabær burður.

Tryggvi Gunnarsson: Af því þetta er 3. umræða, þá finnst mjer eiga við að láta ekki málið fara svo fram hjá mjer í þriðja sinni, að jeg ekki gjöri grein fyrir skoðun minni á því. Jeg mun gefa mitt atkvæði með þessu frumvarpi af þeim ástæðum, að jeg þekki ekki fáa presta, sem eru svo, að það er næstum synd að neyða menn til að taka við prestsþjónustu af þeim. Jeg furða mig á, að sjá og heyra, að flestir hinir háttvirtu prestar hjer á þinginu eru á móti þessu frumvarpi, það hlýtur annað hvort að koma af miklum ókunnugleik, hvernig ástatt er sumstaðar í prestastjettinni, eða það kemur af allt of miklu skeytingarleysi fyrir þörfum safnaðanna, og sóma prestastjettarinnar, eða í þriðja lagi, að þeir hugsa sjer að ráða bót á þessu upp á annan máta, en frumvarpið fer fram á. Af því jeg þekki, að þessir prestar eru mjög samvizkusamir og heiðvirðir menn, þá verð jeg að álíta, að hið síðast talda sje orsökin til mótstöðu þeirra. Þingmaður Dalamanna hjelt, að þetta frumvarp mundi leiða til offrelsis, en það fæ jeg ekki skilið, mjer virðist, að það geti ekki haft þýðing fyrir góða presta, og verði að eins notað, þar sem prestar ekki standa vel í stöðu sinni; eða er alþýða vor orðin svo spillt, að hætt sje við að hún muni yfirgefa góðan prest og fara til þess, sem er hirðulaus og drykkfelldur? nei! jeg vona að það sje ekki. Þegar jeg heyri, að hinir háæruverðugu herrar fara að greiða atkvæði móti frumvarpinu til að fella það, þá verð jeg að hugsa, að þeir ætli sjer að fara þann veg, til þess að koma þessu vandræðamáli safnaðanna í gott horf, að skrifa biskupi strax og þeir eru gengnir af þingi, og skora á hann að skrifa prestum þeim, sem eru drykkfelldir eða hirðulausir að bjóða þeim að bæta ráð sitt, einnig skrifa söfnuðum um að hafa betra eptirlit á þessu, og reka rjettar síns í þessu efni meira en hingað til. En jeg vil spyrja þá, hvort þeir eru vissir um, að þessi vegur sje svo greiður, að hægt sje á fám árum að kippa þessu í lið-inn? og hvort ekki muni vera vissara að samþykkja frumvarpið, og gefa söfnuðunum sjálfum vald til að hafa aðhald að prestum sínum, í hið minnsta á meðan að þeir sjálfir eru að koma fyrirætlun sinni fram? Um daginn var notuð sú líking í þessu máli, að prestunum var líkt við sól, en sóknarmönnum við plánetur, þessi líking getur vel staðizt, þegar um góða presta er að ræða, en þeir prestar eru til, sem eru svo dimmir og veita svo lítinn yl hjörtum sóknarbarna þeirra, að þau hljóta að kólna út af, ef þau eigi leita sjer að yl og birtu annarstaðar (*Ísleifur Gíslason*: Burt með þá!) Reynslan sýnir, að söfnuðunum veitir eigi svo ljett að losast við þá. Þingmaður Rangæinga sagði, að það mundi ekki vera nema á 1 eða 2 stöðum, sem prestum væri mjög ábótavant; já! jeg vil óska, að ekki þyrfti að bæta 0 (núlli) aptan við þá tölu. Jeg hef hreyft þessu máli með vilja, sem einkum stefnir að ofdrykkju allt of margra presta, því jeg álít, að það megi ekki lengur orðalaust ganga, og rjett sje að raddir komi fram bæði á þingi hjer, og víðar um það, hve ábótavant er í kirkju vorri, og hve nauðsynlegt er, að einhver bót verði ráðin á því.

Páll Pálsson, prestur: Af því jeg er prestur, munu menn að líkindum búast við því, að jeg verði móti þessu frumvarpi, og það því fremur sem jeg hef verið frá útlöndum virtur þeim vitnisburði að «jeg væri öllum

kristindómi til niðurdreps». Samt sem áður vil jeg láta þetta frumvarp fá fram að ganga og segi sem prestur: fari þeir sem fara vilja. Þó jeg kunni að vera álitinn vondur, af sumum, þá hef jeg þó svo næma samvizku, að jeg vil ekki verða til þess, að nauðga neinum til þess að meðtaka af mjer fæðu hins andlega lífs, sem býðst í guðsorði og sakramentunum, og enn síður að hafa þau áhrif, að hann geti ekki leitað svölunar sálu sinni, nema hjá þeim, sem hann geti ekki fellt sig við. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu talaði um, að sárt væri að sjá í útlendum blöðum illar fregnir um prestastjett hjer á landi, en jeg vil geta þess, að eins og ósannar fregnir í því og öðru geta átt sjer stað innan lands, eins muni þær, og eigi síður, vera óáreiðanlegar, þegar þær verða lausafregnir, sem berast landa á milli, og gæti leysing sóknarbandsins sannarlega orðið þegjandi vottur um það, hvort presturinn væri hafandi, því það er þó alltaf hægt að sjá, hversu margir vilja nýta hann.

Guðmundur Einarsson: Þeir mega vera óttalega vondir prestarnir á Norður- og Austurlandi, fyrst nauðsynin er svona brýn þar á, að fá þessi lög, eins og þingmennirnir þaðan láta sjer um munn fara. En því beita þá ekki söfnuðirnir lögum og rjetti móti slíkum prestum? Jeg veit ekki betur, en að lög sjeu til um þetta efni, og fulltreysti yfirvöldunum til að skerast í málið, ef rjettilega er kvartað yfir einhverjum presti. Þar að auki getur hver sem vill sótt um konungsleyfi, til þess að mega fara til annars prests, og njóta þjónustu hans. Þingmaður Suðurmúlasýslu kom aptur með líkinguna um sól og plánetur, og skal jeg með engu móti lasta hana, en þess bið jeg þingmanninn að gæta, að pláneturnar eru bundnar með lögum við sólina, og því eru full líkindi til að illa færi og óskipulega, ef pláneturnar mættu reika hingað og þangað eptir eigin vild, og snarast inn í önnur sólkerfi.

Hjálmur Pjetursson: Jeg tek ekki til máls til að skýra þetta mál betur, en búið er, heldur af því mjer finnst rjett að fleiri láti í ljósi skoðanir sínar um það en prestarnir einir. Jeg hef nú reynt, að gjöra mjer það skiljanlegt, hvort þessi lög mundu verða til gagns eða ógagns, og hvort þetta væri offrelsi eða ekki, og eptir því sem jeg skoða þetta mál lengur, eptir því sannfærist jeg betur um, að það eigi fram að ganga. Mjer finnst að leysa eigi öll óeðlileg bönd, en sjeu óeðlileg bönd vond í öðru, þá eru þau það öllu fremur í þessu. Þeir sem talað hafa móti frumvarpinu, þeim hefur sjálfsagt gengið gott eitt til, en jeg held þeir sjeu of hræddir. Jeg fyrir mitt leyti er ekki með frumvarpinu af því, að jeg ætli mjer að nota rjett þann, er það gefur, því að jeg hef aldrei átt þann prest, er jeg hef viljað losast við, og þannig ætla jeg flesta aðra vera skapi farna, en ef það kemur fyrir, að óvild komi upp milli prests og sóknarmanns þá er miklu rjettara, að þeir skilji á þennan hátt, heldur en að þeir sjeu bundnir saman nauðugir, því það álít jeg óeðlilegt og vont.

Björn Jónsson: Mig furðar það stórum, að margir hinna heiðruðu kennimanna bjer á þingi, og einkum þeir, skuli vera mótfallnir frumvarpi þessu. Ímynda þeir sjer þá, að það muni affarasælla, að halda mönnum nauðugum í sóknarbandi? og halda þeir, að nokkurt trúarlíf geti blessazt og þróazt, þar sem á að fara að beita nauðung því til eflingar? Að þessi lög, ef þau komast á, kynnu að verða vanbrúkuð, er ekkert tiltökumál, því svo er um öll lög. Menn óttast að af þessu gæti risið, að óvandaður maður yfirgæfi sóknarprest sinn, af því hann væri eptirgangssamur, og færi til annars, sem linari væri í sóknum, en

þess háttar ótti gæti gengið býsna lángt, og væri það næstum því samkvæmt þá líka að banna mönnum að róa á sjó, af því að þeir kynnu að drukkna. Menn vita, að hverjum manni er frjálst að leita sjer þess læknis, sem hann vill, og það hneykslar engan; svo mundi og frelsi til að hafa þann prest, er menn helzt kjósa, ekki hneyksla neinn, ef annað hefði eigi lengi verið lög og þar með helgað af vananum. Hefði frelsi í þessu efni átt sjer stað fyr hjer á landi, má ganga að því vakandi, að mönnum þætti nú sóknarband með öllu óhafandi ef nú ætti að fara að taka það í lög. Það er búið að reyna þessi lög í Danmörku um 24 ár, og mun enginn bera það, að þau hafi gjört skaða. Því frjálsara sem sambandið milli prests og sóknarbarna er, því eðlilegra er það. Hinn háttvirti þingmaður Dalamanna hafði um daginn upp hið alkunna spakmæli Þorgeirs Ljósvetningagoða, þegar kristni skyldi lögtaka árið 1000 á alþingi: »Sje lögunum sundurskipt, þá er og sundurskipt friðinum», og vildi láta það við eiga um þetta efni. En hjer átti miklu betur við önnur setning, sú, að sje lögum beitt til að fjötra saman það, sem eptir eðli sínu á að vera óbundið, þá er friðnum sundur skipt. Prestar eru ekki valdsmenn, og verði þessu frumvarpi hafnað, virðist mjer það sorglegur vottur þess, að þeir, sem efuðust um, að vjer Íslendingar værum vaxnir því naumlega útilátna frelsi, sem stjórnarskráin veitti oss, hafi haft nokkuð til síns máls.

Þorlákur Guðmundsson: Þingmaður Dalamanna áleit lög í þessu efni óþörf, þar sem menn gætu fengið konunglegt leyfi til að nota annan prest, en sinn eigin sóknarprest, en jeg held það yrði talsvert hægra, að hafa til þess lagaleyfi, og þyrfti maður t. a. m. að láta þjónusta sig, kynni það að geta dregizt of lengi að ná í konungsleyfið, og lífið ekki entist til að bíða eptir leyfinu. Þingmaður Strandamanna líkti þessu við líkamlegt lækningafrelsi, og er það að vísu rjett. En nú, þegar vjer erum að berjast fyrir að fá líkamlegt lækningafrelsi, þá er óeðlilegt að vera að halda í gömul úrelt og jafnvel skaðleg kirkjubönd, sem fyrirmuna mönnum að leita sálinni saðningar, svölunar og lækningar hjá þeim presti, er hver getur bezt fellt sig við. Jeg þekki líka frá barnæsku minni eitt stórkostlegt, já hrópandi dæmi upp á, hvaða afleiðing þetta band getur haft, og í því tilfelli mundi hafa þótt gott að hafa þetta lagaboð, og hefði víst verið bæði presti og söfnuði hollara og hamingjulegra; því jeg ætla, að allir verði að játa, að betra sje að skilja, en saman að búa fyrir þá, sem ekki semur í hverri stöðu sem er. Að öðru leyti legg jeg enga áherzlu á það, þó nafnlausar skammir komi fram í blöðunum; því það er miklu fremur þeim til óvirðingar, er rita, en hinum, sem fyrir verða, og að vera að senda slíkt úr öðrum heimsálfum, þaðan sem menn ekki verða dregnir til ábyrgðar fyrir orð sín, er í fyllsta máta ómannlegt.

Framsögumaður: Jeg skal leyfa mjer að beina þeirri spurningu til þingmanns Reykvíkinga og þingmanns Dalamanna. Fyrir hvern prjedikar presturinn? Prjedikar hann fyrir sjálfan sig? jeg held ekki. Prjedikar hann fyrir peninga eintóma? nei. Prjedikar hann fyrir söfnuðinn? já». Sje nú svo, sem jeg vona að allir játi, hvernig á þá að gefa honum rjett til að veita þeim manni andlega þjónustu, sem ekki vill þiggja hana af honum. Þetta væri, að jeg kveði svo að orði, nokkurs konar «andleg nauðgun», því fráleitari, sem hjer er um háleitari hluti að tala. Nauðung sú, er átti sjer stað hjer á 17. og 18. öld, að enginn mátti á einokunardögum verzlunarinnar verzla við annan en einhvern vissan kaupmann; þessi nauðung, segi jeg, er eigi hálft svo óeðlileg og hneykslanleg, sem hin kennimannlega nauðungin. Getur nokkur þá viljað halda henni?

Forseti leitaði atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5, að við höfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna þeirra:

Friðriks Stefánssonar,
Einars Ásmundssonar,
Snorra Pálssonar,
Eggerts Gunnarssonar,
Tryggva Gunnarssonar, og
Arnljóts Ólafssonar,

og sögðu

Já:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Þorsteinn Jónsson,

og kvað forseti nú málið mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 24. fundi, 29. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild: I 235—236.

Ásgeir Einarsson sagði, að það hefði eigi verið ætlun sín að standa fyrstur upp í þessu máli. Orðið frelsi, sagði hann, væri fagurt og þýðingarmikið orð, en væri opt misbrúkað og misskilið. Hann sagði, að þetta mál hefði verið rætt í hitt eð fyrra. og hefði þá verið sett í samband við 46. og 47. gr. stjórnarskrárinnar um trúarbragðafrelsi. Hann kvað sjer þykja þetta atriði í kirkjulögunum þýðingarlítið, því þó fáeinir menn geti notað það, þá geti þeir sízt notað það, sem helzt þurfi þess við. Svo væri t. d. í Strandasýslu, að þeir, sem eigi vildu nota sinn prest, þeir ættu opt örðugt með að ná í annan prest. Hugmynd þessi væri yfir höfuð lík lækni, sem, þar sem útlimirnir væru slegnir með kaunum, ljeti sjer einungis umhugað um brjóstið, en ljeti svo hina aðra limi drafna niður. Hann vildi leyfa sjer að spyrja, hvort þetta gæti eigi orðið skaðlegt? Jú. Það gæti orðið til þess, að menn fældust frá vandlætingasömum presti til annars, er eigi væri eins vandlátur, og þannig hlyti að fara svo, að afleiðingarnar yrðu einungis illar. Hann vildi enn fremur spyrja, hvort sú væri meiningin, að lög þessi ættu að halda prestunum í skefjum, að þeir eigi lifðu hneykslanlega? Ef svo væri, þá kvað hann hjer eiga við það, er sagt var um Gyðinga: «Þjer gjaldið tíund af myntu og kumeni» o. s. frv. Sjer fyndist það eigi rjett, að þrefa um þetta, þar á móti sýndist sjer það eiga við, að söfnuðirnir fengju að kjósa sjer presta, og það vildi hann styðja. Ef menn vildu koma óreglupresti frá, þá kvað hann þessa eigi við þurfa, ef sóknarmönnum væri gjört hægra fyrir með það, en hingað til hefði átt sjer stað; en sem betur færi, væru þeir nú á tímum orðnir fáir. Hann sagði, að það væri miklu þarfara, ef þingið vildi styðja að því, að söfnuðirnir fengju sjálfir að kjósa presta sína, en áður en slíkt gæti komizt á, sagði hann að gjöra þyrfti ýmsar breytingar, þannig jafna brauðin og bæta þau. Það mælti og öll sanngirni með því, að brauðin yrðu jafnari, því prestar hefðu sömu skyldur og sama kostnað til lær-

dóms, hver gagnvart öðrum, sem læknar hefðu hver á móti öðrum. Hann sagði, að það mætti eigi heldur taka of mikið tillit til þess, að prestar væru orðnir gamlir, er um veiting væri að ræða, því aldurinn væri eigi einhlítur, ef hann, ef til vill, hefði vanrækt embætti sitt. Að endingu kvaðst hann vonast þess, að hinni heiðruðu deild færist svo skynsamlega, að hún skapaði frumvarpinu aldur, eða kæmi því á fæðingarhreppinn aptur

Stefán Eiríksson sagði, að eins og hinni heiðruðu þingdeild væri kunnugt, hefði hann eigi verið málinu meðmæltur 1877, og hefði hann eigi breytt skoðun sinni síðan. Hann kvaðst álíta, að þetta væri landinu miklu fremur til aptur- en framfara, að því er snerti kristilega uppfræðslu; það þyrfti ekki að lesa þetta frumvarp langt til að sannfærast um nytsemi þess. Hann vildi þannig taka til dæmis, að sextán vetra gamall piltur ætti að vera sjálfum sjer ráðandi í andlegum efnum og geta þannig sjeð fyrir sálu sinni, en hann mætti eigi ráða einum eyri af fjármunum sínum. (*Benedikt Kristjánsson*: Hann er fermdur). Hann getur líka verið ófermdur, og þó hann væri fermdur, þá væri það opt eigi nema nafnið tómt. Hann sagði, að í þessu frumvarpi feldist ekki annað en það, að trassar með uppfræðing barna hlypu helzt burt frá samvizkusömum presti til hinna, sem miður væru aðfinningasamir. Það væri því sín skoðun, að þó frumvarpið yrði að lögum, þá mundi það, er alls væri vandlega gætt, verða gagnslaust, því sú afleiðing þess, er helzt lægi í augum uppi, væri sú, að vekja trúarflokka, og að hinu leyti væri það einnig gagnslaust, því eptir því sem til hagaði hjer á landi, mundu engir fara yfir lengri vegi að fá sjer kjörprest, og kasta þannig ærnu fje til þessa mikla frelsis. Að öðru leyti sagði hann, að 1. þingmaður Húnvetninga hefði tekið það fram, er sjer hefði verið í hug, en yfir höfuð ætti mál þetta eigi að kosta landið meir en það væri búið að kosta, og því ætti deildin nú þegar að fella frumvarpið.

Sighvatur Árnason sagði, að til þess að íhuga málið vandlega, þyrftu menn að bera saman hið ytra lagaband safnaðanna við hið innra nauðsynlega band milli prests og safnaða. Hann kvaðst vilja benda 2. þingmanni Skaptfellinga á, að eigi væri hætt við að menn hlypu frá góðum og skylduræknum presti til annars verra, en ef þetta kæmi fyrir, þá væri það þeim, er það gjörðu, til ósóma. En ef lagabandið á að halda mönnum við prestinn, þá væri það hart, að vera neyddur til að sitja við það, hvort mönnum líkar betur eða ver. Hann sagðist álíta, að sá prestur, er eigi gjörði skyldu sína og sem menn yfir höfuð eigi gætu fellt sig við, sliti hið innra band milli sín og safnaðarins, og drægi niður og deyddi trúarlífið. Skaðinn við þetta gamla nauðungarband, þegar svo bæri til, væri meiri en kostir þeir, er sumir þingmenn hefðu talið því til gildis. Þar sem 2. þingmaður Skaptfellinga hefði tekið 16 vetra gamlan pilt til dæmis, þá kvaðst hann vera honum samdóma í því, að aldurstakmarkið væri of lágt.

Benedikt Kristjánsson kvaðst standa upp til þess, að eigi hallaðist á, því sem stæði væru 2 á móti einum. Hann kvaðst yfir höfuð að tala vera frumvarpinu meðmæltur, og eigi óttast misbrúkun þá, sem 1. þingmaður Húnvetninga hefði óttast svo mjög. 1. þingmaður Húnvetninga hefði að vísu kannast við, að frumvarpið innihjeldi frelsi, en eigi þótt það nóg. Hann vildi spyrja, hvort hann áliti, að það yrði misbrúkað af því það væri of lítið? Hvaða frelsi gæti verið dýrmætara, en það, sem snerti trúarlíf manna. Reyndar sagðist hann álíta, að hjer væri að eins farið nokkuð á leið, en það væri eigi móti, heldur þvert á móti með frumvarpinu. Það væri betra, að frelsið kæmi smátt og

smátt, því þá læri menn að brúka það smátt og smátt og misbrúki það síður. Hann sagði, að það væri hið innra band virðingar og kærleika, sem ætti að tengja einstaklinginn í söfnuðinum við prestinn; það gæti jafnvel verið hættulegt, að leggja útvortis bönd á menn og halda þeim nauðugum við prest sinn; ef svo væri, gætu menn eigi með fúsum vilja hlýtt á prestinn flytja guðsorð, eða á maður að þiggja sakramentin af þeim presti, sem maður eigi virðir? Hann sagði, að menn hjeldu, að það yrði misbrúkað og tækju til dæmis, að foreldrar, sem vanræktu fræðslu barna sinna, færu með þau frá góðum presti til annars miður vandláts. (*Ásgeir Einarsson*: Dæmi eru til þess). Hann sagði, að svo kynni að vera, en gjöra mætti ráð fyrir því miklu optar, að menn forðuðust að nota hirðulitla presta, og leituðu þeirra, er skylduræknari væru og vandlátari sú þekking, sem hann hefði af söfnuðum, mælti að minnsta kosti með þeirri skoðun; það væri því sín skoðun, að ef lögin kæmust á, þá mundu þau gjöra meira gott en illt. — 1. þingmaður Húnvetninga hefði að vísu sagt, að víða væri örðugt að ná í annan prest, en það væri eigi næg ástæða. Þetta gæti reyndar átt sjer stað t. d. í Vestmannaeyjum, en víðast hvar væru litlar torfærur á því. 2. þingmaður Skaptfellinga hefði borið kvíðboga fyrir því, að upp mundu koma trúarbragðaflokkar, en hvaða hætta gæti verið í því; það væri gjört ráð fyrir því í stjórnarskránni; en ef þeir væru til, yrðu þeir að hafa sjerstakan prest, því enginn lútherskur prestur mundi veita annarar trúar flokkum prestsþjónustu. Því hefði verið beitt sem ástæðu móti þessu frumvarpi, að það vært eigi komið frá stjórninni, og þeirri mótbáru svaraði hann, að stjórnin hefði sent í hitt eð fyrra frumvarp líks efnis, en af því það var fellt, þá hefði hún að líkindum eigi viljað senda það aptur. Hann sagði, að málið hefði þá farizt fyrir af því, að menn hefðu eigi verið búnir að átta sig á því; en síðan hefðu þingmenn haft nægan tíma til að átta sig á því. Loks kvaðst hann vilja láta þá ósk í ljósi, að deildin vísaði málinu til 2. umræðu. (*Ásgeir Einarsson*: Á fæðingarhreppinn).

Eiríkur Kúld sagði, að sjer virtist nú vera farið aptan að siðunum, þar sem þingmaður Þingeyinga nú væri mótfallinn þeim mönnum, er hann endrarnær eigi væri vanur að vera andvígur. Þingmanninum hefði þótt frumvarpið gott, af því það innihjeldi frelsi; en hefði þó játað, að þetta frelsi væri helzt til lítið; en hann kvaðst verða að segja, að sjer virtist þetta frelsi svo lítið, að eigi ætti við að eyða fje og tíma til þess að ræða það fram og aptur; hann kvaðst álíta hjer stigið að eins eitt hænufet, ekki til frelsis, heldur verulegs ófrelsis, þar sem frumvarp þetta svo eigi yrði til annars, en sundra friði og einingu milli presta og safnaða, og jafnvel milli presta innbyrðis, og væri það mjög slæmt. Sannfæring sín væri enn hin sama sem 1877, og mundi þjóðarinnar einnig vera svo, því annars mundi einhver rödd hafa látið til sín heyra, en það væri ekki. Hann kvaðst eigi nú sem stæði ætla að fara út í einstakar greinar frumvarpsins, en einungis taka fram, hve háskalegar afleiðingar þetta gæti haft fyrir barnauppfræðing. Þar sem þingmaður Þingeyinga hefði talað um ytri og innri bönd, þá væri það annaðhvort misskilningur, eða hann hefði eigi skilið hinn heiðraða þingmann. Loks sagðist hann vera á móti því, að málið gengi til 2. umræðu, heldur halda því fram, að því væri þegar vísað aptur á sinn fæðingarhrepp.

Jón Jónsson kvað sig ekki gjöra lítið úr þingmanni Húnvetninga. Hann hefði fyrir 30 árum síðan setið á þingi með föður sínum og komið sjer vel saman við hann, og nú hefði hann sjálfur kynnzt honum, og sannfærzt um, að fáir hefðu meiri ættjarð-

arást og nákvæmari þekking á högum fóstjarðarinnar en hann; en þrátt fyrir allt þetta, gæti hann þó eigi verið honum samþykkur í þetta sinn. Nú væri hann orðinn gamall, og efaðist um, að frelsið gæti haft eins góðar verkanir, eins og hann hefði verið sannfærður um fyrir 30 árum, er hann hefði barizt fyrir frelsi því, er nú væri að miklu leyti fengið. Hann hefði talað um, að örðugt væri sumstaðar fyrir sóknarmenn, að fara til prests í annari sókn, en til þess þyrftu menn ef til vill eigi að vera neyddir; það mætti með lítilfjörlegri breytingu á lagafrumvarpinu koma því til leiðar, að sóknarbændur kysu sjer annan prest, er ekki væri skipaður yfir annan söfnuð, og fengju hann til að þjóna sjer að fullu, með eða í stað þess prests er konungur hefði skipað, því að þótt söfnuðurinn yrði þá að borga báðum prestunum, þá gæti svo staðið á, að hann horfði ekki í að leggja á sig þann kostnað. Annars vildi hann biðja deildina að hugleiða, hvort eigi væri of fljótt að hrinda málinu, áður en alþingisfrjettirnar væru búnar að skýra oss frá ræðum og ástæðum manna í neðri deildinni.

Jón Hjaltalín sagði, að sjer þætti það undarlegt, að menn væru að halda langar ræður um mál, sem ætti að fella þegar í stað, meðan fjöldi af merkum málum lægi óafgreidd. Þetta lagafrumvarp mundi eigi valda einingu heldur óeiningu, og yfir höfuð þætti sjer bezt að hætta öllu mögli um trúna; því að það leiddi aldrei til neins góðs. Þingmaður Húnvetninga hefði talað vel móti málinu, og væri ráðlegast, að eyða eigi fleirum orðum að því, það mundi hvort sem væri gjöra lítið gagn, en þó minni sóma þinginu.

Ásgeir Einarsson kvað sjer hafa orðið það alveg óviljandi, að neyða sinn heiðraða sessunaut til að standa upp. Þar sem hann hefði verið að stagast á frelsi því, er frumvarpið vildi veita, þá dytti sjer í hug, orð eins þjóðfundarmanns um stjórnarfrumvarpið, sem þá kom, að það væri því líkast, er nízk móðir gæfi barni sínu brauðbita. Svo hefði þingmaðurinn komið með það snjallræði, að sækja annan prest inn í sóknina; það færi sannarlega vel á því, ef tveir eða þrír keyptu til sín prest, er ætti að þjóna þremur eða fjórum kirkjum; hann efaðist stórlega um, að þeir hefðu nokkurn rjett til að taka hann þannig frá hans eigin sóknarmönnum, er kannske þyrftu hans með sjálfir á þeim sama tíma; eigi þætti sjer það heldur samkvæmt því, er komið hefði fram í umræðunum um aukatekjur presta, að menn væru svo fúsir á að fleygja út til presta fje sínu, sem þingmaðurinn ímyndaði sjer.

Síðan var gengið til atkvæða, og málinu h r u n d i ð frá 2. umræðu með 6 atkvæðum gegn 5.

XLV. AUKATEKJUR PRESTA.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 27. janúar 1847. Frá prestakalla- og kirknanefndinni. Sjá I 243, sbr. XIII. mál hjer að framan II 72—89.

F y r s t a u m r æ ð a í neðri deild, á 38. fundi, 12. ágúst.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Efnið í þessu frumvarpi hefur áður verið svo rætt í þessari deild, að jeg hvorki þarf nje ætla mjer að vekja umræður með því nje móti. Að öðru leyti er það nú einfaldara en áður og yfirgripsminna. Efni frumvarps þessa hefur nú áður náð samþykki beggja deilda, svo jeg vona, að það nú komist klakklaust af það sem eptir er.

Þórður Þórðarsson: Eins og hin heiðr-

aða deild má ske man, var jeg ekki hlynntur móður þessa frumvarps, sem hjer liggur fyrir, og sem nokkrum hinna fjölfróðu — að jeg ekki að dæmi annars þingmanns segi fjölkunnugu nefndarmanna, hefur tekizt að vekja upp aptur, því vart hafa þeir nefndarmenn stutt að því, sem voru því mótfallnir, áður en það sofnaði í efri deildinni. Í móti þessu frumvarpi er það, að það verður fátækustu sóknum eða hreppum að mestum þyngslum, því þar er langflest af þessu fólki, og þar eru sveltarútsvörin tilfinnanlegur og þungur skattur. Í efnasveitum gjörði það minna til, enda veit jeg til, að víða meðal betri bænda er sá siður, að borga presti án lagaskyldu fyrir fermíng hreppsómaga, sem eru í góðum vistum eða í fóstri. Eptir minni skoðun er það bæði leiðinlegt og óvinsælt fyrir presta að sjá ekki fætækrasjóðina í friði, sem aðallega eru stofnaðir til þess að viðhalda lífi fátæklinga.

Páll prestur Pálsson: Jeg skal vera svo drenglyndur að gangast við faðerni þessa frumvarps ásamt öðrum fleirum í prestakallanefndinni, en líka sá, sem einurð hef að taka aptur atkvæði mitt og sleppa þessu frumvarpi, sem jeg álít slysahró og prestastjettinni ekki samboðið að berjast fyrir til streitu Jeg skal játa, að jeg er þrár, en vil með þessari yfirlýsingu minni sýna, að jeg er þó ekki sauðþrár, og eptir sem málavextir standa, gef jeg frumvarpi þessu eigi atkæði mitt.

Guðmundur Einarsson: Það er fyrst, að jeg efast um formgildi þessa frumvarps, sem nú kemur hjer upp vakið eða endurfætt, enda er það skoðun mín, að ekki sje vert að halda efni þess til streitu, ætla jeg að menn muni finna nóg til ámælis embættisbræðrum mínum í þessum málum, þótt þetta detti úr sögunni. Það sem þingmaður Snæfellinga sagði, að í efnaðri sóknum væri siður að borga án lagaskyldu fyrir börn, sem lægju á sveit, þá hefur mjer ekki orðið að því. Í þau bráðum 40 ár, sem jeg hef verið prestur, hefur mjer að eins einu sinni verið borgað fyrir prestsverk við sveitarómaga, og það þótt margt sveitarbarn hafi dvalið dögum saman á heimili mínu til uppfræðingar. Jeg ætla að vera mótfallinn frumvarpi þessu, bæði sökum forms þess og líka sakir þess, að það yrði prestastjettinni fremur til ósóma en sóma, gangi það fram með kappi.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að spyrja að eins að því, hvort frumvarp þetta muni vera líklegt til að rísa upp aptur í þessari deild í þriðja sinn, ef það skyldi falla nú, því eptir því greiði jeg atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Fyrir mitt leyti mun jeg greiða atkvæði í móti þessum uppvakningi, sem jeg hef verið laus við að hafa vakið upp frá dauðum.

Framsögumaður: Jeg gat rjett til þess, að frumvarp þetta mundi ekki græða á umræðum um það. En þar sem því er barið við, að sveitarsjóðir sjeu of fátækir til þess að borga prestsþjónustu, þá liggur ekki annað svar beinna við en það, að enginn sjóður er eða á að vera of fátækur til að standa í skilum. Þingmaður Snæfellinga sagði, að engin gjöld nema til fátækra liggi eða eigi að liggja á sveitarsjóðum. Má jeg ekki minna hann, auk annars, á yfirsetukvennalaunin? En hann þekkir annars ekki heldur þau lög. Hann talar líka um að það sje rangt, að sjá ekki þessa sjóði í friði. Jú, jeg skal játa, að bezt væri fyrir sveitarsjóði, að enginn tæki neitt úr þeim. En þingmaðurinn er ekki búinn að koma því á. Kannske hann vildi líka láta þá í friði, þegar um uppfóstur og menntun fátækra barna er að ræða. Meiningin í því, sem hann sagði, var sú, að hann vildi ekki láta presta og kirkjur fá það, sem rjett og sanngjarnt er, og hefði hann svo ekki þurft að tala fleira. Frumvarpið fer ekki fram á annað, en að prestum og kirkjum veitist það, sem

rjett og jöfnuður er. Þingmaður Skaptfellinga virðist stæra sig af því, að hann er nú móthverfur því, sem hann áður var með, en það er eflaust ástæðulaust metnaðarefni. Þingmaður Dalamanna álítur það formleysi, að «vekja upp aptur», og sama segir 1. þingmaður Gullbringusýslu, en jeg fæ ekki sjeð neitt formleysi í því; enda veit jeg ekki betur, en báðir hinir heiðruðu þingmenn hafi áður gjört sig seka í sama tiltæki, enda er þetta frumvarpið nýtt og enginn uppvakningur að formi til; báðar deildirnar hafa þrásækilega gjört það sama og samþykkt það frumvarp, sem var líks efnis því, sem áður var fellt, en efnið í þessu frumvarpi var þar að auki ekki fellt, heldur samþykkt. Jeg er mótfallinn skoðun þingmanns Dalamanna, að þetta frumvarp geti aukið prestastjettinni ámæli; hitt þykir mjer bæði ámælisvert og minnkun, ef jeg tek aptur eitthvað, sem jeg álít rjett og satt.

Páll prestur Pálsson: Að vísu er þetta nýtt frumvarp að forminu til, en samt sem áður segi jeg skilið við það, enda þykir mjer enginn ósómi að því, þótt jeg breyti skoðun minni, þá er jeg sannfærist um það, er á betra veg leiðir.

Þórður Þórðarson: Hinn heiðraði flutningsmaður hjelt, að mjer væri ekki kunnugt, að yfirsetukonum væri borgað úr sveitarsjóðnum, jú! en það álít jeg hreint neyðarúrræði, og þó töluvert öðru máli að gegna en um presta, sem hafa talsverð föst laun, sem jeg fyrir mitt leyti er ekkert á móti að sjeu ríflcuð, eins og jeg hef áður látið í ljósi, og vil styðja að, ef það er gjört með jöfnuði, en þessu frumvarpi verð jeg enn sem fyrri að mótmæla fastlega.

Guðmundur Einarsson: Jeg skal að eins geta þess, að þegar jeg á að gefa atkvæði um málefni, sem þingmaður, fer jeg sem næst jeg get hag og vilja kjósanda minna eða þjóðarinnar, hvort sem mjer persónulega þykir það æskilegt eða ekki.

Framsögumaður: Þingmanni Snæfellinga get jeg eigi vel svarað, því annaðhvort heyrði jeg ekki ástæður hans, eða þær voru litlar sem engar. Þingmaður Skaptfellinga sagði, að hjer væri um smámuni að tala, sem munuðu litlu, en allt satt og rjett munar miklu. Þingmaður Dalamanna kvaðst láta vilja kjósanda sinna skera úr vandamálunum. Jeg fylgi ekki þeirri reglu, jeg fylgi því fram, sem jeg álít satt og rjett. Það er samkvæmt þeim eiði, sem jeg hef unnið sem þingmaður, og samvizkan leyfir ekki annað. Þingmaðurinn mun hafa unnið sama eið. Að öðru leyti veit jeg ekki til, að þetta sje á móti vilja almennings, því mál þetta kom til umræðu á almennum hjeraðsfundi í mínu kjördæmi, og var samþykkt í einu hljóði.

Þá var gengið til atkvæða og var frumvarpinu hrundið frá 2. umræðu með 11 atkvæðum gegn 8.

XLVI SALA Á ÍTÖKUM KIRKNA.

Frumvarp til laga um sölu á ítökum kirkna. Frá nefndinni í prestakallamálinu. Sjá I 293.

Fyrsta umræða í neðri deild, 38. fundi, 12. ágúst.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta frumvarp er svo stutt, meinlaust, einfalt og ljóst, að það þarf hvorki útskýringar nje meðmæla, og vona jeg, að það gangi umræðulaust til 2. umræðu.

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson): Jeg segi sama og hinn heiðraði 2. þingmaður Gullbringusýslu, að mál þetta er óbrotið og meinlaust, en það er samt ekki gagnslaust. Jeg skal gangast við faðerni þessa litla frumvarps. Það vita allir, að margar kirkjur eiga ítök nær og fjær, sem þeim verður að mjög misjöfnum notum.

Prestum er ætlað að vernda og ávaxta þess konar eignir kirknanna vegna, en það tekst harla misjafnlega og getur opt ollað þeim kostnaðar og óþæginda. Ítök þessi eru opt mikils virði í sjálfu sjer, en sökum fjarlægðar og annara kringumstæðna einatt lítilsvirdi eigendum. Ef þess konar eignir yrðu almennt seldar, er jeg viss um, að það yrði gróði fyrir kirkjurnar, eins og það ljetti líka töluverðri armæðu af prestunum. Allt eins er háttað með bændakirkjur, að þær eiga víða ítök, sem miklu hagkvæmara væri að yrðu seld.

Jeg vona, að þetta frumvarp gangi umtalslaust til 2. umræðu.

Þá var gengið til atkvæða, og málinu skotið til 2. umræðu með 16 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 42. fundi, 14. ágúst.

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson): Jeg þykist ekki þurfa að mæla fram með þessu frumvarpi, því að deildin hefur sýnt, að hún viðurkennir, að það sje nauðsynlegt, með því að vísa því mótmælalaust til 2. umræðu, og engin breytingaratkvæði eru fram komin, svo jeg hef ástæðu til að vona, að deildin breyti eins vel við það nú við þessa umræðu. Jeg vil að eins geta þess, að það er ef til vill þörf á breytingu við 3. gr., að í stað «biskups» komi «stiptsyfirvalda», en það má gjöra til 3. umræðu, ef mjer eða öðrum sýnist svo betur fara.

Þá var gengið til atkvæða, og var:

1. gr. samþykkt með 17 atkvæðum.
2. — —— — 17 ——
3. — —— — 16 ——
3. — —— — 16 ——

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu skotið til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í neðri deild, á 44. fundi, 16. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 293.

Breytingartillögur I 386.

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson): Hjer liggja fyrir 2 breytingaruppástungur, sem eru framkomnar af þeirri ástæðu, að það þótti eiga betur við, að stiptsyfirvöldin samþykktu söluna á ítökum kirkna, heldur en að biskupinn gjörði það einn. Jeg legg ekki mikla áherzlu á þessar tillögur, jafnvel þó jeg álíti rjettara, að stiptsyfirvöldin samþykki söluna, því að þetta er fjármál, þó lítið sje í sum ítökin varið. Jeg skýt því annars til deildarinnar, hvort hún vill samþykkja tillögurnar. Hvað málið sjálft snertir, þarf ekki að fjölyrða um það, því að það hefur gengið hingað til umræðu- og mótmælalaust gegnum deildina, og býst jeg því við, að það gjöri það eins við þessa síðustu umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil taka það fram, að mjer finnst standa á sama, hvort breytingaruppástungurnar komast að; þær geta vel staðizt, og það er ekkert á móti að fella þær; landshöfðingi á að staðfesta söluna síðast, hvort sem er. Eptir gildandi lögum þarf eiginlega konungsúrskurð til þess, að sala á fasteign geti framfarið, og þó flest ítök sjeu eiginlega ekki fasteignir, þá geta þó sum þeirra ef til vill talizt fasteignir. Jeg ætla samt sem áður, að þetta geti ekki verið frumvarpinu til fyrirstöðu.

Framsögumaður: Jeg vil þó heldur mæla með, að breytingaruppástungurnar verði samþykktar. Þær geta að minnsta kosti ekki spillt. Ef þær verða samþykktar, þá er biskup þó ekki útilokaður frá að koma fram skoðun sinni, en amtmaður er útilokaður, ef þær falla, og það er jeg hræddur um að geti spillt fyrir frumvarpinu í efri deildinni, enda sje jeg ekkert á móti því, að stiptsyfirvöldin sjeu hjer rjettir hlutaðeigendur, samkvæmt venjunni.

Þá var gengið til atkvæða um breytingartillögurnar frá meira hluta prestakallanefndarinnar, og var:

1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. — —— — —

Frumvarpið allt með á orðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti það mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 46. fundi, 20. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 432.

Frumvarpinu var umræðulaust vísað til 2. umræðu með 8 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 48. fundi, 22. ágúst.

Með því að enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var

1. grein samþykkt með 7 atkvæðum;
2. — —— — 7 ——
3. — —— — 7 ——
4. — —— — 7 ——

Frumvarpinu var vísað til 3. umræðu með 7 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 51. fundi, 21. ágúst.

Jóni Pjeturssyni fannst frumvarpið fara fram á það, sem væri gagnstætt stjórnarskránni; því ef þetta mætti gjöra, að selja ítök kirkna án samþykkis alþingis í hvert einstakt skipti, þá mætti og selja jarðir þeirra án samþykkis alþingis. En það mætti eigi að hans áliti, af því þær heyrðu undir landssjóð; því gæti hann eigi, og vonaði deildin gæti eigi heldur, fallizt á þetta. Hann gæti eigi skilið, hví þessar sölur mættu eigi koma fyrir alþingi. Þó ítakið væri máske lítið, ætti það samt eigi að verða til að brjóta stjórnarskrána. Það hefði verið sagt, að rjettur þingsins væri ekki of mikill, og því yrði það að halda fast í þann rjett, sem það hefði.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi þurfa að bæta við orð hins 3. konungkjörna þingmanns, en þingið hefði sagt, að þetta heyrði undir sig. Þetta væri samkvæmt því, sem farið hefði verið fram á í heiðarsölumálinu. Alþingi gæti því eigi annað en haldið því formi, að láta slíkar sölur koma undir sig; hann væri því að öllu leyti samdóma hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Forseti bar þá frumvarpið upp til atkvæða, og var það fellt með 8 atkvæðum.

XLVI. SKÓLAMÁL.

Uppástunga til þingsályktunar um, að setja nefnd til að rannsaka brúkun á landsfje handa hinum lærða skóla, og til að íhuga önnur málefni, er varða skólann. Frá Grími Thomsen, 1. þingmanni Kjósar- og Gullbringusyslu. Sjá I 74.

Á 7. fundi neðri deildar, 9. júlí, var samkvæmt uppástungu forseta samþykkt að hafa eina umræðu um þetta mál.

Ein umræða í neðri deild, á 9. fundi, 11. júlí.

Flutningsmaður (*Grímur Thomsen*): Uppástunga sú, er jeg hef gjört, liggur fyrir þingmönnum, og er, að jeg vona, full-ljós, en því hef jeg borið hana upp nú þegar, að mjer þótti hæpið, að láta mál þetta bíða þess, að yfirskoðunarnefnd landsreikninganna fjallaði um það, því það gæti dregizt of lengi. En þessi nefnd, sem jeg hef leyft mjer að stinga upp á, er samkvæm stjórnarskrárinnar 22. gr., hvað hið formlega snertir, og ætlunarverk hennar vildi jeg láta vera, að rannsaka með nákvæmni, og sjálfsagt nærgætni, reikninga hins lærða skóla, og útvega hinar nauðsynlegu skýrslur. Það mundi taka miklu meiri tíma, ef yfirskoðunarnefndinni væri ætlaður þessi starfi. Mjer virðist það og nauðsynlegt, að ganga úr skugga um það, hvað aðgjörðir við skólann kosta, og enginn vona jeg geti heimtað það af okkur yfirskoðunarmönnunum, að við sjeum byggingarfróðir menn, en þinginu í

heild sinni fulltreysti jeg til að geta dæmt um mál þetta með greind og gætni. Verði nú nefnd þessi, er jeg sting upp á, sett, ætti hún að minni skoðun að taka mörg fleiri atriði til yfirvegunar, t. a. m. breyting þá á umsjón skólans, sem hreyft hefur verið, takmörkun á tölu lærisveina skólans, sem jeg ímynda mjer gæti orðið næsta ógeðfelld foreldrum út um landið, því það er eitthvað leitt við það, að geta ekki, fá ekki, að koma syni sínum til kennslu, þó menn hefðu til þess bæði viljann og máttinn; en um þessi einstöku atriði skal jeg því síður fjölyrða nú, sem þetta ætti að vera ætlunarverk nefndar þeirrar, er jeg hef stungið upp á, og sem jeg vona verði kosin, því hún getur gefið ekki að eins yfirskoðunarnefnd landsreikninganna, heldur og þinginu sjálfu margar leiðbeiningar í þessu máli.

Landshöfðingi: Þó mjer að vísu virðist, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafi fullkomið tækifæri til að endurskoða og gagnskoða þessa reikninga sem aðra, skal jeg ekki leggja á móti því, að nefnd verði kosin eptir uppástungu hins heiðraða þingmanns, jafnvel þó jeg verði að játa, að jeg ekki hef neinar háar vonir um árangurinn af henni, Verði nefnd þessi sett, er það sjálfsagt, að jeg fúslega læt henni í tje þær upplýsingar, er jeg get. Að öðru leyti skal jeg á þessu stigi málsins ekki minnast á hin einstöku atriði þess.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal að vísu ekki fastlega mæla móti því, að nefnd verði sett í máli þessu, þó jeg reyndar verði að játa, að mjer virðist hún óþörf; það skyldi þá vera að hún gæti gefið leiðbeining um, hversu mikið framvegis þyrfti með til ýmissa útgjalda skólans, en annað gagn virðist mjer lítið geta af henni flotið, þar sem yfirskoðunarmenn landsreikningsins hafa tekið gjöld skólans eins til íhugunar og önnur gjöld.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er umræðu þessari lokið.

Var síðan gengið til atkvæða, og var uppástungan samþykkt í einu hljóði.

Flutningsmaður: Jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, og geta þess, að jeg álít ekki rjett að kjósa mig í hana, þó einhverjum kæmi það til hugar, af því jeg var yfirskoðunarmaður landsreikninganna.

Forseti: Þingmenn eru sjálfráðir um, hverja þeir kjósa í nefndina, og verða þeim eigi settar neinar reglur í því tilliti.

Var síðan til atkvæða gengið og í nefndina kosnir:

Snorri Pálsson með 11 atkvæðum.

Tryggvi Gunnarsson með 11 atkvæðum.

Þá hlutu þeir Þórarinn Böðvarsson og Halldór Kr. Friðriksson, 8 atkvæði hvor, og rjeð hlutkesti því, að í nefndinni varð

Halldór Kr. Friðriksson.

Nefndarálit sjá I 401—408.

Á 47. fundi neðri deildarinnar, 18. ágúst, var samkvæmt uppástungu forseta samþykkt að hafa 2 umræður um uppástungur nefndarinnar í máli þessu.

Fyrri umræða í neðri deild, á 48. fundi, 19. ágúst.

Breytingaruppástungur I 457. 464.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg vona, að nefndarálit þetta sje svo ljóst, að það þurfi lítilla skýringa; það er öllum ljóst, hver atriði eru tekin fram í því, hverjar umbætur nefndin álítur nauðsynlegar, og við hverjar ástæður tillögur hennar eiga að styðjast. Eins og öllum er kunnugt, var oss falið á hendur að skoða reikninga skólans og svo að athuga ýms önnur atriði, sem skólann snerta; var nefndinni því í sjálfsvald sett, hve langt hún færi í því efni. Það er snertir reikingana, þá vona jeg, að öllum sje ljós stefna nefndarinnar í því efni, sem sje, að viðhafður sje meiri sparnaður á fje skólans hjer eptir, en hingað til hefur gjört verið; hefur nefndin einnig sýnt, að þessi mikla brúkun kæmi til af því, að hlutaðeigendur keyptu óhaganlega

fyrir skólann. Nefndin hefur líka tekið það skýrt fram, að nauðsyn bæri til, að hafa framvegis betri gætur á meðferð á því, sem gengur til skólans, en þá kemur sú spurning, hvernig eigi að koma í veg fyrir, að reikningar skólans verði eptirleiðis eins háir, eins og nefndinni virðast þeir hafa verið, og hvernig meiri sparnaður verði við hafður. Nefndin áleit, að þetta væri mest því að kenna, að enginn einn maður hefur eiginlega haft aðalumsjón skólans á hendi og forstöðu kaupanna, og þessa aðalumsjón vill nefndin að skólastjóri hafi á hendi, og engin veruleg aðgjörð á skólahúsinu utan og innan sje gjörð nema með hans samþykki, og heldur engin innkaup. En þegar um stór kaup er að ræða, þá álítum vjer, til þess að fá vörurnar sem ódýrastar, nauðsynlegt að hafa undirboð, og það í tíma, því að ef það er ekki fyr en í ótíma, þá eru menn ef til vill neyddir til að halda sjer til eins manns, sem þeir annars ekki hefðu viljað. Vjer álítum, að mikið mætti bæta úr þessum vandkvæðum með undirboði í hinum stærri kaupum, og með því, að reyna meir til að fá betra verð á ýmsum aðgjörðum skólans, og er jeg sannfærður um, að það mætti takast. Þá er annað atriði, sem jeg vil þegar tala um, sem er breyting vor á skólaárinu. Nú er svo ákveðið, að skólaárið skuli byrja 15. september og enda 15. júní. Þessi tilhögun hefur mörgum þótt mikið óhaganleg, og á þessu þingi hefur líka komið fram bænarskrá frá Húnvetningum um, að breyta þessu þannig, að skólaárið byrji og endi, eins og ákveðið var í hinni gömlu reglugjörð; þessari skoðun er nefndin öldungis samdóma, og vona jeg, að nefndin hafi sýnt, að óánægja sú, sem sprottin er af þessari tilhögun, hafi við gild og góð rök að styðjast, og þessi óánægja er ekki einungis ríkjandi hjá þeim, sem bænarskrána hafa sent, heldur hjá öllum þorra landsmanna, svo að hjer er ekki eingöngu að ræða um skoðun þingmanna, heldur um vilja allra landsmanna, og í þessu efni á hann mestu að ráða. Það hefur af vangá fallið burt hjá oss einn töluliður, sem einmitt nú er kominn í viðaukaatkvæði frá 2. þingmanni Húnvetninga, og vona jeg, að það geti komizt að. Það er snertir brjef stiptsyfirvaldanna um að takmarka tölu nýsveina, þá ímynda jeg mjer, að vjer höfum þar hitt á óskir landsmanna, því það má öllum þykja óeðlilegt, að neita piltum um inntöku í skólann, þegar þeir eru til þess færir að ná prófi, þar sem þó kennslan er kauplaus; höfum vjer gjört grein fyrir því, af hverju ákvörðun þessi væri sprottin frá hálfu stiptsyfirvaldanna, og að vjer álítum eigi nægar ástæður fyrir henni. Það er snertir 4. tölul. eða hina nýju skólareglugjörð, þá hafa svo margar aðfinningar við hana komið í ljós, að þó ekki væri annað, þá væri full ástæða til að rannsaka, hvort þessar aðfinningar ættu við rök að styðjast, jeg veit ekki til, að nokkuð hafi um hana verið ritað, annað en aðfinningar. Af þessum orsökum höfum vjer stungið upp á því, að öllum hinum föstu kennurum skólans væri skipað í nefnd ásamt tveimur mönnum, sem til þess þættu færastir, til þess að endurskoða reglugjörð þessa. Kennararnir ættu helzt að vera færir um að dæma um, hvernig öllu skyldi haga, sem að kennslunni lýtur, segja, hverjar vísindagreinir á að kenna, og hve mikið í hverri einni, og hversu þeim skyldi niðurskipa. En til þess, að þeim yrði eigi brugðið um einstrengingsskap í skoðunum sínum, þá þótti oss rjettara, að tveir menn aðrir væru með þeim í nefndinni, til þess að stemma stigu fyrir því, að kennararnir færu oflangt eða einstrengingslega í nokkurt atriði. Þá kemur umsjónin, þessi stóri steinn í götunni, sem er svo örðugur viðfangs, og sem hefur valdið svo miklum ágreiningi. Jeg ímynda mjer, að allir játi, að umsjón sje nauðsynleg. Það er sjálfsagt, að öll yfirumsjón hlýtur að hvíla á skólastjóra, en hann getur ekki haft umsjón með hverju einstöku, og hlýtur því að fá einhvern sjer til aðstoðar, en sjálfsagt upp á sína ábyrgð. En nú er spurningin, hvort umsjón sú, sem einn kennari getur gegnt,

sje nægileg; vjer álítum, að svo sje ekki, og þess vegna höfum sjer lagt það til, að skipaður sje einn umsjónarmaður í skólanum, sem undir yfirstjórn og á ábyrgð skólastjóra hafi alla umsjónina á hendi; álítum vjer það nægan starfa fyrir einn mann, þótt hann hefði ekki annað á hendi, en af því að mótbárur hafa áður komið gegn sjerstökum manni, þá stakk nefndin upp á varaatkvæði, sem vjer vildum eigi sleppa, ef hitt næði eigi fram að ganga; en jeg vona, að deildin fallist á höfuðuppástungguna, að einn maður sje aðalumsjónarmaður, skólastjóra til aðstoðar, en hann hafi alla ábyrgð á gjörðum hans, og segi því fyrir um hvað eina, sem hefur mikla þýðing fyrir skólann.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg efast ekki um, að nefndarálit þetta sje vel samið, langt er það, og svo langt, að jeg ætla ekki að fara í gegnum nema niðurlagsatriði þess. Það er reikningana snertir, þá skal jeg sízt þrátta við nefndina um það, að óþarflega mikið fje hafi verið brúkað, ekki einungis til kola og ljósa, heldur til káks á skólahúsinu og annara útgjalda, og ímynda jeg mjer, að nefndin hafi hjer alls ekki farið of langt. En þegar til ráðsins, til að bæta úr þessu, kemur, þá get jeg ekki eins verið með nefndinni. Jeg verð að álíta undirboð mjög varhugavert í sumum tilfellum; að kaupa sem ódýrastar vörur handa skólanum, álít jeg ekki rjett, jeg vil taka til dæmis steinolíu; ef hún er slæm, getur hún jafnvel orðið skólasveinum að líftjóni. Jeg er samdóma nefndinni í því, að einn haganlega settur umsjónarmaður eigi að hafa öll kaup á hendi fyrir skólann, en það get jeg alls ekki fallizt á, að hann gjöri allt á ábyrgð skólastjóra, og jeg er hræddur um, að ef framsögumaður yrði skólastjóri, þá þætti honum sú ábyrgð ærið þung og óþægileg; því að eptir þessari setningu nefndarinnar þyrfti skólastjóri að sjá um alla meðferð á kolum og steinolíu, jafnvel vera við í hvert skipti, sem kveykt er og lagt í ofnana. Jeg get ekkert sjeð á móti því, að umsjónarmaður hafi sjálfur ábyrgð af gjörðum sínum, og það er hitt snertir, að skólastjóri eigi að sjá um skólahúsið utan og innan, þá er það óskylt hans eiginlega embætti og gagnstætt því, sem við gengst í flestum öðrum skólum í norðurálfu, og gagnstætt því, sem hjer hefur tíðkazt; í eldri skólum hjer á landi hafði brytinn alla þess háttar umsjón. Jeg vil fyrir mitt leyti leggja það til, að skipaður sje umsjónarmaður, sem hafi alla ábyrgð af umsjóninni og öll störf á hendi, sem að henni lúta, sje dyravörður, reikningshaldari, bókavörður skólans og reikni út einkunnir lærisveina; það er auðvitað, að hann þarf töluverð laun, en jeg ætla, að þau laun, sem nefndin hefur stungið upp á, sjeu nægileg. Varauppástungan er hinni ólík að því, að jeg finn þar enga ábyrgð, hvorki af hálfu skólastjóra, nje annars. Þá kemur 3. tölul.; jeg held framsögumaður hafi sagt, að nefndin hafi leitt rök að því, af hverjum ástæðum þetta stiptsyfirvaldabrjef um að takmarka tölu nýsveina væri sprottið, en jeg held þó, að honum hafi láðzt að geta hinnar fyrstu orsakar til þess, sem var sú, að því er mjer hefur sagt verið, að kennararnir samkvæmt ákvörðun, sem þeir gjörðu á kennarafundi, hafi skorað á stiptsyfirvöldin að taka eigi fleiri nýsveina en 16 inn í skólann. Undir þessa ákvörðun var yfirkennarinn einnig ritaður, og jeg hef ekki heyrt, að hann hafi haft á móti þessari ákvörðun hið minnsta; hitt hef jeg heyrt, að skólastjóri hafi viljað fara vægar í málið og binda ákvæðið við 20, en því hafi undirkennararnir verið á móti; líklega hefur samt yfirkennarinn verið með skólastjóra í þessu sem öðru(!) Lærisveinar hafa sjálfir sagt mjer af fundi þessum, og jeg hef enga ástæðu til að rengja það, og hjá skólastjóra hef jeg sjeð fundarsamþykktina. Jeg verð því að álíta, að stiptsyfirvöldunum sje vorkunn, þótt þau hafi samþykkt þessa ákvörðun kennaranna, þó jeg fyrir mitt leyti sje henni alls ekki meðmæltur, því að jeg álít hana sannkallað neyðarúrræði; en annaðhvort er að gjöra, að takmarka fjölda lærisveina, ef hann fer fram úr því, sem húsrúm og kringumstæður leyfa

eða veita ótakmarkað fje til skólans; hvorttveggja verður ekki gjört, að spara sem mest fje til skólans, og segja þó, að svo mörg hundruð lærisveina megi kenna, sem vilji. En ef skipta á alþingissalnum í 2 herbergi, þá vil jeg spyrja, hvar á að halda bænir? hvar eiga raðanir fram að fara? Reyndar má gjöra þetta á ganginum, þar er rúm; skólinn getur naumast misst þennan sal, nema ef honum yrði skipt í sundur með tjaldi, sem mætti taka niður, þegar á þyrfti að halda. Jeg tala ekki um þetta, af því að jeg vilji halda þessari ákvörðun, því að jeg vil gjarnan óska, að brjef þetta gangi sem fyrst úr gildi, því að það sjá allir, að það er ærinn óhagur fyrir landsmenn, að senda hingað sonu sína til prófs, og að þeir verði svo apturreka, þótt þeir sjeu hæfir til inntöku. Framsögumaður tók fram, að nauðsyn bæri til að breyta skólatímanum, og láta hann vera eins og áður. Það er satt, að jeg hef orðið var við eina bænaskrá um að fá þessa breyting, en jeg hef ekki heyrt einn skólasvein kvarta um, að þessi ákvörðun, sem nú er, væri óhagkvæm; nefndin leggur mikla áherzlu á fjármissi hlutaðeiganda, sem leiði af þessari nýju ákvörðun, en jeg held, að ómögulegt sje að sanna það. Utanþingsnefndin þekkti eigi þann fjármissi, en hún þekkti, að eigi er hentugt fyrir lærisveina, að sitja við lestur síðari hluta júnímánaðar, og hún lagði áherzlu á annað, sem sje líf og heilsu lærisveina, en það gjörir eigi þessi nefnd; jeg hef jafnvel lesið í einhverju norðlenzku blaði, að skólapiltar gætu eigi gjört annað en rista torf, er þeir kæmu heim á vorin, en þegar jeg var í skóla, var skóla sagt upp í maímánaðarlok, og þá hafði jeg nóg annað að gjöra, þegar jeg kom heim, og það er ætlun mín, að skólapiltar hafi þá almennt unnið meira en nú; því að nú munu þeir færri, sem standa í stritvinnu í septembermánuði. Jeg verð því að álíta, að rangt sje að breyta þessari ákvörðun, sem nú er, og óþægindi mikil, því að það er kunnugt, að piltar hafa opt lagt líf sitt í hættu á haustferðum sínum í skólann; verð jeg því að ráða frá þessari breytingu nefndarinnar. Þá er skólareglugjörðin, sem jeg veit, að einn af þessum nefndarmönnum mun leggja mesta áherzlu á, en jeg hygg, að gallar hennar sjeu ekki eins miklir, og menn hafa gjört sjer að venju að telja á henni, því að það er orðinn vani að tala ekki öðruvísi um hana, en sem óhafandi, og það er snertir uppástungu nefndarinnar, að allir föstu kennararnir og tveir menn þar að auki sjeu skipaðir í nýja skólanefnd, þá þykist jeg reyndar vita, að minna muni ritað um þá reglugjörð, er þeir semja, í Morgunblaðinu, en ritað hefur verið um þessa; mundi og minna ritað um hina nýju reglugjörð í íslenzkum blöðum, til að níða hana, ef þessir tveir utanskólanefndarmenn væru ritstjóri Þjóðólfs og ritstjóri einhvers norðlenzks blaðs. Reglugjörð fyrir skóla er mikið vandaverk, og þessi gamla spurning, »hvað er sannleikur«, á þar vel við, og þó framsögumanni þyki þessi nýja reglugjörð óhafandi, þá er hún ekki fremur óhafandi en sú gamla, sem hún er að miklu leyti sniðin eptir; það geta ávallt komið hundruð manna, sem segja: þetta er rjettast, þetta á að kenna; en eptir því verður ekki ávallt farið, og að segja, að þessi reglugjörð sje óhafandi, það er rangt, og það sem um hana hefur verið ritað, hefur flest verið þvættingur eintómur; það má margt um hana segja, en svo verður líka, þó breytt sje til, og jeg álít ekki rjett að breyta henni, fyr en að minnsta kosti búið er að útskrifa þá, sem eptir henni hafa lært, jafnvel nokkrum sinnum; þá sjest bezt, hvernig hún hefur reynzt. Jeg ætla að svo stöddu ekki að fara út í hinar sjerstöku greinir reglugjörðarinnar, nje sýna, hve ranglega hefur verið fundið að henni. Niðurstaðan hjá mjer verður sú, að jeg fellst á fyrsta tölulið, en vil í staðinn fyrir annan tölulið koma með nýjan, sem ákveði, að umsjónarmaður sje settur, sem hafi alla umsjón skólans, og alla ábyrgð af því, sem ekki lýtur að kennslunni. 3. tölulið mundi jeg

samþykkja, ef jeg væri viss um, að rúm væri til í skólanum handa svo mörgum, sem vildi. 4. tölul. vildi jeg óska að felldur væri.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er á þeirri skoðun um nefndarálit þetta, að nefndin eigi beztu þakkir skilið bæði fyrir það, að hún hefur sýnt fram á, hvernig farið hafi verið með fje skólans, og líka fyrir margar góðar tillögur, sem hún hefur gjört um kennsluna, svo sem breyting á skólaárinu og fyrirkomulag bekkjanna. Nefndarálitið er í tveimur aðalpörtum. Er annar höfuðkaflinn, og hann er fyrri, um fjárstjórn skólans, en hinn er um kennsluna. Að því er snertir fjárstjórnina, þá virðist mjer nefndin hafa farið næsta mjúkum höndum um fjármeðferð skólans; að vísu hefur hún bent á verðlag á þeim vörum, sem keyptar hafa verið fyrir skólann hin síðustu árin, en þó er jeg hræddur um, að henni hafi gleymzt að geta þess, hve mikið af sápu og sóda hafi verið eytt á gluggarúður skólans. Rúðurnar eru margar, og hefur því að líkindum talsvert gengið til að halda þeim hreinum (!!). Jeg ætla svo ekki að fara lengra út í reikningana. Nefndin hefur fyllilega sýnt, að það er ekki allt gull, sem glóir, og að það sýnist eiga sjer stað í fjárstjórn skólans, sem sagt er að títt sje í einu landi (Vesturheimi), að þar þyki engin óráðvendni að fara með almennings fje sem herfang. En áður en jeg sný mjer að hinum kaflanum, ætla jeg að geta um aðra uppástungu nefndarinnar, að skipaður verði umsjónarmaður í skólanum, sem undir yfirumsjón og yfirstjórn skólastjóra og á hans ábyrgð hafi á hendi alla umsjón með skólahúsinu og piltum, og umönnun alla og framkvæmd alls þess, sem skólinn þarf með. Þetta þykir mjer greipileg uppástunga. Þessi tilsjónarmaður á að hafa alla umsjón, ekki einungis fjárstjórn og bústjórn skólans, heldur einnig tilsjón með öllu því, sem snertir athæfi pilta utan bekkja og innan, eða með öðrum orðum: alla umsjón í skólanum, svo að enginn annar hefur neina umsjón ekki einu sinni skólastjórinn á að hafa nokkra umsjón. Tilsjónarmaður þessi á að að hafa alla framkvæmd, já útvega fje handa skólanum, ef það endist eigi, sem ætlað er; þetta er mikið vald, og það sem er undarlegast, að það skal allt vera á «ábyrgð skólastjóra». Slíkt veit jeg ekki til að eigi sjer nokkursstaðar stað, nema þar sem maðurinn sjálfur tekur sjer umumboðsmann. Þetta er því á móti allri stjórnaraðferð, og jeg er fyrir mitt leyti mjög svo mótfallinn þessari tillögu nefndarinnar. Jeg hygg enda, að umsjónarmannsnafnið sje eigi svo vinsælt, að menn ættu að vilja halda því sem lengst. Mjer lízt miklu betur á varauppástunguna, eigi fyrir þá sök, að umsjónarmaðurinn er þar nefndur dyravörður, og eigi heldur fyrir hitt, að hann hefur eigi nema 1000 kr. í laun í staðinn fyrir 1700 kr., heldur af því, að þar er verksvið hans rjettara. Hann á að annast bara um húsið, um bústjórn skólans, svo sem þvott, o. fl. En nefndin verður að fyrirgefa mjer, þó jeg geti ekki fallizt á þessi orð í varauppástungunni: «Og aðstoði kennarana og skólastjóra við umsjónina með lærisveinum». Jeg álít það eigi með öllu að aðgreina bústjórn skólans frá umsjóninni með piltum og epirlitinu með kennslunni. Að minni ætlun er það eðlilegast, að einn maður sje skipaður til að hafa á hendi alla bústjórn skólans, en hann hafi enga umsjón með piltum, nema að því leyti, sem þeir kunna að skemma eitthvað af skólans munum, svo sem brjóta rúður; því álít jeg að hann eigi að skipta sjer af, og komast fyrir, hver skemmt hafi, og heimta borgun fyrir það, ef uppvíst verður. Þessi maður álít jeg eigi að hafa búsýslu skólans á hendi upp á sína eigin ábyrgð. Landshöfðinginn, sem ávísar fjeð, yfirskoðunarmennirnir og seinast þingið eiga aðgang að þessum manni einum. Jeg get eigi ætlazt til, að skólastjóri hlaupi ofan í búð að spyrja um verð á steinolíu, kolum, lampaglösum, rúðum, gólfsópum, hrákadöllum o. s. frv. En það er kemur til umsjónarinnar, þá er jeg á því, að einn kennaranna hafi hana á hendi, þó þannig,

að umsjónarmaður sje kosinn af piltum í hverjum bekk, í svefnloptunum og útivið, og vil jeg, að piltar hafi atkvæði við þessar kosningar; en þar að auki álít jeg rjett, að skólastjóri með ráði kennaranna kjósi sjer 5 menn einkum úr efsta bekk, sem hafi eptirlit á hinum umsjónarmönnunum, og að skólastjóri snúi sjer til þeirra í því, er eptirlit snertir með piltum. Með þessu geta menn greint hina fjárhagslegu umsjón frá hinni siðferðislegu eða hinni vísindalegu umsjón. Jeg vil ekki, að skólastjóri þurfi að blanda sjer inn í búreikninga skólans, heldur að hann hafi þessa hægari og kennslulegu umsjón með ráði þessara 5 lærisveina, og þessir 5 hafi aptur hliðsjón af hinum. Þetta felst að nokkru leyti í varauppástungunni, en er ekki ljóslega tekið fram og ekki ætlazt til, að þessir 5 lærisveinar sjeu látnir taka þátt í umsjóninni (*Framsögumaður*: Á ekki við). Jeg veit ekki hvað á við, ef ekki það, sem gagnlegt er og nauðsynlegt, Þá er annað atriði, sem er það, að jeg álít alveg rjett, að rektor hafi alla ábyrgð á umsjón með lærisveinum, en ekki stiptsyfirvöldin, svo ekki þurfi allajafna að ganga frá Heródesi til Pílatusar, því að þessi halaróa af embættismönnum, þar sem enginn hefur ábyrgð á því, sem hann gjörir, hana álít jeg óhafandi. Um stiptsyfirvaldabrjefið hirði jeg ekki að tala, 2. þingmaður Gullbringusýslu hefur gjört það. Jeg felli mig vel við 1. og 4. uppástungu nefndarinnar; mjer finnast þær góðar og nóg rök leidd að þeim. En 2. uppástunguna vil jeg fella, og samþykkja varauppástunguna með dálitlum breytingum, og að svo mæltu þakka jeg nefndinni fyrir starf sitt, sem jeg álít, að hún hafi yfir höfuð að tala leyst vel af hendi.

Framsögumaður: Jeg get ekki neitað því, að mjer fannst ræða 2. þingmanns Gullbringusýslu lítið annað en hártogun, enda sýndi hann nauðalitla þekking á þessu máli; en það er kemur til þess, er 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, þá fannst mjer reyndar sumt vera hártogun, en sumt átti við nokkrar ástæður að styðjast. Sumt fjell um sjálft sig, af því að það felst í nefndarálitinu, og sumar ákvarðanir hans á ekki við að taka fram, t. a. m. hve margir umsjónarmenn skuli teknir úr flokki lærisveina; slíkt er að öllu leyti komið undir skólastjóra, og á ekki við að setja honum reglu fyrir því. 2. þingmaður Gullbringusýslu vildi ekki samþykkjast undirboðið, af því að steinolían kynni að verða slæm, en hann veit þó líklega, að þegar eitthvað er boðið upp, þá er það keypt með því skilyrði, að það sje góð vara. Ef sá, sem selur, heldur eigi skilyrðin, þá er auðvitað, að hann hlýtur að borga skaðabætur. Báðir þingmennirnir voru samdóma um það, að það væri ófært, að umsjónarmaðurinn væri á ábyrgð skólastjóra, en fyrst er það, að jeg ætlast ekki til, að skólastjóri gái í hvert skipti að því, hvernig kveykt er, eða skipti sjer af, hvort það er gjört 5 eða 10 *mínútum* fyr eða seinna, en jeg ætlast til, að hann skipti sjer af því, ef einhver óregla á sjer stað í því efni. 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að ef jeg yrði skólastjóri, þá mundi jeg ekki fella mig við þessa ákvörðun; en jeg get sagt honum, að þann stutta tíma, sem jeg var skólastjóri, þá fannst mjer það beinlínis skylda mín, að sjá um, að piltar fengju allt, er þeir þurftu með. Ef umsjónarmaður á að hafa alla ábyrgð, þá veit jeg ekki, hvert piltar eiga að snúa sjer, ef ágreiningur verður, og þá hefur umsjónarmaður fullt vald til að brúka fje skólans, eins og hann vill. Annað atriði er það, að þar sem þessir *menn vilja greina umsjón* hússins frá umsjón með lærisveinum, þá lendir þessari umsjón mjög víða saman, og þegar nú umsjónarmaður hefur alla ábyrgð, hver á þá að skera úr milli hans og skólastjóra? Hitt er eðlilegast, að umsjón hússins sje undir yfirumsjón skólastjóra og á hans ábyrgð, og þetta getur mikið vel gengið.

Ef umsjónarmaður á að hafa yfirumsjón með húsinu, en skólastjóri og kennarinn með allri reglu, þá getur það opt komið í bága, svo að jeg get ekki sjeð, að nefndin hafi farið skakkt, því að þetta getur vel samrýmzt, hvernig sem uppástungan er

tekin, en auðvitað er, að það má hártoga hana. Þegar umsjóninni er því þannig háttað, sem nefndin stingur upp á, þá er auðvitað, að þegar um einhver stórkaup er að ræða fyrir skólann, þá er eðlilegast, að skólastjóri leiti samþykkis yfirstjórnar skólans um kaupin.

2. þingmaður Gullbringusýslu segir, að þetta fyrirkomulag hafi aldrei átt sjer stað, en jeg get þá sagt honum, að frá 1851 til 1867 var enginn umsjónarmaður nema rektor sjálfur; hann stóð fyrir öllum kaupum og útvegum til skólans. Jeg vil segja, að það sje alls eigi heppilegt, að láta dyravörð kaupa hvað eina smávegis, og sú raun hefur líka á orðið, að það hefur eigi vel gefizt; margt smátt gjörir eitt stórt, og jeg vil segja, að af þessari tilhögun sjeu aðfinningar þingsins að miklu leyti sprottnar. Þingmanninum þótti óþarft að breyta ákvörðun stiptsyfirvalda-brjefsins. Hann kvað skólapilta hafa sagt sjer af þessum kennarafundi, — nú þykir mjer ætla að fara að versna fyrir honum; — hann fer eptir því, sem skólapiltar segja honum; þeir vita helzt um það. Jeg get ekki kallað annað eins og þetta, annað en »t a k t l e y s i». Þar sem hann segir, að yfirkennarinn hafi verið við og samþykkt þetta, þá neita jeg því, að jeg hafi nokkurntíma samþykkt þessa ákvörðun; jeg var henni mótfallinn, en eptir því sem nú er komið fram, þá var það yfirsjón mín, að jeg eigi ljet rita mótmæli mín í fundarbókina; en það kom til af því, að mjer datt ekki í hug, að stiptsyfirvöldin mundu samþykkja þetta, því að jeg sá ekki og sje ekki enn, að þeirra vald nái svo langt. Þar sem hann talaði um húsrúmsleysið, þá vona jeg, að það sje ljóst af nefndarálitinu, að bæta megi úr því án mikils kostnaðar, og hálfur þessi salur er fullstór til að halda í honum bænir og raðanir (translocationes). En það er á þingsins valdi, hvort það vill hafa þetta band eða eigi; ef deildin álítur það rjett, þá er hún um það, en þetta er skoðun nefndarinnar, og þess ber vel að gæta, að þetta atriði snertir alla landsmenn, og jeg verð að halda því fram, að úr því að kennslan er kauplaus, þá sje óeðlilegt og ófrjálslegt, að neita þeim piltum um inntöku, sem hæfir eru. Því, sem þingmaðurinn sagði um breyting skólaársins, get jeg ekki verið að svara, ástæður hans voru ekki svo mikils virði, að um þær sje orðum eyðandi; en það er ferðalögin snertir, þá verð jeg þó að minna hann á, að ekki alls fyrir löngu var talað um það hjer í deildinni, að strandsiglingaskipið flytti pilta til og frá, svo að lífshættan er þá eigi svo mikil við ferðalögin, og þó að þeir færu landveg á haustin, þá get jeg ekki sjeð, að þeim sje meiri vorkunn en okkur, þegar við vorum í skóla. Það er snertir reglugjörðina, þá skal jeg ekki margt um hana tala; það á hjer ekki við að fara út í einstakar greinar hennar, og hygg jeg líka, að jeg niðri ekki þingmönnum, þótt jeg segi, að margir þeirra þekki ekki svo vel til, að þeir geti dæmt um reglugjörð þessa; en jeg vil spyrja deildina að því, hvort það sje ekki almennings álit, að reglugjörðin þurfi bóta; og ef það er, þá er næg ástæða til að rannsaka, hvort óánægja landsmanna eigi við rök að styðjast. Jeg skal taka eitt dæmi til að sýna, hve vel hún hefur gefizt; árið 1877 voru 29 piltar í fyrsta bekk, þá sagði jeg, að eigi væri auðið að kenna þeim öllum saman eptir þessari reglugjörð nema þeim sjálfum til tjóns, og hvernig fór? 5 af þeim sögðu sig úr skóla sama árið; 9 sátu eptir, og einum var vikið í burtu úr fyrsta bekk í vor, og af þeim 15, sem komust upp í 2. bekk, sátu nú tveir eptir í vor, svo að einir 13 gátu komizt áfram tafarlaust og þó sumir með veikum mætti. Er þetta gleðilegt tákn tímanna; og væri ekki fyrir þessa sök ástæða til að íhuga reglugjörðina? En jeg skal ekki prátta um þetta að þessu sinni, en hitt álít jeg með öllu nauðsynlegt, að hafa umsjónarmann við skólann, og til þess að allt gangi sem greiðast, þá er nauðsynlegt, að skólastjóri hafi yfirumsjónina.

Tryggvi Gunnarsson: 1. þingmaður

Norðurmúlasýslu ljet ánægju sína í ljósi yfir aðgjörðum nefndarinnar í máli þessu, en tók það þó fram, að nefndin hefði farið mjúkum höndum um reikninga skólans. Verið getur, að nefndin hafi gjört svo, en það var þá af því, að hún áleit hentugast, að fara ekki lengra út í málið, en þetta, og taka að eins aðalpóstana fyrir, fyrst hún komst að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að gjöra ekki frekari gangskör um reikningana í heild sinni. Það var alls eigi fyrir gleymsku sakir, að nefndin tilgreindi hvorki sóda nje sápu sem eitt af því, er sjer þætti ofhátt verðlag á, heldur af því, að nefndinni þótti það svo smásmuglegt hjá öðru meira; því að það var margt, sem nefndinni þótti ákaflega margt keypt af og dýrt, t. d. vatnsfiöskur, rúður o. s. frv. Þó hún í bráð hafi sleppt að minnast á þetta, þá er hún þó neydd til að skýra nokkuð nákvæmar frá þessu, af því að umsjónarmaður skólans hefur skrifað nefndinni brjef, og skorað á hana að taka aptur þau ummæli sín, að hann hafi brúkað sóda og sápu skólans í þvotta. Í brjefi þessu skýrir hann frá, að sjer hafi með brjefi stiptsyfirvaldanna 22. sept. 1875 verið falið á hendur að annast línþvotta skólans, en um leið verið skyldaður til að leggja sjálfur til sóda og sápu. Þetta brjef var oss ókunnugt; en jeg vil taka það fram, að vjer höfum aldrei sagt annað, en að oss virtist «af reikningunum mega ráða, að sóda og sápa» hefði verið brúkað í þvotta að einhverju leyti, og skal jeg nú leggja það undir dóm deildarinnar, hvort nefndin hefur eigi haft ástæðu til að segja það. Árið 1875 eru tilfærð í reikningum skólans 24 pnd. sóda og 29 pnd. af sápu, samtals 53 pnd.; 1876 32 pnd. af hvoru fyrir sig, til samans 64 pnd.; 1877 14 pnd. af hvoru fyrir sig, til samans 28 pnd.; 1878 19 pnd. sóda, 24 pnd. sápu, samtals 43 pnd. Þetta er sagt í nefndu brjefi að brúkað hafi verið til að hreinsa með glugga, rúður, lampa o. s. frv.; en oss þótti það ólíklegt, að svona mikið skyldi til þess ganga, þó aldrei nema rúðurnar hafi verið þvegnar vel og vandlega; en jeg fyrir mitt leyti vil eigi rengja orð umsjónarmannsins, því að jeg verð að álíta hann svo heiðarlegan og áreiðanlegan mann, að hann segi hjer eigi annað en það eitt, sem satt er; en eigi að síður finn jeg ekki ástæðu til fyrir nefndina, að taka aptur það, er hún hefur sagt, því hún hefur ekki sagt, að sápa og sóda hafi verið brúkað, heldur, að slíkt líti svo út af reikningunum. Því verður ekki neitað, að það er óskiljanlegt, í hverju það liggur, að 1877 eru brúkuð 28 pnd. en 1876 64 pnd. til alveg sama starfa. En annað, sem þetta brjef umsjónarmannsins bendir til, er það, að það lítur svo út, sem hann sje á sömu skoðun og 2. þingmaður Gullbringusýslu, þar sem hann tók fram, að nefndin hefði eigi farið oflangt eða hart út í mál þetta; því að í brjefi sínu bendir umsjónarmaður eigi einu orði á neitt annað atriði, en þetta, sem honum þykir sjer gengið of nærri, eða sjer sje órjettur gjörður. Þetta er góð bending fyrir deildina, þegar hún síðar meir á að fara að dæma um reikninga skólans. Jeg ætla mjer eigi að fara langt út í reikningana eða sýna hinn mikla mismun á verðinu á ýmsum hlutum, er til skólans eru keyptir, eða hið háa verð hjá því, sem annarsstaðar viðgengst. Jeg ætla að eins að taka það dæmi, að sóda er hjer settur á 12 aura, en fyrir norðan kostar hann eigi nema 8—10 aura; vitriol er hjer sett á 16 aura, fyrir norðan á 10—12 aura. Jeg ætla lítið eitt að drepa á það, er 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu sagði, að ef undirboðið yrði látið fram fara, þá mundi það leiða til þess, að vörurnar yrðu verri. En jeg held, að eigi þurfi að óttast þetta; þessi venja er höfð hvervetna í útlöndum, þegar um opinberar stofnanir er að ræða, og væri þetta sjálfsagt eigi gjört, ef það reyndist ver en sú venja, sem við þennan skóla er höfð. Þar sem hann mælti í móti breytingu á skólaárinu, þá furðar mig á því, þegar litið er á ferðir gufuskipsins, sem skólasveinar annars eigi geta notað, og til þess hagnaðar, sem þeir geta

haft af því, að vera við slátt hálfum mánuði lengur. Að öðru leyti skal jeg eigi fara neitt út í reglugjörð skólans, eða hvað hentugt sje með umsjónarmann. Því að það er eigi von, að leikmenn geti dæmt um slíkt efni, þegar þá, sem eru skólagengnir og eiga að hafa betur vit á því, greinir svo mjög á um það efni.

Varaforseti: Jafnframt og jeg læt í ljósi gleði mína yfir því, að nefndin hefur farið þá leið í máli þessu, sem jeg bjóst við, þá ætla jeg að fara fáum orðum um málið. Jeg er samdóma 1. þingmanni Norðurmúlasýslu um, að nefndin hafi farið mjög mjúknm höndum um meðferðina á fje skólans og nm reikninga hans. En nefndinni hefur þó yfirsjezt í einu lítilræði, þar sem hún eigi telur, að árið 1876 hafi verið eytt nema 1248 pottum af steinolíu, í stað 1300 potta, og kemur þetta til af því, að nefndina hefur vantað fylgiskjölin við reikninga skólans. En af því að nefndin yfir höfuð hefur farið í sömu stefnu sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna, þá legg jeg enga áherzlu á þetta. Aðalatriðið er, að nefndin er samdóma yfirskoðunarmönnunum um það, að fjarskaleg eyðslusemi eigi sjer stað við latínuskólann í Reykjavík. En þó lítur svo út, sem umræðurnar um skólann á þinginu 1877 hafi haft nokkur áhrif á brúkunina við skólann. Vjer sjáum, að brúkunin á eldivið og ljósmeti hefur minnkað 1877, en 1878 hefur þetta aukizt aptur. Árið 1877 gengu upp að eins 901 pottur af steinolíu, og er það góð bending til þingsins, þegar fje skal veita til skólans, að veita þá eigi meira en þörf er á. 2. þingmaður Gullbringusýslu hjelt fast fram umsjónarmanninum við latínuskólann, og kvað slíkan umsjónarmann vera við alla skóla í norðurálfunni, enda hefði verið svo hjer á landi. En jeg get eigi verið á sömu meiningu og þingmaðurinn; því að þótt bryti hafi verið á Hólum, þá er það eðlilegt, því að þar hagaði allt öðru vísi til en hjer í Reykjavíkur-skóla; skólapiltar í Hóla-skóla borðuðu í skólahúsinu og voru þar í þjónustu; en hjer er allt öðru vísi ástatt. Á Englandi er skóli einn, er Eton-skóli kallast, og skal jeg leyfa mjer að benda 2. þingmanni Gullbringusýslu og nefndinni á, hvernig þar til hagar. Lærisveinar skóla þessa eru, eins og hjer, sumir bæjarsveinar (Oppidans), en sumir aptur heimasveinar (Scholars). Þar er enginn sjerstakur umsjónarmaður, heldur eru skólastjóri og kennararnir í sameiningu yfirumsjónarmenn, en efstubekkingar (sem þar eru 6. bekkingar) hafa alla umsjón fyrir utan skólann og alla ábyrgð á því, að allt fari fram með reglu og siðsemi meðal skólapiltanna. Í efsta bekk eru að eins 20 lærisveinar, og eru þó 870 lærisveinar í öllum skólanum, og þessum 20 lærisveinum er falið á hendur að hafa umsjónina á hendi, og ef einhver óregla á sjer stað, þá tekur rektor efstubekkinga fyrir, les fyrir þeim og ávítar þá fyrir það, að þeir eigi uppfylli skyldu sína. Hefði reynslan sýnt, að það væri annaðhvort hagur fyrir skólann í fjárhagslegu tilliti eða fyrir siðferði lærisveinanna, að hafa þennan sjerstaka umsjónarmann, þá skyldi jeg ekki hafa á móti honum. En jeg held, að hið gagnstæða hafi átt sjer stað. Og það er siðferði pilta snertir, þá eru misjafnir tímarnir í því tilliti; sum árin hefur það verið í góðu lagi, og sum, ef til vill, í miður góðu lagi. En það er fjárhag skólans snertir, þá hefði nefndin getað tekið það fram, að fje skólans hefur nú hin síðari árin verið varið gagnstætt öllum fjárhagslegum reglum, þar sem sá ósiður er kominn á, að skólinn er látinn hafa sjóð, er umsjónarmanninum er borgaður fyrirfram. En jeg veit eigi, hvort það er meiningin, að umsjónarmaðurinn hafi sjerstakan skólasjóð undir höndum, eða hvort þörf sje á nokkrum milligöngumanni milli kennara skólans og landfógeta; jeg verð

fyrir mitt leyti að ætla, að kennararnir sjeu eigi ofgóðir til að fara sjálfir niður til landfógetans og hefja laun sín. Jeg er því alveg mótfallinn aðaluppástungunni undir 2. tölul., og verð að ætla, að rjettast sje, að reikningar skólans sjeu í höndum landfógetans. Jeg skal því vera samdóma 1. þingmanni Norðurmúlasýslu um, að greiða atkvæði fyrir varauppástungunni undir 2. tölul. Um stiptsyfirvaldabrjefið 15. maí þ. á. er það að segja, að jeg verð að álíta rjettast, að það verði fellt úr gildi. Að vísu hafði jeg engan njósnarmann á kennarafundinum, eins og 2. þingmaður Gullbringusýslu, en jeg verð að trúa framsögumanni, að hann hafi verið mótfallinn brjefi því, er fundurinn ritaði stiptsyfirvöldunum, og að framsögumaður sje sjálfum sjer samkvæmur. Jeg er samdóma nefndinni um, að ákvæði stiptsyfirvaldabrjefsins sje næsta óvinsælt og ófrjálslegt, þar sem gjörðir hafa verið apturreka nýsveinar, er þó voru fullhæfir til inntöku í skólann, og má nærri geta, að slíkt mun vera sárt fyrir foreldra sveinanna og aðra þá, er að þeim standa. Það er skólareglugjörðina nýju snertir, þá er nú komið við kaunin á mjer, þegar henni er hallmælt, eins og nærri má geta, þar sem jeg var einn af þeim, er var með að semja hana. En jeg skal þó eigi vera hreykinn af henni; en það get jeg vel ímyndað mjer, að þótt nefnd yrði skipuð af nýju til að endurskoða reglugjörð þessa, og kennarar yrðu kvaddir í nefnd þessa ásamt tveim útvöldum mönnum, þá mundu kennararuir eigi verða á eitt sáttir í máli þessu. En ef menn eru óánægðir með reglugjörðina, þá er sjálfsagt, að hún sje lögð undir endurskoðun, og rannsökuð sem bezt má verða. Það er snertir 1. tölulið í niðurlagsatriðum nefndarálitsins, þá vildi jeg spyrja, hvort formlegt mundi, að hafa þessi orð: «og annara þeirra stofnana, er landssjóðurinn kostar». Mjer virðist skólanefndin hafa haft nóg að starfa, þar sem hún þurfti að yfirlíta alla reikninga skólans og ásigkomulag hans; en hvort nefndin hefur haft köllun til að sjá um aðrar stofnanir, það virðist mjer mjög vafasamt. Jeg vil því stinga upp á því við nefndina, að hún felli þessi orð í burtu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla fyrst og fremst að svara framsögumanni, þar sem hann bar mjer á brýn, að jeg hártogaði nefndarálitið. Jeg held, að framsögumanni hafi annaðhvort runnið í skap eða hann hafi misskilið orð mín. Það er snertir ábyrgð skólastjóra, þá var þingmaðurinn að berja það blákalt áfram, að umsjónarmaður skólans mætti gjöra hvað sem hann vildi á ábyrgð skólastjóra, t. d. hella niður steinolíu, brenna kolunum í ógegnd, o. s. frv. Hann talaði um, að skólastjóri ætti að hafa umsjón með skólahúsinu utan og innan, og vitnaði til sjálfs sín þessa 11 daga, sem hann var skólastjóri. Jeg hef nú að vísu heyrt, að framsögumaður hafi verið duglegur þessa fáu daga, sem hann var skólastjóri, og hafi útvegað piltum ýmislegt, er þeir með þurftu, ef ekki um daga, þá um nætur; en jeg vil spyrja framsögumann: mundi hann eigi hafa orðið þreyttur, hefði hann verið svona duglegur í mörg ár? Framsögumaður bar mjer á brýn, að skólapiltur hefði sagt mjer af kennarafundinum. En jeg get sagt honum, að piltar vita margt; en jeg hef eigi piltana eina fyrir mjer í þessu efni, heldur og stiptsyfirvöldin sjálf. Jeg skal eigi þræta um það, hvort þingmaðurinn samþykkti brjefið til stiptsyfirvaldanna, en víst er um það, að hann skrifaði undir það. Framsögumaður hafði það sem aðalástæðu móti skólareglugjörðinni, að almenningur væri svo óánægður með hana. En af hverju er þessi óánægja risin öðru en þeim greinum, er ritaðar hafa verið í blöðunum um reglugjörðina? Menn út um landið

hafa ætlað, að reglugjörð þessi væri skrýmsli, en þó er hún að mestu leyti í samhljóðun við reglugjörð þá, er samin var 1850, nema hvað þessi nýja reglugjörð hefur stórum bætt hina eldri. Framsögumaður vildi láta þingmenn vita, að þeir hefðu eigi vit á að dæma um skólamálefni, og þess vegna eigi heldur um skólareglugjörðina. Þetta getur nú verið heiður fyrir þingmenn, en jeg fyrir mitt leyti álít það eigi heiður, og tek það eigi sem góða vöru. Hann taldi það sem sönnun fyrir því, að reglugjörðin væri óhafandi, að veturinn 1877 hefðu 29 lærisveinar verið í 1. bekk, og sumir þeirra hefðu hætt við lærdóm. En er það víst, að þetta sje reglugjörðinni að kenna? Jeg held, að þetta geti eins verið kennurunum að kenna. Jeg held, að aldrei verði samin svo góð skólareglugjörð, að slæmir kennarar geti eigi gjört hana óhafandi. Þar sem framsögumaður sagði, að með skólareglugjörðinni nýju væri of hlaðið á pilta, þá er það á kennaranna valdi, hvort of hlaðið er á piltana eða eigi; því að það er komið undir kennurunum, hve langt eða skammt er farið út í þær vísindagreinir, er kenndar eru. Varaforseti gat eigi verið mjer samdóma um umsjónarmanninn, og vitnaði hann í einn skóla á Englandi; en jeg held, að það hefði verið betri sönnun, ef hann hefði sýnt, að þetta ætti sjer almennt stað í skólum á Englandi. Jeg játa, að svipað fyrirkomulag var í Bessastaðaskóla; en jeg verð að efast um, að sú regla, að piltar sjeu að mestu leyti umsjónarmenn, geti gilt, eins og nú er ástatt hjer í Reykjavík. Varaforseti kvaðst eigi hafa haft njósnarmann til að halda njósnum fyrir og segja sjer, hvað gjörðist í skólanum. Jeg kannast eigi við, að jeg hafi haft neinn njósnarmann; en af því að jeg um nokkra áratugi hef haft pilta í skólanum, þá veit jeg ýmislegt þaðan. Jeg er samdóma varaforseta um, að þótt allir kennararnir settust á fund, og færu að semja nýja skólareglugjörð, þá mundu menn hafa ýmislegt út á hana að setja.

Guðmundur Einarsson: Jeg er á því, að nefndin hafi leyst starfa sinn vel af hendi. Með tilliti til þess, sem varaforseti sagði um skólana á Englandi, þá skal jeg geta þess, að jeg nýlega hef lesið bók um skólana þar, sem heitir að mig minnir «Livet i St. Vinfred Skole», og þeir sem hafa undirstjórn og undirumsjón í skólunum, eru kallaðir «Monitores» (áminnendur). Þessi bók sýnir, að ýms ófögur dæmi koma fyrir í skólum þessum, og að þessir Monitorar eru sumir ágætispiltar, en sumir reyndar miður en skyldi. Ef vjer lítum aptur til okkar skólalífs, þá sjáum vjer, að þessi umsjón piltanna sjálfra getur reynzt misjafnlega. Það er auðvitað, að hún getur reynzt allgóð, eins og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu tók fram; en það getur þó í mörgu tilliti verið athugavert, að fela slíka umsjón piltum sjálfum í hendur, og mun jeg því heldur hallast að aðaluppástungunni í nefndarálitinu, það er eptirlitið snertir. Það er stiptsyfirvaldabrjefinu viðvíkur, þá er jeg þeirrar skoðunar, að það eigi sem fyrst að nemast úr gildi. En í tilliti til skólareglugjörðarinnar er jeg þeirrar meiningar, að það sjeu eigi blöðin, sem hafa komið oss á þá skoðun, að reglugjörðin sje miður heppileg, heldur sje það vor eigin sannfæring; en að hverju leyti þessi sannfæring sje á rökum byggð, þar um dæmi jeg eigi, En svo virðist, sem heilbrigð skynsemi hljóti að játa, að töluverðir gallar sjeu á reglugjörð þessari, t. d. að það mál, sem hin frægustu vísindarit eru skrifuð á, er varla lært svo, að skólapiltarnir sjeu færir um að lesa á því nema hinar allra-auðveldustu og ljettustu bækur, eða að ekki sje haft tillit til einkunna, sem piltar hafa í einstaka vísindagrein við burtfararprófið.

Framsögumaður: Jeg ímynda mjer, að

mál þetta sje nú fyllilega rætt orðið, og skal jeg því eigi fara langt út í það. Af orðum varaforseta er það að ráða, að hann hafi tekið svo eptir, sem sú sje tilætlun nefndarinnar, að umsjónarmaðurinn eigi að hafa reikninga skólans á hendi. En sú var eigi tilætlun nefndarinnar, eins og sjá má af orðum hennar á 4. blaðsíðu nefndarálitsins, er þannig hljóða: «Reikninga skólans tölum vjer eigi um, því að vjer verðum að telja það víst, hvernig sem umsjóninni framvegis verður hagað, að þeir verði allir fengnir landfógeta í hendur, þar sem þeir eiga að vera, og þar sem þingið hefur áður ætlazt til að þeir væru». Umsjónarmaðurinn á eigi að hafa neina reikninga á hendi, en að eins annast um allar útveganir. 2. þingmanni Gullbringusýslu finn jeg ekki ástæðu til að svara, því allt það, sem hann sagði, voru hártoganir einar og misskilningur. Hann sagði, að umsjónarmaðurinn mætti gjöra allt það, er hann vildi upp á ábyrgð skólastjóra. Það er auðvitað, að svo framarlega sem umsjónarmaðurinn gjörir eitthvað, þá stendur hann skólastjóra til ábyrgðar um það; þingið á aptur á móti aðganginn að rektor, en rektor að umsjónarmanninum. Sami þingmaður sagði, að hve skökk sem reglugjörðin annars væri, þá væri það kennurunum að kenna, ef hún væri eigi hafandi. Það er satt, að mikið geta kennararnir gjört til, en þó ekki svona mikið. Jeg tek það dæmi, að þar sem kennararnir eiga t. a. m. að vera búnir að kenna ensku á 4 árum svo vel, að piltar skilji hverja ljetta bók, þá er þeim eigi í sjálfs vald sett, hvernig þeir kenna hana eða hve mikið þeir kenna hana. En má jeg spyrja 2. þingmann Gullbríngusýslu, hvort hann er þeirrar skoðunar, að óánægjan yfir skólareglugjörðinni sje sprottin af ritgjörðum þeim, er um hana hafa verið skráðar, en að ritgjörðirnar sjeu aptur sprottnar af ánægju yfir reglugjörðinni? Nei, ritgjörðirnar eru sprottnar af óánægju landsmanna. Hvort þessar ritgjörðir sjeu allar rjettar, geta verið deildar skoðanir um, enda getur það og verið, að kennararnir mundu eigi vera á sama máli allir, ef þeir færu að semja nýja reglugjörð fyrir skólann. Jeg vona, að hverjum gefi það að skilja, að engum muni vera það ljósara, hvernig á að haga niðurskipun kennslugreinanna, og engum hægra að dæma um það, en kennurunum sjálfum, enda er jeg þess viss, að aðalstefnan mundi verða hin sama hjá þeim öllum, þótt þeim bæri á milli í einstökum smáatriðum.

Páll prestur Pálsson: Jeg ætla með fám orðum að leiða athygli deildarmanna að breytingartillögu minni við síðustu orðin í 3. tölulið, er fer í þá stefnu, að stiptsyfirvaldabrjefið frá 15. maí þ. á. verði nú þegar úr gildi fellt. Jeg hef heyrt, að sumir piltar, sem gengu undir inntökupróf í vor, hafi verið gjörðir apturreka samkvæmt þessu stiptsyfirvaldabrjefi, jafnvel þó þeir hafi haft nægilega kunnáttu. Ef brjef þetta væri því «nú þegar» úr gildi numið, þá gæti svo farið, að einmitt þessir sömu piltar gætu fengið aðgang að skólanum nú þegar í haust.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði, og fjellu þau þannig:

1. 1. liður í þingsályktunaruppástungum nefndarinnar samþykktur með 19 atkvæðum.
2. 2. liður fyrri málsgrein felld með 10 atkvæðum gegn 10.
3. 2. liður síðari málsgrein samþykkt með 17 atkvæðum.
4. Breytingartillaga 1. þingmanns Skaptfellinga samþykkt með 15 atkvæðum.
5. 3. liður í þingsályktunaruppástungum nefndarinnar með áorðnum breytingum samþykktur með 19 atkvæðum.
6. Viðaukauppástunga 2. þingmanns Húnvetninga samþykkt með 13 atkvæðum.
7. 4. liður í þingsályktunaruppástungum nefndarinnar samþykktur með 19 atkv.

Síðari umræða í neðri deild, á 53. fundi, 21. ágúst.

Þingsályktunaruppástungan, eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu, sjá I 483—484.

Breytingartillögur I 481. 486.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Þegar þetta mál var til fyrri umræðu, var felldur burt einn liður í þingsályktuninni, sem jeg verð að telja að betra hefði verið að staðið hefði. Nú liggja fyrir 2 breytingartillögur; önnur frá 6 þingmönnum við 3. tölul. um, að ákvörðun stiptsyfirvaldanna um inntökupróf nýsveina á haustum verði úr gildi numin, og að inntökupróf yfir höfuð fari fram á vorin. Hingað til hefur það verið svo, að inntökuprófið á eiginlega að fara fram á vorin; en af því rektor og kennararnir hafa hliðrað til, þá hefur einnig verið haldið próf á sumrin og um haustið, áður en skólinn byrjar. Út af ákvörðun stiptsyfirvaldanna, að nýsveinar megi ekki vera nema 16, leiddi það, að allir nýsveinarnir verða að koma í einu, til þess þeir hæfustu verði valdir úr. Það sjá allir, að það er eðlilegast og bezt fyrir alla hlutaðeigendur, að nýsveinar verði reyndir á vorin, einkum þegar þeir ekki reynast hæfir til inntöku, því að á haustin er svo miklu örðugra fyrir þá að komast heim aptur. Að svo miklu leyti er jeg meðmæltur þessari tillögu. Önnur tillagan er frá 8 þingmönnum, um að sú upphæð fyrir árin 1875—79, sem vanalega er greidd, þegar borgað er í peningum, endurborgist landssjóðnum af þeim, sem hlut á að máli. Þessa tillögu get jeg ekki aðhyllzt, og ræð þinginu frá að samþykkja hana. Ef þessi upphæð, 6 af hundraði, hefur ekki verið áskilin, þegar vörurnar voru keyptar, þá getur hlutaðeigandi kaupmaður ekki skyldazt til að greiða þessa uppbót mörgum áður síðar. Að fara í mál út af þessu við hlutaðeigandi kaupmann, álít jeg óráðlegt, og vil því fastlega ráða deildinni frá að samþykkja þessa tillögu, en með hinni tillögunni vil jeg mæla, vegna þess að inntökuprófið verður þá kostnaðarminna fyrir landsmenn, auk þess að það verður þægilegra fyrir kennarana, en á það legg jeg enga áherzlu. Samt sem áður munu kennararnir ekki neita um, að halda inntökupróf á haustum, ef þess þarf, en aðalreglan verður, að það verður haldið á vorin.

Ísleifur Gíslason: Jeg þarf ekki að mæla með breytingartillögu þeirri, er jeg stend fremstur undir, því að framsögumaður hefur þegar mælt fram með henni. Það sem mjer gekk til að koma með hana, var það, að mjer fannst vanta hjá nefndinni að taka fram, að ákvörðun stiptsyfirvaldanna um inntökupróf á haustin væri úr gildi felld. Jeg ímynda mjer, að allir sjeu mjer samdóma um, að öll heimakennsla á sumrum sje óeðlileg, og eigi ekki að eiga sjer stað, nema sem undantekning; þar að auki getur það komið fyrir, eins og framsögumaður tók fram, að piltar verði apturreka, og þá verður afleiðingin sú, að þeir annaðhvort verða að ferðast heim aptur á þeim tíma, þegar allra veðra er von, eða koma sjer fyrir hjer með ærnum kostnaði, og er hvorugur kosturinn góður. En jeg veit, að jeg þarf ekki að mæla fleira með þessari uppástungu, og að engum muni blandast hugur um að greiða atkvæði með henni.

Varaforseti: Það er reyndar sá vægðarandi drottnandi í þessari deild, og henni er svo illa við allt eptirlit, að það er með hræðslu og efa, að jeg ber þessa tillögu upp fyrir deildina. Framsögumaður mælti á móti henni, og þó er hún eðlileg afleiðing af nefndarálitinu, og fer fram á það, sem er mjög saklaust, það er að landshöfðinginn sjái um, að sú uppbót, sem vanalega er greidd, þegar kaupmönnum er borgað í peningum, verði endurgoldin landssjóðnum. Þetta þarf ekki að leiða til málaferla; málið verður fyrst rannsakað, og

hafi kaupmaður greitt þessa uppbæð, eins og hann er vanur, þá er hún heimtuð af þeim, sem við henni hefur tekið; en hafi hann ekki greitt þessa upphæð, þá ímynda jeg mjer, að hann verði fús til að gjöra það nú, þar sem hann á við svo góðan skiptavin, eins og skólinn er. Þetta er beinlínis eðlileg afleiðing af nefndarálitinu, sem sýnir, hvað hörmulega viðsjálir reikningar skólans eru.

Páll Pálsson prestur: Jeg er viss um, að það mun gleðja alla landsmenn, ef þessi þingsályktun fær fram að ganga, því megn óánægja hefur ríkt yfir brjefi stiptsyfirvaldanna. Jeg vildi helzt, að prentað væri í þingsályktunina með skáletri, að þetta brjef stiptsyfirvaldanna væri nú þegar úr gildi fellt, og jeg legg áherzlu á það, að þeir, sem hefur verið vísað frá við síðasta inntökupróf, þó þeir hafi verið eins færir eins og aðrir piltar áður, megi eiga vissan aðgang til skólans á komanda hausti. Jeg legg sjerstaka áherzlu á þetta, af því jeg veit, að feður þeirra og foreldrar eru sorgbitnir yfir þessum afdrifum. Þó þingið hefði ekkert annað gjört en þetta, þá segi jeg, að það hafi gjört nokkuð.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki verið framsögumanni samdóma um það, að hættulegt sje að samþykkja tillögu vora 8 þingmanna. Vjer gátum ekki búizt við, að sjá þessa meðhöndlun á reikningum skólans, þar sem varaforseti þegar 1875 gaf góða hugvekju út af því, hvernig reikningum skólans væri hagað, og að brúka mætti minna af kolum og steinolíu. Það var nefndarálitið sjálft, sem gaf oss tilefni til þessarar tillögu. Nefndin hefur sjálf fundið til þess, að það er óeðlilegt, að skólinn skuli ekki hafa fengið kaupbæti, sem algengt er í Reykjavík að greiða þeim, sem borga í peningum út í hönd, og nemur þessi kaupbætir 367 kr., sem ekki er nein lítil upphæð. Mjer finnst það ekkert tiltökumál, þó vjer höfum bent til þessa; oss datt jafnvel í hug að fara lengra, og stinga upp á, að innkaupin væru rannsökuð, en vjer ljetum oss nægja, að heimta kaupbætinn. Jeg þekki svo vel kaupmann þann, sem hjer á mestan hlut að máli, að jeg efast ekki um, að hann bæti skólanum þetta upp, ef hann ekki þegar hefur svarað þessu fje; að minnsta kosti veit jeg, að hann bætir prívatmönnum upp, þó liðin sjeu jafnvel nokkur ár frá, og því síður mun hann neita svo góðum skiptavini, sem skólinn er, og þar sem gengið er eptir hverjum eyri af landsins fje, og á að ganga eptir hverjum eyri, því skyldi þá ganga fram hjá þessu.

Ísleifur Gíslason: Jeg er samdóma andanum í tillögu 8 þingmanna í sjálfu sjer, og álít, að nefndin hafi heldur verið of mjúk en of hörð í ummælum sínum um reikninga skólans; en jeg hef eina ástæðu til þess, að vera á móti henni. Jeg er hræddur um, ef þessi breyting verður samþykkt hjer, að efri deildinni kunni að þóknast, að senda oss þessa þingsályktun aptur, og hún geti þá ekki fengið framgang, en jeg álít hina liði þingsályktunarinnar vera svo miklar rjettarbætur, að það væri illa farið, ef henni yrði spillt með þessari ákvörðun, og því vil jeg ekki eiga það á hættu að samþykkja hana.

Varaforseti: Jeg get ekki trúað því, að efri deildin geti ekki fallizt á þessa breyting, sem er alveg byggð á nefndarálitinu, og jeg efast ekki um, að kaupmaður sá, sem hlut á að máli, hafi hann ekki þegar gefið þessar kaupbætur, muni vinna það til að greiða þær nú, til þess framvegis að sæta kaupum við skólann, —, og hafi hann greitt þær, þá getur enginn verið í vafa um, að þessi tillaga á fram að ganga.

Þórarinn Böðvarsson: Því hefur verið lýst yfir, að tillaga hinna 8 þingmanna sje sanngjörn og samkvæm tillögum nefndar-

innar, og að sje hægt að fá þessar kaupbætur, 6 af hundraði, fyrir 4 síðast liðin ár, og þess vegna skal jeg ekkert tala um þá tillögu, en jeg verð þó að geta þess, að jeg óttast, að þetta muni kosta málssókn, og það sje lítt gjörlegt að fara því fram, þar sem um umsamið kaupverð er að ræða. Með hinni breytingartillögunni þarf jeg ekki að mæla, því að framsögumaður tók henni vel, og þingmaður Rangæinga hefur þegar mælt með henni. Jeg er þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að stiptsyfirvaldabrjefið yrði úr gildi numið, en jeg vil þó taka það fram, að það brjef er sprottið af samhuga beiðni allra kennaranna, og þingmaður Reykvíkinga mælti þar ekki eitt orð á móti. Og fyrst að allir skólakennararnir hafa álitið það nauðsynlegt, að því væru sett takmörk, hve margir mættu koma í skólann, er þá ekki ísjárvert fyrir þingmenn, sem margir þekkja hjer ekkert til, að segja hið gagnstæða? Landshöfðinginn á að hlutast til um, að skólaárinu verði breytt aptur, en jeg efast um, að sú breyting sje landsmönnum að skapi eða hentug. Enn á að setja nefnd í skólamálinu, og eiga allir kennararnir að sitja í þeirri nefnd; jeg segi það satt, að jeg óska að lifa svo lengi, að jeg geti fengið að sjá þá reglugjörð, sem kemur frá þeirri nefnd, en þess verð jeg að óska, að hinni nýju reglugjörð, sem nú er, verði ekki breytt strax, því að sumir, er hafa skrifazt út eptir hinni gömlu reglugjörð, hafa, svo jeg hef heyrt, óskað þess, að þeir hefðu heldur verið útskrifaðir eptir þeirri reglugjörð, sem nú er.

Framsögumaður: Mjer er alveg óskiljanlegt, að nokkuð geti komið út af breytingartillögu hinna 8 þingmanna. Ef kaupmaðurinn neitar að gefa kaupbætur, þá er eigi auðið að skylda hann til þess, og það er athugavert, að töluvert af þessari upphæð er fyrir vörur, sem aldrei eru gefnar kaupbætur af. Það er annað mál, að fá má þennan kaupmann til þess framvegis að gefa kaupbætur, og, ef til vill, meiri kaupbætur en öðrum. Þessar uppbætur eru svo ýmislegar; sumir gefa að eins uppbót, ef fjeð er borgað þegar í stað eða innan 3 vikna, og því gat nefndin ekki farið fram á, að fá kaupbæturnar borgaðar úr því svona langt er liðið, frá því að reikningarnir voru borgaðir. 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að þetta stiptsyfirvaldabrjef hefði verið samhljóða beiðni allra kennaranna, en þetta er ekki satt; jeg mælti á móti á kennarafundinum, en því miður ljet jeg ekki bóka mótmæli mín, því að satt að segja datt mjer ekki í hug, að stiptsyfirvöldin ein mundu leiða þetta mál til lykta, heldur láta það ganga til úrskurðar stjórnarinnar.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var

1. Breytingartillaga Þorláks Guðmundssonar o. fl. við 1. tölul. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 1.
2. Breytingartillaga Ísleifs Gíslasonar o. fl. við 3. tölul. samþykkt í einu hljóði.
3. Þingsályktunin öll með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti síðan uppástunguna verða afgreidda til efri deildar.

Á 50. fundi efri deildarinnar, 24. ágúst var ályktað samkvæmt uppástungu forseta, að hafa eina umræðu um þetta mál.

Ein umræða í efri deild, á 52. fundi, 25. ágúst.

Þingsályktunaruppástungan, eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í neðri deildinni, sjá I 499—500.

Með því að engar umræður urðu um málið, ljet forseti ganga til atkvæða, og var uppástungan óbreytt samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

Kvað forseti hana nú mundu verða afgreidda til landshöfðingja sem ályktun frá alþingi.

XLVIII. PRENTUN PRESTASKÓLAFYRIRLESTRA.

Tillaga til þingsályktunar frá Árnljóti Ólafssyni. Sjá I 281.

Á 35. fundi neðri deildarinnar, 9. ágúst, var ályktað samkvæmt uppástungu forseta að hafa eina umræðu um þetta mál.

Ein umræða í neðri deild, á 43. fundi, 15. ágúst.

Flutningsmaður (Árnljótur Ólafsson): Jeg treysti því, að jeg þurfi eigi að útlista lengi þessa þingsályktunartillögu. Jeg skal að eins geta þess, að kennarar þeir, er nú eru við prestaskólann, hafa verið þar svo lengi, að þeir eru eflaust búnir að koma sjer niður á þeim fyrirlestrum, sem þeir finna að rjettir sjeu. Tveir af kennurum þessum eru sem sje búnir að vera kennarar við skólann yfir 30 ár, og hinn þriðji kennarinn 12 ár, svo tíminn er líklega orðinn nógu langur fyrir þá, til þess að gjöra fyrirlestra sína svo úr garði, að þeir sjeu frambærilegir, hvort sem þeir eru prentaðir sem fyrirlestrar eða kennslubækur. Jeg verð að ætla, að orsökin til þess, að kennarar þessir hafa eigi látið prenta fyrirlestra sína, sje sú, að þeir hafa eigi fengið ytri hvöt til þessa, en menn þessir allir eru svo hæverskir, að þeir vilja eigi sjálfkrafa trana speki sinni fram. Þess vegna vildi jeg, að þeir fengju þessa þjóðarósk að heyra, að láta nú ljós sitt skína fyrir mönnum, fleirum en þeim einum, er sitja innan veggja prestaskólans. Jeg sje eigi hina minnstu ástæðu, er sje því til fyrirstöðu, að þessir fyrirlestrar geti komið út; því að landshöfðingi hefur sjálfsagt það vald, að hann getur heimtað af prestaskólakennurunum, að þeir gefi út fyrirlestra sína sem handrit. Munurinn á fyrirlestrum, prentuðum sem »handrit«, og kennslubókum er sá, að sjeu fyrirlestrarnir prentaðir sem handrit, þá má eigi álíta þá eða dæma um þá nema sem bráðabirgðarbók, er lögð sje til grundvallar fyrir kennslunni. Jeg efa alls eigi, að allir kennararnir við prestaskólann verði fúsir á, að gefa út fyrirlestra sína, þegar þessi hvöt er komin fram fyrir þá. En árangurinn af því, að þessir fyrirlestrar eru gefnir út, er fyrst og fremst sá, að lærisveinar prestaskólans hafa þá bók, svo þeir þurfa eigi framar að verja tíma sínum til einlægra skripta, og verð jeg að álíta, að prestaskólalærisveinar mundu geta lesið eins mikið á 2 árum, þegar þeir hafa prentaðar kennslubækur við að styðjast, eins og þeir mundu lesa á 3 árum með því lagi, sem nú er á kennslunni. Jeg vona, að þeir, sem hafa gengið á prestaskólann, sjeu mjer samdóma um, að þetta sjeu engar öfgar. Það hefur verið stungið upp á því, að auka kennslutímann á prestaskólanum um 1 ár, þannig að hann eptirleiðis yrði 3 ár; en jeg ímynda mjer, að allir sjái, að rjettara sje, að fyrirlestrarnir verði gefnir út, en að leggja nýja byrði á alla lærisveinana og auka þeim kostnað. Af þessum orsökum vona jeg, að deildin gefi tillögu þessari atkvæði sitt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er eigi með öllu ósamþykkur tillögu þessari, en eigi heldur að öllu leyti samþykkur henni. Mjer heyrðist það vera aðalástæðan hjá flutningsmanni, að kennararnir væru búnir að vera svo lengi við prestaskólann, að þeir gætu látið prenta fyrirlestra eða kennslubækur; þessu samsinni jeg, en flutningsmaður veit, að ekkert er óbreytilegt í heimi þessum, og ekki heldur guðfræðiskennslan; og jeg veit, að að minnsta kosti einn af prestaskólakennurunum breytir fyrirlestrum sínum árlega; enda liggur það í hlutarins eðli, að þeir kennarar, sem fylgja vilja tímanum, hljóta að breyta til. Jeg er í vafa um, hvort nauðsyn er, að nokkuð sje prentað í þessu augnamiði; en ef slíka bók skal prenta, þá ættu það eigi að vera fyrirlestrar, heldur kennslubók, er kennarinn legði til grund-

vallar fyrir kennslunni, en gæti þó farið út fyrir hana og gjört athugasemdir við hana, ef honum svo sýndist. Jeg er því eigi ósamþykkur því, að kennslubækur sjeu prentaðar, en hinu, að fyrirlestrar sjeu prentaðir, því að þeir þyrftu að prentast á hverju ári, og mundi það verða ærinn kostnaður. Flutningsmaður sagði, að prestaskólakennararnir væru svo hæverskir, að þeir eigi mundu gefa út fyrirlestra sína, nema þeir fengju ytri hvöt til þess. Þetta getur nú vel verið, en jeg held að meira þurfi en hvöt í orði frá flutningsmanni; jeg held, að þeim þætti það nokkur fyrirhöfn, og að þeir ættu rjett til að fá ritlaun. Það er eitt að skrifa upp fyrirlestra, sem fylla má, þegar fyrir er lesið, og annað að gefa út kennslubækur, er fullnægjandi sjeu í hverri vísindagrein. Það var önnur aðalástæðan hjá framsögumanni, að það væri svo mikil tímatöf fyrir prestaskólalærisveinana að þurfa að skrifa fyrirlestrana. Þessa ástæðu legg jeg mikla áherzlu á; það er víst um það, að það er þreytandi mjög fyrir lærisveinana, að sitja hálfan daginn við það að skrifa þessa fyrirlestra; og af þeirri ástæðu er jeg eigi ósamþykkur því, að gefnar sjeu út kennslubækur, að minnsta kosti í sumum greinum, svo sem trúfræði og siðfræði, þar á móti álít jeg lítt gjörlegt, að gefa út kennslubækur í útkýringu bibliunnar. Flutningsmaður sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að kennslubækur þessar yrðu gefnar út; og að mínum skilningi er engin verulag hindrun fyrir þessu, nema það er kostnaðinn snertir, því að það mundi mikill kostnaður að gefa út áreiðanlegar kennslubækur, og það eigi að eins prentunarkostnaðurinn, heldur og ritlaun til höfundanna. Þar sem flutningsmaður bar saman kostnað þann, er leiðir af tillögum skólanefndarinnar, að prestaskólatíminn skuli eptirleiðis vera 3 ár, þá gætti hann þess eigi, að kostnaður þessi verður eigi svo fjarskalega mikill, af því að lærisveinarnir losna fyr frá skólanum hið síðasta árið (þriðja árið), en nú gjöra þeir; því að nú losna þeir eigi fyr en síðast í ágúst, og verður kostnaðarmunurinn því eigi svo verulegur. En þó að kostnaðarmunurinn verði nokkur við þessa 3 ára tímaákvörðun, þá virðist mjer þó nauðsynlegt, að einskorða kennslutímann á prestaskólanum við 3 ár, því að ef guðfræðisnámið á að verða til verulegs gagns, þá veitir eigi af þeim tíma; en ef námið á eigi að verða nema að nafninu til, þá er líka nóg að hafa eigi nema hálft ár. Prestaskólatíminn hefur hingað til allt af verið á 3. ár, þannig að fyrra kennsluárið hefur verið jafnlangt vanalegu skólaári, en hið síðara kennsluárið hefur staðið fram í seinni hluta ágústmánaðar, en það er lengri tími en hin venjulegu skólaár. Að hinu leytinu verð jeg að álíta, að ef kennslutíminn á prestaskólanum verður hjeðan í frá 3 ár, þá verði lærisveinar skólans eptirleiðis betur að sjer, en þeir hingað til hafa verið. Það er eigi að miða við það, þótt flutningsmaður sje vel að sjer, hann, sem áður hefur farið utan, og numið alls konar vísindi og listir við háskólann í Kaupmannahöfn. Ef því landssjóðurinn vildi leggja fje til góðra kennslubóka, þá er jeg því ekki mótfallinn; en ef jeg þekki hinn háttvirta flutningsmann, hinn 1. þingmann Norðurmúlasýslu rjett, þá mundi honum þykja það ærinn kostnaður. Þar sem flutningsmaður sagði, að óskandi væri, að prestaskólakennararnir ljetu ljós sitt skína fyrir mönnum, og birtu á prenti speki sína, þá er jeg hræddur um, að árangurinn af því mundi verða minni en flutningsmaður ætlar. Jeg tek til dæmis útskýring nýja testamentisins; jeg er hræddur um, að almenningur mundi eigi komast í skilning um hin grísku og hebresku orð, sem koma svo tíðum fyrir í biblíuþýðingunni; og þótt slíkar kennslubækur sjeu hentugar fyrir þá, er guðfræði nema, þá eru þær eigi hentugar til alþýðulesturs.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst 2. þingmaður Gullbringusýslu yfir höfuð vera samþykkur þingsályktunartillögu þessari, og jeg fyrir mitt leyti stend eigi upp til þess að mótmæla flutningsmanni, heldur til að styðja mál hans, og tjá þingsályktunaruppástungu þessari að hugsuninni til samþykki mitt. En jeg er þó á nokkuð annari skoðun en flutningsmaður, einkum að því er þessa fyrirlestra snertir, og halla jeg mjer í því efni fremur að skoðun 2. þingmanns Gullbringusýslu. Mjer virðist eigi heppilega orðað í tillögunni, þar sem talað er um «fyrirlestra». Mundi vera svo mikil þörf á því að kosta fje til þess, að prenta skýringar (Exegetik) yfir allt nýja testamentið? Jeg er viss um, að hver stúdent, sem útskrifast hjeðan frá latínuskólanum, er svo fær, að hann getur notað sjer bækur á öðrum málum, sjer í lagi á dönsku, og þar sem 2. þingmaður Gullbringusýslu kvað það æskilegt vera, að fá kennslubækur á íslenzku í öllum þeim vísindagreinum, er kenndar eru á prestaskólanum, þá ætla jeg þess enga þörf; vjer höfum kirkjusögur á dönsku, t. a. m. Hase og Kurtz, og ímynda jeg mjer, að hvorugur þeirra kennara, er við prestaskólann eru, muni semja betri kirkjusögu en þessar eru, og ætla jeg þó alls eigi að gjöra lítið úr lærdómi þeirra, því að jeg játa, að þeir eru vel að sjer í vísindagreinum þeim, er þeir kenna. Það er þá einkum Moral og Dogmatik, er væri nauðsyn á að semja kennslubækur í, en jeg veit reyndar eigi, hve mikið maður græddi á því, þótt einhver útdráttur úr Martensens Dogmatik væri prentaður; jeg held, að eins gott væri að lesa Martensen á frummálinu. Jeg er samdóma flutningsmanni um, að hætta ætti öllum fyrirlestrum á prestaskólanum, því að lærisveinarnir mundu eigi að eins vinna við það 3. árið, er nú er verið að ræða að kennslutíminn á prestaskólanum verði lengdur um, heldur miklu meira. Hve miklum tíma af þessum tveim kennsluárum á prestaskólanum munu lærisveinarnir verja til lesturs? Ekki einu sinni öðru árinu; hinn tíminn allur gengur til þess, að skrifa fyrirlestrana. Jeg er þess vegna sannfærður um, að lærisveinar prestaskólans gætu unnið meira en þetta 3. ár, ef þeir hefðu hentugar bækur til að lesa. En það er auðvitað, að góð kennsla getur eigi þrælbundið sig við eina bók; ef einhver vildi lesa stærri bók, hvað mundi vera móti því? Enda mundu lærisveinarnir eigi að eins geta lesið jafnstórar bækur, heldur miklu stærri bækur, en fyrirlestrarnir eru, og mundu þeir því fá meiri og meiri «alsidig» menntun og skilning á vísindagreinum þeim, er á prestaskólanum eru kenndar. Mjer virðist óheppilegt orð hjá flutningsmanni að tala um fyrirlestra, því að jeg ímynda mjer, að hans hugsun sje, að hætta skuli öllum fyrirlestrum við skólann, og kenna eptir prentuðum bókum; og ef kennurunum þykja eigi neinar bækur á útlendu máli hentugar til að kenna eptir, þá er eigi annað fyrir, en að láta semja þær á íslenzku, og prenta þær síðan. Þar sem 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að lítill munur yrði á prestaskóla-kennslutímanum, þótt hann eptirleiðis yrði ákveðinn 3 ár, frá því sem hann er nú, þar sem kennslutíminn er á 3. ár, þá verð jeg þó að ætla, að mikill munur sje á 2 mánuðum og 9 mánuðum; það er satt, að kennslutíminn á prestaskólanum er eins og nú stendur 9 mánuðir hið fyrra kennsluárið, en 11 mánuðir hið síðara (nefnilega júlí og ágúst umfram hið síðara árið, og þó eigi allur ágúst), en það verður þó hver maður að játa, að mikið munar um 7 mánuði.

Ísleifur Gíslason: Jeg er í aðalefninu alveg samdóma flutningsmanni þingsályktunartillögu þessarar, því að jeg þekki það af reynslunni, hve þreytandi það er fyrir

prestaskólalærisveinana, að sitja heilan og hálfan daginn og skrifa þessa fyrirlestra, það er að segja, ef menn skrifa þá sjálfir og lifa ekki á lánum, eins og opt mun hafa viðgengizt, og mjer er fullkunnugt um, hvílíkur tímaspillir þessar miklu skriptir eru, og jeg er samdóma þingmanni Reykvíkinga um, að meira en eitt ár mundi vinnast, ef lærisveinarnir hefðu prentaðar bækur að lesa, því að þessum fyrirlestrum er haldið áfram allt fram í maímánaðarlok hið síðara kennsluárið. En það er ein fyrirspurn, er jeg vildi gjöra til flutningsmanns, og hún er sú: hvernig hugsar hann sjer fyrirkomulagið, þegar kennaraskipti verða á prestaskólanum? Hvort eiga hinir nýju kennararnir að vera bundnir við hinar fyrri kennslubækur, er fyrirrennarar þeirra hafa haft til að kenna eptir? eða skal þá semja aðrar nýjar kennslubækur? Því að það ræður mjög að líkindum, að þessir nýju kennarar mundu eigi vilja binda sig við hinar eldri kennslubækur. Þessari spurningu leyfi jeg mjer að beina til hins háttvirta flutningsmanns.

Flutningsmaður: Það gleður mig, að allir þeir þingmenn, er talað hafa í máli þessu, eru samdóma tillögu þessari í aðalefninu. Jeg ætla nú að leysa úr því, er þingmenn þessir einna helzt hafa hneykslazt á, nl. þessari ákvörðun, «að forstöðumaður prestaskólans og kennararnir láti sem allra fyrst prenta fyrirlestra sína sem handrit». Þessa málsgrein setti jeg þannig orðaða, af því að kennararnir geta eigi skorazt undan að gefa út fyrirlestra sína sem handrit, ef yfirvaldið skipar þeim að gjöra það. Þeir geta eigi barið því við, að þeir hafi eigi fyrirlestra til, nje að þeir sjeu ekki boðlegir; því að yfirvaldið getur sagt: «það er skylda yðar, að láta prenta, þegar þjer hafið handritið til». Þetta er að minnsta kosti viðurkennd regla við háskólann, ef hart er að gengið. Jeg ætla að svara spurningu þeirri, er 2. þingmaður Rangæinga beindi að mjer. Jeg álít sjálfsagt, að nýir kennarar sjeu eigi bundnir við hinar fyrri kennslubækur, því kennararnir sjálfir eru ekki einu sinni bundnir við sína eigin kennslubók, heldur fylgja þeir henni að eins í þeim atriðum, er þeir eigi breyta skoðun sinni, og mun standa óbreytt í öllum aðalatriðum, en þeir fara út fyrir hana í skýringunni, þegar þeim þykir það við eiga. Lærisveininn les bókina undir, en kennarinn hlýðir honum yfir hana og skýrir hana fyrir lærisveininum, eða fer yfir bókina sem kallað er «explicando & examinando». Þar við vinnst það, að þurfa eigi að skrifa upp annað, en athugasemdir kennarans. Þar sem 2. þingmaður Gullbringusýslu talaði um kostnaðinn, þá verður hann að gæta að því, að ef prestaskólalærisveinarnir eiga eptirleiðis að ganga 3 ár á skólann í staðinn fyrir 2 ár, þá þurfa þriðjungi fleiri lærisveinar að ganga í skólann, til þess að jafnmargir útskrifist. (*Þórarinn Böðvarsson*: ætli það?) Það vona jeg að sje reikningslega rjett, hvort sem það er eptir reikningsbók 2. þingmanns Gullbringusýslu eða eigi. Og komist það fyrirkomulag á að lengja kennsluna, þá yrði að hækka húsaleigustyrkinn við prestaskólann um þriðjung, og þá mundi að öllum líkindum einnig koma sú uppástunga frá einhverjum háæruverðugum þingmanni að fjölga ölmusunum við prestaskólann. Jeg er viss um, að sparnaður verður við það, að gefa út fyrirlestrana, bæði fjesparnaður og tímasparnaður. Jeg er og viss um, að 2. þingmaður Gullbringusýslu er mjer samdóma um, að svo mikill fjársjóður guðsorða sje fólginn í þessum fyrirlestrum, að hann verði eigi tölum talinn nje vogum veginn, og eigi sje unnt að meta, hve dýrmætur þessi fjársjóður er fyrir alla kirkjuna og uppbyggilegur fyrir allt mannlegt fjelag. Jeg verð að ætla, að kennararnir við prestaskólann muni reyndar heldur kjósa, að gefa út reglulegar kennslubækur en fyrirlestra, og verð jeg fyrir mitt leyti að álíta það heppilegra. Það væri t.

a. m. æskilegt fyrir þá þingmeun, «er eigi rata leið sína«, svo sem sagt hefur verið, að fá útgefna góða kennslubók í hugsunarfræði (Logik), og það væri einnig ákjósanlegt fyrir suma presta, að fá útgefna góða sálfræði, því að ræðurnar hafa eigi mikil áhrif á tilheyrendurna, ef þær eru sálfræðislausar. Það getur verið, að einn af kennurunum við prestaskólann breyti árlega fyrirlestrum sínum, en þær breytingar eru víst eigi mikilsverðar. Jeg get eigi skilið í því, að aðalatriði trúfræðinnar eða meginstefna siðfræðinnar nje útskýring biblíunnar breytist árlega; því að ef biblían, sem á að vera hinn eini vegur til sáluhjálpar og undirstaða fyrir allri guðfræðiskennslu, er óbreytanleg — og því hefur eigi verið mótmælt nje það hrakið í athugasemdunum og hinum skörpu rannsóknum um hið nýja kver — þá er eigi líklegt, að vísindagreinir þær, er á biblíunni eru byggðar, geti breytzt árlega í neinu verulegu. Jeg veit að sönnu, að mjer ber eigi að dæma um þetta efni, þar sem jeg að eins er sljettur og rjettur prestur, en eigi háæruverðugur prófastur. En mjer þætti fróðlegt að heyra hjá slíkum háæruverðugum mönnum, í hverju tilliti guðfræðin geti árlega breytzt, þar sem þó kirkjan stendur ávallt á sama grundvelli og hin æðsta vera er óbreytileg.

Guðmundur Einarsson: Jeg hef aldei á prestaskólanum verið; jeg veit því ekkert persónulega um hann, en jeg lifi þó enn eins konar skólalífi, og vildi gjarnan vera kominn aptur í skóla, því skólalífið var einn hinn skemmtilegasti hluti æfi minnar, og jeg hef mestu ánægju af að frjetta, hvað því líður, og þess vegna spyr jeg hvern þann, sem jeg alít að viti, hvað því líður, eitthvað um það. Einkum spyr jeg um kennsluaðferðina. Og það er til prestaskólans kemur, þá er það um hann að segja, að allir þeir, er jeg hef spurt um ástand skóla þessa, hafa lokið upp sama munni um, að kennslumátinn væri ekki ánægjulegur, og hafa þeir tekið fram þrjár ástæður fyrir þessu: Í fyrsta lagi, að hann væri þvingandi, því að önnur aðferð væri höfð við kennsluna en sú, sem menn álitu hentugasta. Í öðru lagi, að hann (o. kennslumátinn) væri þreytandi, því að menn væru neyddir til að sitja við skriptir heilan og hálfan daginn, og verði svo á stundum örmagna af þreytu, þegar þeir stæðu upp. Í þriðja lagi, að hann væri ónógur, af því að menn ýmist skrifuðu svo illa, að lítt læsilegt yrði, eða þá að þeir töpuðu heilum klausum úr. Þetta hef jeg heyrt fjölda marga presta og kandídata segja, er gengið hafa á prestaskólann, og má svo kalla, að það sje consensus gentium, eða í allra munni, að kennsluaðferðin á prestaskólanum sje mjög svo óviðfeldin. Það liggur í augum uppi, að eins og kennslubækur eru hafðar í latínuskólanum og þykja þar nauðsynlegar, eins er full þörf að hafa kennslubækur í prestaskólanum, er lagðar sjeu til grundvallar við kennsluna, en þar fyrir er sjálfsagt, að kennarinn fari út fyrir bók þessa, og gefi ýmsar munnlegar bendingar og útskýringar um ýms atriði, sýni fram á ýmsar nýjar skoðanir, o. s. frv. En með tilliti til þess, að þessar skýringar mundu verða svo fróðlegar fyrir almenning, eins og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu drap á, þá kann það að vera satt; en þær verða þá að vera nokkuð öðruvísi framsettar, en «skýringar yfir nokkra staði í nýja testamentinu», sem komu út hjerna um árið, og hneyksluðu marga, af því þær þóttu of heimspekilegar.

Páll prestur Pálsson: Það er eigi margt, er jeg ætla að taka fram um mál þetta. Jeg ætla að eins að lýsa yfir því, að jeg er grundvallarhugsuninni í þingsályktunartillögu þessari alveg samdóma. En það er eitt, sem jeg get eigi fellt mig við, sem sje þá ákvörðun, að kennararnir skuli láta prenta fyrirlestra sína, en flutningsmaður hef-

ur nú sjálfur tekið fram, að það sje eigi meining hans, að skylda þá til að láta prenta fyrirlestra sína, heldur sje það meiningin, að samdar verði kennslubækur, sem lagðar verði til grundvallar fyrir hinni munnlegu tilsögn á prestaskólanum. Slíkt mundi hljóta að spara mikinn tíma, og það miklu meiri tíma, en sem svarar þriðja árinu, sem sumir hafa talað svo mikið um, ef kennslutíminn á prestaskólanum yrði lengdur um eitt ár. Jeg get sagt það fyrir mína reynslu, að varla er hægt að verja svo miklu sem öðru árinu af kennslutímanum þar, til þess að lesa vísindagreinirnar; því að meir en helmingurinn gengur til skripta; og þegar stúdentarnir koma þreyttir frá skriptunum heim til sín, þar sem þeir hafa setið eins og dauðar maskínur, þá eru þeir eigi, sem eigi er heldur von á, upplagðir nje færir til þess að setjast við lestur og fara að læra og skilja. Jeg get eigi fallizt á, að frjettir þær, er þingmaður Dalamanna var að segja, frá prestaskólanum, sjeu yfir höfuð rjett hermdar, því að sumar af þeim frjettum hef jeg að minnsta kosti aldrei heyrt, og enn síður reynt, heldur hið gagnstæða,

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef eigi heyrt þessa megnu óánægju, sem þingmaður Dalamanna sagði að væri með prestaskólann hjer, og bý jeg þó nær skólanum, en þingmaðurinn; menn verða að vara sig á því, að sögurnar berast misjafnlega, þegar löng er leiðin. Þess er og að gæta, að fáir munu þeir skólar vera, er lærisveinarnir eru fullkomlega ánægðir með. Jeg tek það enn sem áður fram, að ef nokkuð á að prenta til að hafa við kennsluna á prestaskólanum, þá eigi það að vera reglulegar kennslubækur. En jeg verð að álíta, að hvort sem kennslan fer fram eptir munnlegum fyrirlestrum eða eptir bók, þá eigi hún að fara fram á íslenzku, og þess vegna get jeg eigi álitið heppilegt, að fara að innleiða danskar eða þýzkar bækur við kennsluna á prestaskólanum; jeg held líka, að útlendar bækur hafi nóg aflagað guðfræðismálið hjá oss. Þar sem svo mikil áherzla var lögð á það, að það stytti svo tímann, að hafa prentaðar bækur við kennsluna, þá held jeg, að meira þurfi en að lesa bækur. Aðalmunurinn verður að minni ætlun sá, að eins og nú er, situr lærisveinninn og skrifar, í stað þess, að þegar bækur eru hafðar við kennsluna, þá situr lærisveinninn í tímanum, meðan kennarinn skýrir fyrir honum bókina, sem hann þá verður að sitja við og lesa áður, svo að ef vel á að lesa, þá styttist tíminn ekki verulega. Þingmaður Reykvíkinga gjörði þá athugasemd, að 2 mánuðir væri styttri tími en 9 mánuðir. Þetta er satt, og jeg vissi þetta jafnvel áður, en þingmaðurinn fræddi mig um það. En munurinn á kostnaðinum er eigi eins mikill og látið er; því að 2 sumarmánuðir eru dýrari en 2 vetrarmánuðir, að minnsta kosti fyrir þá, er unnið geta. Flutningsmaður hjelt, að prestaskólakennararnir gætu eigi neitað því, að láta prenta fyrirlestra sína. En jeg held, að svo gæti farið, að þeir neituðu því; því að þeir gætu sagt, að þeir hefðu eigi til uppskrifaðar nema einstöku greinir, sem þeir hefðu fylgt og haft sjer til stuðnings við fyrirlestrana, og alls ekki fyrirlestra, búna undir prentun, og þá rekur aptur að þeirri spurningu, hvort þeir eigi mundu geta heimtað þóknun fyrir þann starfa sinn, að semja þessar kennslubækur. Flutningsmaður sagði, að í fyrirlestrum prestskólakennaranna mundi ómetanlegur fjársjóður geymdur; því neita jeg ekki, og jeg fyrir mitt leyti met þennan fjársjóð eigi lítils; en jeg er hræddur um, að svo kynni að fara, þegar til kastanna kæmi, að landssjóðurinn áliti þennan fjársjóð of dýran. En jeg get eigi ætlað, að alþýða manna hafi svo mjög mikla nytsemd eða gagn af því, þótt þessir fyrirlestrar eða þessar kennslubækur yrðu gefnar út, því að þótt þær væru frambærilegar fyrir stúdent-

ana, þá er eigi þar fyrir sagt, að þær væru hentugar fyrir almenning. Flutningsmaður sagði, að meginreglur vísindagreinanna á prestaskólanum breyttust eigi, af því að undirstaða vísindagreinanna væri óbreytanleg. En flutningsmaður veit þó, að framsetningin og niðurröðunin á vísindagreinunum eru breytingum undirorpnar, og skoðanir manna um ýms atriði geta verið margvíslegar og breytilegar. Flutningsmaður hefur sjálfsagt sjeð siðfræði, sem nýlega er komin út, og að mínu áliti er ein hin merkilegasta siðfræði, er í kristninni hefur nokkru sinni verið samin; þessi siðfræði er eptir biskup Martensen. Þar er mörgu breytt frá því, er áður hefur verið, og grundvöllurinn að miklu leyti nýr og breyttur; það er auðvitað, að siðferðisreglurnar (Moralprincipin) eru hin sömu og áður, því að þær úreldast eigi. Hann minntist á nýja kverið. Ef hann ber nýja kverið saman við hin eldri kver, þá sjer hann, að skoðanirnar hafa breytzt og breytast, og það eigi svo óverulega. Það er rjett, að sáluhjálparvonin er óbreytanleg, og þó verður flutningsmaðurinn að vita, að lúterstrúarmenn og kaþólskir hafa eigi þau sömu skilyrði fyrir rjettlætingunni, og þekkingin á sáluhjálparefnum er eigi óbreytanleg. Það er mismunur í þessu tilliti hjá hverjum manni, og skoðanirnar eins margar og margvíslegar eins og mennirnir eru margir.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, bar forseti þingsályktunartillögu þessa undir atkvæði deildarmanna, og var hún samþykkt með 18 atkvæðum.

Kvað forseti hana nú mundu verða afgreidda til landshöfðingja sem ályktun neðri deildar alþingis.

XLIX. STOFNUN HEILBRIGÐISRÁÐS.

A.

Frumvarp til laga um að leggja niður landlæknisembættið á Íslandi, um stofnun heilbrigðisráðs og um breyting á launum kennaranna við læknaskólann. Frá Þórði Þórðarsyni, þingmanni Snæfellinga. Sjá I 76.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 8. fundi, 10. júli.

Flutningsmaður (Þórður Þórðarson): Mál þetta hefur nú legið frammi fyrir mönnum á lestrarsalnum, og mun því víst öllum þingmönnum kunnugt, jeg skal því að eins fara fám orðum um það. Mjer virðist oss Íslendingum sem öðrum menntuðum þjóðum liggja á því, að fá heilbrigðisráð, og getum ekki látið oss nægja með að hafa að eins einn mann, sem sje landlækninn, sem sjái um allt heilbrigðis-ástand landsins, því þó vjer, sem stendur, eigum því happi að hrósa, að eiga jafn framúrskarandi mann, sem vorn núverandi landlækni, þá er óvíst, að hans rúm verði ætíð jafn vel skipað. Það virðist og hægra fyrir 2 menn, að hafa eptirlit með lyfjabúðum landsins, heldur en 1 mann, þar sem þeir þá geta skiptzt á með ferðalög. En það mun hjer í þessu máli, sem víðar, ekki óþarft að minnast á kostnaðinn, og skal jeg þá geta þess, að við þetta fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, aukast ekki gjöld landssjóðsins, heldur þvert á móti minnka. Laun landlæknis að meðtaldri þóknun til hans sem forstöðumanns læknaskólans eru . . . . . 4,800 kr.
Laun fasta kennarans . . . . 1,800 —
Þóknun til læknis í 1. læknisumdæminu . . . . . 800 —
Samtals 7,400 kr.
En eptir frumvarpiuu, sem hjer liggur fyrir, er forstöðumanni ætlað í laun 3,500 kr.
hinum fasta kennara , . . . 2,400 —
og þóknun til læknis í 1. læknisumdæminu . . . . . 800 —
samtals 6,700 kr.
og sparast þá . . . . . 700 kr.

Við þetta fyrirkomulag vinnst og það, að

laun hins fasta kennara við læknaskólann bætast um 600 kr., sem ekki virðist vanþörf á, þar sem laun hans voru að eins 1,800 kr., sem jeg vona að hinir háttvirtu þingdeildarmenn játi með mjer að sjeu mjög lítil laun fyrir embættismann, sem verður að búa hjer á mölinni, án þess að hafa nokkur aukalaun. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, fyr en jeg heyri undirtektir þingdeildarmanna, en einungis óska, að málið gangi til 2. umræðu.

Varaforseti: Þó jeg reyndar áður hafi fremur verið á móti samkynja máli og þessu, vil jeg ekki leggja móti því nú, því mjer virðist efnið gott. Landlæknir vor hefur að vísu til þessa verið nokkurs konar heilbrigðisráð, en það er ekki við því að búast, að hann sje nú orðinn ljettur á fæti. Mjer virðast mörg atriði of óljóst tekin fram, að jeg að eins nefni kennslu ljósmæðra, sem ætti að felast á hendur þeim manni, sem væri sjerstaklega fróður í þeirri vísindagrein (Specialist). En þessu og öðru eins má breyta með ráði góðra og fróðra manna. Jeg sje heldur ekkert á móti því, að bera mál þetta upp nú þegar, þó landlæknisembættið sje nú í góðum höndum. Jeg mæli því fram með því, að mál þetta gangi til 2. umræðu.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 20 atkvæðum, og samþykkt með 12 atkvæðum, að setja í það 3 manna nefnd. Fyrir kosningu urðu:

Þórður Þórðarson með 15 atkæðum.
Grímur Thomsen með 12 atkvæðum.
Stefán Stephensen með 9 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Nefndarálit I 150—151.

Flutningsmaður tók frumvarpið aptur.

B.

Frumvarp til laga um breyting á 1. og 2. grein laga um stofnun læknaskóla í Reykjavík, 11. febr. 1876. Frá nefndinni í næsta máli á undan. Sjá I 150—151.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Landshöfðingi: Hinum háttvirtu þingmönnum er það kunnugt, að skipun umboðsvaldsins, alstaðar þar sem hið konstítutionelle stjórnarform er innleitt, er byggð á þeirri grundarreglu, að bæði umboðsvaldið og ábyrgð sú, er því er samfara, eigi að vera óskipt hjá einum manni Á einveldistímanum var aptur á móti sú grundvallarregla, að umboðsvaldið skuli falið fleirum mönnum í sameiningu á hendur, hið kollegiale System; en með þessu hverfur bæði sönn eining (Enhed) í framkvæmdinni, og sönn eða fullkomin ábyrgð á henni. Þar sem enn er óbreytt eitthvert kollegium, má skoða það sem nokkurs konar fornmenjar einveldisins, t. d. det kgl. danske Sundhedskollegium í Danmörku. Jeg veit ekki betur, en að allir gagnkunnugir menn í Danmörku sjeu þeirrar skoðunar, að mjög æskilegt sje að breyta þessu fyrirkomulagi á læknaskipuninni, og að fela einum manni sem Medicinaldirektör hið æðsta vald í þeim málum á hendur. Og mjer finnst engin ástæða til að breyta fyrirkomulagi því, sem við höfum, þar sem hið æðsta umboðsvald í þessum málum er falið landlæknum á hendur, er einn hefur allt eptirlitið með hjeraðslæknum og lyfsölum, með læknaskólanum, og alla ábyrgð á þessu eptirliti. Að skipta þessum störfum á milli þriggja manna mun að mínu áliti vera óhaganlegt, því að með þessu móti getur bæði eining og þrek í framkvæmdinni hindrazt, og ábyrgðin verður óglögg. Hitt er annað mál, að landlæknirinn mun optast nær hafa hvöt til þess, að ráðfæra sig í vafasömum málum, sjer í lagi í álitsmálum, við kollega sína við læknaskólann, og jeg hef ekki neitt á móti

því, að honum verði gjört þetta að skyldu, en því ber að mínu áliti að halda föstu, að hann einn hefur ábyrgð bæði af framkvæmdarstörfum þeim og álitsgjörðum þeim, er hvíla á honum.

Aptur á móti er jeg hinni heiðruðu nefnd alveg samdóma um það, að æskilegt sje, þegar landlæknisembættið losnar, að breyta launaákvörðunum þeim, er settar eru í 2. og 3. gr. laganna 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík, og aðhyllist jeg í þessu tilliti 4. gr. þessa frumvarps. Einnig er jeg nefndinni alveg samdóma um, að æskilegt sje, að fela hinum fasta kennara við læknaskólann á hendur að kenna yfirsetukvennafræðina; en þar sem það berum orðum er ákveðið í yfirsetukvennalögunum 17. desbr. 1875 «að engin getur orðið skipuð yfirsetukona, nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf annaðhvort á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða hjá landlækninum í Reykjavík» o. s. frv., mun það vera rjettast með þessu frumvarpi beinlínis að breyta þessari ákvörðun í yfirsetukvennalögunum samkvæmt því, sem hin heiðraða nefnd hefur tekið fram í nefndarálitinu.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg skal játa það, að landshöfðinginn hefur rjett að mæla, þar sem hann segir, að það sje eigi samkvæmt eðli hins nú verandi tíma að stofna kollegia; en menn mega eigi missa sjónar á því, að uppástunga sú, er hjer er um að ræða, er upphaflega komin frá hjeraðsfundi, sem hefur hugsað sjer, að hagfelldara væri, að starfi sá, er landlæknirinn hefur nú á hendi, væri —álíka og á sjer stað um störf sveitafjelaga—, á hendi fleiri en eins manns. Landshöfðinginn tók það og fram, að hið konunglega danska heilbrigðisráð sje enn við lýði, en jeg hef nú reyndar heyrt, að í ráði sje, að því sje breytt, þannig að starfi þess sje falinn einum manni á hendur. En þótt mikið tali fyrir þeirri skoðun, sem landshöfðinginn bar fram, þá er þó aðgætandi, að sú efsta ábyrgð mun ávallt hljóta að vera hjá landsstjórninni, enda er svo, að heilbrigðismálefnin heyra undir einn ráðgjafanna í Kaupmannahöfn; virðist mjer það eigi mikil breyting, þótt þessi undirábyrgð sje flutt til. Að öðru leyti er jeg fús á að koma til móts við landshöfðingjann í máli þessu, og ná samkomulagi við hann. Það er hitt snertir, að sú ákvörðun í yfirsetukvennalögunum 17. desember 1875, að engin geti orðið yfirsetukona, nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf annaðhvort á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða hjá landlækninum í Reykjvík», — sje felld burtu, þá álít jeg það rjett, og þyrfti þá að bæta aptan við 5. grein frumvarpsins ákvörðun í þessa átt.

Landshöfðinginn: Jeg skal geta þess, að þegar jeg talaði um ábyrgð þá, er framkvæmdarstjórnin hefur, þá talaði jeg eigi um konstitutionella ábyrgð, heldur um ábyrgð hvers embættismanns; það er auðvitað, að hin stjórnarlega ábyrgð hvílir á ráðgjafanum, en eigi á landlækninum.

Þá tóku eigi fleiri til máls. Bar forseti því málið undir atkvæði, og var því vísað til 2. umræðu með 20 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 19. fundi, 23. júlí.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg sje, að landshöfðingi er eigi viðstaddur; hann hafði við 1. umræðu þessa frumvarps ráðgjört, að koma með breyting við frumvarpið, og lýsti jeg því yfir, að nefndarmenn mundu fúsir á að taka þeirri breytingu, ef þeir sæju, að hún væri frumvarpinu til bótar. Landshöfðingi gjörði þá athugasemd, að það væri á móti anda tímans, að fela fleirum en einum manni á hendur stjórn opinberra mála. Hann gat þess og, að í Kaupmannahöfn ætti að af nema heilbrigðisráð

og fela einum manni á hendur völd þess. Í Noregi er sú breyting á komin. En samt sem áður er jeg landshöfðingja eigi samdóma, að þetta sje á móti venju þjóða með sjálfsforræði; jeg skal taka til dæmis eitt land, sem hefur víst fullt sjálfsforræði, það er England, þar eru 3 ráð, verzlunarráð (board of trade), sjóhermálaráð (board of admiralty), og einmitt heilbrigðisráð (board of health). Það er sjálfsagt, að ráðgjafinn, sem hefur þessi ráð undir sjer, hefur hina konstitutionellu ábyrgð, en hin verklega ábyrgð er á formönnum ráðanna. Mjer sýnast því mótbárur landshöfðingja eigi svo sterkar, að af þeim sje ástæða til að breyta frumvarpi nefndarinnar. Landshöfðingi gat þess, að í 5. gr. þyrfti líka að af nema eina eða fleiri greinar í yfirsetukvennalögunum frá 17. desbr. 1876. Jeg hef kynnt mjer þau, og jeg sje ekki mögulegt að upphefja nokkra grein í þeim með þessu frumvarpi. Landlæknirinn er nefndur þar á nokkrum stöðum, og að yfirsetukonur eigi að taka próf hjá honum og hjeraðslækni. En ef landlæknisembættið er úr lögum numið, þá fellur lærdómspróf yfirsetukvenna hjá honum af sjálfu sjer, en þá eru hjeraðslæknarnir eptir. En ef sjerstök grein er úr lögum numin, þá fellur einnig sú ákvörðun, að þær skuli taka próf hjá hjeraðslækni. Mjer virðist óþarft, að taka það ávallt fram í nýjum lögum, þó smábreytingar verði á einhverjum eldri lögum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer synist hjer standa eins á og með næsta frumvarp á undan, að þessi tvö frumvörp geti ekki samrýmzt, og verði því að fella hið fyrra áður en hitt er tekið til umræðu, því að annars er eigi gott að segja, fyrir hverja grein í frumvarpinu grein nefndarálitsins á að koma.

Framsögumaður: Þetta frumvarp hefur verið til 1. umræðu; þessi mótbára hefði þá átt að koma.

Forseti: Þetta frumvarp hefur áður verið til fyrstu umræðu, og var þá tekið aptur.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að geta þess, að jeg fyrir mitt leyti er samdóma landshöfðingja um, að eigi sje hentugt, að heilbrigðisráð sje skipað hjer á landi. Slíkt verður eigi til annars, en að mál þau, er undir álit eða úrskurð heilbrigðisráðsins eru borin, rekast frá einum til annars; hver einn af meðlimum ráðsins vill hrinda ábyrgðinni af sjer yfir á hinn. En þetta getur aptur orðið til þess, að málin nái seinna fram að ganga, og að dragi úr framkvæmdum ráðsins. Jeg hygg því betra, að einn maður hafi á hendi störf þessi, svo sem verið hefur til þessa. Jeg get eigi heldur annað ímyndað mjer, en að landlæknirinn (eða hvað sem sá er kallaður, er starfa þennan hefur á hendi) muni taka þessa menn, er nefndir eru í frumvarpinu, til ráðaneytis sjer. Að öðru leyti fellst jeg á þær breytingar nefndarinnar, er snerta skipun læknaskólans.

Framsögumaður: Jeg geymdi mjer eina litla ástæðu. Hvort mun eigi betra, áður en þingmaður Reykvíkinga ákveður, að ekkert heilbrigðisráð skuli sett, að hann þá fyrst ákveði, að það ráð (Collegium), er heitir «stiptsyfirvöld», sje af numið? Stiptsyfirvöldin mynda ráð; þau hafa yfirráð yfir latínuskólanum og yfir höfuð öllum skólum hjer á landi, að barnaskólum með töldum, og hafa í stuttu máli öll kennslumál hjer á landi undir sinni yfirumsjón.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg fyrir mitt leyti sje engan hag af því, að stiptsyfirvöldin sjeu eins skipuð, og þau eru. Mjer virðist það ekkert betra, þótt tvö stiptsyfirvöld sjeu, heldur en þótt allar framkvæmdir þær, er nú heyra undir verksvið þeirra, liggi t. a. m. á biskupnum einum. Það kemur opt fyrir, að málin dragast, af því að þessi tvö stiptsyfirvöld þurfa svo og svo langan tíma til að geta

náð samkomulagi sín í milli, enda getur farið svo, að úr málunum dragi, af því að þau eru að lempa sig hvort eptir öðru. Auk þess standa stiptsyfirvöldin undir annari yfirstjórn.

Framsögumaður: Það er auðvitað, að þar sem tveir eru í einu ráði, þar er hættara við, að eigi náist samkomulag, af því að enginn meiri hlutinn getur orðið. En í heilbrigðisráði því, er hjer ræðir um, er ætlazt til, að þrír verði, svo að eigi er að óttast, að enginn meiri hluti verði, ef ágreiningur verður.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, var frumvarpið borið upp til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein frumvarpsins samþykkt með 13 atkvæðum gegn 3.
2. grein frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
3. grein frumvarpsins samþykkt með 12 atkvæðum.
4. grein frumvarpsins samþykkt með 13 atkvæðum.
5. grein frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum.

Málinu vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 208.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Þær helztu mótbárur, sem fram hafa komið í þessu máli, hygg jeg að sprottnar sjeu af meiningamun, hvort einn maður eigi að hafa yfirumsjón læknaskólans og allra heilbrigðismála, eða fleiri menn, hið svo nefnda heilbrigðisráð. Jeg álít eigi nauðsynlegt, að ítreka það nú, sem jeg tók fram við 2. umræðu málsins, en það er ósk mín, að þingmenn þessarar deildar vildu lofa frumvarpinu upp í efri deildina, svo hún gæti lagað það, og það gæti komið hingað aptur í svo fullkomnum og góðum búningi, sem menn framast óska.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var frumvarpið borið undir atkvæði, og samþykkt með 16 atkvæðum. Síðan var það sent efri deild.

Fyrsta umræða í efri deild, á 23. fundi, 28. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 221.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja leggja það til, að nefnd væri sett i málið, eigi af því, að hann hefði komizt upp á svo gott síðast, er hann rjeð til þess í næsta máli á undan, heldur af því, að málið hefði eigi verið rætt fyr, svo að hvorki þingi nje þjóð hefði gefizt tími til að hugleiða það.

Forseti bar tillögu þessa undir atkvæði, og varð að við hafa nafnakall og sögðu

Já:
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson.

Var nefnd þannig samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Hjaltalín með 7 atkv.
Árni Thorsteinson — 5 —
Sighvatur Árnason — 5 —

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 35. fundi, 13. ágúst.

Nefndarálit I 315—316.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín) kvaðst

geta verið stuttorður, því fremur sem flest þau atriði, er hann vildi benda til, væru tekin fram í nefndarálitinu. Nefndinni hefði þótt breyting á hinu núverandi fyrirkomulagi óþarfa vífilengjur, þar sem hjer riði mest á fljótum framkvæmdum. Reynslan hefði og sýnt, að stór heilbrigðisráð eigi hefðu gjört það gagn, er menn hefðu ætlazt til; það hefði auk annarstaðar sýnt sig í Calcutta, þar sem þó væri heilbrigðisráð, er samanstæði af 100 mönnum. Kólera hefði naumlega drepið niður eins marga og hún gjörði í Kaupmannahöfn, ef allt vald hefði verið lagt í hendur eins manns í stað ráðsins; hún hefði kostað 6000 manna líf og ríkið 150000 dala. Hann sagði það og vera gamla reglu, að þar sem bráða hættu bæri að höndum, væri bezt að hafa einn mann, og það hefðu hinir gömlu Rómverjar gjört, svo væri og annað móti þessu ráði, að það ætti hjer alls ekki við.

Eiríkur Kúld sagði, að sjer væri þetta reyndar ekkert kappsmál, en hann vildi þó heldur styðja frumvarpið, þar sem honum hefði af kjósendum sínum verið falið á hendur að flytja það. Hann kvaðst heldur ekki sjá neitt hættulegt í frumvarpinu, því eins og kunnugt væri, sæju betur augu en auga, og hjer væri að eins spursmál um, að setja 3 fyrir einn. Nefndin vildi eigi hafa frumvarpið, af því nægilegt eptirlit mundi þá vanta, ef það fengi framgang. Það gæti verið, að svo yrði, ef sinn væri í hverju amti, en þar sem nú væri stungið upp á, að þeir allir skyldu vera í Reykjavík, þyrfti þetta eigi að vera til fyrirstöðu. Hvað eptirlit með lyfjabúðum snerti, þá gætu læknar á þeim stöðum haft það á hendi, og þeim væri sjálfum áríðandi að hafa eptirlit með því, að meðul lyfsalans ávallt væru góð, því álit þeirra væri að miklu leyti komið undir því, með því þeirra lækningar eðlilega færu þar eptir. Nefndin hefði og tekið það fram móti frumvarpinu, að fyrir gæti komið, að skera ætti úr máli, er einn af meðlimum ráðsins væri riðinn við, og það væri eigi heppilegt, en hann kvaðst vilja spyrja að, hvort þá eigi mætti fara að eins og gjört væri í slíkum tilfellum við landsyfirrjettinn, að setja annan í staðinn. Hann legði mesta áherzluna á það, að þeir væru allir saman; þó heilbrigðisráð eigi hefði reynzt vel annarstaðar, svo sem í Calcutta. þá sannaði það eigi mikið, því þar hagaði líklega öðruvísi til en á Íslandi.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi hafa svo vel vit á þessu máli; hann hefði heyrt málshátt þann, er þingmaður Barðstrendinga hefði tekið fram, að betur sæju augu en auga — en hann vildi nefna annan, er hljóðaði svo, að eigi væri bú það drjúgt, þar sem margar væru ráðskonur. Sjer hefði og dottið í hug, að undarlegt væri það um eins frjálsa þjóð og hinir gömlu Rómverjar hefðu verið, að þeir ávallt hefðu sett einn mann til alræðis, þegar hætta hefði verið á ferðum. Hann hefði líka heyrt getið eða lesið orð eins ráðgjafa, þegar Napóleon 1. var að stríða á Þýzkalandi, og þau hefðu verið á þessa leið: «þið sitjið og ráðslagið, meðan fjandmaðurinn vinnur sigur». Hann vildi og taka annað dæmi fram, sem væri nær. Þegar bólan hefði komið hjer með frönsku skipunum, hefði ef til vill farið öðruvísi en fór, ef margir hefðu átt þá að gjöra ráðstafanir; framkvæmdirnar hefðu þá kann ske orðið aðrar. Annað dæmi væri, er mönnum væri hjer minnisstætt, nefnil. fjárkláðinn, þar hefðu þó verið nógu margar nefndirnar, en hver hefði verið árangurinn? en þegar loks einn maður hefði komið, er að vísu stundum hefði verið nokkuð brokkgengur, þá hefði hann þó kveðið hann niður, og kláðasögurnar hefðu hætt. Auðvitað væri, að mikið væri komið undir manninum; væri hann ónýtur og duglaus, þá væru 3 menn betri, ef þeir væru duglegir, og sætu ekki of lengi á ráðstefnu, og otuðu hver öðrum til framkvæmdanna. Hvað loks snerti sjálfan sig, þá væri hann, eins og menn vissu, heldur breytingamaður, en hann kvaðst þó eigi vilja breyta, nema ef útlit væri til að betra fengist.

Framsögumaður kvaðst vilja svara þingmanni Barðstrendinga fáum orðum; hann

hefði sagt, að betur sæju augu en auga, en annar málsháttur segði, að margir kokkar gjörðu grautinn sangan. Einn maður hefði eigi nema við sjálfan sig að prátta, og það hefðu hinir gömlu Rómverjar sjeð.

Stefán Eiríksson kvaðst vilja tala fáein orð, áður gengið væri til atkvæða. Sá maður, er kunnugastur væri heilbrigðisráðum í öðrum löndum, hefði komið með þá sögusögn í nefndarálitinu, að heilbrigðisráð gjörðu lítið gagn, og ef svo væri, kvaðst hann eigi sjá, að mikil þörf væri á þeim. Auðvitað væri, að það væri að vísu góður og gildur málsháttur, sem þingmaður Barðstrendinga hefði komið með, að betur sæju augu en auga, en annar málsháttur segði líka, að sínum augum liti hver á silfrið, og í þessu máli hefði hann viljað líta á það, hefði hjer verið að ræða um sparnað á landsfje, en úr því hann væri enginn, og ekki heldur að áliti kunnugra manna gagn að þessum heilbrigðisráðum, mundi hann gefa atkvæði móti frumvarpinu.

Framsögumaður kvað sjer hafa láðzt eptir að geta þess, að þingmaður Barðstrendinga gæti sjeð það í þingtíðindunum, að hann hefði allt af barizt móti öllum nefndum. Sem eitt heppilegt dæmi þess, hvernig gangi með þessar löngu ráðstefnur nefndanna, mætti geta þess, að í bardaga einum á Indlandi hefðu Englendingar tekið 150 fallbyssur, meðan hinir voru að ráðgast um, hvernig þeir skyldu haga bardaganum, en svo varð náttúrlega ekkert úr honum, því að þeir hjeldu undan, er þeir höfðu misst fallbyssurnar.

Benedikt Kristjánsson kvaðst vera þingmanni Barðstrendinga alveg samdóma um þetta mál. Það gæti verið gott, að setja einn mann til að standa fyrir framkvæmdum einhvers verks, en til þess þyrfti annað hvort að liggja í augum uppi, hvernig ætti að framkvæma það, eða þessi eini maður yrði að hafa framúrskarandi hæfilegleika; en þegar talað væri um að sjá hið rjettasta og bezta í einhverju máli, þá hlyti það að verða hægra, ef mennirnir væru fleiri og jafnskynsamir. Hann yrði að leggja áherzlu á það, að stefna tímans væri sú, að fleiri menn, en einn, skyldu fjalla um hvert mál. Framsögumaður hefði tekið til dæmis dauðann, að hann biði eigi eptir löngum ráðagjörðum, en hann vildi skjóta því til hans sem læknis, hvort hann mundi, er hann ætti við ofurefli dauðans að eiga, eigi vera úrræðabetri og öruggari, ef hann hefði einhvern embættisbróður hjá sjer.

Framsögumaður kvað þetta eigi koma málinu við; hið verulegasta væri það, að ráðagjörðir nefndanna yrðu til tímatafar, sem gæti gjört afar-mikinn skaða, ef skjótt þyrfti til ráða að taka; og það mundi sannast, að þetta fyrirkomulag reyndist óheppilegt.

Eiríkur Kúld kvað framsögumann leggja mesta áherzlu á það, að þetta fyrirkomulag yrði til skaða, er bráða nauðsyn bæri að; hann vildi þá spyrja hann, hvort hann hefði haft nokkuð í móti því, þegar bólan kom hingað um árið, að hafa tvo menn, er hann hefði getað ráðfært sig við, og sem vafalaust hefðu orðið honum samdóma um, hvað gjöra skyldi, það væri aðgætandi, að þegar mennirnir væru allir á sama máli, yrði það engin tímatöf; annars ímyndaði hann sjer, að enginn einn læknir gæti, — þegar slík hætta bæri að höndum — einn gjört allar ráðstafanir, nema jafnframt að fara til valdstjórnarinnar, sem yrði að styðja framkvæmdir þess, sem hann vildi láta gjöra, til að afstýra yfirvofandi hættu.

Framsögumaður sagði, að þó að allir þeir, er ættu að sitja í hinu fyrirhugaða heilbrigðisráði, ættu heima hjer í bænum, þá gæti þó stundum komið fyrir, að þeir gætu eigi komið saman; þar að auki gætu þeir vel orðið sundurþykkir. Voltaire hefði vel komizt að orði um þessar nefndir; hann sagði, að þær gætu verið góðar til að sjá hvað þjenaði, en kæmu til ógagns, þegar ætti að fara að bæta úr.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort málinu skyldi vísa til 2. umræðu, og var það fellt með 7 atkv. gegn 4.

L. LANDBÚNAÐARLÖG.

A.

Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland. Stjórnarfrumvarp, lagt fram í efri deild, á 2. fundi, 2. júlí. Sjá I 29—73.

Fyrsta umræða í efri deild, á 3. fundi, 3. júlí.

Bergur Thorberg kvaðst ætla, að enginn árangur mundi verða af umræðum á þessu stigi málsins, og þætti sjer sjálfsagt að sett væri nefnd í svo mikilsvarðandi máli og stakk upp á 3 manna nefnd.

Magnús Stephensen spurði, hvort það væri ekki meining þingmannsins, að umræðunni væri frestað, en fyrstu umræðu ekki lokið.

Bergur Thorberg kvað það hafa verið meining sína.

Með því að enginn mælti í móti, ljet forseti þegar kjósa 3 manna nefnd í málinu, og voru þessir kosnir:

Árni Thorsteinson með 8 atkvæðum.
Sighvatur Árnason með 7 atkvæðum.
Magnús Stephensen með 4 atkvæðum.

Á 4. fundi, 5. júlí, skýrði formaður nefndarinnar, Árni Thorsteinson, frá, að með því að landbúnaðarlagamálið væri svo vandasamt, þá óskaði nefndin að í hana væri bætt 2 þingmönnum, þeim Bergi Thorberg og Benedikt Kristjánssyni, og var það samþykkt í einu hljóði.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 34. fundi, 12. ágúst.

Nefndarálit sjá I 321—323.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*) kvaðst vona, að deildarmenn hefðu kynnt sjer ástæður nefndarinnar fyrir áliti hennar, og vildi hann að svo komnu eigi fara fleirum orðum um ástæður þessar, fyr en hann heyrði skoðanir deildarmanna um þær. Ástæðurnar væru að sínu áliti nægar til þess að sýna álit nefndarinnar á stjórnarfrumvarpinu.

Landshöfðingi kvaðst vilja geta þess, að þar sem nú væru að eins 14 dagar eptir af þingtímanum, þá yrði hann að fallast á nefndarálitið, nefnilega að taka að eins einn kafla úr stjórnarfrumvarpinu, sem mest væri áríðandi og þarfastur, og væri kaflinn um bygging og ábúð jarða án efa einhver hinn mest áríðandi kafli landbúnaðarlaganna; og bæri því eigi eptir sinni skoðun að ræða frumvarpið í heild sinni, jafnvel þó það væri æskilegt ef tíminn leyfði. Þar eð nefndin hefði látið álit sitt í ljósi um frumvarpið, gæti deildin nú rætt það í heild sinni, þó eigi væri auðið að gjöra út um það, og mundu deildarmenn verða að kannast við, að nefndinni hefði gengið gott til, er hún valdi þennan mikilsvarðandi kafla, er auðvelt væri að staðfesta út af fyrir sig, án þess að bíða eptir úrslitum hinna annara kafla frumvarpsins.

Jón Jónsson kvaðst vera samdóma landshöfðingjanum um það, að nefndin hefði haft nægan tíma til að íhuga allt frumvarpið (*Landshöfðingi* kvaðst eigi hafa sagt það). Það væri mjög merkilegt að nefndin skyldi hafa haft málið til meðferðar í 6 vikur, og að eins hafa tekið fyrir einn kafla þess, sem hún hefði breytt fáum atriðum í, og bætt við einum 2 greinum, hitt annað væri að eins orðabreytingar. Nefndin hefði ráðið til að fella stjórnarfrumvarpið, en taka aptur í þess stað nefndarálitið, og mundi hinn 5. konungkjörni þingmaður einkum hafa verið hvatamaður til þess; en sjer virtist nú sem áður, að þó menn vildu breyta einhverju frumvarpi með því að setja annað í þess stað, ætti ekki við að fella eldra frumvarpið, fyr en búið væri að fallast á hið nýja frumvarp, og hefði þingdeildin í hitt eð fyrra einmitt haft þessa aðferð við skiptalögin, eins og þessi aðferð að mestu leyti var höfð með tilliti til sóttvarnarlaganna í ár. Nefndin virtist eigi hafa beitt kröptum sínum eins og henni borið hefði, og yrði hann bæði fyrir sína hönd og annara þingmanna í nafni kjósanda þeirra, að ávíta nefndina fyrir iðnisskort og áhugaleysi. Nefndin hefði varla

þurft langrar umhugsunar til þess að koma sjer saman um aðalstefnu sína, því það kom þegar fram í blöðum og á fundum í vor, að láta landbúnaðarlögin bíða til næsta þings, en taka einstaka kafla þeirra. Nefndin hefði tekið flestallar ákvarðanir sínar úr stjórnarfrumvarpi því, sem nú væri spurning um að fella. Sjer þættu flestar breytingar nefndarinnar heppilegar, en fyndist jafnframt, að hún hefði átt að fara lengra, íhuga betur greinir sínar og stjórnarfrumvarpsins um jarðabætur, og hugleiða, hvort eigi væri ástæða til að veita endurgjald fyrir húsabyggingar leiguliða á sama hátt og fyrir jarðabætur. Nefndin og stjórnarfrumvarpið hefði reyndar í því tilliti fylgt lögum þeim, sem nú væru í gildi; en það væri því óhaganlegra, þar sem menn nú vildu fara að koma á steinhúsum, sem eigi væri unnt að rífa og flytja með sjer. Hin gamla regla mætti vera viðunandi, þar sem um torfhús og moldarkofa væri að ræða, en alls eigi um steinhús. Nefndin hefði ráðið deildinni til að aðhyllast 117.—118. gr. stjórnarfrumvarpsins. Í sambandi hjer við væri ástæða til að íhuga, hvort ekki væri haganlegt nú þegar að lögleiða 36.—41. gr. stjórnarfrumvarpsins um ágang af fjenaði annara manna og innsetning hans; í sambandi hjer við væri ástæða til að hugleiða 216.—223. gr. þess frumvarps, sem komið hefði frá minna hluta hinnar fyrstu landbúnaðarnefndar.

Eiríkur Kúld kvaðst neyðast til að svara 2. þingmanni Skagfirðinga fám orðum. Hann kvaðst líta öðrum augum á nefndarálitið en þessi þingmaður, og gæti hann hvergi fundið það í nefndarálitinu, er í minnsta máta beindi að því, að fella stjórnarfrumvarpið, heldur að eins að fresta því «um sinn», og væri það að hans áliti mjög heppilegt, því að frumvarpið mundi eigi vera svo ljóst mönnum út um landið, að eigi þyrfti að kynna sjer það betur; og þætti sjer mjög vel fallið að ræða kafla og kafla úr því á hverju þingi, þar til því væri lokið, einkum ef þess væri gætt, að nú væri eigi nema 14 dagar eptir af þingtímanum í ár. Hann kvaðst vilja frábiðja sjer, að 2. þingmaður Skagfirðinga ávítaði nefndina í sínu umboði fyrir iðjuleysi við starfa sinn, nema af þingmaðurinn gæti sannað, að hann hefði umboð til þess frá sjer og öðrum þingmönnum; og sagðist hann lýsa yfir því, að hann í einu og öllu væri nefndinni samdóma, og vildi hann að sem fyrst væri gengið til atkvæða um frumvarpið.

Forseti kvaðst ætla, að ræðurnar yrðu takmarkaðri, ef gengið væri til atkvæða um frumvarpið, því annars mætti rekja allar greinir frumvarpsins fram og aptur, og lengja ræðurnar í það óendanlega, og vildi hann því bera það upp sem fyrst.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja bera af nefndinni áburð 2. þingmanns Skagfirðinga. Hann vildi gefa deildinni þá upplýsing, að á þessum 6 vikum hefði nefndin haldið 26 eða 27 fundi; og hefði hver þeirra varað 2—3 tíma, og einnig hefði talsverður tími gengið til þess utan fundar fyrir nefndarmenn að kynna sjer málið, svo og til prentunar og annars undirbúnings, og væri þessi starfi meiri en 2. þingmaður Skagfirðinga hugsaði; en þingmaðurinn ætti mjög hægt með að tala um þetta, og það því fremur sem hann hefði mikið traust á sjálfum sjer, og treysti sjer að fylgja sannleikanum í hverju einu; en það hefði verið mikið erfiðara fyrir nefndina, þar sem hún hefði þurft að verja löngum tíma til að leita að sannleikanum og því sem rjett væri. Sami þingmaður hefði einnig borið nefndinni á brýn, að hún hefði eigi íhugað málið nákvæmlega, en honum mundi ókunnugt um, hvort hún hefði gjört það eða eigi. Hver, sem skoðaði frumvarpið, mundi komast að raun um, að margt væri við það að athuga, og sjer væri nær að halda, að ekki mundi fljótara eða betur hafa gengið, þó þessi þingmaður hefði verið með í nefndinni.

Jón Pjetursson sagði, að eigi mætti kasta lögum, er væru gildandi og væru um áríðandi málefni, og gefa engin lög í staðinn; það væri hægur vandi að sýna, að margar ákvarðanir væru í stjórnarfrumvarp-

inu, er eigi ættu við ástandið hjer á landi; en hann kvaðst eigi ætla að fara mikið út í það; hann vonaði, að menn tækju frumvarp nefndarinnar, þó það væri eigi eins yfirgripsmikið; nefndin hefði eigi rjett að mæla, er hún segði, að stjórnin hefði viljað láta frumvarp sitt vera systematiska heild, jafnvel þótt í enda frumvarpsins væri grein um það, hver eldri lög væru felld úr gildi við það, því hvernig hefði stjórnin ætlazt til þessa, þar sem hún hefði heilan kapítula, er hljóðaði um ýmislegt um búnaðarmálefni, en hvernig gæti slíkur kapituli staðið í systematiskum lögum? Í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, bls. 28, stæði, að hinir 2 nefndarmenn, o: í utanþingsnefndinni, hefðu eigi getað aðhyllzt frumvarp mitt, og þar eð þá hefði greint svo mjög á við mig um undirstöðuatriði málsins, hefðu þeir orðið að semja nýtt sjerskilt frumvarp; þetta frumvarp hefði landshöfðingja þótt langtum betra en mitt, bæði að formi og efni, og þetta hefði stjórnin aðhyllzt, og lagt því frumvarp meiri hlutans til grundvallar fyrir frumvarpi sínu. Nú áskildi mig við meiri hlutann, að jeg vildi reyna til að hafa frumvarpið systematiskt, en hann vildi það eigi, og stjórnin og landshöfðingi hafa því einmitt álitið, að frumvarpið ætti eigi að vera systematiskt.

Jón Jónsson sagði, að hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði viljað afsaka nefndina og tilfært, að hún hefði haldið 26 fundi, en það væri einmitt þess vegna að hann ásakaði hana, að hún eigi hefði gjört meira á svo löngum tíma. Þá hefði hann tilfært prentunina, en hún hefði í hæsta lagi getað tafið nefndina í 2 daga. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði og sagt, að aðfinningar þessar væru byggðar á einhverju sjálfstrausti, en það væri misskilningur; það væri einmitt af trausti til nefndarinnar, þar sem í henni hefðu verið góðir lögfræðingar. Hvað snerti þingmann Barðstrendinga, þá virtist hann eigi vera sterkur í þingsköpunum, og vildi hann benda honum á það, sem varaforseti hefði tekið fram í gær, að þegar búið væri að fella annað frumvarpið, lægi fyrir alveg nýtt mál og ný umræða. Hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði fundið það að stjórnarfrumvarpinu, að það væri eigi systematiskt og ætti eigi við hjer á landi, og væri hann því ánægður með frumvarp nefndarinnar, en hann yrði þá einnig að vera ánægður með stjórnarfrumvarpið, því nefndarfrumvarpið væri lítið annað en orðabreyting frá stjórnarfrumvarpinu, og í einstökum atriðum jafnvel eigi eins samkvæmt eldri lögum og hitt væri. Hann vonaði loks, að þingdeildin eigi felldi frumvarp stjórnarinnar.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi ætla á þessu stigi málsins að tala mikið. Hann væri í vafa um, hvort fella ætti nú þegar landbúnaðarlaga—stjórnarfrumvarpið, eða einungis fresta umræðum, eins og nefndin benti til í 1. niðurlagsatriði sínu. Það væru margar ákvarðanir í frumvarpi stjórnarinnar, sem hann alls ekki vildi fella, t. a. m. kaflinn um brot á landsrjettindum o. fl., en sem nefndin hefði ekki hreyft við. Það væri auðvitað, að nú væri ekki tími til, vegna þess hvað liðið er á þingtímann, að vísa málinu til nefndarinnar aptur. Það mundi því einn vegur að ræða þennan kafla stjórnarfrumvarpsins, sem nefndin hefði tekið fyrir, eða þá að fella hvorttveggja, en með því að fella frumvarp stjórnarinnar frá umræðum nú, áliti hann, að það ekki væri fellt frá umræðum seinni þinga, enda vildi hann óska, að stjórnin legði hina óumræddu kafla þess fyrir næsta þing.

Framsögumaður kvaðst þakka hinum hæstvirta landshöfðingja fyrir undirtektir hans við nefndina, og þar sem aðrir þrír þingmenn væru nefndinni samdóma, mundi hún taka sjer ljett ávítur þingmanns Skagfirðinga, því honum væri líklega eigi vel ljóst, hver starfi nefndarinnar hefði verið. Hún hefði rætt alla kapítula og hverja einstaka grein stjórnarfrumvarpsins jafn nákvæmlega, og þá fyrst, er hún var búin að því, komizt að þeirri niðurstöðu, að nú

væri eigi tiltækilegt að lögleiða meira en þessa 2 kafla. Þar sem hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði haldið því fram, að það ekki væri meining stjórnarinnar, að frumvarp hennar ætti að vera úttæmandi, þá gæti hann ekki fallizt á þá skoðun. Ef menn læsu 131. grein stjórnarfrumvarpsins, þá væri gefið, að þegar Jónsbókar Rekabálkur og hinar eldri ákvarðanir væru numdar burtu, þá ættu rekaákvarðanir þessa frumvarps einar að gilda hjer eptir. Sama væri að segja um veiði, þegar 1.—4. gr. í tilsk. 20. júní 1849 væri numin úr gildi, að þá væri eigi annað, sem gilti um það efni, en ákvarðanir stjórnarfrumvarpsins; sama væri enn fremur um bygging jarða og úttektir, þegar Landsleigubálkur og seinni lög um sama efni væri upp hafinn. Meining nefndarinnar hefði eigi verið að fella stjórnarfrumvarpið algjört, því þá hefði hún afskorið sig frá að koma með kafla úr því sem sjerstök lög. Hún hefði eigi viljað taka frumvarpið til umræðu í heild sinni, enda væri að nefndarinnar áliti eins mikill ávinningur, að fá sjerstaka kapítula í frumvarpinu lögleidda sem sjerstök lög, eins og að fá þau lögleidd öll í einu.

Jón Pjetursson sagði, að bera yrði frumvarpið upp og annaðhvort taka það eða fella það; þingdeildin hefði engin ráð yfir tilkomandi þingum.

Forseti bar því næst upp til atkvæða fyrra niðurlagsatriði nefndarinnar, að þingdeildin ekki að sinni ræði frumvarp stjórnarinnar í heild þess, og var það samþykkt með 8 atkvæðum.

B.

Frumvarp til laga um viðskipti landsdrottna og leiguliða, bygging jarða og úttektir. Frá nefndinni í næsta máli á undan. Sjá I 323—329.

Fyrsta umræða í efri deild, á 34. fundi, 12. ágúst.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*) sagði, að þetta væri fyrsta umræða, og væri því eigi leyfilegt að fara út í einstakar greinir. Hann vildi geta þess, að 30 fyrstu greinirnar væru sniðnar eptir 7. kapítula stjórnarfrumvarpsins, hinar 10 næstu væru sniðnar eptir 8. kapítulanum, og loks hefði nefndin bætt við 2 greinum. Hin síðasta grein frumvarpsins væri eptir 117.—118. gr. stjórnarfrumvarpsins, hún væri að vísu í nokkuð lausu sambandi við frumvarpið, en nefndinni hefði þótt nauðsynlegt, að hafa líka ákvörðun. Þingmaður Skagfirðinga væri eigi nefndinni samdóma um það, hve yfirgripsmikið frumvarpið ætti að vera. Þannig hefði hann sjerstaklega viljað láta frumvarpið ná til ákvarðana stjórnarfrumvarpsins um innsetning fjenaðar; nefndin hefði nákvæmlega íhugað þetta atriði, en það væri aðgætandi, að stjórnarfrumvarpið að eins setti ákvarðanir um það, er menn r e k a fjenað sinn í annars manns land eða of nærri mörkum, en ekki um misgöngur fjenaðar, og mundu þær þó vera almennastar og helzt þurfa ákvarðanir um það tilfelli; heldur ekki hefði nefndin getað notað ákvarðanirnar í frumvarpi minni hlutans, því þar væri alstaðar gjört ráð fyrir löggörðum. Nefndin hefði hins vegar eigi treyst sjer til að koma með uppástungur um þetta atriði, sem hún hefði getað verið ánægð með, sjer í lagi vegna þess, hve lítinn tíma hún hafði til umráða.

Jón Pjetursson sagði, að með því að frumvarp nefndarinnar hjeti: «frumvarp til laga um viðskipti landsdrottna og leiguliða, bygging jarða og úttektir», þá gætu eigi þær greinir, er þingmaður Skaptfellinga hefði nefnt, komizt þar að, því að til þess þyrfti að gefa frumvarpinu yfirgripsmeiri fyrirsögn, og einmitt af sömu ástæðu þætti sjer mjög vafasamt, hvort 41. og 42. gr. nefndarinnar ættu með rjettu heima í frumvarpinu; því að þær snertu ekki neitt það, er fyrirsögnin hljóðaði upp á, heldur væri þar talað um viðskipti sameiganda á jörð, og í kafla í 1. gr. væri ákveðið, hvernig eigandi megi nota

eign sína; þetta væri að vísu óverulegt atriði, en sjer þætti það að eins fallegra.

Jón Jónsson kvað hægt vera, að breyta fyrirsögninni, og væri það þegar nauðsynlegt eptir því, sem nefndarfrumvarpið hefði inni að halda; en fyrst menn vildu velja einstakar greinir, þá væri hægt að skjóta inn í ákvörðun um fjenað. Hann játaði, að ákvarðanir stjórnarfrumvarpsins væru máske eigi fullkomlega sannar og haganlegar, en hann skildi eigi í því, hvers vegna eigi mætti verja tímanum til þess að finna sannleikann í því, sem öðru. Hann bæri engu minna traust til hinna ólögfróðu nefndarmanna, en hinna lögfróðu, sakir reynslu þeirra, og mundu þeir hafa stutt nefndina í því, sem hún hefði gjört, og hefði átt að gjöra; en samt vildi hann leyfa sjer að hugsa, að hinir lögfróðu nefndarmenn bæru aðalábyrgðina fyrir drátt þann, sem orðið hefði á málinu. Sjer fyndist, að nefndin hefði eigi farið nógu langt út í málið um tilkall leiguliða til endurgjalds fyrir endurbætur á jörðu, og að haganlegt gæti verið, að breyta reglunum í 11. gr. um endurgjald fyrir húsabyggingar; þessi grein stæði í rauninni í nánu sambandi við 21. gr. um jarðabætur. Eins og nefndin að sínu áliti hefði átt að fara lengra í því, að tryggja landseta gagnvart landsdrottni, eins virtist honum spurning um, hvort nefndin hefði tekið nægilegt tillit til rjettinda þeirra, er bæru landsdrottni gagnvart landseta samkvæmt hlutarins eðli og lögum annara landa. Ef leiguliðinn fengi endurgjald fyrir jarðabætur, þá væri rjettast, að skoðunargjörð fram færi bæði áður og eptir, að jarðabæturnar væru unnar og að landsdrottinn væri í tíma látinn vita af hinum fyrirhuguðu jarðabótum; því svo gæti farið, að leiguliðinn misbrúkaði rjett sinn gagnvart landsdrottni; tillit til þessa hefði verið haft í lögum annara landa (*Árni Thorsteinson*: Hverra landa lögum?), þau lög væru bæði í Danmörku frá 19. febr. 1861, og að líkindum víðar. Þó landseti hingað til hefði hjer á landi optast borið lægra hlut í viðskiptum sínum við landsdrottna, væri ekki víst, að það yrði æfinlega. Hvað nýmælið í 2. gr. nefndarfrumvarpsins snerti, sýndist sjer vera gengið allnærri eignarrjettinum, sem væri og ætti að vera friðhelgur.

Benedikt Kristjánsson kvað sjer þykja of mjög farið út í einstakar greinar frumvarpsins, með því það lægi nú eigi fyrir til 2. umræðu. Þar sem þingmaður Skagfirðinga vildi láta nefndina taka inn í frumvarp sitt ákvörðun um ágang af fjenaði og innsetning hans, þá væri honum ráð, að reyna að koma henni að sjálfur við 2. umræðu, og vildi hann eigi fleira um það atriði tala hjá honum, heldur að eins um það, er hann hefði minnzt á jarðabætur, og fundið að ákvörðunum nefndarinnar um húsabyggingar. Sjer þætti nefndin alls eigi vítaverð fyrir ákvarðanir sínar, að því er snerti húsagjörð; það væri mjög ísjárvert að sínu áliti, ef leiguliða væri gefinn rjettur til með lögum að byggja steinhús á jörðinni, og heimta, að landsdrottinn keypti húsið, er hann færi af jörðinni, þótt jörð væri lítil og húsið alls ekki við hæfi hennar; vel mætti hugsa sjer, að landsdrottinn væri fátækur, en leiguliði væri ríkur maður, sem hafa vildi góð húsakynni; en þá sýndist sjer gengið mjög nærri rjetti landsdrottins, ef hann væri skyldur að kaupa hús þau, er hann hefði byggt, þá er hann færi, jafnvel þó að þau heyrðu eigi til sjálfri jörðinni; yfir höfuð sýndist sjer nefndin vel hafa gætt rjettar leiguliða gegn landsdrottni. Þeir þingmenn, er eigi þætti nógu ýtarlega fram tekin sum atriði hjá nefndinni, yrðu að gæta þess, að sem optast væru frjálsir samningar milli leiguliða og landsdrottins, sem þá væru teknir fram í byggingarbrjefinu; en ákvarðanir lagafrumvarpsins væru að eins gjörðar fyrir þau tilfelli, er engir slíkir samningar væru fyrir hendi, og gætu þeir því gjört sjer góða von um, að svo yrði um samið, er jarðir væru byggðar, sem þeir vildu, þó að eigi væru neinar lagaákvarðanir um það. Ef leiguliði vildi vinna jarðabætur ótilkvaddur, væri honum það sjálfsagt heimilt, en ef hann mætti á hverju augnabliki heimta endurgjald fyrir þær af

landsdrottni, þætti sjer með því hallað allmikið rjetti hans; en þegar ákveðið væri, að hann ætti eigi heimting á því, fyr en hann færi frá jörðunni, þætti sjer vel gætt rjettar hvorstveggja. Deildin mætti að öðru leyti hlakka mjög til, að góðar endurbætur á frumvarpinu væru í vændum, og einkum er hún ætti von á þeim frá svo fljótvirkum, skarpskyggnum og vandvirkum manni, sem til þess mundi verða að gjöra þær.

Jón Pjetursson kvað sjer einkum þykja vanta tvennt í nefndarfrumvarpið; annað væri ákvarðanir um nýbyggendur, og rjett þeirra gagnvart jarðareigendum eða landsdrottnum sínum, og hitt um fyrirsvarsbændur og hjáleigubændur þeirra. Á nokkrum stöðum, einkum fyrir vestan, væru stórar jarðir, er einn höfuðbóndi byggi á, en utan um hann, eða á torfunni, væru margir hjáleigubændur, er sumir hefðu grasnyt svo sem handa einni kú, en sumir væru alveg þurrabúðarmenn; nú væri það venja, að landsdrottinn, er á alla torfuna, byggir höfuðjörðina einhverjum bónda, en hann síðan hjáleigurnar öðrum, og svaraði landsdrottni afgjaldinu af allri torfunni, og heimtaði sjálfur inn afgjaldið af kotunum, og yrði þannig að nokkru leyti eins og umboðsmaður landeiganda, nema hvað hann stæði í ábyrgð fyrir allri torfunni; ef fyrirsvarsbóndinn fellur frá, eru kotbændurnir vegalausir, þangað til þeir hafa fengið á ný bygging hjá þeim nýja fyrirsvarsbónda. Í sambandi við þetta stæði svo annað atriði, er opt yrði að miklum vandræðum á vertíðinni; kotbændur þyrftu að fá sjer skip til útróðrar, og ljær þá fyrirsvarsbóndinn þeim skip, er hann á, og þetta fyrirkomulag er mikið gott; en svo væri þetta orðið svo misbrúkað, að kotbændur fengju eigi að halda sjálfir út báti, þó að þeir ættu og hefðu vinnumann, heldur yrðu þeir að ráða bæði sig og hann á vegu fyrirsvarsbónda. Um þetta samsand milli fyrirsvarsbænda og hjáleigubænda, þætti sjer nefndin hafa átt að setja einhverjar fastar ákvarðanir, til að koma í veg fyrir þessa vanbrúkun.

Stefán Eiríksson kvað sjer þykja nefndin hafa verið mjög nákvæm í því, að ákveða skýrt rjett leiguliða og landsdrottins hvers um sig í þessum kafla, sem hún hefði tekið fyrir, en að eins í einstökum atriðum geðjaðist sjer eigi að frumvarpinu, t. d. þar sem landsdrottinn væri skyldur til að láta jörðinni fylgja í góðu standi hús fyrir allan þann fjenað, er jörðin bæri, því að svo yrði hann að skilja aðalákvarðanir 7. gr. Eigi líkaði sjer heldur sú ákvörðun, að leiguliði mætti eigi ljá slægjur, nema í móti kæmi jafnmikið af heyi, eins og t. a. m. stæði í niðurlagi 14. gr., nú væri það kunnugt, að sumir bændur hefðu lítinn annan heyskap en þann, er þeir fengju að, og gæti þá verið óhentugt, að þurfa jafnan að leita leyfis hjá landsdrottni, ef hann byggi langt í burtu, og eins og hann hefði bent á, sæi hann ekki, að landsdrottinn mætti einu sinni leyfa leiguliða þetta, nema því að eins, að hann fengi hey aptur jafnmikið og jafngott. Þessi ákvörðun væri því óhafandi í búnaðarlögum, og mundi hann taka sjer breyting við þá grein. Til grundvallar fyrir síðustu grein nefndarinnar fyndist sjer liggja einhver sameignarhugsun, og vildi hann helzt, að sú grein stæði eigi í frumvarpinu, með því hún ætti alls ekki við á þessum stað, þar sem hún væri 117. gr. í stjórnarfrumvarpinu, og ætti að því leyti ekkert skylt við rjettindi landsdrottins og leiguliða.

Ásgeir Einarsson kvað sjer þykja það «ópraktiskt», er stæði í þingsköpum, að eigi mætti fara út í einstakar greinir við fyrstu umræðu, því að hann sæi sjer engan veg til að tala um frumvarp þetta án þess. Sjer þætti æskilegt bann það, er nefndin legði fyrir að byggja þeim, er þægju af sveit úr öðrum sveitum, jörð, því að slíkt hefðu menn stundum gjört áður til mikils ógagns fyrir hlutaðeigandi sveit; landsdrottni væri og að líkindum enginn hagur í því, að fá jörð sína slíkum ábúanda í hendur; en hversu góð sem sjer þætti þessi ákvörðun, mundi hann eigi hafa þorað að koma fram með hana, af því hún kynni að ganga nokk-

uð nærri eignarrjettinum; en af því að svo margir lögfræðingar sætu í nefndinni, væri víst áreiðanlegt, að hún væri lögleg. Hvað snerti ákvörðunina um jarðarhúsin, þá sýndist sjer mjög ísjárvert, að skylda landsdrottin til, að láta fylgja jörðinni öll nauðsynleg hús; ef t. d. á einhverri jörð væru að eins fjenaðarhús fyrir nokkur kúgildi, og svo kæmi nýr ábúandi, er hefði 600 fjár, þá væri það eigi lítill kostnaður fyrir landsdrottin, ef á hann væri steypt þeim kostnaði, að kaupa eða byggja öll þau hús, er hann þyrfti; ef sú áætlun væri rjett sem almenn væri, að tvær kr. kostaði að byggja fyrir sauðinn, þá kostaði 800 kr. að byggja hús fyrir 400 fjár; eigi batnaði heldur, ef landsdrottnum væri gjört að skyldu að kaupa nýbyggða veggi, ef leiguliði skildi þá eptir, er hann færi frá jörðinni. Til þess að draga nóg úr þessari ákvörðun, þætti sjer eigi nægja, þó að seinna stæði «eptir því sem venja er í hverri sveit», því að eptir sínu áliti yrði eigi dæmt, að færri hús væru nauðsynleg, en þyrftu handa fjenaði þeim, er jörðin gæti borið; hann væri líka sannfærður um, að margir leiguliðar mundu neita að hafa svo mörg hús í ábyrgð sinni, hann skyldi gjarna játa, að fjárhús á jörðum væru of fá, en sjer þætti rjettara að koma þeim á smámsaman. Sjer þætti eigi heldur heppilegt að banna leiguliðum að taka húsfólk án leyfis landsdrottins, því að vel gæti komið fyrir, að sveitarnefndin væri í vandræðum með að koma slíku húsfólki fyrir og neyddi því upp á hann, en ef nú óvild væri milli landsdrottins og hans, gæti hann notað sjer það, til þess að byggja leiguliða út, því að útbyggingarsök væri það, ef hann breytti móti byggingarbrjefinu. Að skylda leiguliða til að bjarga öllum reka landsdrottins, og hafa að eins fyrir álnarkefli, og þaðan af minni spýtur, þætti sjer ósanngirni, að hann eigi segði verra, en ef hann eigi væri skyldaður til þess, heldur að eins látið vera undir samkomulagi komið, væri ekkert um það að tala. Þó að nefndin hefði yfir höfuð farið svo liðlega með þetta mál, sem hann gæti hugsað sjer, þá væru þannig ýms atriði, er hann eigi væri henni samdóma í. Hin síðasta grein þætti sjer eigi svo fullkomin sem skyldi; nefndin hefði átt að taka þar betur fram um ágang af annara fjenaði, en um þetta allt væri tækifæri til að hugsa betur til 2. umræðu málsins.

Jón Jónsson sagði, að það væri ónærgætni af þingmanni Þingeyinga, að skipa sjer og öðrum þingmönnum að koma nú með breytingaruppástungu á þeim stutta tíma, sem nú er eptir af þingtímanum, þar nefndin hefði eigi getað gjört það á 6 vikum. Hvað endurgjald fyrir húsabygging á leigujörð snerti, hefði sjer aldrei dottið í hug að mæla fram með endurgjaldi handa leiguliða fyrir slíkar endurbætur, nema því að eins, að jarðabæturnar gætu orðið jörðunni að góðu.

Framsögumaður sagði, að þeir, sem talað hefðu, hefðu helzt vikið að einstökum greinum, en með því að málið væri til 1. umræðu, þá vildi hann eigi fara út í þær. Að því er snerti athugasemdir þeirra þingmanna, sem að einhverju hefðu fundið, þá væri eigi ljóst, hver væri skoðun þeirra, og eigi auðvelt að segja, fyr en ákveðnar uppástungur lægju fyrir, hvort nefndin mundi aðhyllast það, er þeir færu fram á. Hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði tekið málið í heild sinni, en fundið það að, að sumt, sem að efni og eptir fyrirsögn ætti undir frumvarpið, hefði nefndin eigi tekið, en aptur tekið með annað, sem ekki hefði undir það átt, og væru það einkum 2 síðustu greinirnar og 1. grein. Viðvíkjandi síðustu grein, þá hefði verið ágreiningur um hana í nefndinni, og hjeldi hann fyrir sitt leyti greininni ekki neitt fram; en 41. gr. heyrði undir frumvarpið eptir fyrirsögn þess um bygging jarða; hann skyldi að vísu játa, að greinin væri í nokkuð lausu sambandi við næsta kaflann á undan, en nefndinni hefði virzt nauðsynlegt, að teknar væru í frumvarpið ákvarðanir um byggingarráð yfir jörðu, þegar fleiri eiga hana saman, og ekki fundið, að hún ætti betur við á öðrum stað.

1. gr. áliti hann að heyrði eðlilega undir frumvarpið, og væri nauðsynlegt að hafa hana í broddi fylkingar. En þar sem þingmaðurinn hefði talað um, að rjett væri að taka ákvarðanir um nýbýli inn í frumvarpið, þá gat hann þess, að nefndin hefði talað um þau, en viljað sneiða hjá þeim, bæði af því að nefndarmenn hefðu ekki verið neitt hlynntir nýbýlum, og af því að þeim ekki hefði virzt ástæða til að breyta að svo stöddu þeim ákvörðunum, sem settar eru um nýbýli í tilsk. 15. apríl 1776. Hitt annað, um forsvarsbændur og hjáleigubændur, og það að hjáleigubændur væru skyldir að róa á útvegum forsvarsbænda, það áliti hann, að heyrði undir sjávarútveg, og eptir ástæðunum fyrir þingmannsins eigin frumvarpi hefði hann ekki viljað taka neitt inn í frumvarp sitt, sem heyrði undir sjávarútveg, en það væri augljóst, að þetta snerti mest, ef ekki eingöngu, sjávarbændur; en að því er snerti forsvarsbændur, þá væru þeir umboðsmenn eiganda, og um þá giltu því þær reglur, sem giltu um aðra umboðsmenn; það væri því enginn galli á frumvarpinu, þó þetta væri eigi tekið með.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort málið skyldi koma til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 36. og 37. fundi. 14. ágúst.

Breytingartillögur I 365.

Jón Jónsson sagði, að hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði viljað afsaka þann drátt, er nefndin hefði haft á þessu máli með því, að hún hefði orðið að íhuga málið í heild sinni, en hvar sæist árangurinn af allri þessari íhugun. Hann kæmi ekki fram í nefndarálitinu, og sæi maður ekki af því, að nefndin hefði íhugað annað af stjórnarfrumvarpinu en þær greinir, er hún hefði tekið upp í frumvarp sitt. Hann vildi og benda á, að mál þetta hefði verið rætt í blöðunum, og fróðlegt hefði verið að sjá álit nefndarinnar um það, sem þar hefði verið tekið fram; en nefndarálitið minntist ekki fremur á þær greinir en á frumvarp minna hlutans o. s. frv. Þingmaður Þingeyinga hefði skorað á sig að koma með breytingaruppástungur, en hann kvaðst eigi hafa getað undir búið þær nægilega eptir allan þann drátt, er málið nú hefði orðið fyrir, enda væri óvíst, hvort þær breytingar mundu fá góðan byr, meðan þeir menn rjeðu, er í þessu máli mundu hafa mest að segja. Þar á móti vildi hann leyfa sjer að gefa nefndinni nokkrar bendingar, er hann vonaði að hún gæti tekið til greina. Hann væri móti 42. gr. og 2. gr., og gæti því alls eigi aðhyllzt þær. Hvað 42. gr. snerti, væri hann móti henni af því, að hún ætti eigi heima í þessu frumvarpi, og væri auk þess að litlum notum, og hefði verið fullt eins nauðsynlegt, að taka upp í frumvarpið ákvarðanir um innsetning fjár. Hin 2. grein virtist sjer skerða eignarrjettinn, og hætt væri við, að hreppsnefndirnar, ef þær ættu að ráða byggingu jarða, tækju meira tillit til einstrengingslegrar sveitarskoðunar en til þess, sem landshagur útheimti. Þessi ákvörðun ætti heldur eigi heima í landbúnaðarlögum. Stefna þeirra ætti að vera sú, að styðja að því, að jarðir sjeu sem bezt setnar, en margur fátæklingur, jafnvel þó hann hefði þegið af sveit, t. a. m. sökum sjúkdóms, gæti orðið eða verið bezti búmaður, og væri það hart, að svipta slíka menn aðganginum að því, að rjetta við síðar meir. Viðvíkjandi 1. grein væri það víst ætlun nefndarinnar, að menn því að eins væru skyldir til að halda jörðunni í leigufæru standi, að menn eigi sjálfir byggju á henni, en til þess að það yrði fullkomlega ljóst, gæti verið gott, að skjóta inn í 2. línu greinarinnar orðinu «þá». Að öðru leyti væri hann nefndinni samdóma um, að bjer á landi ætti eigi við að takmarka sundurskipting eða samlagning

jarða, en þá ætti ekki við að heimta, að öllum húsum yrði haldið uppi í leigufæru standi á jörð þeirri, sem væri lögð niður. Það væru ekki lög nú, og nefndin þyrfti því fremur að orða grein sína ljóslega í þessu tilliti, sem stjórnarfrumvarpið í 43. grein sinni einmitt hjeldi þessum nýmælum fram. Að 4. grein þætti sjer það, að nefndin hefði sleppt úr 46. grein stjórnarfrumvarpsins ákvörðuninni um kúgildatöluna og leigurnar. Gæti verið ástæða til, að takmarka rjett landsdrottna til að setja inn ný kúgildi á jarðir sínar. Viðvíkjandi 6. grein vildi hann geta þess, að hann kynni betur við orð 48. greinar stjórnarfrumvarpsins »þeim, sem fyrst var byggt», en orðin «er fyr tók». Til þess að komast hjá öllum misskilningi á þesssari grein, vildi hann skjóta því til nefndarinnar, að bæta við orðið »tók» orðinu »heima». Í 11. gr. hefur nefndin því að eins viljað láta leiguliða geta heimtað, að landsdrottinn kaupi af honum hús eða, sem komi í sama stað niður, gefa honum endurgjald fyrir þau, að úttektarmenn álíti þau nauðsynleg á jörðu eptir 7. grein, Þetta virtist sjer bæði vera gegn hlutarins eðli og ekki koma heim við regluna í 36. grein nefndarinnar, er skyldar landsdrottin til að kaupa húsaukann, þegar úttektarmennirnir álíta, að jörðin þurfi viðaukans með, en það er ljóst, að jörðin getur vel verið leigufær samkvæmt 7. gr., og samt þurft húsanna með, ef hún á að vera vel setin. Hjer við ætti að bera saman 21. grein nefndarfrumvarpsins, og virtist sjer, að sama skilyrði ætti að vera fyrir endurgjaldi fyrir húsabyggingar eins og fyrir endurgjaldi fyrir jarðabætur. Spurningin væri, hvort jörðin hefði batnað við húsagjörðina, og þá ætti leiguliði heimting á endurgjaldi.

Við 14. grein væri það athugandi, að óheppilegt væri að segja, að leiguliði mætti ekki á neinn hátt farga sauðataði, því það gæti varla verið ætlun nefndarinnar, að banna leiguliða að brenna taði, þar sem ekkert annað eldsneyti væri. Í sömu grein vildi hann skjóta því til nefndarinnar, að bæta við orðið »hey» orðunum, »úr garði», svo að það yrði ljóst, að hjer með væri eigi bannað, að selja nýslegið hey eða slægjur.

Hvað 17. grein snerti, þá hefði nefndin þar fylgt stjórnarfrumvarpinu, en sjer sýndist vafasamt, hvort ástæða væri til að gjöra svo mikla breyting, sem nefndin gjörði ráð fyrir, frá eldri lögunum. Samkvæmt 29. kap. landsleigubálks Jónsbókar ætti leiguliði að ábyrgjast 2 hluti húsa þeirra, sem færust úr eldsvoða, landsdrottinn $^1/_3$, en samkvæmt reglu nefndarinnar gæti hæglega landsdrottinn fengið að bera $^4/_5$ af skaðanum í samanburði við leiguliða. Sýndist sjer sanngjarnast, að hvor tæki hálfan skaðann. Í 19. grein væri sleppt niðurlagi 61. greinar stjórnarfrumvarpsins, þó það væri í samkvæmni við eldri lög landsins, og í sjálfu sjer hentug ákvörðun. Þar að auki vildi hann benda á, að ísjárvert væri, að láta landsdrottinn halda þessari kröfu, til að vísa leiguliða burt um óákveðinn tíma, og væri hið sama um 20. grein, að einnig þar væri ástæða til að til taka tíma, innan hvers landsdrottinn ætti að gjöra rjett sinn gildandi gegn leiguliða út af óunnum jarðabótum. Um 21. grein hefði hann talað áður, og gæti því verið stuttorður um hana. Hann skyldi sjerstaklega benda á, að það væri óheppilegt að miða endurgjaldið við, hvað jörðin hefði ríkað til afgjaldsbækkunar. Gæti vel verið, að alls ekki yrði nein spurning um neitt afgjald, þegar t. a. m. eigandi sjálfur tæki við jörðinni eptir hlutaðeigandi leiguliða. Hvað 26. grein snerti, þá væri ástæða til að gefa leiguliða rjett á að borga í peningum þegar hann vildi. Reyndar mundi, ef peningaeklan hjeldist við í landinu, sjaldan verða spurning þar um; en það gæti þó komið fyrir, að hann heldur vildi gjöra það en borga «in natura». Nefndin

hefði sleppt 79. gr. stjórnarfrumvarpsins, af því hún líklega hefði álitið það sjálfsagt, sem þar væri; en sjer virtist þó æskilegt að halda 79. gr., því þá væru skyldur úttektarmanna með tilliti til jarðabóta ljósar. (*Framsögumaður*: Það stendur í 24. gr.) Vel, en það veitti ekki af því, að taka það fram aptur hjer, einkum þar sem nefndin hefði tekið hjer aptur fram, að það ætti að meta spjöll á jörðum. (*Árni Thorsteinsson* sagði, að þingmaðurinn ætti að lesa frumvarpið). Nefndin hefði átt að lesa stjórnarfrumvarpið betur en hún hefði gjört, enda hefði hún haft tíma til þess, þar sem hún hefði haft 6 vikur fyrir sjer og fjallað um það á 26 fundum. Loksins kvaðst hann þó vona, að þingdeildin aðhylltist frumvarpið, því það innihjeldi miklar rjettarbætur þrátt fyrir annmarka þá, sem væru á því, og hefði hann vegna naumleika tímans, að eins getað talið nokkra af þeim.

Sighvatur Árnason kvaðst kunna 2. þingmanni Skagfirðinga þakkir fyrir það litla, sem hann hefði stutt nefndina, en hinu, er þingmaðurinn hefði haft að athuga við frumvarp nefndarinnar, ætlaði hann eigi að svara, þar eð hinir aðrir meðnefndarmenn sínir væru færari til þess, og hefði hann reynslu fyrir því, að hann gæti eigi svarað þessum aðfinningum hans, fyr en hann sæi þær svartar á hvítu, enda hefði margt af því, sem þingmaðurinn hefði sagt, eigi verið svaravert. Hann sagði, að það hefði legið við, að hann við 1. umræðu máls þessa hefði borið hönd fyrir höfuð nefndarinnar gegn áburði þessa þingmanns, en þá hefðu hinir nefndarmennirnir tekið af sjer ómakið; en þar eð þingmaðurinn nú á ný kæmi með ásakanir gegn nefndinni, þá gæti hann eigi setið á sjer að svara honum fáum orðum bæði fyrir sína hönd og meðnefndarmanna sinna. Hann gæti sagt þingmanninum það með sanni, að nefndin hefði gjört sitt ýtrasta til, eigi að flýta sjer, heldur að vanda starfa sinn. 2. þingmaður Skagfirðinga væri fljótur, og það væri mikils vert, ef vandvirknin fylgdi með, en ef að nefndin hefði lagt meiri áherzlu á flýti en vandvirkni, þá væri eigi ólíklegt, að einhver mundi hafa borið nefndinni á brýn fljótfærni og óvandvirkni, en fyrir sitt leyti áliti hann, að vandvirknin væri mikilsverðari en flýtir, sem þingmaðurinn gjörði svo mikið úr, og sannaðist þá, að «það eru hyggindi, sem í hag koma». Of mikil fljótfærni væri eigi góð, heldur jafnvel skaðleg, og væru nú dæmi um það deginum ljósari, og væri það nægileg ástæða til að sýna, að 2. þingmaður Skagfirðinga hefði ástæðulaust kastað steini á nefndina, Hvað frumvarpið snerti, þá játaði hann, hvað fyrirsögnina snerti, að hinar einstöku greinir að efninu til heyrðu eigi beinlínis undir fyrirsögnina, og vildi hann því gjarna sætta sig við að breyta henni, meðfram til að geta haldið hinum einstöku greinum frumvarpsins, t. d. 42. gr.; og þætti sjer vel við eiga að skipta frumvarpinu í kapítula með fyrirsögnum, og að fyrirsögn frumvarpsins væri t. d. «Um landbúnaðarmálefni»; 1. kafli: um notkun jarða, 1. gr.; 2. kafli: um viðskipti landsdrottins og leiguliða, 2.—30. gr.; 3. kafli: Um úttektir jarða, 30.—40. gr.; 4. kafli: Um byggingarráð og ítölu í haga, 41.—42. gr., og þyrfti þá eigi að fella neitt úr frumvarpinu sökum fyrirsagnarinnar. Það hefði verið fundið að 42. gr., að hún ætti hjer eigi heima, og væri óþörf, en sjer sýndist hún vera mjög nauðsynleg, að minnsta kosti væri svo ástatt víða á Suðurlandi vegna landþrengsla, en þó svo væri, að hún væri eigi nauðsynleg annarsstaðar á landinu, þá væri hún þar meinlaus, en grein þessi tæmdi eigi efnið og vildi hann því koma sjer saman við meðnefndarmenn sína um viðauka við hana, til þess að hún næði tilgangi sínum, nl. ef þessi ítala fjenaðarins næði lagagildi, þá þyrfti ákvörðun um ítölu kúgilda í haga, sem væri allt annað

en kúgildi til tíundar eða verðlags, og áliti hann greinina eigi meira en hálfa, meðan hún væri eins og nú; en sjer sýndist því að eins mega nema úr gildi eldri lög, að hin nýju lög tæmdu það efni til fulls. Hvað breytingar þingmanns Skaptfellinga snerti, gæti hann fellt sig við tvær af þeim, því að þær væru að eins til skýringar, en eigi efnisbreytingar. Hvað breytinguna við 17. gr. snerti, þá mælti margt bæði með henni og móti, og ætlaði hann eigi að tala um hana að sinni. 2. þingmaður Skagfirðinga og þingmaður Húnvetninga hefðu rætt mikið um brot gegn landsrjettindum, um innsetning fjenaðar o. fl., og skyldi hann játa, að æskilegt væri að fá sem fyrst þær ákvarðanir um það inn í lögin, sem bæði samsvöruðu þörfum vorum og tíma; en þetta mundi vera meira vandamál en svo, að hægt væri að gjöra þessar ákvarðanir vel úr garði á stuttum tíma. Eins og hann hefði áður tekið fram, treysti hann sjer ekki til að svara 2. þingmanni Skagfirðinga, því hann hefði ekki skilið ræðu hans um málið, nærri til hlítar.

Eiríkur Kúld kvaðst hvorki ætla sjer að verða eins langorður nje harðorður við nefndina og 2. þingmaður Skagfirðinga; hann hefði reynt að taka eptir ræðu þingmannsins og fylgja henni, en þingmaðurinn hefði á ferðum sínum milli stjórnarfrumvarpsins og nefndarfrumvarpsins komizt inn í völundarhús og villzt þar svo, að sig hafi tekið að sundla og svima á eptir honum, og þótt ráðlegast að leita dyranna. Hann kvaðst vera nefndinni þakklátur fyrir það, að hún hefði haft áhuga á því, að vanda frágang sinn á máli þessu, enda væri slíks að vænta af jafn lærðum og skarpvitrum mönnum, og vildi hann unna þeim sannmælis í því, þó 2. þingmaður Skagfirðinga virtist eigi gjöra það. Það væru að eins fáar athugasemdir, sem hann vildi gjöra við einstakar greinir frumvarpsins, jafnvel þó hann treysti sjer eigi til að koma með það, sem nefndarmenn hefðu eigi þegar áður hugsað um. Hvað 42. gr. snerti, þá væri hann á sama máli og þingmaður Rangæinga í því, að vilja eigi missa hana, því hún væri einkar nauðsynleg. Grein þessi mundi eigi að eins nauðsynleg vera fyrir Suðurland, heldur þekkti hann víða til á Vesturlandi, þar sem landþrengsli væru mikil, og grein þessi því ómissandi. Hann kynni eigi við ákvarðanirnar í 2. gr., og þætti þær of harðar, og gengið allnærri eignarrjettinum, t. d. ef auðugur maður ætti son, sem í 10 ár hefði búið í annari sveit og eignazt mörg börn og orðið fjeþrota, svo að hann hefði fengið fátækrastyrk í þeim hreppi, og nú mætti faðir hans eigi byggja honum ábýli, er hann ætti í sínum hreppi, til þess sjer væri hægra að styrkja hann, heldur flæmdi hreppsnefndin son hans burt, þó hann byggði honum jörð í sínum hreppi, og hjeldi þar á ofan eptir hálfri landskuldinni. 7. gr. fjelli sjer eigi vel, því sjer sýndist hún leggja of miklar kvaðir á landsdrottin. Þar væri heldur engin ákvörðun um það, hve stór húsin skyldu vera; hann hefði heldur viljað láta binda þau við bæjarhús og fjós yfir þær kýr, er hafðar yrðu á jörðunni, og öll ærkúgildi, er á jörðunni væru; það væri heldur enginn hagur fyrir landseta að hafa mörg jarðarhús, því þegar hann færi, yrði hann að svara ofanálagi á þau öll. Í 11. gr. sýndist sjer eigi ljóst, hvað meint væri með «húsaefni»; það væri að líkindum viðurinn, því grjót og torf mundi leiguliði eigi mega flytja í burtu eða kæra sig um það. Fyrir vestan hagaði sumstaðar svo til, að ábúandi sækti langt að hellur, sem hann hefði á hús, og sem hann mundi gjarnan vilja flytja burt aptur með sjer, og gæti hann ímyndað sjer, að nefndin hefði haft eitthvað þessu líkt fyrir augum með ákvörðun sinni «húsaefni», og óskaði hann því skýringar á því. Sú ákvörðun væri einnig í þessari grein, að

hús skuli rifin fyrir Jónsmessu, en þá sýndist sjer þurfa að taka fram ákvarðanir um það, að eigi skyldi gjöra spjöll á grasi, þar eð húsin, sem vanalega stæðu í túni, ætti að rífa á vorin um gróðrartímann. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði hneykslazt á orðinu að «farga» í 14. gr., og væri það misskilningur hjá þingmanninum, því að farga mundi aldrei geta þýtt hjer að brenna. Hvað ákvörðunina um heyið snerti, þá sýndist sjer hún ófær, og jafnvel geta valdið því, að skepnur fjellu í harðindahjeruðum; enda væri ákvörðunin til einskis hagnaðar fyrir landsdrottin eða leiguliða. Sumstaðar væri einnig þannig háttað, að heyin yrðu ónýt, ef fyrnd væru meir en 1 ár. Enn væri eitt á móti þeirri ákvörðun, nefnil. að menn á útigöngujörðum þyrftu fremur flestum öðrum að fá hey á vetrum, ef óvanaleg harðindi væru, en útigöngujarðir hefðu vanalega litlar og rýrar slægjur, svo ábúendunum væri eigi auðið að endurgjalda hey með heyi, og væru þeir þannig útilokaðir frá allri heyhjálp, og sýndist sjer það mjög athugavert. Hann væri samdóma nefndinni í því, að eigi bæri að selja nýslegið gras, eins og menn sæju hjer daglega, og sem hann ímyndaði sjer að hefði vakað fyrir nefndinni og orsakað þessar ströngu ákvarðanir. Hann hjeldi þessu eigi til kapps, en vildi að eins benda nefndinni á þessi atriði í því skyni, að hún tæki til greina það, sem hún gæti fallizt á af þeim.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*) kvað sjer mundu fara líkt og þingmanni Barðstrendinga og Rangvellinga, að ef hann ætti að fara að rekja út í æsar ræðu þingmanns Skagfirðinga, þá mundi sjer verða hollast að hafa hana fyrir sjer svarta á hvítu, bæði til þess að skilja hana og muna; en þeim útásetningum hans, er hann myndi eptir, skyldi hann leitast við að svara. Móti 1. gr. hefði hann eigi heyrt þingmanninn hafa annað en það, að eigi væri nógu skýrt kveðið á, hvort jarðeigandi væri skyldur að halda jörðinni í leigufæru standi samkvæmt 7. gr., ef hann byggði hana eigi öðrum, heldur legði hana undir sína bújörð; þessi grein í frumvarpinu væri tekin eptir 43. gr. stjórnarfrumvarpsins, og þar væri sú ákvörðun, að hann væri skyldaður gjöra þetta, en það hefði nefndinni þótt of hart, og fellt því ákvörðunina burt, og sýnt með því, hvert væri hennar álit um þetta efni; henni hefði sýnzt ófært að leggja þá skyldu á jarðaeigandann, að halda uppi öllum húsum á þeirri jörð, er væri engum byggð, og hann hefði lagt undir ábúðarjörð sína, fyrir þá sök eingöngu, að hún einhvern tíma hefði verið býli út af fyrir sig. Að skjóta inn í greinina »þá«, eins og þingmaðurinn vildi, þætti sjer hvorki gjöra til nje frá. Þingmaður Skagfirðinga og Barðstrendinga hefðu báðir hreyft mótmælum móti 2. gr., þar á móti hefði þingmaður Húnvetninga lýst yfir henni ánægju sinni; hann væri gamall hreppstjóri og því kunnugt um, hversu opt sveitir neyttu þess bragðs, er greininni væri ætlað að girða fyrir, að koma sveitarómögum af sjer á aðrar sveitir, með því að halda þeim þar við, stundum jafnvel með því að hjálpa þeim í pukri, þangað til þeir væru búnir að vinna sjer þar sveit; eigi gæti hann skilið, að greinin kæmi neitt í bága við stjórnarskrána; að minnsta kosti væri eigi gengið nær eignarrjettinum í henni, heldur en í tilskipun um húsmenn og lausamenn. Sá helmingur af landskuldinni, er nefndin vildi láta sveitina halda eptir, ætlaðist hún til að væri eins og sekt á jarðeiganda fyrir að hafa brotið móti lögum þessum. Að öðru leyti væri það komið undir smekk manna, hversu strangir þeir vildu vera í því, að tryggja sveitir fyrir slíkum órjettindum, og kæmi það fram við atkvæðagreiðsluna. Hvað snerti 4. gr., þá væri hún tekin eptir 46. grein stjórnarfrumvarpsins, en sleppt síðari

hluta hennar, af því að nefndinni þótti hann koma í bága við samningsfrelsið; nefndinni hefði þótt rjettast, að landsdrottinn og leiguliði semdu sjálfir um tölu kúgilda og leigu af þeim, enda væri það orðin svo föst venja, að leiga eptir kúgildi hvert sje 20 álnir, að eigi virtist ástæða til að óttast, að menn færu að breyta út af því. Í sambandi við það vildi hann einnig benda á þá ákvörðun í 34. gr. tíundarlaganna, að við tíundarframtal mætti eigi telja frá meir en eitt kúgildi fyrir hver 5 hundruð í jörðinni, og yrði leiguliði því að tíunda þau kúgildi, er landsdrottinn setti upp á hann þar fram yfir; þetta kæmi því meir við hinu opinbera, en landbúnaðinum. Hvað 6. gr. snerti, hefði nefndin ætlazt til, að hún væri lík 48. gr. í stjórnarfrumvarpinu; að eins hefði nefndin ætlað að vera fornyrt, með fram sjálfsagt til að geðjast þingmanni Skagfirðinga, og sett þetta orð »tók« í staðinn fyrir »var byggt«, af því að það stæði í Jónsbókar landsleigubálki; en það hefði þá orðið svona til þess, að þingmaðurinn misskildi greinina.

Þingmanni Skaptfellinga og Barðstrendinga hefði hvorugum geðjazt að 7. gr., en sjer þætti þeir báðir taka hana nokkuð á annan hátt, en nefndin ætlaðist til; öll þau hús, er tiltekin væru í greininni, íbúðarhús, geymsluhús og fjenaðarhús, væru nauðsynleg fyrir manninn, er hann kæmi að jörðinni; það væri t. a. m. ófært fyrir hann að hafa ekki neitt geymsluhús til að láta inn í flutning sinn, er hann kæmi að jörðinni. Svo yrðu menn að gæta að því, að tala og stærð húsa fer eptir því, sem venja er í sveitinni; ef þess vegna venja væri í sveitinni, að eigi fylgdu önnur fjenaðarhús en fjós, þá ætti eptir grein þessari einungis að fylgja fjós, og ef meira væri venjulegt, þá meira. Þegar þessarar ákvörðunar væri gætt, mundi þessi byrði vart verða þung á landsdrottnum; þá væri þyngri ákvörðunin í 49. gr. stjórnarfrumvarpsins, þar sem heimtað væri baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr, smiðja, skemma, fjós fyrir svo margar kýr, sem túnið fóðrar, hesthús fyrir hross þau, er þurfi til að vinna upp jörðina, og fjárhús, er taki helming þess fjár, er jörðin framflytur í meðalári.

Þá hefði þingmanni Skagfirðinga þótt 11. gr. eigi samkvæm 21. og 36. gr.; en orsökin til þess, að nefndin vildi hafa rýmri ákvörðun í henni en hinum, væri sú, að leiguliði hefði alltaf þann útveg með hús, að flytja þau með sjer, ef jarðeigandinn vildi eigi kaupa þau, en því gæti hann eigi komið við með stækkun húsa (36. gr.) eða jarðabætur (21. gr.). Þingmaður Barðstrendinga hefði spurt, hvað nefndin skildi við «húsaefni» í niðurlagi sömu greinar; sjálfur hefði hann nefnt hellu, sem víða væri mikið höfð til að gjöra hús upp með, og svo vildi hann bæta við tróði, er haft væri víða milli súðar og þekju.

Hvað snerti orðið «farga» í 14. gr., vildi hann skírskota til þess, sem þingmaður Barðstrendinga hefði sagt; það væri engin ástæða til að halda, að með greininni væri bannað að nota áburð til eldsneytis, heldur hitt, að láta hann burt af jörðunni, og svo það, sem einkum hefði vakað fyrir nefndinni, að fleygja honum í sjó eða vötn, sem dæmi væru til að menn gjörðu. Viðvíkjandi heysölunni vildi hann benda þingmanni Barðstrendinga á, að hún væri leyfð, ef landsdrottinn gæfi til samþykki sitt; þingmaðurinn hefði rjett að mæla í því, að meðfram hefði vakað fyrir nefndinni græna heyið, sem flutt væri hjer til bæjarins, en það væri líka flutt á útmánuðum úr garðinum, svo að skepnurnar heima mættu kannske horfalla; greinin gæti verið heldur ströng, og hann vildi gjarnan fallast á, ef einhver meðalvegur yrði fundinn, en að sleppa alveg ákvörðun um þetta efni, þætti sjer ófært, því að auðvitað væri, að það hey, sem þann-

ig væri flutt af jörðinni, kæmi henni eigi að notum; breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga um þetta atriði, að á eptir: «hey» bætist inn í «sem hann hefur aflað á jörðinni», gæti hann vel fellt sig við.

Breytingaratkvæði hins sama þingmanns við 17. gr. væri að líkindum sprottið af því, að hann ímyndaði sjer, að það væri freistni fyrir landseta, er húsin væru orðin forn og hrörleg, að kveykja í þeim, til þess að fá önnur ný á kostnað landsdrottins; nú væri síðar í greininni ákveðið, að leiguliði skyldi gjalda álag á húsin, ef þau hefðu eigi áður verið fullgild að viðum, og með þessu þætti sjer fullkomlega byrgt fyrir, að leiguliði neytti þessa bragðs. Ef nú þau orð, er hann vildi, væru felld í burtu, yrði farið eptir 29. kap. í Jónsbók með uppbygging þeirra húsa, er fyrir eldi færust, og þá ætti landsdrottinn að reisa þau aptur að þriðjungi, en ef leiguliða yrði engin sök gefin á eldsvoðanum, þætti sjer skrítið, að hann yrði harðar úti með tilliti til þeirra húsa, er færust á þann hátt, en þeirra, er skriður eyddu eða landskjálftar og önnur náttúruáföll, og vildi hann skjóta því til þingmannsins sjálfs, hvort honum þætti samkvæmni í því.

Um 19. og 20. gr. hefði þingmaður Skagfirðinga talað margt, en sjer hefði heyrzt hann keyra sig þar svo fastan, að hann yrði víst feginn, að falla frá því öllu saman, og því ætlaði hann hvorki að eyða orðum að því, að hrekja það, nje til þess, að hjálpa honum úr ógöngunum.

Í 21. gr. hefði sami þingmaður eigi skilið, hvernig fara ætti með þóknun fyrir jarðabætur handa leiguliða, er hann færi frá, ef landsdrottinn tæki sjálfur við jörðinni. Meiningin væri sú. Ef leiguliði þættist eiga heimting á þóknun, þá kveddi hann til úttektarmenn að meta, hvað hefði verið sanngjarn leigumáli á jörðinni, áður en þær voru unnar, og hvað, eptir að þær voru unnar, og mismunurinn, sem eptir þeirra dómi væri hæfilegur, væri kapítalísjeraður það, sem leiguliði ætti heimting á að fá uppbót fyrir, með öðrum orðum, landseti ætti heimting á þeirri upphæð, sem mismunurinn væri lagaleiga af, og ætti þetta jafnt við, hvort sem landsdrottinn færi sjálfur að jörðinni, eða leigði hana öðrum. Í 24. gr. hefði þingmanninum þótt jarðabótunum gjört of lágt undir höfði með því, að nefna þær með skemmdum og jarðníðslu; en að í stjórnarfrumvarpinu væri þetta sitt í hvorri grein, kæmi til af því, að þar væri ætlazt til í 63. gr., að úttektarmenn skyldu meta jarðabætur, en 5 gjörðarmenn jarðníðslu; nú ætlaðist nefndin til, að sömu menn skyldu hvorttveggja meta, og þá væri engin ástæða til að hafa það sitt í hvorri grein. Í 26. gr. hefði þingmaðurinn viljað gefa leiguliðum leyfi til að greiða landskuld í peningum; þetta ætti eigi við í lögum þessum eptir sínu áliti, því að með því væri gengið of nærri samningsfrelsinu; ef landsdrottinn tæki til í byggingarbrjefinu, í hverjum aurum gjalda skyldi, þá ætti eigi við, að löggjafarvaldið færi að blanda sjer í hans rjett.

Hvað snerti 42. gr., þá væri hann á sama máli og þingmaður Rangvellinga og Barðstrendinga; hann hefði tekið það fram við 1. umræðu, að nefndin hefði eigi verið á eitt sátt um, hvort hana skyldi taka inn í frumvarpið, en þar eð hann sæi, að margir þingmenn væru með því, þá mundi hann eigi vera á móti því.

Stefán Eiríksson sagði, að af því hann ætti breytingaratkvæði við frumvarpið, þá ætlaði hann að mæla nokkur orð, en hann skyldi eigi tefja lengi, enda væru ræðurnar orðnar býsna langar. Hann hefði að vísu aldrei búizt við, að framsögumaður mundi fallast á breyting sína við 7. gr., enda sannaðist það á þingmálum ekki síður en öðrum málum, að hverjum þætti sinn fugl fagur; honum þætti greinin svo fögur, þó

sjer þætti það eigi, að hann vildi engar breytingar á henni. 7. gr. gæti, ef vel væri að gáð, lagt of mikla byrði á leiguliða, og undir eins skaðað landsdrottin. Sá, sem kemur að jörðinni, getur eptir byrjun greinarinnar heimtað svo og svo mörg hús; ef hann nú býr lengi á jörðinni, getur gengið af honum, svo að hann getur eigi goldið álagið, er hann fer burtu, því það getur þó verið allmikið, þar sem eptir 37. gr. á að taka út túngarða, vörzlugarða, maturtagarða, fjenaðarrjettir, heygarða, stíflugarða og fl. Það gæti því auðveldlega farið svo, að landsdrottinn missti mikið af álaginu. Hann vildi því að eins tiltaka íbúðarhús, t. d. bæjardyr, baðstofu, stofuhús, búr, eldhús, smiðju og má ske fjós, því það væri sumstaðar búið í þeim enn hjer á landi, þó sjer reyndar gæti aldrei geðjazt að slíku íbúðarhúsi. Nefndin þættist að vísu hafa bætt úr þessu með því að hafa sett «eptir því sem venja er í hverri sveit». Breytingunni við 14. grein væri framsögumaður eigi móti; hún hlyti líka að koma í greinina, til þess hún yrði hafandi; en þar á móti væri framsögumanni ekki um breytinguna við 17. grein; hún gæti og ef til vildi verið óþörf; en sjer sýndist þó, að greinin gæti orðið hvöt fyrir leiguliða til að hirða miður um eldsvoða; hann gæti hugsað sem svo, að húsin væru nú orðin mjög hrörleg og lítt búandi í þeim, en ef þau eyddust í eldsvoða, þá ætti landsdrottinn að leggja til smíði alla og við í ný hús; það væri því bezt að láta þau fara í eldinn. Það væri því sitt álit, að greinin gæti orðið til þess að gjöra menn árvakrari með eldsvoða. Það hefði mikið verið talað um 42. grein, en það væri sama álit, sem hann hefði um hana nú sem áður við 1. umræðu, að það sje í henni sameignar hugsun; hún væri tekin úr 117. grein stjórnarfrumvarpsins, þar sem talað væri um hagbeit á afrjettum, og ætti hún því alls ekki við í þessu frumvarpi, heldur þar sem menn ættu saman afrjettarlönd, eða að margbýli væri á einni jarðartorfu, eins og talað væri um í 11. kapítula stjórnarfrumvarpsins. Hann kynni einnig eigi við, þar sem stæði í greininni: «bítast í örtröð», það væri sama og bítast í flag; þá fjelli sjer betur við orðatiltæki stjórnarfrumvarpsins, sem byggt væri á orðum Jónsbókar «svo skal í haga telja, að eigi sje nýtara, þó færra sje». Hann hefði nú minnzt á breytingar sínar, en yfir höfuð fjellist hann að öðru leyti á greinir frumvarpsins, að undanskildri 42. gr.

Jón Pjetursson sagði, að nefndin hefði leyst starfa sinn, yfir höfuð að tala, vel af hendi. Hún hefði kastað stjórnarfrumvarpinu og búið til nýtt frumvarp, en haft samt frumvarp stjórnarinnar fyrir augum, og þar sem hún hefði breytt, þá væri það til hins betra. Hann vildi eigi gjöra breytingaratkvæði í þessu máli, því hann byggist við, að þau mundu ekki tekin til greina, en hann vildi samt tala lítið eitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins. Að því er snerti 1. gr., þá gat hann þess, að hún væri eptir stjórnarfrumvarpinu, en hún væri engan veginn heppilega samin. Ef maður hefði 2 jarðir, og vildi t. d. ljá syni sínum aðra til ábúðar leigulaust, þá mætti hann það eigi, því eptir þessum lögum væri hann skyldur að taka landskuld og leigur eptir jörðina, og mætti eigi byggja hana leigulaust. Þó væri maður eptir frumvarpinu eigi skyldur, að selja öðrum jörð sína til leigu, er hann eigi sjálfur notar, nema þegar svo stendur á, að jörðin er ekki í leigufæru standi, eða svo hýst, sem getið er í 7. grein; þess vegna, þegar jörðin eigi væri í leigufæru standi, yrði eiganda að standa frjálst fyrir, hvort hann vildi selja öðrum hana á leigu, eða byggja öðrum hana leigulaust, eða setja hana í eyði. En líklega hefði nú nefndin eigi meint annað með þessari ákvörðun sinni, en það, sem stæði

í J B. Llb. 41. kap. »Enginn maður skal bólstað sinn í eyði leggja, ef hann fær byggt«; en sje nú þetta meiningin, verður auðsjáanlega að orða greinina allt öðru vísi. Og hvað liggur nú við eptir frumvarpinu, ef maður eigi hlýðnast því boði, að selja öðrum jörð sína til leigu, þegar hann eigi notar hana sjálfur, og hún er í leigufæru standi? Ekki neitt, það stendur ekkert um það í frumvarpinu. Þá eru öðru vísi ákvarðanir Jónsbókarinnar, hún segir, að þá, er maður eigi fái jörð sína byggða, skuli hann bjóða hana þeim, er næstir búa, fyrir sanngjarna leigu; ef þeir ekki vilja hana, þá sektast þeir á beitinni, ef skepnur þeirra koma inn á hana, en vildi hann eigi bjóða þeim jörðina til leigu, skyldi hún óheilög við beit skepna þeirra. Síðan er nú sagt í greininni; »rjett er að sami maður búi á tveimur jörðum o. s. frv., en inna skal hann öll þau gjöld, er á þeim liggja». Það þarf eigi að taka fram í lögum, að menn megi nota rjett sinn, heldur það, ef takmörkun er gjörð á honum. Hann hjelt því, að klausan hefði verið rjettar orðuð þannig: «Ef maður býr á 2 jörðum, o. s. frv., skal hann inna o. s. frv.» Ákvörðunin: «hjáleigur má leggja niður» o. s. frv., þætti sjer góð. Viðvíkjandi 2. gr., þá væri það auðvitað, að maður mætti leigja jörð sína hverjum, sem maður vildi; takmörkunina á rjettinum ætti að taka fram, en eigi rjettinn sjálfan; sjer fjelli takmörkunin vel í geð. Hann áliti rangt, að skylda landsdrottin til að gefa ætíð byggingarbrjef, eins og gjört væri í 3. greininni, og einkum að láta það hafa slík eptirköst, sem hjer er gjört, færist það fyrir. Vor eldri lög væru langtum frjálsari í þessu efni; það væri skrítið, að í frumvarpi Melsteðs hefði landsdrottni verið gjört að skyldu að gefa byggingarbrjef, en einn í rentukammerinu hefði skrifað út á spássíuna, að eigi mundi eiga við á Íslandi að heimta slíkt; lík lög væru að vísu fyrir Kaupmannahöfn, að þegar hús væru leigð þar, ætti að gjöra um það 2 frumrituð brjef, er tilgreindu skilmálana, og vanrækti húseigandinn það, þyrfti leiguliðinn eigi að lúka hærri leigu, en hann kannaðist við, að hann hefði lofað, eða hinn gæti sannað upp á hann; en það væri sá mikli mismunur, að húseigandinn gæti sagt leiguliðanum upp með hálfs árs fyrirvara, og þyrfti því ekki að missa meira en eins árs leigu, en eptir frumvarpinu ætti landsdrottinn að missa allt afgjaldið, ef til vildi, meðan leiguliði og ekkja hans lifðu. Hjer á landi gæti opt svo við borið, að leiguliði flytti inn á jörð, áður landsdrottinn gæti gefið út byggingarbrjefið, og þegar hann væri þangað kominn, mundi hann þakka fyrir að taka á móti því. Ábúandinn gæti og eyðilagt byggingarbrjefið, ef eigandinn týndi sínu frumriti, og hann kæmist að því, og þannig komið til að sitja æfilangt á jörðinni, án þess að borga nokkuð eptir hana. Viðvíkjandi 4. gr., þá væri þar heimtað, að landsdrottinn skuli í byggingarbrjefinu tilgreina landamerki jarðarinnar, gjöri hann það eigi, ætti byggingarbrjefið víst að vera ónýtt, og þetta skoðast svo, sem leiguliði ekki hefði fengið byggingarbrjef. Það væri nú óneitanlega gott bæði fyrir landsdrottna og leiguliða, að vita landamerki jarða sinna; en hversu fáir mundu þeir nú hjer á landi, sem hefðu landamerkjabrjef fyrir jörðum sínum; menn keyptu og byggðu jarðir vanalega með því landi og hlunnindum, er þeim fylgt hefðu; menn fylgdu því hjer í venjunni; það væri þannig ógjörlegt að gjöra slíkt landsdrottni að skyldu, að tilgreina í byggingarbrjefinu landamerkin, því það gæti orðið til þess, að jarðir yrðu óbyggðar. Eigandi mætti eigi byggja meira, en hann gæti sannað að hann eigi, en hvernig geta menn það, ef landamerkjabrjefin vanta. Viðvíkjandi 8. gr., þar sem stæði «nema fráfarandi leyfi», þá væri slík ákvörðun með öllu óþörf; eins væri ákvörðunin í 9. grein «nema við-

takandi leyfi» o. s. frv. ónauðsynleg. Þar sem stæði í 10. grein, að fráfarandi eigi mætti flytja burt hey, o. s. frv. «nje neitt annað, sem sú jörð gaf af sjer», þá væri þessi seinustu orð of yfirgripsmikil, því hann mætti þó flytja burtu t. d. kartöflur og rófur, er hann hefur aflað á jörðunni. Að því er snerti 12. gr., þá væri það víða venja að teðja sinn helming túns hvort ár; eins væru það sumir, sem vildu teðja að haustinu, en aðrir að vorinu, og hvað væri þá meint með orðunum í sömu grein, «í tæka tíð?». En þar sem stæði: «Eigi má fráfarandi — en til búsþarfa», þá væru mörg hús við brottför fráfaranda, sem þyrftu aðgjörða við, og það væri óþarfa meinsemi, að meina honum að gjöra við þau, til að ljetta á álaginu; en slík vinna væri þó ekki til búsþarfa. 13. gr. gæfi leiguliða meiri rjett en áður; áður hefði verið undantekinn leiguliðanotum trjáreki og hvalreki, og ýms fleiri hlunnindi. Það hefði eigi fylgt, nema svo væri um samið. Þar sem í 18. gr. væri talað um skemmdir af vatnagangi eða öðru þvílíku, þá ættu báðir að taka þátt í að bæta það, leiguliði og landsdrottinn eptir frumvarpinu, og það vildi hann fella sig við, en þó leyfa leiguliða að fara burtu, ef hann vildi, án þess að taka þátt í bótum, og eins, ef hann eigi vildi taka þátt í þeim, þá mætti landsdrottinn láta hann fara burt. Þar sem stæði í 20. gr. «eptir óvilhallra manna mati», þá væri óvíst, að landsdrottinn gæfi um slíka borgun fyrir hið áskilda, og það væri óeðlilegt, að skylda hann til þessa. Hvort og hvað mikið endurgjald leiguliða bæri fyrir jarðabætur, væri komið undir því, hvort hann væri lengi á jörðinni eða eigi; það gæti verið, að hann gjörði jarðabæturnar fyrstu árin, og það gæti verið, að hann gjörði miklar bætur síðustu árin, ef hann vildi neyða landsdrottinn til að selja og hann væri fátækur; það væri eigi eintómt verk leiguliða, sem gjörði, að jörð yxi til leigu, því þar sem vel hagaði til, þyrfti mjög lítið til þess opt og tíðum, en það gæti orðið æði-dýrt, ef landsdrottinn ætti að borga það.

Jón Jónsson kvað sig undra ekki, þó þingmaður Barðstrendinga skildi ekki ræður sínar, en það væri sjaldan, að menn þyrftu að frýja hinum 5. konungkjörna þingmanni vits eða skilningsleysis. Framsögumaður hefði talað um ógöngur sínar við 19. og 20. grein; þetta væri nú tómt skilningsleysi hjá þingmanninum. Hann hefði fundið það að þessum greinum, að það gæti komið fyrir, að leiguliði gæti eigi vegna einhverra gildra orsaka fullnægt kröfum þeim, er þær gjörðu til hans, og því væri hart að lofa landsdrottni að reka hann burtu, án þess að nokkur tímatakmörk væru sett um það, að rjettur hans til þess gæti fyrnzt. Það mundi æfinlega hægt fyrir landsdrottin að sanna vanrækt landsetans, en þegar langur tími væri liðinn, áður en landsdrottinn gerði rjett sinn gildandi, gæti það orðið örðugt fyrir leiguliðann, að færa fullar sannanir fyrir því, sem hefði komið því til leiðar, að eitthvert ár hefði hann ekki getað unnið upp tún og engjar o. s. frv. Hann ætlaði eigi að leiða ýtarlegri rök að því, því hann kæmi eigi með breytingaratkvæði; hann hefði þegar bent á hinn ófyrirgefanlega drátt nefndarinnar á þessu máli, og hann vildi segja þingmanni Rangæinga það, að hann þekkti þá 3 embættisbræður sína, er í nefndinni hefðu setið, betur en hann, og vissi, að ef þeir hefðu í þessu máli tekið á þeim dugnaði, er þeir sýndu í sumum öðrum málum, þá hefðu þeir getað komið þessu máli í kring á miklu styttri tíma, en þeir nú hefðu brúkað til þess. Hann væri þingmanninum samdóma um fyrirsögn frumvarpsins, en heldur vildi hann sleppa 42. grein en vegna hennar skipta jafnlitlum lögum í kafla. Það væri því síður ástæða til að flýta sjer að lögleiða 42. gr., sem til væru í Jónsbók ákvarðanir um sama efni,

og væri eigi til neins að setja á pappírinn nýjar ákvarðanir, heldur væri nær, að fram fylgja hinum gömlu. Þar næst vildi hann snúa sjer að framsögumanni aptur, og þakka honum fyrir rösklegar undirtektir undir athugasemdir sínar. Hann vildi þá fyrst skjóta því til deildarinnar, hvort hún vildi eigi alveg fella fyrstu setninguna framan af 1. gr. frumvarpsins; hún virtist í rauninni óþörf, og hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði bent á, að hún yrði misskilin í fleirum atriðum en því, sem hann hefði tekið fram. Um 2. gr. væri hann samþykkur framsögumanni, að rjett væri að stemma stigu fyrir, að sveitir kæmu af sjer ómögum á aðrar sveitir með brögðum og undirferli; en framsögumaður hefði sjálfur bent á, að slíkt heyrði fremur heima í fátækralöggjöfinni eða lögum um lausamenn og húsmenn, en hjer í landbúnaðarlögunum. Jafnvel minna hluta frumvarpið, sem væri ýtarlegast af öllum landbúnaðarfrumvörpum hefði eigi slíka ákvörðun. Hvað kúgildaleiguna snerti, þá vildi hann benda á, að tíundarlögin gætu ekkert hjálpað leiguliðum gegn þeim landsdrottnum, sem kynnu að vilja ofþyngja þeim með að bæta inn nýjum kúgildum eða að hækka kúgildaleigur. Hvað 6. gr. snerti, skyldi hann játa, að hann hefði eigi munað eptir þeim orðum í landsleigubálki, er framsögumaður hefði vitnað í, en hann vildi samt leggja það til, að á eptir orðinu «tók» væri til skýringar bætt við orðinu «heima». Viðvíkjandi 11. gr., þætti sjer eigi vera nógu vel sjeð um rjett leiguliða, þó hann mætti flytja burt hús þau, er hann hefði byggt. Húsið gæti ef til vill orðið jörðinni til mikils gagns, og leiguliðinn gæti verið nýbúinn að byggja það, og væri þá hart að skipa honum að rífa það burt, endurgjaldslaust. Viðvíkjandi orðinu «farga» vildi hann skjóta til nefndarinnar, hvort henni litist eigi að nema burtu allan efa, þó það er framsögumaður hefði sagt því til skýringar, mundi miða til rjettara skilnings á orðinu. Viðvíkjandi heysölu þætti sjer hart að banna að selja grænt hey; hví mætti eigi bóndi, er hefði yfirfljótanlegar slægjur, slá og hirða sjálfur hey á því landi, er hann ekki sjálfur þyrfti með, og selja þetta hey? sýndist sjer þetta ekkert verra fyrir landsdrottinn, en að lofa leiguliða að ljá öðrum slægjur. Ef þetta væri alveg bannað, yrði bæði hjer og í öðrum kaupstöðum lítt mögulegt að hafa nokkra málnytu, sem þó væri nauðsynleg, enda gætu bændur fengið í flestum kaupstöðum nógan áburð fyrir heyið, er þeir ljetu; hann vildi því leggja það til, að í stað breytingaratkvæðis þingmanns Skaptfellinga væri bætt inn á eptir orðinu «hey» orðunum «úr garði». Að selja hey úr garði burt frá jörðinni, væri ástæða að banna en varla meira. Viðvíkjandi því, sem framsögumaður benti þingmanni Skaptfellinga á, að ef leiguliði kveykti í húsum sínum, þá yrði hann að endurgjalda, þá vildi hann taka það fram, að löggjöfin ætti að sjá um, að engin freistni væri fyrir leiguliða til að gjöra þetta. Sjer þætti það hart, að skylda landsdrottin til að leggja til við og smíðar, því að með því væri honum lögð miklu þyngri byrði á herðar en leiguliða, einkum ef um baðstofur væri að gjöra, eða önnur hús, sem mikill viður væri í; þetta væri þar að auki eigi í samkvæmni við það, sem stæði í 18. grein um aðrar skemmdir; þar væri kveðið svo á, að þeir skyldu leggja báðir til jafnan kostnað. Viðvíkjandi 13. gr. væri hann samdóma hinum 3. konungkjörna þingmanni, að betra væri að kveða þar nákvæmar að orði, því að eins og hún nú væri orðuð, mætti skilja hana svo, sem leiguliði ætti einnig reka. Framsögumaður hefði sagt, að það væri að skerða samningsfrelsi, að leyfa leiguliðum að gjalda landskuldina í peningum; en sjer þætti eins mega takmarka frelsið í þessu tilliti, eins og svo víða annarstaðar í frumvarpinu og væri

ekki gott að láta landsdrottna hafa of mikið frelsi til að kúga leiguliða. Enn fremur hefði framsögumaður tekið það fram, að menn hefðu átt að bera 1. gr. nefndarfrumvarpsins saman við stjórnarfrumvarpið, og ráða af því, að nefndin hafði sleppt úr einni ákvörðun, að hún ætlaðist eigi til að hún gilti; nú hefði hann víða sjeð, að nefndin hefði sleppt úr stjórnarfrumvarpinu að eins fyrir stuttleika sakir, og hann vildi benda henni á, að ef hún væri eigi á sama máli og stjórnarfrumvarpið, væri hyggilegra að láta það í ljósi á einhvern skýrari hátt, en með því að sleppa því, sem stjórnarfrumvarpið hefði sagt.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja gjöra grein fyrir, að hann gæfi atkvæði sitt móti 21. og 42. grein. Viðvíkjandi 21. grein, þá þættu sjer ákvarðanir þær, er þar væru, ekki í öllu sanngjarnar; leiguliði ætti að fá endurgjald fyrir þær jarðabætur, er hann gjörði, og þá helzt strax, en borga aptur á móti hækkað afgjald. Arðurinn af jarðabótum væri eign leiguliða, meðan hann væri á jörðunni, og þess vegna rangt að draga hann frá endurgjaldinu. Heldur ekki virtist honum sanngjarnt, að gjöra mun á jarðabótum eptir samningi, sem eigi væru endurgoldnar, og öðrum jarðabótum, sem ætti að endurgjalda. Að því er snerti 42. grein, þá gæti hann eigi fellt sig vel við hana, af sömu ástæðum og aðrir hefðu tekið fram.

Stefán Eiríksson kvaðst vilja mælast til, að forseti skipti í sundur breytingu sinni við 7. grein, þá hún yrði borin upp til atkvæða, og fyrst væri leitað atkvæða um orðið «geymsluhús» og síðan um orðið «fjenaðarhús».

Sighvatur Árnason kvaðst eigi ætla sjer að svara hinum 3. konungkjörna þingmanni nje þingmanni Skagfirðinga, nema að því er snerti 42. grein. Hinn síðar nefndi hefði sagt hana óþarfa, af því að hin gömlu lög um það efni væru góð, og þingmanni Skaptfellinga hefði fallið betur það, sem stæði í Jónsbók um það, en eptir hvoru hjeldi hann að hægra yrði að ganga: að telja svo í haga sem Jónsbók segir „að ekki sje vænna þó færra væri, en þó skipað til fulls“ eða hinu, sem stendur í frumvarpinu: „að telja svo í haga, að eigi sje hætt við að bítist í örtröð“? Annars væri þetta, og hlyti að vera, hvoru sem gengið væri eptir, mest megnis álitsmál. Þingmaður Skagfirðinga hefði sagt, að eigi væri nóg að koma nýjum lögum á pappírinn, en hann vildi spyrja hann, hvort gamli pappírinn væri betri, þar sem efnið eigi ætti við tímann.

Þegar hjer var komið, stakk forseti upp á, að umræðunum væri hætt, og með því enginn mælti á móti því, var gengið til atkvæða, og var:

1. 1. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.
2. 2. — —— — 9 ——
3. 3. — —— — 9 ——
4. 4. — —— — 9 ——
5. 5. — —— — 10 ——
6. 6. — —— — 10 ——
7. Breytingaratkvæði Stefáns Eiríkssonar við 7. gr.
   a, «geymsluhús» falli burt, fellt.
   b, «fjenaðarhús» — — —
8. 7. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.
9. 8. — —— — 10 ——
10. 9. — —— — 9 ——
11. 10. — —— — 10 ——
12. 11. — —— — 11 ——
13. 12. — —— — 8 ——
14. 13. — —— — 10 ——
15. Breytingaratkvæði Stefáns Eiríkssonar samþykkt með 6 atkv.
16. 15. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.
17. 16. — —— — 10 ——
18. Breytingaratkvæði Stefáns Eiríkssonar fellt.

19. 17. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.
20. 18. — —— — 10 ——
21. 19. — —— — 9 ——
22. 20. — —— — 10 ——
23. 21. — —— — 8 ——
24. 22. — —— — 10 ——
25. 23. — —— — 10 ——
26. 24. — —— — 10 ——
27. 25. — —— — 9 ——
28. 26. — —— — 10 ——
29. 27. — —— — 10 ——
30. 28. — —— — 10 ——
31. 29. — —— — 9 ——
32. 30. — —— — 10 ——
33. 31. — —— — 10 ——
34. 32. — —— — 10 ——
35. 33. — —— — 10 ——
36. 34. — —— — 9 ——
37. 35. — —— — 9 ——
38. 36. — —— — 10 ——
39. 37. — —— — 10 ——
40. 38. — —— — 10 ——
41. 39. — —— — 10 ——
42. 40. — —— — 10 ——
43. 41. — —— — 10 ——
44. 42. — —— — 7 ——

Fyrirsögnin samþykkt með 7 atkv.

Málinu síðan vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 39. fundi, 16. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 390—395.

Breytingartillögur I 398.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*) kvaðst vilja skjóta því til forseta, hvort breytingaruppástungur hinna 3 þingmanna Sighvats Árnasonar, Ásgeirs Einarssonar og Stefáns Eiríksonar, gætu komið til umræðu í dag samkvæmt 43. gr. þingskapanna; uppástungur þessar hefðu komið í dag í stað þess, að þær hefðu átt að koma í gær.

Ásgeir Einarsson kvaðst vilja spyrja, hvort þessar uppástungur ættu lægri rjett en aðrar, er komið hefðu fram í öðru máli fyrir skömmu síðan og sem eins hefði staðið á, en hjer stæði þó betur á, því þetta væri viðaukaatkvæði. Allir þekktu efnið til hlítar, og það væri einungis um að gjöra, hvort að menn vildu lofa málinu að komast fram eða eigi. Ef það væri nokkurt nýmæli, sem hann vildi að næði fram að ganga, þá væri það þetta frumvarp; ef menn samt sem áður vildu láta það bíða og hvíla sig, þá væri hann eigi móti því, en hann vildi einungis lýsa yfir því, að sinn vilji væri, að málið fengi framgang. En úr því nefndin hefði sett seinustu greinina, þá þyrfti viðaukagreinirnar, því þær ættu við greinina og væru máttarstólpi hennar, enda mundu viðaukagreinirnar verða teknar upp í neðri deildinni, ef frumvarpið fengi þar áheyrn.

Sighvatur Árnason sagði, að ef uppástungur þessar gætu með nokkru móti komizt að formsins vegna, þá vildi hann óska þess; efnið væri sjerstaklegt og ekki margbrotið, og mundu deildarmenn varla þurfa langan tíma til átta sig á því; það væri einungis formið, sem væri um að gjöra. Ef þetta gæti eigi komizt fram til umræðu með aðalmálinu, þá vildi hann leyfa sjer að stinga upp á því, að mál það, sem þetta ætti við, yrði látið bíða kvöldfundar.

Benedikt Kristjánsson benti á, að þar sem í 2. gr. stæði: «Þegar búfjenaður — sem segir í 1. gr.», þá hefðu uppástungumennirnir gleymt sjer, og væri því uppástungan óformleg og þyrfti að lagfærast.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort uppástungan skyldi koma til umræðu, og voru með því 7 atkvæði, en með því að $^3/_4$ hlutar atkvæða þurftu til þess, að breytingaruppástungurnar kæmust að, var því hafnað með atkvæðagreiðslunni.

Framsögumaður kvaðst vilja gjöra grein fyrir breytingum nefndarinnar. Það hefði

verið tekið fram við 2. umræðu um frumvarpið, að betra mundi, að skipta frumvarpinu í kafla. Þetta hefði nefndin fallizt á með því að stinga upp á, að rómverska talan I kæmi fyrir framan 1. grein, og rómverska talan II á undan 31. grein, og III á undan 42. grein. Þetta hefði nefndin álitið að væri nóg til að sýna kaflana. Í annan stað hefði nefndin stungið upp á að flytja 41. grein fram milli 1. og 2. greinar, því hún virtist eiga þar betur við eptir efninu. En aðalbreyting nefndarinnar væri við 14. gr. Við fyrri málsgrein hefði nefndinni eigi þótt heppilegt, að leiguliði mætti ljá hver hlynnindi jarðar, sem væru, ef hann að eins fengi önnur í staðinn, þannig t. d. ljá varp fyrir mótak eða annað því um líkt, heldur hefði henni þótt rjettara að binda það við samþykki landsdrottins, og hefði hún því bætt við á eptir orðunum: «eigi má hann heldur» orðunum: «án leyfis landsdrottins». Þá hefði nefndin eptir bendingu þingmanns Barðstrendinga breytt síðari málsgrein um heylán þannig, að leyfilegt væri að selja hey í harðindum án þess að fá það aptur; ef menn því kæmust í heyþrot í harðindum, þá gætu menn farið til hreppsnefndarinnar og leitað bjálpar hjá henni, og hún þá aptur skorað á þann, er byrgur væri, að hjálpa, en hann skyldi þá hafa leyfi til að selja gegn öðru en heyi. 1. þingmanni Rangæinga hefði þótt vanta ákvörðun um það, hvernig ætti að fara að, er úttektarmenn hefðu ákveðið, hve margar skepnur af hverri tegund maður mætti hafa í landi sínu, en hlutaðeigendur máske vildu hafa aðrar skepnur í landi sínu, en ákveðið væri, þannig t. d. fleira sauðfje en talið væri, en aptur færri kýr eða hross. Nefndin hefði yfirvegað, hvernig menn gætu sett ákvarðanir um, hversu margar skepnar hverrar tegundar skuli setja móti skepnum annarar tegundar, en það væri eigi gott að setja ákvarðanir um þetta efni fyrir allar jarðir um allt land, því það, sem ætti við í einu hjeraði, það ætti eigi við í öðru; því hefði nefndinni þótt fara bezt á því, að láta úttektarmennina ákveða þetta; það væri ekki meiri hætta að trúa þeim fyrir því, en fyrir að hafa ítöluna sjálfa á hendi. Loks hefði nefndin bætt við nýjum kafla og grein um það, hvaða lagaboð væru úr gildi numin, því rjettara hefði þótt, að það væru til teknar ákvarðanir, sem fjellu úr gildi. Svo hefði nefndin og breytt fyrirsögninni, og bætt inn í orðunum: «og fleira» vegna 42. gr. Með því að breytingar hinna 3 þingmanna hefðu ekki komizt að, þá mundu nú eigi vera fleiri breytingar, og vildi hann því vona, að þingdeildarmenn tækju þessum breytingum vel, og heldur greiddu fyrir málinu.

Sighvatur Árnason sagðist hafa hreyft smáathugasemdum við frumvarpið við 2. umræðu, og vildi hann því víkja að því aptur með fám orðum. Framsögumaður hefði nú að vísu tekið fram ástæður fyrir viðauka nefndarinnar við 42. grein um ítölu í haga, og hefði hann orðið ásáttur við nefndina um það, að gjöra búfjenaðarmatið í haga að álitsmáli, en sleppa að taka upp lagaákvörðun um kúgildi í haga. Að því er snerti skipting frumvarpsins, þá hefði nefndin fallizt á að skipta því með rómverskum tölum, en eigi með fyrirsögnum; þetta vildi hann reyndar heldur en ekkert eða enga skipting, en hitt hefði hann viljað miklu heldur, að um leið hefði komið fyrirsögn fyrir hverjum kafla; því þó það lægi nú ljóst bæði fyrir meðnefndarmönnum sínum og öðrum þingmönnum, hvað hver kafli í frumvarpinu undir þessum stóru tölum hefði inni að halda, þá beri að gá að því, að almenningur út um landið verður í jafnmiklum vafa eptir sem áður um, hvar þetta eða hitt er að finna í lögunum; eins og auðvitað er, að ef einhver vildi finna eitthvað í löngu máli, þá væri það þó sannarlega hægra um hönd, ef fyrirsögn væri fyrir hverjum kafla; svona væru

t. d. hegningarlögin o. fl. Það væri því eigi eins dæmi, þó þetta hefði verið þannig hjer; en að fara að koma með sjerstakar breytingar um þetta, hefði hann eigi sjeð sjer til neins, úr því nefndin hefði ekki fallizt á þetta með sjer.

Ásgeir Einarsson sagði, að það hefði farið fyrir nefndinni, sem opt færi fyrir mönnum, að þeir vildu halda í það, sem þeir hefðu náð. Það væri eitt atriði, sem hann hefði bent á við 2. umræðu, og væri það þar sem ábúandi væri, er annar ætti reka; sjer þætti nóg, þó þetta væri í Jónsbók og eldri lögum, þó það væri eigi í nýjum lögum og endurbættum lögum, því það mundi sannast, að það mundi valda óánægju manna á meðal. Það væru reyndar fleiri atriði, er hann gæti bent á að væru viðsjárverð, en það vildi hann taka fram, að ef þessi viðauki kæmist á, þá yrði hann að fótakefli, það mundi sannast.

Jón Jónsson kvaðst hafa enn minni ástæðu en sumir þingmenn, sem nú hefðu talað, til þess að vera ánægður með aðgjörðir nefndarinnar, samt mundi hann gefa frumvarpinu atkvæði sitt, sökum hinna miklu rjettarbóta, er það prátt fyrir ýmsa galla hefði að innihalda, og hefði þjóðin í mörg ár æskt eptir þessum rjettarbótum; en það vildi hann taka fram, að að eins drátturr sá, sem hefði orðið á málinu hjá nefndinni, væri valdur að því, að frumvarpið eptir þessi mörgu ár, sem liðin eru, síðan fyrst var talað um að endurbæta landbúnaðarlög vor, kæmi eigi eins vandlega undirbúið frá þinginu, og þjóðin hefði mátt búast við.

Jón Pjetursson sagði, að nefndin vildi fella úr 14. gr.: «nema það sje í umskiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf»; þetta kynni hann vel við, en sjer þætti engin ástæða til, að bæta því inn í, sem nefndin styngi upp á, nefnilega «án leyfis landsdrottins», því að eigi væri að sínu áliti meiri þörf á því þar, en annarstaðar í greininni, t. d. þar sem talað væri um að farga áburði. Hann kynni og betur við breyting nefndarinnar á ákvörðuninni um heysölu; en þar sem hún svo vildi gjöra þá undantekning, að ef hreppsnefnd skoraði á leiguliðann í harðindum, þá þyrfti hann eigi leyfi landsdrottins til þess, þá þætti sjer það eigi heppilegt, því að hver ætti að dæma um það, hvort harðindi væru? (*Framsögumaður*: Hreppsnefndin). Þá væri það lagt undir álit hreppsnefndarinnar, hve nær leiguliði mætti brjóta sitt byggingarbrjef, án þess að spyrja landsdrottinn að; ef t. d. leiguliðinn vildi fá sjer korn fyrir hey sitt um vetrartímann, gæti hún sagt, að það væri velkomið; hann þyrfti eigi leyfi landsdrottins til þess, því að það væru harðindi. Með þessari ákvörðun þætti sjer því hallað rjetti landsdrottins. Breyting nefndarinnar undir 6. tölulið þætti sjer rjett í sjálfri sjer, en hann treysti eigi óvöldum mönnum til þess starfa, er nefndin ætlaði þeim þar; hvers vegna tæki nefndin heldur til úttektarmenn en aðra? Að sínu áliti væru þeir eigi færari til slíks, en aðrir óvilhallir menn. Fyrst að úttektarmönnum væri ætluð «ítalan» ætti eins að mega heimta «yfirítölu», eins og «yfirúttekt». (*Framsögumaður:* sjálfsagt). Loks vildi hann geta þess, að í lagaboðum þeim, er talin væru upp í 43. grein nefndarinnar að falla ættu úr gildi með lögum þessum, væru sumar þær ákvarðanir, er nefndin hvorki hefði tekið inn í frumvarp sitt, nje sett neitt í staðinn fyrir, og væri því ísjárvert að samþykkja hana. Þar sem nefndin vildi bæta aptan við fyrirsögnina »og fl.»., þá þætti sjer betra að láta fysirsögnina vera óbreytta, því að hann sæi enga ástæðu til, að tilgreina síður, hvað það væri, heldur en hitt, sem tilgreint væri í fyrirsögninni,

Benedikt Kristjánsson kvaðst ætla að geyma hinum 5. konungkjörna þingmanni,

að svara hinum 3. konungkjörna þingmanni, og mæla það eitt um það, að bezt sje að láta þá um það, því að þar sjeu báðir nógu skýrir; en hvað snerti þingmann Skagfirðinga, þá hefði hann að visu ámælt nefndinni mjög, en aldrei rèynt hið minnsta til að bæta frumvarpið, en nefndin mundi, hvað sem því liði, gjöra sig vel ánægða við hann, þar sem hann lofaði að gefa atkvæði sitt með frumvarpinu; hann ætlaði því eigi, að svara honum neinu, heldur þingmanni Húnvetninga; þingmaðurinn væri illa ánægður með þá ákvörðun um reka, sem stæði í 15. gr., en fyrir sitt leyti gæti hann eigi sjeð neitt móti því, að leiguliði væri áminntur um, að hann þurfi að gjöra vissan samning við landsdrottin um það efni, er hann tæki jörð á leigu, og eptir sínum skilningi gengi þessi grein eigi lengra; það væri alls eigi meiningin með henni, að hin álnarlöngu keflin væri hin eina og lögákveðin borgun fyrir reka hirðinguna, heldur hitt, að landsdrottinn hefði eigi rjett til, að skilja frá jörðinni þennan smáreka, þó að hann hjeldi öllum stórreka fyrir sig; um borgun fyrir reka hirðinguna hlyti hann að semja, öldungis þar fyrir utan.

Ásgeir Einarsson kvað það sannast á þingmanni Þingeyinga, að hann vildi færa alla hluti til betri vegar; en hann hefði enn eigi orðið var við, að prestar skildu greinina þannig, heldur mundu þeir þykjast skyldir, að slaka eigi til með tilliti til rjettar kirkjunnar, þegar hún ætti reka, og kalla, að þetta væri hin lögákveðna borgun, sem þeir ættu ekki með að gefa eptir frá brauðinu; hann ímyndaði sjer, að hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði orðið var við þetta, er hann var í Strandasýslu sýslumaður. Þar að auki ætti þessi grein eigi hjer inn í, fyrst að nefndin hefði ekki tekið allan Rekabálk. Hann byggist eigi við, að geta sannfært nefndina um þetta fremur nú en áður, og skyldi hann því eigi gjöra það að kappsmáli.

Benedikt Kristjánsson kvaðst verða að svara þingmanni Húnvetninga fám orðum viðvíkjandi skoðun presta á máli þessu, úr því hann á annað borð hefði dreift þeim við þetta mál, þó að það kæmi eigi meira þeim við en öðrum, og ætlaði hann þá að byrja á því, að færa orð þingmannsins til betri vegar, þar sem hann hefði talað um skilning presta á «greininni» því að hann væri enn alveg ósjeður; hann hefði víst átt við skilning þeirra á tilsvarandi ákvörðun í Jónsbók; en hvað sem nú því liði, þá þekkti hann presta, sem ættu reka og ljetu eigi álnar löngu keflin ein vera borgun fyrir hirðing á honum, heldur borguðu hana alveg sjerstaklega; hann vissi þannig dæmi til þess, að leiguliði væri látinn hafa $^1/_6$ af stórviðarreka og jafnvel $^1/_3$. Hann vissi líka dæmi til, að prestar hefðu í byggingarbrjefi gjört leiguliða að skyldu, að hirða rekann, en eigi tiltekið, að álnarkeflin ættu að koma upp í það. Álnar kefli og þaðan af minni fylgdu jörðinni, eins og t. d. þari, og mætti eigi frá henni skilja. Þingmaðurinn yrði að reyna að skilja það, að fyrir utan greinina lægi öll ákvörðun um það, hvað leiguliði skyldi hafa fyrir hirðinguna.

Stefán Eiríksson kvað sjer þykja sumar breytingar nefndarinnar vera til bóta, en þegar hann talaði um frumvarpið í heild þess, þætti sjer það lítilfjörlegt, fyrst að nefndin hefði eigi getað náð inn í það eptir allan þann tíma, sem hún hafði það til meðferðar, aðalatriðum stjórnarfrumvarpsins; og einkanlega gæfi hann lítið fyrir það vegna þess, að nefndin tók eigi úr 6. kapítula stjórnarfrumvarpsins ákvörðun um ágang af annara fjenaði og innsetning fjár, því að það væri sá kafli, er að sínu áliti riði mest á; það mætti að vísu segja, að þær ákvarðanir, sem nú væru látnar óhreyfðar í stjórnarfrumvarpinu, gætu komizt að á næstu

þingum, en það væri eins líklegt, að það fengi að liggja í dái í mörg ár. Eins og frumvarpið nú væri úr garði gjört, þætti sjer það hvorki heilt nje hálft, og stæði sjer því á engu, hvort það fengi fram að ganga eða eigi.

Framsögumaður kvað líta svo út, sem þingmaður Skaptfellinga hefði eigi verið á þingi 1865, er hann ætlaði, að alltaf hefði verið farið fram á yfirgripsmeiri breytingar á landbúnaðarlöggjöf vorri, en í þessu frumvarpi stæði. Í tíðindunum frá því alþingi mætti lesa, að þingmaður Rangvellinga, er þá var flutningsmaður þessa sama máls, hefði sjálfur tekið fram, hver atriði í landbúnaðarlöggjöfinni hann ætlaðist til að hin nýja lagasetning næði yfir, en alls eigi talið þar á meðal innsetning fjár, eins og líka nefndin, sem sett var í málið á því þingi, eingöngu hefði tekið fram sömu atriði og þingmaður Rangæinga. Á því þingi hefði komið úr Suðurþingeyjarsýslu bænarskrá um jarðarbyggingar, þingmaður Rangvellinga hefði komið með uppástungur um viðskipti landsdrottna og leiguliða, og úr Skaptafellssýslu hefði komið bænarskrá um jarðabætur; allt þetta væri sameinað og tekið inn í frumvarp það, er hjer lægi fyrir. Að blína eingöngu á innsetning fjár og kalla það mest áríðandi af öllum landbúnaðarlögum, væri eigi svaravert; það sem væri tekið inn í frumvarp þetta, hefði hvervetna verið talið mest vert, bæði á þingi 1865, og síðar. Hvað snerti mótbárur hins 3. konungkjörna þingmanns, þá þætti sjer engin þörf að ganga gegnum þær, því sjer hefðu ekki þótt þær svo verulegar, og um þau atriði, er hann tók fram, gætu menn haft ýmsar skoðanir; nefndinni hefði þótt bót í breytingum sínum, og þó að þær kæmust eigi að, þætti sjer samt frumvarpið dágott.

Jón Jónsson kvað það, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður tók fram viðvíkjandi 43. grein, þurfa nákvæmari íhugunar, en 5. konungkjörni þingmaður vildi; hann ætlaði sjer því eigi að gefa atkvæði með þessari grein, enda ætti nefndin eigi að gjöra hana að kappsmáli, því að það væri eigi venja í lögum, er næðu yfir svo takmarkað svið sem þessi, að til taka, hvaða lagaboð fjellu úr gildi við þau. Þetta hefði verið gjört í hegningarlögunum og í stjórnarfrumvarpinu, en nefndin hefði sjeð um, að frumvarp þetta kæmi eigi í neinn samjöfnuð við þessi lög. Í annan stað væri það ónauðsynlegt, því það segði sig sjálft, að þær greinar, er hið nýja frumvarp tæki yfir, fjellu úr gildi jafnskjótt sem það yrði að lögum; en í þessu tilfelli gæti orðið skaðlegt að samþykkja 43. greinina.

Eiríkur Kúld kvaðst nefndinni þakklátur fyrir, að hún hefði tekið bendingar sínar til greina, og mundi hann gefa atkvæði með frumvarpinu. Hann vildi játa það, að gallar gætu verið á því, en það ætti eptir að koma í neðri deildina, og mundi hún þá af nema smágallana. Hún hefði sjeð þá galla, sem hefðu verið á frumvörpum, er komið hefðu úr þessari deild þangað, t. d. á frumvarpi til laga um stefnufrest í einkamálum, og eins mundi verða um þetta; og ef hún á annað borð sæi þá, sem eigi þyrfti að efa, þá mundi hún og sjá ráð til að bæta úr þeim. En það væri að sínu áliti þakkavert, ef slík rjettarbót kæmist á.

Þá var gengið til atkvæða um breytingaruppástungur nefndarinnar, og fjellu þau þannig:

1. töluliður samþykktur með 9 atkvæðum
2. — —— — 11 samhljóða atkvæðum.
3. tölul. a. samþykktur með 10 atkvæðum
- — b. —— — 10 ——
- — c. —— — 9 ——
4. — —— — 8 ——
5. — —— — 8 ——

6. töluliður samþykktur með 10 ——
7. — —— — 8 ——
8. — —— — 8 ——

Frumvarpið síðan með áorðnum breytingum samþykkt með 8 atkvæðum, og kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til neðri deildarinnar.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 47. fundi, 18. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 457—463.

Hjálmur Pjetursson: Mál þetta er þá loksins komið frá efri deildinni, og jeg skal játa, að það hefur þar fengið góða meðferð, einkum álít jeg það hyggilegt, að þessu umfangsmikla landbúnaðarmáli hefur nú af efri deildinni verið skipt í kafla. En nú er annaðhvort að gjöra fyrir þessari deild, að láta það breytingarlaust ná fram að ganga, eða þá að fresta málinu, af þeirri ástæðu, að svo er liðið á þingtímann, að eigi er unnt, að það komist fram, ef breytingar eru gjörðar; en jeg álít mjög varhugavert, að leiða frumvarpið þannig óbreytt í lög, því að það er auðvitað, að margt er í því, sem betur mætti fara og breyta þyrfti, og þess vegna legg jeg það til, að nefnd sje sett í málið til þess að yfirvega það sem bezt, og held jeg, að þetta yrði hollara fyrir málið, heldur en fara að káka við það með breytingartillögum, sem sjálfsagt verða miklu fleiri, ef eigi er sett nefnd. Það gæti líka verið spursmál um, hvort ekki væri rjett að bæta við einum kafla eða fleirum, svo sem um afrjettarmál og fjenaðarmörk, því að það snertir sveitastjórn, og finnst mjer, að þetta ætti vel við aptan við þennan kafla; en um þessi mál þyrftu að líkindum ekki margar eða langar greinir; yfir höfuð eru í þessu máli mörg atriði, sem vandlega þarf að hugleiða, og þess vegna vil jeg leggja það til, að nefnd sje sett.

Páll Pálsson, prestur: Jeg er öldungis samdóma þingmanni Mýramanna; jeg finn að vísu víða talsverðar rjettarbætur í frumvarpinu, en víða marga stórgalla, og ef það ætti að ganga svona óbreytt í gegnum deildina, þá get jeg ekki greitt atkvæði með því; verð jeg því að ráða til, að nefnd sje sett í málið.

Forseti: Jeg er samdóma mönnum þeim, sem talað hafa um frumvarp þetta, að það sje eigi svo úr garði gjört, sem skyldi, og þurfi því breytinga við, en jeg álít samt þýðingarlítið að setja nefnd í þetta mál, þegar svona er liðið á þingtímann; jeg hef reyndar ekkert á móti nefnd, en vil þá, að hún sje kosin með þeim fyrirvara, að hún komi með álit sitt fyrir þinglok, því að það gæti orðið málinu til mikilla bóta.

Varaforseti: Jeg vil leiða athygli deildarinnar að því, að í efri deildinni var sett nefnd í mál þetta; var hún 6 vikur með álit sitt, þess vegna get jeg ekki sjeð, að þó nefnd verði sett hjer, að hún geti látið álit sitt í ljósi, áður en þingi er slitið. Jeg ímynda mjer, að það verði til einskis gagns að setja nefnd; nú eru fyrir deildinni nefndarálit í 3 mikilsvarðandi málum, og þingtíminn þegar á enda, verð jeg því að álíta, að málinu sje betra að hvíla sig til næsta þings.

Guðmundur Einarsson: Jeg er á sama máli og varaforseti, að eigi sje tími til að ræða þetta mál á þessu þingi, þar sem svo mörg áríðandi mál liggja fyrir, og svo er mál þetta að mjer virðist svo ljóst, að það geti haft framgang nefndarlaust, verði tími til. Jeg ímynda mjer líka, að svo sje um fleiri sem mig, að þeir hafi nóg að hugsa um hin mikilsvarðandi mál, sem fyrir liggja, og sem eru svo mikilsvarðandi, að hver þingmaður ætti að hugleiða þau vel.

Einar Ásmundsson: Jeg hefði verið einn af þeim, sem nefnd vilja, ef nokkur tími væri til fyrir hana að láta álit sitt í ljósi, en

nú er því eigi að heilsa, en frumvarp þetta er um svo mikilsvert efni og svo lagað, að mjer virðist eigi tiltækilegt að láta það ná fram að ganga án vandlegrar íhugunar; það er margt í því, sem jeg get ekki fallizt á, og menn ættu ekki að vera svo fljótir að nema úr gildi lög, sem eru mörg hundruð ára gömul, eins og þau lög eru, sem hjer ræðir um að breyta, að menn ættu ef til vill í sumum greinum verri lög, og óhentugri ákvarðanir, en áður voru. Jeg er nú í miklum vafa, hvort að jeg á að mæla með nefnd. Það er auðvitað, að ef hún gæti gefið álit sitt, áður en þinginu lýkur, þá er talsvert stig stigið í málinu til undirbúnings síðari tíma, en jeg álít, að það sje hæpið, að nefnd, er sett yrði, gæti þetta, því að málið þarf mikilla smábreytinga. Þingsköpin leyfa eigi, að málið sje rætt við þessa umræðu grein fyrir grein, en jeg vil til dæmis nefna eina ákvörðun í frumvarpinu, sem jeg álít mjög ósanngjarna; hún er sú, að fyrir úttekt jarðar á að gjalda 4 kr., hvort sem jörðin, sem er tekin út, er lítið kot, eða stórbýlisjörð, og frumvarpið gjörir þó ráð fyrir, að ekki einungis jarðarhús sjeu tekin út, heldur öll mannvirki á jörðinni, og þar að auki tún, engjar, skógur, eggver o. s. frv. Það sjá allir, hve ósanngjarnt þetta er, að jafnmikið skuli borga fyrir úttekt á smábýli, ef það að eins heitir lögbýli, og fyrir úttekt á stóru höfuðbýli; en ef ekki væru nú aðrir gallar en þessi á frumvarpinu, þá læt jeg það vera, en á því eru margir aðrir gallar, sem eigi er hægt að bæta með breytingaratkvæðum, sem koma frá ýmsum og ýmislega löguð; fer jeg ekki út í það að þessu sinni, að telja upp galla frumvarpsins, sem mjer þykja vera á því, með því til þess þarf að taka grein fyrir grein. Jeg held jeg verði þó heldur að ráða til nefndar, í þeirri von, að hún gæti verið búin að gefa álit sitt, áður en þinginu er slitið, því að með því gæfist landsmönnum betri kostur á að ræða málið til næsta þings í blöðum og á fundum; en ef það er ekki hægt, þá vildi jeg helzt, að málið væri þegar fellt, svo það tefði ekki fyrir öðrum málum, sem von er um að útrædd verði.

Hjálmur Pjetursson: Jeg skal játa, að það var neyðarúrræði fyrir mjer, að stinga upp á nefnd; mjer þótti ókurteyst og eigi rjett af oss, að fella málið orðalaust, en þó menn taki að gjöra breytingaratkvæði við það, þá er það ætlun mín, að það bætti eigi frumvarpið svo sem með þarf. Af þessu áleit jeg þó betra, að nefnd væri sett, einkum ef hún gæti látið álit sitt í ljósi, áður en þingi er slitið, sem jeg tel sjálfsagt að hún gæti. Út í einstakar greinar ætla jeg ekki að fara, en jeg ímynda mjer, að þær sjeu fleiri en færri, sem þurfa breytingar við.

Halldór Kr. Friðriksson: Því neitar víst enginn, að mál þetta sje mikilsvarðandi, og þó frumvarp þetta sje eigi nema þáttur úr því, þá er það þó mikið stig til framfara, ef það kemst á; en jeg er samdóma 1. þingmanni Eyfirðinga um það, að mál þetta er svo áríðandi, að gjalda verði varhuga við, að fleygja frá sjer hinum gömlu lögum, nema auðsætt sje, að til verulegra bóta horfi; en það er ætlun mín, að til þess sje enginn tími, hvort sem nefnd er sett eða eigi, að bæta úr þeim göllum, sem á því kunna að vera. Eina ráðið til að koma málinu fram, er að taka það, eins og það liggur fyrir, en að kjósa nefnd, er að eins til þess að tefja nefndarmenn frá öðrum mikilsvarðandi málum, sem liggja fyrir og nauðsyn ber að koma fram á þessu þingi. Þeir, sem talað hafa, segja, að frumvarpinu sje mjög ábótavant, en þingmaður Mýramanna taldi það bót, ef nefndarálit fengist í málinu; en það er eptir að vita, hvort nefndin getur lokið því, og svo eigum vjer ekki víst, að deildin fallist á það nefndarálit, sem kynni að koma, því að henni gefst eigi tími til að ræða það, og hvað er þá unnið? Annaðhvort er að gjöra,

að fella málið þegar á þessu stigi, eða láta það ganga til 2. umræðu, og sjá, hverjar breytingartillögur koma við frumvarpið, og hvort þær ná samþykki deildarinnar, þá fyrst er nokkur leiðbeining fengin fyrir síðari þing, í hverju þessu frumvarpi þurfi að breyta, en hitt ætla jeg ekki til neins, nema tefja tímann, að kjósa nefnd, til að semja nefndarálit, sem deildinni gefst aldrei kostur á að ræða.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð líka að vera eindreginn á móti nefnd, því að þótt hún fái samið álit sitt, þá gefst þinginu enginn kostur á að ræða málið, og því verð jeg að álíta rjettara að fella málið frá 2. umræðu, ef deildinni annars þykir frumvarpið óhafandi, eins og það er; jeg fyrir mitt leyti sje ekki þá stórgalla, sem aðrir þykjast sjá; mjer sýnist mikil rjettarbót í frumvarpinu, og það er snertir hin gömlu lög, sem menn eru svo hræddir við að breyta, þá eru þau ekki öll 100 ára, sum þeirra eru víst miklu yngri og sumt að eins venjur. Jeg álít rjettara, að málið gangi til 2. umræðu, þá gefst deildinni kostur á að sjá breytingartillögurnar og þann vísdóm, sem þær hafa inni að halda. Jeg tek það upp aptur, að jeg álít mikla rjettarbót í frumvarpinu. Er í því meðal annars margt skýrt ákveðið, sem áður hefur verið óákveðið, og margar ákvarðanir rjettar og eðlilegar. Margir hinir helztu þingmenn í efri deildinni hafa unnið að þessu máli með mestu alúð í langan tíma, og furðar mig, ef hinir háttvirtu þingmenn, sem talað hafa móti frumvarpi þessu, geta bætt um það á stuttum tíma. Frumvarp þetta er að líkindum ekki án allra galla, heldur en önnur frumvörp, en þá má þá laga síðar.

Páll Pálsson prestur: Af umræðunum er svo að heyra, sem flestir sjeu á því, að ráða frumvarpið af dögum, en það sem menn greinir á um er, hvort heldur á að skera það niður nú þegar, kyrkja það í nefnd eða kæfa það með breytingaratkvæðum; jeg fyrir mitt leyti vil þá þegar láta til skarar skríða og bana því nú þegar. Reyndar sagði þingmaður Mýramanna, að sjer fyndist það ókurteysi, en við hvern er það ókurteysi? við frumvarpið sjálft eða aðra? Jeg get þó aldrei álitið það neitt sjerlega ókurteyst við feður þess. 2. þingmaður Gullbringusýslu kvaðst enga galla sjá á frumvarpiuu, á því furðar mig stórlega, hann hefur þó sjeð galla þar, sem þeir hafa verið minni, og það væri líka skárra frumvarpið, sem er í 43 greinum, ef í engri greininni væri nein rjettarbót.

Arnljótur Ólafsson: Það er líklega ekki til mikils að tala um þetta mál; það er eigi nema um tvennt að gjöra, annaðhvort samþykkja það óbreytt eða stytta því stundir. Allir þeir, sem talað hafa um málið, hafa sýnt, að lagafrumvarp þetta er eigi svo úr garði gjört, að gjörlegt sje að samþykkja það óbreytt. Mál þetta er líka svo yfirgripsmikið, að það er varla hugsandi, að efri deildin með öllu sínu ágæti hafi getað búið það svo út, að það sje fullgott. Frumvarp þetta er nákvæmara að sumu leyti, en hin gildandi lög; en það er enda haldverra. Sumar greinir þess hafa í byrjun eitthvert ákvæði, en þær snúast svo um sjálfa sig og verða að lyktum að engu eða því nær engu t. a. m. 8. gr. Síðari hluti þeirrar greinar aftekur í raun rjettri fyrra hlut hennar «öll nauðsynleg íbúðarhús» o. s. frv. Sumar greinir get jeg ekki fundið að sjeu byggðar á nokkrum rjettlætis grundvelli, svo sem til dæmis 18. og 19. gr., þar sem svo er ákveðið, að ef jörð verður fyrir einhverjum skemmdum af völdum náttúrunnar, og sem leiguliða verður eigi sök á gefin, þá á hann þó að gjöra að nokkru við þær skemmdir fyrir alls ekki neitt í sameiningu við landsdrottin. Jeg nefni þetta dæmi sem meginsetning, til að sýna enn ljósara, hversu það er varhugavert að láta frumvarpið óbreytt ná fram að ganga. Jeg nefni þetta

meginsetning í landbúnaðarlögunum, að leiguliðinn njóti sömu kosta og sama rjettar sem hver annar leigunautur. En nú, ef jeg tek á leigu einhvern tiltekinn hlut, svo sem hús, hest, bát, skip o. s. frv., þá er jeg eigi skyldur til að svara fyrir þær skemmdir, er jeg hefi eigi valdið með athæfi mínu eða vanhirðu. Hví skyldi jeg þá skyldur þess sem leiguliði á leigubóli? Hjer er rótað um rjettargrundvellinum, eða rjettara sagt hinn forni órjettur gegn leiguliðum er eigi leiðrjettur. Mjer liggur við að segja, að deildin gæti ekki svarað fyrir það, að samþykkja frumvarpið óbreytt, og er þá ekki um annað að gjöra en stytta því stundir. Það stendur rjett á sama, hvort menn fella það nú þegar, eða kæfa það í nefnd, þótt það kunni að þykja kurteysara, en hvort af tvennu deildin gjörir, þá er auðsætt að hún gjörir það ekki af öðru en tímaleysi.

Guðmundur Ólafsson: Væri jeg leiguliði og frumvarp þetta yrði að lögum, þá flýtti jeg mjer að segja lausu, því að jeg álít fiest allar greinar þess lítt hafandi. Frumvarpið er yfir höfuð svo ónákvæmt, óákveðið og allt á víðáttu, að það yrði mesti viðsjálsgripur ef ekki vandræðagripur, að samþykkja það svona, eins og það liggur nú fyrir. Þurfi nokkur lög að vera nákvæm og greinileg, þá eru það búnaðarlög. Samt held jeg, að það væri sómasamlegra fyrir deildina, að láta það daga upp í nefnd, heldur en að verða því strax að bana, með því að skera það fyrir borð, sem menn segja; verð jeg því að mæla með því að nefnd verði sett í málið, hún kynni þó að geta jafnað á því stærstu gúlana. Þetta gæti orðið til leiðbeiningar seinna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg tek undir með þeim, sem ekki geta fellt sig við frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir, en samt virðist mjer það nokkuð hart, að skera það þegar hjer við borðið; efri deildin hefur að mínu áliti byrjað heppilega í frumvarpi þessu, en endað óheppilega, því að mjer finnst detta úr því botninn, þar sem sízt skyldi, samt sem áður er jeg ekki á því að fella það strax, heldur láta það ganga til 2. umræðu, því að það sjá allir, að betra er að sjá, hverjar breytingartillögur koma við það, þá geta menn eins fellt það, ef mönnum virðist ekki það fá þá bót, sem það þarf, og það er í öllu falli kurteysara við annað eins stórmál og þetta er, enda þó menn sjái, að það ekki geti klárazt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg verð einnig að styðja að því, að mál þetta fái að ganga til 2. umræðu; þá geta menn komið með breytingaratkvæði við frumvarpið, og þó það aldrei verði útkljáð á þessu þingi, þá er það þó leiðbeining fyrir seinni tímann, að málið sje nú nokkuð rætt; álit efri deildarinnar um málið sjest nú, og sýnist mjer vel til fallið, að skoðun neðri deildarinnar komi einnig fram. Að setja nefnd í málið, álít jeg óþarft, þegar tíminn er orðinn svo stuttur, sem þingið er saman; en vil að eins styðja, að málið gangi til 2. umræðu.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 17 atkvæðum, en fellt að setja nefnd í það með 14 atkvæðum.

Á 55. fundi neðri deildar, 22. ágúst, átti frumvarpið að koma til 2. umræðu, en eptir ósk nokkurra þingmanna var því frestað, til þess að komið yrði að því breytingaratkvæðum, og kom það ekki framar til umræðu.

Breytingartillögur I 539—543.

LI. LANDAMERKJALÖG.

Lagafrumvarp um landamerkjanefndir og gjörðardóma í landaþrætumálum. Frá Þor-

láki Guðmundssyni, Guðmundi Ólafssyni, Einari Ásmundssyni og Hjálmi Pjeturssyni. Sjá I 24—28.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 6. fundi, 8. júlí.

Þorlákur Guðmundsson: Mál þetta er þingmönnum kunnugt, og þarf jeg því ekki að vera langorður um það. Það mun öllum ljóst, að landamerki hjer á landi eru víðast hvar næsta óglögg og óákveðin, og þarf jeg víst ekki að leiða nein rök að því, að þetta bæði getur og gjörir, að vekja úlfúð og grannaþras. Þetta mál er verulegt og alvarlegt rjettarspursmál, því kæmust gjörðardómar á hjá oss, væri það veruleg breyting og að minni skoðun til batnaðar, og líka hins mesta peningasparnaðar, því betri mundi magur gjörðardómur, en feitur prósess, og kynni þetta mál að leiða til þess, að gjörðardómar væru innleiddir í fleirum málum, þá áliti jeg vel fara. — Fyr á dögum þótti það gott meðal vor, að hafa gjörðardóma; því skyldu þeir ekki geta verið eins þarflegir nú og þá? Það kæmi og undarlega fyrir, ef að hið 3. löggjafarþing vort hafnaði gjörðardómum, þar sem vorir beztu menn á ráðgjafarþingi 1861 hjeldu því sterklega fram, að þeir yrðu hjer inn leiddir, og þar á meðal 3 lagamenn.

Páll Pálsson bóndi: Jeg vil því fremur styðja þetta mál, sem líkt hefur komið fram á fundi hjá oss Húnvetningum. Jeg vil því leggja það til, að nefnd verði kosin í mál þetta, því fremur, sem mjer virðist það næsta áríðandi og þurfa nákvæmrar rannsóknar við, því það er hverju orði sannara, að landamerki víðast hvar eru næsta óglögg.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil mæla fram með nefnd í máli þessu, þó það máske ætti helzt að koma til landbúnaðarnefndarinnar, sem á síðan mun verða sett hjer í deildinni. Allir vita, hve landamerki eru óviss hjer á landi. Jeg ætla það vafa bundið, hvort nokkur gæti sagt, að þær jarðir sjeu fleiri á landinu, sem hafa viss landamerki, en hinar, sem óviss hafa. En þegar menn nú gæta að því, að eignarrjetturinn yfir fasteignum er að sama skapi óviss, sem landamerki þeirra, þá sjest fyrst, hve mál þetta er umvarðandi, og hve óeðlilegt það er, að sleppa því út úr landbúnaðarlögunum, þó það sje gjört í öllum þeim 3 frumvörpum, sem jeg hef sjeð. Forfeður vorir námu líka land með vissum ummerkjum, og seldu jafnan land með vissum ummerkjum, en máldagarnir og landamerkjabrjefin eru glötuð, eins og annað gamalt og gott. Eigi menn nú að fara að bæta úr þessu, já, þá er að leita rjettar síns í því efni, þá er vegurinn gegnum dómstólana. En hann er því miður bæði dýr og óviss. Það væri góðu fyrir goldið, mætti eigi fleirum en mjer detta í hug orð mannsins forðum. Ljónið bauð honum til sín, en hann sagði: »Jeg þori eigi að nálgast þig ljón, því öll sporin liggja til en ekkert frá þjer«! — Frumvarpið finnst mjer nú stinga upp á heppilegra úrræði, og því vil jeg vera því meðmæltur, þó þannig, að eigendum sje eigi afskorinn vegur sá, að leita hinna almennu dómstóla með vissum takmörkunum.

Einar Ásmundsson: Jeg verð að vera á sama máli og þingmaðurinn, er síðast talaði, að mjer finnst mál þetta standa í nánu sambandi við landbúnaðarlögin, en þar fyrir vil jeg ekki láta það bíða eptir þeim, því jeg skil ekki, að þetta frumvarp geti komið í neinn bága við landbúnaðarlögin, og þótt svo væri, yrði hægra að víkja þeim atriðum við í landbúnaðarlögunum, sem að landamerkjamálinu lúta, því í landbúnaðarlagafrumvarpi stjórnarinnar eru landamerki að eins nefnd t. a, m. í 3. gr., að hver jörð eigi land innan ákveðinna ummerkja, en ekkert talað um, svo jeg muni, hverja aðferð eigi að hafa til þess, að fá þau ákveðin, þar sem þau eru óljós, en þetta

er einka-tilgangur þess frumvarps, sem nú liggur fyrir til umræðu.

Benedikt Sveinsson: Meining mín var ekki sú, að málið þyrfti nauðsynlega að bíða eptir landbúnaðarmálinu í heild sinni, sem liggur fyrir efri deildinni, heldur hitt, að það væri nefnd þeirri, sem kosin verður í þetta mál, í sjálfsvald sett, að koma því inn í landbúnaðarlaga-bálkinn, af því það eptir eðli sínu á þar heima.

Guðmundur Ólafsson: Mjer virðist, að mál þetta ekki eigi að setjast í samband við landbúnaðarlögin, því hver veit, hvort og hve nær þau verða útkljáð? mál þetta virðist mjer mikils umvarðandi. Vjer viljum allir vita, hvað vjer eigum, og er það talið rjett og náttúrlegt. En hvað jarðeignirnar snertir, þá er máske engin eign óákveðnari hjá oss en þær. Þetta er ógott ástand og hættulegt ástand. Landamerkjamálið er því lífsnauðsynjamál fyrir oss, og verður það allt af meira og meira, eptir því sem framfarir vorar aukast, og jörðin verður oss dýrmætari. Annað mál er það, hvort frumvarp það, er hjer liggur fyrir, er svo úr garði gjört, að það finni náð í augum hinnar háttvirtu deildar, eða geti svarað hinum mikilvæga tilgangi; en það er líka hingað komið til að fá búningsbót. Er það ósk mín, að það gangi til 2. umræðu, og að nefnd verði í það sett.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg mæli með því, að mál þetta gangi til 2. umræðu.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði, og með 17 atkvæðum samþykkt 5 manna nefnd.

Fyrir kosningu urðu:

Þorlákur Guðmundsson	með 15	atkv.
Benedikt Sveinsson	— 14	—
Guðmundur Ólafsson	— 12	—
Stefán Stephensen	— 11	—
Þorsteinn Jónsson	— 8	—

Þórður Þórðarson hafði og 8 atkvæði, en þar rjeði hlutkesti, að Þorsteinn Jónsson varð nefndarmaður.

Önnur umræða í neðri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Nefndarálit I 196—198.

Forseti: Hjer stendur eins á, og áður fyrri hefur komið fyrir á þinginu, að nefndin kemur með nýtt frumvarp í staðinn fyrir það frumvarp, sem henni var fengið til meðferðar, og er auðsætt, að þau verða eigi tekin bæði fyrir í einu til meðferðar. Jeg sje því ekki annað ráð betra, en að flutningsmenn fyrra frumvarpsins taki það aptur, svo að einungis nefndarfrumvarpið komi til umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er einn af þeim seinni, er undir frumvarpinu standa, eins og það liggur hjer fyrir til umræðu, og jeg sakna margs úr fyrra frumvarpinu, sem ekki komst inn hjá nefndinni, en jeg verð að játa, að jeg varð að gefa skilninginn fanginn undir trúarinnar hlýðni, og skarpleika og lagavizku hins háttvirta 1. þingmanns Árnessýslu, og jeg fyrir mitt leyti er ekki einráður um, að taka frumvarpið aptur; en jeg skal skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, sem með mjer hafa flutt frumvarpið, hvaða meining þeir hafi um það; jeg óska helzt, að þeir ekki taki frumvarpið aptur.

Einar Ásmundsson: Þetta frumvarp kom hjer á þing í hitt eð fyrra, og nú er það komið öldungis óbreytt aptur, af því að það varð þá eigi útrætt. Jeg veit, að úr ýmsum áttum hafa komið óskir um, að lög væru sett um þetta efni, og þar á meðal frá fundi í Eyjafirði, er jeg átti með kjósendum mínum; fólu þeir mjer að flytja þetta mál á þinginu. Þessar óskir eru sprottnar af verulegri þörf, með því landamerki milli jarða eru víða hvar óljós og ágreiningur um þau. Þetta er því miður mikið fyrir hirðuleysi þeirra, sem jarðir eiga. Ef þeir töluðu sig saman um landamerki milli jarða sinna, gætu þeir eflaust opt og einatt komið sjer saman og að miklu leyti ráðið bót á vandkvæðum þessum. Nú óska menn fyrst og fremst, að þessi óvissa og ágreiningur

sje upp hafinn, að svo miklu leyti sem mögulegt er, án rjettargangs og málaferla á fyrirhafnarlítinn og friðsaman hátt, og í annan stað, að rjettargangsmátinn í landaþrætumálum verði gjörður svo kostnaðarlítill og óbrotinn, sem kostur er á. Nefndin, sem hafði þetta mál til meðferðar á þinginu í hitt eð fyrra, vildi reyna til að semja lögin svo, að þau uppfylltu sem bezt báðar þessar óskir, og því skipti hún frumvarpinu í tvo kafla, 1. um skrásetning landamerkja og skyldur manna til að setja glögg merki og við halda þeim jarða í milli, þar sem menn geta orðið ásáttir, og 2. um það, hvernig útkljá skyldi ágreining um landamerki með dómi á kostnaðarlítinn hátt.

Hin heiðraða nefnd, sem nú hefur haft málið til meðferðar hefur sleppt fyrri kaflanum, og álitið hann óþarfan, en jeg get ekki verið á þeirri skoðun, og vil því ekki að mínum hluta taka frumvarpið aptur, heldur óska, að umræðunum um það sje fram haldið. Aptur get jeg að mörgu leyti fellt mig vel við breytingar nefndarinnar við síðari kaflann, sem jeg verð að skoða sem eitt stórt breytingaratkvæði.

Forseti: Þingmaðurinn hefur rjett fyrir sjer, og jeg sje ekki heldur neitt á móti því, að þetta fyrra frumvarp gangi sinn lögákveðinn gang í gegnum þingið, úr því flutningsmaðurinn vill hafa það svo. En jeg sje engan veg til, að hnýta nefndarfrumvarpinu þar aptan við, eða tengja það við aðalfrumvarpið sem breytingartillögur, enda hefur nefndin enga bending gefið um, hvernig eigi að fara að því, og jeg hef heldur eigi búið mig undir það. Ef nefndarfrumvarp þetta á því að komast fram, sje jeg eigi annað ráð til þess en það, að nefndin taki við báðum frumvörpunum aptur, og reyni að sameina þau með breytingaratkvæðum til 3. umræðu.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal geta þess, að mig furðaði stórlega á því, er 2. þingmaður Árnessýslu lýsti því yfir, að hann hefði dansað nauðugur í nefndinni, er hann var með í því að fella burtu fyrri kafla frumvarps þess, er nefndinni var fengið til álita. Jeg vissi ekki betur, en öll nefndin væri samhuga í þessu. Mjer virðist enn eins og áður þessi nefndagrúi of umfangsmikill; að neyða jarðeigendur á sama hátt, sem frumvarpið fer fram á, til svo vafningsmikilla starfa, sje jeg ekki, hvernig fær samrýmzt við grundvallareðli eignarrjettarins. Svo verð jeg að efast um, að það sje unnt að framkvæma þennan fyrri kafla; mjer finnst, að slíkar ákvarðanir ættu að ganga út frá landsstjórninni og gjörast fyrir reikning landssjóðsins. Að mínu áliti er í frumvarpi nefndarinnar allt það gjört, sem eðlilega verður gjört fyrir hvern einstakan landeiganda; þeim er sem sje með því gefinn kostur á að útkljá landaþræturnar á fljótan og kostnaðarlítinn hátt.

Forseti: Jeg skal benda þingmanninum á það, að hann er ekki framsögumaður; vildi jeg óska, að einhver hinna fjögurra, sem undir frumvarpinu standa, væri framsögumaður þess.

Einar Ásmundsson: Jeg sækist ekki eptir að vera framsögumaður; það er víst viðtekin regla hjer á þinginu, að þegar fleiri en einn eru flytjendur einhvers máls, þá er sá, sem fyrst hefur undirskrifað, álitinn framsögumaður, nema annar sje tilgreindur, og álít jeg því, að 2. þingmaður Árnessýslu sje framsögumaður þessa frumvarps. Það er kemur til ástæðna þeirra, sem nefndin færir fyrir því, að sleppa fyrri kaflanum, að henni virtist málið verða of umfangsmikið og leggja ríkari bönd á einstaka landeigendur, en góðu hófi gegnir, þá verð jeg að játa, að jeg skil ekki, hvað hún hugsar með þessu orði: «umfangsmikið»; mjer virðist það ekki neitt ákaflega umfangsmikið að skrifa upp landamerki í hverri sveit, og engu síður nauðsynlegt að skrásetja þau, þó skýr sjeu nú, því þótt þau sjeu það, geta þau orðið óljós með tímanum og valdið ágreiningi, ef þau eru ekki skrásett í tíma. Þar sem nefndin kallar það að leggja of rík bönd á landeigendur, að gjöra þeim að skyldu, að hafa glögg landamerki sín í milli, þá get jeg

ekki skilið, að svo sje. Jeg þykist ekki vera gefinn fyrir að leggja á menn fleiri eða ríkari bönd, en þörf er á, en það band held jeg þó að nauðsynlegt sje, að hver og einn viti, hvað hann á eða ekki á. Jeg sje ekki, að reglu verði viðhaldið í mannfjelaginu án þess. Á hinn bóginn skal jeg játa, að mjer líkar eigi fyrri kafli frumvarpsins, og höfum vjer hugsað oss að gjöra málið einfaldara, því að því verður eigi neitað, að það er, ef til vill, gjört flóknara en þörf er á.

Þorlákur Guðmundsson: Hjer liggur ekki fyrir að ræða um nefndarálitið, heldur um frumvarpið sjálft. Jeg komst að þeirri niðurstöðu, að fyrri kaflinn sje umfangsmikill, og það gjörði, að jeg ekki hjelt því fast fram í nefndinni; en jeg held, að draga mætti hann saman; í honum eru nauðsynlegar ákvarðanir; jeg get ekki sjeð, að það sjeu of rík bönd, að eigendur sjeu skyldaðir til að vita, hvað þeir eiga, það er ekki meira en að skipa þeim að merkja fje sitt; það er þó lögskipað frá ómunatíð. Það verður að gjöra eigendum að skyldu, að halda uppi mörkunum á landeignum sínum, því að það er nauðsynlegt og tryggir eignarrjett þeirra, og að allt sje innfært í löggilta landamerkjabók, og það er jeg viss um að gengi með góðu víða, þegar menn sæju nytsemi þess. Ætlan mín er, að það væri gott, ef frumvarp þetta kæmist gegn um deildina til 3. umræðu, þá gætum vjer, sem í nefndinni erum, komið oss saman við þá höfunda þessa frumvarps, sem ekki eru í nefndinni með það, hvað haganlegast væri í þessu efni, og vona jeg þá, að gagnið úr fyrri kaflanum rísi af rústum sínum.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg legg það til, að þessari umræðu sje frestað, því að ef málið gengur til 3. umræðu með þeim búningi, sem það nú hefur, þá lítur út fyrir, að svo miklar breytingar verði gjörðar við það, að of lítill tími verði við eina umræðu til að ræða það nákvæmlega, og greiða rjett atkvæði um það.

Forseti: Í tilefni af umræðum þeim, sem orðið hafa um frumvörpin, vil jeg aptur benda á, hvort ekki muni ráðlegast að nefndin taki aptur við frumvörpunum og taki 2 menn samkvæmt 9. grein þingskapanna sjer til aðstoðar, til að sameina þau og lagfæra.

Benedikt Sveinsson: Jeg er þakklátur fyrir það, að fá 2 menn, nefndinni til aðstoðar, svo að málið mætti verða sem vandlegast íhugað, og kýs jeg báða þingmenn Eyfirðinga.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var umræðunni frestað með 20 atkvæðum, og samþykkt uppástungan um að bæta í nefndina í málinu þingmönnum Eyfirðinga.

Framhald annarar umræðu í neðri deild, á 30. fundi, 5. ágúst.

Breytingartillögur I 197. 244. 251. 254.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg þarf líklega ekki að fara mörgum orðum um frumvarp þetta, það er komið í svo mörgum myndum, og mörgum sinnum inn í deildina, að þingmenn þekkja það víst orðið út í æsar, enda ætla jeg og, að frumvarpið sje nú loksins orðið glöggt og greinilega samið. Eins og auðveldlega má sjá, skiptist frumvarpið í 2 aðalkafla; fyrri kaflinn frá 1.—4. gr., sem 5. gr. bindur sig við sem hegningarákvörðun, inniheldur almennar ákvarðanir um það, að gjöra það að skyldu allra landeiganda, að setja glögg landamerki milli jarða sinna, til þess að ekki einungis eignarrjetturinn verði áreiðanlegur, heldur einnig notkunarrjetturinn. Hefur þessi óvissa um landamerkin hingað til valdið óþolandi ágreiningi og rjettaróvissu, enda bera skýrslur þær frá umboðsmönnum, hreppsnefndum og sýslunefndum, sem fylgja málinu um byggingu þjóðjarðanna, þess ljósastan vottinn, hve mjög og almennt menn finna til landamerkjaóvissunnar, einnig hvað jarðir landssjóðsins snertir. Í 5. grein er, sem sagt, gefin almenn regla um, hverri hegningu það varðar, ef 1.—4. gr. er eigi hlýtt. Hinn kaflinn, 7.—14. gr., inniheldur aptur reglur um það,

hvernig einstakir eigendur eða ábúendur skuli leita rjettar síns, og fá enda allrar þrætu, þegar þeir annaðhvort ekki geta eða vilja komið sjer samað um landamerkin. Því verður eigi neitað, að í þessum kafla sjeu nokkur nýmæli, en þó svo lítil, sem unnt virtist. Þessi nýmæli eru einkanlega fólgin í því, að landaþrætunni skal lokið með «gjörðardómi», þó þannig, að hlutaðeigendum gefst tækifæri til að koma með öll gögn og upplýsingar máli sínu til stuðnings, eins og undir almennum málarekstri, og samkvæmt þessu er sýslumaður oddviti dómsins; gjörðardómur sá, sem frumvarpið ráðgjörir, er því eigi annað í raun rjettri en dómur með meðdómsmönnum, og hefur þannig stoð sína og líkingu í gildandi rjettarfari, og hin sjerstaklegu afbrigði við hann eru sjer í lagi fólgin í því, að hann sem optast verður fullnaðardómur, sem eigi verður hrundið. Nefndin gekk út frá því sjónarmiði, að gjörðardómurinn skyldi vera fullnaðardómur í öllum þeim atriðum, sem heyrðu undir «facta» málsins, eða að hann, hvað málsins factisku hlið snerti, skyldi vera fyrstu og seinustu úrslit málsins. Gagnvart lögunum sjálfum, þá er svo ákveðið í frumvarpinu, að í öllum þeim tilfellum, sem nokkur vafi leikur á, þá skuli og gjörðardómurinn standa óhaggaður, en sje hann augljóslega rangur, eða hrindi augljósum lagabókstaf, þá sje rjett að hrinda honum ógildingardómi með yfirdómi. Þetta er nú í stuttu máli aðalmergur málsins.

Þá eru ýmsar breytingartillögur, sem komið hafa við frumvarp þetta frá þingmanni Dalamanna; 1. tölul. breytingartillögu hans við 2. gr. sýnist mjer vera óþarfur; hugsunin, sem liggur í þessari tillögu, felst í orðunum rjett á undan. Hvað viðvíkur 2. tölul. við sömu gr., að orðin: «eða hlaða merkjagarð» falli burt, þá hef jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti honum; það getur vel staðið svo á, að það sje of þung skylda á landeigendur að hlaða merkigarð. Viðaukanum við 3. gr. hef jeg heldur ekkert á móti; hann er til skýringar. Jeg held líka, að það hafi vakað fyrir nefndinni, að eigi væri sanngjarnt, að sú umfangsmikla skylda og ábyrgð, sem ræðir um í frumvarpinu, væri strax lögð mönnum á herðar, og að því væri ástæða til að til taka nokkurn frest. Sama er að segja um 5. tölul. breytingartillögunnar; jeg er hræddur um, að ef þetta yrði almenn regla þegar í stað, þá yrði lögunum eigi hlýtt, en mjer þykir reyndar fresturinn nokkuð langur. 6. tölul. er að eins til skýringar, og sömuleiðis 7. tölul. Þá er 8. tölul.; með þessari breytingu get jeg ekki verið, það er ærið óvanalegt, að sektir sjeu borgaðar til annars en til sveitarsjóðs, sýslusjóðs eða landssjóðs. Viðvíkjandi orðunum: «Nú er gjörðardómur dæmdur ómerkur», þá meinar víst uppástungumaður formhlið málsins; jeg þykist vita, að hann vilji eigi láta hrinda gjörðardómnum, nema gallar sjeu á forminu, og fer þetta að vísu skemmra, en ákvörðun frumvarpsins, sem einnig yfirgrípur aðalefni (Realitet) málsins. Yfir höfuð er jeg eigi mjög mótfallinn breytingartillögum þingmanns Dalamanna, en um breytingartillögur 2. þingmanns Húnvetninga get jeg ekki sagt hið sama, þó jeg sjái, að hann hefur viljað bæta málið, og eigi eyða því. En mjer virðist úrræði hans mjög óheppileg. Færi maður eptir 1. tölul., yrði málið meðal annars ærið umfangsmikið, í staðinn fyrir að nefndin vildi hafa lögin sem allra einföldust og óbrotnust. Sama er að segja um 2. tölul.; jeg get fallizt á, að hann sje eins vel til fallinn og ákvarðanir nefndarinnar. Í 3. tölul. er auðsjeð, að hann gengur út frá annari grundvallarskoðun en nefndarfrumvarpið; hann miðar áfrýjun dómsins við það, hve þrætulandið er mikils virði; en mjer virðist, þó að þetta sjónarmið væri tekið, að upphæð sú, er hann til tekur, sje of há; 200 kr. samsvara sem sje 2 fasteignarhundruðum, og það yrði mjög sjaldan, að þrætulandið yrði svo mikils virði. En þetta er ekki aðalatriðið, því þessi breyting felur í sjer aðra grundvallarbreyting á frumvarpinu; því að samkvæmt henni á gjörðardómurinn, hvað augljóslega rangur sem hann er, að vera óhagganlegur, þegar hann ræðir um minna en

200 kr. virði; en á hinn bóginn, þó hann sje augljóslega rjettur, aldrei fullnaðardómur, ef um þessa upphæð, eða aðra stærri er að ræða; en það er einmitt hið lagalega gildi dómsins, sem nefndin leggur til grundvallar, hvort sem um stórt þrætuland eða lítið er að ræða. Á 4. tölul. legg jeg ekki mikla áherzlu, en jeg álít þó miklu rjettara, að hvor borgi sínum gjörðarmönnum. Jeg ætla að svo stöddu ekki að tala fleira um þetta frumvarp, jeg vona að deildin hlynni að því og leiðrjetti þá galla, sem kunna enn að vera á því; jeg get staðhæft það, að nefndin hefur lagt sig í líma að leysa þetta vandaverk svo vel af hendi, sem henni var auðið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skyldi halda, að frumvarp þetta þætti eigi óþarft. Jeg held, að það sje hin mesta nauðsyn, að fá ljós lög um þetta efni, því að jeg þekki dæmi til þess, að það er mjög erfitt að fá glögg landamerki, og ná því sanna. Jeg þekki einn prest, og er honum töluvert kunnugur, það er presturinn í Görðum, hann höfðaði mál á móti stórkaupmanni einum í Kaupmannahöfn út úr landaþrætu, gekk málið til hæstarjettar og erlendis fjekk prestur hinn bezta málfærslumann, en sú varð niðurstaðan, að eptir 8 ár var málið alveg eins óútkljáð. Dómur hæstarjettar var svo snilldarlega saminn, að hann leiddi jafnvel útvalda í villu, því að ekki einungis hlutaðeigandi kaupmaður heldur og málafærslumaður landsyfirrjettarins hjelt, að málið væri útkljáð. Málið fer eigi fram á annað, en að fá glögg merki á kirkjueign einni. Þetta dæmi hygg jeg að sje næg ástæða til þess, að þessu frumvarpi sje vel tekið. Þessa breyting, að við hafa gjörðardóma, álít jeg heppilega, og jeg treysti þeim dómum betur, sem kveðnir eru upp á landamærum sjálfum í ljósi þessarar sólar, heldur en þeim, sem upp eru kveðnir í einhverjum afkima og í einhverju lagalegu ljósi. Jeg vildi minnast á einstöku atriði í frumvarpinu. Í 4. gr. stendur: «Þá er landeigandi hefur fengið alla, er lönd eiga til móts við hann, til að rita samþykki sitt á merkjalýsing hans, skal hann þinglýsa henni á manntalsþingi, þar sem jörð hans er í þingsókn». Nú vil jeg spyrja, hvernig á að fara að, ef þeir vilja eigi allir rita samþykki sitt á merkjalýsinguna? (*Framsögumaður*: Það stendur í 7. gr.). En þá vil jeg benda nefndinni á, hvort þessar þinglýsingar munu ekki geta orðið ærið langar, ef lýsa á ummerkjum allra jarða, mundi ekki nóg að rita lýsinguna í gjörðabók? 5. gr. þykir mjer nokkuð hörð, og með þessu frumvarpi er lögð töluverð byrði á umsjónarmennina, svo sem prestana, og jeg vil segja, að það geti kostað þá fleiri tugi króna. Við byrjun 7. gr. kann jeg ekki; jeg held, að hún sje ekki fullkomlega ljós, og sje vottur um það, að frumvarpið hafi einu sinni verið tvö frumvörp; getur verið að það sje misskilningur, en hótfindni er það ekki. Í 11. gr. er gjört ráð fyrir, að gjörðarmaður mæti eigi, og það er rjett, en þá fellur burt að ryðja dóminn og ekki er óhugsandi, að fleiri gjörðarmenn mæti ekki, og má þá, að mjer skilst, oddviti taka menn í þeirra stað, en þá er samsetning gjörðardómsins breytt með öllu.

Páll Pálsson bóndi: Framsögumaður var eigi mjög mótfallinn breytingartillögum mínum, enda þótt hann gæti eigi að öllu leyti fellt sig við þær, og jeg játa, að þær ganga í dálítið aðra stefnu, en nefndin hefur farið. Jeg álít, að samkvæmt þeirri rjettarbreyting, að útkljá málið með gjörðardómi, í stað þess að láta það ganga lagaveginn, þá þurfi trygging fyrir því, að þessi dómur verði svo vel skipaður sem auðið er, og sú trygging hygg jeg að sje í breytingartillögum mínum. Eptir hugmynd nefndarinnar virðist engin trygging fyrir því, að gjörðardómur verði vel saman settur, það er að segja, ef að málspartarnir sjálfir kjósa gjörðarmennina, má búast við, að þeir verði eigi annað en málafærslumenn frammi fyrir sýslumanninum, og sýslumaðurinn yrði þá einn dómari; með þessu álít jeg stigið einu feti aptur á bak; því eins og nú er, nefnir þó sýslumaðurinn sjálfur meðdómsmenn í landa-

þrætumálum, og lætur hann þá ætíð vera málsprófunum óháða og optast svo valinkunna og skynsama menn, sem honum er hægt; en með því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, verða gjörðardómsmennirnir meir og minna háðir málspörtunum. Þetta vil jeg koma í veg fyrir með því að viðhafa almennar kosningar. Ef kosið er af hreppsnefndunum, þá er meiri trygging fyrir því, að kosnir sjeu hinir beztu menn, sem völ er á í hverri sýslu; sú mesta trygging fyrir því, að dómurinn sje vel skipaður, er auðvitað sú, að mennirnir sjeu þeir beztu og óhlutdrægustu, sem völ er á. Breyting mín við 7. grein stendur og fellur með 1. tölul. Þá kemur 12. gr.; þar hefur nefndin stungið upp á því, að gjörðardómur sje hinn seinasti dómur, þó með þeirri undantekningu, að sje gjörðardómur augljóslega rangur, þá megi skjóta honum til yfirdóms. Þessi ákvörðun þykir mjer viðsjál. Hvernig á að sanna, að gjörðardómur sje eigi rjettur? Það verður eigi gjört nema með öðrum dómi, og ef það sannast, þá eiga gjörðarmenn, er dóminn dæmdu, að gjalda allan kostnað. Þetta álít jeg mjög óheppilegt, Hvað ætli sýslumenn segðu, ef þeir ættu að borga öll þau mál, sem dómar þeirra standa ekki í? Þeir ljetu það víst vera, og mig undrar, að hinn heiðraði 1. þingmaður Árnesinga skuli hafa komið með slíka ákvörðun inn í frumvarpið. Auk þess þykir mjer það nokkuð viðsjált að hepta menn frá, að leita rjettar síns á á annan hátt, ekki sízt, þegar um talsverðan eignarrjett er að ræða; þess vegna hef jeg komið með þá breyting, að ef þrætulandið væri 200 kr. virði, þá væri leyfilegt að skjóta þeim dómi til yfirrjettar, ef mótpartarnir vildu. Það getur verið, að upphæð þessi sje ekki rjett sett hjá mjer, en því má breyta, þó jeg reyndar sjái eigi, að hún sje ofhá, því ef málið fer til yfirdómsins, mun kostnaðurinn optast verða svo mikill, sem nemur 200 kr., og þess vegna virtist mjer ekki vera vert að leyfa þeim, að skjóta máli sínu til yfirrjettar, þar sem þrætulandið væri minna virði, en kostnaðinum næmi við málskotið. Jeg álít þetta mikið nauðsynja mál, og vanda við það að eiga, og má því eigi hrapa að því, en sjer í lagi legg jeg áherzlu á það, að gjörðardómurinn sje vel og skynsamlega saman settur, því að það er mjög áríðandi.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef að eins fáar athugasemdir að gjöra við frumvarp þetta. Jeg vildi leiða athygli að einu orði í 1. og 3. grein. Í 1. gr. stendur. «Umsjónarmenn þeirra jarða, sem eigi eru einstakra manna eign, hafa og sömu skyldna að gæta að því, er til slíkra jarða kemur». En í 3. grein stendur. »Eigandi og umráðamaður hverrar jarðar» o. s. frv. Jeg get ímyndað mjer, að þetta orð »umsjónarmaður» geti valdið misskilningi, ef það á að vera sama sem »umráðamaður» í 3. grein, þá væri rjettara að hafa sama orðið á báðum stöðum. Jeg kynni annars betur við, að lögin byrjuðu á 3. gr. en 1. gr. væri 3. gr. Þá byrjuðu þau á að skylda mann til að skrásetja landamerki, og síðan gefa reglur um, hvernig fara ætti, þegar landamerki eru eigi glögg, og svo að halda þeim við. Í upphafi 7. gr. finnst mjer eitthvað vanta, þar stendur, «Ef tveir menn búa á jörðum þeim, er land eiga saman» o. s. frv., en ætti að vera að jeg hygg, ef tveir menn eða fleiri, o. s. frv., því það getur hugsazt, að fleiri en tveir búi á jörðunum. Um mismuninn á breytingum 2. þingmanns Húnvetninga og frumvarpinu má margt segja; jeg hallast fremur að skoðun nefndarinnar. Jeg er ekki viss um, að allar hreppsnefndir geti komið sjer saman um 8 menn, nje menn hitt ávallt á beztu mennina; auk þess er þessi aðferð kostnaðarsamari, því ef landaþrætan er á útjöðrum sýslunnar þurfa gjörðarmenn að ferðast svo langan veg.

Guðmundur Einarsson: 1. tölul. breytingartillögu minnar við 2. gr. setti jeg af því, að jeg vildi spara að þurfa að hlaða þar merki, sem glögg örnefni voru, en orðin «að hlaða merkjagarð», vildi jeg fella burt,

af því að jeg vil ekki láta neyða annan mann til að hlaða á móti hinum; úr því gæti orðið hinn mesti ójöfnuður. Viðaukann við 2. gr. setti jeg af því, að mjer virtist eigi sanngjarnt, að sá sje sektaður, sem vinna vill að merkjasetningu, vilji hinn ekki vinna; því að það getur komið fyrir. Eins getur það komið fyrir, að annar vilji ekki skrifa undir merkjalýsing af þráa eða óánægju; þá er rjett, að hann sje, en ekki hinn, skyldaður til að krefjast gjörðardóms innan árs og dags. Mjer þótti tíminn eitt ár langt um of stuttur, og hinn stytzti tími er að minni skoðun 3 hin næstu ár; þess vegna gjörði jeg þessa breyting við 5. gr. 8. tölul. byggði jeg á því, að mjer þykir óhæfilegt, að láta allan kostnað lenda á gjörðarmönnum, ef dóminum yrði hrundið. Gjörðarmenn eru lögskyldir til að sitja í dóminum, ekki eru þeir löglærðir; sýslumaður getur opt verið ungur og óreyndur, og það sjá allir, að það er mjög ósanngjarnt, að láta þá sæta öllum sektunum, og þykist jeg vel geta varið þessa breyting að því leyti, að hún er sanngjarnari en grein frumvarpsins, en allt um það tek jeg þennan tölul. aptur, því jeg ætla mjer að hallast að breytingu 2. þingmanns Húnvetninga; mjer þykir reyndar upphæðin 200 kr. of há hjá honum, en í aðalefninu er jeg honum samdóma, og þar sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að aðferð hans væri kostnaðarsamari, þá er það eigi í raun og veru. Aptur á móti er jeg ekki á máli 2. þingmanns Húnvetninga um gjörðarmanna kosninguna, og halla mjer þar að uppástungu nefndarinnar, því eptir henni getur maður kosið sjer gjörðarmenn þar sem maður vill. Uppástunga nefndarinnar, að fleygja öllum kostnaðinum á gjörðarmenn, er óhafandi.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg þarf ekki að tala mikið um breytingartillögur þingmanns Dalamanna; jeg skal taka það fram um 2. gr., að það var ekki meining nefndarinnar, að gjöra það beinlínis að skyldu, að hlaða merkjagarð, heldur að viðhalda gamalli venju, mjer finnst því, að sú breytingartillaga hans, að fella þau orð burtu, sje eigi heppileg. Það er rjett að halda þeirri gömlu og góðu hugsun, að hlaða merkjagarð, þar sem menn geta eða vilja það, annað er ekki gjört að beinlínis skyldu, og hjer getur komizt að það 5 búa mat, sem nefndin hefur sett í frumvarpið. Við breytingartillögur 2. þingmanns Húnvetninga get jeg ekki fellt mig. Jeg get ekki sjeð, að betra sje að setja fasta gjörðardóma, og það er engin trygging fyrir því, að beztu mennirnir sitji í þeim; kosningarnar eru þá eins komnar undir teningskasti. Hver hreppur á að kjósa 8 menn, eins sá, sem hefur ekki nema 15 búendur, eins og sá, sem hefur 100, þetta þykir mjer lítil sanngirni, og engin rjettartrygging, betri en sú, er nefndin hefur sett. Eina ákvörðun vantar líka algjörlega hjá þingmanninum; 2 af þeim mönnum, sem eru í gjörðardómi, geta átt jörðina, eða verið venzlaðir eiganda, þá verða ekki eptir nema 6, og er þá gjörðardómur ekki lögskipaður. Það getur líka opt staðið svo á, að menn utan sýslu sjeu betur tilfallnir, eða þekki betur til; svo gætu líka fastir gjörðardómar orðið kostbærir fyrir hlutaðeigendur, því optast mundu menn kjósa í dóminn úr þinghánni, sem jörðin er í. Jeg veit, að þingmanninum hefur gengið gott til breytinga sinna, þó jeg geti ekki fellt mig við þær. Kosning sú, er hann vill hafa, þykir mjer næsta umfangsmikil, að kjósa fyrst til þriggja ára á þann hátt, er hann hefir stungið upp á, yrði eins umfangsmikið og að kjósa amtsráð, og svo kæmu aukakosningar opt fyrir, jeg vona því, að deildin haldi sjer yfir höfuð til frumvarpsins.

Einar Ásmundsson: Allir þingdeildarmenn hafa talað mjög vel og sanngjarnlega um mál þetta, og vil jeg þó sjerstaklega nefna þar til 1. þingmann Norðurmúlasýslu og 2. þingmann Gullbringusýslu, þótt þeir hafi fundið ýmislegt út á það að setja, og er skaði, að eigi skuli hafa verið gjörðar breytingartillögur í þá stefnu, er þeir hafa talað. Jeg vona, að allir kannist við, að

mál þetta er nauðsynjamál, og að allir vilji leggja sinn stein í þessa bygging, og að þeir, sem út á málið hafa að setja, komi sjer saman við nefndina til 3. umræðu. Jeg hef og ýmislegt við málið að athuga, því að jeg álít þetta mál hið mesta vandaverk. Hjer eru nú fram komnar tvennar skýrar og glöggar breytingartillögur, og um þær hljóta menn að greiða atkvæði. Jeg sný mjer þá fyrst að breytingartillögum þingmanns Dalamanna, og kem jeg þá fyrst að breytingaruppástungunni við 2. gr. undir tölulið 1., að eptir orðið «skal» (í annari línu) komi: «þar sem ekki verður við glögg örnefni stuðzt» setja o. s. frv. Þessi breyting virðist mjer eigi heppileg, því að þótt þessi örnefni sjeu glögg í dag, þá eru þau óglögg á morgun, þar sem þau breytast með timalengdinni, og einmitt af þessari orsök hafa margar landaþrætur risið. Í frumvarpi nefndarinnar stendur, að þar sem eigi eru glögg landamerki, er náttúran hefur sett, þar skuli skýra þau með marksteinum og með vörðum. Jeg veit vel, að ýmsir hlutir, sem hafa nöfn, geta á stundum verið svo glögg landamerki, að nægi, en víðast hvar eru nöfnin svo hvikul og breytileg, að þegar ókunnugir menn koma að jörðunum, þá þekkjast þau eigi lengur eða gleymast, og hlutunum eru þá gefin önnur nöfn. Þá kem jeg að 2. tölulið í breytingaruppástungu þingmanns Dalamanna. Með þeirri breytingu vill þingmaðurinn útilykja þá ákvörðun, að hlaðinn sje merkjagarður. Þetta get jeg eigi fallizt á. Þar sem annarhvor hlutaðeiganda vill hlaða merkjagarð, en hinn eigi, þar hlýtur það eptir frumvarpinu að koma undir álit nágranna þeirra, hvort það er gjörlegt eða eigi. Jeg skil eigi í því, hví eigi getur verið mögulegt að hlaða merkjagarð nú sem í fornöld; slíkt væri sannarlega stór apturför. Í Jónsbók stendur: «Garð skal hverr maður hafa fyrir landi sínu; garður er granna sættir». Jeg verð því að vera mótfallinn þessari breytingaruppástungu. Á breytingaruppástunguna undir 3. tölul. get jeg vel fallizt. Þá er breytingartillagan við 3. gr. undir 4. tölul., og fer hún í þá stefnu, að þeir ábúendur, sem eigi eru ánægðir með landamerkjalýsing þess manns, er landsnytjar á móti þeim, skuli skyldir til innan árs og dags að krefjast gjörðardóms samkvæmt 7. grein. Jeg held, að það sje eigi heppilegt að skylda menn til að fara í mál; það er nóg, að menn neyðist til þess, þess vegna er jeg á móti þessu breytingaratkvæði. Breytingaruppástungurnar undir 5. og 6. tölul. fellst jeg á, en breytingartillagan undir 7. tölul. virðist mjer reyndar óþörf, og því eigi vert að samþykkja hana.

Þá sný jeg mjer að breytingartillögum 2. þingmanns Húnvetninga. Í þeim er margt gott og hugleiðingarvert, en þó get jeg eigi fallizt á þær, eins og þær eru lagaðar; en þær standa í svo nánu sambandi hver við aðra, að annaðhvort er að gjöra, að samþykkja þær allar eða enga þeirra. Það er hugleiðingarvert, sem hann sagði, að meiri trygging fengist, ef kosnir væru beztu menn af almenningi í hverjum hreppi; en jeg sje eigi, að þessi trygging fáist með þessari aðferð, nema með óvenjulegri fyrirhöfn. Þingmaðurinn stingur upp á, að eigi sjeu nema 8 menn í sýslu hverri kosnir í gjörðardóminn. En jeg álít, að ef þessi tilhögun er höfð, þá ættu dómendurnir að vera fleiri, svo nógir væru til vara og til umskipta, að sínu leyti eins og venjulegt er í þeim löndum, þar sem kviðdómar tíðkast. Það getur opt orðið næsta örðugt í stórum sýslum að ná til þessara góðu manna. Þeir geta, ef til vill, setið í öðrum enda sýslunnar, þar sem gjörðardómurinn á að heyjast í hinum enda hennar, og vil jeg í þessu tilliti taka Skaptafellssýslu til dæmis. Jeg vil helzt ráða 2. þingmanni Húnvetninga til að taka aptur þessar breytingartillögur sínar, en reyna að ná samkomulagi við nefndina, og koma þá með breytingaruppástungur til 3. umræðu. En ef þingmaðurinn eigi vill gjöra þetta, þá legg jeg það til, að breytingartillögur hans sjeu felldar að þessu sinni. Það er og eitt, sem vantar hjá 2. þingmanni Húnvetninga,

og það er, að búa til betri kosningarlög fyrir þessa dómendur, en þingmaðurinn hefur gjört. Það er eigi skýrt tekið fram, með hverju móti hreppsnefndirnar eigi að kjósa dómendurna, hvort atkvæði hverrar hreppsnefndar fyrir sig eigi að gilda, eða hvort telja eigi saman atkvæði allra hreppsnefndarmannanna hvers í sínu lagi o. s. frv.

Guðmundur Einarsson: Það er sjaldan, að mjer og 1. þingmanni Eyfirðinga ber á milli. Mjer finnst sumt eigi rjett athugað af þingmanninum. Mjer virðist með öllu óþarft að hlaða vörðu, þar sem skýr eru örnefni, enda haldast örnefnin lengstum við lýði, og verða að haldast við, nái lagafrumvarpið gildi. Það er til merkjagarðanna kemur, þá virðist mjer það of hörð álaga, að skylda einn mann, sem, ef til vill, er sárfátækur, til þess að hlaða garð á móti nágranna sínum, sem ef til vill, er ríkur og kappsamur, og að báðir eigi jafnt fram að leggja; og þótt til tekið sje í frumvarpinu, að 5 menn skuli til mats kvaddir, ef á þarf að halda, þá getur þessi ákvörðun orðið viðsjárverð. Jeg vil eigi að ábúendum sje íþyngt yfir skör fram. 1. þingmaður Eyfirðinga sagði viðvíkjandi breytingartillögu minni við 3. gr., að með henni væru menn skyldaðir til að fara í mál, og krefjast gjörðardóms. En frumvarpið gjörir þetta einmitt. Ef maður kemur eigi á ákveðnum landamerkjum á jörð sinni, þá er maður orðinn sekur. Jeg set svo, að 1. þingmaður Eyfirðinga komi til mín með merkjalýsinguna, og segi: «Skrifaðu undir þetta, góðurinn minn», og þá segi jeg: «Æ, nei; það gjöri jeg ekki», þá er þingmanninum annaðhvort að gjöra, að liggja undir sekt eða að höfða málið móti mjer. Þetta vil jeg ekki. Jeg vil, að jeg, sem skorast undan að skrifa undir merki af ástæðulítilli undanfærslu, sje skyldugri til að höfða málið. Um þetta atriði vil jeg þó hugsa betur.

Þegar hjer var komið, var umræðunum hætt eptir ósk 8 þingmanna, þeirra:

Bjarnar Jónssonar,
Arnljóts Ólafssonar,
Friðriks Stefánssonar,
Þorláks Guðmundssonar,
Ísleifs Gíslasonar,
Páls Pálssonar, prests,
Þórarins Böðvarssonar og
Guðmundar Ólafssonar.

Ljet forseti þá ganga til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. 1. gr. nefndarfrumvarpsins (hins nýja) samþykkt með 20 atkvæðum.
2. 1. liður í breytingartillögum Guðmundar Einarssonar felldur með 14 atkvæðum gegn 5.
3. 2. liður í breytingartillögum Guðmundar Einarssonar felldur með 14 atkvæðum gegn 5.
4. 3. liður í breytingartillögum Guðmundar Einarssonar samþykktur með 13 atkvæðum.
5. 2. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.
6. 4. liður í breytingartillögum Guðmundar Einarssonar felldur með 14 atkvæðum gegn 4.
7. 3. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) óbreytt samþykkt með 18 atkvæðum.
8. 4. grein nefndarfrumvarpsins samþykkt með 19 atkvæðum.
9. 5. liður í breytingartillögum Guðmundar Einarssonar samþykktur með 14 atkvæðum.
10. 6. liður í breytingartillögum Guðmundar Einarssonar samþykktur með 13 atkvæðum.
11. 5. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 19 atkvæðum.
12. 6. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 20 atkvæðum.
13. 8. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
14. 1. liður í breytingartillögum Páls Pálssonar bónda felldur með 16 atkvæðum gegn 4.
15. 2. liður í breytingartillögum Páls Pálssonar bónda þar með fallinn.
16. 7. liður í breytingartillögum Guðmund-

ar Einarssonar fallinn við atkvæðagreiðsluna um 4. lið í breytingartillögum hans.

17. 7. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 18 atkvæðum.
18. 1. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
19. 8. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 18 atkvæðum.
20. 2. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
21. 9. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 20 atkvæðum.
22. 3. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
23. 10. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 20 atkvæðum.
24. 4. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
25. 11. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 19 atkvæðum.
26. 5. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
27. 3. liður í breytingartillögum Páls Pálssonar bónda felldur með 15 atkvæðum gegn 6.
28. 8. liður í breytingartillögum Guðmundar Einarssonar tekinn aptur af flutningsmanni.
29. 12. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 17 atkvæðum.
30. 6. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
31. 13. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 18 atkvæðum.
32. 7. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
33. 4. liður í breytingartillögum Páls bónda Pálssonar sjálffallinn við atkvæðagreiðsluna um 1. liðinn í breytingartillögum hans.
34. 14. grein nefndarfrumvarpsins (nýja) samþykkt með 19 atkvæðum.
35. 9. grein eldra frumvarpsins þar með fallin.
36. Fyrirsögnin (frumvarp til landamerkjalaga) samþykkt án atkvæðagreiðslu.
37. Málinu skotið til 3. umræðu með 19 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 41. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 277—279.

Breytingartillögur I 365—366.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal vera svo fáorður um frumvarp þetta, sem mjer er auðið. Við 2. umræðu komu engar breytingartillögur frá 7 manna nefndinni, sem myndaðist upp úr þeirri 5 manna nefnd, sem fyrst var skipuð, en nú sje jeg, að komnar eru fram margar breytingartillögur og mikilvægar, en í aðaltegundinni þær hinar sömu, sem lágu fyrir 5 manna nefndinni á fyrsta stigi málsins, og sem hún af góðum og gildum ástæðum hafnaði. Og slíkt hið sama gjörði 7 manna nefndin. Jeg álít það nú mjög svo óheppilegt, að slíkar breytingartillögur sem þessar komi fram að nýju á síðasta stigi málsins, því að það er erfitt á litlum tíma að glöggva sig á því, að þær uppástungur, sem áður eru felldar, miði til þess að bæta málið, enda mun það ekki verða sagt með sanni um þessar breytingartillögur. Þessar breytingartillögur eru nú þar að auki að mestu leyti hinar sömu, sem komu fram í hitt eð fyrra og skyldu menn því hafa ímyndað sjer, að menn væru búnir að glöggva sig á því, að þær sjeu miður heppilegar. Það er snertir það atriði í þessum breytingartillögum, er lýtur að breytingu á niðurröðuninni á frumvarpsgreinunum, þá sje jeg ekki, að í því sje fólgin nokkur breyting til bóta, og að svo miklu leyti, sem jeg kann að hugsa eptir rjettum hugsunarreglum, þá virðist mjer 1. gr. rjett sett hjá nefndinni, því að hún er sú grundvallarregla, er öll lögin stefna að, og á því að standa fyrst en ekki langt aptur í lögunum; annað mál er það, að jeg skil vel hugsun uppástungumanna, en hún er þar fyrir eigi rjett. Þá kemur hin mikilfenga breyting, sem á að verða á 7. gr. Jeg hef áður tekið fram, að þessar

mikilfengu nefndarkosningar hafa í för með sjer ómak og endalausa vafninga, en eru ekki nærri því eins frjálslegar og tryggjandi eins og grein frumvarpsins. Breytingartillagan bindur hlutaðeigendur við sýslufjelagið, en það þykir mjer hart, að binda svo hendur manna, að þeir eigi megi upp á sinn kostnað kjósa menn, sem hann hefur bezt traust til, í gjörðardóm, þegar þetta verður gjört án þess að málspartarnir líði neinn halla af því. Jeg vil taka það dæmi, að ef tveir menn í Skagafirði ættu í landaþrætu, hví skyldi þeim þá vera bannað, að taka sjer gjörðarmenn úr öðrum sýslufjelögum, t. a. m. þannig, að annar tæki sýslumanninn úr Húnavatnssýslu, hinn sýslumanninn úr Eyjafjarðarsýslu; á þann hátt yrði gjörðardómurinn skipaður 3 lagamönnum. Þessar almennu kosningar álít jeg á hinn bóginn alls eigi heppilegar í sjálfu sjer, og einkum er það óheppilegt að láta hlutkesti nokkurn tíma ráða því, hverjir í gjörðardómi sjeu, því að sá maður, sem hluturinn eða hendingin tilnefnir, getur opt verið óhæfari til að sitja í gjörðardómi, en hinn er, sem úr gengur; jeg álít eðlilegast og sjálfsagt, að hver maður taki þann í gjörðardóm, er hann helzt vildi fyrir sig kjósa. Breyting þessi er því að mínu áliti mikið verri en framvarpið. Þá kemur önnur aðalbreyting, sem sje við 7. grein. Byrjar grein uppástungumanna þannig: »Ef tveir menn eiga lönd, er liggja saman, og skilur á um landamerki, skal sá, er þrætu vill ljúka, stefna hinum með fimmtardómsstefnu á varnarþingi h a n s«, o. s. frv. Gái menn vel að þessu! Hjer er lögð áherzla á eiganda jarðarinnar. Eigandi að jörðu í Húnavatnssýslu getur verið norður í Múlasýslu, hann getur verið í Kaupmannahöfn, og hvar sem er, jafnvel fyrir utan konungsins ríki og lönd, í Ameríku t. a. m., ef því annar maður á land, sem liggur saman við land þess manns, sem er vestur í Ameríku, þá á hann, ef þræta verður, að stefna honum með fimmtarstefnu á varnarþingi h a n s, eptir þessari reglu. Jeg tek dæmið í nokkuð stórri og glöggri mynd, svo menn geti sjeð gallann á breytingartillögunni. Jeg tek það fram, að hið persónulega varnarþing eiganda getur legið fyrir utan ríki Danakonungs. Nefndin hefur þar á móti tekið til varnarþing jarðarinnar. Það sjer því hver maður, að með þessari breytingu er einni aðalgrundvallarreglu frumvarpsins kollvarpað, og þetta getur heldur eigi samrýmzt 13. gr. frumvarpsins, sem uppástungumenn hafa látið vera óbreytta; þar stendur: »Ef eigandi býr eigi á jörðu og er í annari þinghá, skal leiguliði vera löglegur umboðsmaður hans, nema hann nefni annan til, er sje í þinghánni«. Af þessari grein er það ljóst, að fimmtarstefnan eða málið fer áldrei út fyrir þinghána. Jeg get því alls ekki fallizt á þessa breyting, þó jeg viti, að uppástungumönnum hafi gengið gott eitt til með henni. Þá er þriðja breytingin á 12. gr., sem hljóðar þannig: »Ef annarhvor málsaðila álítur gjörðardóm rangan að lögum, má hann áfrýja honum til ógildingar fyrir yfirdóm landsins innan tólf mánaða«. Þetta er líka veruleg breyting á frumvarpi nefndarinnar; með þessari reglu er að minni hyggju fækkað um of þeim tilfellum, þar sem gjörðardómur er fullnaðarúrslit málsins; álít jeg því, að þetta kollvarpi einnig mikilsverðri grundvallarreglu nefndarinnar. Þó læt jeg þessa breyting út af fyrir sig vera, en af því að gjörðardómurinn, samkvæmt hinum fyrri breytingum, fær minni trygging, við að takmarkast við sýslufjelagið, en eptir nefndarfrumvarpinu, þá virðist mjer hún allsendis óþörf, ef nefndarfrumvarpið verður samþykkt, og breytingartillögurnar felldar. En reynslan mun sanna, að þessi setning þingmanns Húnvetninga, ef hún kemst að, rýri um of þýðing gjörðardómanna, og opni leið fyrir óþarfa málaferlum. Þetta eru aðalbreytingarnar; á hinar smærri legg jeg minni áherzlu, þó skal jeg geta þess, að breytingin á 14. gr. getur ekki komizt að samkvæmt hinum greinum frumvarpsins. Jeg sje hjer ekki annað liggja fyrir, en að annaðhvort sjeu allar breytingartillögurnar teknar, eða allar felldar; ef þær eru allar

teknar, þá raska þær algjörlega grundvallarreglum nefndarinnar, en jeg sje ekki vel, hvernig þær geta samrýmzt þeim greinum frumvarpsins, sem eptir verða. Deildin er sjálfráð, hvern veginn hún vill velja, en mjer virðist frumvarpið verða óhafandi, ef breytingarnar komast að, og allri þeirri fyrirhöfn og öllum þeim tíma, sem nefndin hefur varið, til að gjöra þetta frumvarp sem bezt úr garði, er þá til ónýtis eytt. Ef frumvarpið, eins og það er, gengur hjeðan, þá mun hin hávísa efri deild geta fundið gallana á því.

Páll Pálsson bóndi: Jeg vil með fám orðum gjöra deildinni ljósar ástæður vorar fyrir breytingartillögum þessum. Eptir því, sem mjer er kunnugt, eru 3 tilfelli til viðvíkjandi landamerkjum. Fyrsta tilfellið er það, þegar glögg landamerki eru til, og enginn vafi um þau; þetta ætti því að standa fyrst í lögunum, en um þetta hljóðar 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins, og þess vegna höfum vjer sett þær fyrst. Þessu næst er annað tilfellið, að landamerki sjeu til, en óglögg, en þó ekki ágreiningur um þau. Þessi landamerki þarf því að eins að gjöra glögg með vörðum, görðum eða marksteinum. Þetta ætluðum vjer að næst ætti að koma í lögunum, en um þetta hljóðar 1. og 2. grein frumvarpsins, og fyrir því settum vjer þær á eptir. 3. atriðið er það, þegar engin landamerki eru eða ágreiningur, og um það hljóðar frumvarpið frá 7. grein og til enda, nefnilega um það, hvernig skuli útkljá landaþrætuna, eða um gjörðardómana. En nú kemur spurningin sú, hvernig setja skal saman gjörðardómana, því að undir þá eiga öll landaþrætumál að koma eptir hugmynd frumvarpsins. Oss þótti áreiðanlegra að halda því fram, að kosningar gjörðarmanna væru almennar, en að hver einstakur maður mætti kjósa sjer gjörðarmenn. Sú regla getur verið varúðarverð, hver málsparturinn getur kosið þá menn, sem annaðhvort er honum eitthvað háðir eða hlynntir, og sem því vefja málið og verða því eins og jeg tók fram við 2. umræðu, sem málafærslumenn frammi fyrir hinum eina dómara, sýslumanninum; þetta virtist oss ekki nóg trygging fyrir því, að gjörðardómar yrðu ætíð sem rjettastir; en það er mjög áríðandi, að maður geti borið fullkomið traust til dómanna, þegar þeir eru seinustu úrslit málsins, og að hvorki eigi sjer stað í þeim meðhald eða lagaflækjur, sem opt villa sjónir fyrir mönnum á hinu sanna og rjetta. Fyrir oss vakti sama regla, sem fylgt er, þegar kosnir eru menn til amtsráða, og jeg veit eigi til, að þær kosningar hafi misheppnazt. Jeg er viss um, að almennar kosningar eru betri, en að hver einstakur maður kjósi sjer þá, sem hann helzt vill. Nú kemur að 7. gr. frumvarpsins; jeg játa það, að jeg fann aldrei, og finn ekki enn, þrátt fyrir skýring framsögumanns, rjettan skilning á þeirri grein. Í henni segir: «Ef tveir menn búa á jörðum, er land eiga saman, og skilur á um landamerki, skal sá, er þrætu vill ljúka, stefna hinum með fimmtarstefnu á varnarþingi rjettu». Hvert er þetta rjetta varnarþing? Jeg finn það ekki. En þar sem framsögumaður setti út á það, að varnarþing væri hjá oss bundið við eiganda, þá veit hann þó víst, að hver jarðeigandi verður að hafa umboðsmann, og þessi umboðsmaður hefur því öllu hinu sama að gegna í landaþrætumálum og eigandi sjálfur, svo að jeg get ekki sjeð, að þessi mótbára geti fellt greinina, hún er miklu ljósar orðuð hjá oss en hjá nefndinni; auk þess vantaði ákvörðun hjá nefndinni um það, ef hvorugur vildi ryðja úr gjörðardómnum, sem vel getur fyrir komið.

Ef 7. gr. nefndarinnar er borin saman við 12. gr., þá get jeg ekki skilið, að nokkrir fáist í gjörðardóm með þeim kostum, að þeir skuli borga allan kostnað, ef gjörðardómur reyndist rangur, og er eigi staðfestur af yfirrjetti. Í 12. gr. stendur: »Þó skal þeim rjett, er treystist til að sanna,

að gjörðardómur sje augljóslega rangur að lögum, að áfrýja honum til ógildingar fyrir yfirdóm landsins innan 12 mánaða». Þessi orð «augljóslega rangur» eru mjög vafasöm; hver sönnun á að vera fyrir því, að hann sje augljóslega rangur? Framsögumanni hættir annars opt við að hafa slík orðatiltæki í frumvörpum sínum, sem væru æði vafasöm, eða jafnvel óskiljanleg heilbrigðri skynsemi manna, en slík orðatiltæki virðast mjer ekki heppileg í lögum. Jeg ímynda mjer, að það sje ekki hægt að segja, hvort einn dómur sje rangur, fyr en annar dómstóll eða yfirdómurinn er búinn að skera úr því. Þessar greinar reka sig því hvor á aðra. Þá er miðsetningin í 14. gr.; «Borga skulu málsaðilar hvor fyrir sig þeim mönnum, er þeir hafa nefnt í gjörðardóm; oddamanni borga málsaðilar í sameiningu». Þessa setning get jeg ekki fellt mig við. Jeg skal tiltaka dæmi. Jeg og framsögumaður skyldum búa á jörðum, er ættu land saman, og okkur greinir á um landamerki; framsögumaður veit, hver hin rjettu landamerki eru, og getur sannað það; en jeg fer undan í flæmingi og vil ekki útkljá ágreininginn; hann neyðist því til að stefna mjer fyrir gjörðardóm, svo að hann verði ekki fyrir sekt þeirri, er 5. gr. ákveður, og hann getur sannað fyrir gjörðardómi, að hann hefur á rjettu að standa; en samt á hann að borga helming málskostnaðar gagnvart mjer, sem neyddi hann til að leita rjettar síns. Þetta þykir mjer ekki sanngjarnt, og jeg er viss um, að 1. þingmaður Árnesinga kallaði þetta ekki rjettlátt, en gjörðardómurinn er neyddur til þess að dæma svona eptir 14. gr. frumvarpsins, þó hann sjálfur áliti það ranglátt; slíkar ákvarðanir eiga því ekki að vera í frumvarpinu.

Framsögumaður: Jeg skal ekki svara 2. þingmanni Húnavatnssýslu mörgu, hann hefur raðað niður greinunum eptir því, sem hann hugsar, en það á eigi við, þegar ræða er um, hvernig lagaskipun á að vera. Hið verulegasta atriði, sem hann fann að, voru orðin í 12. gr. «augljóslega rangur». Þingmaðurinn verður að gæta þess, að þetta orð «augljóslega» er ekki hættuleg ákvörðun. Jeg er því alveg samdóma, að það sje gjörlegast, að skipa gjörðardóma og innleiða þá í landaþrætumálum, eins og nefndin stingur upp á, en þetta gjöri jeg með þeim fyrirvara, að skipa megi gjörðardóma hjer á landi þeim mönnum, sem geti sjeð, hvaða gjörðardómur er «augljóslega» rangur, því hvernig eiga þeir menn, sem geta eigi sjeð hvað er «augljóslega» rangt, að geta útkljáð málið, eða geta sjeð yfir höfuð, hvað sje rjett eða rangt í málinu? Nei, ef það er meiningin, að menn sjeu svo glámskyggnir, að þeir sjái eigi hvað er «augljóslega» rangt, þá held jeg, að bezt og ráðlegast sje, að hætta við að setja lög um gjörðardómaskipun í landaþrætumálum hjer á landi, þá er bezt að láta skilning laganna liggja eins og nú er, undir einskonar katólskum klerkadóm, eða andlegt skuggaeinveldi. Þingmaðurinn er mjer líklega samdóma um það, að sá ágreiningur, sem dags daglega er hjer á þinginu manna á millum, veltur ekki á því, að þingmenn eigi geti sjeð og sagt, hvað sje «augljóslega» rangt, heldur á hinu, sem er vafasamt í sjálfu sjer. Jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkur dómur, sem skipaður er skynsömum og ráðvöndum mönnum, vel að merkja, geti ekki sjeð, hvað augljóslega er rangt, en hitt getur verið, að hann sjái ekki það, sem er vafasamt, svo sem t. a. m. hvernig myrk og óglögg skjöl skuli útleggja, en aptur hlýtur hann að geta skilið augljósa máldaga, beinan og hreinan framburð eiðsvarinna vitna, skýlaus eignar- og heimildarskjöl o. s. frv. Væri slíku hrundið af gjörðardómi, væri hann augljóslega rangur. Sama mætti segja um formhlið málsins. Jeg get því eigi álitið þetta hættulega reglu, og jeg hef

svo mikið traust á hinni alþekktu skarpskyggni alþýðumanna hjer á landi, að þeir muni eigi dæma augljóslega ranga gjörðardóma í sameiningu við sýslumenn sem oddvita; en á hinn bóginn er það má ske engum unnt að finna hið eina rjetta, þegar vafi er á málinu í sjálfu sjer. 2. þingmanni Húnvetninga þykir óhafandi, að gjörðarmenn borgi afrýjunarkostnaðinn, ef dómurinn reynist «augljóslega» rangur, en jeg vil segja, að ef gjörðarmennirnir eptir að hafa kynnt sjer nákvæmlega alla málavöxtu, landslag og allt, sem að málinu lýtur, dæma «augljóslega» rangan dóm, þá sjeu þeir ekki of góðir til að borga áfrýjunarkostnaðinn. Þar sem þingmaðurinn sagði, að það væri ósanngjarnt, að sá málsaðili borgaði gjörðarmönnunum, er hefði á rjettu að standa, þá er hjer við aðgætandi, að menn hafa opt eigi eins glögga hugmynd um sinn eiginn rjett, eins og aðrir, og jeg get þannig vel ímyndað mjer, að sá, sem verður orsök til þess, að málið kemur í gjörðardóm, hafi haft ranga hugmynd um það á undan gjörðardóminum. Það er því engin mótsögn í því, að gefa linari reglu um málsaðila á undan gjörðardóminum, en gjörðarmennina og málsaðila eptir að dómurinn er fallinn og málið er upplýst. Jeg ætla svo ekki að tala frekar um þetta mál; jeg vona, að þingmaðurinn sjái, að ágreiningurinn okkar á milli er ekki eins mikill, eins og honum hingað til hefur sýnzt hann vera, ella get jeg eigi sannfært hann.

Halldór Kr. Friðriksson: Þótt framsögumaður hafi tekið skýrt fram aðalatriðin í 7. gr. og 12. gr., er jeg honum þó ekki samdóma. Hann finnur að byrjun 7. gr. í breytingartillögum vorum: »Ef tveir eiga lönd, er liggja saman«, o. s. frv. Hverjir eru eiginlega hinir rjettu málsaðilar? Eru það ekki eigendurnir? Það hygg jeg, og mjer finnst rjettara að hafa eigendur en ábúendur. En þar sem hann sagði, að eigandi jarðar í Húnavatnssýslu gæti verið austur í Múlasýslu, þá er það mikið rjett. En einmitt 13. gr. nefndarinnar tekur af allan vafa í því efni, hún tekur það fram, að ef eigandi sje eigi í þinghá jarðarinnar, þá skuli leiguliði eða annar, sem eigandi til þess nefnir, vera löglegur umboðsmaður hans. Það stendur því öldungis á sama, hvar eigandi er, leiguliðinn er hans umboðsmaður og að öllu leyti í hans stað, ef hann er eigi innan þingháar, svo að sú mótbára framsögumanns fellur. Þó jeg meti mikils greind bænda, þá get jeg þó ekki treyst því, að þeim geti ekki yfirsjezt í þess kyns dómum; framsögumaður vill eigi skjóta gjörðardómi undir yfirdóm, nema hann hafi gjört þingsafglöp, en það þarf ekki til, gjörðardómur getur gjört minna úr einhverju skjali eða máldaga en ætti að vera, án þess algjörlega að hrinda því; svo er og annað, það getur komið upplýsing í málið, eptir að gjörðardómur er fallinn, sem eigi var hægt að ná í áður, hvernig á þá að að fara? Sú upplýsing getur eigi komizt að eptir frumvarpinu, og er því ónýt, þessi orð: »augljóslega rangur« eru því mjög varhugaverð, Eitt atriði er enn, sem jeg kann ekki við; í 7. gr. stendur: »Skal sá er þrætu vill ljúka, stefna hinum með fimmtarstefnu á varnarþingi rjettu«. Hann á að stefna honum á varnarþingi rjettu, stefnan á þó að fara fram fimm dögum áður en til þings kemur; en það liggur eigi í þessum orðum; þessu þarf því að breyta, svo að það misskiljist eigi. Þetta eru þær athugasemdir, sem jeg vildi gjöra. Það er snertir eigendur og ábúendur, þá sje jeg ekki þá galla í breytingartillögunum, sem 13. gr. ekki skýrir.

Framsögumaður: Það, sem þingmaður Reykvíkinga sagði um 7. gr., get jeg ekki fallizt á; jeg álít hana rjett orðaða, og hann skildi líka, hvað í henni lá. Það er kemur

til þess, sem hann sagði, að menn væru útilokaðir frá að koma með nýjar upplýsingar, eptir að gjörðardómur er uppkveðinn, þá er það að segja, að þetta atriði kom til umræðu í nefndinni, en hún vildi eigi hafa neina ákvörðun um það, sökum þess að fresturinn er gefinn svo langur, að málspartarnir geta komið með öll sín gögn. Hinn háttvirti þingmaður gætir víst að því, að fresturinn getur verið 18 mánuðir, og á þessum tíma má grafa upp allar skýrslur bæði utanlands og innan. Sá, sem vanrækir að gæta rjettar síns allan þennan tíma, er sjálfur sök í því, ef hann tapar málinu fyrir þær sakir. Svona leit öll nefndin á þetta atriði.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg virði mikils stefnu þá, sem 2. þingmaður Húnvetninga hefur í kosningu gjörðarmanna, en þó get jeg ekki fallizt á hana. Mjer þætti það óneitanlega hart, ef jeg væri í landaþrætu, að mega ekki sjálfur kjósa þá menn, er jeg áliti færasta og sem jeg treysti bezt, heldur vera neyddur til að hlíta dómi þeirra manna, sem mjer eru sendir af óviðkomandi mönnum, og sem jeg, ef til vill, ekkert þekki og hef ekkert traust á. Í þessu atriði verð jeg því að hallast að frumvarpinu; aptur er annað atriði í því, sem mjer þykir alveg óhafandi, og það eru orðin í 12. gr., að gjörðardómi megi áfrýja, þegar hann er «augljóslega rangur». Hvað er augljóslega rangt? og hver á að skera úr því? hvar eru takmörk milli rangur og augljóslega rangur? Dómum er áfrýjað vanalega af því að sá, er áfrýjar, álítur þá ranga, annars mundi hann sjálfsagt ekki kosta til þess, en um það getur víst orðið ágreiningur, hve nær hann er augljóslega rangur, og hve nær er heimild eptir þessum lögum að áfrýja gjörðardómi. Einnig er jeg hræddur um, að fáir fengjust til að vera gjörðarmenn, ef þeir ættu að borga kostnaðinn, þegar seinna kæmu fram máldagar fyrir því, að eigi hefði verið rjett dæmt. Í þessu atriði er jeg á móti frumvarpinu og vil samþykkja þá breyting, er að þessu lýtur, en greiði atkvæði í móti öllu hinu.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið ásamt breytingartillögum 6 þingmanna, sem komið höfðu, og var:

1. liður felldur með 10 atkvæðum gegn 6.
2. liður þar með sjálffallinn.
3. liður felldur með 10 atkvæðum gegn 6.
4—6. liður þar með fallnir.
7. liður: orðin: «(sbr. 6. gr.)» falli úr, sjálffallið.
   Fyrir: «Þó skal» o. s. frv. komi: «Ef annarhvor o. s. frv.» samþykkt með 12 atkvæðum.
8. liður felldur með 10 atkvæðum gegn 6.

Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkvæðum.

Kvað forseti það mundu verða afgreitt til efri deildar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 44. fundi, 19. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 387—389.

Varaforseti stakk upp á því, að nefnd væri sett í máli þessu, þar eð það væri nýmæli, og ísjárvert að ræða það, fyr en nefnd væri búin að ganga gegnum það og rannsaka það.

Sighvatur Árnason kvaðst hafa staðið upp, þar eð varaforseti hefði stungið upp á nefnd, því þar eð sjer hefði gefizt kostur á að eiga við slík mál í hjeraði, væri sjer það nokkuð ljóst, að þótt frumvarpið hefði nokkra galla, væru þeir engan veginn svo miklir, að þeir væru fráfælandi, eða eigi mætti bæta úr þeim með breytingartillögum án nefndar, sem eigi mundi verða til annars en fella málið, þar eð tíminn væri orðinn stuttur.

Frá næstum öllum hjeraðsfundum hefðu komið uppástungur um, að fá landaþrætur útkljáðar með gjörðardómum, sem víða ættu sjer stað, og væru margar greinar þessa frumvarps samkvæmar uppástungum hjeraðsfundanna, jafnvel þó að hann hefði kosið, að sumar þeirra hefðu verið nokkuð öðruvísi, en nú væri eigi tími til að breyta þeim, enda væru gallarnir eigi svo stórkostlegir, að frumvarpið þyrfti að falla fyrir þá, og væri bezt að láta reynsluna skera úr því, hvaða lagfæringa þyrfti með, og mundi hún verða eins affarasæl í því, eins og þótt nú væri sett nefnd í málinu. Hann væri alveg á móti nefnd sakir tímaleysis, því hann vildi láta málið fá framgang á þessu þingi, með því að það væri vilji landsmanna yfir höfuð.

Benedikt Kristjánsson sagði, að þetta væri mikið velferðarmál, og væri hann mótfallinn því, að nefnd væri sett í því, því það væri það sama að setja nefnd í því, sem að fella það; og að svo stöddu væri hann eigi sannfærður um, að nauðsyn væri á að breyta mörgu í frumvarpi þessu, einkum þar eð neðri deildin mundi hafa lagt allan hug á, að gjöra það svo vel úr garði, sem unnt hefði verið. Hann efaðist eigi um, að smágalla þá, er á því kynnu að vera, mætti bæta með breytingaratkvæðum.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi vera á þeirra máli, er eigi vildu nefnd setja í máli þessu, því að hann áliti talsverða galla vera á því, en einn kost sæi hann við það, að það væri fornyrt, og mundi þingmanni Þingeyinga því hafa líkað það svo vel. Hann áliti, að betra væri að setja nefnd í því, þó svo færi, að það fengi eigi framgang á þessu þingi, heldur en það væri afgreitt frá þinginu með stórgöllum, svo að almenningur væri óánægður með það, enda væri ekki brýn nauðsyn á því, að það yrði staðfest á þessu þingi. Hann efaðist eigi um, að það tæki miklum bótum, ef nefnd væri sett í því, og væri hann því á sama máli og varaforseti í því að leggja það til, að nefnd yrði kosin í því.

Jón Pjetursson sagði, að frumvarpið væri vel samið, en hann kynni eigi við, að það væri fyrst í framvarpinu, sem síðar ætti að koma, og aptur stæði það síðar, er ætti að koma fyr, því það væri mjög áríðandi í öllum lögum, að niðurröðunin væri góð, og gjörði mjög mikið til.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt með 6 atkvæðum *móti* 4.

Voru þessir kosnir:

Jón Pjetursson með 6 atkvæðum.

Benedikt Kristjánsson með 5 atkv.

Bergur Thorberg með 4 atkv.

Framhald fyrstu umræðu, á 50. fundi, 23. ágúst.

Nefndarálit, sjá I 485—486.

Framsögumaður (*Benedikt Kristjánsson*) kvað það mjög æskilegt, að frumvarp þetta gæti nú orðið að lögum. Nefndin hefði að vísu sjeð ýmsa smágalla á frumvarpinu, en álitið, að þeir eigi spilltu rjettarbót þeirri, er í því væri falin. En með því tíminn væri stuttur, mætti eigi stofna frumvarpinu í hættu með breytingum. Með því þetta væri framhald fyrstu umræðu, vildi hann ekki ganga inn á hin einstöku atriði. Hann þyrfti eigi að skýra frá því, að víða væri ágreiningur út af landamerkjum milli jarða, og gæti hann opt komið illu til leiðar. Þessi ágreiningur væri og opt svo lítill, að ekki tæki að fara í mál, því það væri dýrt, en í frumvarpinu væri bent á góðan og greiðan veg til að fá föst landamerki. Hann vildi því vona, að það fengi að ganga til 2. umræðu, og leyfi fengist hjá landshöfðingja til fljótari umræðu en þingsköp bjóða, því ef frumvarpið ætti framgang að fá, yrði að flýta sem mest fyrir því.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort

frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 52. fundi, 25. ágúst.

Framsögumaður (*Benedikt Kristjánsson*) kvað hvorki hafa komið breytingaratkvæði við frumvarp þetta nje mótmæli í móti því, og þess vegna hefði hann eigi ástæðu til að tala um það, fyr en hann heyrði undirtektir manna.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi hafa talað fyr í máli þessu, en allt fyrir það gæti hann eigi fallizt á það, og vildi hann benda á nokkrar misfellur. Þegar við 1. grein þyrftu menn að líta kringum sig, áður en þeir samþykktu, að gjöra mönnum að skyldu að hlaða vörður allt í kringum afrjettir allar. Þar sem í 7. gr. væri svo ákveðið, að stefna skyldi með »fimmtarstefnu á varnarþingi rjettu«, þá þættu sjer þessi orð óljós; það væri víst eigi leyfilegt, að stefna á venjulegan hátt eptir þessu, því að hann gjörði ekki ráð fyrir, að orðið »fimmtarstefna« væri haft einungis af því, að það væri í fornum lögum, án þess að meint væri nokkuð með því. Sama væri að segja um »varnarþing«; hvers varnarþing væri hjer um talað? Eigi þætti sjer heppilegt að gjöra það að aðalreglu, að menn kysu sjálfir menn í gjörðardóma til að dæma mál sín; betur felldi hann sig við, að í sýslu hverri væri standandi nefnd, sem hefði þennan starfa á hendi, eins og komið hefði fram breytingaratkvæði um í neðri deild; í hana ætti svo að kjósa einungis valinkunna menn, en aptur mundu málsaðilar sjálfir hugsa um að fá þá menn í dóm, er þeir hvor um sig vissu sjer hliðholla; þess vegna mundi fara svo, að sýslumaður, svo sem sjálfkjörinn oddamaður, rjeði einn úrslitum, svo að dómurinn yrði eigi annað í raun rjettri, en sýslumanns úrskurður eða hjeraðsdómur. Það væru nýmæli, að landsyfirrjettur hefði eigi vald nema til að ógilda gjörðardóma; hver ætti að dæma svo, er landsyfirrjettur hefði ógilt dóm gjörðarmanna? Hann vildi samt viðurkenna, að frumvarp þetta innihjeldi margar góðar bendingar, en það væri eitt af þeim málum, er sannarlega ætti að leggjast undir dóm þjóðarinnar, enda væri það náskylt landbúnaðarlögunum, og mætti að sinni ætlun vel bíða eptir þeim. Það væri engan veginn heppilegt að hrapa að því, að samþykkja þetta frumvarp, áður en þjóðinni hefði gefizt kostur á að kynna sjer það, því að menn mættu þá ganga að því vísu, að farið yrði fram á breytingar á því vonum bráðar, og það mundi hvorki auka virðing þingsins hjá þjóðinni nje stjórninni, er það sæist, að það hrapaði svo að því að samþykkja lög, að allt af yrði að vera að hræra í þeim á eptir á næsta þingi, og væri það þeirra manna ábyrgðarhluti, sem hjeldu fram slíkum málum.

Framsögumaður kvaðst eigi vera samdóma þingmanni Húnvetninga um það, að þeir gallar væru á frumvarpi þessu, að ástæða væri til að fella það. Hvað það snerti, að 1. gr. legði landeigendum of mikinn vanda á hendur, þar sem þeir ættu að setja landamerki um afrjettir, þá vildi hann taka það fram, að eins og deilur gætu risið út af landamerkjum heimalanda, eins gætu þær risið út af landamerkjum á afrjettarlöndum, og þess vegna væri eins æskilegt að hefja allan vafa í því efni með föstum landamerkjum; optast mundi einnig haga svo til, að vandinn og örðugleikinn yrði eigi meiri, að setja glögg mörk um afrjettir, heldur en um heimajarðir, því að afrjettarlönd sjeu venjulega stærri, þá er bæði, að þau þarf eigi eins nákvæmlega að ákveða, og svo eru þau opt að miklu eða öllu leyti ákveðin með örnefnum, giljum eða fjöllum, hnjúkum eða hólum o. s. frv. Þá hefði þingmanninum

þótt torskilið um varnarþingið; varnarþing manna er venjulega það þing, sem er í þeirri þinghá, er maður á lögheimili í, og nú væri venjulega hver hreppur þinghá, en hjer mundi varnarþingið miðast við jörðina; hlutaðeigandi yrði að mæta á varnarþingi þessu, til þess að svara fyrir sig og kveðja menn í gjörð. Eigi sýndist sjer sú tilhögun heppilegri, að gjörðarmenn væru tilteknir fyrir fram, og væri standandi nefnd; menn í henni gætu verið ekki síður hlutdrægir, en þeir, er málspartar nefndu, og svo veitti fyrirkomulag gjörðardómanna næga trygging gegn hlutdrægni, þar sem hvor málsaðili fyrir sig mætti ryðja úr dómnum helmingi þeirra, er hinn nefndi, ef honum þættu þeir líkir til hlutdrægni, svo mættu menn eigi heldur ætla eiðsvörnum mönnum slíkt samvizkuleysi. Hvað snerti ógildingarvald yfirdómsins, þá kannaðist hann við, að það væri nýmæli, en lögfróðir menn segðu, að það væri eigi óheppilegt, enda lægi það í augum uppi, að yfirdómararnir gætu eigi verið eins vel inni í málinu, eins og gjörðarmenn, sem optast yrðu víst gagnkunnugir, því að þó að uppdráttur fylgi venjulega slíkum málum, getur það eigi gefið eins glöggva hugmynd, og ef menn ganga um sjálfan staðinn. Þá hefði þingmaðurinn enn fremur spurt, hver ætti að dæma málið, er gjörðardómur væri dæmdur ógildur; það lægi í augum uppi, þá yrði málið tekið fyrir aptur á sama hátt og fyr, annaðhvort af sömu dómsmönnum eða öðrum nýjum. Hvað fimmtarstefnuna snerti, þá væri hún að vísu orðin gömul og úr gildi gengin, en ekkert væri móti að taka hana upp aptur, því að 5 nátta frestur væri nógur fyrir hlutaðeigendur. Hann skyldi fúslega játa það, að gallar nokkrir væru á frumvarpinu, og það játaði nefndin, en þó þætti sjer þeir eigi svo margir, eða verulegir, að frumvarpið allt ætti að falla fyrir þá; því að yfir höfuð væri það skýrt og greinilega samið.

Eiríkur Kúld kvaðst samdóma 1. þingmanni Húnvetninga, og þætti sjer furða, að 1. þingmaður Þingeyinga skyldi vilja halda máli þessu til streitu; nefndin hefði játað, að á frumvarpinu væru gallar, og þætti sjer ófært, að láta frumvarpið fara með göllum, sem menn vissu af, og hefði þingmaður Húnvetninga sýnt fram á, að þeir væru stórir. Hann vildi t. d. spyrja, hvernig ætti að setja mörk á fjöllum? Það væru fjöll í Snæfellsnessýslu, sem höfð væru til beitar fyrir fje, og sem margar jarðir ættu saman, og á einu þeirra ætti Helgafellskirkja land, og vildi hann eigi eiga að hlaða þar landamerkjagarð. Þá væru nú stefnurnar, hann fyrir sitt leyti hefði vanizt og eigi heyrt um annað talað, en að stefna ætti á lögheimili; gjörðardómar væru að vísu gamlir og glæsilegir og allt frá Njálu dögum, en eigi sæi hann næga ástæðu til, að fara að leiða þá inn á undan kviðdómunum. Hann hefði þá skoðun enn, sem hann hefði haft um daginn, að eigi lægi svo á að flýta fyrir málinu, einkum er menn sæju á því galla. Um 12. gr. vildi hann eigi tala, en vonaði, að lögfróðir menn ljetu álit sitt í ljós um hana, hann vildi, að frumvarpið biði, meðan líkindi væru til, að lík mál kæmust eigi fram, hann ætlaði því að gefa atkvæði móti málinu.

Magnús Stephensen tók undir með 1. þingmanni Húnvetninga, að gallar væru á frumvarpinu, og vildi hann þar fyrst og fremst nefna ákvörðunina í 7. grein um að stefna á varnarþingi; því hann gæti eigi skilið, að það ætti að birta stefnuna á þingstaðnum, heldur væru það gömul lög að birta hana á lögheimili. Það gæti má ske verið meint varnarþing jarðar; en ef eigandi væri langt í burtu, gætu því fylgt örðugleikar; vitaskuld væri, að ábúandi samkvæmt 13. gr.

væri þá umboðsmaður eiganda; en það væri ekki víst, að eiganda væri ávallt þjent með, að leiguliði hans hjeldi uppi svörum fyrir hann í slíkum málum. Þar sem væri sagt í 12. grein, að áfrýja mætti til landsyfirrjettar til ónýtingar dómi, sem annarhvor málsparta áliti rangan að lögum, þá vildi hann spyrja, hver væri meiningin með orðunum «að lögum». Hann ímyndaði sjer, að þessi orð stæðu einungis til fyllingar, en það færi miður vel á því; því þau gætu valdið misskilningi í þá átt, að dómurinn væri rangur í formlegu tilliti, svo að yfirdómurinn mætti að eins ógilda dóm af formlegum ástæðum, en ekki vegna «realitets» dómsins, og þá væri nú verið að innleiða hjer «kassationsdóma», sem hjer væru óþekktir. Þá vildi hann spyrja, hverjir ættu að dæma aptur, hinir sömu dómendur eða nýir; erlendis væri það víða, að, þegar «kassationsdómstólar» ógiltu dóm, ætti annar dómstóll, en sá, sem fyrst dæmdi málið, að dæma það á ný. Líka gæti verið spurning um, að helmingi fleiri ættu að dæma dóminn á ný, eins og t. a. m. ætti sjer stað um yfirskoðanir, yfirmöt og yfirúttektir; en um allt þetta vantaði ákvarðanir í frumvarpinu. Enn væri það athugavert, að þegar málspartarnir ættu að kjósa dómendurna, þá mundu þeir hvor um sig varla verða svo skyni skroppnir, að kjósa aðra en þá, sem dæmdu þeim í hag, og þegar tveir gjörðarmenn dæmdu með hvorum málsparti, mundi atkvæði oddamannsins, sem á að vera sýslumaðurinn, ráða, og það mundi í flestum ef ekki öllum tilfellum verða niðurstaðan, að atkvæði sýslumanns mundi ráða úrslitum, og hvað væri þá unnið með þessum nýja dómstóli? Þá væri það galli á frumvarpinu, að skipað væri að hafa glögg landamerki; hann vildi t. d. gjöra ráð fyrir, að 2 menn byggju á jörðum, er saman liggja, en hafa óglögg landamerki, og kæmu sjer þó vel saman og lifðu í bróðerni og einingu, þá gæti þessi skipun orðið til þess, að koma af stað deilum; sjer þætti nóg, ef tiltekið væri, hvernig ætti að útkljá, ef ágreiningur kæmi. Ef nú gallar þeir, er nefndin hefði sjeð, væru margir og allir aðrir, en þessir, þá litist sjer nú eigi á frumvarpið. Hann vildi því leggja það til, að frumvarpið biði; því það mundi fara bezt á því. Þannig hefði neðri deildin farið með frumvarp til laga um viðskipti landsdrottna og leiguliða, og þætti sjer rjett að feta í fótspor neðri deildarinnar í því efni.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi ætla að kasta þungum steini á þá þingmenn, sem óánægðir væru með frumvarpið; en það væri eigi að síður mikið spursmál, hvort það ætti að kasta því, þó menn væru eigi ánægðir með það, en tími væri eigi til að breyta því. Ef menn athuguðu upphaf 7. gr., þá sæju menn, að eigi væri bein skylda að fara í prætumál. Hann væri mest óánægður með 12. gr., því ef slík mál ættu að útkljást með gjörðardómi, þá ættu þau eigi að fara fyrir landsyfirrjettinn. Þar sem stæði «rangur að lögum» í greininni, þá áliti hann, að meiningin væri, ef eigi væru nægar lagasannanir fyrir dómnum. Landsyfirrjetturinn gæti að eins farið eptir lagasönnunum, en hinir gætu og farið eptir þeim sönnunum, er þeir fyndu í brjósti sjer, og væri þetta tvennt ólíkt, svo búast mætti við, og vel gæti farið svo, þó gjörðardómur væri rjettur, að landsyfirrjetturinn ónýtti dóminn, af því hann væri ekki byggður á lagasönnunum, og er þetta að byggja upp með annari hendinni, það sem maður brýtur með hinni. (*Magnús Stephensen:* Hve opt á að áfrýja?) Það vildi hann játa að eigi væri tekið fram, en sjer fyndist sjálfsagt, að annaðhvort væri málið dottið niður, eða hlutaðeigendur yrðu að byrja með það á ný. Hann vildi leggja það til, að málið fengi að koma til 3. umræðu; en leitt þætti sjer, að málið væri eigi svo úr garði

gjört sem hann vildi. Hann fyrir sitt leyti vildi hafa undirgjörðardóm í sveit hverri, en yfirgjörðardóm í sýslu hverri, og að gjörðardómsmenn væru valdir af hjeraðsbúum með frjálsum kosningum sem í standandi nefnd; sýslumaður skyldi einungis vera i þeim, er fyrir sýsluna væru. Þó þetta frumvarp hefði sína galla, þá áliti hann samt, að vel mætti bjargast við það, því það væri óheppilegt, ef mál þetta kæmist eigi fram, sem þjóðin hefur svo mikinn áhuga á, og svo áliti hann nauðsynlegt, að þetta mál gengi á undan landbúnaðarlögunum eða að minnsta kosti jafnframt þeim, því landsdrottnar vita ekki sjálfir, eins og stendur, hvað þeir byggja um leið og þeir leigja jarðir sínar; og í öðru lagi er nauðsynlegt, að þetta mál gangi á undan endurskoðun jarðabókarinnar, sem allareiðu liggur fyrir, því jarðir verða ekki glögglega metnar, á meðan sá mikli landamerkja vafi er óútkljáður, sem allvíða á sjer stað.

Jón Jónsson sagði, að deildin ætti eigi að hafa tillit til þess, hvernig neðri deildin færi með sum frumvörp þau, er frá þessari deild gengju til hennar, og ætti hún því að líta óvilhöllum augum á þetta frumvarp, án tillits til þess, þó menn kynnu að vera hinum 5. konungkjörna þingmanni samdóma um, að frumvarp efri deildarinnar um bygging jarða hefði orðið hart úti í neðri deildinni. Sjer sýndist menn gjöra of mikið úr göllunum á frumvarpi þessu. Hann kvaðst vera á sama máli og þingmaður Húnvetninga, að hart væri að skylda menn til að setja landamerki hvervetna umhverfis afrjetti, en hjer væri sú bót í máli, að engin opinber sekt lægi við, þó boði þessu væri eigi hlýtt. (*Magnús Stephensen*: 5. gr.; þingmaðurinn ætti að lesa frumvarpið, áður en hann fer að ræða um það). Það hefði hann gert, og betur en 5. konungkjörni þingmaður, því hjer væri engin sekt ákveðin til hins opinbera; hjer væri að eins að ræða um prívat mál milli einstakra manna, t. d. að bóndi kærði nágranna sinn, ef hann áliti, að landamerkin væru ekki í reglu; en enginn stafur væri í lögunum um, að valdstjórnin ætti að hafa sókn á slíkum málum; en þegar svo væri, mundu sektirnar fyrir vantandi landamerki ekki verða þyngri fyrir bændur, en sektir fyrir fjenaðar-ágang, sem fáir hingað til hefðu kvartað yfir. Þingmanni Húnvetninga hefði þótt vandskilið: »á varnarþingi rjetttu», en þingmaðurinn yrði vel að gæta að því, að ekki væri talað um að birta stefnu á varnarþingi, heldur að stefna; að stefna, væri eins vel að leggja stefnuna í dóm eins og að birta hana. Í sveitum hefðu menn nú engan fastan þingstað. Slíkur staður væri einungis hjer í Reykjavík, en hvergi upp til sveita, þar sem öll mál væru tekin fyrir á aukaþingum, er halda mætti, hvar sem maður vildi innan takmarka þinghárinnar. (*Magnús Stephensen*: Er þetta aukaþing?) Sjálfsagt úr því að ekkert er fyrirskipað um, að það eigi að fara með þessi mál á manntalsþingi. Birting á stefnu gæti farið fram, hvar sem vera skyldi. (*Magnús Stephensen*: Hvað er að stefna). Hann ætti ekki að þurfa að kenna þingmanninum að að stefna væri bæði að skrifa stefnuna, birta hana og leggja hana í dóm. Hinn 5. konungkjörni þingmaður þóttist ekki geta treyst því, að bændur þeir, er kosnir yrðu í gjörðardóma, yrðu óvilhallir, en hann væri sannfærður um, að eigi mundi óhægra að fá óvilhalla menn meðal bænda en milli embættismanna, enda væri sjeð fyrir því í frumvarpi þessu, þar sem ekki mætti kjósa nema óvilhalla menn, en þar af leiddi, að enginn, sem væri málsaðilum nokkuð venzlaður, gæti komizt í gjörðardóm, en þar að auki hefði hinn málsaðilinn vald á að ryðja helmingnum af þeim mönnum, er hinn aðilinn kysi. Hann væri samdóma hinum 5. konungkjörna þingmanni um það, að

þar sem spurning væri um að áfrýja gjörðardómnum, gætu eigi komið til greina aðrar en formalítetsástæður, annaðhvort að gjörðardómurinn hefði ekki verið samsettur að lögum eða haft löglega málsmeðferð, eða þá, að hann hefði dæmt um annað en landamerki, eða það sem hann hefði lögheimild til að dæma um. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði eigi sagzt skilja í, hvernig fara ætti að, þegar yfirdómurinn væri búinn að dæma ómerkan gjörðardóm, en um það gæti þó engum heilvita manni blandazt hugur, að þá ætti að taka málið upp aptur frá rótum, eins og ef gjörðardómur aldrei hefði verið í því háður. (*Magnús Stephensen*: Nei!). Hinn 5. konungkjörni þingmaður mætti eigi neita því, þar eð hann hlyti að vita, að hver sá dómur, er dæmdur væri ómerkur, væri þar með orðinn að engu, svo að málið væri alveg í sama ástandi, eins og enginn dómur hefði farið fram í því. Þetta væri almenn regla, er frumvarpið breytti ekki í neinu. Hann væri á sama máli og þingmaður Rangæinga um það, að mikil þörf væri á lögum þessum og þó að nokkrir gallar væru á frumvarpi þessu, þá væru þeir eigi svo miklir, að málið ætti að falla fyrir þeirra skuld.

Framsögumaður sagði, að einum þingmanni hefði þótt stefnufresturinn of stuttur, ef svo stæði á, að eigandi væri í fjarska, en það væri auðvitað, að ef eigandinn væri langt í burtu, þá hefði hann umboðsmann innan hjeraðs; en ef svo væri eigi, þá mundi leiguliði hans geta haldið uppi svörum fyrir hann, eins og gjört væri ráð fyrir, enda væri óvíst, hvort jarðeigandinn væri færari um að verja rjett sinn, en leiguliðinn, sem ef til vildi væri miklu kunnugri málavöxtum en hann. Að vísu játaði hann, að þetta væri mjög mismunandi frá núverandi rjettarástandi, en þó væri aldrei landaþrætumál útkljáð, nema með 4 meðdómendum, og væri það eigi dæmalaust, að þeirra dómar hefðu verið staðfestir, þar sem dómsatkvæði hlutaðeigandi hjeraðsdómara hefði fallið. Hann vildi taka það upp aptur, sem hann hefði getið um við 1. umræðu, að óheppilegt væri, að jarðir væru með óvissum merkjum, og væri því mjög æskilegt, að geta fengið bót á því á haganlegan hátt og sem kostnaðarminnst. Það hefði borið til, að landaþrætumál hefðu gengið fyrir alla þrjá dómstólana, og hefðu verið dæmd sitt á hvern hátt fyrir þeim öllum, og loksins hefði rjetturinn að lyktum orðið dýrari, en rjettarmissirinn var ella; hjer í þessu frumvarpi væri hægur máti til að fara eptir í slíkum málum, og þættu sjer því eigi þeir gallar, sem á frumvarpinu væru, vera nægir til þess að fella það.

Stefán Eiríksson sagði, að æði-langar umræður væru orðnar um mál þetta, enda ætlaði hann ekki að tala langt. Lögfróðir menn hefðu við 1. umræðu kannast við galla á þessu frumvarpi, og sagt, að það þyrfti lagfæringar við, einkum hinn 3. konungkjörni þingmaður, enda hefði hann nú sannfærzt um það við umræður þær, er nú hefðu haldnar verið, að gallar þessir væru meiri en minni. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði talað um, að eigi þyrfti að óttast sektir, þó frumvarpi þessu væri eigi hlýtt, en hann kvaðst vilja benda þeim þingmanni á 2. gr. frumvarpsins, þar sem tekið sje fram, að ef annar vill vinna að landamerkjum, en hinn ekki, þá sektist sá, er eigi vill vinna samkvæmt 5. gr. Sjer fyndist ástæðulaust að vísa frumvarpinu til 3. umræðu, því að hjeðan af væri ómögulegt að koma breytingum að, sakir tímaleysis, og kvaðst hann fyrir sitt leyti ekki sjá, hvað málið græddi við það að ganga til 3. umræðu.

Jón Pjetursson kvaðst hafa viljað setja nefnd í málinu við 1. umræðu, þar eð sjer hefði sýnzt nokkrir gallar á því, einkum hvað niðurskipun efnisins snerti; 1. og 2. gr. kæmi offljótt, því að það væri miður rjett,

að skylda menn til að viðhalda landamerkjum, fyrri enn útkljáð væri, annaðhvort með samkomulagi eða dómi, hver landamerkin væru. Enn fremur sýndist sjer hið opinbera grípa ofmikið inn í einstakra manna yfirráð yfir eignum þeirra. Ef nágrannar kæmu sjer ekki saman, þá varðaði það hegningu samkvæmt 5. gr.; en ef deildin vildi nú gjöra breytingar við frumvarp þetta, þá kæmist það eigi af á þessu þingi. Hann ímyndaði sjer, að í frumvarpinu væri yfir höfuð margt gott, og að það mætti nota í heild sinni. Í öðru lagaboði, er deildin hefði fallizt á, hefðu ápekkar skyldur verið lagðar á landsdrottin, þar sem manni hefði verið gjört að skyldu, að segja til landamerkja í byggingarbrjefinu. «Á varnarþingi» í 7. gr. hlyti að vera prentvilla.

Framsögumaður sagði, að þeir þingmenn, sem hefðu talað, hefðu fundið galla á nefndarálitinu; hann skyldi játa það, að nefndinni hefði heldur eigi líkað frumvarpið að öllu leyti, en hún hefði eigi stungið upp á því, að frumvarpið yrði samþykkt, ef henni hefði þótt gallarnir vera eins margir, og 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt. Ef eigandi væri skyldur að byggja jörð með ákveðnum merkjum, þá yrði hann og að þekkja þau, enda væri eigi neitt á móti því, að ákveða slíkt. Hann kvaðst heldur eigi geta fallizt á það, að ef dómur væri dæmdur ómerkur, að þá skyldi kjósa helmingi fleiri til að taka málið aptur fyrir; það væri víst meiningin, að fara að eins og getið væri um í frumvarpinu, þegar málið ætti að taka upp að nýju. Hann vildi játa, að hann hefði eigi veitt því eptirtekt, er stæði í 7. gr. «á varnarþingi rjettu», en það væri víst prentvilla, heldur en það ætti að skilja svo, að eins og lesin væru á þingi eignarskjöl, eins ætti að fara hjer að með birting á stefnu á þingi; að öðru leyti ætlaði hann eigi að gjöra þetta að kappsmáli, enda fyndi hann til þess, að sig vantaði lagavit til að verjast fyrir hinni snörpu aðsókn, er frumvarp þetta yrði fyrir, en hann vonaði þó, að deildin ljeti það fara til 3. umræðu.

Eiríkur Kúld sagði, að játað hefði verið, að gallar væru á þessu frumvarpi, en þó það mætti kannske nota það í heild sinni, en hann gæti þó eigi verið á því; tilgangurinn væri víst góður, en frágangurinn harla slæmur. Hann væri, eins og menn vissu, enginn lagamaður, enda hefði hann lítið skilið í því, er þingmaður Skagfirðinga hefði farið með. Orðin í 7. gr. «Varnarþingi rjettu», væru óbrúkandi; eptir því mætti sýslumaður eigi skrifa heima hjá sjer stefnu, heldur yrði einmitt að gjöra það á þingstaðnum, og síðan birta hana á þingstaðnum, þó sá, sem stefna ætti, væri hvergi nálægur. Hann kvaðst og vona, að hver einn sæi, að frumvarpið væri óbrúkandi í einu sem öllu, og hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði og játað, að miklir gallar væru á því; hann gæti og eigi heldur gefið atkvæði þeim lögum, er sjálfir þeir, er hefðu samið þau, játuðu, að væru mjög miklir gallar á.

Ásgeir Einarsson sagði, að lagt hefði verið með því, að frumvarpið gengi til 3. umræðu, og hefði það víst einna mest verið af kurteisi eða einhverjum brjóstgæðum við það, en hann vildi þó eigi kaupa svo dýrt þetta kurteisisnafn, sem sú umræða kostaði, sem vart mundi vinna málinu mikið gagn. Hann væri að vísu málinu meðmæltur, en gæti þó eigi gefið atkvæði fyrir því, að það svo lagað, sem það nú væri, gengi til 3. umræðu.

Jón Jónsson vildi aptur benda þingmanni Barðstrendinga á það, að þó menn hefðu í sveitum þinghús, þá hefðu menn þó eigi neinn lögbundinn þingstað; það mætti halda rjettarþing á hverjum stað, er sýslumaður sjálfur vildi. Hinn sami þingmaður hefði og sagt, að hann væri eigi lögfróður, en samt vonaði hann, að þingmaðurinn gæti skilið, ef hann vildi, að

mikill munur væri á opinberri sekt og prívat sekt, er lögregluvaldið hefði ekkert með að gjöra, og sem ekki mætti höfða opinbert lögreglumál fyrir. Þingmaðurinn hefði eigi viljað fallast á frumvarp þetta af því, að það væri ekki alveg gallalaust, en hann vildi spyrja þingmann Barðstrendinga, hvort eigi hefðu verið gallar á prestamálinu, og hefði þó þingmaðurinn gefið því máli atkvæði.

Forseti bar því næst málið upp til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 3.
2. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 3.
3. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 4.
4. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 4.
5. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 3.
6. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 4.
7. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 4.
8. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 3.
9. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 4.
10. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 4.
11. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 2.
12. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 1.
13. og 14. grein frumvarpsins felld með 5 atkvæðum gegn 1.

Hinn 2. og 6. konungkjörni þingmaður voru eigi viðstaddir.

Voru þannig allar greinar frumvarpsins fallnar, og frumvarpið því ályktað fellt í heild sinni.

LII. FRIÐUN Á LAXI.

A.

Frumvarp til laga um breyting á viðaukalögum við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapítula, um friðun á laxi. 11. maí 1876. Frá Grími Thomsen, 1. þingmanni Gullbringusýslu. Sjá I 204.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Flutningsmaður (*Grímur Thomsen*): Jafnframt því, sem jeg bið deildina að virða til vorkunnar, þó jeg, sem ekki er lagamaður, komi fram með þetta frumvarp, vil jeg geta þess, að jeg skoða þetta sem undirstöðu undir önnur betri og fullkomnari lög, vil jeg óska, að nefnd verði sett í þetta mál, og fel jeg góðfúsu athygli hennar frumvarp þetta.

Það er kunnugt, að nokkru eptir að þessi viðaukalög komu út, kom út í stjórnartíðindunum brjef frá stjórnarherra Íslands til landshöfðingja, þar sem hann tilkynnir landshöfðingja, að lögin 11. maí 1876 sjeu ekki eiginlega friðunarlög; í brjefinu stendur: «Að með því að fyrirmæli 2. grein í lögum 11. maí 1876 um þvergirðing yfir á, virðast, eptir því sem framkom í umræðunum um málið á alþingi, að öllu samanlögðu samkvæm frumreglunum í Jónsbókar landsleigubálki 56. kap., og að eins hafa að geyma nánari útlistun á þessum reglum, og með því að svo er að sjá á sambandinu milli Jónsbókar og laganna 11. maí 1876, sem ætlazt sje til, að skilyrði það, er áminnzt fyrirmæli Jónsbókar eru bundin, sem sje, að fleiri en einn eigi veiði í sömu á, þurfi einnig til þess, að 2. gr. laganna frá 11. maí 1876 verði beitt». Þetta er sönnun fyrir því, að ráðgjafinn hefir eigi gætt þess, að lögin eru einmitt um friðun á laxi. Friðunarlög eru þau lög, sem banna bæði eigendum og öðrum að spilla hlunnindum, sem eru til almennings gagns og

góða. En þetta ráðherrabrjef hefur orðið til þess, að hið opinbera hefur eigi skorizt í málið, með því að þetta brjef virðist að af nema það, að þessi lög sjeu friðunarlög. Það er kunnugt, að frumvarp um friðun á laxi hefur tvisvar áður komið fyrir þingið, 1867 og 1871. 1867 var málið rætt nákvæmlega. Í Noregi eru lög um friðun á laxi frá 1863, og sömuleiðis eru lög sama efnis á Englandi frá 1861. Þessi lög hafa miklu ljósari ákvarðanir, en vor lög hjer á landi. Í 5. gr. viðaukalaganna stendur: «Engar veiðivjelar, net eða veiðibrellur má við hafa, er taki smálax, og skulu því þau veiðiáhöld vera svo gjörð, að smálax gangi í gegnum þau. Skulu möskvar í öllum riðnum veiðarfærum eigi vera minni, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls, og milli rima í grindum, sem í veiðivjelum eru hafðar, skal vera svo mikið bil, að lax, sem er 9 þumlunga gildur geti smogið þær». Reynslan er nú búin að sýna, að þessi ákvörðun er ónóg til að sanna, að fastar veiðivjelar sjeu ólöglegar. Í norsku lögunum, í 4. gr. stendur: «Í fjörðum og með sjávarströnd og í árósum og svo langt upp eptir, sem lax og sjóbirtingur getur gengið, má til veiðiskapar eigi leggja net eða önnur riðin veiðarfæri með minni möskvum en svo að 2¼ þuml. sje milli hnúta. Nú eru aðrar veiðivjelar settar þar, sem fiskur helzt vill ganga, eða á hægt með að ganga, þá skulu eigi færri en 10 ferhyrnd op á þeirri veiðivjel, og sje hver hlið á því opi eigi styttri 2¼ þumlungs. Ef grindur eru á veiðivjel og spelar í grindinni beint upp og niður, skulu tveir þumlungar vera á milli spelanna». Á netamöskvum eiga eptir lögum þessum 2¼ þuml. að vera milli hnúta, og þá 2 þuml. milli spela. Nú virðist löggjafarvaldinu hafa yfirsjezt, þegar þess er gætt hvað ákveðið er um stærð möskvanna. Þegar stjórnin lagði frumvarpið fyrir þingið 1871, þá tók hún fram, að í möskvum skyldi vera ¼ úr þumlungi þrengra milli hnúta en á milli spela og þá 2 þumlungar milli spela. Það hefur margt illt í för sjer, að lögin sjeu óljós; dómstólarnir vita eigi, hvernig dæma skal, og ef þeir dæma hver á móti öðrum, er hætt við, að rjettarmeðvitundin dofni, og þá er ástandið í landinu ekki gott. Vjer lifum ekki á þeirri öld, er sjálftekt var framin eptir Grágásarlögum, nú er engin Sturlungaöld; jeg álít sjálftekt mjög óheppilega, og óhelgisákvarðanir mjög ískyggilegar lagaákvarðanir. Ef einhver, sem á laxveiði, segði: «Jeg má veiða eins og jeg vil», væri það sama, sem einhver, er á æðarvarp, segði: «Jeg má skjóta æðarfuglinn». Í öllum löndum eru lög, sem vernda atvinnuvegi manna t. a. m. í Danmörku lög gegn «Bundvaader». Vjer höfum líka hjer þess konar lög, svo sem þorskanetalögin, friðunarlög á æðarfugli, lög gegn selaskotum, og ef til vill önnur fleiri. Að endingu skal jeg leyfa mjer að óska þess, að nefnd verði sett í málið, og því vísað til 2. umræðu.

Páll Pálsson bóndi: Jeg er flutningsmanni samdóma í mörgu og næstum öllu, sem hann sagði, og honum þakklátur fyrir að hafa komið með þetta frumvarp. Jeg vona, að þingdeildin muni, að 1875, þegar laxalögin voru til umræðu, ljet jeg í ljósi, að mjer þættu þau torveld að skilja, og var hræddur um, að þau mundu fremur auka þras og rifrildi, en hitt. Þetta hefur nú komið fram, því að rjettaróvissan er víða mikil, þó verst sje hjer á Suðurlandi, og held jeg ástandið sje lítið betra og kannske verra en áður. Jeg get að vísu ekki fellt mig við sumt í frumvarpinu, og er jeg því meðmæltur, að nefnd verði kosin og öll laxalögin tekin fyrir,

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg gef einungis atkvæði með máli þessu, með því skilyrði, að öll laxalögin verði tekin fyrir; því að þetta frumvarp álít jeg að ekki verði til neinna bóta. Jeg vil því styðja

að því, að nefnd verði kosin, þótt jeg hafi ekki fengizt mikið við þetta mál, þá man jeg þó, að svo mikil þrætni var um þetta mál bæði 1867 og 1871, og að ekki allir voru samdóma, t. d. um stærð möskvanna o. s. frv., og eins ímynda jeg mjer enn verði. Að minnsta kosti er ekki enn fengin vissa fyrir, að ekki sjeu til fleiri en ein tegund laxa, berglax er sagður minni en annar lax og margir eru þeir, er telja hann sjerstaka tegund, að minnsta kosti er það athugavert, hvort sá lax, sem gengur upp í smáár, sje ekki minni en sá lax, sem gengur upp í stórár. Að því leyti þykir mjer vænt um, að þetta mál verði tekið fyrir, að jeg er samdóma þingmanni Húnvetninga, að hin síðustu laxalög eru verri en ekki neitt; þau hafa vakið ósamlyndi og þrætur og ekkert gagn gjört. Nú er svo komið, að vjer heyrum um sjálfstekt dag eptir dag, og þeir þykjast frægastir, sem gjöra mest hervirkið, og hirða hvorki um dóm nje lög. Jeg vil því að málið verði tekið svo fyrir, að þessu verði afstýrt, svo ekki ástandið verði eins og á Sturlungaöld, þegar hún var verst.

Benedikt Sveinsson: Jeg er einn af þeim, sem eru flutningsmanni þakklátir fyrir frumvarpið, að því leyti sem það gefur tilefni til að hreyfa þessu máli í þingdeildinni. Annað mál er það, að jeg er í miklum vafa um það, hvort hin einstöku atriði ekki felast í lögum þeim, sem nú gilda, og get jeg ekki nú sem stendur sagt einu sinni, að hin gildandi lög ekki taki langt fram þessu frumvarpi, að því leyti sem þau gefa ljósa almenna reglu. Jeg álít ekkert á móti því, að þetta mál sje yfirvegað, ef það er meiningin, að laxafriðunarlögin verði svo skerpt, að engum geti dottið í hug að ganga í berhögg við þan og snúa þeim í hendi sjer, eins og jeg sný þessu blaði, sem jeg held á í hendinni. En jeg ætla það torvelt, að semja glöggvari lög en laxafriðunarlögin frá 1876. Þingmaður Reykvíkinga talaði um hervirki, en jeg álít, að hann eigi að gæta reglunnar »noli accusare absentem«. Ef þeir menn, sem hann talaði um, hafa haft fyrir sjer leyfi laganna til þess, sem þeir gjörðu, þá situr það eigi á þingmanninum, eða neinum öðrum í þingdeildinni, að áfella þá.

Halldór Kr. Friðriksson: Hervirki geta með engu móti verið lögmæt; þótt einhver þykist hafa orðið fyrir órjetti, þá hefur hann ekkert leyfi til þess að taka sjer sjálfur rjett án dóms og laga.

Benedikt Sveinsson: Það geta komið fyrir þau tilfelli, að leyft sje í lögunum, að taka sjer sjálfur rjett sinn, og þetta á sjer einmitt stað í laxafriðunarlögunum.

Hjálmur Pjetursson: Jeg stend ekki upp til þess að þakka flutningsmanni fyrir frumvarpið, því eigi get jeg fallizt á það eins og það er, en þar á móti get jeg þakkað honum fyrir ræðuna, er hann hjelt. Ef það er skoðun deildarinnar, að taka þetta mál fyrir, þá mun þurfa að taka fyrir fleiri atriði en þau, sem frumvarp þetta hefur inni að halda, og mun þurfa talsverðan tíma til þess, eptir reynslu þeirri, sem mjer er kunnugt um að undanförnu, þegar þetta mál hefur verið til meðferðar á þingi. Mjer er heldur eigi kunnugt um, að kvartanir hafi komið víða að yfir hinum gildandi lögum, en þetta eina dæmi, sem bent hefur verið á, og sem margir þekkja, er að vísu þess vert, að því sje gaumur gefinn, og ef að það er rjett meint, að lögin hafi valdið þrætum á þessum stað, þá játa jeg, að þetta eina dæmi er svo skarpt, að jeg finn ástæðu til að mæla með því, að lögin verði tekin fyrir, þó jeg ekki þekki, að almennings þörf beri til þess að breyta þeim.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er þingmanni Mýramanna samdóma, að þetta dæmi, sem hjer hefur komið fyrir, er skarpt og skarpast, en það er þó ekki hið eina dæmi þess, að nauðsynlegt sje að breyta lögun-

um; þannig veit jeg, að í Árnessýslu sjer í lagi hefur tímaákvörðunin í lögunum vakið almenna óánægju og almennt misrjetti. Þess vegna vil jeg að málið gangi til 2. umræðu, og að nefnd verði sett til að íhuga laxalögin í heild sinni, fyrst að málinu á annað borð er hreyft.

Þá var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði, samþykkt 3 manna nefnd með 11 atkvæðum og kosnir í hana:

Grímur Thomsen	með 18 atkv.
Hjálmur Pjetursson	— 14 —
Páll bóndi Pálsson	— 10 —

Önnur umræða í neðri deild, á 29. fundi, 4. ágúst.

Nefndarálit I 237.

Með því að nefndin í málinu hafði samið nýtt frumvarp um sama efni, tók flutningsmaður frumvarp sitt aptur.

B.

Frumvarp til laga um friðun á laxi. Frá nefndinni í næsta máli á undan. Sjá I 237—238.

Fyrsta umræða í neðri deild á 29. fundi, 4. ágúst.

Landshöfðingi: Jeg er nefndinni samdóma um það, að mjög æskilegt sje að taka af allan vafa, sem kynni að rísa af ákvörðunum viðaukalaganna 11. maí 1876, og að svo miklu leyti ætla jeg að mæla með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir. En jeg skal leyfa mjer þegar á þessu stigi málsins að benda að einu atriði, sem virðist vera ástæða til að nefndin taki til ýtarlegri yfirvegunar og ef til vill gjöri breytingaruppástungu um frumvarpið til 2. umræðu. Deildinni er kunnugt, að viðaukalagaákvarðanir þær, er hafa valdið mestum misskilningi, eru 2. og 5. gr., sem sje um þvergirðingar og um laxakistur, eða fastar veiðivjelar með grindum, og hefur þetta átt sjer stað með tilliti til Elliðaánna, þar sem einn maður á alla veiðina, og þessi eignarrjettur hans, samkvæmt hæstarjettardómi 16. febr. 1875, veitti honum heimild til að þvergirða þessar ár þrátt fyrir ákvarðanir Jónsbókar landsleigubálks 56. kapítula, en við þessa ákvörðun eru lögin 11. maí 1876 viðaukalög. En þegar þessi rjettindi eru innifalin í eignarrjetti þeim, er nú á sjer stað með tilliti til Elliðaánna, þá er auðsjeð, að löggjafarvaldið ekki geti gripið fram yfir þessar ár, nema því að eins að 50. gr. stjórnarskrárinnar verði tekin til greina. Eptir þessari grein stjórnarskrárinnar «er eignarrjetturinn friðhelgur; engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir» og eptir orðum greinarinnar mun að mínu áliti útheimtast annaðhvort sjerlegt lagaboð um «Expropriation» Elliðaánna, ef þingið vill banna á þeim þvergirðingar þær, sem heimilaðar eru með hæstarjettardómi, eða að minnsta kosti að sjerleg ákvörðun í þessa stefnu verði tekin inn í lagafrumvarp það, er hjer ræðir um. Það er annar háskalegur misskilningur á viðaukalögum 11. maí 1876, sem frumvarpið miðar til að koma í veg fyrir, sem sje í 7. gr. viðaukal. «öll ólögmæt veiðiáhöld skulu upptæk og ólöglegir veiðigarðar óhelgir», þar sem þessi ákvörðun hefur — þótt ótrúlegt sje, í «civiliseruðu» fjelagi — verið skilin á þann hátt, að hverjum manni, er álítur einhver veiðiáhöld ólögleg, sje heimilt sjálfur að taka þau upp, án þess að leita úrgreiðslu yfirvalda og dómstóla landsins um þetta atriði. Mjer virðist það þess vegna heppilegt, að frumvarpið einnig í þessu tilliti reynir til með 6. gr., að taka af allan vafa.

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson): Jeg þarf ekki að tala langt fyrir þessu frumvarpi. Nefndin varð ásátt um, að ef á annað borð væri farið að hreyfa við þessu máli, þá væri rjettara, að fara svo langt, að

viðaukalög 11. maí 1876 gætu orðið úr lögum numin, heldur en hafa lög þessi í mörgu lagi. Jeg skal ekki dæma um, hvernig nefndin hefur leyst starfa sinn af hendi, en geta þess, að hún er fús til að taka öllum góðum bendingum, og jeg fyrir mitt leyti, hef álitið nokkrar breytingar á frumvarpinu, ef til vill nauðsynlegar. Jeg get eigi fallizt á það, er hinn hæstvirti landshöfðingi gat um, og sem mjer skildist á þá leið, að nefndin hefði átt að haga áliti sínu eptir gömlum dómum, jeg verð þvert á móti að vera á því, að nefndin hafi átt að láta sjer slíkt alveg óviðkomandi eins og hún líka gjörði; hún hafði einungis fyrir augum nauðsynlega friðun laxsins án tillits til þess, hvort einn maður eða fleiri ætti veiðirjett í einhverri á, og án tillits til þeirra dóma, sem kunna að vera til, og sem byggðir eru á fornum lögum. Jeg verð að álíta, að ekki eigi við, þegar um almenn friðunarlög er að ræða, að taka tillit til einstakra manna eða einstakra kringumstæðna; því eins og tveir menn eigi mega veiða allan þann lax sem kemur í veiðar þeirra, þótt svo mætti álíta frá sjónarmiði eignarrjettarins, að þeir ættu hann, á meðan hann staðnæmist í veiðum þeirra, eins má heldur eigi sá, sem einn á land tveim megin að á, veiða allan þann lax, sem þar kemur; því þetta mundi eyðileggja veiðina, bæði fyrir sjálfum honum og öðrum. Nefndinni var að vísu kunnugt um óreglu þá, sem viðgengizt hefur nálægt Reykjavík, bæði í sumar og að undanförnu, en hún áleit heldur eigi rjett, að binda álit sitt við það, heldur áleit hún sjer skylt að reyna til að finna þær ákvarðanir, sem ættu sem bezt við um friðun á laxi um land allt; þess hefur verið getið, að menn væru farnir að taka rjett sinn sjálfir, og að lögin ættu að vera svo útbúin, að þau gæfu ekki tilefni til þess; þessu er jeg alveg samdóma, en jeg get ekki kannazt við, að þetta frumvarp gefi tilefni til þess, þótt það yrði að lögum.

Varaforseti: Jeg vil leiða athygli landshöfðingja að ákvörðun í enzkum laxveiðalögum 6. ágúst 1861, því að jeg ímynda mjer, að Englendingar eins vel kunni að vernda eign manna eins og Íslendingar og Danir, og að þeir láti sjer eins annt um eignarrjettinn. Englendingar banna að viðhafa þvergirðingar, þó það hafi verið «í löghelgi frá ómuna tíð». Dómur hæstarjettar kemur ekki þessu máli við, því að hæstirjettur gat ekki dæmt eptir þessum lögum, sem ekki voru til; mjer væri forvitni á að vita, ef þetta frumvarp verður að lögum, hvort hann muni dæma eins. Þingdeildin man, að þetta mál lá fyrir þinginu 1867 og 1871. Þá bar mönnum einkum á milli um að sumir vildu ekki láta veiða minni lax en 9 þumlunga, en sumir vildu binda takmarkið við 8 þumlunga; þá var sá þingmaður hjer á þingi, sem vjer allir söknum, Páll Vídalín; hann átti veiði í á, og fjekk því til leiðar komið, að hið lægra takmark var sett, en nú er laxinn þar útdauður. Jeg hef áreiðanlega vissu fyrir því, að nú veiðist ekkert á Þorkelshóli, Víðidalstungu eða Galtarnesi, af því að ólögleg veiðiaðferð var höfð á bæ, sem neðar liggur, en jeg skal ekki nefna. Ákvörðunin í 4. gr. um, hvað víðir möskvarnir eiga að vera, er tekin eptir norskum lögum (sjá alþingistíðindi 1867 bls. 257), og að 2 þumlungar skuli milli spela, er líka tekið eptir dæmi þeirra þjóða, sem álíta nauðsynlegt að friða laxinn; en þar sem þessar ákvarðanir reynast ónógar, er sýslunefndum eptir óvilhallra manna mati gefið leyfi til að gefa undanþágur. Það væri undarlegt, ef ekki mætti eins gefa lög um friðun á laxi, eins og um friðun á æðarfugli. Eigandi æðarvarpsins má ekki skjóta fuglinn, heldur en hver annar; jeg vil taka til dæmis, að eigandi varps á Ísafirði, þar sem ekki er nema ein varpeyja, færi að skjóta á fuglinn, þá er jeg viss um, að þó hann ekki gæti spillt fyrir öðrum, þá mundi hæstirjettur ekki dæma, að hann hefði leyfi til að spilla varpinu fyrir sjálfum sjer með því að skjóta fuglinn. Þegar friðunarlög eru gefin, þá er það ekki til að blanda sjer í einstakra manna rjett, heldur til þess að áríðandi atvinnuvegur ekki gangi til þurrðar.

Landshöfðingi: Jeg benti að 50. grein stjórnarskráarinnar, af því að eins og nú er ástatt með eignarrjettinn á Elliðaánum, má ganga að því vísu, að eigandi þeirra, ef frumvarp þetta verður að lögum, muni höfða mál gegn landssjóðnum og krefjast skaðabóta, og landssjóðurinn verða dæmdur til að greiða þær.

Páll bóndi Pálsson: Það var hugmynd nefndarinnar, að hafa eigi tillit til þess, hvort einn eða fleiri ættu veiði í á, heldur hafði nefndin fyrir augum, að semja friðunarlög, sem gætu átt við á öllum stöðum, og þennan þráð má rekja gegn um allt frumvarpið. Viðvíkjandi þessari spurningu eða rjettara sagt aðvörun landshöfðingja, þá er það eigi einstakt dæmi með Elliðaárnar, þótt einn eigi veiði í þeim, því það er víða á landi hjer, að menn eiga einir alla veiði í einhverri á eða kvísl, og geta þannig eyðilagt veiðina; en það eiga menn einmitt að fyrirbyggja. Það er alveg eins með þetta eins og um friðunarlögin á Breiðafirði; þau taka jafnt yfir alla. Landshöfðinginn sagði, að hæstarjettardómur væri fyrir því, að þvergirða mætti á, er einn ætti alla veiði í. Þetta er rjett, en hæstarjettardómur þessi er eptir þeim lögum, er þá giltu. Það er eigi þar með sagt, hvernig hæstirjettur mundi dæma eptir þessu frumvarpi, ef það yrði að lögum. Það er höfuðsetningin, hvar sem friðunarlög eru, að jafnt er friðað fyrir hvern einstakan sem fyrir marga; það er almenningur, en eigi sjerstakir menn, sem hafðir eru fyrir augum; það verða þingmenn að gjöra sjer vel ljóst. Jeg þekki að vísu eigi nákvæmlega þennan dóm, sem landshöfðinginn vitnaði til, en eptir því sem mjer er frekast kunnugt, fer hann eigi út í þetta atriði, nefnilega að hafa almenning fyrir augum, heldur dæmir að eins um einstakt atriði, og það eptir þeim lögum, er þá giltu, nefnilega Jónsbók; en nú virðist Jónsbók ekki næg til þess að friða laxinn, og af því er þetta lagafrumvarp sprottið. Reynslan er nú þegar búin að sýna með því, hvað laxveiði er mjög víða eyðilögð, að Jónsbók hefur ekki verið næg til þessarar friðunar laxinum, og að það er nauðsyn, að fyrirbyggja það, að hver, sem á einn veiði í á eða kvísl, megi fara með veiðina eptir vild sinni, þetta vakti fyrir nefndinni, og þetta vildi hún fyrirbyggja með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal eigi blanda mjer í það, hvort rjett er að undanskilja vissar ár eða staði í þesssum lögum, því þá þyrfti að bæta inn í þau nýrri grein um það, en jeg vil tala um frumvarpið, sem það eigi að vera almenn lög, en ekki fyrir einstaka menn, og vil láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg álít frumvarpið, bót á þeim lögum, er nú gilda. Jeg vil að laxinn sje friðaður, en þó eigi farið lengra en svo, að menn geti náð nokkru af honum. En auðvitað er, að illt er að hitta meðalveginn í þessu, því veiðinni hagar svo margvíslega í ám hjer á landi. Jeg finn helzt misjöfnur á 2. gr., og bið jeg nefndina að hugleiða, hvort það sje heppileg ákvörðun, að «fastar veiðivjelar megi því að eins hafa við, ef opin göng sjeu höfð eptir árfarvegi neðan úr botni og upp úr vatni, þar sem vatn er dýpst í ám og kvíslum». Mjer virðist þetta mjög óheppileg ákvörðun. Jeg ætla að benda nefndinni á dæmi, sem fyrir getur komið. Þegar svo hagar til í einni á, að grynnra er við annan bakka hennar en annan, og tveir menn eiga land að ánni hvor sínu megin og vatn í miðja á, eptir Jónsbók, þá má sá eigi þvergirða, sem land á að ánni, þar sem hún er dýpst, en hinn sem land á að ánni, þar sem hún er grunn, hann má þvergirða fyrir allan þann helming árinnar, sem hann á fyrir sínu landi.

Þegar um þær ár er að ræða, sem vatnsmiklar eru og eigi hægt að ráða við, þá er þessi ákvörðun næsta óheppileg fyrir þann mann, sem land á að ánni, þar sem hún er dýpst, og getur orðið til þess, að veiðin verði honum því nær ónýt. En þegar um vatnslitla á er að ræða, geta þeir,

sem veiði eiga í ánni, bæði breytt göngu laxins með skágrindum og netum, og líka beint vatninu þannig, að eigi varði við lög, þó þessi ákvörðun standi. Ákvörðun þessi er að minni ætlan óheppileg í öðru tilfellinu, en órjettlát í hinu, og vil jeg því spyrja nefndina, hvort eigi muni betra, að ákvæði laganna fari í þá átt, að landeigendur eigi 1/8 hlut árinnar hvor fyrir sínu landi, en 1/3 hlutur árinnar í miðjunni sje vegur fyrir laxinn til að ganga eptir; eða ef þingmönnum þykir þetta bil of breitt, að landeigendum sjeu heimilir 2/5 hlutar árinnar, hverjum fyrir sínu landi, en 1/5 hlutur árinnar sje almennings eign, eða alfaravegur friðhelgur fyrir laxinn til að ganga eptir leið sína millum fjalls og fjöru. Munu lögin eigi happalegri og beinari með þessu? Jeg skil 5. grein frumvarpsins þannig, að sýslunefndin geti gjört undantekning frá einstökum fyrirmælum frumvarpsins, ef önnur veiði, t. d. silungsveiði, er í einhverri á, en jeg skil eigi, að sýslunefndin megi breyta grundvallarreglum laganna, heldur að eins smá-ákvörðunum þeirra. Jeg ætla eigi að fara lengra út í þetta mál, en leyfi mjer að spyrja, hvort eigi sje rjett að friða silung einnig í þá átt, að eigi megi heldur þvergirða ár, sem silungsveiði er í, því að víða hjer á landi gæti silungsveiði orðið að miklum notum, ef vel væri með farið. Þótt bannað sje að þvergirða ár hjer í lögum þessum, þá er það eigi nóg, til þess að friða silunginn, því að fyrirsögn laganna er: »um friðun á laxi«.

Halldór Kr. Friðriksson: Í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er blandað saman tvennu: annað er það, að nema úr gildi ákvarðanir Jónsbókar, og hitt, að friða laxinn. Lögin 1876 eru viðaukalög við Jónsbók; í Jónsbók segir: „Hver á veiði fyrir sínu landi, nema með lögum sje frá komin“; en þessari viðbót »nema með lögum sje frákomin», er sumum hverjum nú á tímum mjög gjarnt á að sleppa. Þegar um það er að ræða, að friða lax, hvort er þá tilgangurinn, að allur lax sje friðaður? Nei, þetta er gjört í þeim tilgangi, að láta ungviðið þroskast, en eigi til þess að friða hinn gamla laxinn. Það er athugavert, að rugla þeim hugmyndum eigi saman að friða unga laxinn og að svipta menn rjettinum til þess að veiða. Þar sem veiðin er orðin einstaks manns eign, þá er eigi rjett að svipta þennan mann eignarrjettinum. Þetta er sannað með hæstarjettardómi. Þetta hefur enginn vefengt, nema 1. þingmaður Árnesinga; hann þóttist eiga það víst, hjerna um árið, og var búinn að prjedika það hvervetna, að Thomsen hefði enga heimild til að þvergirða Elliðaárnar, og var jafnvel farinn að bjóða mönnum til kaups veiðina í ánni; en það tókst öðruvísi en þingmaðurinn ætlaði. Þegar einhver maður á alla veiði í á, þá er rjett að sjá svo um, að hinn ungi lax sje friðaður, en til þess þarf eigi annað, en að bilið á milli grindanna eða rimanna í veiðivjelunum sje svo stórt, að laxinn geti gengið þar í gegn. Hæstirjettur hefur dæmt, að þvergirðingarnar væru leyfilegar; eignarrjetturinn er hinn sami, lögin hafa engan svipt eignarrjetti, heldur miða þau að eins til þess að friða unga laxinn. Og ef það hefur áður verið rjett að þvergirða, þegar einn á alla veiði, þá er það enn rjett; en þetta er takmarkað að því leyti, að ungi laxinn er nú friðaður. Varaforseti o. fl. skírskotuðu til þess, að enginn hefði rjett til að skjóta æðarfugl; af því að almenningi væri hagur að æðarfuglinum, og því væri að sínu leyti eins með laxinn, að eigi *mætti* eyða honum, af því að laxveiðin kæmi almenningi að svo miklum notum. En einmitt þetta, að banna mönnum að skjóta æðarfugl eða eyða honum á þann hátt, svarar til þess, að friða unglax í ám. En það er hvergi bannað, að maður með öðru móti geti fælt fuglinn, í burtu. Ef varaforseti vill ekki hafa þessar fáu æðarkollur í Bessastaðanesi, sem eru þar, þá hefur hann rjett til að fæla þær í burtu; það er hans eignarrjettur. Eins er með laxveiðina, að enginn hefur rjett til þess að

eyða henni með því að drepa smálax; það banna lögin; en menn hafa rjett til að drepa fullorðinn lax. Enginn má þvergirða ár öðrum til skaða; ef einhver á veiði í ánni fyrir ofan mig, þá má jeg ekki þvergirða ána; en þegar jeg er einn eigandi að allri veiði í ánni, þá getur enginn bannað mjer að þvergirða hana. Jeg er sannfærður um, að nefndin gefur mjer rjett í þessu, þegar hún skoðar betur huga sinn. Sú var tilætlun laxalaganna 1876, að friða unglaxinn, svo að hann gæti aukizt, og almenningur eigi biði skaða við eyðing hans; þess vegna var svo mælt fyrir í lögum þessum, að á þeim stöðum, þar sem þvergirðingar má hafa, skyldi sjeð fyrir því, að bilið á milli spelanna væri nógu vítt. Þar sem varaforseti las upp tilvitnanir í ensk lög, þá sannar það ekkert; þingmaðurinn sýndi aldrei, að í þessum ensku lögum væri um einstaka menn að ræða, er ættu a l l a veiði í ánum. Annars er mjer fullkunnugt um það, að Englendingar eru svo sárir á eignarrjettinum og virða svo mikils friðhelgi hans, að þeir fara eigi að svipta menn honum að þarflausu. Einstakar greinir ætla jeg ekki að fara út í að þessu sinni, því að það á eigi við nú við þessa umræðu, enda hafa sumir þingmenn nógu mikið um þær rætt og bent á ýmsa smágalla við þær. En því verður ekki neitað, að lög þessi eru af sjerstökum rótum runnin, og fyrir því er það hin bezta sönnun, að menn hafa ekkert skipt sjer af því, hvernig laxalögunum hefur verið fylgt, og hver veiðimáti hefur tíðkazt nema á einum bletti landsins, nfl. hvernig lögin hafa verið haldin af eiganda Elliðaánna. Það er óheppilegt, ef þetta er sprottið af æsingum þeirra manna, sem sízt ættu að æsa menn til óspekta. Þingið ætti yfir höfuð að forðast að koma með lög, sem gefa tilefni til slíkra verka og slíks athæfis, sem menn hafa í frammi haft við eiganda Elliðaánna.

Varaforseti: Jeg ætla að svara þingmanni Reykvíkinga fáum orðum, sem einnig geta átt við mótbárur landshöfðingja. Mjer virðast þessir herrar halda sjer við sjerstaka skoðun í máli þessu; þeir halda sjer við sjerstakar ár, en þannig fór nefndin eigi að. En jeg vil óska þess, að menn haldi sjer við hina almennu stefnu máls þessa. Landshöfðinginn og þingmaður Reykvíkinga ganga út frá því, að með hæstarjettardómi þeim, er fjell í Elliðaámálinu hjer um árið, sje hverjum þeim leyft að þvergirða á, er einn á alla veiði í henni. Það gengur hreint yfir mig, að aðrir eins lagamenn og hinn háttvirti landshöfðingi og þingmaður Reykvíkinga skuli láta slíkt sem þetta sjer um munn fara. Það er auðsjeð af þessu, að þeir hafa eigi lesið vel brjef ráðgjafans fyrir Ísland um laxveiði í Elliðaám, dags. 26. maí 1877 (Stj.tíð. fyrir árið 1877, B. bls. 95). Í brjefi þessu segir svo: «Með því að fyrirmæli 2. greinar í lögum 11. maí 1875 um þvergirðingar yfir á virðast, eptir því sem kom fram í umræðunum um málið á alþingi, að öllu samanlögðu samkvæm frumreglunum í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., og að eins hafa að geyma nánari útlistun á þ e s s u m reglum, og með því að svo er að sjá á sambandinu milli Jónsbókar og laganna 11. maí 1876, sem ætlazt sje til, að skilyrði það, er áminnzt fyrirmæli Jónsbókar eru bundin, sem sje, að fleiri en einn eigi veiði í sömu á, þurfi einnig til þess, að 2. gr. laganna frá 11. maí 1876 verði beitt, virðist ákvörðun þessi, þrátt fyrir það, þótt orð hennar sjeu víðtæk, að eins stefna að því að tiltaka nákvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, er eiga veiði í sömu á, hverjum gagnvart öðrum. Eins og þess vegna með hæstarjettardómi frá 16. febrúar 1875 hefur verið ákveðið, að fyrirmæli Jónsbókar geti eigi varnað því, að Thomsen, sem einn á laxveiðina í Elliðaánum, þvergirði þessar ár, þannig hyggur ráðgjafinn eptir því, sem sem tekið er fram, að hann hafi þennan rjett eins eptir að lögin frá 11. maí 1876 náðu gildi». Ráðgjafinn styður eigi rjettinn til að þvergirða árnar á því, að einn maður sje eigandi þeirra, heldur á því, að viðaukalögin 11. maí 1876 gangi í sömu

stefnu og Jónsbók. Ráðgjafinn gefur þinginu með brjefi þessu bending um, að breyta lögum þessum í aðra stefnu. Meiningin í brjefi ráðgjafans er þessi: «Ef viðaukalögin 11. maí 1876 væru nógu ljós, ef þau væru annað en viðaukalög við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapitula, þá mundi jeg leggja þann úrskurð á, að viðkomanda eiganda væri eigi heimilt að þvergirða árnar. Ef lög þessi hjetu öðru nafni en viðaukalög, þá væri jeg á því, að banna mætti þvergirðingar«. Jeg skora á þingmann Reykvíkinga að segja mjer, hvort annað getur legið í ráðherrabrjefi þessu. Þingmaðurinn sagði, að Englendingar væru svo fastheldnir við eignarrjett manna og svo sárir á honum; og þetta er satt; en þó er það tekið upp í laxalög þeirra, að þótt einn maður eigi alla veiði í á, þá megi hann þar fyrir eigi þvergirða hana; en lögin veita þesssum manni þó ýmsar aðrar undanþágur í smáatriðum.

Halldór Kr. Friðriksson; Varaforseti sagði, að það lægi í ráðherrabrjefinu, að «með því að viðaukalögin væru að eins viðbót ein við Jónsbók, og skýring á henni, þá mundi hann (ɔ: ráðherrann) vera á því máli, að þvergirðingar væru leyfðar, og hefði ráðgjafinn með þessu gefið þinginu bending um, að breyta viðaukalögunum í aðra stefnu, svo að þau yrðu ljósari«. En maður getur skilið ráðherrabrjefið á annan hátt; vjer getum vel hugsað oss, að þessi sje meining ráðgjafans: »Ef jeg hefði álitið, að eignarrjettur nokkurs manns gæti skerzt með lögum þessum, þá hefði jeg aldrei staðfest lögin«.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 18 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 36. fundi, 11. ágúst.

Breytingartillögur I 257. 269—270.

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson): Nokkrar ýtarlegar breytingaruppástungur við nefndarfrumvarpið frá hinum heiðraða 1. þingmanni Eyfirðinga liggja hjer fyrir, en flestar eru þær að efni til og anda mjög sviplíkar frumvarpinu. Í 1. gr. hefur hann breytt veiðitímanum og bætt þeirri ákvörðun við, að sýslunefndir, með samþykki amtsráðs, ákveði veiðitíma í hverri á, og er þetta sama hugsun, sem felst í frumvarpinu, því öllum kemur saman um það, að ógjörlegt sje að setja fastákveðnar reglur um veiðitíma, vegna þess, hvað misjafnlega hagar til viðvíkjandi laxveiði og laxgöngu á hinum ýmsu ólíku stöðum, en jeg held, að breytingartillaga þingmannsins sje eigi nauðsynleg, því jeg ætla, að nægileg ráðstöfun í þessu efni sje fólgin í 5. gr. frumvarpsins, þar sem segir, að sýslunefnd megi gjöra nauðsynlegar undantekningar frá hinum almennu ákvörðunum laga þessara, ef sjálfum grundvallarreglunum sje eigi haggað. Jeg held líka, að breytingartillagan sje óhagkvæmari en frumvarpið, að því leyti, að hún bindur þetta eingöngu við fastar reglugjörðir, samþykktar af amtsráðum, en jeg ætla, að hagkvæmara sje að gefa sýslunefndunum meira vald og lausari hendur, að minnsta kosti til að setja bráðabirgðarreglur. Jeg felli mig ekki heldur við breytinguna við 2. grein. Ákvörðunin um 40 faðma millibilið eptir árfarvegi getur eins vel, eða öllu fremur, valdið misklíð og misskilningi, eins og millibil þau, er frumvarpið ákveður, enda kann á stöku stöðum að standa svo á, að allt veiðisvið einhverrar jarðar sje ekki lengra en einmitt 40 faðmar, og gæti þá þessi ákvörðun útilokað einstöku menn frá að nota veiðirjett sinn. Tillaga þingmannsins, að spelarnir sjeu sívalir, þykir mjer heppileg; orðið »lögreglustjóri« er og betur valið en »yfirvald«. Síðustu greinarnar eru víða betur orðaðar. Að sektirnar sjeu hækkaðar, get jeg vel fellt mig við, enda væri jeg ekki á móti að lækka hið lægsta stig þeirra, því vel getur hugsazt minna brot en 20 króna virði. Jeg álít óheppilegt, að samþykkja sína grein úr hvoru, frumvarpinu og breytingartillögunum, heldur ræð jeg hinni heiðruðu deild til að taka frumvarp nefndarinnar, því jeg álít betra, að nefndin og höfundur

breytinganna komi sjer saman í milli umræðnanna, því, eins og jeg ljet í ljósi við hina fyrri umræðu þessa máls, er jeg fyrir mitt leyti fús til að taka öllum þeim breytingum, er jeg álít til bóta.

Einar Ásmundsson: Jeg skal játa, að hinn heiðraði framsögumaður talaði með fullri sanngirni um tillögur mínar, enda skal jeg sýna jöfnuð í móti. 1. grein þykir mjer ljósar orðuð hjá mjer og frjálsari að því leyti, að þar er eigi byrjun og endir veiðitímans bundinn við sama mánaðardag fyrir allt land, en það álít jeg hagfelldara fyrir þá sök, að laxgangan er mismunandi á ýmsum stöðum, öðruvísi á Suðurlandi og Vesturlandi, en á Norðurlandi. Fyrir þessa sök vildi jeg setja þá ákvörðun, að veiðitíminn byrjaði «ekki fyrri en frá 20. degi maímán., og ekki seinna en frá 10. degi júnímánaðar», en að veiðitíminn sje þó ætíð og alstaðar 3 mánuðir. Enn fremur hef jeg gjört ákvörðunina nákvæmari um tímann, sem laxinn á hafa frjálsa göngu einu sinni í viku, með því að tilltaka, að hann skyldi vera frá miðri sunnudagsnótt til miðrar mánudagsnætur. Þetta kalla jeg ljósar ákveðið og frjálsara en í frumvarpinu. Um breytinguna við 2. grein skal jeg geta þess, að mjer þykir sú ákvörðun og þau fyrirmæli, sem jeg hef sett í breytingartillögu minni, líkari því, sem nú eru lög. Í lögum þeim, sem nú gilda, er bannað að leggja net eða garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra en út í miðja á, enda sje eigi vatn dýpst, þar sem net eða garður eða veiðivjel liggur. Eptir því sem laxveiðamenn segja, fer mestallur lax eptir dýpsta ál í hverri kvísl eða á, og dýpsti áll er því eiginlega hin sanna miðja árinnar, að því er laxveiðina snertir. Þar sem framsögumaður álítur, að eptirlitið á 40 faðma millibilinu upp og ofan eptir ánni verði of erfitt, þá get jeg ekki ætlað það erfiðara en eptirlitið á 1½ álnar breiðu göngunum milli þvergarðanna, samkvæmt nefndarfrumvarpinu; þar yrði eflaust hægra að fara kringum lögin, t. a. m. með lausavjelum, sem skjóta mætti fljótlega fyrir þessi mjóu göng og loka þeim með, þegar ekki væri hætt við, að neinn sá, sem það kynni að vilja átelja, yrði var við. Viðvíkjandi 3. grein er mín tillaga eflaust ákvarðaðri og vissari; árstraumar fyrir mynnum og ósum ná misjafnlega langt fram, og fer þetta eptir vatnsmegni, straumhraða og dýpi árinnar, og sömuleiðis er þetta takmark frumvarpsins mjög breytilegt eptir sjávarföllum, og getur því valdið sífelldum ágreiningi. Þess vegna álít jeg ráðlegt að tiltaka ákveðið faðmatal. 4. gr. ætla jeg sje öllu ljósar orðuð hjá mjer. Að öðru leyti þreyti jeg ekki til kapps um neitt í breytingum mínum, og gef mig gjarnan fanginn undir tillögur hins hyggna og hófsama framsögumanns, sem eflaust er slíku málefni kunnugri og vaxnari en jeg. Málið er áríðandi og vandamál, og ættu sem flestir þeirra, sem til þess treysta sjer, að láta skoðun sína í ljósi, áður en greidd eru atkvæði.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg tek það upp: málið er áríðandi; það er áríðandi, að laxveiði hjer á landi sje ekki skert eða skemmd, en því miður verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að hún verði það, ef þetta, sem hjer liggur fyrir, er gjört að lögum, það er að segja, skemmd fyrir mönnum, því jeg efast alls ekki um, að laxveiðin heldur eflist og aukist fyrir selnum. Tíminn frá 1. sept. til 1. júní, svo og 24 stundir á viku hinn tímann, þegar enginn má veiða, svo opin göng á hverri á, þar sem hún er dýpst, eða með öðrum orðum, þar sem laxinn gengur; þetta er mikið frelsi fyrir laxinn, og mundi sú raun verða á, að margur missti, skaðlaust nauðsynlegri laxgöngu, ekki litla veiði. Breytingarnar frá 1. þingmanni Eyfirðinga líka mjer talsvert betur. Þar sem t. d. frumvarpið gefur sýslunefndum vald til að veita undanþágur frá ákvæðum þessara laga, þó með því skilyrði, að óvilhallir menn vilji ábyrgjast fulla friðun laxins, — þá felli jeg mig betur við ákvarðanir 1. þingmanns Eyfirðinga í 5. gr. breytingartillaga hans. Jeg mun því greiða atkvæði mitt með breytingunum. Það er sjálfsagt nauðsynlegt, að

friða laxinn, svo hann geti tímgazt, en þá er of langt farið, ef hann er friðaður svo, að hann komi engum manni að notum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mín skoðun um frumvarpið er mjög lík skoðun 2. þingmanns Gullbringusýslu, enda fellst jeg ekki heldur á breytingartillögurnar. Hin heiðraða deild verður þó að gjalda sterkan varhuga við því, að ganga ekki of nærri eignarjetti manna. Að til taka sömu stærð á laxi í lögum fyrir allt land, leiðir til ranginda, því að það, sem er meðallax í einu hjeraði, er smálax í öðru, enda yrði lítil laxveiði eptir þessum lögum, þar sem lax er smæstur. Leyfi það, sem sýslunefnd og amtsráði er hjer gefið, er eigi nægilega tryggjandi svo lengi, sem þeim er ekki leyft að rýmka möskva eða millibil rima. Þar sem að eins smár lax gengur í ár, sje jeg ekki betur en öll veiði hverfi eptir þessum frumvörpum. Jeg vona, að nefndin athugi vel þetta mál og rýmki einkum vald sýslunefnda í þessu efni. Með 2. grein á auðsjáanlega að útiloka alla aðra veiðiaðferð en þá, sem þar er ákveðin. Þetta getur orðið fáum einstökum mikið ógagn en engum gagn, eptir mínum skilningi, og er afar-varhugavert gagnvart eignarrjetti manna. Eptir frumvarpinu má ekki veiða með föstum vjelum neinstaðar þar, sem áll er dýpstur; en þetta getur eytt allri veiði í minni ám; ár og vötn eru svo margbreytt, og eðli laxgöngu að sama skapi, að mjög erfitt er að einbinda alstaðar veiðiaðferð manna með slíkum föstum lagafyrirmælum. Eins er með hina tilteknu stærð hins friðaða lax; sá lax, sem ummáls er 9 þumlungar, getur verið að sje 2 þumlungar að þykkt þvert í gegn. Væri eigi mun rjettara að fela sýslunefnd á hendur að ákveða slíkar tölur eða stærðarmál, eins og þar eða þar hagar til? Jeg treysti hinni heiðruðu nefnd til að athuga miklu betur þetta frumvarp, og reyna til að fá því þannig breytt, að það verði öllum til gagns og efli laxveiði á landi hjer.

Framsögumaður: Jeg gleymdi að minnast á breytingartillögu 2. þingmanns Árnesinga, sem fer því fram, að lengja veiðitímann fram í september. Á þá ákvörðun fellst jeg með engu móti, því þá er fjöldi laxa farinn að hrygna, enda orðinn magur eða horaður; mundi slíkt mjög skemma viðkomu laxins og verða að almennum skaða. Um breyting 1. þingmanns Eyfirðinga við 2. grein vil jeg enn fremur athuga, að svo getur staðið á, að dýpsti áll sje við annan bakka árinnar, og væri þá með þessu leyft að girða frá öðru landinu meiri hluta, eða mestan hluta árinnar, þegar sá hluti er að eins grynnri en dýpsti állinn; en þetta gæti orðið hættulegt og valdið órjettvísi, einkum ef svo stæði á, að landeigandinn þeim megin, sem dýpsti áll er við bakka, eigi ætti land annarstaðar að ánni, eða þá, ef á annan hátt stæði svo á, að hann eigi gæti notað veiðirjett sinn; út af þessu gæti risið ágreiningur, og tel jeg því frumvarpið betra í þessu efni. Hinum heiðraða þingmanni Reykjavíkur og mjer kemur nú eflaust seint saman um ýms atriði í þessu máli. Hann gjörir fjarska mun á stærð laxins í hinum ýmsu ám landsins. Jú, jeg játa, að laxinn er eigi jafnstór í öllum ám, þótt eigi muni það eins miklu, eins og þingmaðurinn heldur, en þess ber og vel að gæta, að í sumum ám hefur þetta orsakazt af mannavöldum, og er það mjög eðlilegt, að laxinn sje minni í þeim ám, þar sem búið er að drepa allan stórlaxinn. Þingmaðurinn heldur, að 5—7 punda laxar smjúgi veiðivjelar eptir ákvæðum frumvarpsins og þar með allur lax í smærri vatnsföllum, en jeg get sannað — þótt eigi geti jeg sannfært hann — að þessar vjelar muni halda flest öllum ef eigi öllum 3 punda löxum. Hvað eignarrjettinn snertir, þá verð jeg að álíta, að sá einstaki eigi alls ekki að hafa meiri rjett í þessu efni, heldur en þó fleiri menn eigi veiði saman, því ef einn maður, sem á land tveim megin að einni á, mætti þvergirða á, eða á annan hátt veiða allan þann lax, sem þar kemur; þá hefðu líka fleiri menn hinn sama

rjett, ef þeir kæmu sjer saman um að veiða allan þann lax, er kæmi að löndum þeirra; jeg verð að álíta eignarrjettinn jafnfriðhelgan, hvort sem hann tilheyrir einum manni eða fleirum, og jafnframt verð jeg að álíta, að einstaks manns eignarrjettur hafi eigi meiri helgi gagnvart því almenna heldur en eignarrjettur fleiri manna í sameiningu; þess ber líka að gæta, að sá, sem einn á veiði í á, græðir eigi minna með tíð og tíma á þessum friðunarlögum, þótt hann eigi einn veiðina. En eptir setningu þingmanns Reykvíkinga má hann drepa allan lax, ef hann á einn alla veiði. Í þessum lögum ríður á, að eitt gangi yfir alla, því með því er eignarrjettinum bezt borgið. Þingmaðurinn misskilur frumvarpið, ef hann álítur, að allt dýpið eigi að vera opið. Þetta stendur hvergi, en nokkuð af því hlýtur opið að vera, því ella er áin sama sem þvergirt. Hinn sami þingmaður hjelt, að 9 þuml gildur lax væri meir en 2 þuml. þykkur, en ef hann gætir vel að, og aflar sjer upplýsingar um þetta, þá mun hann komast að raun um, að þetta mun láta nærri.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef leyft mjer að koma með breytingaruppástungu við frumvarp þetta, og hafa þingmenn eigi getað fellt sig við hana. Svo er um mitt kjördæmi, Árnessýslu, sem er sú sýsla, sem mest er laxveiði í, að þeir menn, er búa efst uppi með ánni; þeir eru útilokaðir frá allri veiði, og fá engan lax, ef þeir eiga að lifa eptir lögum þeim, er komu frá þinginu 1875. Svo stendur nefnil. á, að laxinn gengur eigi efst upp í Hvítá eða smáárnar, sem renna í Hvítá ofarlega, fyr en seinast í ágúst eða í septembermánuði, og þá er tímatakmark það útrunnið, er veiða má á. En þeir, sem niður með ánni búa, taka aptur á móti þegar hvern þann lax, er að landi gengur, þar sem þeir mega leggja sínar veiðivjelar þegar 20. maí, áður en nokkur lax gjarnast er genginn. Þetta getur því eigi kallazt almenn friðun. Áreiðanlegir menn hafa auk þess sagt mjer, að lax sá, er þeir veiddu í septembermánuði, væri eintómur hængur, og ætla jeg, að eigi þurfi að tortryggja þetta. Það er og sannreynt, að laxinn hrygnir fram á jólaföstu. Jeg hef því leyft mjer, að koma með breytingaratkvæði í þá átt, að laxinn skuli friðaður frá 15. degi septembermánaðar til 15. dags júnímánaðar. Mjer þótti og óákveðið, hvernig nefndin komst að orði í 1. grein: »og þar að auki 24 stundir í viku hverri frá sunnudagsnótt til mánudagsnætur«. Mjer virðist, að fara mætti svo í kringum þessa ákvörðun, að menn gætu verið að hringla í ánni alla nóttina, og veitt, og ef um eptirlit ætti að hugsa, annaðhvort af lögreglustjórninni eða þeim, sem ofar búa, þá er þetta ekki hagkvæmt eða vel hugsað, að binda þetta ekki við bjartan dag, eða hinn vanalega vinnutíma. Þótti mjer því betur fara, að orða þetta, svo sem jeg hef gjört. Að öðru leyti er jeg samþykkur því, og legg mikla áherzlu á það, að sýslunefndirnar fái sem mest vald í þessu máli. Mjer virðist heppilegri ákvörðun 1. þingmanns Eyfirðinga í tölul. 6. í breytingarappástungum hans, þar sem hann felur eptirlitið með, að lögum þessum sje hlýtt, á vald sýslumönnum og hreppstjórum; og er þessi ákvörðun ákveðnari en hjá nefndinni, þar sem eptirlitið er engum falið, nema sýslumaður á að taka upp ólögmætar veiðivjelar.

Halldór Kr. Friðriksson: Framsögumaður talaði um, að laxveiði væri nálega með öllu eydd í sumum veiðiám landsins. Jeg þræti nú ekki um það, en jeg hef heyrt þetta svo opt. Það kom fram hjer á þinginu 1871, að Borgfirðingar væru búnir að eyða allri laxveiði sinni í Hvítá. En jeg veit ekki betur, en að þar hafi veiðzt jafnvel betur eptir en áður. Gallinn er eigi sá, að of mikið sje veitt, og þótt laxveiðin í einhverri á hafi minnkað eða eyðzt, svo að jeg taki mjer orð framsögumanns í munn, þá mundi víst óhægt að sanna, að það kæmi til af því, að of mikið hefði verið veitt í ánni, eða að það orsakaðist af þeirri veiðiaðferð, er tiðkazt hefði þar, því að menn hafa ýmsar ímyndanir um slíkt, og er hægra

að segja, að það komi til af því og því, en að sanna það. Það er búið að dæma svo opt um þessar fiskiveiðar, og skoðanir manna um það efni hafa verið svo misjafnar og ólíkar, að eigi er hægt að segja, hver rjettust er. Hvorki jeg nje framsögumaður höfum nokkurn tíma lax verið, og getum við því hvorugur sagt, hverja hvöt laxinn hefur til þess að ganga annað árið upp í þessa ána, en hitt árið upp í hina. Þar sem hann segir, að grindurnar, eins og þær eru ákveðnar í frumvarpinu, haldi 3 punda laxi, þá verð jeg að neita því; jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að grindur þær, er nefndin tiltekur, haldi eigi 3 punda laxi. Þar sem framsögumaður sagði, að lög þessi ættu að ganga jafnt yfir alla, hvort sem einn eða fleiri ættu veiði í á, þá er það hvorki rjett nje sanngjarnt. Það er mikill munur á því, hvort einn eða tveir menn búa við ána efst uppi við fjöll, og eiga þar veiði í henni, því að þá eiga þeir eigi alla veiði í ánni, og þessir menn mega því eigi skemma fyrir öðrum veiðina, eða það er einn maður, sem á alla veiði í ánni; því að ef svo stendur á, að einn maður á alla veiðina í ánni, þá er allt öðru máli að gegna. Jeg hef að vísu alls eigi neitt á móti því, að þessum manni sjeu sett hæfileg takmörk fyrir því, hve stór sá lax sje, er hann megi veiða. Varaforseti skírskotaði um daginn í ensku lögin frá 1861. (*Varaforseti*: Jeg sagði, að í þeim lögum væri þeim, er einn ætti alla veiði í á, bannaðar þvergirðingar). Mjer stendur á sama, þingmaðurinn getur eigi sagt, að í öllum ám á Englandi og Skotlandi sjeu bannaðar þvergirðingar. En einmitt þessi lög frá 1861 ná eigi nema til ánna á Englandi, og þó eigi til þeirra allra, því að áin Tweed er undanskilin. Þar þykir þó ástæða að gjöra undantekning og þess vegna ætti oss eigi heldur að þykja minnkun að því, að gjöra undantekning frá lögunum. Framsögumaður sagði, að þvergirðingar skyldu bannaðar, þar sem vatn væri dýpst. En jeg verð að ætla, að það sje hreinn óþarfi, því að þótt kista sje í þessum dýpsta ál, þá vex vatnið í hinum grynnra hlut árinnar við það, og hefur því laxinn þar fríja rás. En þó að girt sje fyrir laxinn þar, er grynningarnar eru, en allur dýpsti hlutinn sje ógirtur látinn, þá er það hið sama sem að banna veiðina. Furðar mig stórum á því, að eins skynsamur maður, og eins vanur veiðimaður og framsögumaður er, skuli koma með slíkt.

Varaforseti: Framsögumaður mælti svo vel fyrir máli þessu, að jeg hef þar litlu við að bæta. En á einu furðaði mig, að þingmaður Reykvíkinga skyldi í andarslitrunum vera að egna menn upp á móti sjer, og verður hann að kenna sjálfum sjer um, þó jeg neyðist til að kasta einni eða tveim rekum á hann. Þó að jeg segði, að ýmsar undantekningar giltu um veiðina í þeim ám á Englandi, er einn maður er eigandi að allri veiði í, þá gildir þessi regla eigi um þvergirðingar, þótt löghelgi eigi sjer stað frá ómunatíð, (*Halldór Kr. Friðriksson*: Tweed). Sú á er undantekning, af því að hún er undir þeim lögum, er giltu, áður en lögin frá 1861 náðu gildi. Þingmaður Reykvíkinga talar annars, eins og hann ætti veiði í einhverri sjerstakri á. En þetta frumvarp nefndarinnar hefur ekkert tillit til þess, hvort einn eða fleiri eiga veiði í á, hvort þeir eru heldur 10 eða 12, heldur er frumvarp þetta almenn friðunarlög; hjer er eigi talað um að halla rjetti neins manns. 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að nefndinni hefði eigi tekizt að friða laxinn fyrir seli og örn. Þetta er satt; og ef 2. þingmaður Gullbringusýslu vill koma með breytingaratkvæði í þá stefnu til 3. umræðu, þá er honum það í sjálfsvald sett. Það er snertir ágreining þann, er risið hefur millum framsögumanns og hins háttvirta framliðna þingmanns Reykvíkinga, þá skal jeg taka það fram, að þegar jeg heyri framsögumann segja, að 9 þumlunga lax sje eigi 3 pund, og þegar jeg enn fremur heyrði þingmenn játa, að framsögumaður bæði vilji vel og sje laxfróður maður, þá

ætla jeg, að þessi orð hans sjeu trúverðug. Það hefur verið tekið fram, að ákvörðunin í 2. gr. um hin opnu göng, er vera skulu eptir ánni, þar sem vatnið er dýpst, og ákvörðunin í 4. grein um bilið á milli spelanna, sje óheppileg. En jeg skal geta þess, að ákvarðanir þessar eru fyrst og fremst teknar úr hinum ensku veiðilögum upp í hin norsku veiðilög, og þaðan höfum vjer fengið þær, og verð jeg að ætla, að vjer Íslendingar sjeum eigi laxfróðari en þessar þjóðir. Þingmaður Reykvíkinga var eigi á því, að lax mundi ganga til þurrðar í ám hjer á landi; en þó get jeg fært honum það dæmi, að í Víðidalsá er laxinn genginn svo til þurrðar, að þar engin veiði framar er. Það er snertir breytingaruppástungur 1. þingmanns Eyfirðinga, þá má segja um þær, eins og annað, er frá þeim manni kemur, að þær eru sjerlega vandaðar, en þó einkum að orðfæri. Eins og framsögumaður benti á, er ákvörðun 2. greinar í breytingaruppástungum þingmannsins eigi heppileg. Að öðru leyti tek jeg það fram, að mjer er svo annt um, að hin bágborna rjettarmeðvitund, er á sjer stað hjer, það er laxveiðar snertir, hverfi, að jeg er fús á að fallast á breytingartillögur 1. þingmanns Eyfirðinga, ef þær þykja betri, heldur en að málið falli. Jeg verð að álíta sumar orðabreytingarnar til góðs, svo sem í 1. lið «hvarvetna» í stað «hvervetna» og í 4. tölulið «spölur» í stað «speli». Þessar breytingar verð jeg að álíta breytingar til hins betra. Sumir hafa fundið að því, að ákvörðunin í 1. grein um tímann sje eigi hentug alstaðar á landinu; en 5. grein ræður bót á þessu vandkvæði, þar sem sýslunefndirnar eptir henni geta gjört breyting á þessu, ef þörf þykir til þess bera. Eitt þótti mjer merkilegt; 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að hann vildi gjöra sem minnstar breytingar, af því að hann væri eigi laxfróður maður. En þegar til kemur, þá sjáum vjer, að þingmaðurinn breytir hverri einustu grein í frumvarpinu.

Framsögumaður: Jeg ætla að gjöra eina athugasemd við ræðu þingmanns Reykvíkinga. Hann sagði, að vatnið dýpkaði í opinu við garðsendana. Þetta er rjett, þegar svo stendur á, að sandur er í botninum á ánni, en þar sem klappir eru í botninum, þar dýpkar vatnið ekki, af því að það nær ekki að grafa sig niður. En væri nú botninn laus, þar sem garðurinu væri lagður og kista eða önnur veiðivjel væri svo sett í þennan garð og ef þessari veiðivjel væri svo hagað, að hún eigi hlífði botninum, þá getur áin grafið sig niður, og síðan komið áll á grynningunum á þessum stað. Hvernig sem jeg skoða þetta, þá sje jeg eigi, að þessu verði komið fyrir á betri og hagfelldari hátt en frumvarpið gjörir.

Þorlákur Guðmundsson: Í 6. gr. laganna frá 11. maí 1876 er þessi ákvörðun, að amtsráðin gjöri undantekningar, lík þeirri, sem er í 5. gr. þessa frumvarps, en jeg veit ekki, hvort nokkurntíma hefur verið reynt að neyta þeirra, en það er því verra, ef það hefur alveg verið vanrækt að reyna þvílíkar undanþágur, þegar svo stóð á að það var nauðsynlegt Jeg verð líka að taka það fram, að mjer fellur betur 5. gr. eptir breytingartillögu 1. þingmanns Eyfirðinga, heldur en hjá nefndinni. Það er mjög áríðandi, að sýslunefndunum sje gefið sem mest vald til að gjöra aukaákvarðanir, einkum þar sem svo hagar til, að smáár eru. Það var ágreiningur milli framsögumanns og þingmanns Reykvíkinga um það, hvort lax væri að smækka hjer í ám eða eigi. En jeg skal geta þess, að jeg hef gamalla manna sagnir fyrir mjer, að lax hjer í Korpúlfsstaðaá og Elliðaánum hafi mikið smækkað í seinni tíð. Og það er mín meining, að ef eigandi Elliðaánna hefði kisturnar ofar í ánum, t. d. upp undir Stórafossi, þá veiddi hann miklu meira, því að þá gæti laxinn notið eðlis síns til að fjölga, er hann væri eigi strax veiddur niður undir árósum, og enda hrakinn til baka frá ferska vatninu, með þvergirðingum fast niður við sjó.

Páll Pálsson bóndi: Mjer finnst 1. gr. 1. þingmanns Eyfirðinga vera samhljóða 5.

gr. nefndarinnar, þótt hún sje með öðrum orðum; álít jeg hana því litla breyting. Í 1. gr. hjá honum er tímatakmarkið að vísu sett, en þó svo, að sýslunefnd eða sýslunefndir skulu ákveða hve nær veiðitíminn skal byrja og enda, en hjá nefndinni er tímatakmarkið fast á kveðið í 1. gr., en sýslunefndinni eða sýslunefndunum er aptur í 5. gr. gefin heimild að veita undanþágu frá þeirri ákvörðun, sem öðrum í lögunum, þar sem það virðist mjög nauðsynlegt, þó með því skilyrði, að álit óvilhallra manna sje fyrir því, að breytingin sje nauðsynleg, en skaði þó ekki friðun laxins; þetta skilyrði finnst mjer ómissandi. Eptir veiðilögunum á hver landeigandi út í miðja á eða árfarveg. En með 2. gr, breytingartillögunnar breytist þessi rjettur, þar í henni er leyft að leggja út í miðjan dýpsta ál árinnar. Nú getur hylurinn eða állinn verið við annan bakkann, og þegar leyft er að leggja út í miðjan dýpsta ál, þá má leggja næstum yfir þvera ána. Þannig getur veiðihafið orðið því nær allt öðru megin, en sem ekki neitt hinu megin; þetta virðist ekki vera rjett hugsað hjá þingmanninum. Það er snertir þetta 40 faðma millibil, þá hagar víða svo til, að jarðir eiga ekki svo mikið land að einni á og þó svo sje, þá verða veiðivjelar ekki við hafðar nema á einum stað fyrir landi jarðarinnar, svo að þessi ákvörðun er ekki hentug. Jeg sje ekki, að ákvörðun nefndarinnar, að opin göng sjeu höfð neðan úr botni þar, sem vatnið er dýpst, sje ísjárverð; einhverja ákvörðun verður að hafa. Að öðru leyti eru breytingar 1. þingmanns Eyfirðinga mest orðabreytingar og að efninu er öðruvísi niðurraðað, og getur hann og nefndin sjálfsagt komið sjer saman um þær. Þingmaður Reykvíkinga talaði mikið um stærð laxins, eins og æfður veiðimaður. En jeg get sagt honum, að það er áreiðanlegt, að 3 pnd. lax er fullir 9 þumlungar ummáls, og jeg vil spyrja þingmanninn, hvort hann er viss um, að þessi smái lax tímgist á því ári, sem hann er svona lítill. Ef hann nú ekki tímgast svona ungur, þá er ekki nóg að friða hann eingöngu heldur verður einnig að friða nokkuð af hinum stærri líka, og til þess verður að banna allar þvergirðingar. Mjer sýnist því, að deildin ætti að fallast á frumvarp nefndarinnar; orðfærið má auðvitað laga, en eins og framsögumaður tók fram, hygg jeg eigi heppilegt, að samþykkja sumt úr því en sumt úr breytingartillögunni; því að það getur orðið málinu að falli, en það virðist mjer óheppilegt vegna hinnar miklu rjettaróvissu, sem nú á sjer stað, eptir þeim lögum, sem nú gilda.

Einar Ásmundsson: Jeg álít varúðarvert að leggja í vald sýslunefndanna að gjöra undanþágur frá lögunum, og vil eigi leyfa, að lögunum sje raskað í nokkru af þeim, heldur að eins gefa nefndunum myndugleika til að semja reglugjörðir um allt það, sem lögin láta óákveðið. Jeg vil ekki taka inn í lögin aðrar reglur eða ákvarðanir en þær, sem mega standa stöðugar og óhaggaðar, en lofa svo sýslunefndum og amtsráðum að hafa frjálsar hendur til að haga öllu öðru eptir því, sem henta þykir í hverjum stað. Það var misskilningur hjá 2. þingmanni Húnvetninga, þar sem hann sagði, að eptir minni tillögu mætti sá, sem veiði á að eins fram í miðja á, leggja langt um lengra en hann á veiði, þegar dýpsti áll er við landið á móti. Þetta liggur engan veginn í orðunum í breytingartillögu minni. Ef maður á ekki nema út í miðja ána, þá má hann heldur eigi leggja lengra, þó langt sje enn eptir að miðjum dýpsta ál. Þótt enginn megi leggja l e n g r a en fram í miðjan dýpsta ál, þá hlýtur margur ef til vill að leggja s k e m m r a, þegar svo er ástatt sem þingmaðurinn gjörir ráð fyrir. Ef sá helmingur, sem einhverri jörð heyrir til af veiðiá, er mjög grunnur, þá leiðir þar af, að þar getur eigi verið nema ljeleg eða alls engin veiðistöð.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, voru greidd a t k v æ ð i í málinu, og fjellu þau á þessa leið:

1. Breytingartillaga frá Þorláki Guðmundssyni felld með 10 atkvæðum gegn 1.
2. 1. liður í breytingaratkvæði Einars Ásmundssonar samþykktur með 11 atkv.
3. 1. gr. frumvarpsins þar með fallin.
4. 2. liður í breytingaratkvæði Einars Ásmundssonar felldur með 10 atkvæðum gegn 8.
5. 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.
6. 3. liður í breytingaratkvæði Einars Ásmundssonar felldur með 12 atkvæðum gegn 6.
7. 3. gr. frumvarpsins samþykkt með 13 atkvæðum.
8. 4. liður í breytingartillögu Einars Ásmundssonar samþykktur með 11 atkv.
9. 4. gr. frumvarpsins þar með fallin.
10. 5. liður í breytingartillögu Einars Ásmundssonar samþykktur með 12 atkv.
11. 5. gr. frumvarpsins þar með fallin.
12. 6. liður í breytingartillögu Einars Ásmundssonar samþykktur með 12 atkv. gegn 7.

að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson prestur,
Páll Pálsson bóndi,
Þórður Þórðarson.

13. 6. gr. frumvarpsins þar með fallin.
14. 7. liður í breytingartillögu Einars Ásmundssonar samþykktur með 15 atkv.
15. 7. gr. frumvarpsins þar með fallin.
16. 8. — —— samþykkt með 15 atkvæðum.
17. 9. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum.
18. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.
19. Málinu skotið til 3. umræðu með 15 atkvæðum.

Annar þingmaður Eyfirðinga og fyrri þingmaður Norðurmúlasýsln voru gengnir af fundi á undan atkvæðagreiðslunni með leyfi forseta.

Þriðja umræða í neðri deild, á 41. fundi, 14. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 350—351.

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson): Jeg ætla, að jeg þurfi eigi að tala margt, þar sem engar breytingaruppástungur liggja fyrir, og gæti jeg því sparað mjer umræður um þetta mál að svo komnu. Jeg ætla samt með sem fæstum orðum að drepa á það, er þingmaður Reykvíkinga sagði við 2. umræðu máls þessa, og þá sjer í lagi það, er hann líkti saman þekking manna á fiskigöngu í sjó og laxgöngu í ám. En jeg held, að þetta sje alveg ólíkt og geti eigi komizt í neinn samjöfnuð. Í smá-ám þekkir maður botninn og straumlagið, og sjer því, hvernig þessu er háttað og hvernig laxinn hagar göngu sinni. Hann sagði, að laxinn gengi þetta árið í þessa ána, en hitt árið í hina. En þetta er alveg gagnstætt þeirri reynslu, sem bæði er hjer á landi og í útlöndum, og þvert á móti því, er hinir laxfróðustu menn segja. Það er viðurkennt, að það sje hið almenna,

að sami laxinn gangi ár eptir ár í sömu ána. Jeg gæti leitt vitni að því að menn hafa þekkt sömu laxana ár eptir ár í sama fljótinu, svo lengi sem þeir hafa fengið að lifa. Jeg skal játa, að laxgangan í ánum getur breytzt af öðrum orsökum en mannavöldum, bæði af því að árósar grynnast og breytast, og af fleiri breytingum á ánum og straumlaginu í þeim. En sú ályktun, að menn geti eigi þekkt laxgönguna betur en fiskigönguna, er gagnstæð kringumstæðunum og þeirri þekkingu, sem menn hafa á þessu máli.

Halldór Kr. Friðriksson: Framsögumaður neyðir mig til þess að standa upp, þótt jeg ætlaði eigi að standa upp; því að annaðhvort hefur hann ranghermt orð mín eða hann hefur misskilið þau. Jeg sagði, að menn gætu eigi dæmt svo um laxgönguna í ánum, að þeir gætu sagt með nokkurri vissu, hvers vegna laxinn gengi í ána þetta árið, en eigi hitt, eins og á hinn bóginn eigi verður sagt, hvernig á því stendur, að fiskurinn gengur eigi inn á þetta miðið þetta árið, heldur hitt miðið. Ef jeg spyr þingmanninn, hvers vegna laxinn sje svo lítill í ánum á Suðurlandi nú í sumar, þá getur hann eigi svarað mjer neinu, sem nokkur sönnun sje, hversu mikið sem hann skrifar. Hver ástæða er til þess, að laxinn er svo lítill í Hvítá í Borgarfirði í ár? Slíkt er eigi unnt að segja. Og ef eigi verður sögð orsökin til slíks, þegar um hinar stærri árnar er að ræða, þá verður orsökin eigi heldur sögð, þegar um hinar minni árnar er að ræða. Og þar sem framsögumaður sagði, að hann og aðrir hefðu þekkt sama laxinn ár eptir ár í sama fljótinu, þá held jeg, að þurft hafi að setja merki á þennan lax til þess að hann þekktist aptur, (*Flutningsmaður*: Það var gjört), og þótt merki hafi verið sett á lax þennan, og hann þekkzt aptur næsta ár, þá er eigi þar með sagt, að allir laxar gangi ár eptir ár í sömu ána. En látum það nú svo vera, að hver lax leiti á sínar gömlu stöðvar; en hví er áin þá laxlaus þetta árið, þar sem þó bezta laxveiði var hitt árið? Þessu verður eigi svarað, eins og því heldur eigi verður svarað, hví fiskilaust eða fiskilítið hefur verið í Faxaflóa 3 undanfarin ár, en góðar fiskiveiðar í ár. Hvernig stendur á því, að góð veiði er í Elliðaánum í sumar, en lítil veiði annarsstaðar? Fyrir þessu verða eigi sagðar neinar verulegar ástæður, en það má geta sjer ýmislegs til. Ef sagt er, að það sje af mannavöldum, að svo lítið veiðist í Hvítá í sumar, hví gengur laxinn þá eigi í aðrar ár? Það er varúðarvert, að leggja sleggjudóma á um það, hverjar ástæður eru til þessa. Þegar menn ætla að byggja lög á ástæðum, þá verða menn að þekkja þessar ástæður til hlítar. Það verður að fara varlega í, að draga ályktanir af þess konar viðburðum, sem fyrir kunna að koma, en menn geta eigi gjört sjer ljósa grein fyrir.

Framsögumaður: Mig furðar á því, hve þingmaður Reykvíkinga er illa að sjer í máli þessu; en af því að jeg er góður kunningi hans, þá vil jeg gjarnan leiðbeina honum dálítið, af því að jeg þekki betur til þessa máls. Jeg ætlast eigi til þess af þingmanninum, að hann viti allar orsakirnar til þess, hvernig laxinn hagar göngu sinni; en hefði hann um sína tíð tekið betur eptir ýmsu, er að þessu máli lýtur, þá hefði hann haft tækifæri til að kynna sjer þetta *mál* betur. Jeg gæti komið með margar ástæður fyrir því, að laxinn gengur minna í sumar árnar annað árið en annað, ef mjer þætti þörf á því, og skal jeg að eins til færa fátt eitt. Það er t. d. áreiðanlegt um smáar ár, að þegar þær botnfrjósa undir eins á haustin og hrognin þannig eyðileggjast, þá gengur minni lax upp í þær næsta ár á eptir; þegar þurviðri vilja til að vorinu um laxgöngutímann, eða þegar lítill snjór er í fjöllum og ár vatnslitlar, þá hamlar það laxgöngunni, og miklu fleira mætti telja, ef

þess væri nokkur þörf, en jeg held, að þess þurfi ekki. Jeg ímynda mjer, að deildin álíti það einskis virði, er þingmaður Reykvíkinga ber blákalt áfram í máli þessu, án þess að færa nokkur rök fyrir orðum sínum, og án þess að hann taki nokkuð til greina þau rök og þær sannanir, er aðrir þingmenn færa fyrir máli sínu.

Varaforseti: Með tilliti til þess, er þingmaður Reykvíkinga sagði, verð jeg að lýsa sorg minni yfir því, að mjer og þingmanninum getur eigi komið saman um neitt það, er að fiskiveiðum lýtur. Þingmaðurinn sagði um daginn, að á Englandi væru gjörðar ýmsar undantekningar með þær ár, er löghelgi hefði verið á frá ómuna tíð. Þetta á sjer stað með sumar ár, en eigi allar, og sjer í lagi gildir þetta um eina á á Englandi. En jeg skal aptur á móti benda þingmanninum á það, er stendur í hinum ensku laxalögum frá 6. ágúst 1861, og lesa má á 264. og 265. bls. í alþingistíðindunum 1867 II. parti. Í 11. grein þessara laga segir svo: «Enga fasta veiðivjel af neinu tagi má láta niður eða nota til laxveiða í nokkru landvatni eða slíkum vötnum, er flæðir í og fjarar»; og í enda hinnar sömu greinar stendur: «Þó skal grein þessi ekki rjúfa neinn fornan rjett eða fiskiaðferð, sem framin er í löghelgi, þá er þessar ákvarðanir verða að lögum, samkvæmt heimildum og lofum frá ómunatíð». Af þessu sjest, að hin almenna regla er sú, að eigi má skerða með lögunum rjett þann, er löghelgi heimilar, og má enn fremur sjá það af upphafinu á 12. grein, er þannig hljóðar: «Enga veiðigarða nje fiskistíflur við mylnur skal við hafa til veiðiljettis, nema slíkar stíflur, er notaðar eru í fullri löghelgi eptir ómuna heimild eða eldgömlum lofum». Þetta eru nú þær undantekningar, er ensku laxalögin gjöra. En nú segir enn fremur í 12. gr.: «Má og enga fiskistíflu við hafa til laxveiða jafnvel þó hún sje í löghelgi notuð, svo sem áður er tekið fram, nema á henni sje op það til frjálsrar fiskigöngu, er hjer eptir verður nefnt. Enga mylnu fiskigarða, þó í löghelgi sjeu notaðir, svo sem fyr segir, má viðhafa til laxveiða, nema á þeim sje fiskismuga, svo löguð og víð, sem innanríkisráðaneytið heimilar, slíkan garð má heldur ekki nota til laxveiða, nema því að eins, að ávallt sje nógur vatnsstraumur í greindri smugu til þess, að lax geti farið upp og niður um hana o. s. frv. Af þessu sjest, að Englendingar banna allar þvergirðingar, og það í þeim ám, sem löghelgi er á frá ómunatíð. Að þessum orðum vil jeg leiða athygli þingmanns Reykvíkinga, þannig mæla lög Englendinga fyrir, og verð jeg að ætla, að oss þurfi eigi að þykja minnkun að, að fylgja dæmi Englendinga. Jeg verð að ætla, að frumvarp það, er hjer liggur fyrir, sje mikil rjettarbót, og það ímynda jeg mjer að hver sá, er friðinn elskar, játi, því að ef frumvarpið yrði að lögum, mundi það girða fyrir það hið hryggilega rjettarástand og rjettarmeðvitund, er nú á sjer stað í máli þessu. Með þeirri þvergirðingu vil jeg vera, því að það væri næsta óheppilegt, ef nú skyldi koma aptur það ófriðarástand, sem forðum átti sjer stað á Sturlungaöld. Jeg vona að báðir flokkarnir í máli þessu, bæði þeir, er halda fast við hin eldri viðaukalög frá 11. maí 1876, og hinir, er álíta, að hverjum sje heimilt að fylgja sínum skilningi á lögunum, jeg vona, að báðir þessir flokkar leiðist til þess, að verða frumvarpi þessu hlynntir.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og þingmönnum er kunnugt, kom jeg með breytingartillögu við frumvarp þetta við 2. umræðu málsins, nefnilega við 1. grein frumvarpsins, en henni var eigi vel tekið. Jeg bjóst nú við, að nefndin mundi sjálf gjöra einhverjar breytingar við frumvarpið eptir þeim bendingum, er hún fjekk við 2. umræða; en mjer hefir brugðizt þessi von; því að, eins og framsögumaður tók fram, hefur engin breytingartillaga verið gjörð við frumvarpið að þessu sinni. En jeg verð samt sem áður að lýsa því yfir, að jeg er hálf myrkfælinn

við 1. grein frumvarpsins. Jeg get eigi fellt mig við þessa ákvörðun, að lax skuli vera friðhelgur «frá miðri sunnudagsnótt til miðrar mánudagsnætur». Mjer virðist fjarskalega óheppilegt, að binda þessa ákvörðun við nóttina, einmitt þann tímann, þegar menn eru í fasta svefni og eiga að hvíla sig eptir dagsins erfiði; jeg get eigi heldur skilið í því, hvernig menn eiga að taka upp veiðivjelarnar og leggja þær aptur um miðja nótt þegar dimmt er orðið. Jeg held, að slíkt gæti orðið til þess að menn drukknuðu, enda er það eigi óalmennt hjer á landi, að menn hafa farizt þannig vofeiflega við veiðiskap, og það sjer hver heilvita maður, að þegar menn eru að gutla við þessar laxveiðar um há-lágnættið, og það ef til vill í stórum ám, þá er eigi við öðru að búast en einhverjum slysunum. Eptir frumvarpi þessu er auðsætt, að ef það verður að lögum, þá er mönnum annaðhvort að gjöra, að hringla við veiðiskapinn alla nóttina, eða þá að bíða dagsbirtunnar, og leggja þá veiðivjelar sínar, en við það missist af tímanum. Jeg held því, að svo fari, að ef frumvarp þetta verður að lögum, þá verði ómögulegt að hlýðnast því. Það er snertir 3. grein frumvarpsins, þá kom 1. þingmaður Eyfirðinga með breytingartillögur við hana til 2. umræðu, og virtist mjer sú breytingartillaga hin heppilegasta, þar sem hún fór því fram, að eigi megi leggja net eða aðra veiðivjel í stöðuvatn eða sjó úti fyrir árósum, sem lax gengur í, svo eigi sje að minnsta kosti 40 faðma breiður vegur, þar sem vatn er dýpst, er lax geti haft frjálsa göngu um. En þessi breytingartillaga var nú felld við 2. umræðu. Í frumvarpinu er grein þessi orðuð þannig: «Ekki má leggja net eða veiðivjel í eða úti fyrir ár- eða vatnaósum, svo langt sem ár eða vatnsstraumur nær». Það, hvar straumurinn þrýtur, er komið undir mismunandi kringumstæðum, sjer í lagi, hvernig á sjó stendur, hvað fjöruborð er mikið, hvað hálent er, þar sem ár falla í sjó. En má jeg spyrja: hver á að meta, hversu langt þessi ár- eða vatnsstraumur nær? Og hvað tekur við, þegar straumur þessi þrýtur, mega menn þá þvergirða? Jeg held, að það gætu orðið mismunandi meiningar um, hvar straumurinn þryti, eða hve langt hann næði, og gæti sú raunin á orðið eptir á, að þessi ákvörðun frumvarpsins væri mjög misskilin og enda vanbrúkuð; enda held jeg hana alveg óhafandi, að minnsta kosti tekur hún ekki fram sams konar ákvörðun í friðunarlögunum frá 11. maí 1876, og furðar mig á, að nefndin hefur ekki sjeð þennan augljósa galla.

Framsögumaður: 2. þingmaður Árnesinga er allt af að hugsa um haustnóttina; en jeg vona, að hann sje nú horfinn frá því, að vilja leyfa að veiða fram á haust. En það lítur út fyrir, að þingmaðurinn hafi eigi gætt að því, er stendur í 5. grein frumvarpsins, þar sem sýslunefndum og amtsráðum er heimilað, að kveða skýrar á um ýms atriði í lögunum og semja reglugjörð í því augnamiði. Það er því auðvitað, að eins mætti laga það atriði í 1. grein, er 2. þingmaður Árnesinga hefur fundið að, sem annað, þar sem sýslunefndunum er heimilt að gjöra ýmsar undantekningar frá hinum einstöku ákvæðum laganna, og get jeg eigi sjeð, að það geti skaðað eða los komi á lögin fyrir það, þótt sýslunefndunum sje leyft að slaka til í ýmsum tilfellum, frá því sem lögin ákveða. Sama er að segja um það, er 2. þingmaður Árnesinga fann sjerstaklega að 3. grein, að það heyri undir sýslunefndirnar í sýslufèlagi hverju, að laga misfellurnar á þeirri grein sem öðrum greinum frumvarpsins. Annars vona jeg, að þingdeildinni sje orðið mál þetta svo kunnugt, að hún eigi hægt með að greiða atkvæði um það, enda sýndi atkvæðagreiðslan við 2. umræðu máls þessa það, því að það tókst furðu vel að vinza hið helzta úr í frumvarpinu og þeim breytingartillögum, sem þá lágu fyrir. Misskilning þingmanns Reykvíkinga er ómögulegt að leiðrjetta, því að jeg verð að ætla, að þær ástæður sjeu komnar fram í máli þessu, að hver heilvita

maður, sem eigi er blindaður af hleypidómum, ókunnugleik og vanþekkingu, hljóti að sjá, að frumvarp þetta er á góðum og gildum rökum byggt og svo ljóst, að eigi þurfi meira en meðal vit til að skilja það. Eða skyldi það vera nokkur gild ástæða gegn friðunarlögum, að menn þekkja eigi út í hörgul allt eðli laxins, uppruna hans og uppeldi, nje af hverjum orsökum það kemur, að veiðilítið er eitt ár fremur en annað. Ef eigi ætti að setja lög um neitt, fyr en mönnum er fullkunnugt um allt ástand náttúrunnar og hafa fullkomna þekking á eðli fugla og fiska til hlítar, þá hygg jeg að fá lög mundu samin, því að jeg ætla, að það sje almennt viðurkennt og hafi ávallt verið játað, að mannleg skynsemi sje ófullkomin og mannlegt hyggjuvit nái skammt. En ef þingmaður Reykvíkinga er annarar meiningar en jeg um þetta efni, og hann ætlar, að menn geti kannað leyndardóma náttúrunnar, þá hlýtur hann að ganga út frá því, að mennirnir hafi nú meira vit, en þeir hafa haft til þessa.

Þorlákur Guðmundsson: Það er undarlegt að vera alltaf að miða við þessa 5. gr., rjett eins og hún væri búin til, til þess að sýslunefndirnar gætu leikið sjer að frumvarpi þessu, eins og skopparakringlu. Það er sjálfsagt, að sín reglan hentar hverju hjeraðinu, það er laxveiðar snertir, og í því tilliti er nauðsynlegt að gefa sýslunefndunum heimild til að breyta hinum einstöku ákvörðunum laga þessara, ef þeim þykir þess þurfa, og þær álíta, að það henti betur í þeirra sýslufjelagi; en lögin frá 11. maí 1876 heimila einnig amtsráðum slíkar breytingar. En mjer þykir það undrum sæta, að þegar verið er að búa til friðunarlög fyrir lax, þá sje um leið með sömu lögum búnar til gildrur fyrir menn, og svo er um þessi lög, ef þeim skal fylgt; en jeg er eigi hræddur um, að þótt frumvarp þetta verði að lögum, þá verði því nokkurntíma hlýtt, að minnsta kosti eigi hinni 1. grein þess, enda hverfur með þessari miðnættisseiningu allt eptirlit, og allir mögulegleikar á eptirliti með þessum myrkraverkum.

Páll bóndi Pálsson: Jeg hef litlu að bæta við það, er framsögumaður og varaforseti hafa tekið fram. Það er misskilningur hjá 2. þingmanni Árnesinga, þegar hann var að setja út á 1. grein frumvarpsins. Aðalatriðið var það, að friða laxinn 9 mánuði af ári hverju, og auk þess 24 tíma í viku hverri; en til þess að tiltaka eitthvert víst tímatakmark, þá stakk nefndin upp á, að laxinn skyldi friðaður frá miðri sunnudagsnótt til miðrar mánudagsnætur. Hugmynd nefndarinnar var sú, að hún vissi, að ádráttur á ár tíðkast opt og tíðum helzt á laugardögum, og er opt verið að því fram yfir kl. 6 eða fram undir klukkan 12; þetta er hagkvæmt vegna sláttarins, því flestir þeir, er ádráttarveiði stunda, brúka einmitt tímann frá kl. 6 til kl. 11 til 12 til þessa veiðiskapar á laugardagskvöldum. Mjer virðist lítil ástæða til þess að ætla, að menn muni fara sjer að voða, af því að þeir verði við veiðiskapinn fram á svarta nótt; enda er eigi heldur neinum bannað þeim, er fastar veiðivjelar hafa, að taka upp veiðivjelarnar nokkru fyrir miðnætti á laugardagskvöldum, svo að þeir lendi eigi í myrkri. Framsögumaður tók það og skýrt og skorinort fram, að ef þessi ákvörðun þætti óhagkvæm, þá væri sýslunefndunum í sjálfs vald sett að tiltaka annað tímatakmark. Þar sem 2. þingmaður Árnesinga sagði um 3. gr. frumvarpsins, að hún væri ónákvæm og að fara mætti í kringum hana, þá skil jeg eigi í því, hvernig sjórinn verður þvergirtur; jeg held að það þyrfti að loggja æðistóran sveig til þess, og virtist mjer orð hans vera mestpart tóm hártogun.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að svara varaforseta nokkrum orðum. Hann tók fram, að ýmsar undantekningar ættu sjer stað í hinum ensku laxalögum; en hann bætti því við, að í ýmsu ættu aptur engar undantekningar sjer stað. En hver eru þau atvik, er þessar undantekningar ná aldrei til? Það

er, að öllum er bannað, hvernig sem á stendur, að hindra göngu smálaxins eða unglaxins. Í 12. grein hinna ensku laxalaga segir svo: «Má og enga fiskistíflu við hafa til laxveiða, jafnvel þó hún sje í löghelgi notuð, svo sem áður er tekið fram, nema í henni sje op það til frjálsrar fiskigöngu, er hjer eptir verður nefnt. Enga mylnufiskigarða, þó í löghelgi sjeu notaðir, svo sem fyr segir, má við hafa til laxveiða, nema á þeim sje fiskismuga, svo löguð og víð, sem innanríkisráðaneytið heimilar». Nú þykir mjer fara að skerðast þessi ályktun, sem varaforseti dró af þessum lögum. Og enn fremur segir í grein þessari: «slíkan garð má heldur ekki nota til laxveiða, nema því að eins að ávallt sje nógur vatnsstraumur í greindri smugu til þess, að lax geti farið upp og niður um hana». Það er auðsjeð, að hjer í þessari grein er töluverð takmörkun leyfð, enda eru ákvarðanir þessarar greinar miklu víðari en hinar tilsvarandi ákvarðanir í frumvarpi því, er hjer ræðir um. Þar sem varaforseti sagði, að lögin frá 11. maí 1876 hefðu þá galla á sjer, er misskilningi gætu valdið, og að þennan misskilning þyrfti að fyrirbyggja, þá er þetta rjett, og hefur mjer aldrei dottið í hug að segja, að þessi lög eigi þyrftu umbóta við; miklu fremur játa jeg, að í þeim eru ýms óljós orðatiltæki, sem full ástæða væri til að breyta. Jeg vil taka til dæmis 2. grein, þar sem sagt er, að eigi megi þvergirða á, en þó má leggja net eða garða eða aðrar fastar veiðivjelar út í miðja á. Þessi grein verður misskilin; því að setjum svo, að tveir menn eigi veiði hvor á móti öðrum í einni á; þá mega þeir eptir grein þessari hvor fyrir sig leggja veiðivjel út í miðja ána hvor á móti öðrum, þangað til vjelarnar ná saman, og þá er áin þvergirt. Jeg er samdóma varaforseta um, að slík orðatiltæki sem þessi, er slíkum misskilningi eru undirorpin, eigi að nema burtu úr viðaukalögunum. En eru eigi komnar aðrar ákvarðanir, sem eigi eru betri, inn í frumvarp það, er hjer liggur nú fyrir? Það er sjálfsagt, að þetta frumvarp hefur kosti að sumu leyti, og sumar ákvarðanir þess eru ljósari en ákvarðanir viðaukalaganna; en jeg verð þó að ætla, að það geti eigi stemmt stigu fyrir óspektir þær, er varaforseti vill forðast, og að jafnvel sumar ákvarðanir þess sjeu svo lagaðar, að þær jafnvel miklu fremur geti valdið kriti og sundurþykki. Jeg ímynda mjer, að þeir gallar sjeu á þessu frumvarpi, að það muni eigi taka fram viðaukalögunum frá 11. maí 1876. Þar sem framsögumaður var að fræða mig um það, að ísinn skemmdi hrogn laxins, og spillti þess vegna fyrir laxgöngunni næsta ár, þá vissi jeg það vel, og margt annað fleira, er tálmar laxgöngunni, og þurfti jeg eigi kenning framsögumanns í því efni. En þó menn þekki ýmsar ástæður til þessa, þá þekkja menn eigi allar ástæðurnar til þess. Það vita allir, að ísinn skemmir hrognin; en er það ávallt risið af þeirri orsök, þegar laxinn gengur eigi í árnar?

Varaforseti: Jeg sje þá loksins, að þingmaður Reykvíkinga er meðmæltur frumvarpi þessu, þar sem hann talar um kosti þess. En viðvíkjandi hinum ensku lögum skal jeg geta þess, að það er nefnt seinna í þeim (í 27. gr. laganna, er lesa má á 272. bls í þingtíðindunum 1867), hversu víð þessi göng eiga að vera, því að í 27. gr. (4.) segir svo: «Göngin skulu hvergi vera mjórri, þar sem mjóst er, en svari einum tíunda hluta árbreiddarinnar; þó skulu göngin aldrei þurfa að vera *víðari en 40 fet, nje mjórri en 3 fet*». Þetta er nú meginregla, sem fylgt er í hinum ensku veiðilögum, og sem frumvarp það, er nú er um að ræða, hefur tekið upp. En viðvíkjandi því, er 2. þingmaður Árnesinga tók fram sem mótbárur gegn frumvarpinu, þá er þingmanninum víst kunnugt um, að nokkrir beztu bændurnir hjer í grenndinni hafa skuldbundið sig til þess að skerast s j á l f i r í leikinn, ef þeir verða þess varir, að laxalögunum er eigi hlýtt; en má jeg spyrja þingmanninn, hvort hann eigi hyggur, að ef frumvarp þetta verður að lögum, þá muni það gjöra enda á þessu athæfi, sem nú hefur átt sjer stað um nokkur ár,

að menn sjálfir brjóti veiðivjelarnar úr, þegar þeir ætla, að lögunum sje eigi hlýtt? Ef þingmaðurinn óskar, að þetta athæfi haldist, þá get jeg skilið, að hann vilji eigi samþykkjast frumvarp þetta; en ef hann óskar, að það af nemist, þá vona jeg, að þingmaðurinn samþykkist frumvarpið, og láti 1. gr. þess eigi vera því til neinnar fyrirstöðu. Það er eitt af því viðsjárverðasta, er fyrir hefur komið hjer, þegar sannað verður, að margir hinir beztu bændur hafi skriflega skuldbundið sig til að brjóta veiðivjelar úr ám, þar sem þeir álíta, að fyrirmælum Jónsbókar og viðaukalaganna 11. maí 1876 sje eigi hlýtt. Á þessu rjettarástandi ætti þingið að gjöra enda, og það gjörir frumvarp þetta, ef það verður að lögum, þótt það eigi innihjeldi nema 2., 4. og 6. grein sína. Og jeg þykist þess fullviss, að 2. þingmaður Árnesinga, sem er einn partur af löggjafarvaldinu, muni álíta það skyldu sína, að stuðla til þess af öllum mætti og kröptum, að koma í veg iun fyrir, að nokkur ástæða eða átylla geti verið til slíkra atfara, sem þingmanninum er kunnugt um að tíðkast hafa hjer í grenndinni.

Benedikt Sveinsson: Jeg hef enn eigi tekið til máls í máli þessu og ekkert lagt til í því, hvorki til nje frá. Tilgangur minn hefur verið sá, að mjer yrði eigi um kennt, hvernig framvarpið yrði úr garði gjört, að það yrði eigi sagt um mig, og mjer lögð ámælisorð fyrir það, að jeg hefði hleypt kappi í málið. En nú er mál þetta komið á hið síðasta stig, og er búið að fá öll þau smiðshögg, sem það á von á frá hinum háttvirtu höfundum þess, og nú er þá svo komið, að jeg get eigi leitt hjá mjer að tala fáein orð um það. Aðalspurningin er þá sú: á deildin að fara að setja ný friðunarlög? Eða á deildin að samþykkja þetta frumvarp sem ný friðunarlög, í staðinn fyrir hin gildandi friðunarlög 11. maí 1876? Ef menn vilja gjöra sjer þessa spurning ljósa, þá er henni bezt svarað með annari spurningu, þeirri sem sje; hefur þetta hið nýja frumvarp um friðun á laxi nokkra yfirburði yfir hin gildandi lög? Ef það hefur enga yfirburði, hver ástæða er þá fyrir deildina að vera að fjalla um mál þetta, meira en orðið er, þar sem hún hefur svo mörgum málum að sinna, en svo nauman tíma. Jeg tek það fram, að það er eigi að eins tími neðri deildarinnar, sem þetta mál eyðir, heldur verður málið, ef það nær fram að ganga í þessari deild, eins og lög gjöra ráð fyrir, að fara upp í efri deildina, og þar tefur það tímann ef til vill, enn þá meir. En sleppum þessu aukaatriði, og höldum oss, við aðalspurninguna: Hefur þetta frumvarp er hjer liggur fyrir oss, yfirburði yfir viðaukalögin frá 11. maí 1876, eða ekki? þessari aðalspurningu verður hver þingmaður að geta svarað rjettilega, annars greiðir hann atkvæði sitt út í bláinn. Jeg tek þá fram, að svarið upp á þessa spurning veltur á ýmsum aðalatriðum. Í þessu tilliti tek jeg fyrst það, sem næst liggur, og það er hlutdrægnislaus samanburður á hinum gildandi lögum og þessu frumvarpi grein fyrir grein. 1. grein hinna gildandi laga hljóðar þannig: «Lax skal friðhelgur hvervetna fyrir allskonar veiðibrellum og veiðivjelum frá 1. degi septembermánaðar til 20. dags maímánaðar ár hvert. Í stað þessarar greinar er nú komin þessi 1. grein frumvarpsins, sem hljóðar svo: «Lax skal friðhelgur hvervetna fyrir allskonar veiði 9 mánuði ár hvert, og hinn tíma árs 24 stundir á hverri viku, frá miðri sunnudagsnótt til miðrar mánudagsnætur. Í hverju hjeraði, þar sem laxveiði er, ákveður sýslunefnd eða sýslunefndir, með samþykki amtsráða, hvenær laxveiðatíminn í hverri á eða vatui skal byrja og enda vor og haust. Eigi má þó veiðitíminn fyrri vera en frá 20. degi maímánaðar til 20. dags ágústmánaðar, og eigi síðar en frá 10. degi júním. til 10. dags septemberm». 2. þingmaður Árnesinga hefir sýnt fram á einn stórgallann á þessari grein; þann galla, sem gjörir hana óframkvæmanlega og því allshendis óhafandi. Orðin: «frá miðri sunnudagsnótt til miðrar mánudagsnætur, eru svo óaðgreinanlegur hluti meginreglunnar í þessari grein, að það er sízt ætlandi,

að 5. gr. frumvarpsins eigi að ráða bót á þeim, þó framsögumaður benti á það úrræði. Á hinn bóginn felst hin eðlilega tilbreyting á tímanum, sem frumvarpsgreinin inniheldur, í 6. grein laganna 11. maí 1876. Það er þá þannig sýnt, að 1. grein frumvarpsins er miklu miður en hinar gildandi lagareglur.

Þá kemur 2. grein. Í lögunum 11. maí 1876 hljóðar hún svo: «Enginn skal leggja net eða garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra, en út í miðja á, þá vatn er minnst; enda sje eigi vatn dýpst, þar sem net, garður eða veiðivjel liggur. Nú rennur á í fleiri kvíslum, og má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, enda eigi engir aðrir veiði í kvísl þeirri, sem þvergirt er». Þessa grein getur engin óbrjáluð mannleg hugsun misskilið. «Enginn» útilokar alla og einn og sjerhvern frá að geta brotið á móti greininni eins eiganda eins og leigulíða, eins einn eiganda eins og fleiri eigendur. Jeg veit það vel, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefur fyrir mörgum árum síðan kennt svo, að eptir þessari grein gætu tveir landeigendur girt út í miðja á hvor á móti öðrum, og þannig þvergirt. En þessi kenning mun eiga langt í land, að geta rutt sjer til rúms hjá nokkrum heilvita manni. Hinn háttvirti þingmaður veit, það sem allir vita, að menn geta ekki tekið sig saman um, að brjóta lögin yfir höfuð, og 6. grein í friðunarlögunum 1876 sýnir honum bezt, að sama gildir um þau, því eptir henni hefur hreppsnefnd, sýslunefnd og amtsráð, þó þau leggist á eitt, ekki heimild til að gjöra þá breyting á 2. grein, að friðun laxins og frjáls ganga hans sje hindruð. Reglan er ljós, sem dagurinn. Ef áin rennur í einu lagi, má aldrei girða lengra en í hálfa ána. Renni hún í fleirum kvíslum, gildir allt hið sama um allar þær, nema þá einu, sem aðalfiskiförin ekki gengur um. Þetta er í samhljóðan við aðalgrundvallarreglur laganna. Til samanburðar við þetta hljóðar nú 2. grein frumvarpsins svo: «Ekki má þvergirða ár eða árkvíslar, hvorki með netum, görðum nje neinum öðrum veiðivjelum, hvort sem einn eða fleiri eiga veiði í á eða kvísl. Þó má við hafa fastar veiðivjelar, ef opin göng eru höfð eptir árfarvegi neðan úr botni og upp úr vatni, þar sem vatn er dýpst í ám og kvíslum, og nemi göngin $^1/_{10}$ ár- og kvíslarbreiddarinnar, en sjeu aldrei mjórri en $1^1/_2$ alin». Hjer er tekin regla úr enskum lögum og sett fyrir hina gömlu miðstraumslínu. En hver maður getur sjeð, að $^1/_{10}$ hluti árinnar er of lítið rúm fyrir laxförina, og reglan ósamboðin íslenzkri rjettarmeðvitund. Jeg tel því 2. grein frumvarpsins verri en 2. grein laganna.

Þá kemur 3. grein laganna, hún hljóðar svo: «Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð að miklu». En 3. grein frumvarpsins segir: «Ekki má leggja net eða veiðivjel í eða úti fyrir ár- eða vatnaósum, svo langt sem áreða vatnsstraumur nær». Hjer banna lögin það, sem frumvarpið leyfir. Jeg bið menn gæta vel að því, að frumvarpsgreinin leyfir, að drepa allan lax í sjónum, áður en hann kemst upp í ferskt vatn. Þetta er sama sem, að drepa skepnuna í fæðingunni. Með þessari grein eru allar friðunarreglur fyrir lax gjörðar ómögulegar og óhugsandi. Jeg læt hjer því staðar nema með nákvæman samanburð á greinum laganna og frumvarpsins, því það upphefur allar sínar greinir, sig sjálft, frá rótum með þessari 3. grein.

En þá verð jeg í annan stað að benda á 6. grein laganna til athuga þeim, sem leyfa sjer, jeg segi, leyfa sjer, að segja, að 2. grein viðaukalaganna ekki innihaldi friðunarákvörðun. Greinin hljóðar svo: «Þegar svo tilhagar á einhverjum stað, að brýn nauðsyn sje til þess, að breyta einhverju því, sem fyrir er mælt í undanfarandi greinum laga þessara, eða ákveða þurfi nákvæmar um veiðar, en gjört er í

þeim, skal amtsráðið eptir tillögum hreppsnefnda og sýslunefnda gjöra það, en þó svo að grundvallarreglum þeim, sem settar eru um friðun laxins og frjálsa göngu, sje í engu haggað. Hjer er þá sagt með berum orðum, að í undanfarandi greinum sjeu settar þær grundvallarreglur um friðun, sem amtsráð, hreppsnefndir og sýslunefndir, hvernig sem tilhagar á einhverjum stað, geti ekki haggað í neinu. Hverjar eru nú þær undanfarandi greinir laganna, sem innibinda þessar óhagganlegu friðunargrundvallarreglur? Svar: 1., 2., 3., 4., og 5. gr. laganna. Hver er nú svo stæltur gegn því sem satt er, að hann dirfist að neita því, að 6. gr. dragi allan efa af því, að 2. gr. innihaldi friðunargrundvallarreglur, sem eigi megi raska? Sama segir og fyrirsögn laganna, sama greinin sjálf, hið sama öll lögin í heild sinni, ekki að tala um 7. gr., sem mjer að öðru leyti er ekki svo annt um, sem varaforseti heldur, en hún neitar ólögmætum veiðigörðum gegn 2. gr. um alla lagavernd, alla löghelgi, þetta getur enginn borið til baka. En úr því nú dómstólarnir eru farnir að dæma á annan veg, þá verður greinin líklega ekki skaðleg; menn munu mega sætta sig við dómana, þó þeir kveði öðruvísi á en lögin. En sleppum þessu.

Niðurstaðan verður hjá mjer sú, að frumvarpið standi langt til baka fyrir hinum gildandi friðunarlögum frá 1876, sem alþingi í heild sinni hefur fallizt á, og konungurinn staðfest með samþykki sínu; geti valdstjórn og dómendur vefengt skýlaus orð og skýlausan anda þessara laga frá 1876, þá mun hið sama verða ofan á með sömu orðin og sama andann í lögum frá 1879.

Að lögunum frá 1876 ekki hefur verið fram fylgt, það er frá mínu sjónarmiði síður en ekki ástæða til að fara að gefa út ný lög. Og skyldi það loksins vera ástæða til að breyta lögunum, að þau hafa verið brotin og veiði framin þvert ofan í þau?

Hinir háttvirtu þingmenn ráða sínum löggefandi atkvæðum; mitt atkvæði — mjer blandast ekki hugur um það — fellur á móti þessu frumvarpi.

Framsögumaður: Þó jeg ímyndi mjer, að aðrir þingmenn hafi grætt á þessum langa og greinilega samanburði hjá 1. þingmanni Árnesinga, þá græddi jeg ekki á honum. Hann talaði einna mest um, hvernig ætti að komast út úr 3. gr.; jeg vil biðja hann að lesa 5. gr. Jeg ímynda mjer, að þingmaðurinn sje ekki fær um, að ákveða, hvernig árstraumar liggja hvervetna um landið. Nefndin áleit ekki þörf að tiltaka neitt ákveðið faðmatal í þessari grein, með því að í 5. gr. er sýslunefndinni gjört heimilt að gjöra undantekningar frá lögunum, þar sem nauðsyn þykir til bera eins um þetta atriði og önnur. Eitt þykir mjer allmerkilegt í máli þessu, að tveir þeir menn, sem mest eru á móti frumvarpi þessu, eru á gagnstæðri skoðun, og það kemur mjer til að halda, að frumvarpið fari meðalveginn, fyrst það liggur á milli meininga þeirra. Ástæður þær, er 1. þingmaður Árnesinga færði fyrir útásetningum sínum, fundust mjer lítilsverðar, og þessi langa ræða hans móti frumvarpinu hefur einmitt styrkt mig í því, að frumvarp þetta sje að mörgu leyti betur orðað en hin gildandi lög, og skal jeg að eins benda á eitt orð í 3. gr. þeirra. Þar stendur, »að laxförin sje eigi hindruð að miklu«. Jeg vil nú spyrja, hver á að skera úr, hvað sje »að miklu« eða hvað sje ekki »að miklu«. Slíkar ákvarðanir sýnast mjer næsta óákveðnar. Mjer þykir það helzt að þessu frumvarpi, að eigi er ákveðið, að sýslunefndir megi setja reglur að minnsta kosti um sinn, án þess að amtsráðið hafi samþykkt þær; því að það getur opt staðið svo á, að gjöra þurfi bráðari ákvörðun en svo, að hægt sje að fá samþykki amtsráðsins, og því væri bezt, að sýslunefndirnar hefðu vald til að gjöra bráðabirgðarákvarðanir; enda álít jeg, að þetta sje eigi bannað í frumvarpinu, ef samþykki amtsráðsins væri fengið eptir á.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef reynt að komast í skilning um, hvort í frumvarpi

þessu væri veruleg rjettarbót, og játa jeg, að mjer finnst rjettarbót í öllum greinum þess, nema í 3. grein; hana álít jeg út af fyrir sig mikinn rjettarspilli. Jeg ætla þá fyrst að fara nokkrum orðum um hana út af fyrir sig og síðan í sambandi við hinar greinarnar. Hún hljóðar þannig: «Ekki má leggja net eða veiðivjelar í eða úti fyrir ár- eða vatnaósum, svo langt sem ár- eða vatnsstraumur nær». En nú vil jeg spyrja, hvað langt ætli straumurinn nái? Það er komið undir tvennu, fyrst því, hve ströng áin er og vatnsmikil, og í öðru lagi því, hve fjöruborðið er mikið, hvort aðfall er eða útfall; en um allt þetta getur þó orðið ágreiningur. Nú spyr rjettareigandi veiðinnar: Má jeg ekki leggja svo skammt frá landi út fyrir árósi, að jeg rjett að eins snerti eigi straumröstina með háflóði? Og hve skammt ætli það sè undan landi, ef á er lygn og vatnslítil? Í annan stað, hve skammt má jeg leggja báðu megin við ármynnið? Svo skammt, að eigi sje í straumröst. Það dylst mjer eigi, að þessi grein heimilar veiðareiganda að leggja net frá landi í sveig eða boga báðu megin út með árstraumnum, og að sveiggirða þannig fyrir árósinn, með því eina skilyrði, að net hans liggi í boga eða odd svo langt út í sjó, að eigi snerti netið straumröst árinnar. En sje nú áin lygn og lítil og háflóð, þá sjest ef til vill engin straumröst, og þá má leggja alveg þvert fyrir ármynnið. 3. gr., skoðuð út af fyrir sig, er því eigi friðun heldur fæling á laxi. En nú skiptir um, nú kemur 4. gr. og byrjar þannig: «Enginn má á nokkurn hátt fæla lax frá að ganga í vötn eða ár, eða upp að þeim og spilla með því veiði». Þarna er útlistunin á 3. gr., takmörkun á henni, en um leið fullkomin mótsögn, við hana. Í 4. gr. er algjörð friðun fyrir lax að ganga upp í ána, en í 3. gr. fullkomin fæling frá að ganga upp í ána. En nú er eptir lögmeðalið í 5. gr., reglugjörð sýslunefnda. Sýslunefndir mega gjöra skýringar og nákvæmari tiltekningar á lögunum; «en þó svo, að grundvallarreglum laganna sje eigi raskað». Hver er þá grundvallarreglan um frjálsa göngu laxins? Í 3. gr. er grundvallarreglan fæling, eða þó engin friðun, en eptir upphafi 4. greinar er hún fullkomin friðun á göngu laxins. Hjer er því tákn móti tákni og sögn móti sögn. Jeg er því í hinum mesta vafa um, hvort jeg á að greiða atkvæði með eða móti frumvarpinu. Sje nú þessi skilningur minn á frumvarpinu rjettur — óhlutdrægur er hann — þá vil jeg helzt fella það, eða þá senda efri deildinni það, í þeirri von, að hún annaðhvort stytti því stundir eða lagfæri 3. gr., og gjöri hún það, svo greinin sje samhljóða hinum greinum frumvarpsins, þá er allt gott, og væri jeg viss um það, þá skyldi jeg greiða atkvæði mitt með því.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, bar forseti frumvarpið undir atkvæði, og var það fellt með 12 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli, sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

Nei:

Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll Pálsson prestur,
Stefán Stephensen,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

LIII. ÞVERGIRÐINGARNAR Í ELLIÐAÁNUM.

A.

Uppástunga til þingsályktunar um að setja rannsóknarnefnd um laxveiðar, sjer í lagi í Elliðaánum. Frá Páli presti Pálssyni, Benedikt Sveinssyni, Friðriki Stefánssyni, Þórði Þórðarsyni, Guðmundi Ólafssyni og Þorláki Guðmundssyni. Sjá I 243.

Á 19. fundi neðri deildar, 4. ágúst, var samkvæmt uppástungu forseta ályktað að hafa eina umræðu um þessa þingsályktunaruppástungu.

Ein umræða í neðri deild, á 30. fundi, 5. ágúst.

Flutningsmaður (*Páll Pálsson prestur*): Jeg þykist vita, að deildinni muni ljóst, af hvaða toga þetta frumvarp er spunnið, að hjer á Suðurlandi hefur lengi verið megnasta óánægja með veiðiaðferð þá, sem hefur verið í Elliðaánum. Út af þessu hefur risið uppþot og ófriður, og hlýtur þess vegna að vera gjört lagabrot, annaðhvort af hálfu þess manns, er veiðina á, eða þeirra, er brjóta veiðiáhöld hans. Landsmenn þeir, er standa utan hjá, ætlast sannarlega til, að þingið, úr því það er hjer saman komið, gangist í að rannsaka, hvað ólögmætt er í þessu máli, og það liggur heldur ekki fyrir utan verkahring þingsins að rannsaka, hvort lögum þeim, er það sjálft hefur nýlega samið, er traðkað. Uppástunga þessi kemur að vísu nokkuð seint, og nefndin getur, ef til vill, ekki að öllu leyti fullnægt óskum þeim og kröfum, er landsmenn gjöra til þingsins í þessu falli; en þingið ætti þó að sýna, að það vill taka óskir alþýðu til greina. Jeg treysti því, að deildin gefi þessu máli gaum, og setji í það nú þegar 5 manna nefnd.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal ekki neita því, að nauðsyn sje til að setja þessa nefnd, ef það væri víst, að með nefnd yrði allt það lagað, sem þarf að laga. Jeg er flutningsmanni samdóma um, að hjer þarf lagfæringar með, því að ástandið er orðið svo, að það er Suðurlandi til minnkunar og kannske öllu landinu. Nefndin á að rannsaka, hvort laganna hafi verið gætt frá hálfu valdstjórnarinnar; jeg ætla, hvað sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu snertir, sem er þekktur fyrir vandvirkni sína og skarpskyggni, að hann hafi ástundað að gæta laganna, og því munu skýrslur frá honum verða fullnægjandi. Hvað hina embættismennina snertir, amtmanninn, landshöfðingja og ráðherrann, þá munu þeir gefa skýrslur fyrir sig, jeg ætla einnig fullnægjandi, og skal jeg svo ekkl fara lengra út í þetta mál, sem er mjer of vaxið, og má ske þeim, er meiri lagamenn eru en jeg, að dæma um, hvað er rjett og hvað ekki. Jeg skal sízt vera móti nefnd, ef nokkar von er um, að nefndin geti lagað nokkuð það ástand, sem nú er, en jeg er vonlítill um það, og jafnvel vonlaus.

Páll Pálsson, prestur: Mjer kemur ekki til hugar að tortryggja hinn núverandi sýslumann, að hann hafi ekki gjört allt sem í hans valdi stóð, því hann er öllum að góðum drengskap kunnur; en valdstjórnin yfir höfuð mætti vera þakklát, ef hún hefur ekki vanrækt skyldu sína, fyrir að það verður kunnugt, henni sjálfri til hróss.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að styðja þetta mál, og vil það gjarnan, kannske af því, að mjer er málið nokkuð skylt, þar sem jeg bar upp tillögu um það á síðasta þingi, en þó ekki einungis af því, heldur vegna þeirrar breytingar á dagskrá, sem varaforseti kom þá fram með, að hætta umræðunum um tillögu mína til þingsályktar. Uppástunga þingmannsins var þannig; »Í því trausti, að lögreglustjórnin, eins og henni ber, framfylgi viðaukalögum við Jónsbókar landsleigubálk 56. kap. um friðun á laxi« o. s. frv. Það er því skylda þingsins 1879

að skoða og meta, hvernig lögreglustjórnin hefur reynzt þessu trausti deildarinnar. Það er bein skylda þingdeildarinnar, fyrst ekki er enn komin sátt á laxamálið, að gæta þess, hvort vonir hennar hafa verið uppfylltar eða ekki. Það er fyrst og fremst skylda þingsins við sjálft sig, en það er og skylda þingsins fyrir þá sök, að margar raddir hafa heyrzt fyrir utan þingsalinn, sem vona alls góðs af þinginu, sem treysta því, að neðri deildin muni þó vernda rjett alþýðu gegn ofurvaldi, vernda frelsi kjósandanna, og að minnsta kosti sinn eigin sóma. Jeg hef enga meining um, hverjum þessi óvild, þessi samhlaup og samdráttur er að kenna, en hitt er víst, að einhver óánægja á sjer stað, að eitthvert ský er, sem þarf að dreifa, einhver flóki, sem þarf að greiða úr. Hvort nefnd þeirri, sem kosin verður, tekst að greiða flóka þennan eða ekki, þar um hef jeg og enga fulla vissu; en hitt er víst, að það er drengilegra og verðugra deildinni að kjósa nefndina nú, þó árangurinn verði ekki mikill, heldur en að láta það hjá líða. Jeg get ekki annað sjeð, en að nefndin í aðalatriðinu geti gjört það, sem henni er á hendur falið; hún getur eptir 22. gr. stjórnarskrárinnar heimtað brjeflegar og munnlegar skýrslur af embættismönnum og öðrum, og þó árangurinn verði ekki annar, en meira eða minna upplýsandi skýringar um málið, þá er það þó ávinningur bæði fyrir alþýðu og fyrir yfirvöldin, að þessi misklíð og misskilningur skýrist og þokuna ljetti. Þetta er aðalefni nefndarinnar. Hitt getur mjer ekki dottið í hug, að deildin kinoki sjer við að neyta rjettar þess, sem 22. gr. stjórnarskrárinnar veitir henni; því undarlegt væri það af þessari deild alþingis, sem er lífvörður stjórnarlegs frelsis vors, sem svo margar bænarskrár hafa komið til um aukinn stjórnarrjett, og sem allur almúgi rennir vonaraugum til í áþján sinni og einstæðingsskap; — það er undarlegt, segi jeg, ef vjer ekki einungis gefum lítinn eða engan gaum þessum bænarskrám landsmanna, heldur og jafnvel hirðum eigi að neyta þess stjórnlega rjettar, sem vjer höfum svo skýlausan í stjórnarskránni. Vjer höfum hingað til þagað við þessum bænum, og þeim hefur hvorki verið hreyft í þessari dèild nje efri deildinni, og jeg vil engu spá um, hvernig kjósendur vorir taka muni þessari þögn vorri. En ef vjer nú hikum við, að neyta þess mikla rjettar, er 22. gr. stjórnarskrárinnar veitir oss, þá erum vjer sannarlega ekki vel fallnir til að fá annan meiri stjórnarrjett, þá er sannarlega kominn uppdráttur í þingið, enda er þetta hið síðasta, áður nýjar kosningar eiga fram að fara. En jeg skal aldei trúa því, fyr en jeg tek á, að vjer viljum renna óðar en vjer sjáum svartleggjur koma á lopt, að vjer viljum kreppa oss undir pall upp, eða grúfa oss sem rjúpur í skafli, þá er refur og holtaþór gjörir að þeim skafrenning.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg veit sannarlega ekki, hvað þessi nefnd á að gjöra, og vonast ekki eptir miklum árangri af störfum hennar, enda var flutningsmaður sjálfur og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu lítillar vonar um nokkurn árangur. Jeg veit þá ekki, til hvers er að eyða tímanum til þessa, og álít, að ekki eigi að setja fleiri nefndir, en von er að árangur verði af. Þó rjetturinn til að setja nefndir sje mikilsverður, þá álít jeg samt, að ekki eigi að nota hann einungis til að nota hann. Jeg sje ekki, hverra skýringa menn vænta, nema um það, sem hver og einn veit. Það er víst ekki tilætlun uppástungumanna, að nefndin skuli dæma í þessu máli, heldur að hún að eins safni skýrslum um, hvað yfirvöldin hafa gjört. Jeg er sannfærður um, að sýslumaðurinn hefur ekki vanrækt skyldu sína; allir, sem þekkja hann, vita, að hann er allt of vandaður maður, til að vanrækja skyldu sína. Að

því er amtmanni viðvíkur, þá skipaði hann þegar í fyrra vor rannsókn á veiðiaðferðinni og síðan málssókn gegn eiganda veiðarinnar; og nú í vor skipaði hann enn rannsókn, Jeg get ekki sjeð, að nefndin geti fengið aðrar upplýsingar, en þær, sem öllum eru kunnar, og rannsóknin tefur því að eins þingið frá öðrum störfum. Í uppástungunni stendur, að nefndin eigi að rannsaka, hvað valdstjórnin hefur gjört með tilliti til landssjóðsjarðanna Breiðholts og Hólms. Það er undarlegt, að rannsaka hvað hið opinbera hefur gjört sjálfs sín vegna.

Flutningsmaður: Það lítur svo út, sem þingmaðurinn sje hræddur um, að valdstjórnin hafi ekki gætt skyldu sinnar, fyrst hann ekki vill, að gjörðir hennar verði kunnar almenningi.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vona, að þetta mál tali fyrir sjer sjálft; nefndarstörf eru nú mikið farin að minnka, svo þessi nefnd þarf ekki að tefja þingið mikið. Jeg er samdóma þeim þingmönnum, er hafa talað í þá átt, að sýslumaðurinn sje sízt skuld í þessari óreglu, en hvað hin æðri yfirvöld snertir, þá held jeg þau hefðu ekkert gjört í þessu máli, ef ekki hefðu komið hvatir utan að. (*Varaforseti*: Þetta er þung ákæra). Það vil jeg vona, að enginn taki orð mín svo, en jeg veit, að hvatir hafa komið annarsstaðar frá. Jeg er samdóma 2. þingmanni Gullbringusýslu, að þetta ástand, sem nú er, er ekki einungis Suðurlandi, heldur öllu landinu til minnkunar, já máske þinginu, ef það hefur gefið svo óljós lög, að alþýða misgrípur sig á þeim, og dómendur ekki geta dæmt svo eptir þeim, að dómsatkvæðiö sje ljóst og alþýða skilji það, en ef að friðunarlögin eru svo óljós, ætti þingið að breyta þeim. Vjer höfum nú að vísu ekki marga dóma, síðan að friðunarlöggjöfin frá þinginu 1875 náði gildi. Jeg hef heyrt getið um einn landsyfirrjettardóm, og er mjer sagt, að í honum sje það nýmæli, að laxinn syndi á hliðinni; þetta er nú máske ekki satt; hann hefur ekki, það jeg veit, enn komið fyrir alþýðu sjónir á prenti í heild sinni..

Einar Ásmundsson: Jeg álít ekki þurfi langar umræður um þetta mál, því að hjer liggur að eins fyrir að útkljá það, hvort kjósa skuli nefnd til að íhuga málið eða ekki. Jeg furða mig á því, að þingmaður Reykvíkinga, sem um daginn talaði svo sköruglega um hervirki, er unnin væru, skuli nú vera móti nefnd; sjeu herverk unnin, þá held jeg slíkt sje svo alvarlegt mál, að ástæða sje til fyrir löggjafarþing vort að gefa því gaum. Mjer sýnist eigi vera samkvæmni í því hjá þingmanninum, að halda svo geista ræðu um herverk, eins og hann hjelt hjer um daginn, en vilja nú ekki einu sinni gefa þeim gaum. Jeg vil mæla sterklega með nefnd, og vildi gjarnan óska, að uppástungan hefði komið fyr fram; en þó seint sje, þá verður að taka tímann, eins og hann er. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu og fleiri þingmenn hafa skýrt frá ástæðunum, sem eru til að kjósa nefnd, og vil jeg ekki taka upp ástæður þeirra.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg held öllum sje nægilega ljóst, hvað fram hefur farið í þessu máli, svo ekki sje þörf á nefnd. Ef almenningur hefur misskilið lögin, þá er að breyta þeim, og nú er einmitt verið að starfa að því. 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að jeg hefði talað svo sköruglega um herverk um daginn, en það var aldrei ætlun mín, að þingið ætti að dæma um þessi verk, heldur dómstólarnir; þeir eiga að skera úr þessu máli, en ekki löggjafarvaldið.

Varaforseti: Það er sjálfsagt, að nefndin á ekki að dæma í málinu, en hún á að neyta þess rjettar, sem stjórnarskráin gefur henni, til þess að rannsaka þetta mál, sem er svo áríðandi fyrir almenning. Hefði «fulltrúi stjórnarinnar» nú skýrt mjer frá því,

er gjörzt hefur í þessu máli, þá hefði jeg má ske verið móti nefnd, en fulltrúinn er hjer ekki viðstaddur. Jeg get ekki álitið, að nefndin geti lítið gjört í þessu máli, þvert á móti ímynda jeg mjer, að hún geti gjört nokkurt gagn, ef hún ræki vel störf sín og heimtar þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru.

Þá var gengið til atkvæða og uppástungan samþykkt með 17 atkvæðum; að nefndin skyldi vera skipuð 5 mönnum, samþykkt með 13 atkvæðum og kosnir í hana

Grímur Thomsen	með	14 atkv.
Arnljótur Ólafsson	—	14 —
Einar Ásmundsson	—	12 —
Páll prestur Pálsson	—	10 —
Benedikt Sveinsson	—	9 —

Nefndaráliti í máli þessu, sjá I 433—449, var útbýtt á 49. fundi neðri deildarinnar, 19. ágúst, ásamt uppástungu til þingsályktunar frá nefndinni.

B.

Tillaga til þingsályktunar. Frá rannsóknarnefndinni í laxveiðamálinu. Sjá I 452.

Á 50. fundi neðri deildarinnar, 19. ágúst, var eptir uppástungu forseta samþykkt að hafa 2 umræður um þessa tillögu til þingsályktunar.

Fyrri umræða í neðri deild, á 54. fundi, 22. ágúst.

Framsögumaður (*Einar Ásmundsson*): Jeg vonast til, að eigi þurfi langar umræður um þetta mál; það hefur verið til umræðu hjer í deildinni líkt mál. Jeg vil að eins geta þess, að þessi nefnd, sem deildin setti til að rannsaka mál þetta, hefur leitazt við að gjöra það svo vandlega, sem henni var auðið; hefur hún reynt að skýra frá skoðun sinni í nefndarálitinu, og eru þar eigi einungis skoðanir nefndarinnar, heldur allmargar skýrslur frá embættismönnum, sem þeir hafa góðfúslega látið henni í tje. Nefndinni gat ekki dulizt, að þetta mál væri svo lagað, að það þyrfti nákvæmrar rannsóknar og bráðra aðgjörða. Það eru víst allir á því máli, að ástandið í þessu efni, eins og það nú er, megi ekki lengur svo búið standa. Allir þekkja þennan mikla ágreining um veiðirjettinn í Elliðaánum, og allar þær ó-spektir, sem leitt hafa af þessum ágreiningi. Einn maður á veiðina í þessum ám neðst, og aðrir eiga veiði ofar í þeim, eptir því sem nefndin hefur næst komizt; en þessi eini heiðursmaður, sem á veiðina neðst, hann þykist þar að auki eiga veiðina í öllum ánum, fyrir landi allra þeirra jarða, sem upp með ánum liggja; en þeir, sem eiga jarðir ofar við árnar, þykjast eiga hana líka, hver fyrir sínu landi. Um þetta atriði er allur ágreiningurinn. Þessi eini maður á nú auðvitað veiðina í þeim hluta, sem hann hefur keypt, og kaupbrjef hans er tekið upp í nefndarálitið; en á hverju hann byggir það, að hann eigi veiðina í öllum ánum, milli fjalls og fjöru bæði fyrir sínu landi og annara, það er hvorki mjer nje nefndinni í heild sinni kunnugt eða skiljanlegt. Ágreiningur þessi er einnig sprottinn af ólíkum skilningi á viðaukalögum 11. maí 1876. Almenningur skilur þessi lög svo, að þau sjeu sett einmitt til að friða lax, eins og þau líka eru nefnd viðaukalög við Jónsb. Llb. 56. kapítula um friðun á laxi. Jónsbók hefur inni að halda í þessum kapítula ákvarðanir um veiðiaðferð, hvernig skipta skal veiðinni á milli fleiri, að einn hafi hana ekki alla, en aðrir fari varhluta af henni; en þar eru engar beinlínis ákvarðanir, sem miða til þess, að laxinn sje friðaður; þess vegna er þessi viðauki gjörður með hinum nýju lögum um friðun á laxi, en eigi um það, að skipta veiðinni milli þeirra, sem veiði eiga í sömu á, enda gjörðist þess engin þörf, Jónsbókarlög voru nógu skýr í því. Þessi friðun lýtur að tvennu: Í fyrsta máta er smálaxinn friðaður til þess, að hann geti vaxið og þroskazt, áður en hann er veiddur,

og veiðin þannig orðið arðsamari; er þessi ákvörðun ekki einungis einstökum mönnum í hag, heldur og öllu þjóðfjelaginu, því að hún miðar til að efla þennan arðsama atvinnuveg, laxveiðar landsins. Í öðru lagi friða lögin líka stórlaxinn eða hinn fullþroskaða lax, með því að banna þvergirðingar í veiðiám, svo laxinn geti hindrunarlaust gengið upp eptir þeim og tímgast, því það er eins og allir vita hinar þroskuðu skepnur, sem æxla kyn sitt, en ekki óþroskað ungviði. Fyrir þessu hafa lögin sjeð; en nú er sú undarlega skoðun komin upp hjá þeim mönnum, sem fremstir standa í valdstjórninni, að þessar friðunarákvarðanir fyrir fullorðna laxinn sjeu ekki settar til friðunar laxinum, og því megi, ef einn sje eigandi að allri veiði í ánni, þvergirða hana svo, að enginn fullorðinn lax komist upp eptir henni, en þetta verður nefndin að álíta fullkominn misskilning. Á þetta efni er annars minnzt í nefndarálitinu, svo að jeg þarf ekki að eyða tíma þingsins til að skýra það betur. Annað ágreiningsefnið í þessu máli er, eins og jeg drap á það, hvort einn eða fleiri eigi veiðina í Elliðaánum. Hinir sömu foringjar í valdstjórninni virðast álíta, að að eins einn maður eigi alla laxveiði í öllum ánum fyrir landi allra jarða við árnar, og á veiðirjettur þessa eina manns að vera byggður á hæstarjettardómi, sem felldur er nokkrum tíma áður en þessi friðunarlög komu út. Jeg skil ekki, hvernig þetta verður byggt á þessum dómi, sem fjell í máli, er engan veginn var milli þessa eina manns, sem veiðina þykist eiga, og allra þeirra, sem jarðir eiga upp með ánum, heldur milli hans og einstaks landeiganda við árnar. Dómurinn nefnir alls eigi, hvort aðrar jarðir eigi veiði í ánum, enda var ekki og gat ekki verið spursmál um það, nema ef til vill, hvað eina þeirra snerti, og jafnvel þótt svo hefði verið, að ein þeirra hefði ekki átt veiðirjett, þá gátu allar hinar átt hann eins fyrir það. Það er þýðingarlaust að reyna til að teygja eitthvað um það út úr dómsástæðunum, að mönnum, sem ekkert voru riðnir við málið, hafi verið frá dæmdur eignarrjettur eða veiðirjettur; dómstóllinn hefði, ef hann hefði gjört það, farið út fyrir sitt vald og verkahring. Dómsástæður eru annars enginn dómur, heldur að eins ummæli, að sínu leyti eins og ástæður og athugasemdir við eitthvert lagaboð, sem sjálfar eru engin lög. Sakir þessarar undarlegu skoðunar, hefur nefndin reynt að komast eptir því, hvort veiðirjetturinn væri á löglegan hátt fráskilinn jörðunum upp með ánum; hefur hún fengið afsalsbrjef, gefin út fyrir hönd stjórnarinnar, fyrir jörðum þessum, og í þeim stendur beinlínis, að þessar jarðir sjeu seldar með öllum þeirra «herlegheitum og rjettugheitum til lands og vatns til yztu ummerkja» með engri undantekningu. Þegar þetta er skoðað í sambandi við hitt afsalsbrjefið, þar sem þessum eina manni er seldur veiðirjettur neðst í Elliðaánum upp að vissu takmarki, eða sem nemur $^1/_{10}$ af allri lengd árinnar; þegar þetta er borið saman, segi jeg, þá er undarlegt, að nokkur maður með heilbrigðri skynsemi skuli álíta, að þessi eini maður eigi alla veiðina milli fjalls og fjöru. En þessi undarlegi skilningur er það, sem gjörir allan ágreininginn. Það er þetta atriði, sem jeg bið deildina að hafa sjer hugfast. Einn af eigendum þessarar veiðar í ánum er þjóðfjelagið sjálft; ein af jörðunum, sem eru upp með ánni, er þjóðeign. Vjer höfum því sjerstaklega reynt að komast eptir því, hvort veiðirjetturinn væri fráskilinn þessari jörð, en ekkert fundið, sem gæfi nokkurn minnsta grun um, að veiðirjetturinn væri henni fráskilinn. Af þeim skilningi á 2. grein friðunarlaganna 1876, að hún væri eigi friðunarákvörðun heldur að eins til að skipta veiðinni milli fleiri, þá hefur valdstjórnin álitið sjer óviðkomandi, að fara í mál við þennan mann, sem þvergirðir árnar, fyrir

hönd hins opinbera, eða að reyna að banna þvergirðingar hans. Aptur hefur hún álitið, að í 5. grein væri friðunarákvörðun, og samkvæmt henni hefur hún þrávegis látið rannsaka, hve þjett væri á milli rimlanna í veiðivjelunum, því að í 5. grein er ákveðið, að 9 þumlunga gildur lax skuli geta smogið milli spala. Þeir menn, sem skoðað hafa, og sem hafa verið skynsamir og óhlutdrægir menn, hafa allir verið á einu máli um það, að sá lax, sem friðaður er í lögunum, kæmist eigi í gegnum þessar vjelar. Út af þessu hefur verið höfðað mál, sem gengið hefur til yfirdómsins, en hann skorið svo úr, að það væri ekki sannað, að þessi friðaði lax kæmist ekki í gegn, það er með öðrum orðum, hinn heiðraði yfirdómur hefur fremur ætlazt til sönnunar fyrir því, að eitthvað gæti ekki átt sjer stað, heldur en hinu, að það gæti átt sjer stað; en sumir að minnsta kosti geta þó skilið, að það er opt slæmum vankvæðum bundið, að sanna með reynslunni, að eitthvað geti ekki verið. Það er heldur ekki sannað, sízt með ástæðum, sem yfirdómnum nægja, að úlfaldinn geti ekki gengið í gegn um nálaraugað, og jeg þykist viss um, að ef einhver gerði hlið yfir þjóðvegi, sem ekki væri nema alin á hæðina, þá þætti yfirdómnum ekki sannað, að hestur gæti ekki gengið þar undir; jú, hesturinn gæti ef til brölt í gegn á hliðinni. Að öðru leyti kemur mjer eða deildinni ekki við að setja út á dóma yfirdómsins, hann hefur fullt vald til að dæma, sem honum gott þykir, en vjer höfum líka rjett til að gjöra vorar athugasemdir.

Allt þetta mál er, eins og jeg hef drepið á, risið út af ágreiningi um eignarrjett einstakra manna, en hann er friðhelgur eptir stjórnarskrá vorri. Þeir, sem ofar eru við árnar, þykjast hafa eignarrjett til veiði fyrir sínu landi, en þessi eini maður neðst við árnar þykist hafa allan eignarrjettinn til veiði í ánum upp í gegn, þar um er þrætan. Þetta má ekki lengur svo til ganga, hvorirtveggja málsaðilar virðast mjer hafa orsök til að vernda eignarrjett sinn; vjer verðum því að vera óhlutdrægir og gjöra allt, sem í voru valdi stendur, til að leiða sannleikann í ljós. Þess ber samt að gæta, að eignarrjetturinn er eigi takmarkalaus, það er þjóðfjelagið, sem skapar eignarrjettinn með lögunum; á meðal villiþjóða er enginn eignarrjettur, þar eiga allir allt óskipt, en þjóðfjelagið gefur eigi, og má eigi gefa, hinum einstöku ótakmarkaðan eignarrjett. Jeg hef eignarrjett yfir hestinum mínum, en jeg má þó ekki fara með hann, alveg eins og jeg vil; jeg má ekki murka úr honum lífið sem níðingur. Vjer vitum líka, að hjer á landi eru fieiri friðunarlög, en fyrir lax; enginn má drepa æðarfugl á sinni jörð eða á sjónum, og þó hann eigi varp, þá má hann heldur ekki drepa fuglinn, sem hefur tekið þar stöðu; og lögin ættu, til að vera sjálfum sjer samkvæm, einnig að banna eggjatöku. Þessi friðun fugla og fiska er þá takmörkun á eignarrjetti hinna einstöku, en hún er nauðsynleg og gjörð svo, að þessir atvinnuvegir geti orðið sem arðsamastir. Þó einn maður eigi veiði í á, má þjóðfjelagið eigi leyfa honum að uppræta veiðina. Af því nú að þetta mál, um veiðina í Elliðaánum, sjerstaklega þykir vera nokkuð vafasamt, þá sjá allir, að nauðsynlegt er að taka af þennan vafa sem allra fyrst, og jeg get ekki annað ætlað, en að þjóðin óski þess; jeg held líka, að valdstjórnin megi óska þess, þar sem hún skilur lögin öðruvísi en allur almenningur, og þeir, sem eigna sjer veiðina, hljóta sjálfsagt að óska, að þessum ágreiningi verði ráðið til lykta, bæði þeir, sem ekki fá að nota veiðina, og líka sá maður, sem notar hana fram yfir það, sem öðrum þykir hann eiga. Nefndin sá ekki önnur ráð hentari, en

að þjóðfjelagið, sem er landseigandi við árnar, gangist fyrir að slíta þessum efa, og að hinir fátækari landeigendur þannig losnuðu við þennan vanda. Nefndin áleit rjettast, að landssjóðurinn höfðaði mál móti þessum manni, sem nú situr yfir allri veiðinni, og því yrði framfylgt fyrir dómstólunum, svo að endilegur úrskurður fáist á þessu. Jeg ímynda mjer að þessi heiðursmaður, sem hjer á hlut að máli, álíti sjer eigi misboðið í þessu. Tilgangur nefndarinnar er einungungis sá, að uppræta allan efa og koma á friði og spekt, og jeg vona, að þingmenn játi, að þetta er hinn beinasti vegur, sem nefndin hefur bent á, en sjeu þeir á öðru máli, þá munu þeir láta til sín heyra, og ætla jeg svo að þessu sinni eigi að fara fleirum orðum um mál þetta, fyr en ef jeg beinlínis þarf þess.

Halldór Kr. Friðriksson: Það má nærri geta, að nefndarálit þetta muni eiga við góð rök að styðjast og vera vel hugsað, þar sem 2 prestar eru í þessari nefnd, og munu þeir hafa hugsað um að semja frið, en ekki ófrið; þeir hafa sjálfsagt það hugfast, að sælir eru þeir, sem friðinn semja. Jeg geng líka að því vísu, að þeir tveir leikmenn, sem eru í nefnd þessari, muni ekki hafa ráðið til neins, nema þeir hafi vandlega íhugað það og sannfærzt um, að þeir fari fram á hið eina og rjetta, og þar sem nú sá fimmti bætist við, löglærður maður, þá geta menn búizt við, að nefndin ráði eigi til annars en þess, sem við full lög eigi að styðjast. Nógu langt er þetta nefndarálit, en jeg verð þó að játa, að jeg finn eigi í því þær ástæður fyrir niðurlagsatriðum þess, sem jeg vildi óska. Í þessu nefndaráliti er prentaður mikill fjöldi skjala, en þau lúta flest að annari hlið málsins, og að skoðunum þeirra manna, sem vilja rífa þvergirðingarnar, en öllu því sleppt, sem er til stuðnings skoðunum hinna. Jeg vil spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort hún hafi ekki haft með höndum uppboðsskilmálana, er ár þessar voru seldar á leigu 1791 og 1828. Þau skjöl hefðu sannarlega verið málinu til meiri skýringa, en sum þau skjöl, sem nefndin hefur tekið, og sem eru öllum kunnug. Dómar í þessu máli eiga að styðjast við þessi skjöl að nokkru leyti. Þegar jeg lít á niðurlagsatriðin, þá er þar sagt, að neðri deild alþingis álykti þetta; en með því að jeg ímynda mjer, að þessi málssókn útheimti talsverðan kostnað, þá vil jeg spyrja nefndina, hvort deildin muni fær um að ákveða þetta upp á sitt eindæmi, og stofna landssjóðnum í þann kostnað, sem hjer af mun leiða. Jeg álít, að hvert fjármál verði að ganga í gegnum báðar deildir þingsins, og því virðist mjer nauðsynlegt að breyta þessu, því að eptir þessari áskorun hygg jeg að umboðsstjórnin sjái sjer eigi fært að fara og leggi hana upp á hylluna. Framsögumaður sagði, að þetta mál væri þjóðmál; þetta virðist mjer undarlega til orða tekið, að kalla það þjóðmál, þótt fáeinir menn gegn lögum og landsrjetti rífi kisturnar úr Elliðaánum. Jeg met ekki svo mikils þennan embættisákafa sumra manna, sem álíta sjer skylt að rífa upp þessar veiðivjelar, að jeg geti kallað það þjóðmál. Það þarf ekki að ryfja það upp, hvernig á þessari óánægju stendur. Það er sannarlega ofkunnugt til þess, og það er merkilegt, að þessi óánægja hefur ekki komið í ljós, fyr en nú hin síðustu árin; meðan konungur átti veiðina, þá talaði enginn um neina óánægju. Jeg hygg, að það sje rjett mælt, að þetta mál sje alls eigi almenningsósk, heldur einstakra manna, sem hafa afvega leiðzt til að taka rjett sinn sjálfir, án þess að hafa nokkra heimild til þess. Framsögumaður sagði, að eignarjetturinn væri helgur, og það er satt, og hjer er þá ekkert um að tala, því að eignarrjettur þessa manns, sem á laxveiðina í Elliðaánum, er jafnfriðhelgur, sem annara. En með hæstarjettardómi er skorið úr því, að hann

hafi þennan eignarrjett, og þessum dómi verður þó ekki breytt. Landssjóðnum er innanhandar að höfða mál, en það er svo sem auðvitað, hvernig það muni fara, þegar hæstirjettur er með gildum ástæðum búinn að dæma þessum eina manni veiðina, því að það er auðvitað, að ekki fer hæstirjettur að dæma ofan í sjálfan sig; jeg get því ekki sjeð, af hverjum ástæðum nefndin getur ráðið til að fara nú að höfða mál fyrir aðra. Mjer finnst nefndin byggja á því, sem stendur á 1 bls. nefndarálitsins, að veiðirjetturinn hafi verið seldur með jörðunum, en það er ekki rjett; laxveiðin í Elliðaánum var seld án tillits til þess, fyrir hvers landi er. Frá 1235 hefur þessi veiði verið sjerstaks manns eign, hitt er annað mál, hvort eigandi veiðarinnar megi nota veiðirjett sinn fyrir annara manna landi. Ef deildin vill samþykkja, að þetta gangi í mál að nýju, þá getur hún verið sannfærð um, að það verður landssjóðnum ekki ódýrt, og jeg er sannfærður um, að fógetinn tekur ekki upp kisturnar, nema ábyrgð komi fyrir því, að hlutaðeigandi verði skaðlaus; hann getur eigi tekið einstaks manns eign nema full ábyrgð komi fyrir því, að eigandi sje skaðlaus, ef dómurinn fellur í gegn landssjóðnum. Þá eru nú friðunarlögin; það eru nú þegar höfðuð tvö mál út af skilningi á þessum lögum; í öðru þeirra er búið að dæma, og þó framsögumaður sje ekki ánægður með þann dóm, þá verður hann þó að sitja við hann; jeg veit líka, að framsögumaður er allt of skynsamur maður til þess að ætla, að nokkur dæmi slíkan dóm sönnunarlaust. Jeg er líka sannfærður um, að hann álítur þennan dóm rjettan, svo lengi sem ekki verður sannað, að brotið hafi verið móti lögunum. Þar að auki veit hann, að annað málið, sem höfðað var, er enn eigi útkljáð, og þó á nú að höfða þriðja málið; jeg veit sannarlega ekki, til hvers það er, úr því málið er komið fyrir dómstólana, því að ef dómstólarnir komast aptur að þeirri niðurstöðu, að veiðiaðferðin sje rjett, þá munu þeir komast að sömu niðurstöðu, þó að þeir dæmi í þriðja skipti. Það þarf sannarlega einhverjar nýjar sannanir um það, að brotið hafi verið á móti lögunum, ef þetta mál á að vinnast. Framsögumaður má ekki blanda því saman, að skemma fyrir sjálfum sjer og öðrum, þótt hann megi skemma fyrir sjálfum sjer, þá á hann ekki að skemma fyrir öðrum; jeg held líka, að það sje ósannað, að þessi maður hafi pínt laxinn. Jeg hygg því, að þetta nefndarálit verði hvorki til að semja frið, nje afla mönnum rjettar.

Framsögumaður: Jeg hugði, að þingmenn Gullbringu- og Kjósarsýslu mundu verða fyrri til að tala í máli þessu, en þingmaður Reykvíkinga, en hann varð nú fyrstur til að taka til máls; hann talaði um, að nefndin hefði eigi tekið í nefndarálitið uppboðsskilmálana eða byggingarbrjefið fyrir laxveiðinni, áður en hún var seld, en það ljet nefndin ógjört sakir þess, að hún gat eigi tekið nema það allra nauðsynlegasta af skjölum málsins; hún hefur tekið afsalsbrjefið fyrir veiðinni, og ætli það sje ekki eins merkilegt, eins og gömul byggingarbrjef? Nefndin hafði að vísu einnig þessi byggingarbrjef, en jeg sje ekki, að í þeim sjeu meiri upplýsingar; þau liggja hjer fyrir mjer, og skyldi jeg með leyfi forseta lesa þau upp, ef það væri ekki of langt mál, og svo eru þau á öðru tungumáli, en það má gjarnan leggja þau á lestrarsalinn, ef menn vilja svo. Í næsta kapitula talaði þingmaðurinn um það, að neðri deild alþingis væri of auðvirðileg til að ályktа, að höfða skyldi opinbert mál gegn þessum eina manni; til þess þyrfti báðar þingdeildir; þetta þykir mjer hart, ef þingmenn neðri deildar alþingis eru eigi þess bærir, að ályktа svo lítið; jeg veit ekki bet-

ur, en hver einstakur umboðsmaður geti fengið höfðað mál, ef um rjettindi landsjóðsjarðanna er að gjöra, og valdstjórnin sjálf hefur vald til þess, án þess að á hana sje skorað; en þingmaðurinn heldur, að báðar deildir alþingis þurfi til þess að álykta þetta; mjer þykir næsta undarlegt, að hann skuli koma með slíkt; jeg held, að hann sje ekki með sjálfum sjer. Hann sagði, að jeg hefði nefnt þetta mál þjóðmál; það sagði jeg reyndar aldrei, jeg nefndi það nauðsynjamál, en það má vel heita þjóðmál, ef vill. Hann talaði um ekki alls fyrir löngu hjer á þinginu, að hervirki hefðu verið gjörð í ám þessum, sem nú ræðir um; á þá ekki við, að þjóðfjelagið skerist í leikinn, svo að þau hervirki verði eigi framvegis háð? Jeg held vissulega, því það er einhver hin fyrsta og helzta skylda þjóðfjelagsins, að halda við friði og reglu í landinu, svo að það er víst ekki rangnefni að kalla þetta þjóðmál. Í 3. kapítula ræðu sinnar talaði þingmaðurinn um það, að fógeti mundi eigi taka upp veiðivjelarnar, nema sá, sem krefðist, setti ábyrgð fyrir því, að hlutaðeigandi yrði skaðlaus. Ætli nokkur neiti því, að landssjóðurinn beri slíka ábyrgð? Þetta mál er eigi höfðað til að gjöra þessum heiðursmanni órjett; vjer eigum engum að gjöra órjett, hvorki honum nje þeim, sem ofar búa við ár þessar. Það er sjálfsagt, að landssjóðurinn verður að bera ábyrgð; ef einstakur maður hefði höfðað málið, þá var sjálfsagt, að hann hefði orðið að setja veð, en þegar þjóðfjelagið höfðar það, þá er nóg ábyrgð í því sjálfu, svo þó að málið verði dæmt landssjóðnum í óhag, þá hefur landssjóðurinn nógu breitt bakið til að bera þann kostnað. Þingmaðurinn veit, að öðruvísi stendur á með einstaka menn en almenna sjóði eða fjelög; fjelagið stendur og deyr ekki, þó hinn einstaki maður degi, fjelagið, sem á sjóðinn, getur lagt og hlýtur að leggja því meira á gjaldendur, sem útgjöldin eru meiri, svo engin hætta er á því, að fjelagið geti staðið í skilum. Þetta er svo ljóst, að hvert barn getur skilið það. Í 4. kapítula talaði þingmaðurinn um, að mál hefði verið höfðað gegn þessum eina manni út af friðunarlögunum, en þar við er aðgætandi, að þetta mál var höfðað út af broti móti 5. gr. tjeðra laga, en ekki út af broti móti 2. gr. Nefndin hefur eigi farið fram, að mál væri höfðað út af 5. gr. Valdstjórnin hefur á-litið sjer skylt að skerast í það, að þeirri grein væri hlýtt, en hún hefur aðra skoðun á þvergirðingum heldur en nefndin, og það er þess vegna, að nefndin hefur stungið upp á því, að mál væri höfðað fyrir brot gegn 2. grein, en ekki út af 5. gr. laganna.

Halldór Kr. Friðriksson: Lögin 1876 eru kölluð viðaukalög við 56. kapítula Jónsbókar landsleigubálks; eptir því sem mjer skilst eru því þessi lög útskýring á Jónsbók, en hafa engar ákvarðanir, sem eru gagnstæðar Jónsbók sjálfri. Þar af leiðir, að ef framsögumaður á við 2. gr. þessara laga, og að þetta nýja mál verður höfðað beinlínis út af þvergirðingum, þá get jeg ekki skilið, hvernig framsögumaður getur farið fram á slíkt, þar sem hæstarjettardómur er fyrir því að þannig megi veiða. Í Jónsbók er hvergi talað um, að þeir, sem veiði eiga einir í á, megi ekki þvergirða, en lögin 11. maí 1876 eru, eins og tekið var fram hjer í deildinni 1875, viðaukalög eða skýring á Jónsbók og friðunarlög að því leyti, að þau eiga að friða smálaxinn, svo að hann nái að tímgast og þroskast. Jeg get því ekki annað sjeð, en að eptir því, sem framsögumaður skýrir þetta betur, þá sje málið því fremur ófyrirsynju höfðað. Framsögumaður sagði, að nefndin hefði tekið þau skjöl, sem nauðsynleg hefðu verið, en jeg get ekki annað sjeð, en að það sje þó nauðsynlegt, að taka þau skjöl með, er sýna, hver veiðiaðferð hefur verið við höfð frá aldaöðli; hann barði því við, að skjöl þessi væru á dönsku, en

afsalsbrjefið er líka á dönsku, og ef nefndin hefur ekki fengið klýju af því að láta prenta það, þá get jeg ekki skilið, að hún hefði fengið uppsölu af dönskunni á þessum skjölum, þótt þau hefðu verið prentuð með; jeg verð heldur að ætla, að þar hafi annar fiskur legið undir steini. Framsögumaður sagði, að jeg hefði talað um hervirki í Elliðaánum, og vildi með því styrkja það, að þetta hlyti að verða þjóðmál, eða hvað hann kallaði það. Jeg stend við það, að það sje hervirki, þegar einstakir menn skemma og spilla fyrir öðrum án dóms og laga, en ef hann álítur, að þetta sje hervirki, sem varði alla þjóðina, þá skal jeg ekki þræta á móti þessu, þó mjer finnist að nógir aðrir sjeu til, þótt þingið blandi sjer eigi í þetta mál. Ef málið er þannig lagað, að ástæða sje til að höfða opinbert mál gegn þessum manni, þá er yfirvöldunum skylt að taka í strenginn. Nú hefur tvívegis verið höfðað mál á móti þessum manni, og það sýnir, að vjer getum átt það víst, að hið opinbera muni höfða mál gegn honum, ef það álítur nauðsynlegt. Framsögumaður sagði, að jeg hefði sagt, að neðri deildin væri of auðvirðileg til að gjöra slíka ályktun. Þau orð talaði jeg aldrei, en jeg kvaðst ætla, að hún væri eigi bær þess að höfða mál, sem hefðu mikinn kostnað í för með sjer. Það er heldur eigi langt síðan, að neðri deild gjörði líka ákvörðun og þessa, en efri deildin var ekki lengi að mótmæla þeirri ályktun með öllu, og jeg er sannfærður um, að henni þykir nú rjettur sinn skertur, ef þessi deild gjörir þessa ályktun, því að slíkt er alls þingsins. Það, sem ábyrgðina snertir, þá getur vel verið, að eigandi ánna heimti veð, og þá getur það orðið peningaspursmál fyrir landssjóðinn. Eigandi ánna getur ekki gjört sig ánægðan með nema töluvert, og verði sú niðurstaða, að veiðin sje rjettilega notuð, þá verður landssjóðurinn eigi fyrir alllitlum skaða. Jeg segi eigi þetta af því, að jeg búist við, að deildin breyti skoðun sinni fyrir mín orð, heldur gjöri jeg það til að sýna þingmönnum fram á, að þeir verði að íhuga vel, hverjar afleiðingarnar geta orðið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef beðið mjer hljóðs fyrst og fremst af því, að þingmaður Reykvíkinga sagði í upphafi hinnar löngu ræðu sinnar, að nefnd þessi mundi hafa viljað semja frið, þar sem tveir prestar voru í henni. Það er satt, að nefnd þessi var mjög friðsamleg, og hún hafði hugfast hið fornkveðna: »Ef vjer slítum lögin, þá slítum vjer friðinn«. En mjer heyrðist þingmaður Reykvíkinga vilja halda áfram »herverkunum«, sem hann kallaði svo; en sje svo, þá vill hann slíta friðinn. Jeg hef með meira athygli en nokkru sinni áður hlustað á þessa löngu ræðu hans, til þess að vita, hvort jeg gæti ekki fundið hið minnsta sandkorn af sannleiksástæðum í henni. En, því miður, það hef jeg ekki getað fundið samt sem áður, enda hefur framsögumaður hrakið ræðuna svo, að í henni er engin heil brú eptir, og mjer liggur nú við að kenna í brjósti um þingmanninn. Hann talaði um eignarrjettinn, en á hverju byggir hann eignarrjett þessa eina manns? Mjer heyrðist hann byggja hann á gömlum byggingarbrjefum. Það hef jeg aldrei heyrt, að byggingarbrjef væru eignarheimildarbrjef; en hitt vona jeg, að þingmaðurinn neiti eigi, að afsalsbrjef sje þó eignarheimildarskjal. Í þessu afsalsbrjefi stendur: «Saa skjöde og afhænde Vi til fornævnte Kjöbmand D. Thomsen meerbemeldte Laxefiskeriet i Ellidaaae fra den store Fos Gaarden Árbæ (sic!), Storahyl kaldet, og indtil udenfor Elfens Munding i Söen mellem Arbæjar, Höfda og Gelgju eller Gjeldingatanga med tilhörende Fiskeredskaber og alle de Rettigheder, som Fiskeriet fra gammel Tid fulgt have, endnu fölge og med Rette fölge bör, saa at han i Overeenstemmelse med de om Fiskeriet i Island ergangne eller herefter

udgivende Anordninger maa gjöre sig samme saa nyttigt, som han bedst ved, vil og kan«. Eptir þessu er honum seld og afhent veiðin frá Stórahyl og út að Gelgjutanga, en hvergi annarsstaðar í ánum. Er þá þetta hið sama, sem þingmaðurinn margtók fram, að hann ætti veiðina í öllum ánum, Eða nær þá áin ekki lengra en upp að Stórahyl? Það fer betur, að allir hugsa eigi eptir hans hugsunarreglum, og ef rjettritunarreglurnar hans eru ekki betri en þetta, þá eru þær góðar (!). Hann talaði mikið um hæstarjettardóm frá 11. febr. 1875, en þessi hæstarjettardómur var felldur eptir öðrum lögum, það er að segja, eptir lögbókinni, en eigi eptir viðaukalögunum 11. maí 1876 um friðun á laxi, er komu út síðar en hæstarjettardómi var á lokið, og sem nú gilda. Þessa verða menn vel að gæta, að enginn hæstarjettardómur er fyrir hendi um veiðina eptir þessum friðunarlögum. þingmaðurinn hljóp yfir það, hvort nokkur munur væri á Jónsbók og viðaukalögunum um friðun á laxi; um þessi orð, «friðun á laxi» talaði hann ekki eitt orð. Þessi orð eru sem þyrnir í auga hans. En hefur þá þingmaðurinn borið saman þessi lög og Jónsbók? Það er sagt, að hann eigi að skilja íslenzku og jeg efa það ekki, en ef hann hefur borið þessi lög saman og ekkert fundið um «friðun á laxi» í viðaukalögunum, þá verð jeg að ætla, að hann skilji ekki sitt móðurmál. Ein lög veit jeg hann skilur vel; það eru þorskanetalögin frá 12. nóvbr. 1875. Í 2. gr. þeirra laga stendur: »Brjóti nokkur móti 1. gr. skulu net og afli upptæk, og skal sá, sem upptekur, eiga aflann». Hvernig skilur þingmaðurinn þessa grein? Hún er um þorsk, sem hann þekkir betur en mörg önnur dýr. (*Halldór Kr. Friðriksson*: Ekki betur en 1. þingmaður Norðurmúlasýslu). Það er satt, einungis þegar jeg á orðakast við þingmanninn hjer í salnum. Hann talaði enn fremur um það, að landssjóðurinn mundi verða fyrir miklum fjárútlátum. Þingmanninum er vorkunn, þó hann tali um það, því að hann er maður spar á fje landsins, þó ekki sje, nema þegar um laun sumra embættismanna er að ræða! En það þótti mjer nokkuð skrítið, þegar hann kom með það, að þingsályktun þessi þyrfti einnig að ganga gegnum efri deild, sökum kostnaðarins, sem af þessari málshöfðun hlyti að leiða. Jeg verð að benda honum á 16. grein fjárlaganna: «Óviss gjöld»; þar er tiltekið fje, sem ætlað er meðal annars til málskostnaðar fyrir landssjóðinn. Kostnaður sá, er þingsályktun þessi hefur í för með sjer, er því samþykktur í fjárlögunum, svo af neðri deildinni sem hinni efri, og jeg sje engan þann kostnað í þingsályktinni, sem ekki sje heimilaður í fjárlögunum. Í áskorun þingsályktarinnar, liggur að eins sú beiðsla til landshöfðingja, að hann hlutist til um, að 5. gr. laganna 11. maí 1876 verði framfylgt. En það vissi jeg ekki fyr en nú, að sjerstaka heimild þyrfti handa landshöfðingja, sakir kostnaðarins, til að fara í mál fyrir landssjóðinn. Mál þetta er annars svo ljóst, að ekki þarf margt um það að tala, og jeg er sannfærður um, að sá flokkur manna, sem mestan hlut á að máli þessu, álítur fulla nauðsyn á, að þingið skerist hjer í leikinn, einkum þegar þessar «hervirkja» sögur fara að berast út úr þingsalnum út á meðal almennings. Jeg er líka viss um, að deildin ber það traust til landshöfðingja, eptir því sem mönnum fórust hjer orð í gær, að hann verði vel við þessari áskorun, og þó jeg í gær gæfi honum ekki sjerstaklega trúnaðar atkvæði mitt, þá verð jeg nú að segja, að jeg þekki hann ekki rjett, ef hann styður ekki vel og vandlega mál þetta, þó að það komi að eins frá neðri deildinni; enda er það líka mikil hvöt fyrir hann, að sýna sig verðugan þess trausts, sem deildin hefur svo glæsilega vottað honum.

Páll Pálsson prestur: Þegar þingmaður Reykvíkinga var kennari minn, þá kenndi hann mjer að lesa út greinarnar, sem hann setti mjer fyrir, en nú fylgir hann sjálfur ekki þessari góðu reglu, hann gleymdi alveg orðunum «friðun á laxi» í fyrirsögn viðaukalaganna. Það er til hervirkjanna kemur, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að til yfirvaldanna hefur í sumar aptur og aptur komið áskorun um að hlutast til um þetta mál einmittt frá þeim, sem hin svo nefndu hervirki hafa unnið, fyrst frá hreppsnefndinni í Seltjarnarneshreppi, því næst frá nokkrum öðrum hreppsmönnum, og 28. júlí frá þeim mönnum sjálfum, er hervirkin unnu þann dag. Jeg krefst þess, að þetta sje bókað, svo að eigi verði ætlað, að þeir hafi læðzt að veiðivjelunum, heldur ráðizt á þær sem frjálsir menn.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var þingsályktunin borin undir atkvæði, og var:

1. liður samþykktur með 15 atkvæðum gegn 1.
2. liður samþykktur með 14 atkvæðum.

Síðari umræða í neðri deild, á 58. fundi, 25. ágúst.

Framsögumaður: Jeg finn ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál að svo stöddu en jeg hef áður gjört. Þegar það í fyrra sinn var til umræðu, þá voru teknar fram flestar ástæður með og móti. Það var að eins einn þingmaður, sem talaði móti þingsályktuninni, og ímynda jeg mjer, að hann hafi tjaldað því sem til var, þó ástæður hans væru veikar, og því finn jeg ekki ástæðu til að tefja tímann með því að fara nú að ryfja upp aptur það, sem þá var rætt um þetta mál.

Benedikt Sveinsson: Úr því deildin virti mig þess, að kjósa mig í þá nefnd, er hún fól að rannsaka, hvernig laxafriðunarlaga 11. maí 1876 hefði verið gætt með tilliti til laxveiðarinnar í Elliðaánum, þá finnst mjer jeg ekki með góðri samvizku geta leitt hjá mjer, að fara nokkrum orðum um þetta mál. Jeg skal reyna að halda mjer svo glöggt, sem unnt er, við þau atriði, sem allt veltur á, og ágreiningurinn einkum snýst um. Jeg vil þá fyrst taka það fram, að sú skoðun hefur komið fram, að kaupmaður sá, er hjer á í hlut, eigi alla veiðina í öllum Elliðaánum. Að þetta sje rjett og satt, því neita jeg hátt og hátíðlega fyrir allra þeirra hönd, annars en hans, sem lönd eiga að Elliðaánum. Það liggur nú í hlutarins eðli, að ef svo væri, að hann ætti alla veiðina, þá yrði hann að færa sönnur fyrir, að svo sje, fullkomna og óhrekjanlega lagasönnun gagnvart landeigendunum fyrir ofan jarðir hans, Ártún og Bústaði; en þessi sönnun er ekki til og getur aldrei til eilífðar komið fram; þetta vona jeg mjer takist að sanna. Framsögumaður, hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga, sem jafnt er kunnur að viturleik og skarpskyggni, tók um daginn fram eitt atriði, sem glöggt sýndi, að það er ómögulegt, að þessi maður, kaupmaður Thomsen, geti átt alla veiði í öllum ánum; ef hluti, já lítill hluti, er annað en heild hins sama hlutar, já, svo framarlega sem það er víst, þá er það líka víst, að þessi maður á að eins veiði í nokkrum hluta ánna, en ekki í þeim öllum. En það er ekki þetta atriði einungis, sem sýnir og sannar þetta, þetta atriði, sem jeg get ekki tekið glöggvar fram, en framsögumaður gjörði um daginn. Nei! jeg vil minnast á annað atriði, og það er saga hinnar hjer umtöluðu laxveiðar í Elliðaánum. Jeg skora á hina háttvirtu þingmenn og tilheyrendur, að hafa það hugfast, að hin svo kallaða laxveiði í Elliðaánum, «Laxefiskeriet i Ellidaa», á sjer langa og óhrekjanlega,

lagalega sögu, og er því söguleg og lagaleg hugmynd, sem frá öndverðu hefur þýtt, þýðir og mun þýða allt annað og minna, en öll laxveiði í öllum Elliðaánum. Menn gæti vel að því, segi jeg, það enn og æ, að orðin: «laxveiði í Elliðaánum» hefur afmarkaða sögulega og lagalega þýðing! Saga laxveiðarinnar í Elliðaánum í þessum eina rjetta og sanna skilningi, byrjar með máldaganum frá árinu 1235, og hann er óafmáð og óafmáanleg stofnunarskrá laxveiðarinnar í þessum ám. Gæti menn nú að! Eptir þessum máldaga á staður í Viðey og kirkjan í Laugarnesi, Nesmenn og Víkurmenn hina svo kölluðu «veiði í Elliðaám» eptir því hlutfalli, sem máldaginn nákvæmar tilgreinir. Máldaginn gjörir glögga grein fyrir, hvern hluta hver þessara 4 eigi, en hann gjörir meir, og þar á veltur allt, hann ákveður með ómisskiljanlegum orðum og ákvæðum, hvernig veiðin skuli vera, með öðrum orðum, hver þessi veiði sje. Tvennskonar veiðimátar eru þá leyfðir og ákveðnir. Annar veiðimátinn er þá sá, að við hafa dráttarveiði í árósunum, en vel að merkja að eins með fjöru og útfalli, og er enn fremur gjört ráð fyrir að venjulega verði 10 drættir eða dráttarfjörur á viku hverri. Nú vita allir, að laxinn, eins og aðrir fiskar, gengur upp í ár með aðfalli; þegar því dregið er á með fjöru og útfalli, þá er allur sá lax kominn upp í ána, sem vill upp í hana ganga, og þá er sú helga grundvallarregla eigi rofin með þessum veiðimáta, sem segir: ganga skal guðs gjöf frá fjöru til fjalls, ef gengið vill hafa. Hinn annar veiðimáti er máldaginn leyfir, er sá, að girða fyrir aðra kvíslina og veita hinni yfir í hina, það er að segja, að veita norðuránni í suðurána, því að það er ómögulegt að veita suðuránni í norðurána, og þessi veiting eða afveiting, sem máldaginn kallar, að «gera í ár», átti sjer stað innan þeirra veiðitakmarka, sem kaupbrjef kaupmanns Thomsens frá 1853 tiltekur. Þessir 2 veiðimátar, og engir aðrir, innan ákveðinna takmarka neðst í Elliðaánum, voru heimilaðir og engir aðrir, í máldaganum 1235, og má jeg nú spyrja, er þetta móti þá gildandi landslögum, hinni nafnfrægu lögbók Íslendinga, Grágás? Nei! hjer er alveg fylgt grundvallarreglum og fyrirskipunum Grágásar, hjer er svo mikil friðun og svo mikil trygging fyrir óhindraðri göngu laxins, sem lögin og andi þeirra framast bjóða og útheimta. En af þessu leiðir þá aptur sú óræka vissa, að allar jarðirnar, sem fyrir ofan veiðisvæði máldagans lágu, nutu eptir honum og samkvæmt honum allrar laxveiði þeirrar og veiðirjettar, sem þeim framast gat fylgt. En það er ekki búið með þetta! Það er til máldagi frá árinu 1234, þar sem segir svo, að Viðeyjarklaustur eigi Elliðavatnsland hálft og allt land að Vatnsenda með þeim veiðum og gæðum, er þeim hafa fylgt að fornu; máldaginn segir líka: staður (= Viðeyjarklaustur) á og Kleppsland allt og laxveiði í Elliðaá að helmingi við Laugarnesinga; menn gæti vel að því, að hjer er ekki með berum orðum sagt, en það flýtur af sjálfu sjer, eins og síðar mun sýnt, að Kleppslandi fylgi veiði og gæði. Vjer höfum þá máldaga og reglur fyrir veiðinni bæði fyrir ofan veiðisvæði máldagans 1235, eða landmegin, og fyrir neðan þetta veiðisvæði, eða sjávarmegin, og þessa máldaga, þessar reglur getur enginn dauðlegur maður skafið út. Þeir eru prentaðir í fornbrjefasafni Íslands, sem jeg held á í hendinni í augsýn allra þingmanna. Með þessum máldögum er þá sannað, að «laxveiði í Elliðaám» þýðir ekkert annað eða meira en veiðitak í neðsta hluta Elliðaánna fyrir Ártúns og Bústaðalandi, alveg samkvæmt gildandi landslögum. Og hverjir settu nú þessa máldaga? Katólskir höfðingjar, sem rjeðu öllu,

og hefðu líklega getað, ef þeir hefðu viljað, breytt setningunni: ganga skal guðs gjöf frá fjöru til fjalls, ef gengið vill hafa, en svo löghlýðnir voru þessir menn, þó sumir kalli þá harðstjóra, að þeir gættu hinna gildandi laga. Jeg tek hjer fram til að sýna, að Danastjórn hafi byggt veiðirjett sinn í Elliðaám á þessum máldaga 1235, að rentukamerið í brjefi sínu 28. febr. 1795 kannast við, að Vilkinsmáldagi sýni, að hálf laxveiði í Elliðaánum» (eða hið hjer um rædda laxveiðaítak í Elliðaám) hafi á 14. öld tilheyrt Viðeyjarklaustri. Reki menn nú sögu þessa veiðiítaks fram eptir tímanum, þá var það ekki notað, það kemur öllum saman um, með laxakistum og því síður með þvergirðingum í fullar 5 aldir frá máldaganum að reikna; eða fram á miðja 18. öld. Allan þennan tíma standa veiðimátar máldagans 1235 alveg óbreyttir og veiði og veiðirjettur allra jarða að Elliðaánum óhaggaðar við hliðina á hinu um talaða veiðiítaki, hinni svo nefndu «laxveiði í Elliðaám». En á þessum tíma gjörðist önnur breyting, því við siðabótina, eða við sekularisationa gekk þetta veiðiítak, og jarðirnar með ánum undir konung, konungur verður einn eigandi að ítakinu, «laxveiði í Elliðaám», og jörðunum, sem að ánum liggja. Hann notar fyrst veiðina fyrir eigin reikning, en af því það, þegar fram liðu stundir, þótti ekki tilvinnandi, þá var veiðitakið sett á leigu. Fyrst var hún leigð 9. maí 1757 2 bræðrum, Þorbirni og Halldóri, Bjarnasonum, fyrir 11⅓ rd. á ári; síðan var hún leigð 27. jan. 1761 fyrir 13 rdl. í þrjú ár; þá 30. nóv. 1778 Jóni nokkrum Guðmundssyni enn fyrir 13 rdl. Fyrir þessum öllum leigumálum eru til konunglegrar resolutionir, og í þeim öllum er veiðiítakið nefnt sínu gamla sögulega nafni: »Laxveiði í Elliðaám»; svo kemur rentukammerið í spilið; þá fær Jón Guðmundsson aptur lengdan veiðirjettinn 3. júní 1786, fyrir 21 rd. 32 sk., og einlægt er citerað í laxveiðareglurnar eptir máldaganum með orðunum »Laxveiði í Elliðaám«. Það er áður tekið fram, að rentukammerbrjefið 28. febr. 1795 byggir á Vilkinsmáldaga viðvíkjandi þessari veiði; allt svo er það gefið, að fram á miðja 18. öld, já meir að segja fram undir lok 18. aldar, eru, eins og jeg sagði, veiðimátarnir alveg óbreyttir, og veiðirjetturinn og veiðiafnotin þá líka fyrir allar jarðirnar fyrir ofan viðiítakið, eins og hann var eptir máldaganum 1235. Frá miðri 18. öld kemur samt óglöggara tímabil í sögunni, ekki fyrir mjer, en fyrir sakir þess, að hæstarjettardómur, sem menn þekkja, hefur gengið út frá því, að á miðri 18. öld hafi byrjað þvergirðingar í Elliðaánum. Þetta er þó í dómnum ekki byggt á venjulegum lagalegum sönnunum, heldur sjer í lagi á bók Horrebows sál., sem ferðaðist hjer um landið um þetta leyti, allt svo á óeiðsvörnum vitnisburði dauðs manns, eða rjettara sögusögn dauðs manns, sem eigi þótti meir en svo sannorður í lifandi lífi. En nú er þá spurningin, hvort ekki skeði neitt annað en þetta? Jú, það skeður annað, sem er meira í varið, það skeður, að konungur fer að selja jarðirnar; fyrst er seld jörðin Elliðavatn 1815, svo Kleppur 1817 o. s. frv., og þessar jarðir voru seldar samkvæmt máldögunum 1234 og 1235 með konungsins eigin hendi, án þess að veiðirjetturinn væri undanskilinn. Þetta sanna kaupbrjefin sjálf, þar sem konungur segist afsala sjer öllum rjettindum og herlegheitum, sem jörðunum fylgt hafa að fornu og fylgi að lögum. Ef nokkur af oss hefði líkt afsalsbrjef í hendi frá prívatmanni, þá er jeg hræddur um, að oss mundi þykja það hart, ef seljandinn kæmi svo á eptir og segði: »Nei, þetta var undanskilið, þetta fylgdi ekki með í sölunni. Og það er enn betri sönnun fyrir, að veiðirjetturinn er ekki undanskilinn, heldur þvert á móti seldur með jörðunum, að jörðin Kleppur, sem máldaginn 1234 þá

ekki segir um, að neinn veiðirjettur fylgi með berum orðum, að þessi jörð er, segi jeg, ómótmælanlega seld með óskertum laxveiðirjetti fyrir sínu landi 27. september 1817. Þetta byggi jeg á landsyfirrjettardómi, er hæstirjettur staðfesti 10. apr. 1867. Má jeg nú ekki eptir þessum hæstarjettardómi leyfa mjer að staðhæfa, að Kleppur sje seldur með öllum veiðirjettindum samkvæmt landslögum? en ef það er sannað, þá er eins sannað um jarðir þær, er ofar liggja, að þær eru seldar með óskertum laxveiðirjetti, þar sem konungur viðhefur sömu orðin í afsalsbrjefunum. Það er varlega gjörandi að vefengja afsalsbrjef, hvort sem þau eru staðfest af konungi eða af einstökum mönnum; það er hættulegt, að víkja frá glöggum orðum í kaupbrjefum, því að svo mörg rjettindi eru byggð á slíkum brjefum. Jeg mótmæli því hátíðlega sem ósönnu, að afsalsbrjefið frá 1815 hafi undanskilið laxveiði fyrir Elliðavatnslandi, og jeg mótmæli því einnig, að konungur hafi einu sinni getað tekið veiði þessa undan eptir að afsalsbrjefið 1815 var útgefið. Það er sízt samboðið mjer að mæla nokkuð óverðugt um hina hásælu konunga vora, og mjer dettur ekki í hug að segja það um þá, að þeir hafi selt sama hlutinn tvisvar. Látum oss nú bera þetta, sem jeg þegar hef sagt, saman við afsalsbrjefið fyrir veiðinni í Elliðaánum 11. des. 1853; þá stendur þar, að hún, o: hið forna laxveiði-ítak, sje seld »med alle de Rettigheder, som fra gammel Tid». (Þessi orð innibinda þá ómótmælanlega 1235, það sýnir meðal annars rentukammerbrjefið 28. febr. 1795) «fulgt have og med Rette følge bör»; þetta er sú venjulega formúla og atriðisorð. Enn fremur stendur í brjefinu: «saa at han i Overeenstemmelse med de om Fiskeriet i Island ergangne og herefter udgivende Anordninger maa gjöre sig samme saa nyttigt» o. s. frv.. Með þessu afsalsbrjefi segist þá konungur afsala sjer þeirri veiði, er hann var eigandi að, þannig að kaupandi fylgi þeim lögum, sem voru og eru og munu útkoma um laxveiðar á Íslandi. Hvaðan er þá sá draugur, hinar viðbjóðslegu þvergirðingar í Elliðaánum, kominn? Hvernig geta menn, með minnsta skyni af skynsemisástæðum verið að berjast út af því og um það, sem svo er ljóst og glöggt, sem það að kaupmanni Thomsen er bannað að þvergirða Elliðaárnar í hans eigin afsalsbrjefi? Hvaðan er sú alda runnin, að hæstirjettur geti byggt á einhverju þvergirðingaástandi á miðri 18. öld? Hvað var þetta faktiska á miðri 18. öld, er gæti breytt lögunum? Það er ómögulegt, að þvergirðingar hafi verið heimilaðar á miðri 18. öld, af því, að Jónsbók bannar þvergirðingar. Skyldi það miraculum, undur, hafa skeð, að á miðri 18. öld hafi þvert ofan í Jónsbók þvergirðingar náð löghelgi. Nei, þetta er og verður ómögulegt. Hjer verður ekki einu sinni nefnd hefð. Því fyrst gildir hefð eigi eptir Jónsbók gagnvart eldri löglegu ástandi og skilríkjum, og í annan stað er ómögulegt eptir Jónsbók að hefða ítak eða ítaksrjett nema með positívum afnotum á annars manns landi. En kaupmaður Thomsen hefur aldrei notað veiði á þeirra jarða landi, sem liggja fyrir ofan veiðisvæði hans. Jeg skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta atriði. Máldagaskrárnar eru samkvæmar Grágás, og þeim grundvallarreglum í Grágás hefur aldrei verið hreyft, heldur eru þær staðfestar með Jónsbókarlögum. Í annan stað sýnir öll saga veiðarinnar í Elliðaám, að veiðiítak þetta hefur aldrei breytzt sem rjettindi frá máldaganum 1235 cfr. 1234, og loks sýna hin konunglegu afsalsbrjef, að jarðirnar eru seldar með laxveiðirjettinum, og kaupmanni Thomsen aldrei selt annað en löglegur almennur veiðirjettur fyrir Ártúns og Bústaðalandi. Þessum grundvelli getur enginn dómur, og ekkert

yfirvaldabrjef raskað. Að kaupmaður Thomsen því eigi einn alla laxveiði í öllum Elliðaám, eru helber ósannindi!

En nú vil jeg þá minnast á 2. atriðið, sem sje það, hvort þvergirðingar í Elliðaánum sjeu undanskildar friðunarlögunum, 11. maí 1876. Látum svo vera, að Jónsbók hafi verið ónýt, vjer höfum önnur lög, lögin 11. maí 1876. Þar segir í 7. gr., að brjóti nokkur móti lögum þessum, þá skuli öll ólögmæt veiðiáhöld upptæk og ólöglegir veiðigarðar óhelgir. Nú er það sýnt og sannað, að Elliðaárnar eru þvergirtar, svo að enginn lax kemst í gegnum girðingarnar, til þess að sýna það, þarf engan dóm, heldur að eins að menn bruki opin augun. Ef þessar þvergirðingar ættu að vera heimilaðar að lögum, þá ætti það þá að vera af því, að lögin nái ekki til þeirra, en lögin 11. maí 1876 heyra þó til þeirra «udgivende Anordninger», sem í afsalsbrjefinu eru nefndar, og þau eru meira en «Anordning», því að þau eru sett af frjálsu löggjafarþingi og staðfest af konungi. En ef það er sannað, að þessi lög ná til þvergirðinganna í Elliðaánum, þá vil jeg minna menn á, að hæstarjettarassessor Finsen hefur útlagt orðið «óhelgur» í Jónsbók «ufredhellig», en þetta er sama orðið, og stendur í lögunum 11. maí 1876 í sama sambandi. Jeg skal ekki fara lengra út í skilninginn á þessu orði, en vil einungis benda á 2. gr. í lögum um þorskanetalagnir, þar sem segir, að net og afli skuli upptæk, og sá, sem upp tekur, eiga aflann. Jeg vil biðja þingmann Reykvíkinga að sanna mjer, að þessi lög nái ekki yfir Elliðaárnar, því að það er enginn leyndardómur, það vita allir, að þvergirðingarnar í Elliðaánum voru einmitt sterkasta hvötin til þess, að þessi lög eru orðin til á alþingi Íslendinga 1875, og á þetta er bent í nefndarálitinu með öllum orðum þeim, sem sýna áhuga þingsins á málinu það ár (*Halldór Kr. Friðriksson*: «Jú! jeg veit, að lögin eru búin til með tilliti til Elliðaánna). Það er gott, að þingmaðurinn kannast við það svona í heyranda hljóði. En úr því það er víst, að þvergirðingarnar í Elliðaánum hafi verið sterkasta hvötin til laganna 11. maí 1876 frá þingsins hálfu, þá má nærri geta, hvort 7. gr. laganna ekki nær til þessara þvergirðinga, eða með öðrum orðum, hvort þær eigi eru «óhelgar», og veiðivjelarnar í þeim «upptækar!» Varaforseti tók það að öðru leyti svo vel fram undir fyrri umræðu málsins, að þessi lög verða eins að ná yfir eignarrjett eins manns, eins og eignarrjett tveggja eða fleiri, og að þau að öðrum kosti eigi gætu heitið friðunarlög, — varaforseti tók þetta svo vel fram um daginn segi jeg, að jeg treysti mjer ekki til að gjöra það eins vel, því síður betur. Hvað margir eða hvað fáir sem eigendur eru að laxveiði í Elliðaám eða öðrum ám á Íslandi, verða og hljóta þessi lög að ná til þeirra, annars fellur öll friðun, öll lögin, burt. Hæstarjettardómurinn 16. febr. 1875, er þessu máli alveg óviðkomandi, og öll ráðgjafabrjef, sem í kring um hann snúast, því hann er eldri en lögin 11. maí 1876, og stendur þar að auki í beinni mótsögn við hæstarjettardóm 10. apríl 1867 um það atriði, sem áður er um talað. Annar dómurinn (1867) kveður já við landslögum vorum og rjettum og sjálfsögðum skilningi konunglegra kaupbrjefa, hinn (1875) nei. Hvern hæstarjettardóminn skyldu menn eiga meira að meta? Vjer sleppum því, hvort hið síðara nei við lögum er sterkara en hið eldra já, en þessi hæstarjettardómur 1875 getur, hvernig sem á hann er litið, ekki haft meiri þýðing eða juridiskt gildi, en lögformlegur og óvefengdur samningur þeirra tveggja málsparta, sem dómurinn ræðir um, um að þvergirða árnar 1875. En hver heilvita maður getur sjeð, að slíkur samningur, þó hann hefði verið leyfilegur eptir Jónsbók, hlyti að hafa orðið ógildur við friðunarlögin 11. maí 1876.

Hæstarjettardómur þessi kemur þannig ekki friðunarlögunum við, en það kemur þinginu aptur við, hvort kaupmaður Thomsen er einn eigandi að allri laxveiði í öllum Elliðaánum, af því að landssjóðurinn á eina jörðina, sem liggur að þessum ám. Svo vil jeg ekki fara fleirum orðum um þessi augljósu atriði. Mjer væri það sönn ánægja, ef málið hefur orðið ljósara fyrir þingmönnum fyrir þessa ræðu mína. Jeg get ekki að því gjört, að þetta mál hefur vakið hjá mjer bitrar og beiskar endurminningar, en jeg vona, að allir játi með mjer, að jeg hef ekki blandað þeim í þetta mál. Jeg hef tilfært glöggar og greinilegar sannanir, sem enginn fær hrakið, og tilfinningar mínar hafa að eins að svo miklu leyti blandazt í málið, að jeg get aldrei talað svo um helg rjettindi fósturjarðar minnar og landa, alinna og óborinna, að jeg komist ekki við í hjarta mínu! Rjett brúkun á laxveiði, hvort sem er í Elliðaánum eða í hverri annari á á Íslandi, mundi leiða til mikillar auðsuppsprettu fyrir land vort og lýð! Jeg vil benda á dæmi Noregsmanna, Svía, Rússa, Frakka, Þjóðverja og fleiri. Þessar þjóðir banna ekki einungis alla skaðlega veiðiaðferð, þá veiðiaðferð, sem níðist á náttúrulögunum, svo þau komast ekki að til að fjölga laxinum, heldur jafnvel leggja náttúrunni umfangsmikla positiva hjálp í tje Hjer hjá oss er eptir lögum 11. maí 1876 að eins um friðunarlög að gjöra, sem banna öllum mönnum á Íslandi að stemma stigu fyrir sjálfráðum og náttúrlegum viðgangi laxins. Vjer erum ekki komnir lengra en þetta í þessu umvarðandi velferðarmáli. En lög vor megum vjer ekki láta fótum troða. Ef þingmaður Reykvíkinga vildi beina kappi sínu og dugnaði í gagnstæða stefnu þeirri, sem hann nú fylgir, þá gæti hann gjört ættjörðu sinni mikið gagn, og það væri óskandi, að löggjafarvaldið færi nú að sjá, hve ómetanlega nauðsynlegt það er, að styðja náttúruöflin með tilliti til laxfjölgunar á Íslandi. Vjer vitum ofur vel, að eptir hverjum einasta dal af öllum þeim aragrúa af dölum, sem Ísland myndar, rennur á eða lækur, stærri og smærri; allir þessir lækir og ár eru mesta auðsuppspretta. Þeir bjóða oss blessun sína á niðurgöngu sinni til sjávar með að vökva tún vor og engi, og þeir breiða faðminn móti hafinu, og bjóða því að láta «guðs gjöf, laxinn, ganga til fjalls, ef gengið vill hafa»!

Halldór Kr. Friðriksson: Þó að jeg ætlaði eigi að tala fleira í máli þessu, en jeg þegar hef gjört, þá vil jeg þó geta þess, að þar sem 1. þingmaður Árnesinga í hinni snjöllu ræðu sinni kvað dugnað minn mundu geta komið að miklu gagni, ef jeg legði hann fram í máli þessu í þá stefnu, sem hann æskir, þá ætla jeg eigi að leggja dugnað minn, hvort sem hann er mikill eða lítill, fram í því, sem jeg álít ekki rjett. Þingmaðurinn lagði máldagann frá 1235 til grundvallar, en hann dró alveg rangar ályktanir út úr þeim máldaga. Í þessum máldaga stendur, að staðurinn í Viðey eigi hálfar Elliðaárnar að veiði allri, en hinn helminginn áttu Ness- og Laugarnesskirkjur, en engin jörð fyrir ofan. Hver, sem því lítur hlutdrægnislaust á málið, hlýtur að játa, að þessar kirkjur áttu veiðina, en engin af þeim jörðum, sem eru upp með ánum. Annar máldaginn er frá 1234, en þó eitthvað í honum væri gagnstætt því, sem er í þeim frá 1235, þá væri það fallið í burtu með hinum yngri máldaganum, en í þessum hinum eldri máldaga, er ekki eitt orð, sem mótmælir hinum yngri. Því að þó svo sje orðað, að jarðirnar sjeu seldar með þeirri veiði og gæðum, sem þeim hafa fylgt til 1234, þá er einmitt þessi veiði og gæði fallin burt með máldaganum frá 1235, og svo er annað, hver eru þessi gæði? það stendur hvergi, að það sje veiðin í Elliðaánum, það eru til önnur gæði, svo sem silungsveiðin í vatninu. Þingmaðurinn vildi ógilda þessa máldaga með því, að hinir geistlegu katólsku

herrar hefðu samið þá, en það breytir í engu gildi þeirra, hver þá hefur samið. Úr því máldagarnir eru til, þá áttu hinar fyrnefndu kirkjur alla veiðina til 1550, en við siðabótina eignast konungur alla veiðina ásamt klaustrinu og kirkjunum, en hún er undanskilin jörðum þeim, sem upp með ánni eru. En þótt þessar jarðir hefðu átt eitthvað í veiðinni að upphafi, þá skildi konungur hana frá þeim, og rak hana sjerstaka eða leigði. Þennan veiðirjett á konungur frá 1550 til 1853. Fyrstu jörðina selur hann 1815 og svo hinar hverja af annari, og það hefur víst engum kaupanda dottið í hug að heimta veiðirjettinn, þeir keyptu jarðirnar með þeirri meðvitund, að veiðirjetturinn fylgdi eigi með, og menn verða þó að taka til greina, með hverri meðvitund kaupendurnir hafa keypt; þeir hafa keypt með þeirri meðvitund, að þeir hafi engan veiðirjett keypt í Elliðaánum, og aldrei ætlazt til, að veiðirjetturinn fylgdi með. Þar sem stendur í máldaganum, að ádráttarveiði skuli við hafa við árósa, svo að laxinn geti gengið til fjalls, þá er ekki þar með sagt, að það sje til þess, að þeir, sem ofar búi, skuli veiða hann; staðurinn í Viðey á alla veiðina til helminga við hinar kirkjurnar, og ádrátturinn lýtur einungis að þeirri veiðiaðferð, sem þá tíðkaðist. Jeg finn hvergi í Jónsbók, að þvergirðingar sjeu bannaðar, þar sem einn á alla veiði í einhverri á; þvert á móti eru þar ákvarðanir, sem leyfa mönnum að nota veiði eins og þeim þykir haganlegast, ef engu er spillt fyrir öðrum, og hjer er engu spillt fyrir þeim, sem fyrir ofan búa, úr því þeir enga veiði eiga í ánum. Hafi konungur haft heimild til að selja, sem enginn neitar, þá hefur hann líka haft heimild til að selja með þeim skilmálum, sem honum þóknaðist, og þegar hann selur jarðirnar, og notar veiðirjettinn eptir sem áður, og enginn mótmælir, þá er það full sönnun fyrir því, að veiðirjetturinn er undanskilinn, og þegar menn sjá, að konungurinn notar sjálfur og leigir veiðirjettinn þannig, að veiða megi á hvern þann hátt, er sá sem á leigu tekur, vill, með netum, ádrætti og þvergirðingum, þá er auðsjeð, hvernig konungur hefur litið á veiðirjettinn, sem sje þannig, að hann hefði hann frá fjöru til fjalls. Jeg ætla eigi að rekja öll orð þingmannsins, jeg vona, að þetta nægi til að sýna, hvernig jeg lít á málið, og það vill líka svo vel til, að bæði yfirrjetturinn og hæstirjettur hafa skilið þetta eins og jeg. En nú kemur það, sem þingmaðurinn sagði, að lögin frá 1876 tækju af öll tvímæli, en jeg finn eigi, að með þeim sje rjetti þessum nokkuð haggað. Eins og jeg tók fram við fyrri umræðu, gjöra þau enga breyting á Jónsbók í þessu efni, heldur eru að eins skýring Jónsbókarlaga, en þar sem því var beint að mjer við fyrri umræðu, að jeg hefði aldrei nefnt friðun á laxi, þá er það ranghermt. Jeg talaði sannarlega fullskýrt um hana. En hver er þessi friðun sem lögin tala um. Eptir því sem menn hafa talað hjer um hana, virðist hún eiga að vera fólgin í því, að leyfa laxinum frjálsa göngu upp eptir ánum, svo að þeir sem ofar búa, geti veitt hann, það er með öðrum orðum, þeir vilja friða laxinn neðst til þess að hann verði allur veiddur ofar, það sjá allir, hve barnalegt er að skilja tilgang laganna á þennan hátt. Það er að eins smálaxinn, sem er friðaður, til þess að hann geti tímgazt og vaxið, en það getur hann ekki, ef hann er allur tekinn ofan til í ánum, þótt hann sje eigi veiddur niður við sjó. Tilgangur laganna er því sá, að friða smálaxinn svo, að hann geti æxlazt, og það er einnig aðal tilgangur ensku laganna. Ef því þvergirðingarnar eru svo, að smálaxinn geti gengið í gegnum þær, þá sje jeg ekki að þær sjeu í neinu á móti þessum friðunarlögum, og eins og jeg tók fram við fyrri umræðu, þykir mjer næsta undarlegt, að þingið skuli vilja blanda sjer í þetta mál vegna jarðarinnar Hólms, sem enga veiði hefur og aldrei hefur veitt. Þetta er eingöngu dómsmál, en eigi þingmál. Ef þeim mönnum, sem fyrir ofan búa, þykir sjer órjettur gjör, þá er þeim frjálst að höfða

mál, og það er milli einstakra manna, og kemur þinginu ekkert við. Að því er það snertir, að neðri deild þingsins ályktar þetta, þá get jeg enn sem fyr ekki fallizt á það, því að þetta er fjárspursmál, óg það er sjálfsagt, að fógeti tekur eigi upp veiðivjelarnar nema ábyrgð eða veð sje fyrir því sett, að hlutaðeigandi bíði ekki skaða; getur þetta veð numið talsverðu fje; landshöfðingja er skipað að bjóða þetta, en upp á hvers ábyrgð. (*Varaforseti*: Hins opinbera). Það stendur hjer ekki, og það gæti verið að landshöfðingi fengi litlar þakkir fyrir ráðsmennsku sína, ef kostnaðurinn yrði mörg þúsund krónur. Jeg verð því að álíta rjett að hafna þessari þingsályktun; nú stendur líka svo á, að mál um þetta atriði er einmitt nú undir dómi, svo að jeg veit ekki, til hvers á að fara að höfða nýtt mál, meðan það er ekki útkljáð. Jeg get ekki ætlað, að dómarinn, sem dæmir þetta mál, sem nú stendur yfir, í ágúst, komist að annari niðurstöðu, þó að hann dæmi í þessu nýja máli í september. Ef veiðin verður dæmd að vera lögmæt, þá er dómarinn á sömu skoðun og áður, en ef hún verður dæmd ólögmæt, þá mun þingmaðurinn játa, að óþarft hafi verið að höfða þetta mál. Uppástungan er því með öllu þýðingarlaus. Hitt um þvergirðingarnar er eptir eðli sínu prívatmál.

Arnljótur Ólafsson: Þótt jeg að öllu leyti álíti hina skarpvitru og rammgjörvu ræðu 1. þingmanns Árnesinga nægja til að sýna sannleikann í máli þessu, þá ætla jeg þó að leiða athygli deildarinnar að afsalsbrjefinu sjálfu, og ekki fara lengra fram í sögu þessa máls. Í því eru tvö atriði, sem jeg vil biðja menn vel að athuga, og eru þau þessi, fyrst, hvað er selt, og annað, með hverju skilyrði er selt viðvíkjandi landsins lögum. Í upphafi brjefsins stendur, að leyft sje að selja þá laxveiði í Elliðaánum, sem ríkið á, en hvar er nú sú laxveiði? Það kemur seinna í brjefinu þar sem segir: «Svo skeytum vjer og afhendum hjer með títt nefnda veiði í Elliðaám til kaupmanns D. Thomsens frá Stórafossi eða Stórahyl hjá Árbæ og niður í ósmynnið hjá Árbæjarhöfða». Þetta er veiðin, sem ríkið hefur eignað sjer, sem það hefur selt D. Thomsen, og sem haun keypt hefur. Má jeg nú spyrja? Er nokkur önnur veiði nefnd en þessi frá Stórahyl og út fyrir ármynnið millum Árbæjarhöfða og Gelgju- eða Geldingatanga. Ef það er ljóst, að ekki er annað selt, og eins ljóst, að ríkið eignaði sjer eigi meira, hvernig getur þá nokkur heilvita maður sagt, að sá, sem eignast þessa veiði, hann eignist veiðina í allri ánni? (*Halldór Kr. Friðriksson*: Hann á alla veiðina). Alla veiðina á Íslandi? Eða í öllum heiminum? Eða er áin ekki lengri en upp að Stórafossi? Þetta er sú veiði, sem ríkið kveðst eiga og selja honum. Þá er hitt atriðið, með hverjum skilmálum ríkið selur veiðina eða með hve ríkum veiðirjetti hún er keypt; jeg segi ekki eignarrjetti, því að veiðirjettur er ekki sama sem fullkominn eignarrjettur (dominium absolutum). Þetta stendur líka í brjefinu, þar sem segir, «að veiðin sje seld með öllum þeim rjettindum, sem frá aldaöðli fylgt hafi og fylgja eigi og með þeim skilmála, að jarðeigandinn noti hana eptir því, sem hann bezt veit, vill og getur samkvæmt þeim lögum, sem sett eru, eða hjer eptir sett verða um veiði á Íslandi. Má jeg nú spyrja? Er þá veiðin ekki seld með því skilyrði, að eigandinn noti hana samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma, og hve nær sem þau koma út, og þá hjer fyrst eptir Jónsbók, og svo eptir lögunum frá 11. maí 1876, og svo eptir þeim lögum, sem hjer eptir verða sett? Þetta ætla jeg líka vafalaust. Eptir þessu er þá eigandi veiðirjettarins á þessu sviði í Elliðaánum ekki yfirskipaður lögin, sem konungar vorir fyrrum daga, heldur er hann undir lögunum. Það er tiltekið, á hve stóru svæði veiðin er seld, og líka er tiltekið, að hún skuli notast samkvæmt gildandi landslögum. Þá minntist þing-

maður Reykvíkinga á fyrri lið þingsályktunarinnar; heyrðist mjer hann tala um ábyrgð eða veð, sem landssjóðurinn yrði að setja, ef hann krefðist fógetagjörðar. En má jeg spyrja þingmanninn sem lögfróðan mann og allmikinn málafylgjumann, hvort það sje venja, að fógeti heimti veð, þegar mál er sótt fyrir ríkissjóðinn, og hvort veð sje þá sett? Jeg ætla ekki. Þegar jeg var í Kaupmannahöfn, þá var farið í mál fyrir ríkissjóðinn út af húsaskatti við prússneskan mann, og þá var hvorki heimtuð nje sett ábyrgð eða veð, og svo ríkur er þó landssjóðurinn, að það væri kynlegt, jeg vil segja ótilhlýðilegt, ef fógeti synjaði fógetagjörðar fyrir þá sök, að hann tryði ekki landssjóðnum til að borga skaðabætur eða kostnað þann, er af fógetagjörðinni leiða kynni. Þá sagði þingmaðurinn, að þingsályktun þessi gæti varla gilt frá neðri deild einni, þar eð um svo mikinn kostnað væri að gjöra. En eins og jeg gat um síðast, er hjer enginn kostnaður, sem fjárlögin sjálf ekki heimila. Jeg veit ekki betur en í 16. gr. þeirra sje á meðal óvissra útgjalda talinn kostnaður við málssóknir landssjóðsins; enda væri það líka óhagkvæmt, ef gjöra þyrfti sjerstakar ákvarðanir um kostnaðinn í hverju máli, sem landssjóður þyrfti í að eiga. Ef til dæmis að taka, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu færi í mál við landssjóðinn, þá gæti landssjóðurinn eigi gegnt því, eins ef læknirinn, sem settur var í Þingeyjarsýslu 1874, vildi höfða mál gegn honum. Reyndar sagði þingmaðurinn, þegar það kom til umræðu hjer um daginn, ekkert því til fyrirstöðu fyrir landssjóðinn að taka til varnar í því máli. Jeg vil því fallast á báða liðu þingsályktunarinnar; í þeim er enginn sá kostnaður, sem ekki er nægilega heimilaður í fjárlögunum.

Halldór Kr. Friðriksson: 1. þingmaður Norðurmúlasýslu vildi sýna, hvað selt hefði verið og með hverju skilyrði; hann svaraði sjer sjálfur með að hann sagði, að laxveiðin hefði seld verið að svo miklu leyti, sem ríkið átti hana. En hjer er spurningin, hvað átti ríkið? Og það er það, sem þingið á ekki að skera út, heldur dómstólarnir. Það er mál milli einstakra manna, sem kemur þinginu alls ekkert við. Það, er skilmálana snertir, að hann skyldi nota veiðina eptir þeim lögum, er væru eða sett yrðu, þá get jeg alls ekki sjeð, að lögin frá 11. maí 1876 skerði nokkuð rjett hans, en slíkt er og dómsmál, og þingið á ekkert að skipta sjer af því, dómstólarnir þurfa ekki vorrar leiðbeiningar í því efni; þeir fylgja sinni skoðun. Það er málssóknina snertir, þá sagði jeg aldrei, að landssjóðurinn væri svo óáreiðanlegur, að hann þyrfti að setja veð, og dæmi þau, sem þingmaðurinn tók, eiga hjer alls eigi við; þegar svo stendur á, að einhver höfðar mál gegn landssjóðnum, þá er hann neyddur til að taka þeirri málshöfðun. Það er reyndar stjórninni í sjálfsvald sett, hvort hún mætir í þess konar málum fyrir hönd landssjóðsins; en það bætti lítið, sem hann sagði, þó að hann eigi mætti. Sá, sem stefndur er, er eigi skyldugur til að mæta fremur en hann vill, en hann verður að taka afleiðingunum. Sá, sem t. a. m. er stefnt fyrir sáttanefnd, hann þarf reyndar eigi að mæta, en sætta sig við að borga allan málskostnað. Það er allt annað að heimta skatt með lögsókn eða taka mikla eign af eiganda, því að þá hlýtur að koma veð í móti, og jeg er sannfærður um, að fógeti heimtar það eptir ósk hins stefnda. Að öðru leyti er ekki til neins að þrátta lengur um þetta mál; það er líklega orðið öllum ljóst.

Varaforseti: Þó að jeg gangi að því vísu, að það, sem jeg segi, verði eigi eins mergjað og hjá þeim, sem talað hafa, og þó að jeg lái ekki hinum lögfróðu þingmönnum, að þeir tali meir um lagalegar skoðanir en það sem liggur fyrir, þá vil jeg geta eins, að sje það satt, að eitt atriði í lögunum frá 11. maí 1876 hafi eigi komið undir úrskurð dómstólanna, og það eina atriði, sú höfuðspurning, hvort þvergirðingar væru leyfilegar, hafi aldrei verið úrskurðað af dómstólunum, þá er þinginu ekki einungis heimilt, heldur skylt, að leggja þetta undir úrskurð dóm-

stólanna. Þegar menn vita, að umboðsvaldið segir: «Jeg hef eigi viljað höfða mál út af þvergirðingum, vegna þess að ráðherrabrjefið segir, að lögin frá 11. maí 1876 sjeu ekki friðunarlög», og fyrst að þetta ráðherrabrjef hefur stungið valdstjórninni þennan svefnþorn, lagt á hana þessa martröð, og komið henni í þessa leiðslu, að hún vill ekki, þorir ekki eða nennir ekki að skipta sjer af þessu, þá er það beinlínis skylda þingsins að nema burt þennan svefnþorn, og tillögur vorar fara eigi fram á annað, en að dómstólarnir skeri úr því, hvort þessi maður hafi rjett til að þvergirða; hjer er um engan dóm að tala hjá oss, og hvað sem sumir lögfróðir menn segja, þá get jeg ekki annað skilið, en að allir óski úrskurðar á þessu. Jeg játa, að mjer var sárt um friðunarlögin, sem felld voru hjer um daginn, og það er sjer í lagi af því, að þau náðu ekki fram að ganga, að jeg vil, að þingsályktun þessi komist áfram.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar þessi friðunarlög frá 11. maí 1876 voru rædd og samþykkt hjer á þinginu 1875, þá skildi jeg og víst margir þau svo, að þau væru almenn friðunarlög fyrir allt landið, sem tækju hvorki af neinum, eða veittu neinum sjerstakan rjett. Þar sem sagt hefur verið, að þessi þingsályktun væri fremur til að efla ófrið en frið, þá held jeg, að það sje í fyllsta máta misskilið, það er þvert á móti til þess að efla friðinn, að dómstólarnir skeri úr því, hvort lögunum er hlýtt eða eigi, eða hvort þau veita nokkrar undantekningar, en það hafa dómstólarnir enn eigi gjört í þessu atriði; menn hafa eigi fengið fullnægjandi úrskurð frá þeim. Það er aðgætandi, að sá hæstarjettardómur, sem hjer er til áhrærandi Elliðaárnar, er eldri en friðunarlögin 11. maí 1876. Jeg held því, að allir hlutaðeigendur megi vera þingdeildinni þakklátir fyrir, hvernig að hún hefur tekið í þetta, því það, að dómstólarnir skera hjer úr, er það eina skilyrði fyrir því, að öllum þrætum sje lokið; því dómsvaldið er öllum óháð, og konunginum dugar ekki að segja við dómarann: hvað gjörir þú? hvað þá k o t u n g i; en hitt er vitaskuld, að dómendur eru ekki ábyrgðarlausir; vjer eigum að mega treysta því, að þeir hegði sjer eptir lögunum. Jeg vil segja, að það sje skylda löggjafarvaldsins að hlutast til um það, að þeim lögum sje framfylgt, er það setur, til þess að halda uppi heiðri sínum; því að ef nokkrum er það skylt og nauðsynlegt, þá er það löggjafanum. Þar sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að Hólmur hefði aldrei haft veiði, og gæti eigi veitt, þá er það ekki rjett, sú jörð hefur haft veiði fyrrum og sjálfsagt hefði hana enn, ef að Elliðaárnar ekki væru þvergirtar, og getur það vel, því að í ánum er enginn foss eða flúðir, sem eru því til fyrirstöðu, og nóg vatnsmegn, og meir að segja, lax gengur upp fyrir Hólmsland.

Halldór Kr. Friðriksson: Hæstarjettardómur hefur skorið úr þessu atriði.

Framsögumaður: Jeg mótmæli því, sem þingmaður Reykvíkinga nú sagði; það er enginn hæstarjettardómur til, sem sker úr þessu atriði í lögunum frá 11. maí 1876; hinn hæstarjettardómurinn, sem hann nefndi, á við Jónsbókarlög. Það er annars næsta ósamkvæmt sjálfu sjer, þar sem þingmaðurinn er að klifa á því, að þetta sje eingöngu dómsmál, og aptur í öðru orðinu, að það eigi ekki við, að bera það undir úrskurð dómstólanna.

Benedikt Sveinsson: Jeg mótmæli því, sem þingmaður Reykvíkinga misskildi og ranghermdi í ræðu minni. Fleiru þykist jeg eigi þurfa að svara þingmanninum.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var þingsályktunin borin undir a t k v æ ð i, og var hún samþykkt með 18 atkvæðum gegn 3, að við höfðu nafnakalli, eptir ósk 6 þingmanna, þeirra:

Einars Ásmundssonar,
Friðriks Stefánssonar,
Þorláks Guðmundssonar,
Gríms Thomsens,
Arnljóts Ólafssonar,
Benedikt Sveinssonar;

og sögðu:

Já:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson.
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei;
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Þórarinn Böðvarsson.

Kvað forseti málið mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem ályktun neðri deildar alþingis.

LIV. BYGGÍNG OG ÁBÚÐ ÞJÓÐJARÐA.

Á 3. fundi efri þingdeildarinnar, 3. júlí, lagði landshöfðinginn fram fyrir deildina skýrslur þær viðvíkjandi ábúð og byggingu þjóðjarðanna, sem hann samkvæmt ályktun alþingis 1877 hafði útvegað. Eptir uppástungu forseta var því næst á 6. fundi deildarinnar, 8. júli, kosin 3 manna nefnd til að íhuga skýrslur þessar, og urðu fyrir kosningu:

Jón Pjetursson með 8 atkvæðum,
Eiríkur Kúld . — 6 —
Stefán Eiríksson — 5 —

Áliti nefndarinnar, sjá I 149—150, var útbýtt meðal deildarmanna á 16. fundi, 19. júlí.

Uppástunga til þingsályktunar frá nefndinni í málinu *um bygging og ábúð þjóðjarða*, sjá I 155.

Á 18. fundi efri deildarinnar, 22. júlí, var samkvæmt uppástungu forseta ákveðið að hafa 2 umræður um þetta mál.

Fyrri umræða í efri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja ljúka lofsorði á nefndina fyrir það, að hún hefði bæði fljótt og vel leyst af hendi starfa sinn, og kynnt sjer þetta margbrotna og flókna mál, og hann ætlaði, að hún hefði rjett skilið hlutverk sitt, að hjer ætti eigi að koma fram nein löggjöf, heldur ályktun, sem stjórnin ætti að fara eptir í því efni, er hjer væri um að ræða. Allt fyrir þetta hefði hann þó nokkuð að athuga við tillögur nefndarinnar. Fyrsta atriðið, sem hann vildi taka fram, væri um stjórn umboðanna; nefndin legði það til, að jafnóðum og umboðin losnuðu, yrðu þau falin á hendur sýslumönnum, en sjer sýndist spursmál um, hvort nauðsynlegt væri að bíða eptir því, að umboðin losnuðu; ef það væri haganlegt, að fá þau í hendur sýslumönnum, mætti eins gjöra það þegar; ef bíða ætti eptir, að umboðin losnuðu, þá mætti eins bíða eptir, að sýslurnar losnuðu. Á þessu vildi hann vekja athuga, þar eð það væri rjett að rannsaka spursmál þetta eptir atvikum. Það væri auðsjáanlega mikill sparnaður, þar sem nefndin vildi greiða sýslumönnum að eins 2 af hundraði af afgjöldunum, þar sem flestir umboðsmenn hefðu einn sjötta hluta af þeim, en sjer væri þó nokkur vafi á því, hvort að borgun þessi ekki væri of lítil; en um það ætlaði hann ekki að tala, þar eð nefndin sjálfsagt hefði haft verulegar ástæður til þess að halda þessu fram. Sjer hefði þótt rjettast að taka þetta atriði um stjórn umboðanna fyrst, þó að nefndin hefði sett það síðast. Um gjaldeyri þætti sjer þörf að breyta frá því, sem fyr hefði verið, þannig að sami gjaldmáti væri á öllum jörðunum eptir því sem frekast er unnt. Nefndin hefði álitið, að breyta ætti gjaldmátanum, er leiguliðaskipti verða, en sjer sýndist eigi illa til

fallið, að gefa umboðsstjórninni vald til, að breyta hinum gamla öfuga gjaldmáta, ef hún að eins næði samþykki leiguliða til þess, og lagt væri til grundvallar fyrir hinu nýja gjaldi eptir verðlagsskrá hið gamla gjald, eins og það hefur komið út í peningum um víst undanfarið árabil t. a. m. 5 ár. Um peningaleysið vildi hann eigi fara mörgum orðum, því að það væri svo yfirgripsmikið mál, að eigi dygði að fara út í það. Peningaskorturinn væri að vísu mikill, en til hans væru margar aðrar ástæður meiri en sú, að hjer vantaði banka. Í 3. gr. rjeði nefndin frá, að skylda leiguliða til jarðabóta af þeirri ástæðu, að örðugt væri að hafa eptirlit með því, hvernig þeir leystu þær af hendi; sjer sýndist allt önnur ástæða vera fyrir þessu, nefnilega sú, að ef sú skylda væri lögð á leiguliða, væri það sannkölluð kvöð, og yrði þá í móti henni að lækka landskuldina ár hvert, en það væri hæpið að ganga slíkan veg. Hann væri samþykkur nefndinni í því, að selja eigi þjóðjarðir; hann vildi, að landssjóðurinn, sem ætti nær tíunda hluta af allri jarðeign í landinu, væri hinn bezti landsdrottinn í öllu landinu, og gengi á undan öðrum með góðu eptirdæmi í því, að styrkja landsetana til jarðabóta, en því hefði farið fjarri hingað til; ef hann fullnægði þessari skyldu sinni, mætti hækka afgjaldið í hlutfalli við kostnað þann, er hann hefði lagt til jarðabótanna; en hann áliti einnig, að landsdrottinn ætti að eins að leggja fje til þeirra jarðabóta, er væru varanlegar og hækkuðu jörðina stöðugt í verði eptirleiðis; þetta hefði nefndin átt að gefa um álit sitt, þó það að vísu eigi væri hægt, að taka um það neinar fastar ákvarðanir, þar sem svo ólíkt hagaði til á ýmsum stöðum, og jarðabæturnar væru svo ólíks efnis. Eptir sinni skoðun stæði landsstjórninni miklu nær, að verja fje landsins til þessa, heldur en lána það út fjeþurfa mönnum. Um 4. og 5. gr. væri hann nefndinni samdóma. Þar sem nefndin talaði um, að færa niður landskuld á sumum stöðum vegna peningaleysis, þá gæti það kannske komið til skoðunar á einstökum stöðum, en nefndin hefði þá eins mátt stinga upp á að hækka landskuldina, þar sem hún væri svo lág, svo að allt jafnaði sig. Sjer þætti ráðlegast að leyfa að borga í umsömdum landaurum, þegar peninga vantaði. Í 7. gr. þætti sjer eigi heppileg ákvörðun, að binda bygging jarða við samþykki sýslunefnda; sýslunefndir hefðu einungis sveitarmálefna að gæta, en eigi þjóðjarða; þær kæmu eigi saman nema 2 sinnum á ári, og gæfist því sýslumanni eigi optar en svo tækifæri til að ná samþykki hennar til byggingarinnar; það kæmi því til leiðar miklu meiri drætti en nú ætti sjer stað í því efni. Hann tók fram, að þau stjórnarvöld, er hefðu ráðsmennsku á umboðunum, yrðu að hafa ábyrgð á allri stjórn þeirra, og þar af leiddi, að bygging á jörðunum yrði að liggja undir samþykki þeirra.

Enn væri eitt atriði, sem stæði í sambandi við þetta mál, og sem hann vonaði að þingmaður Barðstrendinga mundi verða fyrstur manna til að sinna með sjer; það væri sambandið milli ábúanda sjálfra jarðanna og hjáleigubændanna, húsmannanna, sem kalla mætti aptur landseta þeirra eða í skjóli þeirra; sjer væri kunnugt um, að ábúendurnir sumstaðar í Arnarstapaumboði ljetu þá róa á skipum sínum, en leyfðu þeim eigi sjálfum að eiga skip, sem annars væri talið skilyrði fyrir því, að tómthúsmenn geti lifað; þetta væri að vísu eigi heimilað í lögum, en það væri gömul venja, sem sjer sýndist rjett að reyna að kippa úr gildi nú, er þetta mál væri tekið fyrir. Það væri því meiri ástæða til þess nú, sem það mundi leiða af sjer mikinn óbeinlínis hagnað, að af nema svo óeðlilegt ófrelsisband; við sambandið milli leiguliða og þeirra, sem eru í hans skjóli, víðsvegar um landið, gæti margt fleira verið að athuga, en hann þekkti, að þetta sjerstaklega ætti sjer stað á ýmsum jörðum, er heyra undir Arnarstapaumboð. Nú vildi hann skjóta til nefndarinnar, hvort henni litist eigi að taka til greina þessar lauslegu bendingar sínar, og semja aðra á-

lyktun fastari og ákveðnari, sem þingið gæti beðið stjórnina að fylgja í þessu efni. Í slíkri ályktun ætti ekki að vera skýrt eins mikið frá áliti þingsins, eint og gjört er í frumvarpinu, en tekið skýrara fram, hvernig þingið vilji að umboðsjörðunum sje stjórnað.

Landshöfðingi kvaðst vera viss um, að nefndinni hefði gengið hið bezta til álits sins, þó að það væri eigi eins ákveðið, eins og til hefði verið ætlazt. Hann ætlaði að taka fram nokkur atriði, sem hann óskaði að tekin væru fram skýrar og skorinorðar, ef nefndinni kynni að lítast, að koma fram með breytingaratkvæði í þá átt, við síðari umræðu málsins. Í 1. tölul. rjeði nefndin til að fara eptir tillögum amtsráðanna að því, er snerti leigumála á hverri einstakri jörð; en skýrslur amtsráða, sýslunefnda og hreppsnefnda væru svo misjafnar, að eigi væri hægt að ákveða afgjaldið eptir þeim, og því vantaði í 1. tölul. hjá nefndinni næga bending fyrir þing og stjórn í þessu efni. Viðvíkjandi gjaldaurum þætti sjer eigi ástæða til að breyta þeim reglum, er með 5. grein laga 14. desbr. 1877 hefðu verið settar um skatt af ábúð og afnotum jarða, þannig að gjalda mætti í peningum, innskript eða landaurum eptir verðlagsskrá. Viðvíkjandi jarðabótum, þætti sjer mega aðgreina þar þær jarðabætur, er hverjum góðum bónda mætti ætla að gjöra með heimamönnum sínum einum saman, og þær, er útheimtu meiri kostnað og þekking; til hinna fyrnefndu teldi hann garðahleðslu og þúfnasljettun, og væri rjett að skylda menn til þeirra í byggingarbrjefinu í hlutfalli við gæði jarðarinnar og vinnuafla; aptur á móti væri eigi hægt að skylda hann til hinna meiri, en rjett að styrkja hann til þeirra með láni úr viðlagasjóði móti þeirri skuldbindingu, að ávaxta það og greiða vissa upphæð í afborgun á ári. 4. og 5. tölul. væri hann samþykkur. Um sölu á þjóðjörðum hefði nefndin átt að sýna fram á einhverja aðalreglu, er hún vildi láta fylgja, þó að í 23. gr. stjórnarskrárinnar væri tiltekið, að eigi mætti selja neina þjóðjörð nema með lagaboði. Sín skoðun væri, að styðja ætti söluna, ef leiguliði vildi sjálfur kaupa, en eigi að öðrum kosti, og þyrfti þá að fá álit umboðsmanns, sýslunefndar og amtsráðs um upphæð söluverðsins; en svo væri hjer og að athuga annað atriði mikilvægt, hvort ákveða skyldi söluverðið í peningum einum eða í landaurum, þannig að jörðin stæði fyrir því og væri borgað árlega nokkuð, og sýndist sjer það mundu verða báðum í hag, með því að þá kæmi eigi til greina, þó að peningar lækkuðu í verði til móts við landaura. Í 7. tölulið styngi nefndin upp á að fá sýslumönnum í hendur umboðin; en sjer þætti vafasamt, að það yrði til bóta; sjer þætti líklegt, að vegna annríkis mundu sýslumenn eigi geta nógu vel snúizt við eptirlitinu, en skýrslur þær, er fyrir lægju sýndu, að heldur þyrfti að skerpa það en lina.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) kvaðst kunna báðum þeim, er talað hefðu, þakkir fyrir bendingar þeirra. Hann vildi fúslega játa, að uppástungur nefndarinnar væru eigi fast ákveðnar, en henni hefðu eigi verið fengnar neinar fastar reglur fyrir því, hversu langt hún ætti að fara, og með því að hún hefði eigi sjeð sjer fært, að ganga svo langt að ákveða leigumálann á hverri jörð, hefði henni litizt rjettast yfir höfuð að fara eptir áliti amtsráðanna, sem byggt er á skýrslum umboðsmanna, hreppsnefnda og sýslunefnda. Þar sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði eigi, ef til vill, álitið víst, að þyrfti að bíða eptir því, að umboðin losnuðu, þá skyldi hann ekki efa, að svo gæti verið, en af því að nefndin hefði álitið, að umboðsmenn mundu þykjast hart leiknir, ef umboðin væru tekin af þeim, þá hefði hún eigi sjeð sjer fært, að stinga upp á því. Hvað snerti «evaluationina», þætti sjer hægast að taka hana af og breyta landskuldinni í meðalalin eptir því, sem hún hefði verið í næstu 5 ár. Hvað snerti jarðabætur, þá hefði nefndinni þótt ráðlegast, að fara eigi langt út í að gjöra þær að fast ákveðnu skilyrði, því að er menn læsu skjölin, væri stungið upp á þeim víðast hvar svo stórkostlegum, að

landssjóðnum væri varla fært að endurgjalda þær, og væri betra að styrkja þær á annan hátt, en með gjöldum úr landssjóði; en ef lán væri veitt úr honum til þeirra, sem æskilegt væri, mundi öll þörf á nákvæmu og ströngu eptirliti. Hann vildi játa, að nauðsyn væri, að hafa einhverjar fastar reglur til að fylgja í sölu þjóðjarða, en erfitt væri að gefa þær almennar, vegna þess, hversu ólíkt hagaði til á hinum ýmsu stöðum, og mundi varlu veita af jafnmörgum reglum, og jarðirnar væru. Þar sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði fundið að því við nefndina, að hún vildi láta sýslunefndir hafa afskipti af byggingunni með sýslumanni, þá hefði hún þau rök fyrir því, að er nýr sýslumaður eða umboðsmaður tæki við, gæti skeð, að hann væri eigi vel kunnugur, og væri honum þá gott, að hafa sýslunefndina til ráðaneytis; landshöfðingi hefði verið móti því, að fela sýslumönnum á hendur umboðið, vegna þess, að þeir gætu eigi haft eins gott eptirlit með landsetum sakir annríkis, og væri hann honum fullkomlega samdóma í því, að eptirlitið mætti eigi linara vera en nú er það, en þá sýndist sjer betra, að hann nyti aðstoðar sýslunefndarinnar í því efni. Hvað umboðslaun sýslumanna snerti, væri hann fyrir sitt leyti alls eigi móti því, að þau væru heldur lág. Um kjör hjáleigubænda á þjóðjörðum, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður gat um, í Arnarstapa umboði, þá vissi hann, að þetta væru hinir verstu afarkostir, og vildi hann gjarnan þiggja allar þær upplýsingar, er hægt væri að gefa um það, hvernig þessu mætti koma til leiðrjettingar. Yfir höfuð tæki hann feginshendi öllum þeim bendingum, er landshöfðinginn og hinn 6. konungkjörni þingmaður hefðu gefið, og væri fús að bera þær undir nefndina.

Jón Jónsson kvaðst fallast á tillögur manna um, að ráða nefndinni til að íhuga mál þetta að nýju. Hinn heiðraði framsögumaður hefði sett mjög út á form annars nefndarálits fyrir skömmu, en þó hefði það verið laust við einn galla, sem væri á þessu, og sem alltaf væri talinn einn hinn versti, nefnilega, að það væri endalaust. Nefndin hefði alveg leitt hjá sjer að skýra þinginu frá tillögum sínum. Hún hefði talað mikið um, hvað hún áliti, en engu orði bent á, hvað hún vildi, eða hvað hún vildi ráðleggja deildinni að vilja. Uppástungan bætti lítið úr þessu, það væri ekki ætlunarverk nefndarinnar að vísa deildinni til stjórnarinnar, og stjórnin gæti ekki við bygging jarða tekið tillit til álits nefndarinnar í öllum greinum þess. Það væri t. a. m. ómögulegt fyrir stjórnina, án heimildar frá alþingi, að taka umboðin frá umboðsmönnunum og fá þau í hendur sýslumönnum. Nefndin hefði álitið, að eigi væri ráðlegt, að bjóða upp umboðsjarðir, og hefði hún að líkindum byggt það á því, að óánægja hefði komið fram yfir hlutdrægni sumra umboðsmanna í því efni, svo að þeir byggðu heldur jarðirnar eptir vinfengi við sig, en eptir dugnaði þess, er jörðina falaði til ábúðar. Ef nú jarðirnar væru boðnar upp þannig, að í hvert skipti sem fyrirsjáanlegt væri, að jörð mundi losna, væri það auglýst í blöðunum eða á annan hátt, og umboðsmanni gjört að skyldu, að senda amtmanni öll bónarbrjef þau, er til hans hefðu komið, um leið og hann sendi honum tillögur sínar um bygginguna til staðfestingar, þá sýndist sjer full trygging fengin móti hlutdrægni umboðsmanna, og miklu meiri, en þó að sýslunefndin ætti að leggja á samþykki sitt, því að slíkt samþykki gæti, ef til vill, mikið verið komið undir kappi því, sem hlutaðeigandi leiguliðaefni sýndu í því, að ríða milli sýslunefndarmanna og reyna að sannfæra þá um, að hann ætti öðrum fremur að fá jörðina. Hann vildi því biðja nefndina að íhuga betur þetta atriði. Landshöfðingi hefði eigi verið nefndinni samdóma um sölu á þjóðjörðum, og felldi hann sig vel við það, sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sagt þar um, einkum ef hann vildi fara nokkuð lengra, og ekki gjöra það að skilyrði fyrir því, að þjóðjörð fengist keypt,

að hinn núverandi leiguliði æskti eptir því, því að vel gæti komið fyrir, að maður, sem vissi, að leiguliði ætlaði að flytja af jörðunni bráðlega, vildi kaupa hana og setjast á hana þegar er hann færi. En hvort sem leiguliði eða aðrir beiddu um söluna, væri rjettast að selja jörðina við opinbert uppboð, undir eins og kæmi til mála að selja einhverja þjóðjörð.

Framsögumaður kvaðst lengi hafa vitað, að hann væri skilningslítill, en aldrei fundið það eins glöggt eins og nú, því að hann hefði ekkert skilið í ræðu þingmanns Skagfirðinga, og engan botn fundið í henni. Honum þótti álit nefndarinnar endalaust; hann gæti bent honum á, að það væri einmitt mjög stutt, svo að eigi þyrfti lengi að leita endans, en ef hann hefði meint, að það væri eigi nógu greinilegt, væri eigi annað, en koma með breytingaratkvæði. Hann hefði enn fremur sagt, að ákvörðunin í 7. grein væri sprottin af grun um hlutdrægni umboðsmanna; svo ástæðulausa rangfærslu á orðum nefndarinnar, hefði hann naumast getað ætlað þingmanninum, og hann vildi biðja hann að benda á eitt orð í nefndarálitinu, er gæfi tilefni til slíkra getsaka. Hann furðaði stórlega á því, að hann, lagamaðurinn, skyldi eigi þekkja svo vel launalögin frá 1877, að hann vissi, að sýslumenn væru skyldir að undirgangast hverja þá breyting á verkahring þeirra, er stjórnin legði á þá. Það lýsti líka talsverðum ókunnugleik, að vita eigi, að amtmenn yrðu að samþykkja byggingarbrjef frá umboðsmönnum og rjeðu að því leyti byggingu á þjóðjörðum. Hann vonaði, að hann yrði einn á báti með, hvað æskilegt væri að hafa uppboð, því að enginn hefði vogað sjer annar út á svo hála leið. Það gæti skeð, að menn fengju með því hærri leigumála, en hver væri tryggingin; það gæti komið slóði, sem ekkert ætti til, sem biði hærra eptirgjald en dugnaðar- og efnamaður, og flosnaði ef til vill upp á fyrsta ári, og hvar væri þá ábyrgðin; þá væri nú fyrst farið að fara vel með fje landsins, er það væri haft svona!! Að auglýsa jarðirnar væri alveg sama og bjóða þær upp, landssjóðurinn hefði ef til vildi tjón af því og jörðin skaða. Hin eina huggun, sem nefndin hefði fengið hjá þingmanninum, væri sú, að landshöfðingi varð fyrir sama óhappinu, að geðjast honum ekki, af því að hann vildi láta leiguliðann ganga fyrir öðrum við kaupin, hann kvaðst enginn lagamaður vera, en þó ætlaði hann, að það væri nýmæli, sem þingmaðurinn kæmi þar fram með, því að hann vissi eigi betur, en leiguliði hefði jafnan forgangsrjett, er ábúðarjörð hans væri seld.

Benedikt Kristjánsson sagði, að hvað leigumálann á þjóðeignum snerti, hefði landshöfðinginn sagt, að í mörgum af skýrslunum væri eigi tiltekið, hvernig sanngjarnt væri að leggja hann á, því að í skýrslunum væri eigi fylgt þeim reglum, er landshöfðinginn hefði gefið í því efni. Það væri því rjettast, að þingið hlutaðist eigi til um þetta mál fyr en fengnar væru skýrslur frá umboðsmönnum, amtsráðum og sýslunefndum. Nefndin lagði það til, að gjaldeyrir væri peningar, landskuld eptir meðalalin, leigur eptir smjörverði, en hún viðurkenndi jafnframt, að á þessu væri mikill annmarki sökum peningaeklu, og vildi því færa niður leigumálann. Sjer væri nú kunnugt, að leiguliðar væru víða vanir, að borga þetta í innskript, og þá gætti eigi þessa annmarka, er umboðsmenn gætu líka borgað með ávísunum. Sjer sýndist það ekkert koma landssjóðnum við, þótt umboðsmenn ættu stundum örðugt með að standa í skilum; því að laun þeirra væru næsta há, þar sem þau væru 1/6 afgjaldsins. Að því er snerti jarðabæturnar í 3. gr., þá vissi hann eigi betur, en að jafnan væri venja, að heimta þær nokkrar, og væri það talinn eins og partur afgjaldsins. Úr þessum jarðabótum gjörði hann eigi mikið, því að hann væri hræddur um, að optast væri of lint eptir þeim gengið, enda væri lítið gagn af þeim, þar sem væri að ræða um að sljetta lítinn túnblett eða hlaða vallargarðsstúf, og vildi hann því

fallast á álit nefndarinnar, að sleppa þeim, en byggja með fullum leigumála. En ef um stórkostlegar jarðabætur væri að ræða, sem flestum leiguliðum væri ofætlun, þyrftu þeir að fá aðstoð og leiðbeining eptir samkomulagi hjá landsstjórninni, og ef þeir rjeðust í þær af eigin rammleik, þá endurgjald. Þetta atriði ætti að takast fram í hinum nýju landbúnaðarlögum. Að því er uppboð snerti, þá væru á þeim svo stórkostlegir gallar, að enginn heilvita maður gæti fallizt á þau. Hann væri samdóma landshöfðingja um það, að óheppilegt væri, að sýslumenn tækju við umboðunum, því að þeim bæri eigi að eins að heimta inn gjöldin, heldur og að hafa umsjón með jörðunum og ábúð þeirra. Þetta mundi þeim verða ofvaxið í víðlendum sýslum, þar sem margar landsjóðsjarðir væru. En þar sem nefndin hefði stungið upp á því, að sýslunefndir styrktu hann til þess, þá væri það bæði, að þær kæmu sjaldan saman, enda hefðu þær enga skyldu til að taka þessa umsjón að sjer. Þó að landssjóðnum væri þessi aðferð ókostnaðarsamari, þá gæti svo farið sakir umsjónarleysis, að hann tapaði meiru, en því næmi. Loks vildi hann ráða þinginu til, að fást eigi við þetta mál.

Forseti skaut því til atkvæða þingdeildarinnar, hvort eigi skyldi fresta umræðunni til morguns, og var það samþykkt í einu hljóði.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 22. fundi, 26. júlí.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) kvað umræðurnar um þetta mál hafa verið svo langar síðast, og svo margar bendingar verið gefnar nefndinni, að hún hefði eigi enn haft tíma til að taka þær allar til íhugunar, vildi hann því biðja forseta að leita atkvæða um það, hvort mönnum litist eigi að fresta umræðum enn, að minnsta kosti til hins 29. þ. m., með því að það gæti orðið til flýtis, að nefndin sameinaði sig þeim mönnum, er gefið hefðu eða vildu gefa henni góðar bendingar, svo sem einkum hinum 6. konungkjörna þingmanni, enda væru nógu mörg önnur mál, er taka mætti á dagskrá þangað til.

Ásgeir Einarsson kvaðst játa það, að mál þetta væri vandasamt, og nefndin þyrfti umhugsunartíma til að færa sjer í nyt bendingar manna, en þar eð tveir þingmenn hefðu nú þegar beðið um orðið, þá litist sjer ráð fyrir nefndina, að heyra einnig þær bendingar, er þeir kynnu að gefa, áður en umræðunni væri frestað.

Forseti fjellst á þessa tillögu og gaf þingmanni Húnvetninga orðið.

Ásgeir Einarsson kvað hinn 6. konungkjörna þingmann hafa lokið lofsorði á nefndina í gær í upphafi ræðu sinnar, en þó hefði sjer sýnzt ýms smíðalýti koma fram á áliti nefndarinnar, er fram í ræðu hans sótti; hann ætlaði sjer eigi að heita neinu góðu um lofræðu, en snúa sjer þegar að hinum einstöku atriðum, þó að þetta væri eigi önnur umræða, með því að það hefði verið leyft í gær. Sjer þætti engin von á því, að nefndin hefði sett fastan leigumála á hverja jörð, en af því að skýrslur þær, er nefndin hefði haft til stuðnings, væru eigi lagðar fram fyrir þingið, hefði hann vonazt eptir skýringum frá henni um hina mismunandi byggingarmáta í ýmsum fjórðungum landsins, því að á þeim væri mesti munur. Gjaldeyri vildi nefndin hafa peninga, einkum landskuldina, en teldi þó á því vandkvæði sakir skorts á þeim. Þetta mundi sjálfsagt eiga sjer víða stað. Hann vissi til, að í Norðurlandi greiddu leiguliðar alstaðar peninga, að minnsta kosti hinir nýrri ábúendur, sem beinlínis væri gjört það að skyldu í byggingarbrjefunum; af þessu hlytust þar engin stórvandræði, svo hugsaði nefndin og, að umboðsmenn mundu

verða í vandræðum, ef eigi væru goldnir peningar, því að þá ættu þeir svo örðugt með að standa í skilum, og ályktaði svo af þessu, að lækka afgjöldin af sumum jörðum. Af þessum ástæðum sýndist sjer að eins leiða það, að nauðsynlegt væri, að ákveða að borga skyldi umboðsmanni í peningum, og hvað lækkun afgjalda snerti, dygði eigi, þó að landshöfðingi hefði þar æðsta úrskurðarvald, því að hann þyrfti, sökum ókunnugleika síns, að leita álits umboðsmanna um það. Nefndin vildi eigi halda jarðabótaskyldunni. Þegar mál þetta kom fyrst fyrir á hinum fyrstu ráðgjafaþingum, hefði það verið áhugamál, að bjóða eigi upp jarðir, hvorki til afgjalds nje festu, heldur binda menn við, að gjöra nokkrar jarðabætur, og hefði það orðið vinsælt og haft góðar afleiðingar; jarðabótaskyldan væri að sínu áliti sanngjörn, þar sem leiguliði hefði leyfi til að búa á jörðinni æfilangt og ekkja hans eptir hann og jafnvel afkomendur, ef þeir væru til þess hæfir. Þessir kostir mundu varla vera almennir á öðrum jörðum; þó að nefndin hefði eigi sjeð í skýrslunum, hvað jarðabótum miðaði áfram árlega, þá gæti hana frætt hann á því, að það væri þó nokkuð, og eigi allfáir gjörðu jafnvel meira, en það, sem þeir væru skyldaðir til, því að þeir sæju, að þeir hefðu hag á jarðabótunum; þingmaður Þingeyinga hefði talið lítið gagn að þessum jarðabótum, en sjer sýndist mikið gagn að þeim, einkum vatnsveitingum og sljettum. Svo ætlaði nefndin að bæta úr með því, að tala um, að það mundi verða sjeð við þá, er gjörðu miklar jarðabætur; en hann sæi hvergi í áliti hennar, hvernig þessari sjón ætti að vera varið eða hvort hún ætti að koma fyr, en hverjum er goldið eptir hans verkum, eptir því sýndist sjer nokkuð langt að bíða. Ef afteknar væru bæði jarðabætur og jarðasala, eins og nefndin vildi, væri slagbrandur rekinn fyrir allar framfarir í þá átt, að jarðirnar bötnuðu, og þess vegna mælti hann fastlega móti, að svo væri gjört. Þó kastaði fyrst tólfunum, er nefndin vildi fá sýslumönnum umboðin í hendur, og játaði þó, að umsjónin væri helzt til lítil; hvernig gæti hún ímyndað sjer, að sýslumenn ættu hægra með umsjónina fyrir tvo af hundraði af afgjaldinu, í viðbót við öll sín störf, heldur en umboðsmennirnir fyrir 16 %; þá þætti sjer nær að fá umsjónina í hendur sveitanefndunum, þær þyrftu þó að minnsta kosti eigi að hafa eins mikil ferðalög út af henni; svo væri líka það móti þessu, að ef mál kæmi milli ábúandans og umboðsmannsins, þá yrði að fá sýslumann úr annari sýslu. Svo vildi hann minnast á eitt atriði, er sjer hefði eigi heyrzt neinn taka undir, er hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði hreyft því; nefnilega um hjáleigubændurnar; þetta mál hefði komið fyrir snemma á ráðgjafarþingunum, og þá hefði einn merkur maður líkt kjörum þeirra við bændaánauðina, sem fyr átti sjer stað í Danmörku, og þó að hvorki hinn konungkjörni þingmaður nje nefndin hefði bent á neinn lagagrundvöll fyrir þessari venju, bæri nauðsyn til að ljetta af sem fyrst þessu þrældómsoki, ef mögulegt væri.

Jón Jónsson þakkaði þingmanni Barðstrendinga fyrir þær skýringar, er hann hefði gefið, og kvað það gleðja sig, að nefndin ætlaðist ekki hlutdrægni umboðsmanna, en fyrst að þetta var eigi ástæðan fyrir því, þá hefði hún átt að tilgreina einhverja aðra; hann vildi því enn halda því föstu, að óhentug væri sú breyting nefndarinnar. Sjer þætti enn rjett, ef breyta ætti tilhöguninni á byggingu jarða, hvort ekki mætti í hvert sinn, sem jörð losnaði, bjóða hana upp eða auglýsa byggingunni. Þetta væri annað en það, sem þingmaður Barðstrendinga og Húnvetninga hefðu talað á móti. Sjer hefði aldrei komið til hugar að bjóða upp bygging jarða, eins og lausafje, þannig að sá, er byði hæsta peningaupphæð, væri sjálf-

sagður að fá hið uppboðna. Tilgangur sinn væri að eins sá, að gefa sem flestum kost á að sækja um jarðirnar, svo að úr sem flestum mætti velja, en í valinu milli fleiri landsetaefna ætti eigi að eins að fara eptir peningaboðum, heldur og eptir hæfilegleikum þeim og kostum, er frambjóðendur hefðu, og gætu komið jörðunni að gagni. Hann vissi eigi betur, en að umboðsmenn rjeðu í rauninni byggingu þjóðjarða, þó að amtmenn ættu að staðfesta byggingarbrjefin, og vissu amtmenn optast ekkert um, hvort fleiri hefðu viljað komast að jörðinni en sá, er umboðsmaður hefði byggt hana, eða hverjum hæfilegleikum og kostum þeir væru búnir, sem umboðsmaður hefði gengið fram hjá. Um jarðabæturnar væri hann á sama máli og þingmaður Húnvetninga. Hefði eptirlitið með jarðabótum verið lint hingað til, væri meiri ástæða til að skerpa það en að draga úr því, og væri fyrir löngu tími kominn til þess að sjá um, að hin 100 ára gömlu lög um þúfnasljettun og garðahleðslu kæmust, þó ekki væri nema á landssjóðsjörðunum, lengra en á pappírinn.

Framsögumaður sagðist eigi ætla að vera langorður. Að því er uppboð á jörðum snerti, þá væru þau að sinni meiningu jafn skaðleg fyrir landssjóð, hreppa og hlutaðeigendur, því hætt væri við, að með þess konar aðferð kæmu menn úr ýmsum áttum, og þá sumir hverjir án þess að duga í nokkru. Sama væri að segja um eptirlit umboðsmanna með ábúð jarðanna; það væri lítt mögulegt fyrir þá, að fara á hverju ári heim á hverja eina jörð, og segja svona og svona ætti að fara að, hvað jarðabætur snerti. Annað væri að fela sýslumönnum þetta á hendur, þar sem þeir á annað borð ættu ferðir einu sinni á ári um öll hjeruð sýslunnar, og væri þá hægra fyrir þá að líta eptir en umboðsmann. Að gjaldmáti væri jafn alstaðar, væri að vísu æskilegt, en nefndin hefði þó eigi treyst sjer til að halda því fram. Um skyldu leigulíða að gjöra jarðabætur á hverju ári, hefði nefndinni einnig þótt óráð að halda því fram, að gjöra það að beinni lagaskyldu, þar sem slíkt væri mörgum annmörkum bundið.

Forseti bar því næst upp til atkvæða uppástungu þingmanns Rangeyinga og þingmanns Barðstrendinga, að fresta umræðunni fyrst um sinn, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Á 25. fundi efri deildarinnar, 31. júlí, bar *framsögumaður* nefndarinnar í máli þessu, *Eiríkur Kúld*, upp þá ósk nefndarinnar, að tveimur þingdeildarmönnum væri bætt við í hana, og nefndi til þess Árna Thorsteinson og Sighvat Árnason. Var það samþykkt.

Framhald fyrri umræðu í efri deiíd, á 28. fundi, 5. ágúst.

Uppástunga til þingsályktunar frá nefndinni, sjá I 257—259.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*) sagði, að eptir að nefndin hefði fengið í viðbót hina tvo heiðruðu þingmenn, hefði hún tekið málið til nýrrar íhugunar, og kæmu nú tillögur hennar fram í öðrum ýtarlegri búningi; hann mundi eigi tala fleira um þær, fyr en hann heyrði álit annara þingmanna.

Bergur Thorberg kvað uppástungur nefndarinnar sumar hverjar vera þannig vaxnar, að menn ættu að taka þær til greina, og fallast á þær; en ein stefna nefndarinnar væri þó eigi samkvæm sinni skoðun, nefnilega sú, að koma umboðunum í hendur sýslumanna; sjer þætti þessi tillaga nefndarinnar óheppileg, einkum með tilliti til hinna stærri umboðanna. Sýslumenn hefðu í svo mörg horn að líta, að það hlyti fremur að verða til að lina umsjónina en skerpa hana, ef þeir ættu að takast hana á hendur, og eigi sjerstakir umboðsmenn; en mönnum hefði komið saman um áður, og á því væri hann líka, að umsjónin þyrfti einmitt að vera

strangari. Þó að nefndin takmarkaði þessa tillögu sína með því að til taka, að þetta skyldi eigi gjöra nema þar sem það þætti eiga við, þá þætti sjer það eigi nóg trygging, því að eigi væri allt af hægt að sjá fyrir fram, hvort það væri hentugt eða eigi. Með hin smærri umboðin væri nokkuð öðru máli að gegna, en eigi væri þó neitt unnið við, að sýslumenn tækju þau að sjer, nema hinn litli sparnaður á umboðslaununum. Hann kvaðst hafa vonað eptir leiðbeiningu frá nefndinni um það, hve hár leigumáli skyldi vera á jörðum; eindregnar uppástungur um það efni væru nú komnar við flestar jarðir, og bætti sjer vel við eiga, að nefndin hefði bent á, að umboðsmanni skyldi gjört að skyldu, að reyna að byggja jarðirnar með þeim leigumála, er þar væri stungið upp á, og þar sem sumir umboðsmenn í uppástungum sínum hefðu að eins ráðið til að hækka leigumála á sumum jörðum í umboðinu, án þess að tiltaka hve mikið, þá mætti einnig gjöra þeim það að skyldu, að leitast við að hækka leigumálann eptir álitum, er leiguliðaskipti yrðu næst. Ef nú umboðsmennirnir gætu eigi fengið neinn til að taka jörðina með hinum nýja leigumála, yrðu þeir að leita samþykkis yfirmanna sinna um það, hvort þeir mættu byggja hana með hinum eldri leigumála, eða öðrum lægri. Annars felldi hann sig vel við nefndarálitið að því leyti, sem það kæmi fram sem bendingar um það, hverju umboðsstjórnin ætti að fylgja í þessu efni, að svo miklu leyti sem henni væri unnt, en eigi sem fastar lagaákvarðanir. Í 1. tölul. þætti sjer of aukið «ekki», og í 2. línu kynni hann betur við «er» fyrir «sje». Um hæð leigumálans vildi hann áskilja sjer breytingaratkvæði við síðari umræðu málsins.

Árni Thorsteinson kvað við prentunina hafa flækzt inn í nefndarálitið «Norðurmúlasýslujarðir» í staðinn fyrir »Norðursýslujarðir», og vildi skjóta því til forseta og framsögumanns, hvort eigi mætti skoða það sem prentvillu. Hinn 2. konungkjörni þingmaður væri eigi ánægður með það atriði hjá nefndinni, að vilja fá sýslumönnum í hendur umboðin, en hann vonaðist til, að hann væri eigi svo fjarri að fallast á það, ef hann legði í þessa tillögu þá sömu meining, og nefndin að sinni ætlun hefði gjört; áherzlan lægi eigi á því, að þetta skyldi gjöra, þar sýslumenn fengjust til að taka þau að sjer, heldur þar sem nægileg trygging væri fyrir, að það yrði eigi til að rýra stjórn umboðanna. Þar sem sami þingmaður hefði fundið að því við nefndina, að hún hefði eigi tekið tillit til uppástungna þeirra, er komnar væru nýlega um leigmála á umboðsjörðum, þá hefði sjer fundizt hann ganga út frá þessum uppástungum sem áreiðanlegu mati, og ef svo væri, hefði hann rjett fyrir sjer; en þegar þær nú væru byggðar á skoðunum einstakra manna, eins og hver þeirra liti á málið, væri hann hræddur um, að þær væru eigi svo áreiðanlegar eða samhljóða sín á milli, að nokkuð verulegt mætti á þeim byggja í einni heild. Nefndin hefði að sínu áliti gjört rjett í, að leggja enga áherzlu á þetta atriði, því að það væri skylda umboðsstjórnarinnar, að sjá um, að leigumáli væri hæfilegur, enda gætu engar ákvarðanir um það efni átt sjer stað, því að jarðir gætu svo auðveldlega breytzt og afgjaldsmagn þeirra. Ef nefndin hefði viljað gefa nokkra bending í þessa stefnu um þetta, hefði hún átt að ganga í þá stefnu, að leigja skyldi jarðir eptir hinum forna leigumála með sjerstöku tilliti til þeirra núverandi ástands. Viðvíkjandi 7. gr. yrði hann að gjöra þá syndajátning, að hann hefði skrifað undir hana án þess að gjöra ágreiningsatkvæði, þó að hann væri henni mótfallinn; það hefði eigi viðgengizt hingað til, að menn væru látnir inna festugjald, enda hefði verið bannað að taka það, og því þyrfti eigi að nefna það; sama væri að segja um uppboðin, þau hefðu ekki viðgengizt hingað til, og

ekkert væri komið fram, er gerði líklegt að nú væri byrjað á þessum nýmælum; sjer fyndist því alls engin þörf á að banna þau; hann væri mönnum samdóma um það, að eigi ætti að keppast við, að koma sem hæstum leigumála á jarðirnar, heldur hafa hann sem sanngjarnastan, en stundum gæti orðið vafi á því, hvað sanngjarnt væri og þá gæti orðið þörf á uppboði — eða máske rjettara sagt — framboði, eins og þingmaður Skagfirðinga hefði komizt að orði; ágreiningur gæti t. a. m. komið milli umboðsmanns og amtmanns um það, hvað sanngjarnt væri að leigja jörð fyrir, og þá gæti orðið þörf á að bjóða jörðina upp. Þá væri enn annað mikilvægt atriði, þar sem nefndin vildi leigja jarðir til æfilangrar ábúðar, ef eigi bönnuðu sjerlegar ástæður; þessi rjettur væri þægilegur fyrir leiguliðann, en hann lægi nærri því að vera órjettur við jarðeigandа, með því að það gjörði honum erfitt að losast við ónýtan landseta; menn mundu að vísu svara sjer, að hann gæti byggt honum út, en reynslan hefði sýnt, að það gengi eigi alltaf greiðlega; sjer fyndist því betra að orða greinina öðruvísi, og gefa eigi leiguliða beinlinis rjett til æfinlegrar ábúðar. Sú ákvörðun lægi nær frá hálfu jarðareigandа, að fylgja þeirri reglu, að láta bygginguna vera æfilanga; það hefði hún verið allajafna á umboðsjörðunum. Hjer við bættist enn sú ástæða, að jarðeigandi vill opt byggja jörð til reynslu, ef t. d. ungur maður og efnilegur falar jörðina, en sem er óreyndur, en gæti brugðizt vegna ýmissa orsaka, þá væri gott að geta byggt honum jörðina til eins árs eða svo. Stundum óskuðu menn líka að eins að fá bygging til fárra ára. Vegna þessa ætlaði hann sjer að greiða atkvæði móti 7. gr.

Framsögumaður sagði, að hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði svarað hinum 2. konungkjörna þingmanni, og vildi hann því eigi fara neitt út í það. Hann sagðist eigi halda svo fast við uppástungu nefndarinnar um sýslumenn, en vilja benda umboðsstjórninni á, að taka þennan kost, ef hann byðist, því það væri sparnaður fyrir landssjóðinn. Hinum 2. konungkjörna þingmanni hefði eigi þótt það henta, að fá sýslumönnum í hendur umboðin vegna umsjónarinnar með þeim; það mundi heldur þurfa að skerpa umsjónina, en sjer fyndist því mega eins við koma, þó umboðin kæmust í hendur sýslumanna. Þar sem sami þingmaður hefði fundið að því, að nefndin eigi hefði tekið fram leiguupphæð hverrar einstakrar jarðar, er hún væri byggð, þá kvaðst hann of ókunnur víðast hvar á landi hjer til að geta ákveðið leigumála á hverri jörð; að vísu hefði nefndin haft fyrir sjer greinilegar uppástungur í þessu efni, en það vildi hann taka fram við slíkar uppástungur, að þó þær væru rjettar 1879, þá er eigi víst að þær sjeu það 1889, því jarðirnar gætu breytzt af mörgu. Uppástunga nefndarinnar við 5. tölulið ætlaðist til, að jarðirnar batni, því ef ein jörð er þannig bætt í 10 ár, þá leigist hún hærra; en þessi uppástunga yrði að liggja í hendi þeirra, sem byggðu jarðirnar. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði eigi getað sætt sig við 7. tölulið, en ástæður hans hefðu ekki verið sterkar, að minnsta kosti eigi allar. Hann sagði, að eigi mætti skilja ákvörðun nefndarinnar svo, að eigi mætti bjóða jarðir upp, því það væri meiningin að bjóða jörðina upp, ef hún væri laus og enginn falaði hana, þá yrði það að skyldu, til þess jörðin leggist ekki í eyði. Hinn 6. konungkjörni þingmaður væri, ef hann hugsaði sig vel um, svo kunnugur í Snæfellssýslu, að hann vissi dæmi til þess, úr einum hreppi þar, að það gæti verið háskalegt að fylgja þeirri reglu að bjóða jarðir ávallt upp; dæmi vildi hann eigi tilfæra, því: «nomina sunt odiosa». Þar sem hann eigi hefði viljað fallast á æfilanga ábúð, þá væri það langt frá því, að það hneykslaði sig, þó það

ef til vill hneykslaði hann, ábúandanum gæti það eigi hnekkt, því hann gæti sagt jörðinni upp. Leiguliðinn gæti og tapað ábúðarrjetti, ef hann bryti skilmálana, og ef umboðsmaður væri duglegur; því leigubrjef væru öll svo gjörð. Ákvörðun þessi gæti því eigi verið háskaleg, hvorki fyrir ábúanda nje landstjórn. Viðvíkjandi því, að það væri vafasamt um afgjaldið, þá tók hann það fram, að hver umboðsmaður sæi sjer hag í því, ef margir föluðu sömu jörðina, þá að taka þann bezta og álitlegasta; en ef boðið væri upp, þá mætti segja að loku væri ef til vill skotið fyrir að fá góðan ábúanda, ef annar biði hærra eptirgjald. Hann ímyndaði sjer, að hver hygginn jarðeigandi færi eigi eptir því, þó óálitlegur maður byði meira en reyndur og góður búhöldur, og hið sama væri að segja um þjóðjarðir.

Ásgeir Einarsson sagði, að þeir, sem þegar hefðu talað, hefðu gjört athugasemdir sinn á hvern hátt. Hann sagðist vilja herða á orðum hins 2. konungkjörna þingmanns, því það, sem hann hefði talað um það, að sýslumenn tækju að sjer umboðin, væri talað öldungis eptir sínum anda. Eptir þeirri reynslu, er hann hefði, mundi það verða mjög erfitt fyrir sýslumenn að hafa umboðin á hendi, og það gæti enda verið ósanngjarnt að troða þeim upp á þá. Sýslumenn kæmu opt fátækir að sýslunum og yrðu að fá veð fyrir sýslunni; ef þetta bættist nú við, þá yrðu þeir og að fá veð fyrir umboðinu; það væri og dæmi til, að ljeð hafi verið veð fyrir umboði og hafi tapazt. Svo mætti og gæta þess, að margir sýslumenn mættu eigi vera að sinna umboðinu, nema með því móti, að fá annan mann til að hjálpa sjer. Það, sem gæti sparazt, væri eigi nema 4000 krónur, eða meðallaun, en hvort það jafnaðist við skaða þann, sem landið biði af því, að jarðirnar væru trassaðar, fyrir því kvað hann vanta alla trygging. Það væri þó ómögulegt að heimta, að amtmaður færi um til að sjá um, að allir gjörðu skyldu sína í þessu efni, það gæti bæði verið elli og ýms störf, er bönnuðu honum þetta. En hver mundi þá klaga, þó jarðir væru illa setnar og trassaðar? Það væri augljóst, að fáir mundu verða til þess. Enn fremur mætti geta þess, að dæmi væru til, að mál gæti risið milli ábúanda jarðar og umboðsmanns; ef nú sýslumaður væri umboðsmaður, þá þyrfti að setja annan sýslumann til að taka málið fyrir, og það væri þó strax kostnaður. Hann vildi því eigi gefa atkvæði sitt með þessu. Hann kvaðst hafa hugsað sjer uppástungu í þessu efni í þá átt, að umboðsmaður væri settur í hverjum hrepp, það væri að vísu margbrotið, en með því móti fengist næg trygging fyrir, að umsjónin væri möguleg, en af því að nefndin hefði ekki viljað sinna þessari uppástungu, færi hann ekki lengra út í hana að sinni. Þá gat hann og þess, að nefndarmenn væru allir móti, en eigi með þjóðjarðasölu. Eitt væri þó, sem sjer líkaði betur hjá hinum 6. konungkjörna þingmanni, heldur en hjá hinum 2. konungkjörna, og væri það það, að leggja eigi of mikinn trúnað eða traust á skýrslur frá hreppsnefndum eða umboðsmönnum, því þær gætu verið athugaverðar. Þar sem sagt væri í sjálfri uppástungunni í 5. gr., að umboðsmaður ætti að gjöra sjer far um, að semja við hinn nýja ábúanda, að hann gjöri ýmsar minni jarðabætur, svo sem túngarða o. s. frv., þá benti hann á, að eptir sínu áliti bæri eigi að taka til túngarða, því svo megi auðveldlega fara, að það, er fyrst var hlaðið, verði fallið aptur, áður en honum sje full lokið, og vilji hann því undanskilja þetta, og heldur hafa þúfnasljettun, því það sje varanlegra; til þessa gæti hann fært mörg dæmi; vatnsveitingar væru sömuleiðis mikið góðar og gæfu góðan ávöxt. Það þætti sjer vel fara,

að umboðsmenn hefðu umsjón með jörðunum og semdu skýrslur, en það þætti sjer á vanta, að eigi væri talað um, hvert þeir ættu að senda þær, það ætti þó líklega að senda þær. Í þessu tilliti vildi hann benda á, að blaðamenn tækju þær víst fúslega í blöð sín, og með því móti gæfist almenningi kostur á að sjá þær, og þá mætti og sjá, að hve miklu leyti þær sjeu rjettar. Hinar stærri jarðabætur væru sanngjarnar og verulegur gróði fyrir landssjóðinn. Hann vildi eigi tala um skyldur og fleira, sem fylgdi umboðsmönnum, það hefði í einu orði að segja tekizt vel hjá nefndinni. Viðvíkjandi 7. grein væri ágreiningur milli nefndarinnar og hins 6. konungkjörna þingmanns um, að bjóða jarðir upp. Það hefði verið eitt hið fyrsta og alvarlegasta, sem ráðgjafarþingið tók sjer fram um, að af nema þann sið, sem hefði átt sjer stað um þetta, og lofuðu það margir; það væri og sitt álit, að eigi bæri að taka af mönnum festu; það gæti vel borið við, að maður ljeti af hendi mörg hundruð krónur í dag í festu, en væri dauður á morgun. Það gæti að sönnu komið fyrir, að uppboð væri nauðsynlegt, en þá ætti umboðsmaður að halda það. En það vildi hann taka fram enn, að jarðabæturnar gætu verið til mikils góðs; það væri flestum ljósara en svo, að það þyrfti sönnunar við. Þar sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði talað um, að leigutíminn væri of langur, þá hefði framsögumaður svarað því. Hann sagði sjer þætti eitt óviðkunnanlegt við umboðsstjórnina, nefnil. að öll byggingarbrjef væru eins, þó jarðirnar væru ólíkar, og þó strykað væri yfir það, sem fjarstæðast væri, gæti það samt átt illa við. Hann sagðist fyrir sitt leyti hafa byggt mörg kot, en eigi haft sama byggingarbrjef fyrir þau öll. Mönnum, sem byggju upp til dala, væri ómögulegt að bera t. d. þang á tún o. s. frv. Hann gæti því eigi vorkennt umboðsmönnum að rita sitt brjefið fyrir hverja jörð, til þess að afstýra prætum og þrasi, sem auðveldlega gæti komið fyrir, ef öðruvísi væri breytt eða að farið.

Landshöfðingi kvaðst skyldu fara nokkrum orðum um uppástungu þessa. Viðvíkjandi 1. tölul. kvaðst hann vera á sama máli og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður og 1. þingmaður Húnvetninga, að það væri óhaganlegt, að fela sýslumönnum á hendur hin stærri umboð, því það væri ómögulegt, að sýslumenn gætu haft þann starfa á hendi í hinum víðlendu umdæmum; það sje og meiri ástæða til að herða á umboðsstjórninni, en gjöra hana veikari. Viðvíkjandi hinum smærri umboðum gæti hann þess, að þessi 5, nefnil. Skriðuklaustur, Eyjafjarðarsýslujarðir, stærri og minni Norðursýslujarðir, Reykjadals- og Flateyjar-jarðir og Suðurmúlasýslu-jarðir, lægju í hinum víðlendustu sýslum, og það væri ómögulegt, að fela þau sýslumönnum á hendur, ef nægilegt eptirlit ætti að hafa með þeim. Umboðslaunin væru 771 kr. 90 aur., og það sem sparaðist, væri því 400 kr. Viðvíkjandi Bjarnanesi, hefði prestakallið hálfa jörðina, en landssjóðurinn hálfa, og það væri verulegur partur af preststekjunum þar. En að því er snerti jarðir læknasjóðsins, þá væri búið að skipa sýslumönnunum í Skaptafellssýslunum og Árnessýslu að taka að sjer umboð spítalajarðanna þar. Viðvíkjandi 1. tölul., þá ættu umboðslaun sýslumanna eigi að fara fram úr 4—8 %, en eptir lögum af 14. desbr. 1877 eiga umboðslaun að renna í landssjóð; ef því sýslumenn takast þennan starfa á hendur, ber þeim eigi neitt fyrir hann, en eptir lögum af 15. oktbr. 1875 ber þeim að taka þeim breytingum, er orðið geta á embættisverkum þeirra. Hann gæti því eigi annað sjeð, en að þessir 4—8 % spöruðust, ef þetta væri falið sýslumönnum á hendur. Ef hann hefði skipað sýslumönnum að takast slíkan starfa á hendur, þá

hefði hann gjört það án þess að lofa þeim nokkrum parti launanna. Þetta gæti því orðið landfógeta, landshöfðingja og endurskoðunarmönnunum til ljettis, en eigi til verulegs gagns fyrir landssjóðinn. Þar sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hefði tekið fram, að vantaði bending um það í 4. tölul., hvort það eigi að ákveða upphæð afgjaldsins, þá gjörði hann ráð fyrir, að sú bending kæmist eigi á, nema við ábúendaskipti. Þar sem hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður hefði talað um, að vegna ófullkomlegleika skýrslnanna, þá væri eigi æskilegt að vísa til þeirra, þá vildi hann eigi hafa móti því. En af því það hefði verið regla, að hækka eigi álnatal landskuldarinnar á umboðsjörðum að nauðsynjalausu, þá ætti eptir orðum hins 6. konungkjörna þingmanns og þingmanns Barðstrendinga að takast upp í uppástunguna, að með því það sje vilji alþingis, að jarðarafgjaldið sje ákveðið við ábúendaskipti, þá verði það að ákveðast með tilliti til þess, sem hefur verið hingað til, og með tilliti til ástands jarðarinnar nú, en eptir hans áliti vantaði þá ákvörðun; en yfir höfuð hefði hann eigi á móti 4. tölulið. Þá benti hann og á, að í mörg ár hafa komið til þingsins bónarbrjef frá Vestmannaeyjum um landskuldargjaldið þar, það er sem sje borgað í harðfiski, sem verður hærra en meðalverð allra meðalverða; ef menn skoðuðu nefnilega verðlagsskrárnar fyrir 20 ár, þá yrði munurinn milli harðfisksgjaldsins og meðalverðs allra meðalverða 20 aurar. Það hefði verið þingsályktun í hitt eð fyrra að gjöra mat á gjaldinu og hefði nefnd sú, er til þess var skipuð, komizt að þeirri niðurstöðu að breyta landskuldargjaldinu úr harðfiski í meðalverð allra meðalverða, en hann kvaðst eigi nefndinni samdóma, en vera á því máli, að eigi skyldi breyta gjaldinu fyr en við leiguliðaskipti; sjer þætti það og eigi aðgengilegt að færa niður álnatalið, en óskaði, að þingið vildi nota tækifærið vegna Vestmannaeyja. Hann hefði því snúið sjer að þinginu til að segja álit sitt sjerstaklega um Vestmannaeyjar, og vildi hann nú vona, að þingið gjörði nú eitthvað Vestmannaeyjum í hag. Hann sagðist vilja skjóta því til þingsins, hvort ástæða væri til að breyta lögum frá 14. desbr. 1877; ef peninga vantaði, þá mætti borga með landaurum, t. d. smjöri, hvítri ull, dún o. s. frv. Hann kvaðst yfir höfuð fella sig við 5. tölulið, en vera samdóma 1. þingmanni Húnvetninga, að betra sje að hafa þúfnasljettun en túngarða. Viðvíkjandi 7. tölulið væri hann nefndinni samdóma um, að eigi væri spursmál um uppboð þjóðjarða; sömuleiðis væri hann nefndinni samþykkur um æfilanga ábúð, því hún gæti verið góð á þjóðjörðum.

Benedikt Kristjánsson kvað landshöfðingjann og þingmann Húnvetninga hafa tekið fiest það fram, er hann vildi sagt hafa, en fyrst hann hefði staðið upp, vildi hann áður en til atkvæða væri gengið, lýsa yfir því, að hann mundi greiða atkvæði móti þremur hinum fyrstu greinum í uppástungu nefndarinnar, vegna þess að inn í þær væri tvinnað ákvörðunum um, að sýslumenn tækju að sjer umboðin, sem hann áliti með öllu ófært, einkum í stórum umboðum; hann skyldi taka til dæmis Þingeyjarsýslu; þar væru um 50 umboðsjarðir, og ef þar við væri bætt öllum jörðum í vestari hluta Munkaþverárklausturs, 20—30 að tölu, væri það eigi lítill ábætir fyrir sýslumann. Sama væri að segja, ef litið væri til Skaptafellssýslna; landshöfðinginn hefði sagzt þegar hafa fengið sýslumanninum þar í hendur Hörgslandsspítalajarðir, og ef hann fengi svo í viðbót Þykkvabæjarklausturs-, Kirkjubæjarklausturs- og Flögujarðir, væri enginn vegur til að hann gæti sjeð um það allt með nokkurri mynd. Enn fremur vildi hann geta þess, að í síðari hluta 1. gr. væri prentvilla «hluta» fyrir «hlutinn». Smájarðabætur þær, er 5. gr. talaði um að skylda leiguliða til að gjöra án lækkunar á afgjaldi, væri hann hræddur um að

kæmu að litlum notum; það væri skaði fyrir landsetann að verja tíma og fje til þeirra starfa, er að engu gagni yrðu, og jarðeigaanda væri miklu betra, að sett væri heldur upp afgjald jarðarinnar; þetta talaði hann til túngarðahleðslu þeirrar, er nefndin talaði um, og jafnvel þúfnasljettunar; hún ætlaðist sjálfsagt til, að til tekið væri, hversu marga faðma ætti að hlaða og sljetta; því að ef það væri eigi gjört, yrði eigi glöggt að gjöra greinarmun á hinum litlu jarðabótum og hinum meiri, er talað væri um í síðari hluta greinarinnar. Á vatnsveitingum hefði hann aptur á móti gott álit, því þær gætu opt verið fyrirhafnarlitlar en arðsamar, og hann væri sannfærður um, að hver nýtur ábúandi mundi gefa sig við þeim, ef honum að eins væru gefnar bendingar um það, án þess að þær væru heimtaðar af honum í byggingarbrjefinu, því að hann hlyti að sjá hag þann, er af þeim leiddi. Hvað snerti binar stærri jarðabætur, þætti sjer gott, að launum væri heitið fyrir þær, og þætti sjer heppilegast, að lög kæmu út um það efni, er áskildu landseta endurgjald fyrir jarðabætur sínar í einu lagi, er hann færi frá jörðu, eins og þær þá kæmu fyrir sjónir, eða þá umboðsstjórnin semdi við hann um að vinna þær og legði fje til þeirra, en hækkaði svo að sama skapi eptirgjaldið. Hann gæti með engu móti verið samdóma hinum 6. konungkjörna þingmanni um hina æfilöngu ábúð; hann gæti eigi sjeð neitt að henni; byggingarbrjefin mættu þá vera mjög ólík því, sem nú væri, ef eigi væri hægt að fá átyllu til að reka ónýtan landseta af jörðu, því að venjulega væru þau svo ströng, að eigi væri hægt fyrir samvizkusamasta og duglegasta leiguliða að uppfylla alla skilmála í þeim; hann væri alveg samdóma þingmanni Húnvetninga í því, að betra væri að breyta þeim svo, að eigi stæðu í þeim þeir skilmálar, er engri átt næðu, eða talað væri í þeim um hlunnindi, er eigi ættu sjer stað, svo sem skóg, þar sem aldrei hefði skógur verið, því að það, að hafa þau svona úr garði gjörð, væri að eins til þess, að stæla leiguliða upp í að vanrækja einnig þær skyldur, er honum bæri með rjettu að uppfylla og gæti uppfyllt. Yfir höfuð að tala mundi hann gefa fám uppástungum nefndarinnar atkvæði sitt.

Sighvatur Árnason sagði, að þó að hann hefði átt þátt í uppástungum þessum, væri hann þó mótfallinn því, að fá sýslumönnum umboðin, og hefðu nokkrir af hinum háttvirtu deildarmönnum fært ástæður fyrir því. Viðvíkjandi því, að hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að uppástungur vantaði um leigumála á hverri jörð, vildi hann benda á, að hinn gamli leigumáli væri víða orðinn óhafandi, sumstaðar væri hann langt of hár, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, en sumstaðar aptur of lágur; það væri eigi mögulegt, að ákveða fyrir langan tíma neinn fastan leigumála fyrir jarðirnar, því að þær væru undirorpnar svo miklum breytingum, bæði af náttúrunnar völdum og því, hvernig þær væru setnar; sjer fyndist því eigi illa fallið, að sýslunefndin skyldi í hvert sinn, sem ábúandaskipti yrðu, gjöra uppástungu um, hversu hátt jörðina mætti leigja með sanngirni; hann vildi heldur trúa sýslunefndinni fyrir þessu starfi, en umboðsmanninum einum, því að, þar sem hann hefði í laun vissan hluta afgjaldsins, væri það freisting fyrir hann að ákveða afgjaldið hátt, og gæti sjer því eigi dottið í hug, að hægt væri að fá óhlutdrægari og sanngjarnari uppástungu um þetta efni frá neinum öðrum, heldur en sýslunefndinni, því að kunnug hlyti hún og að vera öllum jörðum innansýslu, þar eð í henni sæti maður úr hverjum hreppi. Í fyrstu hefði hann verið á móti hinni æfilöngu ábúð í 7. gr., eins og hinn 6. konungkjörni þingmaður, en þegar svo kom ákvörðunin í 5. gr. um hinar minni jarðabætur sem skyldukvöð, hefði hann sætt sig við hana, því að hann sæi, að ef landseti fullnægði eigi þeim skilmálum, er í byggingarbrjefiuu væru teknir fram um það efni, hefði hann fyrirgjört ábúðarrjetti

sínum; að öðru leyti væri það hvöt fyrir landseta til jarðabóta, er hann hefði vissa von um að fá að sitja kyrr og þannig njóta þeirra sjálfur; en til að ákveða hverjar þessar skyldujarðabætur ættu að vera á hverri jörð, þyrftu góðgjarnir menn að ákveða, og vildi hann helzt eigi fela það umboðsmönnum einum, og dytti sjer þá í hug sýslunefndin, að hún gjörði líka uppástungur um þær við leiguliðaskipti eptir því, sem henni þætti bezt eiga við á jörðinni, um leið og hún gjörði uppástungu um landskuldina; hann vildi heldur nefna til þessa sýslunefndina, en hreppsnefndina, því að sjer þætti það meiri trygging fyrir óhlutdrægni. En til þess að koma uppástungum sýslunefnda um þessi atriði haganlega fyrir í framkvæmdinni, vildi hann gjöra glöggvari uppástungur þar um, áður en málið yrði til lykta leitt. Að endingu vildi hann tala um þá athugasemd, er landshöfðinginn hefði gjört viðvíkjandi Vestmannaeyjum; að því er sjer væri kunnugt, hefðu menn þeir, er kosnir voru til að rannsaka leigumála þar, komizt að þeirri niðurstöðu, að landskuld af jörðum þar væri mjög nærri sanni að álnatali til, að vísu að eins of lág af sumum, en of há af sumum, og hefðu þeir ætlazt til, að þeim ójafnaði væri komið af við næstu leiguliðaskipti, nema af einni jörð, Miðhúsum, hefði þeim þótt leiga allt of há, og ráðið til, að á því yrði sem fyrst ráðin bót; en sökum gjaldmátans, sem bundinn væri við harðfisksverð, væri afgjald af jörðum þar allt of hátt, eins og landshöfðingi hefði tekið fram, er þess væri gætt, að það væri reiknað eptir harðfisksverði, sem væri svo miklu hærra en meðalverð, og hefði nefnd þessi lagt til, að það yrði sem fyrst tekið til greina á þann hátt, að láta gjaldmátann vera bundinn við meðalverð allra meðalverða, því að ójöfnuðurinn færi sívaxandi, þar sem harðfisksverð væri allt af að hækka; en meðan harðfisksverð var eigi fjarri meðalverði, hefði afgjaldið eigi verið ósanngjarnt. Þar sem hinn 6. konungkjörni þingmaður væri mótfallinn 7. grein, þá vildi hann gjarna fallast á með honum, að rýma til um skilyrðið þar, og setja, að leyfilegt væri umboðsmanni undir vissum kringumstæðum að byggja jörð til skemmri tíma.

Stefán Eiríksson kvaðst út af orðum landshöfðingja vilja geta þess, að sjer væri kunnugt, að með Bjarnarnes væri öðru máli að gegna en önnur umboð, og hefði hann því áður fyrri beðið um orðið, af því að hann hefði ætlað að tala um Bjarnanesumboð; en hinn háttvirti landshöfðingi hefði að nokkru leyti tekið það fram, er hann hefði ætlað að segja; þó vildi hann bæta því við, að hálf Bjarnarnestorfan væri landssjóðseign, en hún hefði ætíð verið metin með brauðinu, og því mætti hún að nokkru leyti álítast óslítanleg frá prestakallinu. Því þætti sjer sjálfsagt, að það umboð hjeldi áfram að heyra undir Bjarnanesprest; hann hefði tekið eptir því á 11. bls. í athugasemdunum í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, að Bjarnarneskirkja væri talin þar ein af umboðskirkjum, og vildi hann þá spyrja, hvort sýslumaður ætti að taka að sjer umsjón kirkjunnar líka, ef hann tæki að sjer umboðið; en Bjarnaneskirkja, þó hún sje talin umboðskirkja, þá hefði hún ætíð verið í umsjón Bjarnanespresta og byggð af þeim, en ekki af landssjóðsfje; að undanteknu Bjarnanesumboði gæti hann eigi verið samdóma þeim mönnum, er væru því mótfallnir, að sýslumenn tækju við umboðunum, af þeirri ástæðu, að það mundi draga úr aðhaldinu; hann ímyndaði sjer, að það yrði þvert á móti til að skerpa það; sjer væri eigi kunnugt, að umboðsmenn í Skaptafellssýslum eða öðrum sýslum, gjörðu neinar yfirreiðir til að líta eptir umboðsjörðunum, aptur á móti færu sýslumenn opt yfir hjeruðin og væru gagnkunnugir högum manna. Að þeim yrði mjög örðugt, að heimta eptirgjaldið, gæti hann eigi heldur sjeð, eptir að nefndin hefði ákveðið, að það skyldi gjalda í peningum eptir meðalverði, og gætu þeir því heimt það inn á manntals-

þingum með öðrum gjöldum. Viðvíkjandi því, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hjeldi fram um uppboð á jörðum, þá hefðu allir, sem áður hefðu fjallað um þetta mál, verið á því máli, að það væri ógjörlegt, að gjöra það að aðalreglu; þá gæti slóði, sem óhæfur væri til búskapar, fengið jörðina, og þó að honum yrði byggt út, væri óvíst, að hann gæti svarað álagi á jarðarhúsin, er hann færi, ef hann hefði dvalið þar um lengri tíma. Hvað það snerti, að fela sýslunefndum á hendur að stinga upp á leigumála, er jörð losnaði, og til taka, hverjar jarðabætur skyldi vinna á henni, þá þætti sjer það engu heppilegra, en að umboðsmenn gjörðu það sjálfir. Þingmaður Húnvetninga hefði eigi viljað láta telja túngarðahleðslu með jarðabótunum, en hann vissi eigi betur, en að hver þrifinn bóndi, er stunda vildi jörð sína vel, hugsaði fyrst og fremst um að girða tún sitt. Hvað það snerti, er landshöfðingi hefði tekið fram, að Vestmannaeyingar kvörtuðu undan, að afgjald hjá þeim væri reiknað eptir harðfisksverði, þá sæi hann eigi betur, en að þeir gætu nú heimfært til sín ákvörðunina í 4. grein þingsályktunarinnar, að ákveða skyldi afgjaldið eptir meðalverði og væri þá þeirra ósk uppfyllt.

Árni Thorsteinson sagði, að sjer fyndist sumir þingmenn berjast við skýin, er þeir væru að þrátta við sig um 7. gr., því að þeir misskildu meining sína; hann vildi hvorki láta bjóða jarðir upp nje hafa festugjald, þar eð ákvarðanir væru til, er bönnuðu hið fyrra, og hitt hefði ekki verið við haft; hann vildi að eins láta sitja við það, sem væri, en eigi koma með nein nýmæli, eins og sumir þingmenn sýndust hugsa; ágreiningurinn væri því alls eigi um efnið sjálft, heldur hvort þessi ákvörðun ætti að standa í tillögum nefndarinnar eða eigi. Hann kynni landshöfðingja þakkir fyrir bendingarnar við 1., 2. og 3. gr., og mundi nefndin taka þær til hugleiðingar. Hvað það snerti, að landshöfðingi vildi veita leigulíðum heimild til að greiða afgjaldið í öðrum aurum en peningum, svo sem annað skattgjald til landssjóðs, þætti sjer það eigi geta átt sjer stað, þar sem um samningsgjöld væri að ræða. Ákvörðunin væri um tiltekið gjald í laudaurum undir sjerstökum kringumstæðum, t. a. m. ef mjög mikið væri af þeirri vöru að fá á jörðinni, svo sem í dún, þar sem varp væri mikið; svo væri það opt haft á öðrum jörðum. Hann væri samdóma þingmanni Húnvetninga í því, að eigi væri nógu skýrt tekin fram í 5. gr. þúfnasljettun; hún væri þar að eins nefnd með hinum stærri jarðabótum, en hann ímyndaði sjer, að nefndin hefði ætlað og að láta hana innibindast í því, er hún teldi til hinna minni, þar sem hún segði: »svo sem túngarða, framskurði« o. s. frv.; en ef þingmaðurinn vildi taka sjer breytingaratkvæði til að bæta þessu við, mundi hann fallast á það með honum. Um túngarðana væri hann honum þar á móti ósamdóma; fyrir 100 árum hefði mönnum verið gjört að skyldu að hlaða túngarðsspotta, og vildi hann biðja þingmanninn að lofa þeim að standa.

Ásgeir Einarsson sagðist standa upp vegna túngarðanna, og hefði hann eigi haldið, að spottar sínir hefðu fengið svo mikið meðhald í deildinni; hann hefði gleymt að taka fram, að garðspotti gæti verið gagnlegur gegn árennsli af skriðum og vatnagangi. Hann kvaðst vona, að hann gæti komið sjer saman við hinn háttvirta 6. konungkjörna þingmann, hvað þúfurnar snerti. Túngarðarnir væru að vísu stærri og verri viðfangs, og gæti hann fært til dæmi; hann hefði einu sinni borgað 200 rd. fyrir garðhleðslu, en einir 50 faðmar hefðu verið hlaðnir, og hefði svo maðurinn skilað aptur peningunum. Þingmaður Þingeyinga hefði viljað hafa hærra afgjald, en minni jarðabætur; þetta væri nú að vissu leyti rjett, en reynslan mælti með hinu; mörg dæmi væru og til, að menn hefðu gjört jarðabætur, ef þeir hefðu verið skyldugir til þess; það væri líka sanngjarnt að gjöra það, ef fengist lífsábúð, það vissu þeir, sem opt yrðu að flytja, enda hefði Franklín sagt, að

2 flutningar væru sem einn húsbruni, og afleiðingin yrði líka opt, að slíkir menn kæmust á sveit. Þingmanni Þingeyinga hefði og þótt viðkunnanlegra, að við stærri jarðabætur væri þóknun borguð, er búandi annaðhvort færi frá jörðunni, eða þá þegar hann dæi. Í nefndarálitinu væri tekið fram, að rjett væri að gefa mönnum kost að vinna að jarðabótum, móti því að fá borgun strax, ef þess væri óskað, þetta væri eigi að skilja sem skyldu, heldur að eins sem tilboð. Hvað uppástungu þingmanns Rangæinga snerti, kvaðst hann fella sig vel við hana, að umboðsmenn ráðfærðu sig við sýslunefndir eða jafnvel við hreppsnefndir, er væru helzt kunnugar jörðunum, einungis að þeir gæfu skýrslur og sýndu þær annaðhvort amtmanni eða landshöfðingja, svo augljóst yrði á prenti í blöðunum. Þingmaður Skaptfellinga vildi halda fram, að sýslumenn hefðu umboðið í stað umboðsmanna; hann kvaðst eigi furða sig á því, úr því umboðsmenn eigi, að því er hann hefði sagt, færu eina reið allt sumarið til þess að sjá eptir ábúð jarðanna, en sjer virtist þá ósanngjarnt að vilja setja þetta upp á sýslumennina, þar sem þeir varla mundu hafa tíma til að ríða heim á hverja jörð til að líta þar eptir.

Framsögumaður kvaðst vera þingmanni Skaptfellinga samdóma um það, að yfirreiðir umboðsmanna væru næsta fáar. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði svarað landshöfðingja viðvíkjandi athugasemdum hans um umboðslaun sýslumanna, og kvaðst hann því eigi þurfa þess. Hvað snerti, að hafa tillit til þess, er landskuldin skyldi ákveðin, hver hún hefði verið, og þá hvernig jörðin væri, er byggja skyldi, yrði hann að álíta það sjálfsagt, og hefði því eigi á móti því. Sama væri og um, hvað snerti afgjald af jörðum á Vestmannaeyjum, að bezt væri, að nefndin tæki þá athugasemd landshöfðingja til yfirvegunar. Hann væri og samdóma þingmanni Húnvetninga, að heppilegra mundi vera að tiltaka þúfnasljettun en túngarðahleðslu, einkum þar sem um frumbýlinga væri að ræða; túngarðarnir reyndu upp á krapta hans, og ef ábúðin væri löng, væri hið fyrst byggða af garðinum, ef til vill fallið, áður en hann hefði lokið við hann. Hann kvaðst heldur eigi geta verið samdóma um það, að betra væri, að eptirlit með jarðabótum væri hjá sveitarnefndunum, enda vantaði ákvörðun um það í sveitarstjórnarlögunum. Þingmaður Húnvetninga hefði fundið að því, að nefndin hefði stungið upp á því, að semja skyldi skýrslur, en gleymt að taka það fram, að senda skyldi þær; en þetta væri að hans áliti hártogun, því eigi gæti þó verið meiningin, að geyma ætti slíkar skýrslur í bókaskápum engum að notum; þingmaðurinn hefði loks sagt, að sparnaðurinn við að fela sýslumönnum umboðin á hendur, væri eigi mikill, að eins 4000 kr. og væri slíkt eigi nema meðal embættislaun á Íslandi; kvaðst hann þakka honum fyrir slíka rausn og mundi hann líklega láta það ásannast, er prestamálið kæmi til umræðu, því líklega teldi hann presta með embættismönnum.

Jón Jónsson sagði, að hjer væri að eins að ræða um uppástungu til þingsályktunar um það, að gefa stjórninni bendingar og ekki um að semja lög. Þessu máli hefði því í rauninni verið allt of mikill gaumur gefinn af þingdeildinni; en nú væri komið hingað frumvarp til laga frá neðri deildinni, sem væri mjög skylt þessu máli, og væri hann þess vegna á því, að umræðum þessum yrði frestað, svo hin umræddu frumvörp yrðu rædd í sameiningu við þingsályktunina.

Jón Hjaltalín sagðist eigi ætla að tefja þingið lengi; það væri einungis út af jarðabótunum, að hann vildi segja fáein orð, það væri optast nær lagt meira í þær, en þær ættu skilið; enda væru þær víða eigi annað en jarðarrót, túngarðarnir fjellu jafnótt, og hefði hann nýlega sjeð túngarð, er hlaðinn hefði verið fyrir 3 árum, og hefði hann allur verið með skörðum, og eigi til annars, en fyrir hortruntur að hýma undir. Það væri því bezt að sleppa slíku.

Jón Pjetursson sagði, að sjer væri ekkert kappsmál um hina 3 fyrstu liði uppástungunnar. Það, sem lægi til grundvallar, væri það, að sýslumenn fengju umboðin; að fela þeim þau á hendur væri fulltryggjandi fyrir jarðirnar og kostnaðarminna fyrir landssjóðinn. Það væri ef til vildi eigi gott að skylda þá til að taka þau, en þeir mundu víst verða fáanlegir til þess; þeir gætu gjört það fyrir minna verð en aðrir, þar sem þeir ættu svo margar ferðir um sýsluna og þekktu svo marga sýslubúa, og hins vegar hefðu góð embættislaun. Viðvíkjandi ákvörðuninni í 5. gr., þá væri það eigi meiningin, að skylda ábúandann til að gjöra árlega vissar ákveðnar jarðabætur, heldur, að umboðsmenn semdu við ábúanda um að gjöra smá jarðabætur, þegar þeim sýndist þær við þurfa, og leiddu þeim fyrir sjónir nytsemi þeirra. Á móti þessu gæti ekkert verið, að þeir þannig fengju ábúanda með góðu, án þess landskuld lækkaði, til að gjöra ýmsar smá jarðabætur, svo sem að friða tún og hlaða garða. Hjer hefði í fyrndinni verið álitið nauðsynlegt að hafa góða garða fyrir túnum; menn hefðu enda friðað engjar og sæust enn þá víða leifar af fornum engjagörðum. Það gæti og ekkert verið móti því, að landsdrottinn borgaði leiguliða nokkuð af kostnaðinum, ef hann gjörði jarðabætur að mun, og setti síðan upp afgjaldið, svo að það samsvaraði vöxtum af þeim peningum, er hann hefði lagt út; en þetta væri þó kann ske nokkuð hæpið, og þekkti hann mörg dæmi til þess, að jarðabætur, er ábúendur hefðu gjört á jörðunum, hefðu orðið að engu, þegar þeir hefðu farið að eldast, og allt orðið engu betra en þegar þeir komu þar. Hann áliti rjettast, að launa eigi jarðabætur, fyr en leiguliði færi burtu af jörðinni eða dæi, og þá ekki aðrar en þær, er gjörðu það, að leigumálann sökum þeirra mætti hækka. Hvað 7. gr. snerti, kvaðst hann kunna vel við hana.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða. Var fyrst borin undir atkvæði uppástunga Jóns Jónssonar um að fresta umræðunni, og var hún felld með 7 atkvæðum gegn 3. Síðan var gengið til atkvæða um uppástungur nefndarinnar, og fjell atkvæðagreiðslan um þær þannig:

1. töluliður. Hjer varð að við hafa nafnakall, sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Bergur Thorberg,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason.

Magnús Stephensen var fjærverandi. Var töluliðurinu þannig felldur með 5 atkvæðum móti 5.

2. töluliður þar með fallinn.
3. — samþykktur með 8 atkvæðum.
4. — — — 10 —
5. — — — 9 —
6. — — — 9 —
7. — — — 9 —

Síðan var málinu vísað til síðari umræðu með 8 atkvæðum.

Síðari umræða í efri deild, á 30. fundi, 7. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu, sjá I 289.

Breytingartillögur I 262. 290—292, sbr. atkvæðaskrá I 279—280.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*) sagði, að það hefðu komið breytingaruppástungur við uppástungur nefndarinnar, en það skyldi hann nú eigi fara mörgum orðum um. Hann gæti fyrir sitt leyti aðhyllzt breytingaruppástungur 1. þingmanns Húnvetninga við 1., 3. og 4. tölulið. Þá gæti hann og fallizt á viðaukauppástungur 1. þingmanns Rangæinga; einungis vildi hann geta

þess, að þar sem hann talaði um eins árs bygging, þá væri það óþarfi; því það væri einmitt í uppástungu nefndarinnar. En hvað snerti breytingar 2. þingmanns Skagfirðinga, þá væri það skaði, að hann væri eigi viðstaddur til að halda upp úr á þeim höfðinu. Að vísu hefði nú þessi þingmaður barizt fyrir þjóðjarðasölunni, en nú færi hann feti lengra en hann hefði áður farið, því nú vildi hann selja allt, sem þjóðeign hjeti; nú mætti landssjóðurinn eigi eiga neitt. Hann vildi því spyrja hann, ef hann væri hjer viðstaddur, hvernig hann hugsaði sjer framför Íslands án banka? Ef hann nú fengi að ráða og seldi allar þjóðeignir, þá kippti hann því burtu, sem ætti að vera fóturinn undir stofnun þessari; það eina, sem því gæti leitt af breytingum þingmannsins, ef þær kæmust fram, væri því beinasta afturför fyrir landið. En þar sem hann vildi miða bygginguna við eins árs tíma, þá vildi hann taka það fram, að enginn vildi bjóða eins mikla leigu fyrir eins árs ábúð; það lægi því í augum uppi, að við slíka tilhögun rýrnuðu tekjur landssjóðsins; allir sæju því, hver afleiðingin yrði, og hann vildi vona, að enginn vildi gefa atkvæði sitt með slíku. Að lyktum vildi hann geta þess, að nefndin eigi hefði treyst sjer að mæla með uppástungu 1. þingmanns Rangæinga að því, er snerti Vestmannaeyjar; að svo stöddu máli ætlaði hann sjer ekki að fara fleirum orðum um breytingaratkvæðin.

Jón Jónsson kvaðst eigi hafa verið svo heppinn, að heyra ástæður þingmanns Barðstrendinga, en hann hefði heyrt ástæður hans í líkum málum, og gæti hann því ímyndað sjer, hvað hann helzt mundi hafa á móti breytingaruppástungu sinni. Hann vildi benda á, að það væri álitið heppilegt, að sem flestir ábúendur á jörðum landsins væru sjálfseignarbændur; ástæðurnar fyrir því væru augljósar, og hefðu verið teknar fram fyrir meira en 30 árum í riti, er margir þekktu. Reyndar mætti búast við, að menn, t. d. 4. konungkjörni þingmaður, mundu segja, að þjóðeignir hafi verið seldar, en reynslan sýnt, að eigi hafi orðið gagn að, en þeir, er slíkt segðu, hugsuðu eigi út í það, að eigi er nóg, að jarðir komist í hendur einstakra manna, heldur þyrfti og að sjá um, að tryggja rjett leiguliða gagnvart eigandanum. Eigendur jarða mættu ekki hugsa einungis um það, að koma afgjaldinu sem hæst; ef sú yrði afleiðingin af þjóðjarðasölunni, að jarðirnar kæmust í eign einstakra manna, er ekki hugsuðu um annað en að fá sem hæsta vexti af fje því, er þeir hefðu varið til að kaupa jarðirnar — þá væri reyndar lítið unnið. En ef ábúðarrjettur leiguliða yrði tryggður betur, en nú er, og mun hin háttvirta nefnd í landbúnaðarlagamálinu finna einhver ráð til þess, þá væri von, að afleiðingin af sölu þjóðjarða yrði, að óðalsbændur fjölguðu og það mundi leiða til mikils góðs. En hvernig ætti nú að koma út þjóðeignum? Reynslan frá fyrri öld, þegar þjóðjarðir, svo tugum skipti, voru seldar fyrir lítið sem ekkert verð einstökum ríkismönnum, sýndi, að það mætti eigi kappkosta að selja sem flestar jarðir á sem styttstum tíma, því það væri til að fleygja þeim út, heldur ætti að selja þær smám saman, svo einstakir menn fengju þær eigi allar. Með tilliti til takmörkunar á þjóðjarðasölu hefðu nú komið fram tvær skoðanir; sumir vildu að eins selja þjóðjarðir þær, er losnuðu úr ábúð, aðrir að eins þær, er hlutaðeigandi ábúandi sæktist eptir að fá keyptar. Hann væri á hinni fyr nefndu skoðun. Að eins að selja leiguliðum mundi verða til þess, að fæstar jarðir fengjust borgaðar nema að nokkru leyti, en þó leiguliði hefði búið vel á jörðunni, væri ekki æfinlega ástæða til að gefa honum hluta af jörðunni eða af andvirði hennar. Þar að auki mundi þetta

leiða til þess, að hinar beztu jarðir landsins yrðu seldar, og landið hjeldi eptir að eins þeim jörðum, sem mest væru niðurníddar. Hann væri þess vegna á því, að rjettast væri, að selja við ábúendaskipti. Hann hjeldi, að það mundi verka lítið á afgjöld viðkomandi jarða, þó þær um stuttan tíma yrðu að eins leigðar til 1 árs. Reynslan sýndi, að ábúendaskipti á þjóðjörðum væru eins opt við uppsögn leiguliða, sem við dauða ábúanda eða ekkju hans, og virtust menn almennt ekki kunna að meta lífstíðarábúðina. Hann kvaðst eigi þurfa að fara út í hinar einstöku greinir uppástungunnar; hann hefði lagað þær eptir frumvarpi því, sem fellt var í gær, og sem hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að innihjeldi haganlegar reglur.

Sighvatur Árnason sagðist vilja gefa upplýsingar um viðaukauppástungur sínar. Eptir að hann hefði búið til breytingaruppástungur sínar, hefði nefndin komið saman og tekið sama efni í sínar breytingaruppástungur og með samkomulagi við sig, hann vildi því taka aptur viðaukauppástungur sínar við 7. og 8. tölulið. Viðvíkjandi 3. og 4. tölulið þá aðhylltist hann þá af sömu ástæðum og búið væri að taka fram, en að því er snerti 5. tölulið, þá mætti segja, að uppástungumaður hefði gjört hreint fyrir sínum dyrum, en eigi opnað í hálfa gátt. En hvað sem þessu öllu liði, þá væri hann eigi meðmæltur svo eindreginni þjóðjarðasölu, að hann vildi ausa þjóðeignunum út; hann yrði því að lýsa yfir því, að hann væri móti 5. tölulið. Hann sagðist vilja taka það fram, að nefnd sú, sem skipuð hefði verið viðvíkjandi Vestmannaeyja jörðum, og sem hefði átt að gefa uppástungur um þær, hefði tekið það ljóst fram, eins og sjá mætti af skýrslum hennar, að landskuldargjaldið væri að álnatali hæfilegt, en að gjaldmátanum væri hún ofhá, þessi gjaldmáti hefði viðhaldizt frá ómunatíð, en harðfisksverðið hefði farið hækkandi ár frá ári; nefndin hefði því stungið upp á því, að gjaldmátanum yrði breytt strax í meðalverð allra meðalverða; og þætti sjer nú eiga við, að taka þetta til greina, og því fremur, sem þingið hefði verið frumkvöðull að þessari álitsgjörð, þá væri að sínu áliti siðferðisleg skylda þess, að taka uppástungurnar til greina. Viðvíkjandi jörðinni Miðhúsum, þá hefði nefndinni þótt hún svo hátt leigð, að fram úr öllu hófi keyrði; þeirri jörð fylgdu sömu nytjar og sömu rjettindi sem Kornhóls- og Gjábakkajörðum, en hefði þó einmitt minni tún; nefndin hefði því álitið rjett og sanngjarnt, að afgjaldið væri sett niður um 30 álnir, og yrði það þá eins og af hinum jörðunum. Svo hefði það komið upp við álitsgjörðina, sem er til sönnunar fyrir þessari óskiljanlegu landskuldarupphæð, að þessi jörð hefði haft áður fyr sjerstakar nytjar, sem hefðu gengið undan henni, en leigan hefði eigi verið færð niður um leið, þetta hefðu nefndarmenn sagt og fært rök að í álitsgjörð sinni. En að svo komnu máli kvaðst hann eigi vilja fara lengra út í þetta mál yfir höfuð.

Framsögumaður kvaðst eigi vilja taka það upp aptur, er hann hefði mælt í móti breytingaruppástungu þingmanns Skagfirðinga, þó að honum þætti sárt, að hafa eigi heyrt það, en hann vildi bæta þeirri athugasemd við, að breytingartillaga hans kæmi einhvern veginn út úr sauðarlegg, þar sem hún væri um sölu á þjóðjörðum; nefndinni hefði aldrei verið falið á hendur, að segja álit sitt um sölu heldur bygging þjóðjarða, og skilur þingmaðurinn eigi, að það er sitt hvort? Þar sem hann segði í byrjun uppástungunnar: «í hvert sinn . . . skal», þá þætti sjer fullkomin ástæða til að íhuga þessa ákvörðun betur; hann skildi eigi betur, en að eptir henni yrði að selja hverja jörð, er hún losnaði, fyrir hvaða verð, sem byðist, og svo yrði

líklega að gefa hana, ef enginn kaupandi fengist. Hann vildi láta fylgja söluuppástungum stjórnarinnar álit um það, hvort nokkur hluti söluverðsins ætti eigi að standa inni í jörðinni án uppsagnar; ætlast hann þá til, að jarðarkaupandinn megi aldrei borga jörðina? eða að landssjóður megi eigi segja upp láninu, þó að honum kynni að liggja á peningunum? Á sínum margnefndu ferðalögum þættist þingmaðurinn hafa sjeð, að þjóðjarðir væru ver setnar en aðrar jarðir; hann hefði í öðru máli tekið fram, að undantekningar ættu sjer stað í því efni, en þingmaðurinn hefði víst eigi trúað því; hann gæti nefnt honum eina þjóðjörð í Arnarstapaumboði, sem væri svo vel setin, að þingmaður Skagfirðinga aldrei gæti setið jörð betur, þó að hún væri hans eigin eign, nema hann gæti drottnað yfir höfuðskepnunum, ráðið við loptslagið, eða flutt landið nokkur mælistig suður á við; þó að hann kannske vildi eigi gjöra mikið úr þessum undantekningum sínum, þá sönnuðu þær þó eins mikið og þær, sem þingmaðurinn hefði tekið fram til sönnunar hinu gagnstæða. Þingmaðurinn hefði talað mikið um kúgun þá, er landsetar yrðu að þola af landsdrottnum sínum; að því sem sjer væri kunnugt, mundi það þó eigi vera svo almennt; hann vildi spyrja hann að einni spurningu: Ef þingmaðurinn ætti jörð, sem væri vel setin og bætt til stórmuna, hvort þættist hann eigi hafa rjett til að setja upp leigumálann á henni, er landsetaskipti yrðu? Ef hann neitaði þessu, af því að það væri kúgun, þá vildi hann aptur spyrja, hvort honum þætti eigi með því gengið allnærri eignarrjettinum eptir stjórnarskránni? Þá kæmi enn sú ákvörðun, að banna umboðsmanninum, að leigja jarðir til lengri tíma en árs; það vissu þó allir, sem nokkuð þekktu til, jafnvel þó að þeir hefðu eigi ferðazt eins mikið og þingmaður Skagfirðinga, að enginn maður með heilbrigðri skynsemi væri svo skyni skroppinn, að taka jörð til eins árs með jafnháum leigumála og til æfilangrar ábúðar; þetta yrði því beinlínis til að rýra tekjur landssjóðsins á þann hátt, að engum gæti orðið hagur að. Hann hefði tekið það fram í fyrri ræðu sinni, að hann teldi það eitt hið nauðsynlegasta til framfara, að banki væri stofnaður í landinu; og ef þingmaðurinn hugsaði um nokkrar framfarir aðrar en þær, sem hann byggði á þjóðjarðasölunni, mundi hann víst vera sjer samdóma um það, en af hvaða fje ætti að stofna hann, er allar þjóðjarðir væru seldar; því að óheppilegt sýndist sjer að taka fje til þess úr viðlagasjóðnum án allrar tryggingar, enda efaðist hann um, að það fengist. Að lyktum vildi hann benda á, hversu heppilegt það væri, að landshöfðinginn einn skyldi mega byggja jarðir til lengri tíma en árs; umboðsmaður yrði þá að vísa til landshöfðingjans öllum, er vildu komast að jörð um lengri tíma, og ætlaðist svo þingmaðurinn til, að landshöfðinginn ferðaðist um til að semja um byggingarskilmálana? hann vildi biðja þingmenn að líta á, hvernig þeim þætti það fara.

Jón Hjaltalín kvað það vera firn mikil, ef nokkur deildarmanna væri svo sljóskygn, að fallast á annað eins rugl, og þingmaður Skagfirðinga byði þeim. (Forseti hringir; þingheimur hlær). Það væri eins og þingmaðurinn hefði aldrei farið eitt fótmál um Ísland, að minnsta kosti eigi sjer til gagns. Að öðru leyti ætlaði hann sjer eigi að fara neitt út í málið, en þetta væri hann reiðubúinn til að taka upp svo opt sem vera skyldi.

Jón Jónsson kvað eigi gott að svara þessum palldómi hins 4. konungkjörna þingmanns með öðru en því, að hann hlyti eigi að hafa kynnt sjer viðkomandi uppástungu. Þingmanni Barðstrendinga væri betra að svara, að því leyti sem það væri auðheyrt, að hann hefði lesið uppástunguna, en sá galli væri á að fást við hann, að hann segðist vera skilningsdaufari, en maður gæti

ætlað um hann. Hvað síðustu bending hans snerti, þá hefði hann áður sýnt, að hann vissi, að amtmaður rjeði nú byggingu á þjóðjörðum, og ferðaðist þó eigi neitt í því skyni, og gæti landshöfðingja ekki verið erfiðara en amtmanni að velja hinn líklegasta ábúanda, ef að fleiri sæktu um sömu jörðina. Hvað bankann snerti, þá vissi hann banka hvergi stofnaða af þjóðjörðum eða viðlagasjóðum. Á Englandi væri almennt, að hlutafjelög stofnuðu banka; í Danmörku væri aðalbankinn stofnaður með veði í einstakra manna eignum, er þeim var gjört að skyldu að láta. Hvað það snerti, að eins árs bygging mundi rýra tekjur landssjóðsins, þá vildi hann biðja þingmanninn að bera saman leigumála á þjóðjörðum, er leigðar væru til æfilangrar ábúðar, og jörðum einstakra manna, er venjulega væru leigðar til eins árs, eða þangað til öðruvísi yrði um samið, og mundi hann þá komast að raun um, að afgjaldið af hinum síðartöldu væri optast hærra; þess vegna mundi þetta að engu tjóni verða, ef umboðsmenn vildu gæta skyldu sinnar. Af því að hann hefði nokkrum sinnum verið svo óheppinn að geta einu sinni eða tvisvar í öðrum málum um það litla ferðalag, er hann hefði haft, væri þingmaður Barðstrendinga allt af að brýna það fyrir deildarmönnum; þegar hann hefði nefnt ferðir sínar, hefði það eigi verið til að miklast af þeim, heldur til þess að sýna fram á, að reynsla hans að eins styddist á þeim. Þingmaður Barðstrendinga hefði ef til vill ferðazt meira, og þyrfti hann ekki að ganga eptir öðru en sinni eigin reynslu. Hann hefði aldrei sagt, að þjóðjarðir væru allar ver setnar en jarðir einstakra manna, en hinum 4. konungkjörna þingmanni hefði hann svarað, að þær væru margar illa setnar, en engin regla væri án undantekningar. Þingmaðurinn þættist eigi hafa skilið í því, að ákveða mætti neitt um, hvort nokkuð af söluverðinu skyldi standa inni í jörðinni, en ef hann hefði lesið 4. gr. frumvarpsins, er fellt var í gær, mundi hann hafa sjeð, að spurning gæti orðið um það. Þingmaður Rangvellinga hefði talað um útaustur á jörðum, það væri eigi á góðum rökum byggt; því að sjer hefði aldrei komið til hugar að ráða til slíkrar sölu, sem farið hefði fram um aldamótin, enda væri í uppástungu sinni eigi talað um neina skyldu til að selja, heldur að eins að bera það undir þingið, hvort því litist eigi að selja, og svo rjeði það í hvert sinn, hvað það gjörði í því efni. Eigi væri það heldur vandlega hugað hjá þingmanni Barðstrendinga, er hann segði, að salan í uppástungu sinni kæmi eins og fjandinn úr sauðarleggnum, því að undir 6. tölul. í sjálfu nefndarálitinu væri talað um sölu, enda stæði sala og bygging jarða í nánu sambandi; einnig hefði lögfræðingur í bók fyrir 30 árum haldið því fram, að efla sjálfseign í landinu, og sama hefði verið ritað um í blöðum á síðari árum, og þegar svo þar við bættist, að uppástungan kæmi fram degi eptir, að frumvarp um þetta sama efni hefði verið fellt, þá sæi hann eigi, hvernig þessi dómur þingmannsins gæti haft hið minnsta við að styðjast.

Benedikt Kristjánsson sagði, að sjer þætti árangurinn af öllum heilabrotum deildarinnar um þetta mál vera minni, en hann hefði búizt við, og sýndist sjer enn margt vanhugað. 1. gr. og 2. gr. væri hann samþykkur, en 3. gr. vildi hann fella af ástæðum þeim, er hann hefði tekið fram við fyrri umræðu; viðauki þingmanns Húnvetninga við hana þætti sjer hvorki gjöra til nje frá; hinar smærri jarðabætur kæmu að engum notum eptir sinni skoðun, en eyddu vinnutíma fyrir landsetanum; hinar stærri áliti hann að vísu gagnlegar; en sjer þætti eigi við eiga, að gjöra ákvarðanir um þær í þessari þingsályktun; þær kæmu í landbúnaðarlögunum, og færu ef til vildi í aðra átt en þessar. 4. gr. ætti eigi við, þar sem hann þekkti til, en þar sem hún ætti

við, væri hún góð og nauðsynleg; nefndin hefði sjálf fundið til þess, að viðauka þurfti að gjöra við 5. gr., því að til þess að finna, hvað væri sanngjarnt afgjald, væri hvorki nóg, að taka tillit til afgjaldsins að undanförnu, nje þess, hvort jörðin hefði síðan spillzt eða batnað, þess vegna hefði hún nú stungið upp á að leita álits hreppsnefnda og sýslunefnda; hreppsnefndirnar hlytu að vísu að vera kunnugar, en heldur kynni að mega gruna þær um hlutdrægni, svo að þær vildu helzt, að jarðir í sinni sveit yrðu sem lægst leigðar; aptur hefðu sýslunefndir enga hvöt til hlutdrægni, en þá væru þær aptur á móti eigi kunnugar jörðunum; að sinni ætlun væri umboðsmaður færastur um að setja leigumála á jarðirnar, og þó að menn ætluðu, að hann mundi leiðast til þess af eigingirni, að setja afgjaldið ofhátt, þar eð laun hans eru viss hluti þess, þá óttaðist hann það eigi; hann vildi annars helzt, að tekið væri tillit til þeirra skýrslna, er samdar hefðu verið í fyrra sumar, og síðan gengið gegnum þrefaldan hreinsunareld; það sparaði það ómak, að leita til sýslunefndanna, sem hlyti að valda drætti, og í annan stað ætlaði hann, að þetta efni lægi alls eigi fyrir innan verkahring sveitastjórnarnefndanna. Í uppástungum nefndarinnar væri hvergi minnzt á þessar skýrslur, og þó að nefndin vildi berja því við, að uppástungur um þetta efni vanti sumstaðar í skýrslurnar, þá væri umboðsstjórninni innan handar að heimta þær. Hann vildi því leggja það til, að málinu væri frestað, svo að koma mætti enn með breytingaruppástungur um þetta efni.

Framsögumaður sagði, að 1. þingmaður Þingeyinga hefði viljað fresta málinu, en eigi tekið fram, hve lengi, en það gæti ef til vill orðið nokkuð lengi, ef hann ætlaði að koma með breytingar, en hefði eigi þótzt hafa haft tíma til þess enn sem komið væri; það sem sami þingmaður hefði fundið að hjá nefndinni, hefði verið lítt á rökum byggt. Hann hefði þannig fundið að því við 3. gr., að leigulíða væri gjört að skyldu að gjöra smærri jarðabætur, en þingmaðurinn kynni þó víst hinn alkunna málshátt, að lítið er betra en ekki neitt. Hann kvaðst fyrir sitt leyti skilja það vel, að hann vildi þær eigi stórar, en hann mundi komast að raun um það, að fáir mundu honum samdóma. Sami þingmaður hefði og látið það álit í ljósi, að eigi mætti skjóta til hreppsnefnda, því þær væru að öllum líkindum hlutdrægar; en það kvaðst hann fyrir sitt leyti eigi geta óttazt, það mundi varla þurfa að gjöra ráð fyrir, að 5—7 menn væru svo jafnhlutdrægir. Nefndin hefði að vísu álitið, að betra væri, að sýslunefndin gæfi skýrslu, en það væri ekki sjeð, að hún gæti það í tæka tíð. Þá hefði hann og fundið að því, að nefndin eigi vildi binda leigumála jarðanna við þær uppástungur, sem nú lægju fyrir, en hann myndi víst eigi eptir því, að það hefði verið tekið fram í deildinni, að sú uppástunga, sem gildir 1879, hún gildir ef til vill ekki 1889; jarðirnar breytast bæði til hins betra og verra. Ef hann hugleiddi þetta, þá mundi hann víst eigi kasta þungum steini á nefndina. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði skotizt burtu, og það væri því eigi vert að svara honum, en þó vildi hann leiðrjetta það, sem hann hefði sagt, að einstakir menn byggðu ætíð upp á 1 ár, það væri ekki rjett; fyrir vestan byggðu flestir eða allir jarðeigendur upp á fleiri ár, og sumir upp á lífstíð. Hann hefði að vísu tekið fram ýms smá atriði í ræðu þingmannsins, ef hann væri viðstaddur, en hann ætlaði að sleppa því, enda væru þau naumast svaraverð.

Bergur Thorberg kvaðst vilja styðja uppástungu þingmanns Þingeyinga, að málinu væri frestað; það hefði að vísu verið tækifæri til að íhuga það, en gott mundi þó vera að íhuga það betur, einkum viðaukauppástungu nefndarinnar; hann væri honum og

samdóma um það, að rjettara væri, að þingið styngi upp á, að höfð væri hliðsjón af skýrslum þeim, sem útvegaðar voru í fyrra, en af leigumála að undanförnu, og þætti honum undarlegt, að nefndin eigi hefði tekið neitt tillit til þessara skýrslna, þar sem menn þó mundu komast nær því sanna, ef tillit væri haft til þessara uppástungna; reyndar mætti koma fram með breytingu viðvíkjandi þessu, áður lokið væri við málið. En það væri eitt, sem hann vildi taka fram; uppástungan gengi út á að breyta leigumálanum frá því, sem nú er; en hins vegar væri lagaákvörðun, er bannaði að byggja þjóðjarðir hærra en að undanförnu, og þessi lög væru eigi úr gildi numin, og yrði því líklega að taka þetta atriði skýrar fram, úr því bindandi regla væri eigi að hækka álnatal landskuldarinnar. Að málinu væri frestað, mundi varla hafa neina hættu í för með sjer, og væri hann því helzt á því.

Jón Pjetursson sagði, að 2 þingmenn hefðu viljað fresta málinu enn þá, en hann sagðist eigi sjá, til hvers það væri; menn hefðu þó haft nægan tíma til að koma fram með breytingar sínar; 2 þingmenn hefðu og tekið fram, að nefndin hefði eigi haft tillit til skýrslna þeirra, er framkomnar væru um leigumála jarðanna, en hann kvaðst eigi geta sjeð, hvað hinir heiðruðu þingmenn eiginlega meintu með þessu; það gæti þó eigi verið meining þeirra, að nefndin hefði átt að ákveða, hvað sanngjarn leigumáli væri á hverri jörðu, því það sæju allir, að það hefði verið ókljúfandi verk fyrir nefndina, eins og það mundi hafa orðið ókljúfandi verk fyrir þingmennina sjálfa. Það væru komnar skýrslur frá umboðsmönnunum, hreppsnefndunum, sýslunefndunum og amtsráðunum, er menn gætu sjeð af, hver leigumálinn væri nú á hverri jörðu, og hvernig þeim þætti að sanngjarnlega mætti breyta honum; amtsráðin hefðu ýmist haldið sjer til álits umboðsmanna eða sýslunefnda, og að eins á svo sem 3 eða 4 jörðum sýnt, að leigumálinn ætti að vera annar. Nefndin hefði nú í fyrra álitsskjali sínu sagt, að bezt mundi vera í þessu að fylgja tillögum amtsráðanna, og þetta þyrfti hún eigi nú að taka upp aptur. Að ákveða fastan leigumála á hverri jörðu, er eigi mætti breyta, væri ósanngjarnt, því sumar jarðir kynnu að batna og sumar að versna, og eptir því yrði að mega þoka leigumálanum upp eða niður. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu, kvaðst hann eigi geta fallizt á 1. tölul., þar sem þingmaður Húnvetninga vildi setja þúfnasljettun í stað túngarða, því bezt væri þó fyrir jarðirnar, að þær væru friðaðar; þúfnasljettun væri að vísu mikið góð, en garðarnir væru þó skilyrði fyrir öllum jarðabótum, og ábúendum væri eigi nein þung byrði, þó þeir hlæðu lítinn túngarðsspotta á ári. Hann væri samdóma 2. tölul. og 3. tölul.; hvað 5. tölulið snerti, þá gæti hann eigi sjeð annað, en að hann í rauninni væri góður, þar sem bezt væri, að sem flestar jarðir væru einstakra manna eign, þó hann á hinn bóginn yrði að álíta, að kringumstæðurnar væru svo nú, að menn yrðu að vera mjög varkárir í að selja þjóðjarðir; en til þess að hver maður gæti búið á sinni jörðu, þá þyrftu lögin að hlynna að því meira enn þau nú gjöra, en á móti töluliðnum væri það, eins og þingmaður Barðstrendinga hefði tekið fram, að uppástungan gengi út á, hvernig byggja skyldi jarðir landssjóðsins, en þetta væri um sölu landssjóðsjarðanna, og ætti því eigi hjer við. Það væri satt, að bannað hefði verið að byggja þjóðjarðir fram yfir hinn forna leigumála, en þessi lög væru frá þeim tímum, er landsstjórnin hefði eigi haft eins mikil afskipti af byggingu þjóðjarðanna eins og nú; þau hefðu verið gjörð vegna klausturhaldaranna, er hefðu haft klausturjarðirnar að ljeni, móti árlegu gjaldi til konungs, til að varna því, að þeir gætu verið einvaldir

um bygging jarðanna og kúgað landsetana; en á síðari tímum hefði þetta breytzt; umboðsmennirnir hefðu nú eigi jarðirnar að ljeni, heldur ættu að standa skil á afgjaldi þeirra. Amtmennirnir hefðu fengið hin æðri umráðin og umsjón yfir jörðunum, og þeir hefðu eigi álitið sig neitt bundna við lagaboðið, er að eins snerti umboðsmennina, meðan þeir einir höfðu öll ráðin yfir umboðunum. Og loksins væri nú orðinn annar eigandi þjóðjarðanna, sem sje landssjóðurinn, en verið hefði, er lagaboðið út kom, því þá var það ríkissjóðurinn; umboðsstjórnin yrði því nú að vera fullbær til að byggja þjóðjarðirnar á þann hátt, er hún áliti bezt fyrir landssjóðinn; áminnzt lög, er bannað hefðu klausturhöldurum að byggja klausturjarðirnar hærra, en forn venja hefði verið, væru því þannig fallin burt af sjálfu sjer, og þyrfti eigi að upphefja þau með nýjum lögum. Hvað 7. lið snerti, þá hefði uppástungumaður tekið hann aptur og þar með þá líka 8. lið.

Jón Hjaltalín kvaðst eigi ætla að fara út í einstakar greinir, nje heldur ætla að eyða tíma til að tala fram og aptur; hann hjelt eigi, að þessar sýslunefndir þekktu mikið til ástands jarðanna, nei, þær þekktu ekkert til þess, og væri því eigi hægt að fara eptir dómi þeirra; menn yrðu að bíða þess, að jarðyrkjumenn kæmu og skoðuðu þær, og þá fyrst fengist áreiðanleg lýsing. Hann vildi því helzt, að málinu yrði frestað. Menn hefðu talað um túngarða og þúfnasljettun; allir sæju, hve nauðsynlegt slíkt væri, en túngarðarnir yrðu þá að vera eitthvað annað en tómur jarðarusli; vildi hann sem sýnishorn upp á, hvernig túngarðar ættu að vera hlaðnir, benda á grjótgarð hjá húsi hjerna á Austurvelli. Sama væri um framskurð; hann væri víða eigi annað en ónýtt kák; að fara eingöngu, er um bygging jarða væri að ræða, eptir gömlum munnmælum, væri rugl og þvaður, og eigi til neins að reiða sig á slíkt, og bezt að hætta sem fyrst við það. Menn ættu að bíða eptir góðum jarðfræðingum, sem hefðu sjeð önnur lönd, og láta þá gefa skýrslur, og betra væri að styrkja þá, en eyða hjer tímanum með mislukkuðum lagasetningum.

Framsögumaður kvaðst vanalega vera á sömu skoðun og hinn 4. konungkjörni þingmaður, og gæti hann að vísu nú einnig fallizt á margt í ræðu hans; en sjer þætti hann hafa gjört of mikið úr túngörðunum. Þó að annar eins garðspotti væri hlaðinn, eins og sá, er þingmaðurinn hefði um talað, þá mundi marga slíka þurfa til að girða um heilt tún, og mundi þess langt að bíða, að allar þjóðjarðir yrðu byggðar, ef slík garðhleðsla væri gjörð leiguliðum að skyldu sem s m æ r r i jarðabætur, og einnig mundi verða farið að saxast á kalkið í Esjunni, er öllum þeim görðum væri lokið. Hjer lægi eigi fyrir frumvarp til laga, heldur að eins uppástunga til þingsályktunar. Sjer sýndist mjög óheppilegt að bíða eptir að byggja jarðirnar, þangað til búfræðingur væri kominn í hverri sveit til að gefa álit sitt um hæfilegan leigumála og hentugar jarðabætur á hverri jörð, sem losnaði. Hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði helzt fundið það að nefndinni, að hún hefði gjört of lítið úr skýrslum þeim, er lægju fyrir í máli þessu; hann gjörði eigi lítið úr skýrslum, en þessar skýrslur væru svo umfangsmiklar, að erfitt mundi vera að draga út af þeim ályktanir, svo vel fari um leigumála á hverri einstakri jörð. Enn fremur vildi hann geta þess, að skýrslur þessar lægju jafnan fyrir, og mætti því hafa þær til leiðbeiningar í hvert skipti, er jörð væri leigð. Hinn sami þingmaður hefði einnig tekið það fram, að eldri ákvarðanir um leigumála á þjóðjörðum mundi enn eigi úr gildi numinn. Að vísu væri þingmaðurinn kunnugri um það heldur en hann, en þó vissi hann eigi betur, en frá þeim hafi verið brugðið við bygging nokkurra jarða í

Arnarstapaumboði; en hann kvaðst eigi vera sá lögfræðingur, að hann vissi með vissu, hvort þingsályktun gæti upphafið gömul lög; hann kvaðst efast um það, og hjeldi, að til þess að upphefja þau lög, sem hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði nefnt, mundi þurfa að koma með nýtt frumvarp.

Varaforseti sagði, að það hefði eigi verið sín meining, að þingsályktun gæti fellt úr gildi gömul lög, því til þess þyrfti lagaboð, en sín skoðun hefði verið, að lögin frá 5. maí 1705 um leigumála á þjóðjörðum mætti skoða sem úrelt, ef þessi ályktun væri samþykkt sem regla fyrir þjóðjarðabyggingu. Landshöfðinginn hefði óskað þess, að deildin vildi íhuga reglu þá, er fylgt hefði verið í þessu efni, og láta skoðanir sínar í ljósi um hana. Hann bað hinn 3. konungkjörna þingmann, að skýra frá því, hvar skírskotað væri í nefndarálitinu til skýrslnanna. Það hefðu aldrei verið sínar tillögur, að þær skyldu vera gildandi lög um aldur og æfi, heldur væri með þeim skorað á stjórnina, að byggja þjóðjarðirnar með þeim leigumála, er rjettari og sanngjarnari væri en hinn gamli leigumáli. Hann óskaði, að umræðu þessari væri frestað, til þess mönnum gæfist kostur á að koma með breytingaruppástungu, er miðaði að því að ákveða nákvæmar reglur fyrir byggingu þjóðjarða.

Benedikt Kristjánsson óskaði þess, að nefndin fyndi ástæðu til að breyta hinu síðasta atriði í nefndarálitinu og taka til greina skýrslur þessar, og að hún tæki það fram í ályktun sinni, að eigi bæri að fara eptir reglugjörð þessari, sem nefnd var, er að eins væri stýluð upp á hina svo nefndu «Forpagtara», og sem ástæða væri til að álíta óviðkomandi umboðsstjórn þeirri, sem nú væri. Skýrslur þær, er hann nefndi fyr, yrðu menn nú að álíta hina áreiðanlegustu reglu til að fara eptir.

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða um uppástungu þessa til þingsályktunar eptir atkvæðaskránni (I 279—280), og fjellu þau þannig:

1. tölul. Breytingaratkvæði Ásgeirs Einarssonar fellt með 8 atkvæðum móti 1.
2. tölul. Breytingaratkvæði Jóns Jónssonar fellt með 5 atkvæðum móti 5.
3. tölul. Breytingaratkvæði Ásgeirs Einarssonar fellt með 5 atkvæðum móti 5.
4. Breytingaratkvæði sama fellt með 5 atkvæðum móti 3.
5. tölul. Breytingaratkvæði Jóns Jónssonar fellt með 9 atkvæðum móti 1.
6. tölul. Viðaukauppástunga nefndarinnar samþykkt með 6 atkvæðum.
7. og 8. tölul. Breytingaratkvæði Sighvats Árnasonar tekið aptur af uppástungumanni.
9. tölul. Þessum tölul. var skipt í tvennt:
   a. «Landskuldir — þeim», fellt með 6 atkvæðum móti 1.
   b. «Landskuldin — Gjábakkajörðum», hjer var við haft nafnakall, og sögðu

   Já:
   Sighvatur Árnason.

   Nei:
   Bergur Thorberg,
   Eiríkur Kúld,
   Magnús Stephensen,
   Árni Thorsteinson,
   Benedikt Kristjánsson,
   Jón Jónsson,
   Jón Pjetursson,
   Stefán Eiríksson.

   Ásgeir Einarsson var genginn af fundi sakir lasleika, Jón Hjaltalín greiddi eigi atkvæði, og var stafliðurinn því felldur með 9 atkvæðum gegn 1.
10. tölul. Uppástungan í heild sinni samþykkt með 6 atkvæðum móti 3, og kvað forseti málið mundu verða sent til neðri deildar.

Á 35. fundi neðri deildarinnar, 9. ágúst,

var samkvæmt uppástungu forseta ákveðið að hafa 3 umræður um þingsályktunaruppástungu um bygging og ábúð þjóðjarða.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 36. fundi, 11. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í efri deildinni, sjá I 300—301.

Páll Pálsson prestur: Jeg óska, að nefnd verði sett i mál þetta, því að það er sannarlegt vandamál.

Guðmundur Ólafsson vildi líka hafa nefnd, af þeirri ástæðu, að eptir því sem landsstjórnin leigir jarðir þjóðarinnar, munu fleiri fara, því hjer á það við, hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sjer leyfist það.

Forseti: Jeg skal benda þingmönnum á það, að mál þetta hefur verið ýtarlega rætt í efri deild, og með því að tíminn er ekki meiri, þá álít jeg ekki ráðlegt að setja nefnd í þetta mál, en að öðru leyti geta menn komið með breytingaratkvæði, og jeg skal fresta 3. umræðu nokkra daga, svo að menn hafi tíma til að íhuga málið.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 12 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 43. fundi, 15. ágúst.

Breytingartillaga I 354—355.

Þorsteinn Jónsson: Jeg hef komið með viðaukauppástungu við mál þetta, og veit jeg ekki, nema hún kynni, ef til vill, að heyra betur undir 2. grein uppástungunnar, heldur en 4. grein hennar. Mjer stendur reyndar á sama, hvar hún er látin, ef hún að eins kemst að. Jeg geng að því vakandi, að deildinni muni kunnugt, af hverju viðaukauppástunga þessi er sprottin; það sem hún fer fram á, er eigi nema helmingur þess, er vjer Vestmannaeyingar höfum áður óskað eptir og óskum enn eptir. En þar sem uppástunga mín eigi fer í sömu átt, eða er eigi í sömu mynd, sem frumvarp það, er jeg hef áður komið með inn á þing, þá kemur það til af því, að önnur uppástunga, er var í samhljóðun við það, sem við höfum beðið um, var felld í efri deild þingsins, og sá jeg nú því eigi til neins, að koma með svo lagaða uppástungu, og það því fremur, sem umræðurnar í efri deildinni gáfu mjer tilefni til að koma með breytingaruppástungu svo lagaða, sem sú er, er jeg nú hef komið með. Þó að deildinni sje mál þetta kunnugt, þá ætla jeg þó að leyfa mjer að skýra það lítið eitt fyrir deildinni. Það er sagt um oss Vestmannaeyinga, að vjer sjeum þungur ómagi á landssjóðnum; en það get jeg með engu móti viðurkennt, og skal jeg sýna fram á það. Jeg hef tekið mjer fyrir eitt ár, og reiknað út gjöld þau, er Vestmannaeyingar lúka í landssjóð. Árið 1878 voru gjöldin af Vestmannaeyjum eptir 2. gr. fjárlaganna 3900 kr., eða 7 krónur á nef hvert, því að íbúatalan á eyjunum er 570 menn; en þegar að því er gætt, hve miklu hin sömu gjöld á öllu Íslandi nema hið sama ár, þá sjest, að $2^1/_2$ króna kemur niður á mann hvern. Hjer við bætast umboðsgjöldin eða eptirgjaldið eptir jarðirnar á eyjunum, sem voru hið sama ár 3200 kr. eða 5 kr. á nef hvert. Þegar nú hjer við bætast öll sveitargjöld, og gætt er að því, að á eyjunum eru 50 sveitarómagar og 20 þurfamenn, sem ekkert geta goldið, þá sjest, að gjald það, er á oss hvílir, er æði-þungt. Jeg hef gjört yfirlit yfir mismuninn á hinu ýmsa verðlagi árið 1877. Eptir harðfisksverði var alinin 79 a., eptir meðalverði á fiski 68 a., og eptir meðalverði allra meðalverða 59 a. Nefndin, sem sett var í þjóðjarðamálinu á þinginu 1877, mælti sterklega með því, að slakað væri til í gjaldmátanum við Vestmannaeyinga, en þetta nefndarálit hefur nú reyndar aldrei komið fyrir almenningssjónir. Af því að jeg vona, að deildin gefi þessari breytingartillögu góðan róm, þá

tek jeg hana eigi aptur, því að jeg þykist þess viss, að ef neðri deildin samþykkir hana, þá muni efri deildin einnig gjöra það.

Páll Pálsson prestur: Jeg vildi benda deildinni á, að mjer finnst ósamkvæmni í uppástungunni í 1. gr. 1. tölul., þar sem þessar jarðir, Kirkjubæjarklausturs- og Flögujarðir og Þykkvabæjarklaustursjarðir eru taldar í einu umboði; eptir því verður Hörgslandseignin sjerstök; mjer finnst þessi eign ætti að takast inn í umboðsjarðatöluna sem föst þjóðeign; vil jeg því til 3. umræðu, reyna til að koma mjer saman við nokkra þingmenn, til að gjöra viðaukatillögu við þennan lið, því að mjer virðist eigi ástæða til að hafa þessa þjóðeign undir sjerstakri umboðsstjórn. Þar sem segir í 2. gr. fyrsta málslið: «Gjald í ákveðnum landaurum á sjer því að eins stað, að til þess liggi brýnar og sjerstakar ástæður«. Þessa ákvörðun get jeg ekki fallizt á. Hver á að meta þessar ástæður? og hverri aðferð á að fylgja í því efni? Þá ákvörðun vantar algjörlega í greinina, og þess vegna get jeg ekki þýðzt hana. Við 3. gr. þykir mjer ýmislegt athugavert, það er snertir jarðabæturnar; geymi jeg mje að bera fram ástæður fyrir því til 3. umræðu, því að þá vona jeg að breytingaratkvæði komi í einhverja þá átt. Jeg vildi reyndar eigi í þetta sinn hafa á móti breytingaratkvæði þingmanns Vestmannaeyinga, en undarlegt þykir mjer, að hann skuli afbiðja það annað árið, sem hann sárbiður um hitt. En sinn háttur er á hjeraði hverju, svo að þetta getur verið með ástæðum gjört, þó þær sjeu eigi ljósar enn. Hið eina, sem jeg fann athugavert við reikning hans, þegar hann var að sanna, að Vestmannaeyjar væru eigi ómagi, var það, að hann nefndi eigi, þegar hann taldi útgjöldin, hvað mikið af þeim rynni aptur inn til eyjarskeggja sjálfra; hann taldi útgjöldin að mig minnir 3900 kr., en af því fje ganga til sýslumannsins hjer um bil 2000 kr., til læknisins 1900 kr., til prestsins 1453 kr., og hvað er þá eptir? ÷ 1445 kr. í skuld, og það er þó ekki afarmikill hagnaður fyrir landið, svo að þingmaðurinn þarf ekki af þeim ástæðum að vera óánægður með útgjöldin, eins og hjer er ráð fyrir gjört.

Varforseti: Af því að þingmaður Vestmannaeyinga skírskotaði til mín, sem eins þess, er væri í amtsráðinu, þá er það að segja, að amtsráðið hefur lagt það til, að landskuldargjald Vestmannaeyja væri miðað við meðalverð allra meðalverða, en eigi eptir fiskverði, því síður sem þingmaðurinn hefur sjálfur barizt fyrir því, að það verðlag væri af numið. Hann var, að mig minnir, sjálfur í nefndinni, sem segja átti álit sitt um þjóðjarðir á Vestmannaeyjum, og þó að jeg skilji, að hann nú vill koma þessari breytingartillögu að, af því að uppástungan fjell í efri deildinni, þá held jeg, að hann sjái sjálfur, að sama þingið, sem fylgdi honum í þessu máli í hitt eð fyrra, getur nú eigi fylgt honum, er hann hefur breytt skoðun sinni. Skoðun allra er, að nálgast það, að reikna eptir meðalverði allra meðalverða. Jeg skal ekkert rannsaka reikning þingmannsins, en hitt er víst, að þó þingmanninum þyki Vestmannaeyingar verða hart út undan, þá getur hann þó eigi neitað því, að það er hlynnt að þeim í mörgu. Að öðru leyti vil jeg leggja það til við deildina, að þótt margt sje í þessari uppástungu, sem má betur fara, þá taki þeir henni vel, því að í henni er þó að mörgu leyti mikil rjettarbót. Jeg játa, að hún er sumstaðar nokkuð óákveðin, en vilji stjórnin fylgja henni, þá er hún í mörgu til góðs.

Þorsteinn Jónsson: Það er ekki meiningin, að jeg hafi breytt skoðun; jeg sagði að eins, að þetta væri eigi nema hálfverk; það gleður mig, að varaforseti er orðinn mjer samdóma um sanngirnina, og jeg veit, að allir, sem skoða málið nákvæmlega, muni komast á þessa skoðun. Það er það snertir,

sem 1. þingmaður Skaptfellinga sagði, sem sje, að jeg hefði reiknað rangt, þá verður hann sjálfur að reikna betur. Þess er að gæta, að allar tekjurnar voru 7150 kr. en útgjöldin 5200 kr.; við næstu embættismannaskipti verða útgjöldin eigi nema 4000 kr., því þó laun sýslumannsins hækki, þá lækka laun læknisins, og prestgjöldin falla burt að nokkru leyti við næstu prestaskipti. En svo að jeg snúi mjer aptur að varaforseta, þá virði jeg tillögur hans svo mikils í þessu máli, að mjer blandast stórlega hugur, hvort jeg á ekki að taka breytingartillögu mína aptur, og koma til 3. umræðu með uppástunguna, eins og hún var borin upp í efri deildinni. Jeg hef því eigi önnur ráð en fela þetta mál sanngirni deildarinnar í þeirri von, að hún gjöri það í því, sem bezt hagar.

Páll Pálsson bóndi: Jeg hef eigi haft tíma til að athuga þingsályktun þessa vandlega, en þó sje jeg það þegar, að ýmislegt er í henni, sem mjer getur eigi líkað, einkum í 3. gr. Mjer þykir það eigi góð ákvörðun í 3. gr., að þegar jarðir eru seldar til leigu, þá skuli semja um, hverjar jarðabætur skuli gjöra, og leiguliði gjöra þær án þess afgjaldið sje sett niður; í hið minnsta ættu þær þá að vera til teknar, og annaðhvort miðaðar við hundraðatal jarða eða afgjald þeirra; því sje það óákveðið, má búast við, að sín reglan verði á hverjum stað, allt eptir því, hvað umboðsmennirnir verða eptirgangssamir eða duglegir, en mjer virðist, að sama regla ætti að gilda um allar landssjóðsjarðir. Mjer þykir það því eigi rjett, að láta þessar skyldu-jarðabætur vera á valdi hverrar umboðsstjórnar fyrir sig; hún getur þá sett þær svo hátt og lágt, sem hún vill. Þar sem talað er um hinar minni jarðabætur, þá get jeg ekki talið túngarðahleðslu með lítilfjörlegum jarðabótum, því víða er mjög örðugt að fá hagkvæmt efni í þá, en bera lítinn arð, fyr en garðurinn er kominn kring um allt eða mikinn part túnsins; túnasljetta ber þar á móti miklu fljótari arð. Jeg skal taka til dæmis tún, sem er 400 faðmar ummáls, og leiguliða er gjört að skyldu að hlaða 15 faðma á ári, þá vil jeg segja, að fyrsti spottinn er hruninn, þegar hinn síðasti er hlaðinn. Túngarða ætti að telja með hinum meiri jarðabótum, en sljettur með hinum minni. Þessu vil jeg því breyta, því að jeg álít það ekki hagkvæmt, eins og það er í þingsályktuninni, en að öðru leyti get jeg fellt mig við uppástunguna.

Friðrik Stefánsson: Þingsályktun þessari get jeg ekki gefið atkvæði mitt, eins og hún liggur fyrir; í henni eru tvær greinar, sem jeg get alls eigi fallizt á; í 2. gr. er sagt, að landskuldir skuli greiddar í peningum; jeg skil það ekki, hvers vegna á að gjöra leiguliðum á þjóðjörðum að skyldu, að gjalda eingöngu í peningum landskuld eptir þjóðjarðirnar, fremur en af öðrum gjaldstofnum landssjóðsins. Þar sem segir í 3. gr.: »Rjett væri og að gefa ábúendum kost á því, að vinna að stærri jarðabótum með því að borga þeim strax nokkurn hluta kostnaðarins mót árlegri hækkun á landskuld, sem svari 4%, eða veita þeim lán til þess, gegn nægilegri tryggingu og með áskilinni borgun». Þetta þyki mjer líka óákveðið, og fremur skrítin ákvörðun; á landsstjórnin að hafa svona ótakmarkað fje undir höndum, eða á hún að hafa fje þetta eingöngu handa þeim, sem búa á þjóðjörðum, en engum hinna, sem búa á öðrum jörðum landsins? Sje svo, þá er það meira en jeg fái skilið. Með þessum tveimur greinum get jeg ekki greitt atkvæði, og mun reyna til að fá þeim breytt við 3. umræðu.

Páll Pálsson prestur: Jeg vil benda þingmanni Vestmannaeyinga á fyrstu málsgrein í 2. gr., því að auðsætt er, að eptir henni verður þess eigi langt að bíða, að Vestmannaeyjar komist undir þann flokk, að teljast í meðalverð allra meðalverða. Jeg leyfi mjer að benda honum á þetta, til þess

hann því fremur taki breytingartillögu sína aptur. Það er til reikningsins kemur, þá var sá munurinn okkar á milli, að jeg talaði um þann tímann, sem yfir stendur, en hann var alltaf að spá, og þar játa jeg, að jeg gat ekki fylgt honum; þegar jeg fór að gæta að því, að hve miklu leyti rjettarbót er í þessari uppástungu, þá játa jeg, að í henni er þó talsverð rjettarbót, og tel jeg einkum til þess, að hinar gömlu kvaðir eru afnumdar. En aptur á móti finnst mjer það minni en engin rjettarbót fyrir landsetana, að afnema gjald eptir gömlu lagi, og mun jeg reyna að bera fram breytingaratkvæði því viðvíkjandi.

Guðmundur Einarsson: Jeg er sömu meiningar sem 1. þingmaður Skaptfellinga, að verði þessi uppástunga samþykkt, þá sje Vestmannaeyjum borgið. Það er kemur til þess, er 2. þingmaður Húnvetninga sagði um 3. gr., þá hefur hann nokkuð til síns máls. Gagn það, sem túngarðaspottar gjöra, er að miklu leyti komið undir því, hvernig túnið liggur; verði girt fyrir með þeim þar, sem mestur er ágangur, eða þar sem ekki sjest til frá bæ, eða þar sem vindsvalast er, þá verður að þessum spottum mikið lið. En hvað um það, þá má fullyrða, að allar grasræktarbætur sjeu meiri og minni gróði fyrir leiguliðann, ef hann býr fimm árum lengur við þær á jörðunni; einungis ef hann fer burt frá jörðunni áður, þá hefur hann ekki verulegt gagn af þeim, og svo er eptir þessari uppástungu sá mikli hagur fyrir leiguliða, að eiga kost á að fá lán til jarðabóta, þannig, eins og stungið er upp á, að bæta við landskuldina 4% vöxtum af lánsfjenu, því að það verður leiguliðum hreinn hagur, og landssjóðurinn verður á þann hátt hinn bezti landsdrottinn, því að af hverjum þeim 100 kr., sem varið er eptir rjettum reglum til túnasljettu, fæst eptir 5 ár 50% í hverju meðalári, eða jafnvel meira, og þá færa vatnsveitingar hyggilega gerðar en þá meiri arð. Jeg álít því uppástungu þessa mikla rjettarbót, og í henni stigið stórt stig til framfara í landbúnaði vorum.

Varaforseti: Jeg ætla að víkja fáeinum orðum til þeirra 1. þingmanns Skagfirðinga og 2. þingmanns Húnvetninga. Þingmanni Skagfirðinga líkaði ekki 2. tölul., að landskuld greiddist í peningum; en nú stendur í sömu grein: »Gjald í ákveðnum landaurum á sjer því að eins stað, að til þess liggi brýnar og sjerstakar ástæður«. Ef að því leiguliði getur eigi goldið í peningum, þá má hann greiða í landaurum. Þegar því svo stendur á, má umboðsvaldið slaka til, þegar til þess liggja brýnar og sjerstakar ástæður, og reglan því eigi undantekningarlaus. Jeg hygg mjer skjátlist eigi í því, að báðir þessir þingmenn sjeu eða hafi verið hreppsstjórar, um annan veit jeg, að hann er það. Þingmaður Húnvetninga taldi það ósanngjarnt, að gjöra leiguliðum að skyldu að hlaða túngarð, en eptir tilskipun frá 1776 er leiguliðum landssjóðsins gjört að skyldu að hlaða túngarða, og hreppstjórar eiga að sjá um, að þeirri lagaskyldu sje fullnægt; þess vegna furðaði mig á því um þingmann Húnvetninga, að hann skyldi koma með þessa mótbáru, hann, sem í hreppstjórn sinni hefur þó orðið að gegna þessari skyldu og sjálfsagt fylgt henni fram. Reyndar er þessari tilskipun, sem fleirum gömlum og góðum lögum frá þeim tímum, lítið sinnt, en hægt er að vekja hana aptur til lífs, og það má þingmaðurinn vita, að þó uppástunga þessi nái ekki fram að ganga, þá stendur þó tilskipunin. Jeg tek það enn fram, að jeg get ekki betur sjeð, en þessi tillaga efri deildarinnar sje rjettarbót eins og hún er, en auðvitað er, að að henni má finna, en fyr er bati en albati; jeg vil því benda deildinni á það, að ef uppástungu þessari verður nú allri breytt hjer við 3. umræðu, og hún síðan send aptur efri deild, þá megum vjer vera vissir um, að hún sef-

ur værum svefni til 1881. Á þetta vil jeg benda deildinni með þeim viðbæti, að þegar litið er á störf vor á þessu þingi, litið á það, hvað mikið hefur verið unnið, en lítið komizt af, þá mun verða sagt, að vjer höfum unnið fyrir gýg, og það er hart, ef þetta mál, sem var hjer á síðasta þingi, og sem nú er hjer aptur samkvæmt ósk allrar þjóðarinnar; það er hart, segi jeg, ef það einnig nú á að enda tilveru sína sakir breytingafýsnar vorrar. Jeg tala það hlutdrægnislaust, að jeg álít þessa uppástungu miklu betri en ástand það, sem nú er í þessu efni, og sjer í lagi er hún rjettarbót fyrir það, að hún innleiðir meðalverð allra meðalverða.

Þorlákur Guðmundsson: Uppástunga þessi er, eins og kunnugt er, upphaflega sprottin af þingsályktunaruppástungu, er fram kom á alþingi 1878, og af því að jeg var þá við það mál riðinn, finn jeg mjer skylt að styðja þetta mál nú, að það gæti komizt í betra horf. Jeg verð reyndar að játa, að jeg get í mörgu ekki fellt mig við uppástungu þessa, eins og hún liggur fyrir; mjer þykir það óneitanlega hart, að skylda leiguliða til að gjalda í peningum og eigi heldur samhljóða frumvarpi því, sem nýlega var samþykkt; þetta peningagjald verður fjarska óhagkvæmt einkum þeim, sem eru langt frá kaupstöðum, eins og Skaptfellingar, og það sjá allir, að það er eðlilegast, að leiguliðinn megi gjalda í þeim munum, sem jörðin gefur af sjer, eða sjálf getur fram leitt, t. d. fríðugjald af sveitajörðum. Eins og allir vita, hafa umboðsmenn víðast sjöttung afgjaldsins, og það ímynda jeg mjer að ekki liggi einungis í því eptirliti, sem þeir eiga að hafa með jörðunum, heldur að þeir fái það bæði fyrir innheimtuna, og svo fyrir það, að koma afgjaldinu í peninga, og get jeg því ekki talið það ofverkið þeirra; því fyrir eitthvað verður það að vera annað en einungis að telja peninga. Það er snertir 3. gr., þá þykir mjer þessar minni jarðabætur næsta óákveðnar; landskuldarhækkun nokkuð mikil, þó leiguliðinn fái borgaðar jarðabæturnar, eða eitthvað upp í þær, vegna þess að flestar jarðabætur borga sig eigi strax, og margar ekki fyr en eptir langan tíma. Það getur stundum borið sig, að fá lán til jarðabóta, með því að þær sjeu þá vel hugsaðar, en ekki get jeg lagt eins mikla áherzlu á það og þingmaður Dalamanna, en jeg er honum samdóma um það, að túngarður getur gjört gagn, þó hann sje ekki í kringum allt túnið, því að svo getur staðið á, að mest sæki að túninu á eina síðuna, og þar er garðurinn góður, enda þótt hann nái eigi kringum allt túnið. Þó einn spottinn hrynji, þá er efnið við höndina, ef það hefur verið grjótgarður, og betra en timbur- eða járnþræðir frá öðrum löndum, sem ekki reynast vel.

Páll Pálsson bóndi: Það var eigi rjett, sem varaforseti sagði, að jeg hefði talið ósanngjarnt að hlaða túngarð, það sagði jeg aldrei, heldur að það væri óhagkvæmt að gjöra leiguliðum það að skyldu, og telja það með hinum minni jarðabótum. Eins og jeg sagði áður, vil jeg telja þúfnasljettu með hinum minni jarðabótum en túngarðahleðslu með þeim stærri. En þó þessari uppástungu verði lítið eitt breytt, þá get jeg ekki sjeð, að það þurfi að verða henni að bana í efri deildinni, og þó svo færi, þá er vafasamt, hvort ekki hefur farið fje betra. Þar sem það hefur verið sagt, að túngarðar væru nauðsynlegir, þá skal jeg alls ekki neita því, að svo sje á sumum jörðum, en það getur líka hagað svo til, að engin þörf sje á túngarði, og er þá rjett að gjöra það að skyldu að hlaða hann? Jeg kann heldur eigi við, að láta það standa, að gjalda skuli í peningum, en samþykkja þó með lagafrumvarpi, að greiða megi landskuldina á þjóðjörðum í öðrum aurum.

Þórður Þórðarson: Jeg vil vera máli þessu hlynntur; uppástunga þessi er að

minni skoðun til mikilla bóta, en jeg vil að eins, að peningagjaldinu sje breytt, því að það álít jeg óhagkvæmt; það kemur líka í bága við frumvarp það, sem nýlega var rætt. Þar sem sagt hefur verið, að sumt væri ókvæðið í uppástungu þessari, þá er það að vísu satt, en þetta eru flest samningamál milli umboðsstjórnarinnar og leiguliðans. Túngarða álít jeg nauðsynlega, því að fyrst er þó að friða jörð sína fyrir ágangi. Jeg álít það sömuleiðis mikinn kost að geta fengið peningalán til jarðabóta, því að það er auðvitað, að sá maður, sem hefur langan ábúðarrjett á jörðinni, biður eigi um fje, nema æskilegt sje að gjöra jarðabætur, og með því að þeir peningar, sem varið er til þeirra, vaxta sig margfaldlega, eins og þingmaður Dalamanna tók fram, þá verður það leiguliðanum ósegjanlegur hagur; álít jeg því, að þessi ákvörðun sje til mikilla bóta, ef hún mætti koma í stað þeirra laga, sem, eins og varaforseti tók fram, allt of mikið er hætt að breyta eptir, og jeg er viss um, að ef túngörðum hefði verið haldið áfram samkvæmt tilskipuninni 1776, þá væru nú víða garðar kringum öll tún; því að þó jarðabætur þær, sem vjer gjörum, sjeu ekki miklar á hverju ári, geta þær þó orðið að stórkostlegum hvötum fyrir niðja vora, ef þeim er stöðugt haldið áfram.

Friðrik Stefánsson: Mjer finnst varaforseti leggja mikla áherzlu á þessar «sjerstöku ástæður», sem nefndar eru í 2. grein, en mjer þykja þessi orðatiltæki mjög svo ókveðin og það hlýtur varaforseti að sjá; jeg er líka viss um, að hann vill þó ekki gjöra landsstjórninni þá fyrirhöfn, að þurfa að við hafa júridiskar ákvarðanir í hvert skipti, sem vafi er á um það, hvort leiguliði geti goldið í peningum eða eigi; lög eiga að vera svo ljós og ákveðin, að þau geti eigi misskilizt; en þetta virðist mjer svo óákveðið, að jeg óhikað gjöri breytingaratkvæði við það, og sama er um skyldujarðabætur leiguliða á þjóðjörðum, að jeg mótmæli þeim, svo framarlega sem þær verða ekki ákveðnar á hverri leigujörð á landi hjer í hinum tilvonandi landbúnaðarlögum, en það sjest nú ekki á frumvarpi því, sem búið er að leggja fyrir þingdeildina til þeirra.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, bar forseti uppástunguna undir atkvæði og var:

1. 1. liður samþykktur með 13 atkvæðum.
2. Breytingartillaga þingmanns Vestmannaeyinga felld með 10 atkv. gegn 2.
3. 2. liður þingsályktunarinnar samþykktur með 11 atkv.
4. 3. liður þingsályktunarinnar samþykktur með 11 atkv.
5. 4. liður þingsályktunarinnar samþykktur með 15 atkv.
6. 5. liður þingsályktunarinnar samþykktur með 14 atkv.
7. 6. liður þingsályktunarinnar samþykktur með 15 atkv.
8. Málinu skotið til 3. umræðu með 13 atkvæðum.

Þess skal getið, að 4 þingmenn voru gengnir af fundi á undan atkvæðagreiðslu.

Þriðja umræða í neðri deild, á 49. fundi, 19. ágúst.

Breytingartillögur I 410, 472.

Páll Pálsson prestur: Jeg hef áður tekið fram nauðsynina til breytingarinnar við 2. tölulið, nefnilega þá, að losa landseta þjóðjarða við skylduborgun í peningum og leyfa þeim að greiða í sömu löggiltu munum, sem önnur gjöld til landssjóðs er leyft að greiða. Í Skaptafellssýslu eru nú, eins og jeg hef opt áður tekið fram, sjerstakar ástæður, sem mæla með þessari beiðni, enda mun mega ætla, að sviplíkt eigi sjer stað um fleiri sveitir, þar sem landssjóðurinn á jarðir. Auk þess, sem peningaleysið neyðir menn til að biðja um þetta, þá mælir hin mesta sanngirni með því, að leyft sje að

borga öll gjöld til landssjóð í líkum aurum og með sama skilyrði. Að vísu kunna sumir gjaldendur að fá þá ívilnun, að mega borga með innskript í kaupstöðum, ef hagur og hugsunarháttur umboðsmanna kemur eigi í bága þar við, en slíkt er undantekning frá almennri reglu, og fjöldinn á undir högg að sækja með nokkra ívilnun, unz peningagjaldið er af tekið. Viðvíkjandi Hörgslandseign, þá er það ónáttúrlegt, að ein torfa hafi stjórn út af fyrir sig. Um hinar breytingarnar skal jeg lofa öðrum að tala. Ísjárvert þykir mjer, að sleppt sje alveg úr uppástungunni að tala um jarðabætur. Jeg legg heldur til, að 3. gr. uppástungunnar falli burt, en vona, að deildin samþykki 1. og 2. tillögu.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get ekki leitt hjá mjer að tala fáein orð um þessa að vísu merkilegu þingsályktun, einkum 3. gr. hennar, er mjer þykir yfrið harðdræg í horn að taka við leiguliðana. Þar er fyrst talað um, að umboðsmenn skuli gjöra sjer far um að fá leiguliða til að gjöra minni háttar jarðabætur, án nokkurrar ívilnunar. Þetta er nú ekki hvetjandi. En hverjar eru nú þessar minni jarðabætur? Það er óákveðið að megninu til, en að tegundinni til eru þær girðingar og jarðþurrkun. Slíkar jarðabætur gagna venjulegast ekki fyrri, en þeim er lokið til fulls, og gagnið af þeim kemur ekki fyrri en eptir langan tíma. Skurðagjörð og girðingar geta engan veginn talizt meðal hinna minni jarðabóta á því landi, er allt er ógirt og of mikið vatn spillir öllum meginparti landsins. Enn fremur segir, að rjett væri að borga leiguliðum nokkuð af hinum stærri jarðbótum, en fyrir nokkuð á hann ekkert að fá, nema hækkun í eptirgjaldi. Þetta er heldur en ekki hvetjandi. En loksins kemur það bezta af öllu, þar sem segir, að rjett væri að lána landsetum fje til jarðabóta gegn veði og afborgun. En hver á svo jarðabótina, leiguliðinn? Nei, hana tekur landssjóðurinn fyrir ekki neitt, þvert á móti allri venju og sanngirni. Þetta er einhver tyrknesk kredda, sem landssjóðurinn vill beita við leiguliða sína. Það er stök vanhyggja, að gjöra þessar harðstjórnarreglur að almennri lagareglu á jörðum landssjóðsins; hann sem er mestur jarðeigandi í landinu, og hvað hann hefst að, hinir ætla sjer leyfist það. Hvað er einna mestur slagbrandur fyrir jarðabótunum hjer á landi? hvað annað en það, að leiguliðar skuli gjöra jarðabætur fyrir ekki neitt? Það er satt, að góðar jarðabætur borga opt þeim, sem vinna þær, ómakið, en ekki nærri því ætíð, enda eiga jarðabótarhvatirnar sjálfsagt að koma frá landsdrottnum, ella verður seint nokkuð verulegt gjört búnaðinum til viðreisnar. Hjer liggur nú fyrir ný tillaga til bótar við þessa 3. grein, sem er miklu nær sanni, enda þótt mjer þyki hún nokkuð ófullkomin.

Arnljótur Ólafsson: Jeg finn mjer skylt að gjöra nokkrar skýringar við það breytingaratkvæði, sem jeg stend fremstur undir. Jeg er samdóma þingmanni Borgfirðinga um, að 3. grein uppástungunnar sje mjög svo harðdræg, og enda ógjörleg með öllu. Að vísu hefur við gengizt, að umboðsmenn hafi fengið landseta til að fást við jarðabætur, en eptirlit þeirra hefur optast orðið sáralítið, svo við næstu úttekt jarðar hefur sjaldnast verið tekið til nokkurra greina, hvort sú eða sú jarðabót hafi verið efnd eða ekki. Um borgun eða verð er ekkert ákveðið í uppástungunni, nje það tekið fram, að þetta, sem kallað er minni jarðabætur, og eigi skal endurgjalda, skuli koma niður á þær jarðir, er hafa nú ljettan leigumála. Hjer eru heimtaðar beint og blátt áfram jarðabætur, og endirinn verður, að umboðsmenn fara eptir lund sinni, og telja meira eða minna með smærri jarðabótum, rjett eins og á þeim liggur. Breytingar vorra 6 eru nú byggðar á tveimur ástæðum; hin fyrri er sú, að vjer vildum ekki vita af neinum aukaskyldum, er

lagðar væru á herðar leiguliðum. Í annan stað er athugandi, að jarðabætur eru verk, sem kosta fje, þær eru uppfærsla á landskuld, svo og svo mörg dagsverk, sem lögð eru umfram landskuld á leiguliða. Og svo eru jarðabæturnar á svo gjört ofan lagðar á sem kúgunarok. Hvernig hugsar leiguliði sjer þær jarðabætur, sem hann er kúgaður til að gjöra? Eins og þrælastörf, og vinnur hann þær illa, með hangandi hendi og hugsunarlítið. Okkar breytingartillaga er byggð á þeirri fornu allsherjar reglu: «Verður er verkamaðurinn launanna». Vjer getum ekki skoðað verk manna við jarðabætur öðruvísi en önnur verk. Bæti menn hús eða skip annars manns, fær maður borgun; hví skyldi hann þá eigi fá jafna borgun fyrir þessi störf, sem eru engu minna kostnaðarsöm og þreytandi? Tökum tvö dæmi: í öðru vinnur landseti tiltekna bót á jörð, og fær $^1/_2$ eða $^3/_4$ úr fullri borgun fyrir vinnukostnað sinn; en í hinu dæminu eigi hálfan eyri. Hið fyrra dæmið er breytingartillaga vor, en síðara er uppástungan sjálf. Oss langaði til að setja: «fulla borgun», en vorum hræddir um, að því nýmæli mundi óðara verða hafnað, enda hugsuðum vjer sem svo, að «betri er hálfur skaði en allur». Hjer er þó viðurkenning þess, að leiguliði eigi að rjettu lagi endurgjald fyrir jarðabætur sínar. Þessu næst er, ef leiguliði af eigin hvöt gjörir jarðabót, þá má hann láta meta bótina, og á hann þá heimting á $^1/_2$ þess verðs eða notagjalds, er leiguland hans hefur batnað um við jarðabót hans. Þessi tillaga ætla jeg sje góð; hún gefur vitmanninum fyrst hvöt og síðan peninga fyrir kunnáttu hans og framkvæmd. Hann ver t. a. m. 100 kr. til jarðabótar, en hún verður metin á 300 kr.; fær hann þá helming þeirrar upphæðar endurgoldinn, og aptur þriðjung hennar, eða 50 kr. fyrir vit sitt og kunnáttu. Vjer eigum allt eins vel endurgjald fyrir vit sem fyrir strit; vit eða kunnátta fæst ekki nema dýrum dómum, ef það er eigi guðs gjöf. Og önnur afleiðing þessarar tilhögunar er sú, að jarðabæturnar verða sá spori, sem hvetur til hugsunar og kapps í jarðabótum. Ef vjer berum þessa grein saman við 3. grein uppástungunnar, þá ætla jeg mönnum sjálfum að sjá mismuninn. Um 5. grein tillaga vorra skal jeg að eins benda á mismuninn á ákvörðun vorri, þá er meta skal leigumála. Vjer tökum utanhreppsmenn, en í uppástungunni er sýslunefnd eða hreppsnefndinni sjálfri ætlað að gjöra það. Vjer ætlum, að þessar heiðruðu nefndir hafi ærið nóg að starfa samt, þótt þær sleppi við þetta, enda er óheppilegt, að hreppsnefnd meti í hendur eignum hreppsmanni sínum. Ætli landsstjórninni þætti þá aldrei landskuldir of lágt ákveðnar?

Friðrik Stefánsson: Það er nú öllum ljóst, hver afdrif lagafrumvarpið til þjóðjarðasölu, sem hjer var samþykkt í deildinni, fjekk í efri deild þingsins. En aptur höfum vjer fengið frá henni þessa uppástungu um, hvernig byggja skuli þjóðjarðirnar framvegis, sem hjer liggur nú fyrir. Jeg sje ekki, að í uppástungu þessari liggi nein rjettarbót, því »hinar minni jarðabætur« eru, eins og jeg hef áður tekið fram, næsta óákveðnar og fela í sjer hina mestu þvingun, sem mjer getur ekki komið til hugar að veita mitt atkvæði; því hver ástæða getur verið til að heimta meiri jarðabætur af þeim, sem búa á þjóðjörðunum, en almenn landbúnaðarlög gjöra, sem að sönnu eru ekki komin á enn, og munu naumast komast það á þessu þingi? Og því er það mín tillaga, að mál þetta sje látið bíða eptir landbúnaðarlögunum, og ákveði þau skyldujarðabætur á öllum jörðum í landinu, þá er ekki spursmál, að þeir, sem búa á þjóðjörðum, sjeu undir sömu lögum sem aðrir. Hvað hinar svokölluðu »stærri jarðabætur« á þjóðjörðum snertir, að landssjóðurinn leggi fje til þeirra, þá er það álit mitt, að þing og stjórn eigi að styrkja allar framfarir í jarðabótum og atvinnuveg-

um á landinu, án þess sjerstaklega að verja landssjóðnum til þess að bæta þjóðjarðirnar. Mjer virðist sem allir landsmenn eigi jafnan aðgang að landssjóði til að fá hvatir og styrk til jarðabóta, án tillits til hvers eign þessi eða hin jörð er. Breytingar hinna 6 þingmanna við 3. gr. bæta hana mikið, en þó vildi jeg helzt ráða deildinni til að fella þessa uppástungu ásamt breytingum þessum af þeim ástæðum, sem jeg hef tekið fram.

Páll Pálsson, bóndi: Þingmaður Skaptfellinga hefur nú skorinort talað um 1. og 2. tölulið, en jeg vil bæta því við, að það sje óhafandi aðalregla, að skylda leiguliða til að borga í peningum, nefnil. í þeim aurum, sem lítt mögulegt er að fá í landinu. Jeg vona því, að þingið samþykki breytinguna. 3. greinin líkar mjer með engu móti, enda heyra þess konar ákvarðanir fremur til almennum reglum og samþykktum milli landsdrottna og leiguliða. Ákvarðanir hinna 6 þingmanna virðast mjer miða til bóta, en þó vera óljósar og geta valdið vafa. Jeg skil eigi glöggt, hvort þar er ætlazt til, að sá, sem vinnur jarðabótina, borgi fulla rentu af jarðabótanna fulla verði, eða einungis af því, sem hann fær út borgað; ef hið síðara er meiningin, er ákvörðunin þolanlegri. Annars eru fleiri leiguliðar hjer á landi, en landsetar landssjóðsins, og finnst mjer bezt ætti við að gefa sömu lagaákvarðanir út fyrir þá alla undir eins, enda eru nú landbúnaðarlögin í smíðum, og þar virðist mjer að þessar ákvarðanir ættu miklu heldur að vera, heldur en í þessari þingsályktun.

Þórður Þórðarson: Jeg skal leyfa mjer með fám orðum að minnast á breytingartillögur þær, sem liggja fyrir. Það er þá fyrst breyting hinna 8 þingmanna, að jeg fellst á 1. og 2. tölul. hennar, og skal sanna með þingmanni Skaptfellinga, að landskuldargjald leiguliða í peningum er mjög erfitt sem skyldugjald, meðan peningaekla landsins er við sama. Í minni sýslu stendur sviplíkt á í þessu efni, sem í Skaptafellssýslu. Það sem þarf að hafa hjer fyrir augum, er einungis tvennt: hagur landssjóðsins, og hagur leiguliða. Sje nú leyft, að landsetar megi gjalda eins landskuldargjald sem önnur gjöld í landssjóð, nefnilega ef peninga brestur, í ákveðnum beztu landaurum eða innskript, þá ætla jeg að báðir verði skaðlausir, landssjóður og ábúandi. Gjaldainnheimta umboðsmanna þarf alls ekki að verða að baga, þar kaupmenn gefa fúslega ávísanir til Kaupmannahafnar, sem aptur eru borgaðar landssjóði í peningum. Jeg get ekki fallizt á það, að 3. gr. falli burt, án þess að neitt sje sett í staðinn, en hinir 6 þingmenn hafa að nokkru bætt úr því, þar sem þeir gefa nokkrar hvatir til jarðabóta, með því að gjöra kost á peningastyrk, en þá óttast jeg, ef til vill, peningaskort landssjóðsins; en hvatir til jarðabóta álít jeg ómissanlegar. Það sem 2. þingmaður Húnvetninga ekki þóttist skilja, hve mikla rentu ábúandi ætti að borga samkvæmt tillögunni, þá virðist mjer það auðskilið, að hann á að eins að borga rentu af þeim peningum, sem hann hefur fengið til að vinna jarðabætur fyrir, en ekki af allri jarðabótinni. Jeg ætla mjer að greiða atkvæði með breytingum hinna 8 þingmanna við 1. og 2. grein og hinna 6 við 3. og 5. grein.

Eggert Gunnarsson: Jeg skil ekki, hvernig nokkrir hinna heiðruðu þingmanna fá af sjer að mæla með breytingum hinna 8 þingmanna, að afnema peningagjald til landssjóðs, en setja í þess stað landauragjald. Jeg skora á deildina að hugsa vandlega um þessa tillögu, sem mjer virðist hið mesta óráð og til vandræða fyrir umboðsmenn landsins, en til skaða honum sjálfum. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu mælti svo vel með 6 manna tillögunni, að jeg þarf ekki að styrkja frekar það atriði. Jeg verð að vera á þeirri skoðun, að nauðsyn beri til, að umboðsmenn landssjóðs fái sem frjáls-

astar hendur til þess að jafna leigumála jarða, hækka eða lækka landskuldir, eins og hinar ótal mörgu og ófyrirsjáanlegu kringumstæður ráða til. Afgjald jarða er hvervetna mjög misjafnt og athugavert, og er hin mesta þörf að jafna það víða.

Guðmundur Einarsson: Jeg er á sama máli og hinn heiðraði 2. þingmaður Norðurmúlasýslu, að leyfið til að gjalda landskuldir af þjóðjörðum í landaurum sje skaði fyrir landssjóðinn. En bændum er á hinn bóginn hin mesta vorkunn, eins og nú hagar til með viðskipti og peninga á landinu. Annars er ekki spursmál um, að eigi að gjalda í landaurum, verður goldið eptir verðlagsskrá og í þeim aurum, sem eru jafnir við meðalverð allra meðalverða eða fyrir ofan það. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu tók nú skorinort fram kostina við 3. grein, og er jeg honum að mestu samdóma, en játa, að eptir breytingu þessari aukast mjög svo útlát landssjóðsins, þó rentan fengist, sem opt mun misheppnast, er reynslan kæmi til. En jeg er öldungis ósamdóma um hitt, að engar skyldujarðabætur sjeu eða eigi að vera til. Sjerhver góður maður finnur innvortis köllun hjá sjer til, að bæta og laga þá jörð, sem hann og hans framfærist á, að svo miklu leyti, sem hann sjer kröptum sínum fært. Flestir, sem á jörðu búa, hafa þó bæði krapta og tómstundir til að gjöra eitthvað til gagns og umbóta ábýli þeirra, ef góðan vilja ekki vantar, en við öðru má ekki ráð gjöra; enda er það víst, að allar jarðabætur eru til ánægju öllum rjetthugsandi mönnum, eins og þær eru líka öllum í hag. Við breytingar hinna 6 þingmanna við 5. grein felli jeg mig betur en við tilsvarandi grein í uppástungunni.

Þórður Þórðarson: Hinn heiðraði þingmaður Dalamanna tók ómakið af mjer með sinni ræðu, því mín skoðun fellur að mestu saman við hans í þessu máli. Um annað en góða landaura er ekki að tala, betri aura en meðalverð allra meðalverða, rjett eins og lög mæla fyrir um önnur gjöld til landssjóðsins. Að vísu mundi umboðsmönnum stundum aukast ómak fyrir þennan gjaldmáta, en optast að minni skoðun lítið, enda fá þeir sæmileg innheimtu- og umboðslaun, þótt starfi þeirra við og við kynni að aukast, sem jeg ætla að vart yrði teljandi, þar flestir gjaldendur kappkosta að borga í innskript, heldur en að láta hinar tilteknu góðu vörur, og fær þá umboðsmaðurinn sitt krónutal fyrirhafnarlítið.

Arnljótur Ólafsson: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Húnvetninga sagði, að þó breytingar vorar væru góðar, þá væri bezt að láta þetta mál bíða eptir landbúnaðarmálinu, þá vil jeg geta þess, að jeg veit ekki, hve nær það mál verður búið, og úr því hjer liggur fyrir þingsályktun um byggíng þjóðjarða, þykir mjer rjettast að taka hana fyrir, því að hún getur síðar meir orðið til bendingar þingmönnum, eða þeim, sem um landbúnaðarmálið eiga að fjalla. Þingmaður Dalamanna sagði, að sumum leiguliðum væri ánægja að vinna að jarðabótum fyrir ekki neitt; þegar þeir hefðu lítið að gjöra, hlypu þeir til þessara jarðabóta sjer til skemmtunar. Það getur vel verið, og jeg veit, að slíkir sómamenn eru til hjer á landi, en slíkt er því miður fremur undantekning. Hitt er víst, að það dugar ekki að byggja á því, að allir leiguliðar sjeu þessu líkir, og vjer megum ekki níðast á gagnsemi og drenglyndi einstakra manna, því að það hefur reynslan sýnt, að þó trassarnir skrifi ár eptir ár undir byggingarbrjef og lofi svo og svo miklum jarðabótum, þá verður ekkert af þeim nema á pappírnum. Það dugir ekki að neyða menn til að gjöra jarðabætur, heldur verður að borga þær þannig, að leiguliðinn sje viss um að fá upp það, sem tilkostnaðinum nemur. Jeg skal ekki taka til þess, þó þetta mál falli, en jeg álít þó rjettara að láta það standa umboðsstjórnarinnar

vegna. Umboðsstjórnin hlýtur sjálfsagt að hafa mikil ráð yfir byggingu þjóðjarða, og löggjafarvaldið verður að gefa henni frjálsar hendur í því, en löggjafarvaldið getur og á að láta vilja sinn í ljósi og gefa almennar reglur. Í því tilliti álít jeg þessa uppástungu heppilega, því að með henni er tiltekinn vegur, sem ganga á, þegar um bygging þjóðjarða er að gjöra, og með henni er rudd braut til þess, að þjóðjarðir geti orðið seldar, þegar leigumálinn er hæfilega hár.

Varaforseti: Þegar jeg virði fyrir mjer þær 2 breytingartillögur, og set svo, að báðar komist að, þá gjörir önnur þeirra ráð fyrir því, að landskuldin skuli ekki greiðast í peningum, heldur í «þeim aurum, sem gjaldgengir eru í skattgjald til landssjóðs». Hin breytingin þar á móti ákveður í 3. málsgrein, að landssjóðurinn skuli endurgjalda leiguliða fyrir jarðabætur, í peningum sjálfsagt. Þegar vjer nú setjum þessar breytingar saman, þá er landssjóður skyldur að greiða leiguliðanum í peningum, en leiguliðinn er ekki skyldur að gjalda til landssjóðs í peningum. Þetta álít jeg ekki jafnrjetti. Ef vjer ímyndum oss, að jarðabætur einlægt aukist, eins og vonandi er, þá geta farið til þess margir peningar, og þegar þar við bætist, að breytingartillaga 8 þingmanna hallar rjetti landssjóðsins svo, að landskuldin getur ekki fengizt goldin í peningum, þá er hætt við, að þurrð verði á því, sem stöðugt gengur út úr landssjóði, en ekki kemur inn í hann, sem sje peningunum. Með þeirri síðari breytingu er einnig umboðsmönnum lögð þung byrði á hendur. Mjer lízt vel á þá hlið málsins, að peningar renni úr landssjóðnum út um landið, en síður á hitt, að engir peningar renni aptur inn í landssjóðinn; mjer lízt vel á það, að leiguliðar sjeu styrktir til að vinna að jarðabótum, en þá vil jeg, að landskuldin sje goldin í þeim aurum, sem haganlegir eru fyrir landssjóð.

Páll Pálsson prestur: Jeg er næstum hissa á því, hvað varaforseta getur tekizt vel að misskilja, þegar hann vill ekki skilja. Hann ljezt taka tillögu vora þannig, að það væri útilokað að mega greiða í peningum, en jeg veit ekki betur, en að peningar sjeu einnig meðal þeirra aura, sem gjaldgengir eru í skattgjald til landssjóðs. Það var ekki meining vor að útiloka það, að landssjóðurinn gæti fengið landskuldina í peningum, en vjer vildum, að hver og einn hefði rjett til að greiða hana í sömu aurum og önnur gjöld til landssjóðs. Umboðsmaðurinn á að koma landskuldinni í peninga, og jeg veit ekki, fyrir hvað þeir fá laun, ef þeir eiga að eins að taka á móti peningum og greiða í peningum, það er að segja að telja rjett. Þeir eru reikningshaldarar fyrir landssjóðinn, og eiga að vera launaðir til þess að koma landaurum í peninga, þegar landskuldin verður ekki goldin í öðru en landaurum; fyrir þetta fá þeir laun sín. Jeg ímynda mjer, að varaforseti hafi verið að hártoga þessa tillögu að gamni sínu, því að allir vita, að hann hefur efni á að skilja það, sem vandskildara er en þetta, ef hann vill. Jeg furða mig ekki á því, þó 2. þingmaður Norðurmúlasýslu tæki hart á þessari tillögu, því að honum mun kunnugt um hag sumra umboðsmanna, en það var eina bótin, að hann kom með engar ástæður til að styðjast við, eins og eigi var heldur von. Jeg treysti því, að deildin samþykki þessa tillögu, þrátt fyrir þessi mótmæli, sem eru einskis virði.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hugsaði, að enginn mundi mæla á móti breytingartillögunni um, að landskuldina þurfi ekki að greiða í peningum eingöngu, en þingmaður Skaptfellinga hefur nú svarað mörgum af mótbárunum. Jeg skil ekki, að landssjóðurinn eigi að gjörast sá æðsti okurkarl hjer á landi; jeg hef áður tekið það fram, að það væri sanngjarnast, að leiguliðar fengju að gjalda

eptir jarðir þær, er þeir leigja, í þeim aurum, er jörðin sjálf fram fleytir, og sje ekki, að það sje rjett, að þvinga menn til að gjalda í þeim gjaldeyri, sem þeim er máske ómögulegt að geta látið, og sem löggjafarvaldið ekki á síðasta þingi þorði að gjöra að skyldugjaldeyri í opinber gjöld til landssjóðs; en þegar sumir þingmenn eru að tala um, að það muni verða goldið í þeim rýrustu vörum, þá er eins og þeir viti ekki, hverjir aurar eru gjaldgengir til landssjóðs; jeg held, ef að jeg væri umboðsmaður og hefði miklar vörur að færa, þá mundi mjer verða hægra að fá peninga hjá kaupmönnum en þeim einstaka leiguliða, opt fátækum; það er ekki heldur hjer með sagt, að það megi ekki gjalda í peningum. Mjer finnst uppástunga hinna 6 þingmanna lítil rjettarbót, því að jeg veit ekki betur, en að leiguliðar á þjóðjörðum sem öðrum jörðum hafi hingað til haft rjett til að gjöra jarðabætur, og því þurfti ekki að veita þeim þann rjett. Ef það verður gjört að almennri reglu, að veita endurgjald fyrir jarðabætur á þjóðeignum, þá held jeg landssjóðurinn verði þunnur með tímanum, enda var varaforseti mjer samdóma um það.

Eggert Gunnarsson: Mig furðar á því, að þingmaður Skaptfellinga skuli halda breytingartillögunni við 2. gr. svo fast fram. Ef leyft verður að greiða landskuldina í landaurum, þá getur farið svo t. d., að öll landskuldin verði goldin í ull; verð ullarinnar er nú frá 80 aurum til 1 kr., og þannig getur umboðsmaðurinn haft 20 aura skaða á hverju pundi. Jeg verð að álíta það óþarfa kapp að berjast fyrir þessari uppástungu, og er bezt að fella hana.

Varaforseti: Jeg gjörði ráð fyrir því, að báðar uppástungurnar yrðu samþykktar; þá er landssjóðnum gjört að skyldu, að borga leiguliðum helming þeirra jarðabóta, sem þeir gjöra, í peningum. Þar sem annars er um lán að ræða úr landssjóði, þá er ætlazt til, að renturnar greiðist í peningum, en ekki í ullu, tólg o. s. frv., en leiguliðarnir eiga hjer að fá lán, og þeir mega greiða renturnar í hverjum þeim aurum, sem eru gjaldgengir í skattgjald. Umboðsmennirnir eiga að koma þessum landaurum í peninga, og getur það orðið þeim til stór skaða, eins og 2. þingmaður Norðurmúlasýslu sýndi fram á. Þetta finnst mjer ekki sanngjarnt, án þess mjer detti í hug að vera að gjöra að gamni mínu, eins og þingmaður Skaptfellinga hjelt; hann ætlar mig án efa eptir sjer, sem stundum er að gjöra að gamni sínu hjer í salnum. Ef breyting 6 þingmanna við 2. gr. fellur, þá álít jeg, að hættan sje minni; aðra tillöguna verður að fella; að mínu áliti helzt þá, sem fleiri standa undir.

Páll Pálsson bóndi: Það furðar mig, að það hefur komið fram í umræðunum, að menn vilja halda því í þingsályktuninni, að landskuldin skuli greiðast eingöngu í peningum, og þannig innleiða það, sem aldrei hefur áður verið, því að það hefur verið algeng regla að greiða hana í þeim aurum, sem jörðin gefur af sjer, eins og eðlilegt er. Þetta yrði með öllu ný regla, ef ákveðið væri, að ekki mætti greiða landskuld nema í peningum. Í skattalögum er ákveðið, að skatta til landssjóðs má greiða í góðum landaurum, sem svo sýslumennirnir sjá um að koma í peninga; til þess eru líka umboðsmennirnir, og hafa sín laun fyrir það, að koma landskuldargjaldinu í peninga, ef það er ekki til þeirra goldið í peningum. Ef það væri innleitt, að landskuldin greiðist í peningum, þá mundi landssjóðurinn eflaust tapa við það, því að landskuldin hlýtur að setjast niður á jörðunum við það, að skylda menn til að greiða landskuldina í því, sem ekki er til í landinu sjálfu; en það er ekkert hætt við því, að umboðsmennirnir tapi við það, þó hún verði greidd til þeirra í

landaurum; það getur varla hugsazt, því við það að hafa mikið í veltu, er þeim miklu hægra en hverjum einstökum, hvort sem er að fá peninga hjá kaupmönnum eða í hið minnsta áreiðanlega ávísun til Hafnar; höfuðástæðan, sem líta þarf á, er peningaeklan fyrir hvern einstakan; leiguliðum yrði mörgum alveg ómögulegt að fá peninga til þess að greiða landskuldina á rjettum gjalddaga.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. 1. liður breytingartillögu 8 þingmanna (Páls Pálssonar o. fl.) samþykktur með 17 atkvæðum.
2. 2. liður, fyrri málsgreinarnar tvær, samþykktur með 12 atkvæðum.
3. 2. liður, síðasta málsgrein (viðbót við greinina), samþykktur með 14 atkvæðum.
4. Breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar og fl. við 3. gr. samþykkt með 15 atkv.
5. 3. gr. þingsályktunaruppástungunnar þar með fallin.
6. Breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar o. fl. við 5. gr. samþykkt með 17 atkv.
7. 4. liður í breytingartillögu Páls Pálssonar o. fl. þar með fallinn.
8. Uppástungan öll með áorðnum breytingum samþykkt með 16 atkvæðum.

Kvað forseti málið nú mundu verða afgreitt aptur til efri deildar.

Ein umræða í efri deild, á 50. fundi, 23. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 480—481.

Þar eð enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var uppástungan samþykkt með 8 atkvæðum; kvað forseti hana nú verða afgreidda til landshöfðingja sem ályktun frá alþingi.

LV. LANDSKULDARGJALD AF ÞJÓÐJÖRÐUM.

Frumvarp til laga um landskuldargjald af þjóðjörðum. Frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga. Sjá I 79.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 38. fundi, 12. ágúst.

Flutningsmaður (Páll prestur Pálsson): Það er út af áskorun kjósenda minna, að jeg ber þetta mál upp fyrir deildina, og treysti jeg deildinni til að taka það til greina. Það hefur lengi legið á lestrarsalnum beiðni frá Skaptfellingum um þetta, og virðist öll sanngirni mæla með, að þeir fái bænheyrslu, því að þeir fara ekki fram á annað, en það eina, að þeir megi greiða landskuldir sínar til landssjóðs í sömu aurum, og þeir greiða aðra skatta sína til landssjóðs, og virðist það mega standa á sama, þar eð hvorttveggja rennur í sama sjóðinn, Í Vesturskaptafellssýslu er svo ástatt, að varla er mögulegt að fá peninga, jafnvel þó maður eigi auð landaura og gangandi fjár; þar er enginn markaður og enginn kaupstaður, og því er bændum næstum eigi unnt að standa í skilum með landskuldargjöld sín, þegar þau á að greiða í peningum.

Halldór Kr. Friðriksson: Áður en jeg gef atkvæði í þessu máli, verð jeg að fá að vita, hvort það er tiltekið í byggingarbrjefunum, að landskuldina beri að greiða í peningum. Jeg hef einlægt haldið, að landskuld væri greidd í landaurum, og ef það er svo, þá er þetta frumvarp óþarft, og eitt af þeim æfingardæmum, sem er verið að koma með fyrir þingið til að tefja fyrir.

Flutningsmaður: Síðan hjer um bil 1852 hafa allar þjóðjarðir í Skaptafellssýslu verið byggðar með því skilyrði, að landskuldin greiðist í peningum, og afleiðingin er sú, að jafnvel beztu bændur geta ekki staðið í skilum. Þetta er hreinn sannleikur, og því get jeg ekki skilið, að frumvarpið sje óþarft;

því að það er vissulega eðlilegast, að landskuldin sje greidd í þeim aurum, sem jörðin gefur af sjer.

Halldór Kr. Friðriksson: Það þarf að gjöra breytingaratkvæði við þetta frumvarp og bæta inn í »í Skaptafellsýslu», því að þetta á sjer þá einungis stað þar. Annars er það einungis til að eyða tímanum, að koma með þess konar frumvarp, sem enga þýðing hefur.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil einungis geta þess, að í Vestmannaeyjum eru líka allar þjóðeignir leigðar mót peningum.

Flutningsmaður: Jeg skil það ekki, að það hafi enga þýðing, hvort mönnum er með ráðstöfunum umboðsstjórnarinnar gjört ómögulegt að greiða landskuldina af jörðum sínum eða eigi.

Tryggvi Gunnarsson: Það er tvennt móti því, að láta þetta frumvarp ganga til 2. umræðu, bæði er tíminn orðinn svo stuttur, að ekki er líklegt að því verði lokið, og svo er það svo stutt, að efri deildin, sem heldur af löngum frumvörpum, mun sjálfsagt fella það.

Flutningsmaður: Einmitt af því frumvarpið er svo stutt, vona jeg það fái því heldur að ganga gegnum þingið, og það alla leið.

Þá var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 13 atkv.

Önnur umræða í neðri deild, á 43. fundi, 15. ágúst.

Flutningsmaður (Páll prestur Pálsson): Jeg skal geta þess, að þegar jeg fór til alþingis nú í sumar, þá var mjer send áskorun um, að bera mál þetta undir þingið; því að sýslubúum mínum þykir hina brýnustu nauðsyn bera til þess, að fá þessari beiðni sinni framgengt. Jeg tók fram við 1. umræðu máls þessa ástæðurnar fyrir þessari beiðni, og finnst mjer það eigi rangt nje ósanngjarnt, er hún fer fram á. Þjóðjarðirnar eru eign landssjóðsins, og mjer virðist það næsta eðlilegt, að eptirgjaldið af þeim megi greiðast í sömu aurum, og önnur skattgjöld til landssjóðsins eru greidd í. Jeg hef eigi meira að segja um mál þetta að sinni, en treysti því, að deildin taki vel í málið, og láti það ganga til 3. umræðu.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti frumvarpið undir atkvæði, og var það samþykkt með 11 atkvæðum gegn 4, og síðan var því vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum gegn 4. 2 þingmanna voru eigi við staddir, þegar atkvæðagreiðslan fór fram.

Þriðja umræða í neðri deild, á 46. fundi, 18. ágúst.

Flutningsmaður (Páll prestur Pálsson): Jeg þykist nú ekki þurfa að taka til máls í þessu máli, því jeg treysti hinni heiðruðu deild að gefa frumvarpinu eins góðan byr, það sem eptir er, eins og hún hefur veitt því hingað til.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð þó að mæla á móti þessu frumvarpi, af þeirri ástæðu, að hjer liggur alveg sams konar mál fyrir til þingsályktunar á dagskránni; verði þessi bæði mál samþykkt, lenda þau í beinni mótsögn; en gangi fram þetta frumvarp, og yrði síðan samþykkt breytingaruppástunga, sem komin er við þingsályktunina, verður hvorttveggja alveg samhljóða.

Flutningsmaður: Það er þó sitt hvað, frumvarp og þingsályktun; jeg játa, að jeg skil ekki ástæðu þingmannsins.

Halldór Kr. Friðriksson: Jú, þetta er auðsætt; málin koma annaðhvort í bága og beina mótsögn hvort við annað, eða falla alveg saman.

Forseti: Þingmaður Reykvíkinga hefur rjett að mæla, og þingmaður Skaptfellinga gjörði rjettast að taka frumvarpið aptur. Það yrði formlaust, ef farið væri að samþykkja þetta fyrst og síðan breytinguna við þingsályktunina.

Flutningsmaður: Jeg skal þá taka frumvarpið aptur, en einungis, ef til vill, þangað til hitt er gengið um garð, og lofu engu góðu um, að það kunni ekki að ganga aptur.

Var frumvarpið þannig fallið niður.

LVI. SÁLA JARÐARINNAR MIÐHÓPS.

Frumvarp til laga um sölu á jörðinni Miðhópi í Húnavatnssýslu. Flutningsmaður Páll Pálsson, 2. þingmaður Húnvetninga. Sjá I 28.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 6. fundi, 8. júlí.

Flutningsmaður (*Páll Pálsson, bóndi*): Jeg vil með fám orðum gjöra grein fyrir frumvarpi þessu. Það er sjálfsagt sumum þingmönnum kunnugt, að lagt hefur verið fram á lestrarsalinn bónarbrjef frá ábúanda þessarar jarðar, um að fá hana til kaups. Nú býr á jörðunni ekkja, því að bóndi hennar dó í vor, og hafa þau hjón búið á jörðunni um 30 ár. Aðalorsökin til þess, að ekkjan nú vill fá jörðina til eignar, er sú, að maður hennar hafði það fastlega í huga, að fá hana keypta, þó honum ekki entist aldur til þess; hafði hann byggt upp öll hús jarðarinnar vel og vandlega, bætt mjög mikið tún og engjar, og byggt sel upp að nýju. Landskuldin af Miðhópi hefur verið 140 álnir, og leigur af 1½ kúgildi 30 pund smjörs; eptir áliti umboðsmanns, sýslunefndar og amtsráðs er reiknað, að landskuldin mætti vera 40 álnum hærri, 180 álnir í landskuld og leigurnar 30 álnir, sem til samans svara til 118 kr. í peningum; renturnar af 3400 kr. eru 136 kr. um árið. Verðið er þannig meira, en afgjaldinu svarar, og kemur það af því, að jeg veit, að ekkjunni og börnum hennar er mjög mikill áhugi á að fá jörðina, svo að þau vilja heldur yfirborga hana, heldur en verða af henni. Landssjóðurinn græðir þannig um 900 kr. höfuðstól af því að selja jörðina, og er það óefað, að þessi höfuðstóll eða mikið af honum svarar til þess, sem leiguliðinn hefur lagt í jörðina til þess að bæta hana. Jeg vona, að deildin að minnsta kosti láti málið ganga til 2. umræðu.

Landshöfðingi; Eins og deildinni er kunnugt, þá hafa verið útvegaðar skýrslur um bygging þjóðjarða frá umboðsmönnum, hreppsnefndum, sýslunefndum og amtsráðum, samkvæmt ályktun þingsins í hitt eð fyrra, og hef jeg eptir samkomulagi við báða forsetana lagt þau skjöl, er við koma þessu máli, fyrir efri deild þingsins, þar eð skylt mál þessu, landbúnaðarmálið, hefur verið lagt fyrir sömu deild. Jeg vil mæla með því, að frumvarp þetta verði látið ganga til 2. umræðu, og finnst hentugast, að nefnd verði kosin í því, en jafnframt vil jeg bæta því við, að mjer þætti æskilegt, að sú nefnd frestaði 2. umræðu, þangað til mál um ábúð þjóðjarða almennt liggur fyrir deildinni, svo að tækifæri verði til að ræða þetta mál í heild sinni. Jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að sjálfseign, það er slík sjálfseign, að eigandi býr á sinni jörð, sje landinu í hag, og því er jeg sölu þjóðjarða meðmæltur, en þó með því skilyrði, að nauðsynlegt tillit sje tekið til hags landssjóðsins, þegar ræða er um sölu á opinberum jörðum. En fyrst um sinn álít jeg eigi að fresta úrslitum slíkra mála, þangað til þingið hefur talað frekar um reglu fyrir slíkri sölu, og um skilmálana fyrir henni, því að þótt hver einstök sala eigi að berast undir þingið samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, þá á það þó vel við, að þingið ákveði einhverja aðalreglu, sem það ætlast til að fylgt verði, t. d. að nauðsynlegt sje, að hverri uppástungu um sölu fylgi álit umboðsmanns og hlutaðeigandi sýslunefndar. Sömuleiðis væri nauðsynlegt, að þingið ljeti í ljósi vilja sinn um, hvort það óski kaupverðið ákveðið eingöngu í reiðum peningum eða bæði í þeim og landaurum, hvað mikið af verðinu eigi að greiða út í hönd, og hvað mikið megi standa inni hjá kaupanda með veði í jörðinni. Jeg vil endurtaka það, að jeg mæli með nefnd í málinu, en vil jafnframt skjóta því til þeirrar nefndar, hvort hún ekki finni ástæðu til að fresta 2. umræðu fyrst um sinn.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að minna deildina á, að jeg 1877 kom með frumvarp til almennra laga um sölu þjóðeigna, og þótt það mætti mótbyr hjá ýmsum þingmönnum, þá náði það þó samþykki

þessarar deildar, en efri deildin felldi það. Það gleður mig nú að heyra, að landshöfðinginn er orðinn mjer samdóma í aðalhugsun þeirri, sem vakti fyrir mjer, þá er jeg samdi nefnt frumvarp, og skal jeg því ekki, sízt að sinni, orðlengja frekar um þetta mál, sem að eins snertir sölu á einstakri jörðu, en leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Páll Pálsson, prestur: Jeg skal því fremur vera 1. þingmanni Árnesinga samdóma um 5 manna nefnd, sem nú er verið að prenta yfirgripsmeira frumvarp frá mjer um sama efni, og þetta frumvarp fer fram á.

Tryggvi Gunnarsson: Nú hafa 2 þingmenn tekið undir með landshöfðingja um, að nefnd eigi að kjósa í þetta mál, og tel jeg því sjálfsagt, að nefnd verði kosin, en fyrir því, að jeg efa ekki, að það sje gott fyrir nefndina að heyra tillögur þingmanna með og mót sölu þjóðeigna, þá hika jeg ekki fyrir mjer, að láta meining mína í ljósi þessu viðvíkjandi, þó jeg viti, að margir sjeu á gagnstæðri skoðun. Jeg hef ekki breytt skoðun minni síðan í hitt eð fyrra í þessu máli, og hef jeg þó á ferðum mínum um landið gefið góðan gaum bæði jörðum, sem leiguliðar og eigendur búa á, og get jeg ekki sjeð neinn mun á, hvernig þær jarðir eru setnar. Mjer finnst tvennt koma til skoðunar, þegar ræða er um að selja þjóðeignir: annað hvort þarf landssjóðurinn fjár við, eða þjóðjarðasala er landbúnaðinum til almennra framfara. Nú þarf landssjóðurinn ekki fjár við; landbúnaðurinn þarf að vísu bóta við, en ekki síður á sjálfseignarjörðum, heldur en á leiguliðajörðum. Menn færa það til meðmælingar fyrir sölu þjóðeigna, að þeir, sem búa á jörðunum, muni gjöra meira fyrir þær til bóta, ef þeir eigi þær, heldur en sem leiguliðar, en nú er það eptirtektavert, að í bænarskrám þeim öllum, er til þingsins koma um jarðasölu, þá er ætíð skýrt frá, að svo ágætlega vel sje búið á þeim jörðum, sem stungið er upp á að selja; þar hafa þó búið leiguliðar, og er þetta einmitt sönnun fyrir því, að leiguliðar geti líka bætt jarðir sínar, eins og eðlilegt er, því að sá, sem hefur þann hugsunarhátt, að hann vill hafa fallegt í kringum sig, hann býr ekki í moldarhreysi, hvort sem hann er leiguliði eða ekki; og sá, sem sjer sinn hag við, að skera fram mýri, eða gjöra aðrar jarðabætur, hann gjörir það, hvort sem hann er leiguliði eða ekki. Þó seld sje þjóðjörð, þá er engin trygging fyrir, að hún verði bætt, en ef landið á jarðirnar, þá má hafa eptirlit með, að þær ósjeu bættar, með því að gjöra ábúanda að skyldu, að bæta jörðina, og bæta honum úr landssjóði að nokkrum hluta það, sem hann hefur lagt út fyrir jarðabætur. Jeg skyldi miklu heldur mæla með, að ábúanda, sem situr vel jörð sína, og bætir hana, verði gefið upp 2—3 ára afgjald í þokkabætur. Jeg vona, að land vort taki svo miklum framförum, að eptir 50 ár verði það álitinn stór skaði fyrir landssjóð, ef þjóðeignirnar verða seldar, eins og vjer nú sjáum, hve mikill skaði það var, að selja stólseignirnar um aldamótin. Þetta frumvarp fer að eins fram á, að ein jörð verði seld, svo eigi er að því leyti svo mikið um að gjöra, en það verður að skoða afleiðingarnar; þegar ein jörð er seld, þá er opnaður vegurinn fyrir alla, sem vilja kaupa þjóðjarðir, enda mundu eigi sparaðar bænir um jarðasölu til næstu alþinga, og það mun ekki verða beðið um hinar ljelegu jarðirnar, heldur að eins þær góðu, og landssjóðurinn mætti þannig sitja eptir með öll kotin og landbrotajarðir, sem aðrir ekki vildu eiga.

Flutningsmaður: Jeg þakka landshöfðingja fyrir góðar undirtektir hans í þessu máli, og vil jeg með gleði styðja að því, að nefnd verði kosin. Hvað snertir ræðu 1. þingmanns Suðurmúlasýslu, þá skildist mjer svo, að hann legði móti þessu máli, einkum af því, að það væri enginn hagur fyrir landbúnaðinn, þó þjóðeignir væru seldar, og leiddi hann það út af því, að jarðir væru engu betur setnar, sem eigandi býr á, en þær, sem leiguliðar búa á. Þó þetta máske sje ekki fjarri sanni sumstaðar, þá er þó nú vaknaður töluverður áhugi á jarðabótum, en, eins og eðlilegt er, eru menn fúsari til að

leggja fram fje til að bæta jörð, sem menn eiga, heldur en þá, sem þeir ekki eiga. Til smájarðabóta, t. d. skurða o. fl., leggur leiguliði máske eins vel fram fje, eins og eigandi, þegar hagurinn strax kemur í ljós, en til allra stórra fyrirtækja, sem mikla peninga þarf til, er ekki við því að búast, að leiguliði ráðist, þar eð hann ekki á vissa von þess, að njóta ávaxtanna af tilkostnaði sínum. Þær jarðabætur, sem t. d. klausturlandsetum nú eru lagðar á herðar að framkvæma, eru meira og minna nauðungarverk, og verða aldrei eins vel af hendi leystar, eins og ef þær væru gjörðar með frjálsum vilja mannanna sjálfra. Þar að auki er enn eitt, sem mælir með sölu þjóðeigna, það er hinn mikli straumur, sem nú er byrjaður hjeðan til Vesturheims; það mundi heldur draga menn til landsins, ef þeir sæju, að kostur væri á, að fá ábúðarjarðir sínar til eignar, þar sem það þvert á móti fælir menn burt, þegar enginn kostur er á að verða eigandi ábýlisjarðar sinnar. Allt mælir með skynsamlegri sölu, sölu, sem báðir partar, bæði kaupandi og landssjóður græða á.

Guðmundur Einarsson: Jeg er einn af þeim mönnum, sem ekki vilja selja þjóðjarðirnar, af því að það er skoðun mín, að við það missist fastur stofn, sem landssjóðurinn þarf að eiga; en jeg veit líka, að áhugi manna til þess að eignast ábúðarjörð sína, er mjög mikill, og að það er mikil hvöt til þess að bæta jörðina, ef maður á hana sjálfur. Jeg veit um sjálfan mig, að jeg hefði lagt talsvert meira fje í að bæta þær jarðir, sem jeg hef búið á, ef þær hefðu verið mín eign. Þess vegna er jeg meðmæltur þjóðjarðasölu, ef jeg sje, að tryggilega og vel er um málið búið; en það vil jeg að sje útþrykkilega tekið fram, að einungis ½ verðið borgist út þegar, en hitt standi í jörðunni, og greiðist leigur af. 1. þingmaður Suðurmúlasýslu spáði því, að eptir 50 ár mundi jörðum þessum verða svo farið fram, að það væri óhagur fyrir landssjóðinn að selja þær nú strax, en þó svo færi, get jeg vel unnt eigendum jarðanna þess ábata, því að það eru landsins börn, sem græða, og jeg get ekki annað en álitið það gleðilegt; auk þess er það athugavert, að umboðslaunin sparast við sölu jarðanna, en tekjuskatturinn eykst, ef þessi framför verður á jörðunum, sem þingmaðurinn spáði. Báðir munu græða, bæði landssjóðurinn og kaupandinn, og þá gengur að óskum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er sannarlega ekki meðmæltari sölu þjóðjarða, en 1. þingmaður Suðurmúlasýslu, því að jeg álít það einlægt athugavert að selja eigur landssjóðsins. Það er ekki nóg að hugsa um stundlegan hag í bráðina, heldur verður líka að horfa fram í tímann. Þó jeg unni »landsins börnum« alls góðs, þá er jeg ekki viss um, að þau verði fúsari á að gjalda hærri skatta, þó þau græði, heldur ætla jeg, að þau muni eins og áður hliðra sjer við öllum gjöldum. Það má búast við, að útgjöld landssjóðsins fari fremur vaxandi en minnkandi með tímanum, og því er betra, að tekjurnar sjeu í landaurum, en peningum, sem einlægt fara lækkandi í verði. Jeg er því fastur á móti sölu þjóðjarða yfir höfuð, enda er jeg viss um, að einungis verður beðið um beztu jarðirnar; enginn mun fara að sækjast eptir sandjörðunum í Skaptafellssýslu, heldur mun landssjóðurinn sitja eptir með öll verstu kotin. Jeg er ekki samþykkur 2. þingmanni Húnvetninga um það, að ábúð eiganda sje vanalega betri en leiguliða, og hef jeg þó veitt hvorutveggja mikla eptirtekt; hjer er nú eitt dæmi upp á, að leiguliði geti gjört mikið til að bæta jörðina, og hafi hann lagt meira í sölurnar, en honum bar, þá er það skylda landssjóðsins að bæta honum upp tilkostnað hans, eins og það líka er siðferðisleg skylda landssjóðsins, að styrkja fátæka leiguliða til jarðabóta. Það er talað svo mikið um, hvað æskilegt sje, að sjálfseignarbændur fjölgi, en það er athugavert, að þó fleiri jarðir verði bændaeign, þá er ekki þar fyrir sagt, að eigandi búi einlægt á sinni jörð, eða erfingjar hans, heldur getur fljótt farið svo, að þær verði leigðar til ábúðar, og er þá ekkert unnið.

Þingmaður Húnvetninga taldi það flest nauðungarverk, jarðabætur þær, sem leiguliðar á klausturjörðunum gjöra, en það hljóta þá að vera einhverjar óþarfa jarðabætur, því að það get jeg ekki skilið, að jarðabætur, sem auðsjáanlega borga sig margfalt, þurfi að vera nokkurt nauðungarverk, hvort sem leiguliði eða eigandi á í hlut. Að menn fari fremur af landi burt, þótt þjóðjarðirnar verði ekki seldar, óttast jeg ekki, því að það er kunnugt, að síðustu árin hafa farið til Vesturheims stórríkir sjálfseignarbændur, svo ekki hafa þeirra jarðir haldið þeim aptur; það er því ekki hættara við, að leiguliðar flytji sig burt af landi, en aðrir. Jeg er ekki móti nefnd í málinu, svo færi gefist til að ræða málið betur, en jeg mun greiða atkvæði mitt móti sölu á þjóðjörðum.

Benedikt Sveinsson: Þessar mótbárur þingmanns Suðurmúlasýslu og þingmanns Reykvíkinga eru allar hinar sömu, sem þeir hinir sömu komu með í hitt eð fyrra á móti sölu þjóðeignanna, og vona jeg, að þingdeildin geti sjeð og sannfærzt um af þingtíðindunum, að þeim var þá nægilega svarað. Jeg vil því nú að eins taka fram einstök atriði, einkum í ræðu þingmanns Suðurmúlasýslu. Það var rjett mælt af þingmanninum, að augnamiðið með þjóðeignasölunni væri annaðhvort, að útvega landssjóðnum peninga eða bæta búnaðinn. Þingmaðurinn sagði nú, að landssjóðurinn þyrfti ekki fjár við; það er gleðilegt að heyra það af þingmanninum, sem er einn í fjárlaganefndinni, að landssjóðurinn stendur sig svo vel; en jeg vil þó spyrja, hvort ekki gæti hugsazt, að það kæmi fyrir, að landssjóðinn vantaði fje. Ef þingið t. d. vildi gjöra eitthvað fyrir landbúnaðinn að mun, ætli það gæti þá ekki komið fyrir, að fje væri ekki nóg í landssjóði, og þó er þörfin á því mjög mikil, því að endurbættur landbúnaður er hin sanna fjárhirzla landsins; hann er ótæmandi uppspretta þess fjár, sem þarf til landsins nauðsynja og framfara þjóðarinnar. Hitt er þá spurningin, hvort þjóðjarðasala sje ekki meðal til að bæta búnaðinn, og munu flestir vera þeirrar skoðunar, að sjálfseign sje einkaskilyrðið fyrir, að jarðir verði bættar að mun; vjer þurfum ekki annað en stinga hendinni í vorn eigin barm, og þá hljótum vjer allir að gjöra sömu játning eins og þingmaður Dalamanna, að sjálfseignin er hin mesta hvöt, ef eigi hin einasta, til jarðabóta og alls konar framfara í landbúnaðinum yfir höfuð. Þingmaður Suðurmúlasýslu vill vekja þessa hvöt hjá leiguliðanum með fje úr landssjóði, en getur þá þingmaðurinn frætt oss um, hve mikið fje þurfi til þess, að vekja þá hvöt til jarðabóta í brjósti leiguliðans, er sjálfseignin gefur eigandanum? Þingmanninum fannst það vera mótsögn, að segja, að leiguliðar sitji ver jarðir sínar, en eigendur, og þó hefðu allir þeir, er biðja um þjóðeignir til sölu, bætt þær sem leiguliðar; en það er aðgætandi, að leiguliðinn ver þá kröptum sínum og fje til að bæta jörð sína, í því trausti til landsstjórnarinnar, að hún muni láta hann njóta ávaxtanna af erfiði sínu, með því að unna honum kaups á jörðunni, og það er sannarlega siðferðisleg skylda þings og stjórnar, enda væri miklu rjettara að hvetja leiguliðann með þessari von, heldur en að koma honum upp á að vera að betla ár eptir ár um styrk úr landssjóði, sem bráðum mundi tæmast, yrði þeim bænum sinnt fyrir alvöru og almennt. Þingmennirnir báðir vildu fá trygging fyrir, að eigandi búi framvegis á jörðunni, en það er ómögulegt, nema með nýjum lögum sje bannað, að nokkur maður eigi nema eina jörð, og samin ný erfðalög, en það mundu þingmennirnir naumast skrifa undir. Jeg vona annars, að nefnd verði sett í málið, eins og hefur verið stungið upp á, án frekari umræðu, úr því hjer að eins ræðir um sölu á einstakri jörð, eins og jeg tók fram áður.

Friðrik Stefánsson: Jeg vil vera máli þessu meðmæltur, því það er mín skoðun, að sjálfseign jarða sje undirstaða undir landbúnaðinn, og afl landbúnaðarins er afl landsins. Jeg get því síður verið á móti

því, að einstök þjóðjörð sje seld, sem jeg helzt vildi, að þær allar væru seldar og kæmust í eign einstakra manna. Við það fyrirkomulag mætti þó að minnsta kosti spara laun umboðsmannanna, sem nú eru árlega hátt á 5. þúsund krónur. Út af því, sem hinn heiðraði þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, skal jeg geta þess, að mig furðar mjög á því, að mjer virðist þeir menn, sem stóðu keikastir fyrir því, að auka laun embættismannanna og þá hvorki kviðu elli nje fjeleysi, nú skuli vera hinir deigustu og óttast framtíðina. Því, þegar talað er um að bæta kjör alþýðu, fara hinir sömu að bogna, þá fara þeir að líta í kringum sig, og ætla að verða forsjálir um flest, og það svo, að þeir vilja ekki láta landsmenn fá þjóðjarðir keyptar fyrir fullkomið verð, vegna þess að þær mörgum tugum ára síðar kynnu að geta orðið meira virði en þær eru nú. Þó menn engan veginn geti kennt stjórn landsins um það, er það, satt bezt að segja, ekkert glæsilegt ástand, sem leiguliðar yfir höfuð hjer á landi búa við, og framfarirnar í búnaðinum sýna sig; þær eru ekki stórkostlegar. Að landssjóðnum sje fjártjón búið af sölu þjóðjarða, álít jeg svo fjarstætt, að jeg sje ekki betur, en að hann einmitt græði á því, að sem flestir verði eigendur að ábýlisjörðum sínum, eins og jeg hef áður tekið fram, og á hinn bóginn þarf naumast að óttast fyrir því hjer hjá oss, að þeir menn rísi upp, er kaupi heilar sveitir og gjörist lávarðar; og enda þó svo færi, hví mega þeir ekki græða í landinu sem aðrir?

Flutningsmaður: Þingmaður Reykvíkinga talaði um, að það gæti orðið skaði fyrir landssjóðinn, ef þjóðjarðirnar væru seldar. Mjer getur ekki skilizt, að svo verði, ef selt er svo, að rentan af andvirðinu nemi því sama eða meiru, en afgjaldið af jörðinni áður hljóp. Þó byggja mætti jörðina seinna fyrir meira afgjald, af því að leiguliðinn hefði bætt hana svo mikið, þá ætti ábúandinn með rjettu heimting á að fá það endurgoldið, annaðhvort með því að fá jörðina keypta fyrir sanngjarnt verð, eða þá á annan hátt, því annars væri hætt við að drægi úr jarðabótum leiguliða. Jeg er annars hræddur um, að hann sje ókunnugur eða óvanur jarðabótum, ef hann heldur, að þær borgi sig strax. Túngarðurinn gefur af sjer lítinn arð fyr en hann er kominn kringum allt túnið. Sljettun túna borgar sig ekki heldur strax. Það einasta, er fyrst kynni að borga sig, eru vatnsveitingar. Þó landssjóðurinn aldrei nema svo legði fje til, og launaði mönnum fyrir bætur á ábýlum sínum, mundi það aldrei hvetja jafnvel til jarðabóta eins og hitt, að menn ættu sjálfir ábýli sín, enda gæti það orðið vafningasamt, þegar meta skyldi bæturnar, eða dregizt æði lengi að fá hinn umræddu styrk, og er jeg hræddur um, að löngunin til jarðabótanna dofnaði hjá sumum landsetunum, áður en styrkurinn yrði kominn þeim í hendur, enda er það mjög mikið vafamál, hvort landssjóðnum yrði sú aðferð meira í hag en salan.

Guðmundur Ólafsson: Þegar ræða er um jarðasölu, þá er það ekki aðalatriðið fyrir mig, að landssjóðurinn græði. Væri landssjóðurinn í fjárkröggum, álít jeg annað ráð heppilegra fyrir hann, en að selja eignir sínar, með því það mundi, ef til vill, verða skammgóður vermir. Landssjóðurinn selur þó ekki optar jarðir sínar en einu sinni. Annars sýnir þetta jarðasölumál, á hvaða stigi vjer stöndum í búnaðarefnum. Sumir segja, að þær jarðir, sem eigendurnir búa á, sjeu eigi betur setnar en þær, sem leiguliðar búa á. Þetta er óeðlilegt, og sje svo, þá er það að eins vottur um deyfð í búnaðarframförum. Það er eins og vjer sjeum í svefnrofunum. Vjer spyrjum: hvað á að gjöra landinu til framfara? Einn ætlar þetta gott, en annar hitt. Sannfæring mín er, að þjóðjarðasalan geti orðið eitt af því, sem eflir framför landbúnaðarins, og hún hlýtur að gjöra það, þegar vjer vöknum betur, en ef vjer ekki vöknum, verður oss engra framfara auðið. Jeg gef því hiklaust atkvæði mitt

með þessu máli, og óska, að það gangi til 2. umræðu, og nefnd verði í það kosin.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er komin fram sú skoðun hjer, að landssjóðurinn með sölu þjóðjarðanna auki tekjur sínar (*Benedikt Sveinsson*: Já) — nei, hann rýrir þær, að minnsta kosti rýrist stofninn. Og hvað er eiginlega unnið við þessa sölu þjóðjarðanna, ef allur hagurinn á að vera fólginn í því, að menn með því móti geti komizt að því, að sitja á sjálfs síns eign? Hvar er trygging fyrir því, að kaupandi sjálfsagt búi á jörðinni og búi þar lengi? Mjer finnst hjer um bil sjálfsagt, að ef betri jörð byðist, mundi hann flytja á hana, svo, þó maður kaupi einhverja jörð, er það engin sönnun fyrir, að menn búi, eða einu sinni ætli sjer að búa á henni alla sína tíð. Þingmaður Húnvetninga taldi það hag fyrir landssjóðinn, að selja þjóðjarðirnar. Það held jeg ekki sje nema svona í bráðina. Peningar vita menn að hækka ekki í verði, en landaurar geta hækkað, og hvers virði getur ekki eptir 50—60 ár sú jörð orðið, sem nú er seld fyrir máske lítið eitt?

Þá hefur því verið hreyft sem ástæðu fyrir sölunni, að þá þyrfti ekki umboðsmanna við, og mætti spara allan kostnaðinn, sem af þeim stendur. En, er það óhugsandi, að losast mætti við þessa umboðsmenn eða koma því svo fyrir, að landssjóðnum yrði umboð jarða sinna kostnaðarlítið? Að sjálfseign sje nauðsynleg og hin eina hvöt til jarðabóta, get jeg ekki heldur sjeð, eða hvað er á móti því, að landssjóðurinn annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis sjái það við landseta sína, ef þeir bæta ábýli sín? Þingmaður Dalamanna kvaðst mundu hafa bætt betur jarðir þær, er hann hefur setið á, hefði hann átt þær, en jeg held einmitt, að hann sjálfur hafi sýnt það og sannað, að menn geta setið á annari eign en sjálfs síns, og setið hana með sóma og dugnaði, að minnsta kosti mun Kvennabrekkan og Breiðabólstaðurinn lengi bera menjar hans.

Þorlákur Guðmundsson: Mig furðar mjög á því, hvað hinir heiðruðu þingmenn, 1. þingmaður Suðurmúlasýslu og þingmaður Reykvíkinga, hafa spennt bogann hátt á móti sölu þjóðeigna, og ekki furðar mig minna á því, að nokkur þingmaður skuli koma með þá setning, að sjálfseignarbændur ekki fjölgi við það, þó jarðir sjeu seldar; heldur þá þingmaður Reykvíkinga, að ef að stólsgózin enn væru óseld, að þá mundu vera jafnmargir sjálfseignarbændur í landinu? og það er í mesta máta ófrjálslegt, að vilja ekki fjölga sjálfseignarbændum, því það er fyrsta og aðalskilyrði fyrir því, að koma landinu upp, að sjálfseignarbændur verði sem flestir. Það hefur komið fram sú setning, að einstakir menn söfnuðu jörðum, ef að þjóðeignir væru seldar; gjörum oss nú ljóst, hvað lengi er einn einstakur maður að safna jörðum; fáir munu byrja það, fyr en þeir eru 40 ára, og 70 ár eru nú manninum gefin, og þá treinist lífið vel; lengur fáir lifa nú, en langtum fleiri skemur; þessir menn eru máske einn í hjeraði uppi á hverjum mannsaldri, en það skiptist, er þeir deyja, milli barnanna og sundrast; fer þá opt um það, sem vindur kæmist í fiðurbing. Jeg er því viss um það, að ef landssjóðurinn hefði sína peninga í landinu, svo hann gæti ætíð lánað peninga, mundi hann innan skamms hafa meira og betra jarðagóz í eignarhaldi en hann hefur nú. Það hefur verið talað um, að það væru einungis góðar og endurbættar jarðir, sem nú væru seldar, en af hverju kemur það? einmitt af því, að salan er ekki gefin frjáls, og þó 1. þingmaður Suðurmúlasýslu og þingmaður Reykvíkinga sjeu fermir hver í sinni stöðu, hafa þeir ekki betur vit á þessu máli en vjer bændur, það mun framtíðin sanna.

Guðmundur Einarsson: Það er svo

sem sjálfsagt, að jeg þakka þingmanni Reykvíkinga fyrir lofræðuna, sem hann hjelt yfir mjer og mínum búskap, en þó skal jeg geta þess, af því það er satt, að hefði jeg búið á eigin eign, mundi jeg hafa tekið stórfje til láns til jarðabóta, sem jeg hef hlíft mjer við. Þingmaðurinn var svo góður að taka mig til dæmis upp á það, að vel mætti sitja jörð þó sjálfur ekki ætti. Nú! það segir sig sjálft, að hver maður ætti að vilja sitja jörð sína sem bezt og bæta hana; því það er hans eiginn hagur. En hver maður hugsar líka um niðja sína, og hvernig fer? Einn er t. a. m. búinn með miklum kostnaði að bæta ábýlisjörð sína, en árangurinn eptir hans dag verður sá, að þegar hann fellur frá, verðar leigumálinn hækkaður fyrir son hans eða niðja, og gott, ef þeir komast að. Það er mjög óvinsælt, að vera eins og að elta dugnað manna með síhækkandi leigumála, og tolla hann þannig í stað þess að örva leiguliða til jarðabóta, og með því móti gjöra þá færari um að geta goldið landssjóði, því það segir sig sjálft, að því færari sem menn yrðu til að bera skattaálögur, því meira ætti landssjóðurinn að geta grætt.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu með 18 atkvæðum, og sett í það 5 manna nefnd, þeir

Páll Pálsson bóndi með 11 atkvæðum.
Benedikt Sveinsson — 10 —
Friðrik Stefánsson — 8 —

5 þingmenn hlutu 7 atkvæði hver; var þá varpað hlutkesti, og urðu nefndarmenn:

Guðmundur Einarsson og
Einar Ásmundsson.

Önnur umræða í neðri deild, á 25. fundi, 30. júlí.

Nefndarálit I 142—143.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg vil vona, að mál þetta fái góðan framgang, því þar sem 3400 krónur eru boðnar í jörðina, vona jeg mönnum þyki það heiðarlegt boð, og jafnvel fram yfir það, sem tiðkast eptir hundraðatali jarðarinnar.

Páll Pálsson, bóndi: Jeg þarf því síður að vera langorður um mál þetta, sem það er svo náskylt öðrum málum, sem hjer hafa komið fyrir á þingi, og jeg tók helztu ástæður mínar fram við fyrstu umræðu, en mjer kemur nú til hugar, að verðið geti verið of hátt sett, því ef það skyldi verða ofan á, sem reyndar enn ekki er víst, að rentufóturinn yrði hækkaður, þá væri þetta of dýrt; því við það hækkar rentan af verði jarðarinnar um 17 kr. eða frá 136 kr. upp í 153, og vona jeg að allir sjái, hversu miklu meira það er en það, sem að nú gelzt eptir jörðina, sem er um 118 kr. Samt sem áður vil jeg enn mæla með frumvarpi þessu; allir sjá, að þetta getur ekki verið landssjóðnum neitt tjón; þegar menn gæta að því, að umboðslaunin þá líka falla burtu, þá hlýtur það að vera stór hagur fyrir landssjóðinn, að selja fyrir þetta verð. Hvað það snertir, að ekki liggi fyrir þessari deild nógu nákvæmar skýrslur, þá eru þær komnar fram fyrir efri deildina, og mun kostur á að ná í þær þaðan. Jeg vona því, að ekkert verði því til fyrirstöðu, að deildin lofi þessu máli að ganga hinn vanalega gang, til 3. umræðu.

Þá var til atkvæða gengið, og var frumvarpið samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3, og vísað til 3. umræðu með 11 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 29. fundi, 4. ágúst.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði mjer að koma með breytingaratkvæði við þetta frumvarp, og var búinn að tala mig saman við aðra, en jeg sje það hefur ekki verið prentað. Jeg vildi nefnilega breyta upphæðinni, sem mjer finnst óhæfilega lítil, því að jeg þekki þessa jörð vel, og veit, að henni

er vel í sveit komið, og ef stofna ætti einhvern skóla í Húnavatnssýslu, t. a. m. kvennaskóla, þá er þessi jörð ein hin hentugasta til þess.

Varaforseti: Eptir að þingdeildin hefur samþykkt frumvarpið um sölu þjóðeigna, þá álít jeg að hún sje ekki sjálfri sjer samkvæm, ef hún samþykkir þetta frumvarp, og mun jeg því greiða atkvæði móti því, jafnvel þó verði við haft nafnakall.

Páll Pálsson bóndi: Landshöfðinginn tók það fram við 2. umræðu þessa máls, að mjög greinilegar skýrslur um þessa jörð væru komnar til þingsins, og þó þær ekki liggi enn fyrir þessari deild, þá eru þær fyrir efri deildinni, en nefndin þar hefur enn ekki lokið störfum sínum um þjóðjarðabygging og fl. Þess vegna álít jeg, að þetta frumvarp ætti að fylgja frumvarpinu um sölu þjóðjarða til efri deildarinnar, þar sem skýrslurnar liggja fyrir. Jeg tók það fram um daginn, að leigumálinn af þessari jörð væri hæfilega metinn til 118 kr., eptir því sem umboðsmaður og sýslunefndin í Húnavatnssýslu og amtsráðið í norður- og austuramtinu hafa orðið einhuga á, það er að segja eptir þeim taxta, sem gildir í Húnavatnssýslu næst liðið ár, en rentan af kaupverðinu er 156 kr., svo þá græðir landsjóðurinn 38 kr. 2. þingmaður Gullbringusýslu segist hafa ætlað að koma með breytingaratkvæði, jeg veit ekki hvort til þess að hækka eða lækka upphæðina, þó jeg ímyndi mjer hann hafi viljað hækka hana. Jeg get ekki skilið, hvernig getur verið ástæða til að hækka kaupverðið, þegar það svarar talsvert meir en fullkomlega til leignanna; það er satt, að jörðinni er vel í sveit komið og snotur, en það gjörir líka mikið til, hvað jörðin er nú útgengileg, hinn góði búnaður, sem á jörðinni hefur verið nú mörg undanfarin ár, sömuleiðis jarðabætur þær, er ábúandinn hefur gjört á jörðinni, og svo hin sjerstaka hirðing á öllu, er jörðina gat prýtt. Það er því fullkomið sannmæli um þessa jörð, að bóndinn gjörir garðinn frægan, en þegar það er víst, að kaupverðið svarar fullkomlega til leignanna, þá get jeg ekki sjeð neina þörf til að bíða eptir skýrslum. Það hefur ekki enn komið til tals, að stofna á jörðinni neinn skóla, sú ímyndaða hugsun þingmannsins getur því ekki verið sölunni til fyrirstöðu. Þó kvennaskóli verði settur á stofn í Húnavatnssýslu, þá hefur engum enn dottið í hug að setja hann á Miðhóp, enda eru til margar jarðar eins hæfilegar til þess í sýslunni. Sem sagt, vil jeg mælast til, og í því finnst mest samkvæmni, að láta þetta frumvarp fylgjast með frumvarpinu um þjóðjarðasölu upp í efri deild; hún hefur skýrslurnar í hendi og getur þá samþykkt eða fellt málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er undarlegt að ráða deildinni til að samþykkja þetta frumvarp, þar sem skýrslurnar, sem eiga að fylgja því, liggja ekki fyrir, vjer getum þó ekkert vitað um þessa jörð, meðan skýrslur ekki liggja fyrir. Þar við bætist, að þessi jörð er ef til vill hentug fyrir kvennaskóla eða búnaðarskóla; fyrir búnaðarskóla er sjálfsagt engin jörð í Húnavatnssýslu hentugri. Nú er frumvarp um búnaðarskóla í nefnd, og það verður sjálfsagt vel úr garði gjört, þegar það kemur, og verður líklega samþykkt óbreytt af deildinni.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil ekki spauga með þetta mál eða tala um, að þessi jörð sje máske hentug til að stofna þar kvennaskóla, m. fl.; jeg vil taka málinu með alvöru, og benda deildinni á, að þegar hún hefur nýlega samþykkt frumvarp um reglur fyrir sölu þjóðjarða, þá finnst mjer það ósamkvæmni, að samþykkja sölu einstakra jarða, fyr en þeim reglum er fylgt, sem búið er að samþykkja með næsta máli hjer á undan að nauðsynlegar sjeu til þess, að nokkur jörð sje seld. Jeg get því ekki greitt atkvæði, hvorki með þessu frumvarpi, nje með

sölu Arnarness, jafnvel þó jeg sje meðmæltur öðru frumvarpinu.

Páll Pálsson bóndi: Þingmenn eru að bera fyrir sig, að skýrslur vanti, en þó þeir ekki trúi mjer, þá ættu þeir þó að trúa landshöfðingja um, að skýrslurnar sjeu til fyrir þinginu og það mjög greinilegar, svo hverjum þingmanni væri hægt að kynna sjer þær, ef hann vildi. Mjer finnst ekki ósamkvæmt, að samþykkja þetta frumvarp, því að nú er einmitt búið að samþykkja, að leiguliðar geti fengið þjóðjarðir til kaups, og allar skýrslur um jörðina eru komnar.

Landshöfðinginn: Jeg vil einungis geta þess, að það mun hafa verið á valdi deildarinnar, að ná í þær skýrslur, er snerta þetta mál. Það hefur komið fram uppástunga frá umboðsmanni og hreppsnefnd um að hækka landskuldina upp í 160 álnir, sýslunefndin hefur tekið málið til nákvæmrar íhugunar og fallizt á, að landskuldina mætti hækka upp í 180 álnir, og að endingu hefur amtsráðið í einu hljóði samþykkt, að landskuldin væri rjett ákveðin 180 álnir, og leigur 30 álnir. Undirbúningurinn er því svo, að ekki er neitt á móti að samþykkja frumvarpið, en jeg skal ekki berjast fyrir því, heldur fela það alveg deildinni. Þingmaður Reykvíkinga gat þess í umræðunni um sölu þjóðeigna, að heppilegra væri að viðhafa það skilyrði, að ákveðið væri, að renturnar af því fje, er stendur í jörðinni, skuli greiðast í landaurum, og gæti þetta lagast í efri deildinni.

Þórarinn Böðvarsson: Landshöfðinginn skýrði frá, að skýrsla væri til, en þó verð jeg enn að vera á því, að verðið sje of lágt, og jeg vil sjerstaklega mæla móti þessu frumvarpi, af því jeg hef heyrt, að þeir, sem hafa falað jörðina, ætli sjer að fara til Ameriku. (*Páll Pálsson bóndi*: Þeir ætla til Ameriku, ef þeir ekki fá jörðina til kaups).

Hjálmur Pjetursson: Jeg get ekki sjeð neina ósamkvæmni í því, að samþykkja þetta frumvarp, þótt hitt málið væri samþykkt, heldur álít jeg það miklu fremur samkvæmni við atkvæðagreiðslu þá, er fjell í frumvarpinu um sölu þjóðjarða. Það er líka athugavert, að vjer eigum ekki víst, að frumvarpið um þjóðjarðasöluna verði samþykkt í efri deildinni, og ef vjer fellum þetta mál, þá er úti með það með öllu í 2 ár, og yrði þá að byrja á því að nýju, og þá ónýttust allar þessar umræður um það, sem nú hafa fram farið. Jeg get heldur ekki sjeð, að óttast þurfi fyrir því, að stjórnin ekki selji jörðina fyrir það hæsta verð, sem fengizt getur fyrir hana, þó hjer sje til tekið hið minnsta verð, því auðvitað er, að allra þeirra upplýsinga verður leitað, sem auðið er og þurfa þykir, áður en salan fer fram.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg efast ekki um, að orð landshöfðingja sjeu sönn, að skýrslur liggi fyrir um þessa jörð um það, hver leigumáli sje hæfilegur á henni, en jeg efast mjög um það, að skýrslur sjeu komnar frá umboðsmanni, hreppsnefnd og sýslunefnd í þá átt, hvort þeim sýnist ráðlegt fyrir landssjóðinn, að þessi jörð sje seld, og þá fyrir hvað hátt verð; en það er allt annað mál, hvað há landskuldin á að vera á einni jörð, eða hvort haganlegt sje að selja hana fyrir víst verð, og verð jeg því að álíta nefndar skýrslur sama sem engar.

Halldór Kr. Friðriksson: Það stendur í 2. grein laganna um sölu þjóðeigna, sem var samþykkt í gær: «Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábýlisjörð sína, sendir hann sýslumanni beiðni um það brjeflega; skal þá sýslumaður leita álits hlutaðeigandi umboðsmanns» o. s. frv. Má jeg spyrja, hefur þetta verið gjört í þessu máli?

Eggert Gunnarsson: Jafnvel þótt verð það, sem í frumvarpi þessu er tiltekið á

jörðunni Miðhópi, 3400 kr., sje byggt á skýrslum um, hvað hún væri hæfilega leigð fyrir, þá er það álit mitt, að verð þetta sje of lágt verð, og það mætti selja hana fyrir allt að 4000 kr. En jeg treysti landsstjórninni til að útvega ýtarlegri skýrslur um jörð þessa, en nú liggja fyrir, og eptir þeim ákveða hæfilegt og fullkomið verð á henni, og að landsstjórnin alls ekki bindi sig við hið lægsta verð, sem þingið samþykkir, að jörð þessi megi seljast fyrir, og mun jeg í fullu trausti þessa, af því jeg er, eins og jeg hef áður tekið fram, mjög hlynntur þjóðjarðasölu, gefa atkvæði mitt með þessu frumvarpi.

Með því ekki tóku fleiri til máls var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8, og var það svo sent efri deildinni.

Fyrsta umræða í efri deild, á 29. fundi, 6. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 261.

Breytingartillögur I 261—262.

Jón Jónsson lagði það til, að máli þessu væri vísað til nefndar þeirrar, er sett hefði verið til að íhuga ýms atriði viðvíkjandi þjóðjörðum, og þó að fyrri umræða í því máli væri búin, væri málið þó enn fyrir þinginu, og þó að þetta mál væri eigi á sama stigi, þá hefði eigi verið farið að því áður, er rætt var um verzlunarstaðina; það væri mikilsvert fyrir deildina, að vita þær tillögur um leigumála á jörð þessari, er finna mætti í þeim skýrslum, er þjóðjarðanefndin hefði sjer til hliðsjónar.

Forseti bar þessa tillögu undir atkvæði, og var hún felld með 7 atkvæðum móti 1.

Eiríkur Kúld kvaðst hafa verið svo heppinn, að heyra umræður neðri deildarinnar um þetta mál, og af þeim hefði hann ráðið, að vera í móti máli þessu, að minnsta kosti þangað til hann fengi nákvæmari upplýsingar um það, og vildi hann biðja þingmann Húnvetninga, er hlyti að vera því kunnugur, að gefa sjer upplýsingar um nokkur atriði, er hann vildi spyrja hann um. Fyrsta spurningin væri, hvort sýslunefnd hefði verið heyrð og gefið samþykki sitt til kaupsins; ef svo væri eigi, sýndist sjer eigi tiltök að sinna málinu, að minnsta kosti hefði deildin álitið þetta atvik nóg til að samþykkja eigi sölunaá Grímstungu-ogAuðkúluheiðum. Önnur væri sú, hvort ábúandinn hefði unnið svo stórkostlegar jarðabætur á jörðinni, að full ástæða væri til að selja honum jörðina fyrir allt of lágt verð, hann segði of lágt verð, því að einn gagnkunnugur þingmaður hefði sagt í neðri deildinni, að 4000 kr. mundu varla vera of hátt verð fyrir jörðina. Þriðja spurningin væri, hvort það mundi vera satt, er hann hefði heyrt, að ábúandinn ætlaði til Vesturheims, og hvort ástæða væri fyrir það, að selja jörðina við of lágu verði. Enn fremur hefði hann heyrt, að á bak við kaupin stæði einhver Jósafat, er ábúandinn ætlaði jörðina, en eigi sjer sjálfum. Hann treysti sannleiksást þingmanns Húnvetninga, að hann gæfi sem glöggastar og rjettastar upplýsingar um þetta efni, og skyldi hann þá hugleiða betur, hvernig hann mundi greiða atkvæði.

Ásgeir Einarsson sagði, að tvisvar yrði gamall maður barn; á ungdómsárum sínum hefði hann lítið verið spurður, og mundi sjer því eigi takast að svara spursmálum á efri árum sínum; en þó ætlaði hann að leitast við að svara spurningum þingmanns Barðstrendinga eptir því, er hann bezt vissi. Hann ætlaði þá fyrst að geta þess, að fáir sýslunefndarmenn mundu hafa vitað um ráðagjörðir þessar um kaup á Miðhópi, og mundu þær hafa farið fremur dult, og hefði hann komizt á snoðir um ráðagjörðir þessar um það leyti, að fram hefði farið jarðarför ábúanda tjeðrar jarðar, og hefði þar víst eigi verið talað um, að leita samþykkis sýslu-

nefndarinnar eða auglýsa henni þær, því sama dag og jarðarförin fór fram, var sýslunefndarfundur haldinn. Hvað jarðabæturnar snerti á jörðu þessari, þá væri hann eigi fær um að gefa nægar upplýsingar um þær, en þegar tjeður ábúandi tjeðrar jarðar hefði sótt um verðlaun fyrir þær, þá hefði hann verið búinn að sljetta dálitið og byggja nokkuð af túngörðum, en hvað húsin snerti, þá væru þau prýðilega útlítandi, og sömuleiðis fjárhús, sem hann hefði sjálfur átt. Ef þessi ábúandi væri nú lifandi, þá mundi hann án efa hafa verið þess verðugur, að fá jörðina keypta, en þeim svörum væri nú eigi að gegna. Hvað Ameríkuferðirnar snerti, þá ímyndaði hann sjer, að það hefði verið spaug hjá þingmanninum. Að vísu hefði hann átt upp komin börn í Ameríku, og hefði stundum látið sjer það um munn fara að fara til þeirra, og eiga hjá þeim hæli í elli sinni. Ekkja hans mundi eigi ætla sjer að búa lengi, en sonur hennar Jósafat mundi eiga að fá jörðina, og væri hann efnilegur og dugandismaður, og sýndist sjer það verðugt vera, að hann nyti hennar. Þó að hinum háæruverðuga skriptaföður þætti eigi vel svarað, vildi hann þó bæta því við, að sýslunefndin mundi hafa ætlað jörð þessa handa lækninum, er nú hefði fengið þar aðra jörð. Sjer væri ókunnugt um, hvernig sýslunefndin mundi snúast við þessu, en hitt vissi hann, að jörðin væri vel fallin til að setja á hana ýmsar almennar stofnanir, sem verið væri að byrja á.

Eiríkur Kúld kvaðst kunna þingmanni Húnvetninga þakkir fyrir þær upplýsingar, er hann hefði gefið í máli þessu, og vonaði hann, að þær væru nægar til þess, að sannfæra deildina um það, að eigi væri þörf á að flýta sjer að selja jarðir, ef til vildi, með oflágu verði til skaða fyrir landssjóð. Maðurinn, er á jörðinni hefði búið og næstur hefði staðið kaupunum, væri nú dáinn, og væri það líklegt, að við útför hans hefðu kaupin fyrst ráðgjörð verið. En nú vildi hann spyrja, hvers vegna að Jósafat, ef hann væri þeim kostum búinn, er þingmaður Húnvetninga hefði um talað, gæti eigi fengið jörðina til ábúðar hjá umboðsmanni, ef ekkjan vildi eigi búa þar? Sjer sýndist ísjárvert að flýta sjer að selja þjóðjarðirnar, því að þær þjóðjarðir, sem hingað til hefðu verið falaðar til kaups, væru hinar beztu meðal þeirra, sem að líkindi væru til að afgjaldið mundi hækka af með tímanum. Ef þessari sölu hjeldi áfram, mundi svo fara að lokum, að landssjóðurinn ætti eigi nema lökustu kotin eptir, sem erfitt mundi að byggja, og kvaðst hann því mundu greiða atkvæði móti sölunni.

Jón Jónsson kvaðst ekki geta fremur í þessu máli, en þegar rætt var um löggilding verzlunarstaðanna, verið samdóma þingmanni Barðstrendinga um þýðing lausasagna. Ef umtalsmál væri að gjöra út um eitthvert mál, þá bæri að gjöra sjer ljósar grundvallarreglur þær, sem rjettar væru, og breyta eptir þeim. Hvað sölu þjóðjarðar þessarar snerti, þá sýndist sjer ljóst, að enginn, hvað sem hann áliti um sölu þjóðjarða yfir höfuð, gæti haft neitt á móti því að selja jörð þessa. Hvað frumvarpið snerti, mætti síðar koma með breytingaratkvæði við það, og það kynni þannig mega hækka hið tiltekna verð upp í 4000 kr. Að öðru leyti væri ekki mjög hættulegt að ákveða verðið heldur lágt, þar eð stjórnin mundi reyna að koma jörðinni út fyrir sem hæst verð. Sjer sýndist, að tvennt ætti að koma til tals, sem mælti fram með frumvarpinu, 1. að ábúandinn vildi kaupa, 2. að jörðin sem prívateign gæti orðið sýslunefndinni að notum sem læknissetur, ef annaðhvort læknirinn sjálfur vildi kaupa hana, eða sýslunefndin handa honum. Hann kvaðst vera á þeirri skoðun, að sjálfseign hefði mikla kosti yfir leiguliðaábúð, og sýndist sjer, að deildin ætti að hlynna að því, einkum þar eð hún nú væri

búin að fella frumvarp neðri deildarinnar um sölu þjóðjarða.

Stefán Eiríksson kvaðst vera svo ókunnugur þessu máli, að hann væri í efa um, hvernig hann ætti að greiða atkvæði. Sjer sýndist sanngjarnt, að leiguliði, er bætt hefði jörð sína, fengi hana keypta, en eptir þeim upplýsingum, sem komnar væru fram í máli þessu, væri ábúandinn dáinn og ekkjan ætlaði að fara í burtu, og væri því jörðin eigi keypt handa leiguliðanum, sem verið hefði og bætt hana. Þingmaður Húnvetninga hefði verið að tala um einhvern son hins fyrverandi ábúanda, sem væri efnilegur til búskapar, og að hann mundi fara á jörðina, en sem nú væri á annari jörð; hann kvaðst vel geta unnt þessum manni jarðarinnar, en þá væri hún þó ekki keypt handa ábúandanum, eins og frumvarpið segði. Þingmaður Skagfirðinga hefði talað um 4000 kr. í staðinn fyrir 3400 kr., og gæti hann fyrir sitt leyti ekkert um það sagt, hvort rjettara væri. Sjer þætti nauðsynlegt að vita um leigumálann á jörðinni, er um sölu væri að ræða. En það vissu víst fáir eða engir þingmenn, og þegar bæði þessar og aðrar upplýsingar vantaði, væri áhorfsmál að hlaupa í sölu þjóðjarða. Hann kvaðst yfir höfuð vera mótfallinn þjóðjarðasölu, en þó þykja sanngjarnt, að leiguliði fái ábúðarjörð sína keypta við hæfilegu verði, en nú væri hinn hjer umræddi ábúandi dáinn. Þingmaður Barðstrendinga hefði komið með þá mótbáru gegn sölunni, að það hefði eigi verið borið undir sýslunefndina, en þess sýndist sjer eigi við þurfa eptir sveitarstjórnarlögunum, heldur væri það, að leita álits umboðsmanns.

Benedikt Kristjánsson sagði, að þingmaður Skaptfellinga þekkti engar skýrslur í máli þessu, og vildi hann því gefa honum þá leiðbeining, að hann hefði heyrt landshöfðingjann segja, að skýrslur um jörðina lægju fyrir þinginu. Einnig hefði hann heyrt 2. þingmann Húnvetninga segja, að landssjóðurinn græddi 36 krónur á ári hverju með því að selja jörðina fyrir hið tiltekna verð, en hann bað þingmanninn þó eigi taka orð sín svo, að hann væri hvetjandi að sölunni. Það væri alkunnugt, að gamall leigumáli á mörgum slíkum jörðum samsvaraði eigi leigumála þeim, er nú tíðkast, hann væri annaðhvort langt of lágur eða of hár, en hvort þetta ætti sjer stað á þessari jörð, væri hann eigi fær að dæma um, en hann vænti, að hinn efnilegi unglingur, er svo fagurlega og vel hefði áðan leyst úr spurningum hins háæruverðuga herra, er hann svo hefði kallað, mundi gefa upplýsingar um það.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi fá annað sjeð, en hann yrði loksins að standa biskupsskriptir, þegar hann hefði svarað spurningum þessara háæruverðugu herra, er væru sjer sinn við hvora hlið. Þó að þingmaður Þingeyinga spyrði marga Húnvetninga, er kunnugir væru, um bygging jarðar þessarar, þá mundi hann eigi fá annnað svar en það, að hún væri lægra leigð, en flestar aðrar jarðir með sömu gæðum. Þingmaður Skagfirðinga hefði talað um að selja hana læknínum, en hann yrði að segja honum, að læknir og ábúandi væru sitt hvað. Hvað undirbúninginn í hjeraði snerti, þá hefði hann farið svo dult, að fáir hefðu af honum vitað, og sýndist sjer því eigi ástæða til að flýta sölu þessarar jarðar.

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða um það, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það fellt með 6 atkvæðum móti 2.

LVII. SALA JARÐARINNAR ARNARNESS.

Frumvarp til laga um sölu jarðarinnar

Arnarness í Eyjafjarðarsýslu. Frá Einari Ásmundssyni, 1. þingmanni Eyfirðinga. Sjá I 28.

Fyrsta umræða í efri deild, á 6. fundi, 8. júlí.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg þarf því síður að orðlengja mál þetta, sem það mun kunnugt þingmönnum, því það kom fyrir hjer í hitt eð fyrra; þá var það að sönnu fellt, sökum þess að vanta þótti fullnægar skýrslur um málið. Nú eru skýrslur þessar fengnar. Það er því helzt um verðið jarðarinnar, sem jeg vildi tala. Þetta minnsta verð, sem frumvarpið leyfir að selja Arnarnes fyrir, gefur af sjer í vexti 128 kr. á ári. Eptirgjaldið er 240 álnir, sem þetta ár gjöra eptir verðlagsskránni, hver alin á 53 aura . , . . . 127 kr. 20 a.
Umboðslaun = 1/6 . . . . 21 — 20 -
Landssjóður fær þannig . . 106 — » -
Það eru vextir af . . . . 2650 — » -
Mismunurinn er því á ári hverju 22 — » -
sem eru vextir af . . . . 550 — » -
Og verða þessar 22 krónur á ári þá hreinn og beinn gróði fyrir landssjóð. Jeg skal ekkert fara út í það, að dæma um hið almenna álit manna um jarðasölur, en geta þess, að þar sem hið vanalega verð í Eyjafjarðarsýslu fyrir 1 hndr. í jörðu eru 100 kr., yrði þá þetta verð að minnsta kosti 125½ króna fyrir hundraðið. Að öðru leyti vona jeg, að menn verði ekki máli þessu mótfallnir, og að það þá fyrst og fremst fái að komast til 2. umræðu, og sting jeg upp á, að því sje vísað til nefndar þeirrar, er nú var sett í náskyldu máli.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 18 atkvæðum. Því næst bar forseti upp til atkvæða, hvort vísa skyldi máli þessu til nefndar þeirrar, sem kosin var í málinu um sölu á jörðunni Miðhópi, og í voru þeir Páll Pálsson bóndi, Benedikt Sveinsson, Friðrik Stefánsson, Guðmundur Einarsson og Einar Ásmundsson, og var það samþykkt með 19 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 25. fundi, 30. júlí.

Nefndarálit I 143.

Einar Ásmundsson: Þetta mál er einfalt og sama eðlis og það mál, er nú síðast var rætt, vona jeg því, að hjer þurfi ekki langar umræður. Jeg tók líka fram við fyrstu umræðu máls þessa og þóttist sýna fram á það, að sala sú, sem hjer ræðir um, ekki væri landssjóðnum í óhag, vona jeg því, að enginn af þingmönnum, jafnvel ekki hinn heiðraði 1. þingmaður Suðurmúlasýslu, verði máli þessu mótfallinn.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins geta þess, að hvað þessa jörð snertir, liggja ekki eins góðar skýrslur fyrir, eins og um jörðina Miðhóp, en þó mætti máske leggja leigumálann til grundvallar fyrir söluverðinu, og er leigumálinn þessi:

Landskuld . . . . 180 álnir
Leigur . . . . . 60 — 240 álnir.

Eptir verðlagsskránni 1879 væru þessar 240 álnir leiga af 3180 krónum, því þá var meðalalin á 53 aura, en eptir meðalverði verðlagsskránna árin 1875—79 verður meðalalin á 54½ eyri, og yrði það leiga af 3270 kr. Mjer virðist því að hækka ætti söluverðið að minnsta kosti upp í 3400 kr.

Varaforseti (Grímur Thomsen): Jeg þykist þess fullviss, að jörðin mætti seljast fyrir hærra verð, en hjer er stungið upp á.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer virðist rjettast að draga söluna á þessari jörð, og yfir höfuð öllum opinberum eignum, þangað til föst regla er komin á um sölu þeirra; þessar reglur hafa nú samstundis verið samþykktar, og lítur út fyrir, að þær verði fullgjörðar á þessu þingi; og ímynda jeg mjer,

að allir geti vel unað við það, að bíða þangað til að hægt verður að undirbúa söluna samkvæmt þeim.

Einar Ásmundsson: Mjer heyrðist landshöfðinginn segja, að eptirgjaldið af Arnarnesi hefði eptir meðaltali síðustu 5 ára numið rentunum af 3270 kr. En jeg vil biðja menn að gæta þess, að landssjóðurinn fær eigi allt þetta gjald, því að 1/6 hluti þess rennur til umboðsmannsins. Eptir þeirri verðlagsskrá, sem nú gildir, er afgjaldið 127 kr. 20 a., þar frá ganga sem umboðslaun 21 kr. 20 a., svo að landssjóðurinn fær 106 kr., en þessar 106 krónur eru þó vextir af minni höfuðstól en 3200 krónum, nefnilega af 2650 kr. Vextirnir af 3200 kr. eru 128 kr., svo að munurinn verður (128 kr. ÷ 106 kr.) 22 kr., en 22 kr. eru vextir af 550 kr. Þannig er söluverð það, er farið er fram á í frumvarpinu, 550 kr. hærra en jörðin leigir sig. Skýrslur þær, er liggja fyrir þinginu um mál þetta, getur hver þingmaður kynnt sjer. En þess skal jeg geta, að hvorki umboðsmaður nje amtsráð hefur stungið upp á, að leigumálanum á jörð þessari sje breytt. Jeg veit, að þeir, sem segja, að verðlagsskráin muni ávallt stíga upp, þeir geta ávallt búizt við því, að landssjóðurinn bíði skaða af sölu þjóðjarða, en jeg vil minna þá hina sömu á það, að vjer erum nú farnir að losa um böndin á leiguburði af peningum, og allar líkur eru til, að hann hækki fyr en verðlagsskráin. Þótt verðlagsskráin í Eyjafjarðarsýslu færi upp í 60 aur., þá verður eptirgjaldið af Arnarnesi að eins 144 kr., ef nú leiguburðurinn hækkar upp í 4½ % þá verður hann af 3200 kr. sömuleiðis 144 kr.; en aðgætandi er, að frá eptirgjaldinu dregst 1/6 hluti, eða 24 kr. Frumvarpið hljóðar eigi á þá leið, að selja skuli, heldur að selja megi Arnarnes. Jeg er þess viss, að stjórnin kastar ekki í burt Arnarnesi fyrir þetta verð, ef hærra verð getur fengizt; ímynda jeg mjer, að því megi treysta, að hún muni eigi selja jörðina landssjóðnum til skaða. En ef verð jarðarinnar er sett svo hátt, að frágangssök er að kaupa hana, þá er betra að frumvarpið sje hreinlega fellt. Jeg verð að ætla, að öllum sje það ljóst af þessum orðum mínum, að landssjóðnum er eigi skaði, heldur ábati, að selja jörð þessa fyrir verð það, er frumvarpið til tekur, þótt aldrei yrði hærra.

Eggert Gunnarsson: Eptir áskorun varaforseta skal jeg geta þess, að hann skýrði rjett frá, að það væri mitt álit, að jörðina Arnarnes mætti selja fyrir hærra verð en frumvarpið tiltekur. Mitt álit er, að Arnarnes mætti selja fyrir allt að 3600 krónur, það sem hjer er tiltekið í frumvarpinu, er hið «minnsta verð», en þar með er ekki sagt, að eigi megi selja jörðina með hærra verði. En af því að jeg er hlynntur þjóðjarðasölu, og treysti jafnframt landsstjórninni til þess, að hún sjái svo um, að jörðin verði seld fyrir hæfilegt verð, mun jeg gefa frumvarpinu atkvæði mitt.

Einar Ásmundsson: Jörð þessi er 25½ hndr.; er þannig hvert hundrað selt á 125 kr., þar sem vanalegt er, að hvert jarðarhundrað sje selt á 100 krónur. Þetta hef jeg áður tekið fram, en af því að svo lítur út, sem þingdeildarmenn sjeu eigi minnisgóðir í þessu máli, þá tek jeg þetta enn af nýju fram.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði, og var frumvarpið samþykkt með 12 atkvæðum gegn 3, en vísað til 3. umræðu með 13 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 29. fundi, 4. ágúst.

Einar Ásmundsson: Jeg vona, að jeg þurfi ekki að tala mikið um þetta mál, því síður, sem deildin hefur nýlega samþykkt líkt frumvarp um sölu Miðhóps. Það mun mörgum þingmönnum ljóst, að svo mikil þörf, sem er til að fá þjóðjarðir keyptar í

Húnavatnssýslu, þá er þörfin enn meiri í Eyjafjarðarsýslu, því að þar í sýslu eru langflestar þjóðjarðir. Í Eyjafirði voru áður 2 klaustur, Munkaþverárklaustur og Möðruvallaklaustur, en í Húnavatnssýslu að eins 1 klaustur. Þar að auki eru í Eyjafirði aðrar stofnanir, sem eiga jarðir, t. d. gjöf Jóns Sigurðssonar. Jeg vona deildin, sem hefur samþykkt sölu þjóðeignar í annari sýslu, og sem hefur látið í ljósi, að hún álítur gott að selja þjóðeignir, þegar góðir leiguliðar eiga í hlut, muni ekki hafna þessari sölu.

Með því ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli, eptir ósk 6 þingmanna, þeirra:

Einars Ásmundssonar,
Snorra Pálssonar,
Friðriks Stefánssonar,
Gríms Thomsens,
Arnljóts Ólafssonar og
Benedikts Sveinssonar,

og sögðu

Já:

Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll Pálsson, prestur,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson.

Var málið svo sent efri deildinni.

Fyrsta umræða í efri deild, á 29. fundi, 6. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 260—261.

Jón Jónsson kvaðst vilja leyfa sjer, þó hann eigi væri kunnugur ástæðum þeim, er hjer lægju til grundvallar, að mæla með því, að máli þessu yrði sýnd velvild og látið ganga til 2. umræðu. Það væri mikil ábyrgð að hrinda slíkum málum frá sjer án þess nákvæmlega að hafa yfirvegað þau. Áríðandi væri, að sjálfseignir fjölguðu og að sem flestir ábúendur ættu sjálfir jarðirnar.

Jón Hjaltalín bað þingmanninn segja sjer, hvaða framförum Skálholt hefði tekið og aðrar jarðir, er verið hefðu þjóðeignir.

Jón Jónsson sagðist ætla að svara með annari spurningu, hann vildi biðja þingmanninn að skýra frá, í hverju ástandi þjóðjarðirnar kringum Reykjavík væru. Hann kvaðst hafa komið á margar þjóðjarðir, þar sem bæði hús, garðar og tún væru í verra ástandi en á sjálfseignarjörðunum.

Jón Hjaltalín sagði, að dæmið væri illa valið, það væri hægt að sjá, hvað Reykjavík hefði verið og væri nú.

Benedikt Kristjánsson sagði, að þó jörðin eigi væri all-langt frá sjer, væri hann henni þó ókunnugur; það hefði áður komið fram bæn um að fá hana keypta, en því hefði þá verið neitað. Hann áleit rjettara, að málið væri látið fara til 2. umræðu, svo fá mætti nauðsynlegar upplýsingar; hann hefði heyrt, að þar væri æðarvarp, en svo mundi ekki vera, eða að því mætti líklega koma upp, og það gæti verið. Jörðin sjálf væri kostalítil að landkostum. Aðalkosturinn væri án efa sá, að hún lægi vestanvert við hinn aflasæla Eyjafjörð.

Eirîkur Kúld kvaðst eigi vera móti því, að málið gengi til 2. umræðu, þótt það í sjálfu sjer varla væri þess vert. Það mundi vera jörð með sjávargæðum og kannske varpi. En þegar litið væri til afgjaldsins, sem samkvæmt Johnsens jarðatali hefði verið 160 álnir í landskuld og 3 kúgildi, þá væri söluverðið eptir því of lágt sett, en kannske nú væri komin breyting á þetta. Þar sem þingmaður Skagfirðinga hefði verið að tala um ferðalag sitt, og að hann hefði komið á umboðsjarðir, sem hefðu verið ver setnar en sjálfseignarjarðir, þá gæti þetta vel verið en það sannaði alls ekkert, því hann þekkti líka dæmi til þess, að umboðsjarðir sumar í Vesturamtinu væru betur setnar en sumar aðrar jarðir, er sjálfseignarbændur byggju á.

Jón Pjetursson sagði, að ef sig minnti rjett, þá væri ekkert varp á jörðunni; en jörðin væri góð, og dugnaðarmaður byggi á henni, og hefði hún unnið í áliti við það. Það væri vatn milli Arnarness og næsta bæjar, og hefði einu sinni verið í ráði að búa þar til hólma, en bændur hefðu horfið frá því, af því þeir áttu eigi jörðina, og þótti þá of mikið lagt í kostnað. Hann væri að vísu móti þjóðeignasölu yfir höfuð, eptir því, sem nú stæði á, en hjer mundi það þó vera til hagnaðar fyrir landið, að jörð þessi yrði seld, og væri hann því sölunni meðmæltur.

Ásgeir Einarsson sagði, að landseti á Illugastöðum hefði komið varpi á í ey einni og árlega endurbætt það; sama hefði og verið í Hindingsvík; þar væru 30—40 pund af dún, og hefði ábúandinn með miklum dugnaði og kostnaði gjört við varphólmann og endurbætt hann. Af þessu sæist, að eigi væri byggt fyrir, að landsetar gjörðu endurbætur; hann kvaðst því eigi vera með sölu Arnarness, eins og hún lægi fyrir, nema hann gæti fengið upplýsingar um jörð þessa, betri en hann hefði enn þá heyrt.

Forseti bar því næst upp til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 31. fundi, 8. ágúst.

Breytingartillögur I 262.

Benedikt Kristjánsson kvaðst hafa óskað þess við 1. umræðu þessa máls, að því yrði leyft að ganga til 2. umræðu, til þess mönnum gæfist kostur á að leita sjer upplýsinga um jörðina, bæði hvað dýrleika, kosti og leigumála snerti, og kvaðst hann hafa gjört sem honum hafi unnt verið í þessu efni. Jörðin væri eptir nýja jarðamatinu 25,5 hndr., landljett, hefði meðal-tún og engjar, og væri allvíðlend að högum, og yrði eigi álitin meiri en meðaljörð. Hinn eini kostur við jörðina væri sá, að þar væri gott útræði, eins og á flestum jörðum utarlega við Eyjafjörð, en engin verstaða. Ábúandinn væri roskinn maður, er hefði búið þar nærfellt 30 ár; hann væri nýtur bóndi og dugandi sjómaður, og að líkindum sæmilega efnaður. Hann kvaðst gjöra ráð fyrir, að ábúandi þessi, sem ætti uppkomin og efnileg börn, mundi hugsa ekki síður um þau en sjálfan sig í þessum kaupum. Eptir gömlu mati hefði jörðin verið metin talsvert hærra, nefnilega 33 hndr. 1/3, og mætti af því ráða, að hún hefði eigi verið í miklu áliti, er nýja matið fór fram, og það því síður, sem jarðir í Eyjafjarðarsýslu væru hærra metnar að hundraðatali en jarðir í flestum öðrum sýslum; í Þingeyjarsýslu t. a. m. væru þær talsvert lægra metnar, og í Múlasýslum allra lægst. Landskuldin væri 160 ál., og leigurnar eptir 3 kúgildi, eða 60 ál., greiddar eptir meðalverði. Hið minnsta verð, er hefði verið stungið upp á á jörð þessari, ljeti því nærri að rentu og afgjaldi jarðarinnar, en þó væru renturnar nokkru hærri og jafnvel talsvert hærri, er þess væri gætt, að 1/6 af afgjaldinu gengi í umboðslaun, og græddi því landssjóðurinn fremur en missti í við söluna.

Sjer sýndist engin ástæða til að ætla, að jörðin væri of lágt leigð, en að vísu væri hann ókunnugur um það; en í deildinni væru þeir menn, nefnilega nefndin í þjóðjarðabyggingarmálinu, er væru því máli miklu kunnugri. Skýrslurnar hefðu verið undir höndum hennar, en fyrir öðrum væru þær geymdar sem leyndardómur, er eigi hefði mátt koma fyrir almenningsaugu. Ef kostur væri gefinn á sölu á þjóðeignum, sem eigi væri með öllu loku fyrir skotið, þá sýndist sjer ekkert vera til fyrirstöðu sölu jarðarinnar, einkum ef þess væri gætt, að í engri sýslu væru jafnmargar þjóðeignir, sem í Eyjafjarðarsýslu, nema í Vesturskaptafellssýslu. Þegar þess væri enn fremur gætt, að sýsla þessi væri eigi víðlend, og að þar hefðu verið til forna 2 auðug klaustur að jörðum, Möðruvallaklaustur og Munkaþverárklaustur, og nú væri þar Jóns Sigurðssonar legat, sem væri nokkrar jarðir, og væri ákveðið í gjafabrjefi fyrir þessu legati, að kaupa nýjar jarðir fyrir afgjaldið af þeim. Sjer sýndist nú, að úr því nú væri gefinn kostur á, að kaupa þjóðjarðir, þá ætti landssjóðurinn helzt að selja jarðir sínar, þar er þær væru flestar að tiltölu, til þess að nálgast jafnvægið milli þjóðeigna og sjálfseigna, sem unnt væri. Hann sagði sjer hefði gleymzt að taka fram einn kost við jörðina, — því hann vildi bæði tala með og móti sölunni — þar væri dálítil silungsveiði í lóni einu, og væri það góður kostur, þar eð silungur væri talinn ágæt fiskibeita. Í lóni þessu ætlaði nú ábúandinn eða þó heldur sonur hans að reyna að hlaða varphólma, sem bæði væri ærinn kostnaður og fyrirhöfn, og þar að auki óvíst, hvort varpi yrði þar á komið. Ef nokkurt lið ætti að verða í varphólmanum, mundi hann eigi geta kostað minna en 1000—2000 kr., og vildi hann um leið benda deildinni á, þó þess þyrfti eigi með, að hið opinbera mundi eigi ráðast í að leggja fje í slíkt, sem, þó það heppnaðist, eigi gæfi af sjer nokkurn arð fyr en eptir mörg ár. Ef nú svo væri, að deildin vildi gefa kost á sölu á nokkurri þjóðjörð, þá sýndist sjer sjerstök ástæða vera að leyfa sölu á þessari jörð. Ef eitthvað væri ískyggilegt í þessari skýrslu sinni, þá væri hægt að skjóta málinu til 3. umræðu og útvega sjer þá betri upplýsingar.

Jón Jónsson kvað deildinni kunnar vera skoðanir sínar um sölu þjóðjarða, og mundi hann, þótt ekki hefðu verið þær mikilvægu ástæður til að selja jörðina, sem þingmaður Þingeyinga hefði tekið fram, varla hafa greitt atkvæði gegn frumvarpinu. Hann kvaðst hafa leyft sjer að koma með tvær breytingar. Sjer sýndist orðið »stjórnarherra« geta orðið misskilið, þar sem það mætti hafa það um landshöfðingja, biskup og amtmann. 2. breytingin væri sú, að orðin: »leiguliða þeim, er á jörðunni býr« falli burt, því að, þá er jörð væri seld, ætti að hugsa um að fá sem hæst verð fyrir hana, en það gæti ekki átt sjer stað, ef salan væri bundin við leiguliðann einan, og öðrum gæfist eigi kostur á að keppast við hann um kaupin. Þingmaður Þingeyinga hefði skýrt frá því, að hjer væri leiguliðinn orðinn gamall maður og væri því hætt við, að hann hætti að búa eða dæi, áður en kaupin gætu fram farið. Fyrir sitt leyti sýndist sjer rjettara að selja við ábúendaskipti.

Eiríkur Kúld kvaðst mundu aðhyllast uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga, hvað leiguliðann snerti, ef salan fengi framgang, því að ef svo færi, að leiguliðinn væri dauður, áður en salan færi fram, þá fyndi hann enga ástæðu til að selja þeim manni, sem búinn væri að búa á jörðunni svo sem hálft ár, fremur en hverjum öðrum. Hvað hina uppástungu hins sama þingmanns snerti, gæti hann eigi aðhyllzt hana, og vonaði, að deildin gjörði það eigi heldur. Upplýsingar þær, er þingmaður Þingeyinga

hefði gefið, hefðu sannfært sig einungis um það, að eigi bæri að selja jörðina. Hann hefði skýrt frá því, að jörðin væri hæg, og að þar væri útræði gott og silungsveiði til beitu, sem væru hin mestu hlunnindi; þingmaðurinn hefði og tekið það fram, að þar væri tjörn, þar sem mundi mega koma á varpi, og það væri stórkostleg hlunnindi; en þó jörðin yrði eign landssjóðsins framvegis, þá væri engin ástæða til að halda, að þar mundi eigi verða komið á varpi, því bæði væri hvöt fyrir landssjóðinn að styðja að því, og í annan stað gæti hann frætt þingmanninn á því, að hann þekkti leiguliða, er hlaðið hefði stórkostlegan varphólma og komið þar á miklu varpi, sem hefði orðið honum til mikils hagnaðar. Og væri ábúandi nýtur maður, mundi hann eigi hika sjer við slíkt fyrirtæki, þó honum væri eigi veittur fjárstyrkur til þess. Hann kvaðst þekkja dæmi til þess í Vesturamtinu, einkum í Mýrarsýslu, að leiguliðar hefðu hlaðið varphólma án endurgjalds. Hann væri fastur á þeirri skoðun, að eigi bæri að fleygja út slíkum jörðum, en hafa kotin ein eptir. Hann væri mótfallinn þeirri skoðun þingmanns Þingeyinga, að vilja selja þjóðjarðir, þar sem þær væru flestar, því hann mundi vera á sinni skoðun í því, að mikið væri undir því komið, að fá duglegan umboðsmann, en sjer þætti gaman að sjá, hvort nokkur duglegur maður mundi eigi heldur vilja verða umboðsmaður yfir mörgum en mjög fáum jörðum, og vonaði hann því, að þingmaðurinn, er hann gætti betur að, gæti eigi haft slíkt fyrir ástæðu til að selja jörðina.

Stefán Eiríksson sagði, að þó hann stæði upp að þessu sinni, þá væri það eigi tilgangur sinn að vera fjölyrtur. Það væri líkt ástatt fyrir sjer nú, sem í öðru máli, er nýgengið væri um garð, nefnilega um söluna á Miðhópi, að hann væri ókunnugur jörð þeirri, er um væri að ræða. Að vísu hefði 1. þingmaður Þingeyinga komið með ýmsar upplýsingar þessu viðvíkjandi; þær væru reyndar góðar, en eigi fullnægjandi fyrir sig, þar sem hann hefði ekki minnzt á neina hina lakari hlið jarðarinnar Arnarness; menn hlytu að byggja á því, að það vantaði allar skýrslur frá umboðsmönnum, og eigi drepið á það einu orði, hvort verðið væri sanngjarnt eða eigi. Nefndin í báðum þessum málum hefði ekki með einu orði nefnt, hvað væri sanngjarnt verð. Hann hefði fyrir sjer nefndarálit frá neðri deildinni, og ætlaði hann að leyfa sjer að lesa upp úr því ástæður neðri deildarinnar. Hann vildi því benda mönnum á, að þær ástæður sýndust sjer litlar fyrir sölunni, er neðri deildin tæki fram; ábúandi sá, er nú væri á jörðunni, væri orðinn gamall, og því ætti hann að fá jörðina keypta; þetta væru nú allar ástæður neðri deildarinnar. Það væri sjálfsagt, að ef menn fjellust á tölu þingmanns Þingeyinga, þá yrði verð jarðarinnar geysi hátt, fyrst hún væri að dýrleik 25,5 hndr. Þessi þingmaður hefði tekið fram, að jörðunni fylgi hlunnindi, svo sem silungsveiði o. fl., og mættu það álítast góð hlunnindi. En til þess að hann væri samkvæmur sjálfum sjer, kvaðst hann eigi mundu gefa atkvæði sitt með sölu Arnarness, eins og hann líka hefði verið móti sölu Miðhóps.

Benedikt Kristjánsson sagðist verða að vera samdóma 2. þingmanni Skaptfellinga í því, að verð jarðarinnar verði hátt, því það láti nærri, að það væri 125 kr. 50 a. fyrir hvert jarðarhundrað, og væri það verð hærra en almennt tíðkaðist um Norðurland. Hann kvað þingmann Barðstrendinga hafa misskilið sig, þar sem hann hefði haldið, að allt, er hann hefði tilfært, væri ástæður fyrir sölunni; en það hefði einungis verið skýrslur um jörðina; sjer fyrir sitt leyti væri ekkert kappsmál á þessu; hann hefði að eins viljað benda á

hið verulega í málinu. Það sem hjá sjer hefði verið talið upp sem kostur við jörðina, það hefði honum þótt allt vera móti sölunni; hann væri um það; deildin hefði heyrt, hvað hann hefði sagt. Að því er snerti varphólmann, þá þætti sjer gaman að sjá, að leiguliði legði út 1000 krónur eða meira rjett út í bláinn. (*Eiríkur Kúld:* Þess eru dæmi). Það væri eigi auðvelt að leiða fugl á land fjærri varpi, það mætti því segja, að hólminn væri gjörður upp á von og óvon. Sjer þætti gaman að lifa það, ef landið ætti slíkan leiguliða, eða að það legði fje fram til að gjöra varphólma sem þann, er hjer væri um að ræða; það yrði að minnsta kosti þá öðruvísi andinn í þinginu en núna. Það sjeu nú dæmi til, að þjóðjarðir hafi verið bættar, og hvað hafi þá fjárlaganefndin gjört; hún hafi lánað fje með því að borgað væri bæði renta og höfuðstóll, en landið ætti síðan vinnuna eða jarðabæturnar; tákn tímanna bentu og á, að löggjafarvaldið mundi aldrei veita fje til þessa; það væri heldur, ef til vildi, eigi tilgangur ábúandans sjálfs að verja fje til þess, en hann ætti efnilegan son, og vel mögulegt, að hann vildi reyna sig á þessu, en það sem ungur maður þyrði að ráðast í, það væri eigi víst, að þeim, er væri fyrir hönd landssjóðsins, þætti skynsamlegt fyrirtæki; það væri fögur hugmynd að lóga ekki jörð, þar sem landið ætti margar, því þá fengju umboðsmennirnir hærri laun; hún væri að minnsta kosti óbúleg, en eigingjörn frá landsstjórnarinnar hálfu. Hann kvaðst halda, að þörf væri, að jafnvægið væri sem mest milli sjálfseignarmanna og landsdrottna, að þar sem landið eigi margar jarðir, og því sje flest af leiguliðum; þar sje líka mest ástæða fyrir að selja landssjóðsleiguliðum jarðir; hann vildi því biðja þingmann Barðstrendinga að taka aptur ástæður sínar í þessa átt, því enginn mundi taka þær til greina. Viðvíkjandi verðinu, þá geti þingið sett það upp, ef þingmaðurinn hafi sönnun fyrir, að verðið sje of lágt; hjer sje einungis að ræða um lægsta verð; ef hærra geti fengizt, þá sje ekkert á móti því. Þar sem tekið hefði verið fram, að ábúandinn væri orðinn gamall, þá hefðu menn enga sönnun fyrir, að hann væri feigari en tvítugur maður. Hann kvaðst þekkja kaupanda að eins frá öðrum, en sjer fyrir sitt leyti væri alveg óviðkomandi, hver jörðina fengi, og hvorki af nje á um það, að ljeð yrði máls á sölu hennar. Hann skoðaði málið einungis frá almennu sjónarmiði. En það sem hann ætlaðist til, væri, að menn litu hlutdrægnislaust á þetta mál.

Sighvatur Árnason sagðist vilja gjöra grein fyrir atkvæði sínu; hann vildi eigi bera til baka sögusögn 1. þingmanns Þingeyinga. Hann vildi benda á, að þingið hefði þá reglu að samþykkja eigi sölu á jörð, ef það vantaði tryggjandi skýrslur, helzt frá sýslunefnd og umboðsmanni, bæði um það, hvernig jörðinni sje varið, og hvað sje hæfilegt verð fyrir hana; sama sje nú um þessa jörð. En eptir umræðunum 1877 hefði það átt að liggja ljóst fyrir öllum, að leita sjer þessara skýrslna; því megi segja, að hjer þurfi að eins stundarbið fyrir beiðandann, nefnilega til næsta þings, og koma þá fram með þær skýrslur, er þurfa þykir; það megi eigi hlaupa að sölunni án þessara skýrslna, jafnvel þó einstakir menn geti gefið upplýsingar, þá sje hitt þó betra og meir tryggjandi. Án þess að hann vilji segja, að það eigi við í eðli sínu að leyfa söluna án þessara skýrslna, þá lægi það þó næst að sínu áliti, að samþykkja þessa sölu helzt af öllum, sem fyrir hafa komið.

Jón Hjaltalín var á sama máli sem í gær. Þeir, sem rjeðu til sölunnar, hefðu engar ástæður til síns máls, það væri sjálfsagt, að láta málið bíða þangað til að jarðfræðingarnir væru orðnir sem flestir, því eigi mætti láta það viðgangast, að jörðunum væri fleygt út í bláinn. Það væru ýmsir kostir

við þessa jörð; hún væri hæg til sjávar, hefði hrossabeit, þetta væri allt mikið gott. Ábúandinn væri reyndar orðinn gamall, en hjer sem optar, að maður kæmi manns í stað. Það ætti að bíða með málið þangað til að gagnfræðisskólinn væri kominn á og láta þá, sem þaðan kæmu gefa skýrslur. Hestabeit væri nú mikilsvirði. Varpi mætti sömuleiðis koma á; svona kæmu bendingar frá þeim, sem vildu styðja söluna. En það væri betra að segja, að maður vissi ekki neitt, því þessar ástæður væru verri en ekkert. Það hefði verið talað um varphólma, en þá hefði átt að segja, hvað hann kostaði og hve djúpt vatnið væri. Yfir höfuð væri engum trúandi í þessu efni nema jarðfræðingum. Að endingu sagði hann, að málið mætti víst bíða, þangað til Möðruvallaskólinn væri búinn að standa í 10—20 ár.

Ásgeir Einarsson sagði, að mikið væri nú búið að ræða um málið, en hann kvaðst þó verða að tala fáein orð, þar sem það mundi verða í síðasta sinni á þessu þingi, að rætt yrði um þjóðeignasölu, og efasamt væri, hvort mál þetta kæmi til 3. umræðu. Hann kvaðst ímynda sjer, að jörðin Arnarnes, ef hún hefði mál, þó hún væri blind, eins og justitia forðum, mundi hrópa, að hún væri of ódýrt seld. Hvað snerti athugasemdir þingmanns Þingeyinga, að dýrleikinn hefði verið settur niður, en leigumálinn væri hinn sami, þá virtist það benda á, að jörðin varla hefði batnað; hún hefði nefnil. fyrst verið 33 hndr., en síðan sett í 25 hndr. Annað væri það, að menn hefðu talað um, að selja skyldi með sanngjörnu verði, en eigi eins og menn gætu, en hann kvaðst ætla, að landssjóðurinn eða þeir, sem fyrir honum stæðu, væru eins viti bornir og bændur yfir höfuð, og þeir mundu þá líklega selja eins dýrt og hægt væri. Ef prestar eigi þættust geta lækkað afgjald kirkjujarðanna, þá kvaðst hann eigi sjá, hvernig landssjóður gæti gjört það. Þó nú mál þetta eigi fengi framgang nú, væri víst eigi mikill skaði skeður; sá tími mundi koma, að það síðar meir kæmist fram, er menn hefðu íhugað það betur.

Eitt hefði verið haft á móti þjóðjarðasölunni yfir höfuð, nefnil. að örðugt mundi ef til vill að koma upp banka, ef allar þjóðjarðir væru seldar, og hefði það verið tekið fram af þeim þingmanni, er án efa hefði bezt vit á þess konar málum, að slíkur banki mundi varla geta þrifizt hjer, eins og tilhagaði á landi hjer, og ef þessi ástæða hans reyndist rjett, gæti hann ekki annað en verið meðmæltur þjóðjarðasölunni yfir höfuð, ef hún framfæri með greind og stillingu, en fyrst að aðalmál þetta væri fallið að þessu sinni, þætti sjer ekki ástæða til að láta þessa einu jarðarsölu ganga fram nú þegar, eins og hún væri undirbúin, því það mundi sannast, að almenn þjóðjarðasala fengi framgang fyr eða síðar, þó nokkrir væru henni mótmæltir í þetta sinn.

Jón Pjetursson lýsti yfir þeirri skoðun sinni, að þingið ætti að hafa þá aðalreglu, að fara mjög varlega í þjóðjarðasölu, en í einstökum tilfellum væri þó sjálfsagt að breyta út af henni, t. a. m. þegar annaðhvort landssjóður hefði beinan hag af sölunni, eða það yrði sjeð með nokkurn veginn vissu, að jörðin mundi batna við að komast í hendur einstaks manns; eptir sinni ætlun gæti þetta hvorttveggja komið til greina við þá jarðasölu, er hjer er um að ræða; einn þingmaður hefði að vísu haft það eptir kunnugum manni í neðri deildinni, að hið lægsta verð, er frumvarpið nefndi, væri of lágt; en sjer þætti undarlegt, að trúa eigi nefndinni, er neðri deildin setti í málið, og sem taldi, að jörðin væri fullseld fyrir þetta verð; það væri líka auðvitað, að þessi gagnkunnugi þingmaður hefði sagt neðri deildinni álit sitt, og eigi hefði hún þó tekið það til greina. Þegar litið væri á hundraðatal jarðarinnar (25,5. hndr.), sæist, að hún væri í

hærra lagi leigð með 1 hndr. og 60 álna landskuld, þar sem venjuleg landskuld af 20 hundraða jörð væri 1 hndr., og þegar svo rentan af söluverði því, er frumvarpið nefndi, yrði nokkru meiri en afgjaldið, eins og þingmaður Þingeyinga segði, þá væri sjer eigi hægt að sjá, að verðið væri langt of lágt. Enn fremur mætti geta þess, að jörðin hefði verið útlagt læknissetur, er skipaðir voru fjórðungalæknar, en enginn þeirra vildi sitja á henni, þó að hún lægi haganlega í umdæminu. Jörðin væri meðaljörð að sínu áliti; þó að hún lægi við sjávarsíðu, væri henni það eigi fremur til gildis teljandi, en svo mörgum jörðum öðrum; silungsveiðin væri í litlum ós, sem rynni í sjó úr allstóru vatni, er lægi milli 3 jarða; vatnið væri djúpt, og mundi því vera ærinn kostnaður að hlaða hólma í því, en úr því varp væri komið þangað, mætti byggja þar miklu fleiri hólma og auka það mjög; en þetta yrði aldrei framkvæmt, meðan jörðin væri landssjóðseign, því að hvers vegna skyldi landseti leggja í slíkan kostnað, sem kannske skipti þúsundum króna (*Ásgeir Einarsson:* Eigi meira en að skera fram Staðarbyggðarmýrarnar). Kannske þingmaðurinn vildi taka að sjer að hlaða hólmann? Það væri aldrei nema eptir annari dyggð hans við hið opinbera (*Ásgeir Einarsson*: Jeg hef ráðizt í annað eins). Hann ímyndaði sjer samt, að hann mundi kinoka sjer við því, ef hann væri leiguliði, og svo mundu allir leiguliðar gjöra að sinni ætlun. Með tímanum gæti þetta varp, ef til vildi, gefið af sjer 100 pund af dún, og fyrir það kæmu eigi svo litlir peningar inn í landið, en ef landssjóðurinn framvegis hjeldi eins fast í jörðina og nú, stæði hann í vegi fyrir því. Hvað leiguliðann sjálfan snerti, hefði hann þekkt hann, og heyrt ætíð talað um hann, sem mesta dugnaðarmann. Hann vildi leggja það til, að málinu yrði vísað til 3. umræðu, til þess að menn gætu meðal annars kynnt sjer skýrslur þær, er umboðsmenn hefðu gefið um leigumála á jörðum, og sýslunefndir og amtsnefndir síðan yfirskoðað, því að rjettast væri að fara eptir henni í því, að ákveða verðið á jörðinni.

Þegar hjer var komið umræðunum, bar forseti eptir ósk 4 þingmanna, þeirra

Eiríks Kúlds,
Bergs Thorbergs,
Stefáns Eiríkssonar,
Árna Thorsteinsonar,

undir atkvæði þingdeildarinnar, hvort eigi skyldi hætta þeim, og var það samþykkt; því næst bar hann frumvarpið undir atkvæði, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaruppástunga Jóns Jónssonar, að í stað «stjórnarherra» komi «ráðgjafa», felld með 7 atkvæðum gegn 2.
2. Breytingaruppástunga sama, að orðin: «leiguliða þeim, er á jörðinni býr» falli burt, felld með 7 atkvæðum gegn 2.
3. Frumvarpið sjálft fellt með 7 atkvæðum gegn 3.

LVIII. SALA Á ÞJÓÐEIGNUM.

A.

Frumvarp til laga um sölu á þjóðeignum. Frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga. Sjá I 79—80.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 10. fundi, 12. júlí.

Málinu var eptir uppástungu flutningsmanns umræðulaust og í einu hljóði vísað til nefndar þeirrar, sem sett hafði verið í málinu um sölu Miðhóps og Arnarness; en í henni voru: Páll bóndi Pálsson, Benedikt Sveinsson, Friðrik Stefánsson, Guðmundur Einarsson og Einar Ásmundsson.

Önnur umræða í neðri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Nefndarálit I 143.

Flutningsmaður (*Páll prestur Pálsson*) tók frumvarp sitt aptur.

B.

Frumvarp til laga um sölu á þjóðeignum. Frá nefndinni í næsta máli á undan. Sjá I 143.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 17. fundi, 21. júlí.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg vil leyfa mjer að koma með uppástungu um meðferð þessa máls. Eins og kunnugt er, er fyrir efri deildinni umfangsmikið mál, skylt þessu, um bygging jarða landssjóðsins, og hefur nefndaráliti efri deildarinnar verið útdeilt hjer í deildinni; þar að auki liggja fyrir þinginu ekki færri en 7 uppástunguatriði um málið, þar á meðal 1 um sölu á eignum landssjóðs, allt svo einmitt hið sama, sem frumvarpið fer fram á, en í gagnstæða átt. Nefndin í efri deild hefur sem sje komizt að gagnstæðri niðurstöðu við það frumvarp, er hjer liggur fyrir, og finnst mjer því ætti að fresta þessari umræðu, þangað til álit efri deildarinnar liggur fyrir með öllum fylgiskjölum málsins, sem eru tillögur sýslunefnda, umboðsmanna og amtsráða um land allt, og menn hafa kynnt sjer málið í heild sinni.

Forseti kvað ekki nauðsynlegt að fresta 1. umræðu þessa máls, en þar á móti væri hægt að fresta 2. umræðu, þangað til málið um bygging þjóðjarða kæmi frá efri deild, og það kvaðst hann mundu gjöra.

Framsögumaður: Jeg gjöri mig fullkomlega ánægðan með, að deildin láti málið ganga til 2. umræðu, en verð þó að áskilja mjer rjett til þess, að tala um málið í heild sinni, þó slíkt eptir þingsköpunum heyri eigi undir 2. umræðu, þá kemur allt í sama stað niður fyrir málið sjálft.

Þá var gengið til atkvæða og var málinu vísað til 2. umræðu með 17 atkv.

Önnur umræða í neðri deild, á 25. fundi, 30. júlí.

Breytingartillögur I 206.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg skal ekki vera langorður um þetta nefndarálit; það hefur legið svo lengi fyrir deildinni, að hún hefur haft tækifæri á að kynna sjer það til hlítar. Jeg skírskota að eins til þess, sem áður hefur verið sagt, að tilgangurinn er að fá lög um sölu á þjóðjörðunum, er ganga í þá stefnu, að þjóðjarðir fáist keyptar fyrir fullkomið verð, og ríkasta hvötin til þess er sú, að auka velmegun landsbúa og rjetta við landbúnaðinn. Þetta útlistaði jeg ljóslega í hitt eð fyrra fyrir hinni heiðruðu deild, þá er jeg kom fyrst með lagafrumvarp um sölu þjóðeignanna, og þykist því eigi þurfa að fjölyrða um það nú, sem er svo ljóst og í augum uppi. Þessi aðalástæða vona jeg því að sje nóg til þess, að deildin felli eigi frumvarpið. Jeg skal þó bæta því við, salan er þar að auki stórkostlegur hagur fyrir landssjóðinn, beinlínis að því leyti, að umboðslaunin renna í hann, sem nú í rauninni eru lögð til ónýtis á herðar leiguliðum landssjóðsins jafnt fátækum sem efnuðum, og óbeinlínis að því leyti, að með vaxandi velmegun í landinu, gefst landssjóðnum eðlilega vegur til að auka tekjur sínar, ef með þarf, án þess að íþyngja gjaldþegnunum um of. Þetta frumvarp er að öðru leyti sniðið eptir því frumvarpi, sem jeg lagði fyrir þingdeildina í hitt eð fyrra; að eins hef jeg reynt til að sneiða hjá þeim mótbárum, sem það þá mætti frá hálfu ýmissa háttvirtra þingmanna, sem eru mótfallnir þjóðeignasölum yfir höfuð, og því leita að öllum mögulegum agnúum á hverri þeirri uppástungu, sem fer í þá stefnu, að koma henni fram. Uppboðssölunni er haldið í frumvarpinu vegna þess, að með því einu móti fæst full trygging fyrir því, að landssjóðurinn fái jörðina sem bezt borgaða. Eptir því, sem nú er ákveðið í þessu frumvarpi, veldur uppboðskostnaðurinn engum erfiðleikum; verði salan

samþykkt með lögum, bætast uppboðslaunin við kaupverðið; að öðrum kosti missir landssjóðurinn þau, svo engu er til kostað, nema ómakinu fyrir sýslumenn, en þeim er sjaldan hlíft við smávikum. Jeg skal geta þess viðvíkjandi því, að frumvarp það, sem nefndin fjekk til meðferðar, stakk upp á því, að undirbúningurinn til sölunnar væri þannig lagaður, að það væri heyrum kunnugt, að selja ætti jörðina, þá fannst nefndinni sá vegur óframkvæmanlegur, sjer í lagi vegna forgangsrjettar leiguliða, því að þá hefði orðið að rita leiguliða svo og svo opt, hvort hann vildi ganga að því hæsta boði, eða þá að selja jörðina í blindni, hvað kaupverðið snertir. Þessi galli og erfiðleiki virtist nefndinni svo yfirgnæfandi, að hún gat ekki ráðið til að ganga þessa leið, Auk þess vita allir, að uppboðið er sá vissasti mælikvarði fyrir því, hvað fengizt geti fyrir einn hlut, og það er sannarlega ekki tilgangur nefndarinnar að vanrækja nokkuð það, er gæti greitt landssjóðnum götu til þess, að fá sem mest fyrir eignir sínar hjá þeim, sem vilja kaupa þær, og vinna um leið að því allsherjar augnamiði, frelsi bændastjettarinnar og framförum landbúnaðarins, sem þjóðeignasalan miðar til.

Varaforseti: Þetta frumvarp er í öllu verulega hið sama sem frumvarpið 1877, sem var fellt af þeirri ástæðu, að oss virtist, að taka ætti fyrir þjóðeignamálið í heild sinni, er gengur fyrst frá hreppsnefndum til sýslunefnda, frá þeim til amtsráðanna og þaðan til þingsins; nú er það í efri deildinni, og er því örðugt fyrir oss í þessari deild, að greiða atkvæði, meðan svona stendur. Í frumvarpinu 1877 þóttu þingmönnum einstök atriði óheppileg, og eins er nú með þetta. Meðal þessara atriða er uppboðið, sem fram á að fara 2 árum áður, en skorið er úr, hvort salan verði samþykkt, því að fyrst er jörðin boðin upp, síðan er uppboðsgjörðin send landshöfðingja, síðan alþingi, sem getur fellt hana eða samþykkt. Þessi aðferð er ekki heppileg; margt getur breytzt á 2 árum; jörðin skemmzt af völdum náttúrunnar; kaupanda breytzt hugur, eða hann fallið frá. Auk þess er það mikill erfiðisauki fyrir sýslumenn, að ferðast, ef til vill, langar leiðir til uppboðs, sem verður ónýtt. Mjer virðist því mikil ástæða til að breyta þessari ákvörðun. Að öðru leyti álít jeg heppilegast að bíða með þetta mál, þangað til menn sjá, hver úrslit málið fær í heild sinni, og jeg fyrir mitt leyti greiði ekki atkvæði með frumvarpi þessu.

Framsögumaður: Jeg er samdóma varaforseta um það, að það væri heppilegra, að láta úrslit þessa máls hjer í deildinni bíða þess, að efri deildin ljúki af starfa sínum viðvíkjandi byggingu þjóðjarðanna, því hjá henni liggja allar skýrslur málsins. Jeg játa að öðru leyti, að uppboðið hefur eina annmarka, en jeg sje ekki, að þeir geti fallið burt nema fleiri og verri annmarkar komi í staðinn, og sýnir þetta bezt breytingartillaga þingmanns Mýramanna tölul. 2, þegar hún er lesin niður í kjölinn. Hver verður t. a. m. eptir henni tímalengdin, frá því boðið er gjört og þangað til að það er samþykkt. Sá hnútur, að koma forkaupsrjetti leiguliða saman við hæfilegan aðgang hvers, sem vill kaupa jörðina, verður aldrei leystur, nema með opinberu uppboði á þann hátt, sem frumvarpið fer fram á. Eptir nefndarálitinu er hverjum frjálst að kaupa, sem vill, en með því skilyrði, að leiguliði hafi forgöngurjett, og þetta er það eina og rjetta sjónarmið í málinu. Að öðru leyti er jeg fús á að koma mjer saman við varaforseta fyrir 3. umræðu, sje samkomulag millum okkar mögulegt í þessu efni.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þykir þessi aðferð, sem hjer er höfð, óvanaleg, að láta nefndarálit koma með sjerstöku frumvarpi, sem sprottið er af sölu á Miðhópi, jeg get því ekki skilið, að þetta sje önnur umræða. Mjer líkar frumvarpið vel, að því leyti að það gjörir sem erfiðast að selja þjóðjarðir. Það er skoðun mín, að menn ættu að hafa sem minnst yfir af því, að selja beztu jarðir landssjóðsins. Kostir þeir, sem taldir eru á að selja jarðirnar, eru ekki nýjir; þeir

vorn, ef mig minnir rjett, teknir fram gegn Jóni Eiríkssyni forðum daga, og hafa eigi reynzt miklir. Annar kosturinn, sem talinn er við þjóðjarðasöluna, er sá, að sjálfseignarbændur fjölgi í landinu, en þeir fjölga á þann hátt, að margir, sem kaupa, verða svo skuldugir, að þeir hafa ekki efni á að viðhalda búi sínu, og það er þó bóndanum nauðsynlegast. En jarðirnar ganga að sjálfsögðu bráðlega úr eign þeirra, sem keyptu þær. Eða hve margir búa nú á sjálfseign af öllum stólsjörðunum, sem voru seldar til að búa til sjálfseignarbændur. Hinn kosturinn er talinn sá, að jarðirnar verði betur setnar, en ef jarðir eru seldar, þá ganga þær opt í einstakra manna hendur, og landssjóðurinn er ekki sá harði landsdrottinn, heldur sumir einstakir menn. Mjer finnst nær að skylda einstaka menn, sem fara illa með jarðir sínar, eða eru harðir við landseta sína, til að selja þær. Ef jeg væri viss um, að frumvarp þetta væri til þess, að sem minnst yrði selt af þjóðjörðum, skyldi jeg greiða atkvæði mitt með því, en af því jeg er ekki alveg viss um það, mun jeg greiða atkvæði á móti því.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma varaforseta, að eigi skuli samþykkja frumvarp þetta nú, heldur bíða þangað til aðalmálið kemur fyrir deildina, sem nú er í efri deildinni. Þar eð samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar útheimtist lagaboð um sölu þjóðeigna, þá get jeg ekki sjeð, að nauðsynlegt sje að hafa sjerstök lög um undirbúninginn á sölunni; mjer sýnist að ályktun frá þinginu eigi betur við um það. Það er því mín tillaga, að frumvarpinu sje hafnað, og ályktuninni frestað, þangað til þjóðjarðamálið í heild sinni liggur fyrir þessari heiðruðu deild. Með tilliti til hinna einstöku atriða frumvarpsins, þá sje jeg eigi ástæðu til frá hálfu hins opinbera að styðja að sölu þjóðjarða, nema ef leiguliði býðst til að kaupa, eða þá að jörðin er ábúðarlaus. Í því tilliti á eptir mínu áliti uppástunga þingmanns Mýramanna betur við, því að ef leiguliði vill kaupa, þá er uppboðið óþarft, en þingi og stjórn innanhandar að útvega skýrslur án uppboðs. Uppboðsverð er þar að auki óáreiðanlegt. Jeg get ímyndað mjer, að þegar leiguliði vill kaupa ábúðarjörð sína, þá muni aðrir lysthafendur eigi vilja bjóða móti honum, og jörðin verði því ódýrari en annars. Jeg er samdóma þingmanni Mýramanna um það, að þegar annar maður en leiguliði býðst til að kaupa, þá skuli við hafa uppboð, en jeg er ekki á því, að hver maður geti krafizt uppboðs, þegar leiguliði vill eigi kaupa.

Framsögumaður: Mjer skildist, að landshöfðingi vildi fella frumvarpið, af því að heppilegra væri, að þetta væri í ályktunarformi, og sú ályktun svo dregin þangað til málið kæmi í heild sinni fyrir deildina frá efri deildinni. Jeg skal játa, að betra væri, eins og jeg áðan sagði, að fresta máli þessu til þess, að menn hvorki gerðu of mikið, eða of lítið, áður en oss er kunnug niðurstaða efri deildarinnar. Það er kemur til hinna sjerstöku athugasemda landshöfðingja, þá virtist mjer hann hallast að því, að leiguliði einn ætti að hafa að gang að kaupum á þjóðjörðum. Samkvæmt frumvarpinu hefur hann að eins forgöngurjett, en hitt finnst mjer rangt og óeðlilegt, að hann hafi eingöngu rjett til kaupanna. Hagur landssjóðsins útheimtir augljóslega, að sem flestum gefist kostur á að bjóða í jarðirnar, og stundum er engin ástæða til að hlífa leiguliðanum; jeg vil taka til dæmis, þar sem jarðníðingar sitja á góðum jörðum, þá er það hart, að dugandi menn fá ekki að kaupa jarðirnar fyrir það verð, sem landssjóður sjálfur ekki getur haft upp úr þeim, af því nýr eigandi getur haft miklu meiri arð af jörðinni, en hún gefur landssjóðnum af sjer undir slóðanum. Hvað það tilfelli snertir, að jörðin sje ábúðarlaus, þá vita allir, að engin jörð má standa ábúðarlaus, og því verður að vera kominn ábúandi á hana áður en málið kemur til þings. Ákvörðun þingsmanns Mýramanna um uppboðið kemst því að eins að, ef ábúandi fæst eigi, en þetta kemur líklega aldrei fyrir, og þá held-

ur ekki uppboðið. Landshöfðingi sagði, að uppboð væru óáreiðanleg, af því að menn mundu skirrast við að bjóða í kapp við leiguliða, en eins og hjer stendur á, eru uppboðin opinber, og bæði utansveitar- og innansveitarmenn hafa rjett til að kaupa. Jeg skal að svo mæltu leyfa mjer að skjóta því til forseta, hvort ekki megi fresta umræðunni.

Forseti: Þetta mál var hjer til 1. umræðu 21. júlí, og þá var stungið upp á að fresta því þangað til aðalmálið um bygging þjóðjarða o. fl. kæmi frá efri deildinni, en nú er það enn eigi komið, og jeg held það geti, ef til vill, dregizt nokkuð lengi, að efri deildin klári þetta mál, því mjer hefur verið sagt, að nefndin, sem sett var í málið, hafi tekið það til nýrrar og ýtarlegri meðferðar. Ef nú ætti að láta þetta mál bíða eptir úrslitum hins málsins í efri deildinni, held jeg það kynni að dragast nokkuð lengi, og málinu yrði ef til vill aldrei lokið. Það er því tilætlan mín, að þessi deild geti verið búin svo fljótt með þetta mál, að það geti komizt upp í efri deildina, áður en aðalmálið er útkljáð þar; vil jeg mæla á móti því að fresta umræðunum.

Hjálmur Pjetursson: Jeg hef eigi fyr tekið til máls í þessu máli, enda játa jeg, að jeg er lítt kunnur þjóðjörðum og ábúð á þeim, því að þær eru fáar í mínu byggðarlagi. Jeg hef því enga ástæðu til að skoða þetta mál öðruvísi en frá almennu sjónarmiði. Það hefur verið haft á móti þjóðeignasölunni, að ekki sæist á ábúð jarðanna, hvort á þeim byggi sjálfseignarbóndi eða leiguliði, en þetta sannar ekki, að sjálfseignarbóndinn fari ekki betur með sína jörð, heldur en leiguliðinn, heldur sýnir það hina almennu deyfð á jarðabótum hjer á landi. Þvert á móti verða menn að ætla, að það hvetji manninn til jarðabóta, ef hann á jörðina. Geti menn komið með nokkur dæmi upp á það, að leiguliði, sem bætt hefur ábúðarjörð sína, hafi að óbreyttum kringumstæðum hætt öllum jarðabótum, er hann varð eigandi jarðarinnar, þá væri það sönnun, en jeg hygg, að þau dæmi finnist eigi; hitt má heldur ætla, og færa mörg dæmi til, að menn miklu fremur haldi áfram jarðabótum en hætti þeim, er þeir verða eigendur jarðanna. Það hefur og verið fært til ástæðu móti þjóðjarðasölunni, að ríkismennirnir kaupi jarðirnar og safni þeim saman, án þess að bæta þær. Jeg er reyndar eigi með því, að stuðla til þess, að einstakir menn kaupi jarðir, því fáir þeirra láta sjer umhugað um að bæta þær, nema einungis ábúðarjörð sína, þeir sem bezt gjöra; þó jeg á hinn bóginn sjái enga hættu búna af því, því að þess háttar auður stendur sjaldnast nema vissan tíma, svo að það get jeg ekki talið sem ástæðu móti þjóðeignasölunni. En jeg vil fara hægt í málið að þessu sinni, og því eigi gefa söluna lausa, nema við ábúendur eina. Aðalaugnamið mitt er að fá jarðirnar bættar, og af þeirri hugmynd er breytingartillaga mín sprottin; enda hafa nokkrir þingmenn orðið til þess að mæla með henni, og þar á meðal landshöfðingi. Það hefur verið tekið fram, að jarðirnar gætu skemmzt, eða breytzt á því tímabili, sem hlýtur að líða frá því jörð er föluð til kaups, og þangað til alþingi hefur samþykkt söluna; þetta getur vel verið, en jeg ímynda mjer, að þingið taki það þá til greina, ef það fær áreiðanlegt vottorð í því efni, sem varla þarf að efa, að það mundi fá annaðhvort frá kaupanda eða umboðsmanni. Líka hefur það verið sagt, að að eins beztu jarðirnar yrðu keyptar; en jeg held, að eigi sje gild ástæða fyrir því, en þó svo færi, þá eru þær líka dýrar; þar að auki er það eigi neitt ólíklegt, að litlar jarðir og lakari verði líka keyptar, því þær yrðu ódýrri, og mundu margir vilja kaupa þær engu síður en hinar. Yfir höfuð finnst mjer, að miklu meira mæli með en mót máli þessu, og jeg álít þjóðeignasöluna rjetta og gagnlega, ef hún gengur í góðu hófi. Það hefur verið talað um að fresta frumvarpinu, þangað til efri deildin er búin með málið um bygging þjóðjarða, en það álít jeg sama sem að fella það; er því bezt að hafa ráð forseta, og láta það

komast upp í efri deildina, áður en aðalmálið kemur frá henni.

Varaforseti: Hinn háttvirti framsögumaður játaði, að annmarkar væru við frumvarpið, en sagði, að líkir annmarkar mundu verða við hverjar aðrar uppástungur, sem ættu að koma í stað frumvarpsins. Um þetta er ekki hægt að dæma, því að engar af þeim uppástungum liggja nú fyrir, nema breytingaruppástunga þingmanns Mýramanna, sem jeg get fallizt á í mörgu. Meðal annara annmarka við frumvarpið er sá, að sýslumenn eiga að bjóða upp svo margar jarðir, sem menn kunna að óska til kaups, en hafni þingið sölunni, þá falla uppboðslaun niður og öll fyrirhöfn þeirra er ófyrirsynju. Það er enn eitt atriði, sem jeg gleymdi að taka fram áður; ef frumvarpið nær fram að ganga, þá skerðir það bæði rjett þingsins og stjórnarinnar, og rjett hvers einstaks þingmanns, til þess að stinga upp á sölu einhverrar jarðar. Þessi rjettur, sem 21. og 37. gr. stjórnarskrárinnar gefa þinginu og hverjum þingmanni út af fyrir sig, er takmarkaður, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, því að jeg get ekki sjeð, að þá megi eptirleiðis stinga upp á sölu nokkurrar jarðar. Sömuleiðis er það rjett, sem landshöfðingi sagði, að það getur fyrir komið, að einhver af jörðum landssjóðsins verði ábúandalaus, og landsstjórninni er þá um að gjöra að geta selt hana, og það getur vel hugsazt, að þó enginn vilji taka hana til leigu, þá vilji einhver eiga hana, til þess að hafa þar útibú eða eitthvað þess konar; en frumvarpið sviptir stjórnina leyfi til að stinga upp á sölu einstakra jarða, nema eptir þeim reglum, sem það ákveður. Sömuleiðis er þingið og einstakir þingmenn útilokaðir frá að stinga uppá sölu jarða, þótt það geti verið haganlegt að selja einhverja jörð. Jeg er samdóma samþingismanni mínum úr Gullbringusýslu, að rjett sje að gjöra mönnum örðugt, að fá þjóðjarðir til sölu; en jeg vil ekki gjöra það alveg ómögulegt þinginu, að selja þær. Jeg sje ekki annað fyrir, úr því forseti vill ekki leyfa að fresta málinu, en annaðhvort að samþykkja breytingaruppástungur þingmanns Mýramanna eða þá fella málið.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst, þegar jeg athuga þetta mál, helzt vera 2 aðalatriði, sem koma til skoðunar; á eina hliðina hagur landssjóðsins, og á hina hliðina hagur landbúnaðarins eða landbúsins. Sumir vilja ekki selja neina þjóðjörð, aðrir vilja selja nokkrar þeirra. Þeir, sem ekki vilja selja þjóðjarðir, telja það skaða fyrir landssjóð, en þeir, sem selja vilja, vilja það af því, að það sje hagur fyrir landbúnaðinn. Þetta er hvorttveggja rjett, en þessar ólíku skoðanir sýna, að vjer lítum ekki á málið jafnt frá hvorritveggja hliðinni. Ef vjer skoðum málið frá landssjóðsins hlið, þá er hag hans fullnægt, ef selt er með fullkomnu verði; og til þess útheimtist, að öllum sje gefið tækifæri til að gjöra tilboð í jörðina. Þegar jeg lít á hag landssjóðsins, þá sje jeg ekkert meðal betra, en eins og ákveðið er í 2. gr. frumvarpsins, að fyrst sje leitað skýrslna umboðsmanns og sýslunefndar, og svo haldið uppboð, svo allir lysthafendur geti átt kost á að bjóða í jörðina. Frá landssjóðsins hlið er þetta hin bezta aðferð, nema skriflegu tilboðin sjeu enn betri, sem jeg reyndar ætla, og ætti því framsögumaðurinn í fjárlagamálinu að leggja áherzlu á það, að landssjóðurinn missi einskis í. Frá landbúnaðarins hlið, þá álít jeg rjett, að gefa mönnum kost á að kaupa jarðir landssjóðsins, en jafnframt setja fastar og góðar reglur fyrir sölunni, og til þess eru þessi lög samin. Varaforseti var að vorkenna sýslumönnunum, að þeir skyldu þurfa að bjóða upp jarðir, og uppboðið svo ef til vill verða til einskis, ef þingið hafnar sölunni. Varaforseti á sannarlega þakkir skilið fyrir þessi brjóstgæði sín af sýslumönnunum; en sýslumaðurinn vinnur eptir minni skoðun þetta starf í landssjóðsins þarfir, eins og mörg önnur störf, og því ætti framsögumaður fjárlagamálsins að vera eigi um of vorkunnlátur. Þegar jeg ber saman 2. gr. við breytingartillögu þingmanns Mýramanna

við hana, þá finnst mjer breytingartillagan nokkuð þröng. Jörðin fæst eptir henni ekki keypt, nema leiguliði vilji kaupa hana, og getur þá enginn annar fengið byggða þjóðjörð keypta; þetta væri rjett, ef leiguliði væri færastur manna til að fara vel með jörðina. En nú er það ekki sagt, að leiguliði geti bezt allra hagnýtt sjer jörðina, en sá býður vanalega mest í jörðina, sem bezt getur hagnýtt sjer hana og haft gagn af henni. Ef nú einhver vill kaupa jörð, af því hún hefur einn kost, t. d. sjávarútveg, er góð til útbeitar, hagagöngu eða í einu orði sagt góð saman við aðra jörð, en nú býr húsmaður á henni, hvernig fer þá? Á þá landssjóðurinn að bíða eptir húsmanni, þangað til hann getur keypt jörðina, en má ekki selja hana öðrum? Jeg þekki ekki það kot til, sem gangi ekki út til ábúðar; ef ekki vill betur til, þá er settur þangað hreppsómagi, til þess að vera í húsunum. Umboðsmaðurinn í Munkaþverárumboði getur borið um, hvort þetta er ekki satt, þótt ekki sje í hans umboði. Hvað aðra breytinguna snertir, að 3. grein falli niður, og komi ný grein í staðinn, þá get jeg ekki sjeð, að sú breyting hafi neina þýðing í framkvæmdinni. Jeg get ekki hugsað mjer, að nein þjóðjörð verði laus úr ábúð til lengdar. Annar galli á breytingunni undir 1. tölulið er sá, að ekki á að halda neitt uppboð á jörðinni, og ekki gefa neinum nema leiguliða kost á, að bjóða í jörðina. Sýslumaðurinn á að leita álits umboðsmanns, bera síðan málið undir sýslunefnd, hún segir álit sitt, og síðan sendir sýslumaður málið til landshöfðingja, sem ber söluna undir alþingi. Jeg verð að segja fyrir mig, að jeg skil ekki, hvernig alþingi getur samþykkt söluna, þegar hún er svona illa undirbúin. Það er merkilegt, ef ekki á að viðhafa í þjóðjarðasölu hina sömu aðferð, sem við er höfð í viðskiptum manna á meðal, að láta þá, er kaupa vilja, segja til, hvað þeir vilja gefa fyrir hlutinn. Jeg er hræddur um, að þessi aðferð, sem þingmaður Mýramanna stingur upp á, verði til þess, að menn reyni að útvega góðum kunningjum þjóðjarðir með góðu verði. Þetta hefur ekki verið meining þingmannsins, það er jeg viss um, en afleiðingin verður þessi, ef tillaga hans verður samþykkt. Til þess að draga saman í eitt orð mín, þá er það álit mitt, að þingið eigi að gefa mönnum kost á að fá keyptar þjóðjarðir, og gjöra sitt til, að bændaeign fari vaxandi í landinu, en þó svo, að landssjóðnum sje borgið, og er það vissast, með því að samkeppni sje milli fleiri, er óska að fá jörðina til kaups, í einu orði, með því að halda uppboð á jörðinni. Sýslumaður skal lýsa því yfir, að jörðin standi til boða, og haldi svo eptir 3 mánuði uppboð á henni, eða láti lysthafendur senda sjer innsigluð boð í jörðina, og er sama, hvor aðferðin er höfð; í báðum liggur það, að gefa hverjum tækifæri til að lýsa því yfir, hvað hann vill gefa fyrir jörðina, og hve mikið hann metur hana. Varaforseti gat um það, að frumvarpið skerti uppástungurjett þingsins samkvæmt 21. og 37. grein stjórnarskrárinnar, en jeg vil minna hann á, að hann hefur verið með öðrum lögum, sem ekki minna skerða rjett alþingis, það er að segja, samþykktarlögum um fiskiveiðar (*Varaforseti:* Nei!) Þau lög hafa gefið eigi minna burt af valdi alþingis. En, ef betur er að gáð, þá er engin hætta búin, hvorki af samþykktarlögunum nje heldur af þessu frumvarpi, þó það verði lög, fyrir því að alþingi er jafnan frjálst, að af taka lög sín og taka aptur við óskertum löggjafarrjetti sínum, ef því finnst virðing sinni misboðið, eða rjettindin ranglega notuð.

Páll Pálsson bóndi: Mjer finnst ágreiningurinn þurfi ekki að vera svo mikill um þetta mál, því að það kemur niður á sama stað, hvort sem fylgt er nefndarálitinu eða breytingartillögu þingmanns Mýramanna. Eptir nefndarálitinu eru rjettindi leiguliða ekki skert, því að það er ólíklegt, að menn bjóði mikið í mót honum, ef menn vita, að hann vill fá jörðina til eignar (*Arnljótur*

Ólafsson: Jú!). Ef sýslunefndin á að fjalla um málið, þá setur hún fullkomið verð á jörðina. Það er ef til vill meiri trygging, ef sýslunefndin er látin ákveða verðið, því að jeg álít ekki rjett, að landssjóðurinn sje að okra með eigur sínar, heldur sje honum nóg að fá nokkuð meira, en svarar leigunum af jörðunum; það ætti að vera nægilegur ágóði fyrir hann. Jeg furða mig á ræðu varaforseta, því að jeg man ekki betur, en að hann 1877 legði á móti allri jarðasölu, og fann sjer þá margt til, hve mikið óráð það væri að selja þjóðjarðirnar; en nú þykja honum of miklar skorður settar fyrir sölu þjóðjarða, er hann þá ekki nú orðinn á móti sölu þjóðjarðanna? (*Varaforseti:* Jeg er það enn!). Á því átti jeg von, að þingmaðurinn væri enn mótmæltur þjóðjarðasölu, en ætli þá sje ekki bezt, að hafa sem þrengst takmörkin fyrir sölunni? Það er satt, að jörðin getur breytzt, áður en þingið hefur samþykkt söluna, en það getur komið fyrir, hverri aðferð sem fylgt er; ef jörðin breytist af náttúrunnar völdum, þá mun kaupandinn sjá um að tilkynna þinginu, að hann ekki geti gengið að kaupunum, og þar að auk er stjórninni ekki skipað að selja, þó alþingið samþykki söluna, heldur leyft að selja. Hvað snertir það, að rjettindi þingsins sjeu skert með þessu frumvarpi, þá hefur þingmaður Norðurmúlasýslu svarað því rjettilega með því, að geta þess, að þingið hefur samþykkt lög, er meira skerða rjettindi þingsins. Mjer finnst deildin ætti að samþykkja aðra hvora uppástunguna, annaðhvort uppástungu nefndarinnar eða þingmanns Mýramanna, en jeg legg enga áherzlu á, hvor uppástungan er samþykkt. Landshöfðinginn vildi heldur, að þessar reglur fyrir þjóðjarðasölu kæmu fram í þingsályktun en í frumvarpi, og þótti honum það formlegra, en jeg held, að í ályktunarformi verði ekki eins vel teknar fram þær reglur, sem tryggjandi eru, en annars hefði jeg ekkert á móti því.

Framsögumaður: Jeg hef ekki miklu að bæta við það, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði; jeg er alveg sannfærður um, að ef 1. tölul. breytingarinnar kemst að, svo að leiguliðinn einn getur fengið þjóðjörð til kaups, þá muni það rýra mögulegleikana til, að landssjóðurinn fái sitt fyrir jörðina. Ef maður tekur það tilfelli, sem því miður er of almennt, að slóðar og jarðníðingar búi á þjóðjörðunum, þá er auðvitað, að þeir munu meta þær eptir því litla gagni, sem þeir hafa af þeim, en sá, sem er dugandismaður, lítur á þau gæði, sem með dugnaði og atorku geti fengizt af jörðinni. Eins og landshöfðinginn veit, þá er í öðrum löndum, t. d. Danmörku, skoðað svo, að leiguliðinn hafi forgöngurjett til kaups á jörðinni, en ekki frekar. Þetta er líka mikill rjettur, og það ýtrasta stig, sem maður getur gengið í að rýra verð þjóðjarðanna. Hvað snertir 2. tölul., þá getur maður fljótt sjeð, að hann er óhafandi; þar segir t. a. m.: «uppboðinu skal lokið 3 vikum fyrir fardaga»; eptir þessari reglu er ómögulegt að ímynda sjer, að nokkur geti fengið jörð til kaups, því sýslumönnum mun örðugt að halda uppboð um það leyti, sem þessi uppástunga bendir til, og þá má þó eigi heldur leigja hana, svo hún falli eigi inn undir 1. tölul. Hvaða meining er í þessu. Síðan stendur: «að afloknu uppboðinu leggur sýslumaður málið fyrir sýslunefndina», og á að vera búið að samþykkja allt fyrir fardaga, en alla þessa bollalegging getur einn stórhríðardagur gjört ónýta. Að byggja þetta mál á svo hálum reglum, get jeg ekki skilið að sje rjett; það væri þá rjettara að fella allt málið. Varaforseti áleit það óheppilegt, að láta uppboðslaunin falla niður, ef alþingi ekki samþykkir söluna, og vildi láta landssjóðinn græða uppboðslaunin, þó ekkert yrði af sölunni. Jeg vil nú spyrja hann, hvernig fer með uppboðslaunin eptir breytingartillögu þingmanns Mýramanna? (*Varaforseti*: Jeg er ekki með henni!) Þar er engin regla gefin um það, hvernig fara skuli með uppboðslaunin. Varaforseti kom með þá hættulegu ástæðu mót þessu frumvarpi, að það væri brot gegn stjórnarskránni, og takmarkaði uppástungurjett þingsins, en hann verður að

gæta þess, að þetta sama leiðir af öllum lögum; með öllum lögum takmarkar þingið sig sjálft í því tilliti, að það er bundið við sín eigin lög, þangað til það upphefur þau aptur, en hver þingmaður hefur uppástungurjett í því, að upphefja gömul lög, eins þessi sem önnur.

Tryggvi Gunnarsson; Þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, inniheldur reglur um það, þegar jarðir landssjóðsins skal selja. Jeg vil nú halda mjer við málið, en ekki fara út í það, hvort haganlegt er að selja þjóðjarðir eða ekki, því að það kemur ekki þessu máli við, og mun jeg því ekki svara því, sem þingmaður Mýramanna og fleiri hafa sveigt að skoðun minni í þessu jarðasölumáli, en einungis líta á, hverjar reglur eru hentugastar, þegar þjóðjarðir eru seldar. Eins og kunnugt er, er jeg ekki meðmæltur þjóðjarðasölu, en þó vil jeg ekki aðhyllast svona erfiðar reglur fyrir þjóðjarðasölu. Það var tekið fram á þingi 1877, hvað sá máti er óhentugur, að selja jarðirnar við uppboð, og með öllu óhafandi; því furðar mig á, að nefndin skuli koma með þetta aptur á næsta þingi. Jeg hef nú reynt til að taka eptir ræðum þingmanna, til þess að komast að, hvaða ástæðu þeir hafa til að vilja selja þjóðjarðir, og er hún mjög óglögg og á reiki; sumir vilja að eins selja leiguliðum, aðrir vilja bara selja út í loptið hverjum, sem hafa vill, en flestir bera fyrir, að þeir fylgi sölunni vegna þess, að búnaðurinn muni batna við það, og að þær jarðir sjeu betur setnar, er sjálfseignarbændur búa á, en þær, er leiguliðar búa á. En því vilja þeir þá taka þessa stefnu, að selja jarðirnar við uppboð? Þá er engin trygging fyrir því, að jörðin verði setin af kaupanda, og með því koma menn ekki á sjálfseign. Það getur farið svo, að sami maðurinn bjóði í 10 jarðir, og verði alstaðar hæstbjóðandi og með því móti fjölga ekki sjálfseignarbændur, heldur leiguliðar «prívat»manna. Annað mál er það, ef menn vilja, að landssjóðurinn selji jarðirnar einungis til að græða á sölunni; þá er sjálfsagt að sprengja jarðirnar upp í allrahæsta verð við margítrekuð uppboð og auglýsingar, eins og frumvarpið fer fram á. En sje það meiningin eða alvara, að salan sje til að bæta búnaðinn, og til að láta góðan leiguliða, sem mikið hefur bætt jörð landssjóðsins, njóta verka sinna með því að fá jörðina með sanngjörnu og hæfilegu verði, þá getur sá ekki ráðið til að selja jörðina við uppboð, sem þekkir nokkuð til, hvernig gengur til á uppboðum; hann hlýtur að vita, að þar kemur ekki fram hið rjetta verð, því að stundum er boðið að eins $^1/_5$ hluti þess verðs, er hluturinn kostar, en stundum helmingi meiri en hluturinn er verður, þess vegna er mjög undarlegt, að meðmælendur jarðasölunnar skuli vera að berjast fyrir uppboðum. Hin einasta ástæða, sem eptir minni skoðun getur mælt með sölu þjóðjarða, er að sjálfseignarbændur fjölga, og því ætti það að vera tilgangur laganna um þjóðjarðasölu, að stuðla að því. Annaðhvort á ekki að selja jarðirnar, meðan landssjóðurinn þarf ekki fjár við, eða þá einungis selja þær leiguliðum þeim, er sjálfir ætla sjer að búa á jörðunum. Jeg get þess vegna ekki verið meðmæltur þessu frumvarpi, en vil fremur aðhyllast breytingaruppástungu þingmanns Mýramanna. Jeg tók eptir því áðan, að 1. þingmaður Norðurmúlasýslu talaði um, að það væri hagur að auka bændaeign með þessari þjóðeignasölu, en jeg get ekki sjeð, að það sje nokkur meiri hagur fyrir landið, eða búnaðinum til framfara, að nokkrir ríkisbændur eigi jarðir í tugatölum og haldi leiguliða á þeim, heldur en að landssjóðurinn þá gjöri það; hann mun hafa meint, að það sje hagur að auka sjálfseignarbændur í landinu. Jeg vil enn taka það fram, að jeg skal taka stefnu þingsins í beztu þýðingu, að það vilji auka sjálfseign og bæta búnaðinn með sölunni, en þá vil jeg ekki, að allir þessir erfiðleikar sjeu lagðir í veg fyrir þjóð-

jarðasölu, sem uppboðinu eru samfara; jeg vil ekki, að landsmenn sjeu narraðir til þess að biðja um jarðir og ganga allan þennan langa krókaveg gegnum sýslunefnd, umboðsmenn, sýslumann, uppboð, landshöfðingja og alþingi, og gjöra þeim allan þennan kostnað, þegar engin trygging er fyrir, að þeir geti fengið jarðirnar til kaups þrátt fyrir allar þessar vífilengjur. Jeg álít fulla tryggíng fengna fyrir hinu sanna verði jarðanna, þegar umboðsmaður og sýslunefnd hefur sagt álit sitt um söluna, ef alþingi sýnist annað, þá getur það, í einstökum tilfellum, fært verðið til eða hafnað sölunni, og mun jeg því aðhyllast breytingartillögu þingmanns Mýramanna. Þó jeg sje mótfallinn þjóðjarðasölunni, þá hef jeg ekkert á móti því, að einhverjar reglur sjeu settar, hvort sem það er með lögum eða þingsályktun; það væri, ef til vill, nægilegt, að gjöra það með þingsályktun, eins og landshöfðinginn hefur lagt til.

Hjálmur Pjetursson: Jeg þarf eigi að að halda uppi mikilli vörn fyrir breytingartillögum mínum, því síður sem nokkrir þingmenn hafa orðið til að styðja þær, og met jeg þær miklu meir en aðfinningar 1. þingmanns Árnesinga (*Benedikt Sveinsson*: Af því þær voru rjettar), og þykist þess viss, að þingdeildarmenn hafi skilið svo vel bæði breytingartillögur mínar og orðalag hans, að þeir finni glöggt, að útásetningar hans voru eintómar hártoganir og misskilningur. Jeg skal að eins nefna, sem eitt dæmi, eitt atriði í ræðu hans; hann sagði, að slóði og jarðníðingur gæti verið ábúandi á þjóðjörð og þannig fengið keypta ábúðarjörð sína eptir tillögu minni, en því hefur hann ekki útilokað þessa slóða og jarðníðinga frá forkaupsrjettinum og ábúðarrjettinum í 3. greininni í sínu eigin frumvarpi? Jeg sje ekki, að í frumvarpi nefndarinnar sje meira girt fyrir, að ljelegir ábúendur fái ábúðarjörð sína keypta, heldur en gjört er í tillögum mínum. Ekki gat hann heldur skilið, eða vildi ekki skilja, hvað jeg hefði meint með því, að salan eða uppboðið skyldi vera afgengið 3 vikum fyrir fardaga. Jeg býst eigi við að geta gjört þessum þingmanni það skiljanlegt, en þó skal jeg segja honum það, að mjer datt ekki í hug, að alþingi yrði búið að samþykkja söluna á þessum 3 vikum, en jeg þykist viss um, að aðrir þingmenn hafi skilið þá meining mína, að kaupandinn eða hæstbjóðandinn yrði að eiga það á hættu, hvort alþingi samþykkti söluna eptir á, á sínum tíma, en þó svo færi, að þingið eigi samþykkti söluna, þá hefði hann engu tapað; hann væri þá leiguliði og ætti óskertan rjett að fala jörðina til kaups síðar samkvæmt breytingartillögu minni við 2. grein. Hinn sami þingmaður spurði að því, hvernig færi um uppboðslaunin eptir breytingartillögu minni, þessa spurning hefði hann getað sparað, ef hann hefði lesið rjett, og aðgætt það, að jeg hef ekkert hreyft við 4. grein í frumvarpi nefndarinnar. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu talaði mikið um, að mat eða álit sýslunefndanna yrði óáreiðanlegt eptir tillögum mínum, en skyldi það ekki verða eins óáreiðanlegt eptir tillögum nefndarinnar?

Mjer kemur ekki til hugar að víkja frá þeirri sannfæringu, að álit sýslunefndanna sje miklu áreiðanlegra en uppboð, enda varð það máli þessu mest til falls á þinginu 1877, að þessi ákvörðun um uppboðin var þá sett inn í frumvarpið, og voru þá færð ljós rök fyrir því, enda má það vera öllum kunnugt, sem á uppboðsþing hafa komið, að uppboðsverð er hið óvissasta verð, sem getur átt sjer stað. Jeg get ekki heldur sjeð, að sýslunefndinni ekki sje trúandi fyrir þessu eins og svo mörgu öðru, sem henni er trúað fyrir, og að lögum er lagt undir álit hennar, og er þó allt eins mikilsvert og áríðandi sem þetta. Yfir höfuð álít jeg rjettast að fara heldur varlega í málið að þessu sinni,

eins og menn sjá, að tillögur mínar benda til; það er allt af innan handar að rýmka þetta söluleyfi seinna, ef þörf þykir.

Arnljótur Ólafsson: Mjer virðist hjer hafa komið fram sú skoðun, að annaðhvort eigi alls ekki að selja eða þá að eins selja ábúanda jörðina; í annan stað sú skoðun, að annaðhvort eigi að selja allt eða ekkert. Jeg vil nú hjer fara meðalveginn og gefa mönnum kost á að eignast jarðirnar en þó fyrir fullt verð. Mjer virðist landsetum jarðanna gefin full trygging og fullur rjettur, fyrst þeir mega ganga að hæsta boði, auk þess er þeir halda sjálfsagt ábúðarrjetti sínum eptir byggingarbrjefinu. Væri þeim eingöngu gefinn rjettur til að verða eigendur að jörðunni, yrði það, ef til vill nokkurskonar «verðlaunapeningur» fyrir að niður níða þær, því það geta þeir sjeð út um brekánið, að þess ódýrari yrðu þeim jarðirnar, sem þær væru niðurníddari.

Að ætla landshöfðingja að setja hæfilegt verð á jarðirnar, er ofætlun. Það verður ekki af honum heimtað, að hann þekki jarðir um land allt, og allra sízt geta menn ætlazt til þess, ef nýr landshöfðingi kæmi. Jeg kasta engum hinum minnsta steini á sýslunefndina, þótt jeg sje hræddur um, að hún þekki heldur ekki hverja jörð í sýslunni til hlítar. Þeir einir þekkja jörðina, sem vilja og sem hafa hug á að kaupa hana. Þeir spyrja nákvæmlega eptir henni, og skoða hana enda í krók og kring, Þess vegna er þörf á uppboði eða skriflegum tilboðum með nægum fyrirvara. Samkeppnin ein er hinn rjetti verðmælir jarða sem allra annara hluta.

Framsögumaður: Jeg hef fáu að bæta við það, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði. Jeg vil að eins minnast á ræðu þingmanns Mýramanna, þó að jeg efist ekki um, að deildin hafi heyrt þessa varnarræðu hans. Hann sagði meðal annars, að hann bæri lítið traust til uppboða; en með þessum sínum orðum hefur þingmaðurinn sannað, að hann fallist eigi á 2. grein í sinni eigin breytingaruppástungu, enda verður uppboðið eptir þeirri grein óframkvæmanlegt. 1. þingmanni Suðurmúlasýslu hefur að vísu verið svarað; hann sagði, að þó jarðir landssjóðsins yrðu seldar, þá mundu sjálfseignarbændur eigi fjölga í landinu fyrir það, því að að því mundi reka, að einstakir menn næðu í jarðir þessar. En jeg vil taka eitt dæmi: menn þekkja vel Jón sál. í Móhúsum; hann rakaði saman í fasteign, að jeg held, um 300 hndr., og nú eptir svo fá ár, eru þær dreifðar millum fjölda sjálfseignarbænda. Það er og næsta ótrúlegt, að menn fari að raka að sjer mörgum jörðum, því það er eigi mjög arðberandi að eiga jarðir, nema menn búi á þeim sjálfir. Það mælir enn fremur með þjóðjarðasölunni, að leiga sú, sem landssjóðurinn fær eptir þjóðjarðirnar, er mjög svo lítil, og svarar alls ekki til þeirrar rentu, sem söluverð jarðarinnar mundi gefa af sjer. Á þessum þjóðjörðum liggur og svo gott sem ranglátur skattur, í hið minnsta 1/6 allra jarðarafgjaldanna, sem sje laun þau, er umboðsmennirnir fá fyrir að innheimta eptirgjaldið af jörðunum. Eptir því, er jeg hef komizt næst, nemur þetta gjald meir en 6000 krónum. Þetta er fje, sem eigi rennur inn í landssjóðinn, en hvílir í þess stað á leiguliðunum, eins og jeg tók fram í öndverðu.

Friðrik Stefánsson: Það er nú búið að ræða um þetta mál svo mikið að þessu sinni, og bæði vegna þess og hins, að þá er málið kom til 1. umræðu, þá ljet jeg þá skýlausu meining mína í ljósi, að það væri hagur fyrir landbúnaðinn, að þjóðjarðirnar væru seldar, og jafnframt fyrir landssjóðinn að losast við umboðslaunin, — þá hef jeg eigi að þessu sinni margt að segja um þetta mál. En þó vil jeg svara 1. þingmanni Suðurmúlasýslu því, að bæði eptir sannfæringu sjálfs mín og jafnframt eptir ósk og

áskorun kjósanda minna á 2 almennum hjeraðsfundum fylgi jeg máli þessu. En þar sem þingmaðurinn finnur að því við mig og meðnefndarmenn mína, að vjer hefðum valið uppboðsveginn, þá kemur allt í sama staðinn niður, hvort hann er við hafður — að óskertum ábúðar- og kauparjetti leiguliðans — eða hinn, að þá er ábúandinn hefur falað jörðina til kaups, þá skuli auglýsa boð hans í jörðina, og geta þá aðrir boðið meira, svo að ábúandinn verður að bjóða jafnmikið, svo hann nái jörðinni til eignar. En hvað það snertir, að einstakir menn kaupi margar jarðir, þá er að mínu áliti eigi hætt við því; og þó að svo færi á sumum stöðum, er eigi hætt við, að lendur þær skiptust eigi aptur eptir erfðalögum vorum. Að svo mæltu vil jeg spyrja þingmanninn, á hvaða tíð hann haldi að sjálfseignarbændum fjölgi í landinu fremur en nú er, ef þingið leyfir aldrei að selja þjóðjarðirnar. Þar sem varaforseti sagði, að þetta væri brot á stjórnarskránni, þá ætla jeg eigi að svara því, því að því hefur fyllilega verið svarað. Jeg treysti því, að deild þessi sje svo frjálslynd, að hún leyfi máli þessu fram að ganga, og sje eigi svo háð efri deildinni, að hún fari að bíða eptir hennar hentugleikum.

Halldór Kr. Friðriksson: Framsögumaður sagði, að jarðir landssjóðsins gæfu eigi af sjer meiri leigur, en sem svaraði rentunum af þeim peningum, er í jörðunum stæðu eða rentunum af söluverði þeirra. En því eru menn þá að falast eptir að kaupa jarðirnar? Mundu allir vera svo heimskir að kaupa jarðir þessar og fá þó minni arð eptir þær, en sem svarar rentunum af peningum þeim, er jörðin var keypt fyrir, ef þeir stæðu í konunglegum skuldabrjefum? Nei, þeir sjá, að eptir nokkur ár verður afgjaldið miklu hærra að krónutali en leigurnar af söluverði jarðarinnar. Einmitt vegna þessa vil jeg að þingið fari mjög varlega í þjóðjarðasöluna. Vjer sjáum, að nýlega hafa verið boðnar 3400 kr. í eina þjóðjörð (o: Miðhóp í Húnavatnssýslu); leigan af þessu söluverði er 136 kr., og vjer skulum setja svo, að þessi leiga sje jafnhá og afgjaldið. En ef jeg tek kapítalstaxtann fyrir 50 ár, hvað mun þá afgjaldið hækka á 50 árum? Það mun þá vera orðið yfir 200 kr. (*Grímur Thomsen*: Ófrjálslynt!). Hvort það er ófrjálslynt eða ekki, þá er það satt. Hefur landssjóðurinn fulla trygging fyrir fullu verði jarðarinnar, þótt leigan af jörðunni sje í þann svipinn, sem jörðin er seld, eigi hærri en leigan af peningum þeim, er í jörðunni standa? Þetta ættu þeir allra sízt að koma með, er vilja kallast auðfræðingar. Þetta er ljóst dæmi þess, hversu mjög varlega fara á í það að selja þjóðjarðirnar. Er nú varlega farið í að selja þær með þessu frumvarpi? Nei! Frumvarp þetta nær eigi heldur þeim tilgangi að auka sjálfseignarbændur á landi hjer, því að eptir þessu frumvarpi stendur hverjum einum frjálst fyrir að kaupa jörð, ef að eins alþingi þykir landssjóðurinn eigi bíða tjón við það. Það er mitt álit, að ef á annað borð á að leyfa að selja þjóðjarðir, þá eigi að binda sig við breytingaruppástungu þingmanns Mýramanna, þó jeg sje reyndar hræddur um, að hún sje eigi næg trygging fyrir því, að sjálfseignarbændurnir verði fleiri; því að það er hætt við, að jarðirnar innan skamms tíma verði komnar til einstakra manna, og að samdráttur jarðanna jafnist á móti tvístring þeirra. Það hefur engin sönnun komið fram fyrir því, að sjálfseignarbændunum fjölgi, nema ef menn eru svo takmarkaðir, að þeir geta eigi litið út fyrir eitt ár; þá er það sönnun. Jeg get borið 1. þingmanni Skagfirðinga þá kveðju, að landssjóðurinn er enginn vesturheimsfari, er selja þurfi af neyð jarðeignir sínar. Vesturfararnir þurfa opt og tíðum að selja jarðeignir sínar, og neyðast þá opt til að selja þær undir hinu sanna verði

þeirra. En ástæðum vorum er enn eigi svo herfilega komið. Jeg get því eigi sjeð, að frumvarp þetta gjöri neitt gagn. Jeg er samdóma landshöfðingjanum um, að ef þingið á að setja nokkrar reglur fyrir sölu þjóðeigna, þá eigi það að gjöra það með þingsályktun, sem stjórnin getur svo farið eptir, þegar um sölu einhverrar þjóðjarðar er að ræða, svo að málið verði sem bezt undirbúið. Ef þingsályktun er samin um mál þetta, þá hefur stjórnin óskir þingsins fyrir sjer, en hjer eptir þessu frumvarpi er stjórnin bundin við ákveðnar reglur, og þær sumar hverjar næsta óheppilegar. 1. þingmaður Suðurmúlasýslu tók það skýrt og skorinort fram, að uppboðið væri engin sönnun fyrir nægu verði jarðarinnar; að ætla slíkt nokkra sönnun, er svo barnalegt, að það tekur engu tali. Ef landssjóðurinn væri vesturheimsfari og þyrfti að verða af með jarðir sínar, þá væri frumvarp þetta gilt og gott. En jeg get eigi annað ætlað, en að umboðsstjórninni sje fyllilega trúandi fyrir því, að sjá svo um, að málið sje vel undirbúið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er meðmæltur frumvarpi þessu, en þó með því móti, að rjettur landssjóðsins sje eigi skertur. Það fer svo fjærri því, að jeg álíti uppboðið vera til skaða, að jeg þvert á móti tel það sem hið bezta og vissasta skilyrði fyrir því, að jörðin verði seld fyrir hæfilegt verð. Jeg veit þó ekki betur, og það verða víst allir þingmenn að játa, að þegar ómyndugra fje er selt, þá er það selt við uppboð, og að uppboðið er ekkert nýmæli á landi hjer. Slíkar mótbárur sem þessar reka sig hver á annarar horn, enda eru þær bornar fram að eins af fátækt og ástæðuþroti, í því skyni, að eyðileggja málið. Það lítur annars svo út, þegar menn eru að halda í þessar þjóðjarðir, að þeir ætlist til, að landssjóðurinn búi á þeim öllum. Það er og verið að berja það fram blákalt, að þó að þjóðjarðirnar sjeu seldar, þá fjölgi sjálfseignarbændur eigi að heldur; jeg held líka, að þingið gæti haft gát á því, að selja ekki sama manni margar jarðir. Jeg lagði fyrir apturhaldsmenn í þessu efni þá spurning við 1. umræðu þessa máls, hvort að sjálfseignarbændur mundu hafa verið jafnmargir, áður en stólsgóssin voru seld, og þeir eru nú, en þessari spurningu er ósvarað. En þetta og annað eins nær nú engri átt; það er rjett eins og ef sagt væri, að mannkynið væri alltaf jafnmargt, þótt engin börn fæddust, eða eins og að segja, að laxinn synti á hliðinni. Jeg verð því að ætla, að nær sje að selja jarðirnar með hæsta verði, er fyrir þær getur fengizt. Jeg hjelt eptir umræðunum, að sumir þingmenn vildu koma með þá þingsályktun, að landssjóðurinn ætti að fara til Vesturheims, en jeg vildi þá koma með þá þingsályktun, að landssjóðurinn búi einn á öllum sínum jörðum, og ef öll þjóðin færi til Vesturheims, þá held jeg að þær færu að ganga úr sjer og verða lítilsvirði. Það er með eign jarðanna eins og með flóð og fjöru, að í einn tímann safnast jarðirnar hópum saman að einum manni, en í annan tímann tvístrast þær á millum margra; en jeg held, að þessi hugsun, að safna að sjer jörðum, sje farin að hverfa, og mun hugvekja Johnsens eigi lítið hafa stuðlað til þess, og hún vakti menn hjer fyrst til alvarlegrar umhugsunar um peningalán og veðsetningar, og á hann þakkir skilið fyrir það. Mjer virðist það vera hið sama að setja járngreipar fyrir sölu þjóðjarðanna, sem að loku sje skotið fyrir það, að jarðyrkja og landbúnaður eflist og þroskist, þróist og aukist hjer á landi. Við vitum, að dugnaðarmaðurinn, sem býr á þessari jörðinni, deyr í dag, og slóðinn og jarðníðingurinn kemur þar aptur; en slóðinn, sem býr á hinni jörðinni, deyr í dag, og dugnaðarmaðurinn kemur í hans stað, þessu er eins varið og flóði og fjöru. Það er því mitt álit, að skynsamlegast sje að hlynna að

því, að sjálfseignum fjölgi í landinu; enda þykir mjer það allra sízt sæma löggefandi þingi, að varna mönnum þess að verða sjálfseignarbændur, og stuðla þannig óbeinlínis að því, að menn fari af landi brott, og flytji í aðrar heimsálfur; en að því mun reka, ef þingið heldur áfram þeirri stefnu, að setja járngreipar fyrir þjóðjarðasöluna. Jeg held miklu betra, að landssjóðurinn fari út um landið í hinar eðlilegu framfaraæðar þjóðarinnar, heldur en að þjóðin flýi einveldi landssjóðsins til Vesturheims eða veslist upp fyrir harðýðgi hans.

Friðrik Stefánsson: Þingmaður Reykvíkinga bar mjer þá kveðju, að landssjóðurinn væri enginn Vesturheimsfari, og var það óþarft fyrir hann, því að jeg hefði nú farið nær um það, þó vísdómur hans hefði ekki brotizt út að þessu sinni. Líka ljet hann mig vita það, að landssjóðurinn væri ekki svo illa staddur, að hann þyrfti að selja jarðir sínar; þar greip hann á því kýlinu, sem jeg hjelt löngu mundu sprungið vera. En jeg vil spyrja þingmann Reykvíkinga aptur að því, fyrst hann á annað borð fór að uppfræða mig, hvernig hann haldi að standi á því, að landssjóðurinn hjer sje svo ríkur. Heldur hann, að það komi af því, að íslenzka þjóðin sje svo rík? Þar til verður hann að segja nei. En jeg get sagt honum, af hverju það kemur, sem er: að hann og sumir aðrir þingmenn hafa verið svo fúsir að leggja afarþung gjöld á fátæka alþýðu, sem nýlega er sloppin undan harðri og langri einveldisstjórn. Eða hvað kemur til, að rík og fjölmenn lönd sjá sjer eigi annað fært, en að selja opinberar jarðeignir sínar, til að hafa fje til landsþarfa, t. d. Ítalía og mörg önnur lönd? Það er, ef til vill, að hans ætlan af því, að þessi lönd hafa eigi slíka stjórn- og hagfræðinga fyrir þingmenn, sem þingmann Reykvíkinga. En þótt vjer höfum nú svo kölluð sjerstök landsrjettindi, ættum vjer þar fyrir alls eigi að hafa svo sjerstaka fjárstjórn, sem vjer nú höfum, að hún verði eigi samrýmd við nokkra aðra í öllum hinum menntaða heimi. Jeg vona því, að mál þetta nái fram að ganga, þrátt fyrir mótmæli þingmanns Reykvíkinga, og það því heldur sem hinn hæstvirti landshöfðingi er málinu hlynntur. Það er og sannfæring mín, að ef þingið samþykkir frumvarp þetta, þá muni stjórnin eigi neita því um staðfesting.

Þorlákur Guðmundsson: Einn þingmaður hefur tekið það fram sem ástæðu gegn því að halda uppboðinu, að það hafi verið fellt í efri deildinni á þinginu 1877. En jeg get eigi skilið, að lögvitringar efri deildarinnar fari nú að sprengja sig á uppboðinu, og ætla jeg því, að þessi deild þurfi eigi að óttast þetta. En jeg skal leyfa mjer að spyrja þá, er hafa á móti þjóðjarðasölunni, hvað var það, er kom Frakklandi upp eptir stjórnarbyltinguna? Var það ekki einmitt þjóðjarðasalan? Þá kom upp meðalstjettin á Frakklandi. En hjer er nú að vísu engin meðalstjett, heldur er bændastjettin kjarninn og kjarkurinn úr landinu. Þess vegna eigum vjer að fækka embættismönnunum, eins og oss frekast er unnt, en fjölga aptur sjálfseignarbændunum, með því að selja þjóðjarðirnar.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get eigi skilið, að eigi fáist nægilega tryggjandi álit um verð þjóðjarðanna hjá sýslunefndinni. Því þar er maður úr hverjum hreppi, en allar jarðir eiga heima í einhverjum hreppi, og það er auðvitað, að þetta álit þarf helzt að fást hjá þeim, er kunnugastir eru, en jeg ætla að sýslunefndin muni vera það. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að jarðirnar mundu hækka í verði síðar meir, og tók það fram sem ástæðu gegn sölu þjóðjarðanna, af því að landið tapaði við það. En þetta álit þingmannsins get jeg með engu móti fallizt á, því það yrði til að setja eilífan tappa í alla þjóðjarðasölu, og það er þó ekki tilgang-

urinn. Setjum svo, að jörðin batni, jeg held þá, að eigi sje eptir því sjáandi, mjer þykir ábúandinn vera vel að því kominn, þótt hann njóti ábatans af endurbótinni, og í því liggur einmitt hvötin til að bæta jörðina, enda er það eitt af því, sem mest hamlar og dregur úr mönnum að gjöra jarðabætur, að þær eru engu launaðar, heldur teknar eins og herfang af leiguliðunum fyrir ekkert. Ef þeirri grundvallarreglu skal fylgja, að selja eigi þjóðjarðir, af því að þær síðar meir muni verða betri, þá er illa að farið. Jeg verð að fallast á breytingaruppástungu þingmanns Mýramanna, því mjer virðist hún einfaldari og umstangsminni en hjá nefndinni. Þessi mörgu uppboð og allt slíkt vastur gjöra þeim mönnum of erfitt fyrir, er eignast vilja þjóðjarðirnar, jeg meina einkum ábúendunum, sem menn ættu einkum að stuðla til að gætu eignazt þær. Jeg er viss um, að vjer fullnægjum almennri þjóðarósk, ef vjer gjörum ábúendunum sem hægast fyrir að eignast ábýlisjarðir sínar, því í raun og veru segir hver þeirra í sínu hjarta: jeg vildi jeg ætti jörðina mína, nefnil., sem hann býr á, og þessi ósk er ósköp náttúrleg.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að þegar svo stendur á, að einhver jörð er laus úr ábúð, þá fyrst en ekki fyr er trygging komin fyrir því, að uppboðsverðið geti verið áreiðanlegur mælikvarði fyrir verði jarðarinnar. Þegar leiguliði situr á jörðunni og vill og getur keypt hana, mun sú verða reyndin, að aðrir draga sig í hlje, og bjóða ekki á móti honum, og þá er engin trygging orðin í uppboðsverðinu. Jeg verð nú einnig að vera nefndinni samdóma í því, að ekki eigi að selja jarðir nema með þeim skilmála, að ábúðarrjetturinn sje óskertur; en hvaða trygging er þá fyrir því, að ekki einmitt vegna þessa verði miklu minna boðið í jörðina en ella hefði verið. Þegar svona stendur á, er því engin trygging í uppboðsverðinu og aldrei nema jörðin sje laus. Jeg mundi vilja styðja að sölu þjóðjarða, þegar jörðin er laus, og því felli jeg mig betur við uppástungu þingmanns Mýramanna, þó hún máske þyrfti orðabreytinga við. Að öðru leyti sje jeg reyndar ekki, að nauðsyn sje á lögum um undirbúning á sölu landseigna, heldur mun nægja, með þingsályktun að ákveða þær reglur, sem þingið óskar að umboðsstjórnin fylgi.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal að eins geta þess, að jeg þekki fátækan mann, sem býr á einhverri hinni beztu jörð í Þingeyjarsýslu; nú vill ungur og efnilegur maður kaupa þessa jörð og býður hinum ábýli sitt, sem er honum fullnóg. Því skyldi nú ekki mega selja jörðina öðrum en leiguliða í þessu og þvílíkum tilfellum til hagsmuna fyrir dugnaðarmanninn, landið og landssjóðinn.

Landshöfðingi: Dæmi það, sem þingmaðurinn tók, er ekki sem heppilegast, því það er auðsjáanlega einstakt. Sitji leiguliði á beztu jörð og sje þó bláfátækur, hlýtur hann að vera mikill «slóði». Það er umboðsmannanna að sjá um, að jarðirnar sjeu vel setnar, og þeir menn, sem ekki geta bjargazt á «beztu» jörðum, ættu aldrei jörð að hafa til ábúðar.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var

1. 1. grein frumvarpsins samþykkt með 16 atkvæðum.
2. 1. liður í breytingartillögu þingmanns Mýramanna felldur með 10 atkvæðum gegn 10, að við höfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Eggert Gunnarsson,
Guðmundur Ólafsson,

Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson.

Þórarinn Böðvarsson var eigi viðstaddur.

3. 2. grein frumvarpsins samþykkt með 12 atkv. gegn 4.
4. 2. töluliður í breytingartillögu þingmanns Mýramanna felldur með 12 atkvæðum gegn 4.
5. 3. grein frumvarpsins samþykkt með 13 atkv.
6. 4. grein frumvarpsins samþykkt með 13 atkv.
7. 5. grein frumvarpsins samþykkt með 12 atkvæðum.
8. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.
9. Að málið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3, að við höfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna, þeirra

Eggerts Gunnarssonar,
Einars Ásmundssonar,
Snorra Pálssonar,
Friðriks Stefánssonar,
Þorláks Guðmundssonar,
Benedikts Sveinssonar,

og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Halldór Kr. Friðriksson,
Tryggvi Gunnarsson.

Þórarinn Böðvarsson var eigi viðstaddur.

Þriðja umræða í neðri deild, á 29. fundi, 4. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 143.

Breytingartillögur I 250.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eins og deildin mun muna, tók jeg skýrt fram við 2. umræðu, að jeg er sannfærður um, að uppboð er hinn haganlegasti sölumáti á jörðum landssjóðsins, í fyrsta lagi til þess, að jarðirnar verði seldar duganlismönnum, sem nota þær betur, en landsstjórnin mun geta gjört, og í öðru lagi til þess, að landssjóðurinn hafi hina nauðsynlegu trygging fyrir, að jarðirnar verði svo vel borgaðar, sem framast er unnt. Nú er hjer komin fram breytingartillaga, er fer fram á það, að leiguliðinn einn geti fengið þjóðjörðina til sölu, og að uppboðinu skuli sleppt. Þessi tillaga fullnægir að vísu ekki fullkomlega þeim tilgangi, sem jeg nú tók fram og

frumvarp nefndarinnar var byggt á, en af því hún kemur meðal annars einmitt frá þeim mönnum, er einlægt hafa verið mótmæltir þjóðjarðasölu, þá ætti jeg eins og gott barn að fallast á þessa breytingartillögu, því að jeg vil sannarlega styðja að sölu þjóðjarða, af því jeg er sannfærður um, að það er mesta velferðarmál fyrir land og lýð. Vil jeg því heldur slaka til, en ónýta málið. Meðnefndarmenn mínir eru sjálfráðir, hvað þeir gjöra.

Hjálmur Pjetursson: Jeg þarf ekki að mæla fram með breytingaruppástungunni, því að framsögumaður tók vel undir hana, enda held jeg hann hafi haft dálitla ástæðu til að fallast á hana, því að ef hún fellur, get jeg fullvissað hann um, að mál þetta fær ekki framgang á þessu þingi. Framsögumaður kom um daginn með það dæmi til ástæðu gegn breytingaruppástungunni, sem þá lá fyrir, að svo gæti verið ástatt, að dugnaðarmaðurinn byggi á lítilli jörðu, en leiguliði á góðri þjóðeign væri óduglegur og níddi jörð sína niður, þess vegna væri nauðsynlegt, að þessi dugnaðarmaður gæti fengið keypta hina góðu jörð undan hinum óduglega leiguliða. Þetta dæmi sannar ekkert, því að þeir geta haft jarðaskipti án þess að sala fari fram, og þá er duglegi maðurinn orðinn leiguliði, svo það getur ekkert verið, eða ætti að vera á móti því, að hann fengi jörðina keypta. Þær bænir, sem fram hafa komið fyrir þingið nú og 1877 um að fá jarðir keyptar, eru einmitt frá leiguliðum á þeim sömu jörðum, og sýnir þetta áhuga þeirra, og er því eigi ástæða til að lögleiða söluleyfi til annara að sinni. Það hafa áður verið leidd rök að því, að engin meiri trygging fæst við uppboð, en við álit sýslunefndar og annara áreiðanlegra manna. Jeg vona því, að breytingartillagan verði samþykkt, svo málið um þjóðjarðasölu fái framgang.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil mæla fram með breytingaruppástungunni, ef þjóðjarðasala annars á fram að ganga. Eptir minni meiningu er þetta að vísu ímyndað, og að eins um stundarsakir, að landsetinn verði sjálfseignarbóndi, því þó landsetinn kaupi jörðina, og þó það sje ekki með yfirskyni gjört og fyrir annara peninga, þá gengur jörðin brátt í annara eigu, því að það mun torvelt hjer á landi að sýna dæmi til þess, að jarðir sjeu lengi í sömu ættinni. Mjer fyrir mitt leyti er ómögulegt að gefa atkvæði með frumvarpinu, og get ekki látið mjer nægja, að $^1/_3$ af kaupverðinu verði borgaður út, en jörðin standi í veði fyrir hinum $^2/_3$ af verðinu; þetta er að minnsta kosti aðgengilegra en önnur lán úr landssjóði.

Varaforseti: Jeg er hjer með skrifaður undir breytingaruppástungu 6 þingmanna, vegna þess að jeg álít hana betri en frumvarpið, en ekki svo að skilja, að jeg sje ánægður með hana. Það var talað um það um daginn, hvort hentugt væri að selja þjóðeignir, en ef ástæðan er sú, að sjálfseign þurfi að aukast í landinu, þá get jeg ekki sjeð, að þörfin sje svo mikil. Jarðarhundruðin á öllu landinu eru 86,000; þar af er einstakra manna eign 62,300 hndr., kirkna eign 15,000 hndr., eign opinberra sjóða 1000 hndr., þá verða eptir þessi 8000 hndr., sem eru landssjóðsins eign, og sem nú þarf endilega að selja, til þess að sjálfseignarbændurnir fái að reyna sig á þeim; því reyna þeir sig ekki á þeim 62,300 hndr., sem eru einstakra manna eign? Það er annars merkilegt að heyra þær ástæður, sem bornar eru á borð fyrir þingið, þegar menn vilja fá eitthvað fram. Hvernig er um þjóðeignir í Danmörku? Allar jarðir í Danmörku eru metnar 500 millj. króna virði, eptir bók, sem jeg hef fyrir mjer. Hvað mikið af því er nú í ár opinber eign? Tíundi hlutinn. Tekjur Danmerkur af opinberum eignum eru 2 milljónir, sem gjörir 50 millj. höfuðstól, ef reiknaðir eru 4 af hundraði. Á Englandi er heilt hjerað, Lancaster, sem er þjóðeign og ekki má selja, af því konungsefnið á að hafa tekjur þess sjer til uppeldis, og er það þó margar ferhyrningsmílur ummáls og ríkt land. Sú

ástæða með þjóðjarðasölu, að jarðræktin batni, er heldur ekki rjett, því að þó ábótavant sje á þjóðjörðum, þá er eins á bændajörðum — en það gagnar lítið að mæla gegn þessu, því að þegar hann er á norðan, þá er ekki hægt að andæfa á móti. 2. þingmaður Gullbringusýslu fann það að, að kjörin við söluna væru vægari, en þegar menn fá lán úr landssjóði; þetta mun satt, en jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að leiguliðunum sje vilnað í.

Arnljótur Ólafsson: Nú segi jeg, að hann sje kominn á sunnan og þá dugi lítið, að hann komi eða sje á norðan, því þetta breytingaratkvæði mun fá framgang. Jeg tek undir með varaforseta, að mjer líkar ekki breytingaratkvæðið, þó það í sumum greinum sje betra en frumvarpið. Jeg er samdóma uppástungumönnum um það, að leiguliði eigi ekki einungis að hafa forgangsrjett, þegar þjóðjörð er seld, heldur eigi ekki að selja þjóðjörð, nema leiguliði leggi fyrstur fölur á hana. Þetta er hapt á þjóðjarðasölu, að leiguliði á fyrstur að biðja um ábúðarjörð sína, og munu því allir þeir vera hlynntir breytingaratkvæðinu, er aptra vilja sölu þjóðjarða. Aptur finnst mjer í breytingaruppástungunni engan veginn næg trygging þess, að landssjóðurinn fái sitt. Sýslumaðurinn á, ef hann er sjálfur umboðsmaður, að leita fyrst og fremst álits hreppstjóra, en hreppstjórinn er eins konar litli fingur á sýslumanninum. Það væri betra, að sýslumaður leitaði álits oddvita hreppsnefndarinnar, því að hann er minna háður sýslumanni. (*Hjálmur Pjetursson:* En ef hreppstjórinn er oddviti hreppsnefndarinnar?) Hann er þá óháður sýslumanni sem oddviti, en háður honum sem hreppstjóri. Annar gallinn á breytingartillögunni er sá, að öll samkeppni er útibyrgð, því umboðsmaður og sýslunefnd eiga bara að verðleggja jörðina og ákveða hið «hæfilega» verð, ekki hið fullkomna. Eptir þessu eru allir útbyrgðir frá að gjöra boð í jörðina. Samkeppni fengist, ef því hefði verið bætt inn í, sem stóð í fyrstu uppástungu þingmanns Skaptfellinga, að auglýsa skuli í blaði og öllum hreppum sýslunnar, að jörðin sje fáanleg til kaups. Jeg álít þessi boð í jörðina hentugri en uppboðin. En nú er komið sem komið er, og jeg býst við, að breytingin verði samþykkt, en þá mun mörg jörðin fara fyrir lítið (*Varaforseti*: Alþingi!). Jú, alþingi á að samþykkja söluna, það veit jeg, en það er ómögulegt fyrir þingið, að hafa fulla þekking á jörðinni. Jeg get og hugsað mjer, að maður, sem vill fá jörð til kaups, fari til leiguliða og segi við hann: «Biddu um þessa jörð, jeg vil hafa þar útibú, hagagöngu eða aðrar ínytjar, en það vil jeg ekki, meðan hún er þjóðjörð, farðu og biddu um hana, jeg skal lána þjer peningana, þú þarft hvort eð er ekki að borga nema 1/3 af andvirðinu». Maðurinn er ef til vill í sýslunefnd eða hann er hreppstjóri, en það kemur ekki upp úr kafinu fyr en á eptir, að hann kaupir jörðina. Yfir höfuð má vara sig á, að skoða mannkynið í einhverju yfirnáttúrlegu óeigingirnis ljósi, þegar ræða er um peningasakir. Mjer finnst salan ekki tryggjandi, nema áður sje auglýst að jörðin sje til sölu, og hver geti boðið í hana að óskertum rjetti leiguliða.

Páll Pálsson, bóndi: Eins og jeg ljet í ljósi við 2. umræðu um samkynja breyting, er jeg heldur ekki mótfallinn þessari breytingaruppástungu, því að jeg verð að álíta þá aðferð, sem þar er stungið upp á, betur tryggjandi en uppboð. Jeg get ekki annað sjeð, en að þingið geti með þessu móti fengið fulla þekking á hinu rjetta verði jarðar þeirrar, sem föluð er til kaups, og það hefur þar að auki í hendi sjer að hafna sölunni eða samþykkja hana. Jeg get ekki skilið, að 5. gr. sje nein hættuleg linun á lánum, því að alþingi getur falið landshöfðingja að segja upp láninu, ef því þykir æskilegra, að fjeð standi á öðrum stað, en hjá kaupanda. Yfir höfuð álít jeg þetta fyrirkomulag til bóta, og get ekki ímyndað mjer, að menn reyni til að «smúla bak við» lögin, eins og sumir þingmenn hafa spáð að fyrir mundi koma; í hið minnsta er ekkert hættara við því með fyr-

irkomulagi því, er breytingaruppástungan fer fram á, heldur en þó að uppboðum yrði haldið, því að uppboðsverð er opt og einatt fjærst hinu sanna og rjetta verði. Jeg leyfi mjer því að mæla með, að breytingin verði samþykkt.

Guðmundur Einarsson: Jeg vil gefa upplýsingar um, hvernig jeg skil niðurlag 5.gr.; jeg álít það í tvennu lagi til bóta. Það er gott bæði fyrir leiguliða, því að það gjörir honum hægra fyrir að kaupa ábúðarjörð sína, þegar hann þarf ekki í bráð að greiða nema þriðjung verðs, og það er gott fyrir landssjóðinn, sem getur haldið í eignirnar, ef þingið vill luma á þeim, og þykist hafa nóg fje. Með þessu er fundinn eins konar meðalvegur milli þeirra, er ekki vilja selja þjóðeignir, og hinna, er selja vilja. Landssjóðurinn heldur óbeinlínis eign sinni, og eigandinn getur bætt jörð sína eptir vilja og ástæðum; þess ann jeg honum vel; hann er landsins barn og landssjóðsins gjaldþegn. Jeg er yfir höfuð miklu nær stefnu þingmanns Mýramanna en frumvarpsins; þó jeg vildi ekki gjöra ágreiningsatriði um uppboðið, þá líkaði mjer það aldrei. Mjer fellur það mjög vel, að þingið á síðast að álykta um sölu hverrar þjóðjarðar, og segi um það, eins og drengurinn sagði: «hann faðir minn stendur við stýrið».

Framsögumaður: Jeg þykist ekki þurfa að halda uppi verndarskildi fyrir breytingaruppástungu þeirri, sem hjer ræðir um, en jeg verð að taka það fram, að jeg skil ekki, að það sje neitt hættulegt, að hreppstjórinn segi álit sitt um söluna, eins og 1. þingmaður Norðurmúlasýslu hjelt. Jeg get ekki sjeð, að sýslumaðurinn geti verið vilhallur í þjóðjarðasölu, og ef hann ekki er vilhallur, þá er ekki hætt við, að hann misbúki áhrif sín á hreppstjórann. Jeg vil að öðru leyti geta þess, að jeg get ekki verið samdóma varaforseta um, að einstakra manna eignir í landinu sjeu samtals 62000 hndr., en í augnablikinu get jeg þó ekki staðhæft þetta. Hitt álít jeg meira vert, hvort aðaltilgangurinn með sölu þjóðeigna yfir höfuð sje á rökum byggður, og þetta atriði felst í þeirri aðalspurningu, hvort ekki sjeu meiri hvatir fyrir eiganda til að bæta jörð sína, en fyrir leiguliða, því framför jarðræktarinnar er hið helzta velferðarmál þessa lands, og hin sanna undirstaða undir framförum þjóðar vorrar. Það get jeg sannfært varaforseta um, að engin þjóðeign er eins vel setin, eins og þær einstakra manna eignir, sem bezt eru setnar. Jeg vil til dæmis nefna jörðina Laxamýri; hver getur ímyndað sjer, að eins mikið fje hefði verið lagt í þá jörð, ef hún hefði ekki verið setin af eiganda? En það er óþarfi að leita að vizkubrunni varaforseta í þessu efni eða í annara brjóstum; vjer þurfum ekki annað en líta í vorn eigin barm. Varaforseti situr sjálfur á sinni eigin eign, og jeg efast um, að hann hefði varið eins miklu fje til að bæta hana, ef hann hefði að eins verið leiguliði. Jeg vil geta þess, þar sem 2. þingmaður Gullbringusýslu tók það fram, að kjör kaupanda yrðu of góð eptir uppástungunni, ef þeir fengju að láta $^2/_3$ kaupverðsins standa móti veði í allri jörðinni, þá veit jeg ekki betur, en að þetta hafi verið almenn regla áður, t. a. m. þegar konungsjarðir voru seldar fyr meir, og jeg veit ekki betur, en að þetta sje almenn regla, þegar um lán úr landssjóði er að ræða, að lánið eigi að vera á við $^2/_3$ af rjettri verðhæð veðsins, samkvæmt formlegri skoðunargjörð. Það sjá líka allir, að landssjóðnum er með þessu engin hætta búin, nema ef jörðin væri of seld, en þetta þurfa menn sannarlega ekki að óttast eptir uppástungunni. Ef einhverjir smágallar eru að öðru leyti á frumvarpinu, þá mun efri deildin leiðrjetta þá.

Varaforseti: Jeg get sagt 2. þingmanni Húnvetninga, að tölur þær, er jeg nefndi áðan, eru öldungis áreiðanlegar. Framsögumaður nefndi vissa bændaeign, er væri svo vel setin, að engin þjóðeign kæmist til jafns við það; jeg skal eigi dæma um það, því að jeg er eigi svo kunnugur um allt land, en sem vott um það, að leiguliðar láti sjer líka annt um að bæta jarðirnar, skal jeg nefna Staðarbyggðarmýrar; þar hafa

leiguliðar lagt á sig ærinn kostnað þeim til bóta. Það kemur mest undir manninum sjálfum, hvernig jörðin er setin, en er víst minna komið undir því, hvort hún er þjóðeign eða bændaeign. Hjer á árunum var leiguliði í Viðey, sem hjet Ólafur Stephánsson, og jeg verð að segja, að þá var Viðey miklu betur setin en seinna af eiganda; þá fengust þar um 400 pd. af æðardún, en nú lítið meira en 100 pd. með miklu hærra verði. Jeg veit um mörg prestsetur, sem eru ágætlega vel setin, og þeir prestar eru hjer allt í kringum oss, sem sitja jarðir sínar prýðilega vel. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu vildi, að í staðinn fyrir hreppstjóra kæmi oddviti í breytingartillögunni; má vel vera, að það sje rjettara, en þar sem hann talaði um þessa háskalegu ívilnun, þá er ekki annað, en þingið lætur vera að selja, ef því lízt eigi á söluna. Hann talaði líka um það, að svo gæti opt verið, að leiguliði væri eigi hinn rjetti kaupandi, en á ekki sama sjer stað á uppboðum? Þar gjöra menn samtök að bjóða ekki nema víst verð. Jeg vil minna menn á eitt atriði, sem líklega kemur til umræðu hjer á næsta þingi, það er, að menn hafa opt talað um, að æskilegt væri að stofna hjer banka. En hvernig verður það gjört, ef ekkert fast veð er í landinu? þetta veð eru einmitt þjóðjarðirnar; yrði bankinn seðlabanki, sem líklegt er að hann yrði, þá þarf fast veð fyrir seðlunum, ef þeir eiga að hafa gildi í Danmörku og öðrum Norðurlöndum. Ef að því þjóðeignirnar eru seldar, þá er fótunum kippt undan þeim fyrirhugaða banka.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer gekk hið sama til sem varaforseta, að ef þjóðjarðasalan ætti fram að ganga, þá væri hún að eins bundin við leiguliða. Jeg sje alls eigi í uppboðinu næga trygging fyrir því, að hið sanna verð fáist fyrir jörðina. Það sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, var gagnstætt því, er hann vildi sanna. Það er verið að staglast á því, að sjálfseignarbóndinn sitji betur jörð sína en leiguliðinn, og þó framsögumaður komi með þetta dæmi um Laxamýri, þá er það einstakt dæmi og sannar ekkert. «En Svale gjör ingen Sommer», segir danski málsháttur inn. Það eru líka dæmi hins gagnstæða, eins og það, sem varaforseti nefndi. En setjum nú svo, að þjóðjarðirnar verði bættar svo, ef þær verða einstakra manna eignir, að ábúandi hafi 6 % í staðinn þess, að landssjóðurinn hefur nú eigi nema 4 %, því má þá landssjóðurinn ekki eins hafa þennan hag? Hann getur eins vel bætt jörðina eins og hinn nýi eigandi. Ef jörðin er svo löguð, að hún getur tekið miklum bótum, þá getur landssjóðurinn sannarlega kostað eins upp á hana því, sem umbótunum nemur, eins og hver annar. Ef það er skylda annara landsdrottna, að hjálpa leiguliðum sínum til að bæta jarðir sínar, þá er það líka skylda landssjóðsins. Jeg er sannfærður um, að með tímanum hefur landssjóðurinn halla af sölunni, og þótt kaupandi hafi fyrst um sinn 2 % í ágóða af jörðinni, þá verður þess eigi langt að bíða, að hann megi greiða það, sem því nemur, í landssjóð, því að eptir því sem allt hækkar í verði, verður landssjóðnum allt dýrara, verðlagsskráin hækkar, en peningar landssjóðsins verða í sama gildi. Mjer finnst því, að gjalda eigi varhuga við að rýra tekjur landssjóðsins meira en nauðsyn krefur. Það var talað um, að sumir prestar sætu vel jarðir sínar, og því verður eigi neitað, og eru kjör þeirra til jarðabóta eigi betri en leiguliða, heldur lakari; því að ef presturinn deyr, þá verður ekkjan að flytja af jörðinni, en þess þarf ekkja bóndans ekki. Þegar hið opinbera hefur selt jörðina, þá á landssjóðurinn ekki eina þúfu í henni, hann hefur að eins veð í henni. Ef þörf er á að selja jarðirnar, þá er líka nauðsynlegt, að sett sje það skilyrði, að landssjóðnum sje greitt afgjaldið, eða leigur þess hluta verðsins, sem óborgað er, eptir verðlagsskrá, en eigi með ákveðinni peningaupphæð.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vildi bera upp eina spurning. Alþingi á að skora á landshöfðingja að segja upp veðinu, en er

það víst, að þingið vití, hvernig þjóðjörðinni líður, getur eigi verið, að þingmaðurinn úr því kjördæmi, sem jörðin er í, sem er veðsett landssjóði, finni eigi ástæðu til að auglýsa, að jörðin sje í niðurníðslu? Framsögumaður minntist á konungsjarðasöluna; gjörði það mig ekki fúsari á að fallast á þjóðjarðasöluna, því að landið fjekk sannarlega ekki stórfje við þá sölu. Ef nokkur von er hjer um verklegar framfarir, og að búnaður taki framförum, þá hljóta jarðir líka að njóta góðs af því, og hækka því í verði, svo að þessir kostir, sem menn nú telja á þjóðjarðasölunni, eru ímyndaðir kostir frá landssjóðsins hálfu skoðað; auk þess er það, að fjárhagur flestra leiguliða er þannig, að þeir hafa nóg með að hafa þann fjenað, sem jörðin getur borið, og hafa því eigi peninga aflögum til jarðakaupa. Jeg get heldur eigi álitið, að það sje fullkomlega nóg, að greiða ekki nema 1/3 af verði jarðarinnar, áður en kaupandi fær afsalsbrjef. Eins og varaforseti tók fram, mælir það mjög mikið móti þjóðjarðasölunni, ef stofnaður yrði hjer banki, því hann getur naumast komizt á, nema jarðir sjeu til honum til tryggingar.

Árnljótur Ólafsson: Varaforseti hefur misskilið mig; jeg var eigi að mæla með uppboðinu, heldur hjelt jeg mjer við 2. gr. hins upprunalega frumvarps, sem gjörir ráð fyrir, að sýslumaður auglýsi í öllum hreppum sýslunnar, að óskað sje kaups á eigninni, og að menn síðan með 3 mánaða fresti geti skriflega gjört boð í jörðina. Með þessari aðferð fæst eigi einungis hin rjetta trygging, heldur fær og þingið meiri vissu fyrir því, að hið rjetta verð hafi fengizt fyrir jörðina. Í öllu þessu máli verða menn að skoða tvær hliðar. Þegar farið er að verja leiguliðann og útiloka aðra frá kaupunum, þá gjöra menn leiguliðanum um leið þann grikk, að þingið getur af góðum og gildum rökum sagt við hann: «Jeg samþykki ekki söluna». Jeg vil setja samkeppni í lögin, þar sem breytingaruppástunga þeirra 6 þingmanna setur enga samkeppni. Það hefur mikið verið talað um 5. gr. og mikið athugað við hana. Mjer fyrir mitt leyti líkar hún vel, hún gjörir mönnum ljettara fyrir að kaupa, án þess í nokkru tilliti að skerða rjett landssjóðsins. Fyrst er það, að jörðin að öllum líkindum mun hækka í verði, annað hitt, að menn kaupa hana optar til þess að bæta hana, og loks er þess að gæta, að þegar kaupandi greiðir undir eins 1/3 hlut af verði jarðarinnar, þó verður jörðin öll fulltryggilegt veð fyrir hinum 2/3 hlutunum, sem eptir standa óborgaðir. En bændur munu allsjaldan hafa mikla peninga um fram, nema þeir sjeu því betur efnum búnir, og þess vegna mun þessi ákvörðun greinarinnar um veðsetning jarðarinnar fyrir 2/3 hlutum andvirðisins koma í góðar þarfir, enda er hjer engin hætta á ferðum, því standi kaupandi eigi í skilum, þá gefur greinin fullkomna heimild til þess að segja lausri skuldinni. Menn hafa haft það á móti þjóðjarðasölunni, að illa sje búið á þeim jörðum landsins, sem bændaeign sjeu, og fyrir því sje ekki til gagns að fjölga þeim. En hvar eiga menn að hafa lært landbúnað? Hvar eru búnaðarskólarnir? Einstakir menn hafa verið sendir til annara landa, til þess að læra landbúnað, og þessir menn hafa kveikt áhuga manna og löngun til þess að kynna sjer það, er að búskap útlendra lýtur. En þetta þekkingarljós hefur hingað til verið sem smáljóstýrur hjer og hvar á stangli. Það er auðvitað, að einstakir menn af þessum jarðeigendum vorum búa illa, en því veldur vankunnátta þeirra og efnaleysi. Og þó er eitt hið þriðja, er sönnum framförum í búnaði er mest til fyrirstöðu, og það er l a g a l e y s i það, er á sjer stað við úttektir jarða á öllum húsa- og jarðabótum, og það staklega órjettlæti, að leiguliðarnir hafa enga heimting á og ekkert tilkall til endurgjalds, hversu miklar bætur, sem þeir hafa gjört á ábýlisjörðu sinni. Þótt einn leiguliði verji 1000 kr. til umbóta ábýli sínu, þá hefur hann engan rjett til að heimta borgun fyrir það. Menn skulu taka eptir því, að komist rjettlát landbúnaðarlög á, þá fara menn óðum

að bæta ábúðarjarðir sínar. En nú sem stendur er það alveg komið undir sjerlegri mannrænu ábúandans sjálfs, hvort hann bætir ábýlisjörð sína eða eigi; það er eigi að eins komið undir framkvæmdarsemi hans og drenglyndi. Hvort hann bætir húsakynni á jörðinni, það er alveg komið undir sómatilfinningu og fegurðartilfinningu hans; það er komið undir því, að hann geti eigi fengið af sjer að búa í moldarhreysum, og kjósi því heldur optast nær að leggja fje sitt í sölurnar og vinna öðrum en eigi sjer nje sínum í hag. Það mun sannast, að gjaldi jarðareigandinn leiguliðanum fyrir jarðabætur hans, þá mun jarðabótum hjer á landi fleygja fram ár frá ári.

Hjálmur Pjetursson: Mig furðaði á 1. þingmanni Norðurmúlasýslu, að hann skyldi óttast svo mjög eigingirni mannkynsins í þessu máli fremur en öðrum. Mjer þykir hann orðinn huglítill nú, ef hann óttast þessa grýlu, eptir því sem hann hefur komið fram í öðrum málum, er verið hafa hjer fyrir deildinni, svo sem málið um frjálsan leiguburð af peningalánum, um sveitaverzlun o. fl.; hinn sami þingmaður fann að því í breytingaruppástungunni, að sagt er, að hlutaðeigandi sýslumaður skuli leita álits hlutaðeigandi umboðsmanns, eða hreppstjóra, þegar sýslumaður er sjálfur umboðsmaður. Eins og þingmönnum er kunnugt, vantar þessa eða aðra ákvörðun í frumvarp nefndarinnar, þegar svo stendur á, að sýslumaður er sjálfur umboðsmaður. En mjer finnst þó betra, að leita álits hreppstjóra, heldur en hafa einskis manns álit, nema sýslunefndarinnar. En það er snertir það, að þingmaðurinn vill hafa hreppsnefndaroddvitana í stað hreppstjóra, þá læt jeg mig það litlu skipta, þó að mjer fyrir mitt leyti þætti eðlilegra, að öll hreppsnefndin kæmi þá í stað hreppstjórans. Það hefur verið sagt, að mörg prestssetur væru svo einstaklega vel setin; en kirkjujarðirnar? Hvernig eru þær setnar almennt? Jeg vil minna menn á, að rjettast er, að nefna hvorttveggja í senn, bæði prestssetrin og kirkjujarðirnar, úr því á þetta var minnzt á annað borð. Jeg er samdóma öðrum þingmönnum um það, að einstök dæmi sanna lítið í þessu efni. Jeg veit, að margir leiguliðar eru góðir og fara vel með ábúðarjarðir sínar, en það sannar engan veginn það, að þeir muni eigi fara eins vel með jarðirnar, þegar þeir eru orðnir eigendur þeirra; þvert á móti virðist mjer næsta líklegt, og í alla staði eðlilegt, að þeir mundu halda betur og rösklegar áfram umbótum sínum á jörðunum, ef þeir ættu jarðirnar sjálfir, eins og líka mörg dæmi sýna og sanna. Þingmaður Reykvíkinga óttaðist, að landssjóðurinn mundi hafa skaða af því, að selja jarðir sínar, og kvað leiguliðana mundu innan skamms græða 2% á kaupum jarðanna, þetta vona jeg líka, og óska að verði. En ef þeir græða á kaupunum, þá mundu þeir gjalda því meira í landssjóð, svo að landssjóðurinn mundi þá einnig græða óbeinlínis af þessari jarðasölu. Eða hvernig getur þingmaðurinn verið óánægður með það, þótt landsmenn græði? Mjer finnst þessi mótbára með öllu ástæðulaus; og óeðlilegt er það, að vilja eigi unna kaupandanum hagnaðar af sölunni, þegar landssjóðurinn á hinn bóginn græðir á henni líka.

Halldór Kr. Friðriksson: 2. þingmaður Húnvetninga sagði, að 1/4 hlutur allra jarða landsins væri opinber eign. Þetta getur verið. En, eins og varaforseti tók fram, á landssjóðurinn eigi nema 1/11 hlut allra jarða á landinu, nefnilega 8755 hndr. Þetta er skýrt tekið fram í nefndaráliti utanþingsskattanefndarinnar. Þar sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að leiguliðarnir mundu bjóða svo lítið, þá álít jeg það enga hættu, því að þingið getur ávallt sagt nei við jarðasölunni. Ef leiguliðanum er annt um að ná í jörðina, þá er hvöt fyrir hann

að bjóða sem hæst, svo að hann fái eigi nei. Þingmaðurinn spurði, hvað það væri, er mest hamlaði framförum manna hjer á landi í landbúnaði, og svaraði hann sjer sjálfur, að það væri vanþekking og vankunnátta manna. En ætli þessi þekking og kunnátta vaxi allt í einu fyrir það, þótt einhver maður eignist jörðina, sem hann býr á? Hún mundi verða hin sama. Ef sjálfseignarbændur geta aflað sjer þekkingar, þá geta leiguliðarnir það eins. Ef 2. þingmaður Húnvetninga kaupir einhverja jörð og bætir hana, þá getur hæglega svo farið, að sonur hans níði jörðina meir niður en þingmaðurinn bætti hana. Búnaðurinn er kominn talsvert undir þeim, sem eigandi er, en eigi að öllu leyti undir leiguliðanum, ef umboðsstjórnin á annað borð lítur eptir því, að jörðin sje vel setin, og það gjöri jeg ráð fyrir að hún gjöri. Annað var það, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu fann sjer til, og það var þessi lögleysa, sem hann svo kallaði, við úttektirnar. Þingmaðurinn ætti þá að styðja að því, að landbúnaðarlögin kæmust sem fyrst á, en fresta allri jarðasölu, þangað til að þau væru komin og úttektir færu fram, svo sem þær eiga að vera. Úttektaleysið batnar eigi fyrir það, þótt jarðirnar sjeu seldar. Þó úttektir komist á, þá bætir það ekki fyrir sjálfseignarbændum, en þær geta aptur á móti bætt fyrir leiguliðunum. Það mun og reynast nú, eins og áður hefur raun á orðið, að þótt einhver leiguliði kaupi jörð þá, er hann býr á, þá mun hann eigi vera þar um alla æfi, og þegar hann fellur frá, getur svo farið, að jörðin verði leigð út, svo að sjálfseignarbændum fjölgar þá eigi nema í bráð. Þar sem þingmaður Mýramanna talaði um arð þann, er hann sagði, að jeg hefði sagt, að kaupandinn að líkindum mundi hafa af jörðinni, þá misskildi hann mig, þótt undarlegt sje, þar sem hann situr svo nærri mjer, og getur annars alls eigi borið fyrir sig skilningsleysi. Jeg sagði aldrei, að eigandi jarðarinnar mundi hafa 6% í ábata, heldur sagði jeg, að þótt eigandinn bætti jörðina svo, að hann fengi 6% af verði jarðarinnar, þá mundi eigi líða langt um, áður en hann yrði að borga 2% af því í landssjóð fram yfir það, sem hann nú greiðir, einmitt vegna sölu þjóðjarðanna. Landssjóðurinn þarf mikið til sinna útgjalda, en hann missir í af tekjum sínum við þjóðjarðasöluna sakir hinnar hækkandi verðlagsskráar, og þennan missi verður hann að bæta sjer upp með því að leggja nýja skatta á landsbúa (*Þorlákur Guðmundsson*: Það er ekki annað en að leggja toll á kaffi). Það er líka tollur á landsbúa, sem víst mun eigi verða vinsæll hjá almenningi.

Páll prestur Pálsson: Af því að jeg varð fyrstur til að bera upp hjer í deildinni frumvarp í þessa stefnu, þá kann jeg eigi við, að gefa þegjandi atkvæði mitt í máli þessu, án þess að gjöra grein fyrir áliti mínu á því. Jeg fellst á breytingartillögu hinna 6 þingmanna, af því að hún fer í sömu stefnu og frumvarp mitt fór, þótt jeg sakni þar einstakra atriða, sem betur hefði máske farið, að verið hefðu, en fyrst þau liggja nú ekki fyrir, þá dugar ekki að tala um þau. Jeg get eigi annað sjeð, en að sala þjóðjarðanna hljóti að verða landssjóðnum að minnsta kosti ósaknæm og skaðlaus, þegar alþingi er sett á sjálfsvald, hvort það samþykkir söluna eða eigi, eptir að það er búið að fá allar upplýsingar í málinu. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að landssjóðurinn græði einmitt af því, þegar bændurnir græða, og ef kaupendurnir hafa hag af jarðakaupunum, þá hefur landssjóðurinn það engu síður, því að þá kemur niður á þeim meiri eignarskattur, lausafjárskattur og tekjuskattur, sem allir renna í landssjóð og eigendur jarðanna verða að greiða. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að þekking á landbúnaði mundi eigi vaxa, þótt sjálfseignarbændum fjölgaði í landinu. En jeg verð þó að ætla að svo muni reynast. Því að einmitt þegar

jeg hef sjálfur eignazt jörð þá, er jeg bý á, þá fer jeg sannarlega að leggja meiri alúð á, að læra að fara sem bezt með jörð mína.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti frumvarpið ásamt með breytingaratkvæði hinna 6 þingmanna, undir atkvæði, og fjellu þau þannig:

1. liður breytingaratkvæðisins samþykktur með 18 atkvæðum.
2. liður breytingaratkvæðisins samþykktur með 18 atkvæðum.
3. liður breytingaratkvæðisins samþykktur með 18 atkvæðum.
4. liður breytingaratkvæðisins samþykktur án atkvæðagreiðslu.

Síðan var frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna þeirra:

Einars Ásmundssonar,
Þórarins Böðvarssonar,
Þorláks Guðmundssonar,
Friðriks Stefánssonar,
Benedikts Sveinsonar,
Ísleifs Gíslasonar,

og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:

Halldór Kr. Friðriksson.
Þórarinn Böðvarsson,

Kvað forseti málið nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 29. fundi, 6. ágúst.

Frumvarpið eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 261.

Jón Jónsson kvaðst vilja leyfa sjer að skjóta því til deildarmanna, hvort eigi skyldi skjóta máli þessu til nefndar þeirrar, er sett hefði verið í málinu um þjóðjarðabygging.

Eiríkur Kúld sagðist vilja mæla móti uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga, því fyrst væri það, að nefndin hefði þegar lokið störfum sínum, og svo hitt, að hún hefði átt að segja álit sitt um þjóðjarðabygging, en eigi sölu á þeim. En hann kvað það æskilegt, að nefndarmenn vildu láta álit sitt í ljósi í þessu efni.

Jón Pjetursson kvaðst vilja geta þess, að sig minnti, að í málinu um bygging þjóðjarða ættu að vera tvær umræður, en nú standi einmitt á fyrri umræðunni, og sje því ómögulegt, að vísa máli þessu til nefndarinnar, því þá gætu eigi orðið um það þrjár umræður.

Benedikt Kristjánsson kvaðst vera á sama máli og hinn 3. konungkjörni þingmaður og þingmaður Barðstrendinga. Málin væru eigi skyld og heyrðu eigi undir sömu nefnd. Hann sagðist vilja taka það fram, að hann hafi verið móti þjóðjarðasölu, en það væri eigi svo skilja, að hann væri móti allri sölu, heldur væri hann móti því, að jarðir væru seldar, sem menn segja yfir háls og höfuð; hann vildi því að málinu yrði tekið hóglega. Hjer væri eigi ákveðið, hvort selja skuli eða eigi, það sjeu einungis settar reglur fyr-

ir því, hvern undirbúning þurfi til að fá þjóðjarðir keyptar með sjerstöku lagaboði, og einungis talað um, að leiguliði eða ábúandi fái þær; hann áliti að málinu væri sinnandi, og að það yfir höfuð sje einfalt, það hefði verið rætt svo mikið í neðri deildinni, að hann áliti enga nauðsyn til að setja nefnd í málið, en þess vildi hann óska, að það fengi að ganga til 2. umræðu.

Ásgeir Einarsson sagði, að það stæði öðru vísi á fyrir sjer en 1. þingmanni Þingeyinga, hann væri eigi meðmæltur þjóðjarðasölu. Málið um þjóðjarðasöluna hefði nú verið rætt mikið fram og aptur, en einkum í þá átt, að þær eigi sjeu seldar nema ábúendunum. En hann vildi taka það fram, að frumvarpið sje einungis til fyrir einn flokk manna, sem sje ábúandana, og tilgangur þess að gjöra menn að sjálfseignarbændum, og það geti nú að nokkru leyti verið gott og gagnlegt, að sem flestir sjeu það. En að gjöra alla að sjálfseignarbændum, það kvað hann mundu reynast ómögulegt; það gæti hann sannað með dæmum. Þannig gæti maður hugsað sjer, að maður keypti jörð í dag, en væri svo dauður á morgun, og þá skiptist jörðin á milli erfingja hans, eða hún yrði að bjóðast upp til sölu opt fyrir skuldum, sem dagleg dæmi hefðu sýnt. Þetta væri nóg til að sýna, að það væri næsta örðugt, að gjöra alla að sjálfseignarbændum. En hann kvaðst vilja leggja það til, að málinu væri lofað að hvíla sig og það geymt til næsta þings, svo það gæti fengið að koma fyrir almennings augu, og almenningur þannig fengið tækifæri til að átta sig á því, því mundi svo hvort sem væri verða breytt á næsta þingi. Ef tími hefði leyft, þá hefði sjer litizt ráðlegt að mörgu leyti að setja nefnd í málið, og hefði þá vel getað skeð, að hann hefði gjört viðaukaatkvæði við þetta frumvarp, en ef málið yrði rætt, þá mætti gjöra viðauka- og breytingaratkvæði við það, og það hefði hann hugsað sjer. Með skynsamlegri forsjá væri hann með þjóðjarðasölu, en þess vildi hann geta, að tvísýnt væri, hvernig atkvæði mundu falla í málinu.

Eiríkur Kúld kvaðst óska, að ef frumvarpið fengi samþykki deildarinnar, að 1. þingmaður Húnvetninga tæki sjer breytingaratkvæði við 1. grein. Hann væri eigi samdóma sölu, eins og frumvarpið færi fram á hana, því það væru allir útilokaðir frá henni nema leiguliðar. En það lægi í augum uppi, að það mætti fara kringum slík lög. Menn gætu farið til leiguliða og fengið hann til að beiðast kaupanna, og gefið honum nokkrar krónur í þóknun, en ætlað sjer jörðina sjálfum. Sjer sýndist málið eigi áríðandi og sízt í þessum búningi. En eitt atriði sýndist sjer undarlegt, og það væri, að eigi væri talað um uppboð, einungis að leiguliði fengi samþykki sýslunefndarinnar. Hann vildi taka það fram enn, að í þessum búningi gæti hann eigi gefið því atkvæði sitt. En hann vildi, ef málið færi til 2. umræðu, áskilja sjer breytingaratkvæði við 2. grein, og vera í því samtaka 1. þingmanni Húnvetninga.

Ásgeir Einarsson hvaðst líklega eigi mundu verða einn um breytingaratkvæðin. Það væri eigi tilgangur sinn, að tefja tímann, en vilja taka það fram, að málið ætti að koma fyrir almenning, áður en farið væri að eiga við það. Það væri eitt atriði í 4. grein, sem sumum kynni að þykja hart, og væri það, að $^2/_3$ partar skyldu standa eptir óborgaðir, ef kaupandi ekki getur borgað; það væri og margt annað, er sjer sýndist vera ísjárvert, og sem væri þess vert, að það væri ýtarlega íhugað, áður en gjört væri nokkuð í því. Eins og hann hefði tekið fram, ætti málið að koma fyrir almenning, það væri t. d. gott að sjá, hvernig menn mundu fella sig við það, sem hefur verið stungið upp á.

Benedikt Kristjánsson sagði, að einu

sinni yrði allt fyrst; þingmaður Barðstrendinga væri þannig núna orðinn sjálfum sjer ósamkvæmur. Hann hefði haft á móti uppboði á þjóðjörðum til ábúðar af þeirri ástæðu, að hver gikkur geti fengið þær til ábúðar; en sama væri að segja um uppboð á þjóðjörðum til sölu, því þar gæti hver gikkur orðið til að bjóða hæst í þær og bolað þannig miklu betri menn og þá ekki sízt ábúendur frá þeim, sem eigi vildu verja fje sínu á óskynsamlegan hátt. Hann vildi því spyrja, hvort nokkuð væri unnið með slíku uppboði? Því yrði eigi svarað með öðru en nei. Það væru til 2 hóf í þessu efni; annað væri, að bjóða jarðirnar hverjum, sem hafa vildi, fyrir hæst verð, og það kallaði hann óhóf; hitt væri það að gefa einungis góðum mönnum kost á þeim, og það kallaði hann meðalhóf. Viðvíkjandi því, sem 1. þingmaður Húnvetninga hefði sagt, að hann vildi hafa móti frumvarpinu af þeirri ástæðu, að því yrði breytt á næsta þingi, þá yrði eigi gjört við því, því svo gæti orðið um öll lög; reynslan hefði sýnt það og mundi sýna það á næsta þingi. Sömu mennirnir, sem gjörðu lögin á næsta þingi, yrðu, ef til vill, til að breyta þeim á þessu þingi, hvað þá er nýir þingmenn yrðu. Að leita að þjóðarinnar vilja sjerstaklega í þessu máli væri eigi meiri ástæða en í öðrum málum, og það því síður sem það hafi verið talað mikið um þetta mál heima í hjeruðum og þingmenn getað kynnt sjer þannig þjóðarviljann. Sjer þætti það því mjög undarlegt, að hinn háttvirti 1. þingmaður Húnvetninga skyldi vera móti málinu. Af því hann fær eigi allt, vill hann eigi hafa þetta, af því það sje eigi nóg; og þannig hefðu honum áður farizt orð, t. d. um frelsið, ef hann fær eigi fullkomnasta frelsi, vill hann eigi nokkurt frelsi, og áliti minna frelsið háskalegra en meira frelsið. Þetta væri rjett rakið eptir öllum hugsunarreglum þingmannsins. (*Ásgeir Einarsson*: Jeg hef eigi lært hugsunarfræði í skóla).

Jón Hjaltalín kvaðst halda, að það ætti að skoða þetta samkvæmt reynslunni. Hann sagði, að menn skyldu gá vel að því, hvernig það hefði gengið með þjóðjarðasöluna. Hann vildi spyrja, fyrir hví menn vildu vera að þessu. Jú! Svarið mundi vera, vegna frjálsræðisins; en það ættu að vera bönd á því sem öðru, því væri það óbundið, mundi mega ganga að því vísu, að það yrði vanbrúkað. Ef menn vildu sjá, hvernig það hefði gengið áður, þá þyrftu menn eigi annað en að lesa söguna. Hann vildi því leggja það til, að það yrði saltað, það mundi eigi rotna fyrir það. Að öðru leyti hefði hann eigi meira að segja um þetta mál.

Varaforseti sagði, að sjer fyndist, að sumir, sem tekið hefðu til máls, hefðu misskilið efni frumvarpsins. Fyrir sitt leyti áliti hann, að frumvarpið miðaði ekki til að gjöra söluna greiðari, heldur miðaði það til þess, að málin um sölu þjóðjarða yrðu betur undirbúin, þegar þau kæmu inn á þingi, en það væri samkvæmt stjórnarskrá Íslands komið undir atkvæðum þingsins, hvort þjóðjarðirnar væru seldar eða eigi. Reynslan hefði sýnt það, að mál um þjóðjarðasölu væru opt illa undirbúin og örðugt að sjá, hvort ástæða væri til að fallast á söluna eða eigi, frumvarpið miði því til að bæta úr þessum annmörkum og ákvarði, hvernig menn í því tilliti skuli haga sjer, og að því leyti sje það haganlegt, en aptur væru ákvarðanirnar að sínu áliti of þröngar eða takmarkaðar, þar sem það hljóði einungis um leiguliða; það gætu þó ef til vill gefizt önnur tilfelli, þar sem eins mikið mæli með sölunni, þannig geti t. d. komið duglegur maður og falað jörð til kaups, til þess að komast að henni til að búa á henni; í þessu tilfelli miðaði salan einnig til þess, að auka sjálfseignir og gætu

því verið hinar sömu ástæður til að selja jörð, þegar þannig væri ástatt, öðrum sem leiguliða; hann gæti því eigi fellt sig við, að frumvarpið miði einungis við leiguliða. En undirbúningur sá, sem frumvarpið færi fram á, þyki sjer skynsamlegur og ákvarðanirnar að því leyti haganlegar, og margt tali fyrir þeim. En það vildi hann aptur benda á, að þó að frumvarpið verði að lögum, þá geti þingið samt fylgt sínum grundvallarreglum, að selja eða selja eigi þjóðjarðir, en að því leyti verði þingið betur statt en nú, að málin komi betur undirbúin og betur megi finna, hvort sannar og nægar ástæður sjeu fyrir sölunni, en eigi fyndist sjer ástæða til að setja nefnd í málið, heldur mundi mega laga það með breytingaratkvæðum.

Stefán Eiríksson kvaðst álíta, að nefndarmenn hefðu rjett fyrir sjer í því, að vera eigi samþykkir þingmanni Skagfirðinga um það, að málinu væri vísað til þeirra; því að þar sem nú væri að eins eptir ein umræða í því máli, er nefndin hefði til meðferðar, væri auðsætt, að hún gæti eigi fengizt við þetta nýja mál í sambandi við það. Þingmanni Húnvetninga væri hann samþykkur í því, að lítið væri unnið við frumvarpið; það væri að vísu gott, að þingið fengi upplýsingar frá sýslunefndum, en hvað snerti rjett leiguliða, þá þætti sjer hart, að loka alla aðra úti frá kaupunum, en það lægi beinast við að skilja svo frumvarpið; ef ætti að færa það í lag, yrði frumvarpið að verða umfangsmeira; en ef nú meiningin í frumvarpinu ætti að vera sú, að leiguliðar skyldu hafa forgöngurjett við kaup á ábúðarjörðum þeirra, þá væri það lögvenja áður og þyrfti eigi um það ný lög.

Forseti kvaðst ætla að bera uppástungu þingmanns Skagfirðinga undir atkvæði, hvort vísa ætti þessu máli til nefndarinnar, er sett hefði verið um ábúð og bygging þjóðjarða, jafnvel þó að hann áliti að slíkt gæti eigi náð neinni átt, því að mál það, er hjer væri um að ræða, ætti að koma til 1. umræðu, en hitt til annarar umræðu. Tillaga sú var felld með 10 atkv. gegn 1.

Jón Jónsson kvaðst vilja benda á, að sama hefði fyr verið gjört í deildinni.

Forseti bar þá upp, hvort vísa skyldi málinu til sjerstakrar nefndar, og var vegna óljósrar atkvæðagreiðslu viðhaft nafnakall og sögðu:

Já:
Jón Jónsson,
Nei:
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Arni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

og var það þannig fellt með 10 atkvæðum gegn 1.

Því næst var málið fellt frá 2. umræðu með 6 atkv. gegn 5.

C.

Uppástunga til þingsályktunar um sölu á þjóðeignum. Frá Benedikt Sveinssyni, Páli presti Pálssyni og Páli bónda Pálssyni. Sjá I 301.

Á 36. fundi neðri deildar, 11. ágúst, var eptir uppástungu forseta samþykkt að hafa eina umræðu um þetta mál.

Ein umræða í neðri deild, á 43. fundi, 15. ágúst.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal eigi vera margorður um mál þetta. Deildinni er það í fersku minni, að frá þessari deild fór fyrir skemmstu frumvarp, er samþykkt var með miklum atkvæðafjölda, og fór í þá átt, að

gjöra það að lögum, sem er aðalefnið í þessari uppástungu; en efri deildin felldi það frumvarp með eins atkvæðis mun, og var þessi niðurstaða eða afdrif málsins í efri deildinni, eptir mínu áliti þannig eigi byggð á því, að deildin væri frumvarpinu mótfallin í efninu heldur að forminu til. Nú kemur mál þetta fram í allt öðru formi. Það sem uppástungan inniheldur, eru bendingar til landshöfðingja um, að þeir, sem eptirleiðis vilja fá keypta þjóðjörð, skuli fá hjá landshöfðingjanum bendingar um, hverjar skýrslur þeir eigi að útvega, til þess að þingið byggi eigi neitun sína á því, að skýrslurnar vanti; en það er einmitt þessi skýrsla, sem einlægt hefur verið barið við, þegar um sölu einstöku þjóðjarða hefur verið að ræða hjer í deildini, bæði í hitt eð fyrra og í þetta skipti. Jeg treysti því þess vegna, að deildin veiti þessari þingsályktun samþykki sitt.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti uppástunguna undir atkvæði deildarinnar, og var hún samþykkt með 16 atkvæðum. Kvað forseti uppástunguna mundu verða afgreidda til efri deildar.

Á 44. fundi efri deildar, 19. ágúst, var samkvæmt uppástungu forseta ályktað að hafa eina umræðu um mál þetta.

Ein umræða í efri deild, á 46. fundi, 20. ágúst.

Enginn tók til máls, og bar forseti þá uppástunguna upp til atkvæða, og var hún samþykkt með 7 atkvæðum, og síðan send landshöfðingja sem ályktun frá alþingi.

LIX. SALA JARÐARINNAR KALDAÐARNESS.

Frumvarp til laga um sölu á eigninni Kaldaðarnesi í Árnessýslu. Flutningsmaður Benedikt Sveinsson, 1. þingmaður Árnesinga. Sjá I. 200.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg þarf því síður að vera langorður um mál þetta, sem það engin nýmæli eru hjer á þingi. Jeg skal að eins geta þess til upplýsingar þeim þingmönnum, sem ókunnugir eru jörðinni, sem hjer ræðir um, að jörðin að vísu hefur allgott slægjuland, en útbeit mjög magra, þess utan liggur hún undir ágangi af Ölfusá, og kveður svo mikið að því, að menn allopt á vetrardag ekki komast bæja á millum nema á bátum, þegar hlaup koma í Ölfusá. Hjer er að vísu um stóreign að tala, þar sem höfuðbólinu fylgja 7 hjáleigur, en þegar þess er gætt, að bæði prestsmata og umboðslaun hvíla á afgjaldi jarðarinnar, eins og nú er ástatt, mun það sýna sig, að rentan af andvirði því, sem nú er stungið upp á, er það hærri en hinn núverandi leigumáli, að landssjóður græddi það, sem á að gizka samsvaraði rentu af 1500 krónum. Mjer virðist mál þetta að öðru leyti svo einfalt og óbrotið, að ekki þurfi að setja sjerstaka nefnd í það, en vona, að það fái að komast til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að eptir frumvarpinu er mjer það óljóst, hvort meiningin er, að Lambastaðir og Kálfhagi einnig eigi að vera innifalinn í kaupinu.

Flutningsmaður: Meiningin var, að þessar 2 jarðir fylgdu með, en það er máske ekki sem heppilegast orðað í frumvarpinu, að láta þessar jarðir felast í orðinu «eign». Jeg skal geta þess, að jeg hef farið eptir munnlegri skýrslu þess manns, er fjekk mig til að flytja mál þetta, og getur því vel verið, að hjer sje ekki rjett nefnt, en því er hægt að breyta í hendi sjer.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held það

rjett nefnt, að hinar 2 umræddu jarðir, Kálfhagi og Lambastaðir fylgi eigninni; að minnsta kosti hefur umboðsmaðurinn haft byggingarráðin á þeim, að því sem mjer er frekast kunnugt.

Varaforseti: Er ekki rjettast að vísa máli þessu til nefndar þeirrar, sem sett er til að íhuga sölu á umboðsjörðum?

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er nú einn af þeim, sem ekki vil selja þjóðeignir, og hvað þetta mál sjerstaklega snertir, virðast mjer allar nauðsynlegar skýringar vanta, og úr því frumvarp um sölu opinberra jarða yfir höfuð er komið hjer inn á þingið, virðist mjer ekki eiga við að tala um einstaka jörð, fyr en hin almenna spurning er útkljáð. Jeg er annars mjög hræddur um, að þessi sala þjóðeigna, geti orðið landssjóði til mjög mikils halla, því menn verða að gæta að því, að peningar allt af eru að lækka í verði mót landaurum, með öðrum orðum, landaurarnir stíga í verði, og þó nú hjer í svipinn sje uppfyllt hið sjálfsagða skilyrði, að arðurinn af andvirði jarðarinnar verði eins hár og jarðargjöldin áður voru, þá vildi jeg ekki selja gegn peningum einum, en hitt kynni jeg að geta fallizt á, að jörðin væri seld þannig, að helmingur verðsins væri greiddur, en hinn helmingurinn látinn standa mót fyrsta veðrjetti í jörðinni, og af honum svarað sama afgjaldi, og áður var af hálfri jörðinni. Það væri þó nokkur trygging fyrir því, að landssjóðurinn biði ekki stórskaða af því að selja gegn peninga-útborgun, ef peningar fjellu stórkostlega. Jeg sje enga ástæðu til að vísa máli þessu til nefndar þeirrar, sem sett er «um sölu þjóðeigna»; henni er það ekki nánara en annari nefnd, og hjer er ekki heldur um svo lítið að tefla um 10,000 kr. að minnsta kosti, og þó jeg ekki þekki Kaldaðarnes, er mjer nær að halda, að það mætti og ætti að bæta svo, að það gæti af sjer gefið mikið meira enn rentur af 10,000 krónum.

Guðmundur Einarsson: Jeg verð að vera mótfallinn því, að vísa máli þessu til nefndarinnar, því hún er búin að afljúka sínum starfa. Að öðru leyti er jeg í máli þessu alveg samþykkur þingmanni Reykvíkinga.

Flutningsmaður: Þingmaður Reykvíkinga kvartaði undan því, að þingið vantaði nauðsynlegar skýringar til þess að geta borið um, hvort rjett mundi að selja jörð þá, er hjer ræðir um, eða eigi, en þær munu koma (*Halldór Kr. Friðriksson*: hve nær?) innan skamms frá efri deildinni. Þá óttaðist hann að það gæti orðið til skaða fyrir landssjóð, að selja þessa eign, en hjer er nú um það verð að tala, að boðið er 1500 krónum meira en jörðin nú rentar sig fyrir. Hann vill láta helming kaupverðsins standa eptir inni í jörðinni móti óuppsegjanlegum veðrjetti; þessu yrði að minni hyggju að eins komið fyrir með erfðafestu, og það er jeg nú óviss um að falli oss Íslendingum í geð. Jeg get ekkert sjeð á móti því, að vísa máli þessu til nefndar þeirrar, sem þegar er sett, til hennar hefur þó verið vísað 2 sjerstökum málum um jarðasölu, og því má þá ekki þetta fara sömu leið? þá þyrfti ekki að ráða þessu máli til lykta fyr en útkljáð væri málið um sölu þjóðeigna í heild sinni.

Páll Pálsson prestur: Það sem gjörir, að jeg er í vafa um, hvort jeg á að fallast á þetta frumvarp, er, að það er mjer kunnugt, að umboðsstjórnin, án þess að gefa nokkrar ástæður fyrir, hefur vikið 2 umboðsmönnum, sem um leið voru ábúendur fyrverandi spítalajarða, frá, og get jeg ekki ímyndað mjer, að það komi til af öðru en því, að jarðirnar hafi þótt of lágt leigðar, og vil jeg því, að mál þetta sje ýtarlega íhugað, og annaðhvort sett sjerstök nefnd í það, eða því verði vísað til nefndar þeirrar, sem sett var til að íhuga sölu þjóðjarða yfir höfuð.

Forseti kvað það sína ætlun, að rjettast

væri að fresta þessu máli, þangað til aðalmálinu «um sölu þjóðjarða» væri lokið; þó einhver nefnd sje búin að leggja fram álit sitt, er hún þar fyrir enn við lýði, og ekki hætt að vera til, fyr en málið er alveg til lykta leitt.

Var síðan máli þessu með atkvæðafjölda vísað til nefndarinnar í málinu um sölu þjóðjarða (Sjá næsta mál á undan).

Önnur umræða í neðri deild á 25. fundi, 30. júli.

Breytingartillaga I 239.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Eins og deildin sjer, er breytingaruppástungan við frumvarp þetta fólgin í því, að 2 jarðir eru aðskildar frá eigninni Kaldaðarnesi, nefnilega Kálfhagi og Lambastaðir. En með eigninni Kaldaðarnesi meinti jeg allar þessar jarðir, en nefndin stakk upp á því, að einungis höfuðbólið með hinum 7 hjáleigum skyldi verða selt, Höfuðbólið með öllum þessum hjáleigum er til samans 86,2 hndr., svo að þar af má sjá, að söluverðið 10000 krónur, er frumvarpið til tekur, nemur meiru en vanalegu söluverði, og er langt fram yfir það að samsvara þeim leigumála, sem nú er á jörðunni.

Varaforseti: Flutningsmanni mun það kunnugt, að jörð þessi er ein með hinum beztu jörðum í Árnessýslu, og það mun reynast, að með jarðabótum getur verð hennar aukizt allt að tvöföldu. Jeg legg nú reyndar eigi mikla áherzlu á þetta; en jeg vil spyrja þingið um, hvort heppilegt sje að samþykkja frumvarp þetta á sama degi, sem samþykktar hafa verið varúðarreglur í sölu þjóðjarðanna. Jeg skora á flutningsmann um, hvort þetta er eigi ein hin bezta jörð í Árnessýslu. Maðurinn, sem þar býr, er dugnaðarmaður, þótt hann sje eigi eins fjáður og sá, er nú hefur falað jörðina til kaups. Jeg veit eigi annan mun á mönnum þessum, nema að annar þeirra er ríkur, en hinn bjargálna. Það bíður engra svara, að samþykkt verði, að jörð þessi sje seld fyrir einar 10,000 krónur.

Flutningsmaður: Jeg ætla mjer ekki að sækja mál þetta með neinu ofurkappi, þó mjer virðist varaforseti vilja fella það með ákafa. Jeg þekki vel, að miklar slægjur heyra til jörð þessari, en útbeit er þar mögur, og jörðin liggur undir skemmdum af Ölfusá. Þetta eru sannmæli, sem enginn getur hrakið með rökum. Það er sjálfsagt, að jörðin stendur, ef til vill, til mikilla umbóta; en nú sem stendur er hún í niðurníðingu, og má svo kalla, eptir því sem jeg hef heyrt, að þar standi eigi steinn yfir steini, sem menn segja, enda er hún og fjarska-lítið leigð, og er það undarlegt, ef ábúandi jarðarinnar er svo duglegur, sem varaforseti lætur, að jörðin skuli vera svona lítið leigð, og leiguliðinn þó eigi geta þrifizt á henni. Hvar er þá dugnaðurinn, hvar jarðargæðin? Jeg veit eigi, hvort jeg á að taka frumvarp þetta aptur, en það get jeg sagt með sanni, að jeg ber eigi frumvarp þetta upp í því skyni, að landssjóðurinn bíði halla við það.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er hvorki samdóma flutningsmanni nje 1. þingmanni Gullbringusýslu að öllu leyti. Þar sem 1. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að jörð þessi væri ein með hinum beztu jörðum í Árnessýslu, þá er það beldur of í lagt, en þar eru miklar slægjur, og jörðinni vel í sveit komið, þar sem hún liggur svo nærri Eyrarbakka; eyjar liggja skammt frá jörðinni í Ölfusá, og er þar heyskapur töluverður. Jörðin á mikið beitiland í mýri þeirri, er Breiðamýri heitir, og voru þar fyrrum höfð beitarhús, og í þeirri tíð, sem hospítalið var þar, og þegar jörðin hefur verið rjett notuð, munu þar jafnan hafa verið efnamenn, enda verður því ekki neitað, að jörðin hefur mikið í sjer, og gæti staðið til mikilla bóta. En jeg get eigi

verið sama þingmanni samþykkur í því, að maður sá, er nú býr á jörðunni, sje duglegur maður, því að hann hefur aldrei búmaður verið. Hitt er eigi satt, sem flutningsmaður sagði, að á jörð þessari standi eigi steinn yfir steini, því að jeg veit til þess, að maður þessi hefur haldið við bæði húsum, og jeg held líka túngörðum. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga máske geti upplýst, hvernig ábúðin er nú.

Flutningsmaður: Jeg hef sögusögn annara fyrir mjer í þessu efni; það getur verið, að ábúandinn hafi síðan bætt byggingar á jörð sinni, enda veit jeg eigi, hvað 2. þingmaður Árnesinga kallar vel byggt; jeg ímynda mjer helzt, að hann sje ekki heimtufrekur í því efni.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer gleymdist að taka eitt fram. Tvær af hjáleigum Kaldaðarness voru 1877 leigðar mönnum, sem búsettir voru niður á Eyrarbakka, og gefur það öllum að skilja, að slíkt ábúðarhald er til eyðileggingar. Jeg sagði ekki, að þar væri vel byggt, en hinu mótmælti jeg, að þar væri ekki steinn yfir steini.

Hjálmur Pjetursson: Mjer dettur í hug, að þetta frumvarp hafi legið á bak við hjá flutningsmanni, þegar hann mælti með því áðan, að þeir, sem eigi væru leiguliðar á þjóðjörðunum, gætu fengið þær keyptar. Það er eptirtektavert, ef flutningsmaður er að fala þjóðjörð til handa þeim manni, er eigi er ábúandi hennar, fyrir helmingi minna verð, en jörðin gæti selzt að rjettu lagi. Slíkt hlýtur að vera komið af einhverjum þeim hvötum, er vjer eigi þekkjum; að minnsta kosti kemur þetta mjög skrítilega fyrir.

Varaforseti: Hjer ræðir eigi um að selja leiguliða þjóðjörð, heldur öðrum manni. Jeg man að vísu ekki, hvað jörð þessi er leigð, en það er víst, að hún er langtum of lágt leigð. Eins og 2. þingmaður Árnesinga vottaði, er þar gott beitiland, en svo er þar einnig selveiði í Ölfusá. Að jörðin liggi undir áfalli, getur vel verið; en þó svo sje, þá getur góður og duglegur ábúandi stemmt stigu fyrir því. Jeg vil því biðja þingdeildina þess, að sýna eigi það bráðræði, að samþykkja frumvarp þetta, er fer fram á, að jörð þessi sje seld fyrir hálfvirði.

Ísleifur Gíslason: Jeg get eigi dæmt um það, hve duglegur eða óduglegur þessi maður er, því að það þekki jeg eigi, og af sömu ástæðu vil jeg ekki dæma um gæði jarðarinnar. En hitt er eigi satt, sem flutningsmaður sagði, að þar stæði eigi steinn yfir steini, því að þar eru sæmileg húsakynni, og eins ætla jeg að görðum sje sæmilega viðhaldið.

Páll bóndi Pálsson: Mjer virðist eigi full ástæða til að fella mál þetta af ástæðum þeim, er varaforseti hefur komið með. Þó að verð það, er frumvarpið tiltekur, sje lágt, þá er hægt að laga það, en ef ábúandí sá, er á jörðinni situr, er ljelegur eða ónýtur, og níðir hana niður, þá virðist mjer hagkvæmast, að jörðin sje seld, því að hún getur orðið góð eign í höndum duglegs manns. Jeg verð því að mæla með sölunni, því að jeg álít landið græða miklu meira á því, ef jörðin er seld duglegum manni, sem tekur hana til ábúðar, og bætir hana, eins og þó hún sje eigi seld, og einhver slóðinn sje látinn sitja á henni, og níða hana enn nú meir en komið er, og þannig fyrirbyggja, að hún geti komizt í þess manns hendur, er hefur bæði efni og vilja til þess að láta ekki liggja ónotuð þau hin miklu gæði jarðarinnar, er varaforseti sagði að hún hefði.

Flutningsmaður: Jeg verð að bera af mjer ámæli það, er þingmaður Mýramanna bar á mig. Það stendur í frumvarpi þessu, að ráðherranum veitist heimild til að selja jörðina Kaldaðarnes, að óskertum rjetti leiguliða, og þetta er einmitt hið sama, sem ákveðið er í hinu almenna frumvarpi nefndarinnar um sölu á þjóðjörðum, en aptur á

móti er það eigi samkvæmt breytingaruppástungu þingmanns Mýramanna sjálfs, það játa jeg, en hvernig er jeg skyldugur að fá ámæli fyrir það? Jeg hef eigi á móti því, að upphæð söluverðsins sje færð nokkuð upp, enda hefur nefndin fært upp kaupverðið, þar sem hún hefur dregið undan tvær jarðir. Það átti illa við að fara að tala um, hve vel væri byggt á Kaldaðarnesi, er jeg ætla, að þar sje fremur illa byggt, eptir þeirri hugmynd sem jeg legg í að vel sje byggt.

Þórður Þórðarson: Þó að jeg að vísu hafi verið meðmæltur þjóðjarðasölu yfir höfuð, þá get jeg eigi eptir þeim upplýsingum, er fram eru komnar í þessu máli, verið frumvarpi þessu meðmæltur. Mjer virðist því sala þessarar jarðar geta dregizt enn í tvö ár, og beðið þess, að frumvarp það um sölu á þjóðeignum, er nú er fyrir þinginu, nái fram að ganga.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti frumvarpið undir atkvæði deildarmanna, og var breytingaruppástunga nefndarinnar við frumvarpið felld með 11 atkvæðum gegn 6.

Var frumvarpið síðan tekið aptur af flutningsmanni.

LX. SALA Á GRÍMSTUNGUHEIÐI OG AUÐKÚLUHEIÐI.

Frumvarp til laga um sölu á Grímstunguheiði og Auðkúluheiði. Frá Ásgeiri Einarssyni, 1. þingmanni Húnvetninga. Sjá I 156.

Fyrsta umræða í efri deild, á 18. fundi, 22. júlí.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson) kvaðst að vísu vera flutningsmaður þessa máls, en hann hefði þó eigi fengið neinar skýrslur um það til að leggja fram; að eins hefði hann fengið samþykkt milli prests og hlutaðeigandi hreppsnefnda; skýrslur væru þar á móti komnar til stiptsyfirvalda og landshöfðingja. Þó að nú málið væri einfalt, sýndist sjer það samt mjög svo athugavert, og vildi því leggja það til, að 1. umræðu væri frestað, og nefnd kosin.

Landshöfðingi kvaðst vilja mæla með því, að nefnd væri sett, en hann vildi vekja athygli þingmanna á því, að þegar rætt væri um sölu kirkjujarða, mundi nægja konungsúrskurður, því að eptir sinni skoðun ætti það, sem stæði í 23. gr. stjórnarskrárinnar, eingöngu við eigur landssjóðsins, og gæti því eigi komið til greina við kirkjueignir. Ef nefnd væri sett, væri hann fús á að veita henni allar upplýsingar, sem hjá sjer væru, og einkum snertu Auðkúluheiði.

Jón Pjetursson kvað enga ósk frá bændum liggja fyrir um þessi kaup, enda þætti sjer ólíklegt, að þeir óskuðu eptir þeim, nema þeir ættu hreppssjóði svo mikla, að þeir gætu borgað, annars yrði að jafna verðinu niður á bændur, og væru þeir þá kaupendur en eigi hreppurinn, og til þess yrðu þeir eigi neyddir. Það væri sjálfsagt, að leitað hefði verið samkomulags við prest, prófast og stiptsyfirvöld, en sjer þætti ólíklegt, að þeir veittu samþykki sitt, ef þeir vissu, hversu mikill arður væri að heiðum þessum, því að það væri að selja fótinn undan jörðunum. Hann vildi því mæla móti frumvarpinu.

Flutningsmaður kvaðst að eins vilja geta þess um Auðkúluheiði, að hreppurinn ætti jörð eða jarðir, sem ætlazt væri til að borguðu heiðina; hjer væri eigi talað um að afgjöra nein kaup, heldur að eins að fá leyfi til sölunnar; á skýrslunum mætti sjá eindreginn vilja allra hlutaðeigenda, en með því að hann vonaði, að nefnd yrði sett, ætlaði hann eigi að færa ástæður fyrir frumvarpinu að sinni.

Benedikt Kristjánsson kvað sjer sýnast fleiri torfærur aðrar, en landshöfðingi hefði

getið um. Ef hreppssjóðnum ætti að verja til kaupsins, yrði að fá leyfi til þess fyrst, og í annan stað þætti sjer það koma öfugt við, að verja því fje, er ætlað væri ómögum og fátæklingum til framfæris, til þess að kaupa fyrir afrjettarlönd, því af þeim hefðu þeir mest gagn, er fjáðastir væru. Sjer þætti það mjög eðlilegt, að prestar yrðu fegnir að losast við öll þau umsvif og gjaldheimtu, sem fylgdi þessari afrjettareign, og það væri sanngjarnt af sveitarfjelaginu að vilja losa þá við það, en þá væri eins gott, að taka afrjettina á leigu fyrir víst afgjald, sem væri eins hátt og rentur af hinu umtalaða kaupverði; við það væri gætt hags prestakalla, og sveitin fengi það, sem hún vildi; ef málinu væri þannig hagað og hætt við kaupin, þætti sjer þá málið komast í gott horf.

Jón Jónsson kvaðst mæla með tillögu þingmanns Húnvetninga. Viðvíkjandi því, sem landshöfðingi hefði sagt, vildi hann gjöra þá athugasemd, að stjórnarskráin gæfi þinginu umráð ekki að eins yfir eignum landssjóðsins, en yfir öllum eignum landsins, og til þeirra hlytu allar kirkjueignir að teljast; við siðabótina hefði konungur kastað eign sinni á kirkjufje allt, en afsalað sjer því að nokkru leyti með stjórnarskránni, og hlyti þingið eins að hafa umráð yfir kirkjueignum eins og stólsjörðum, og þó að það, er landshöfðingi sagði, hefði verið síður, vildi hann sem þingmaður leyfa sjer að efast um, að þessi síður væri rjettur og samkvæmur lögunum.

Bergur Thorberg kvað eigi mundu vera nauðsyn á að ræða þetta mál, ef að eins þyrfti konungsúrskurð, en það væri sitt álit, að kirkjujarðir væru taldar með eignum landsins, og 23. grein sjórnarskrárinnar kæmi því til greina, þó að þær að vísu væru eigi eign landssjóðsins í takmarkaðri skilningi. Hann vildi því láta þingið sinna málinu, og hvað það snerti, vildi hann mæla fram með nefnd, til að útvega skýrslur. Enginn þyrfti að óttast, að nokkur yrði neyddur til að selja eða kaupa, þó að málið fengi framgang, því að hjer væri að eins að tala um heimild til sölunnar, en þar að auki væri sjer kunnugt, að hjer væru allir hlutaðeigendur samhuga. Þar sem það hefði verið tekið fram, að eigi væri nauðsyn á að kaupa, heldur rjettara að leigja heiðarnar, þá væri sjer kunnugt, að þessa hefði verið leitað, en menn eigi orðið ásáttir. Hann vildi leggja það til, að kosin væri 3 manna nefnd.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort kjósa skyldi 3 manna nefnd, og var það samþykkt með 8 atkvæðum. Því næst ljet hann kjósa menn í nefndina, og voru þessir kosnir:

Ásgeir Einarsson með 9 atkvæðum.
Bergur Thorberg — 7 ——
Benedikt Kristjánss. — 6 ——

Var umræðunni síðan frestað.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 27. fundi, 4. ágúst.

Nefndarálit I 255—257.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*) kvað það sjást í nefndarálitinu, að meiri hluti nefndarinnar rjeði frá að samþykkja frumvarpið, en eigi svo mikið af því, að hann teldi það svo óhagfellt eða fyndi mikið móti því, sem af hinu, að það væri eigi svo undir búið, að hægt væri að sjá, hvort salan væri nauðsynleg, eða hvort hún gæti átt sjer stað. Hvað snerti hið fyrra atriðið, þá hefði nefndinni litizt æskilegt, að sveitunum væru leigðar heiðarnar um langan tíma, 20—30 ár, fyrir fast ákveðið árgjald, álíka hátt og lagarenta af verði því, er þær nú vildu kaupa þær fyrir, því að með þessari aðferð næðist tilgangur frumvarpsins, þar sem þá hlyti að hverfa sá ágreiningur, er frumvarpið vildi fyrirbyggja, um það, hver nyt bændum væri heimilt að

hafa af heiðunum fyrir afrjettartoll þann, er þeir greiddu, t. d. hvort þeir mættu reka tryppi, og svo jafnvel um skyldur sumra til að greiða tollinn; þá hyrfi einnig hin erfiða innheimta tollsins af prestinum, þar sem hann fengi fast árgjald, er sveitin sem heild stæði honum skil á, og þá bæri það undir hana að sjá um, að bændur hagnýttu sjer afrjettina á sem rjettastan hátt. Á þennan veg hefðu yfirvöldin bent hlutaðeigandi hreppsnefndum; hjer væri eigi hægt að sjá, að þær hefðu gjört neitt í þá stefnu; þetta kallaði hann skort á undirbúningi, því að meðan eigi sæist, að reynt hefði verið að koma sjer saman um leigu á heiðunum, væri engin vissa fyrir, að nauðsyn væri á sölu. Hið síðara atriðið, óvissan um, hvort salan gæti átt sjer stað, hefði þó mátt sín meira hjá nefndinni, því að í 26. gr. sveitarstjórnarlaganna væri hreppsnefnum bannað að taka upp á hreppinn neina viðvarandi skuldbinding, nema með leyfi sýslunefndarinnar; þetta hlyti að vera kunnugt hlutaðeigendum, og það því fremur, sem stiptsyfirvöldin hefðu einnig bent þeim á það, við undirbúning málsins, en allt fyrir það sæist eigi, að neitt hefði verið gjört til þess að útvega samþykki sýslunefndarinnar, og meðan engin vissa væri fengin fyrir því, að hún leyfði söluna, þætti meiri hluta nefndarinnar óheppilegt og jafnvel ósamboðið virðingu löggjafarþings, að gefa út lög um þá sölu, er vafasamt væri, hvort nokkurn tíma gæti orðið framgengt, af því sá, sem ætti með að ráða kaupunum, ekki vildi þau.

Jón Jónsson kvað sjer sýnast í nefndarálitinu, að minni hlutinn hefði þar svarað ástæðum meira hlutans, en hann vildi þó bæta þar við nokkrum athugasemdum. Meiri hlutanum þætti ósamboðið löggjafarþingi, að samþykkja þetta frumvarp; hann vildi benda honum á, að þingið hefði nýlega samþykkt frumvarpið um Helgustaðanámann, sem sama máli væri að gegna með. (*Framsögumaður*: Þá var fengin vissa áður). (*Magnús Stephensen*: Þar var um enga sölu að ræða). Það gjörði lítið til, hvort talað var þá um sölu eða kaup; stjórnin hefði líka lagt fyrir þing á undan frumvarp um að selja án þess að hafa vissu fyrir, að salan kæmist á, og hefði ráðgjafi hans hátignar konungs víst ekki síður en hinn 2. konungkjörni þingmaður tilfinning fyrir því, hvað samboðið væri virðingu löggjafarvaldsins, konungs og þings. Svo mætti segja sama um verzlunarstaðina, engin vissa væri fyrir, að þeir kæmust nokkurntíma á; það væri undir því komið, hvort verzlunarmenn settust þar að, en þingið hefði eigi neitt loforð um það frá þeim, en að eins vottorð um, að sigla mætti inn á hafnirnar; þar væri að eins veitt heimild til að nota hafnirnar, og eins væri hjer. Svo talaði meiri hlutinn um aðra leið, nefnilega að leigja heiðarnar um langan tíma; sjer þætti vafasamt, hvort sveitirnar stæðu sig við slíkan leigumála, og svo hvort hlutaðeigandi prestur mætti leigja þær þannig, án heimildar frá löggjafarvaldinu. Sjer þætti líka vafasamt, hvort það væri rjett af þinginu, að leyfa annað en beðið væri um, það ætti annaðhvort að veita bænina, eða neita henni; en ef þessu væri haldið fast fram, skyldi hann slaka svo mikið til, að samþykkja þá breyting á frumvarpinu, að þar væri veitt heimild til annaðhvort að leigja heiðarnar eða selja þær; hann vonaði, að deildin felldi ekki málið, þar sem jafnvel meiri hlutinn játaði, að þörf væri á að breyta ástandi því, sem nú er.

Benedikt Kristjánsson vildi benda þingmanni Skagfirðinga á það, að jafnvel þó að þingið hefði einhverntíma gjört eitthvað sjer ósamboðið, þá væri það þó engan veginn skylda þess að gjöra það alltaf. Stiptsyfirvöldin hefðu bent hreppsnefndunum á, að þær þyrftu að fá leyfi sýslunefnda; hvernig stæði nú á, að þær, sem auðsjáanlega væru

velskipaðar eptir brjefum þeirra að dæma, hefðu eigi fengið eða sýnt þetta samþykki frá sýslunefndinni? Hann gæti vel ímyndað sjer, að sýslunefndin væri ófús á að veita það, og þætti ísjárvert, að verja til þessara kaupa fje því, er til framfæris ætti að vera fyrir fátæklinga og til annara sveitarþarfa. Þingmaðurinn hefði látið í ljósi, að hæpið væri, hvort hreppsnefndirnar mundu standa sig við, að taka heiðarnar á leigu; það væri sjer ómögulegt að skilja, þar sem árgjaldið ætti eigi að vera hærra en sem svaraði lagarentu af fje því, er þeir vildu nú kaupa þær fyrir. Heimild til að leigja, þyrfti og ætti þing alls eigi að veita; presturinn hefði jafna heimild til að leigja heiðarnar, eins og hverja kirkjujörð, en bezt þætti að leigja þær um langan tíma. Hann vissi eigi, hvers vegna hreppsnefndunum væri svo mikið kappsmál í þessu kaupi; hreppsbændur væru þó eigi bolaðir frá að nota heiðarnar. Fyrir afnotum annarar heiðarinnar væri dómur, og við hann miðað söluverðið að frá dregnum kvöðum þeim, er á prestinum liggja sem afrjettareiganda, en þar væri bændum að eins heimilaður lamba upprekstur fyrir afrjettartollinn; sjer væri eigi kunnugt, að «lamb» merkti nokkurn tíma «sauð» í íslenzku; en þó að það væri nú gefið eptir, þá gæti þó alls eigi komið til skoðunar, að í lambaupprekstri væri líka innibundin tryppaupprekstur, en í slíku hrossahjeraði, sem Húnavatnssýslu, notuðu menn afrjettina meir til hrossabeitar en sauðfjár, einkum er þess væri gætt, að það væri víða venja, að reikna afrjettartoll fyrir eitt tryppi jafnháan og fyrir 100 fjár. Svo væri grasatekja; hvernig gæti hún heimfærzt undir lambaupprekstur? og eigi væri hægra að heimfæra silungsveiðina á Auðkúluheiði þar undir, því að menn mundu eigi enn hafa komið lömbum sínum á að veiða sjer silung til matar. Sjer þættu prestarnir standa hjer vel að máli, og sjer þætti engu spillt fyrir þeim, þó að eigi væri leyft, að selja heiðarnar. Svo væri enn eitt atriði, sem hann vildi taka fram; þó að þingið taki þá stefnu, að vilja selja jarðir landsins, sem sjer þætti vafasamt hvort rjett væri, þá ætti það að vera varfærnara með kirkjujarðir í því tilliti, eptir því er sjer fyndist, og sú tilfinning sín gæti að nokkru leyti stuðzt við það, að lögfræðingum hefði eigi komið saman um, hvort þingið hefði heimild til að leyfa sölu á kirkjueignum, eða það heyrði eingöngu undir úrskurð konungs; hann væri að vísu á því, að eptir gildandi lögum bæri þetta undir þingið, en sjer fyndist það samt eigi hafa eins fullkomin umráð yfir kirknafje eins og hinu borgaralega, og hann ímyndaði sjer, að sambandið milli löggjafarvaldsins og kirkjunnar stæði naumast til lengdar, eins og það væri, og þyrfti það umbóta við; en þó að kirknamálið væri nú í hreinsunareldinum, væri eigi útlit fyrir, að það mundi sleppa svo fljótt úr honum, að vanþörf væri á sálumessum til að stytta neyðartíma þess, og því vildi hann stinga upp á, að halda nú þá sálumessu, að lóga eigi að svo stöddu eignum kirkjunnar.

Flutningsmaður sagði, að hinn heiðraði sessunautur sinn hefði stutt þetta mál móti framsögumanni að nokkru leyti, og sýnt fram á, að þingið hefði gefið leyfi til kaups á eign, sem eins tvístýnt gæti orðið að stjórnin samþykkti, enda væri hættan eigi mikil, þar sem í 2. grein væri tekið fram, að ráðgjafinn skyldi setja ákvarðanir fyrir sölunni, og fyndist sjer það fullkomin varúðarregla, og yrði þar með komið í veg fyrir, að kirkjunum í nokkru yrði gjört til skaða. Honum þótti og gott, að meiri hluti nefndarinnar og einkum hinn 2. konungkjörni þingmaður væri meðmæltur sölunni, því eigi gæti hlutdrægni dregið hann til þess. Það hefði verið talað um, að leigja heiðarnar. Um það hefði verið talsvert umtal í hreppnum, en niðurstaðan hefði þó orðið, eigi að ganga að því. Meiri hluta nefndarinnar hefði

þótt málið nokkuð ískyggilegt, en hann kvaðst verða að ætla, að hann mundi því kunnugastur af þingmönnum þessarar deildar; hann yrði að leggja mesta áherzlu á það, að prestarnir sjálfir vildu selja; svo væri sjer og kunnugt, að mikill áhugi hefði verið á þessu máli á sýslunefndarfundum, þar sem ávallt væri þræta milli upprekstrarmanna og heiðareiganda. Það hefði verið spurt að, því sveitunum væri þetta svo mikið kappsmál, en það væri engan veginn svo, prestunum sjálfum væri það eins umhugað, og sæju þeir mikið vel, hverjar afleiðingar það mundi framvegis hafa. Hann kvaðst eigi ætla að svara þingmanni Þingeyingja, þar sem hann hefði sagt, að eitt tryppi æti eins og 100 fjár, því slíkt væri móti heilbrigðri skynsemi; hann ætlaði einnig að sleppa grasatekjunni og silungsveiðinni, því aldrei hefðu viðkomandi fengið einn skilding fyrir hana. Loks kvaðst hann vona, að málið væri látið ganga til 2. umræðu, og það því heldur, sem framsögumaður væri því meðmæltur.

Jón Jónsson sagði, að það væri eitt atriði, er hann vildi benda þingmanni Þingeyinga á, nefnil. að ef prestar mættu leigja burt jarðir í 20—30 ár, því þá eigi 50, 60, 70, 100 ár, hvar væru takmörkin? Ef þingmaðurinn væri kunnugur erlendis, ætti hann að vita, að leigumáli um langan tíma væri álitinn rjettur mjög líkur eignarrjetti; eins væri ekki mikið varið í þá eign, sem enginn brúkunarrjettur fylgir. Honum væri kunnugt, að yfirvöldin hefðu stundum samþykkt, að embættisjarðir væru leigðar um víst áratímabil fram yfir embættistíma þess manns, er hefði jörðina í stað embættislauna eða fram yfir lífstíð ábúandans; en það yrði hann að segja, að hefði slíkur leigumáli verið veittur eptir 1874, þá gæti verið spurning um, hvort slíkt leyfi kæmi ekki í bága við stjórnarskrána.

Benedikt Kristjánsson kvaðst eigi þurfa að svara þingmanni Skagfirðinga; hann þekkti eigi rjettarvenju í prestamálum. Hann kvaðst ekkert sjá á móti löngum ábúðartíma; menn gætu tekið meðaltal ábúðar 20—30 ár. Þar sem þingmaður Húnvetninga hefði talað um sýslunefndarmenn, þá mundi víst eitthvað vikið frá sveitarstjórnarlögunum, ef í 2 hreppum væru 4 sýslunefndarmenn.

Framsögumaður sagðist fáu hafa að bæta við það, sem þingmaður Þingeyinga hefði tekið fram. Það væri ekkert spursmál um, að lagaheimild væri fyrir því, að leigja kirkjueignir fram yfir embættistíma þess prests, er leigusamninginn gjörði. Að því leyti sem menn efuðust um, að prestar gætu gjört svo, þá væri eigi annað en fá samþykki yfirumsjónarmanna prestakallanna, og hefði það opt verið gjört. Stjórnarskráin takmarkaði eigi leigurjett, heldur sölurjett. Honum þótti óviðkunnanlegt, að setja lög um sölu eigna, meðan óvíst væri, hvort nokkur væri kaupandinn; að vísu væri breyting frá núverandi ástandi hagfelld, en sjer virtist helzt ætti að leigja, því eigi ætti að selja kirkjugóss án tilknýjandi ástæðna; en það væri ekki ljóst, að slík ástæða væri hjer fyrir hendi.

Stefán Eiríksson sagði, að það í raun og veru liti svo út, sem frumvarpið væri til hags fyrir presta, þegar litið væri til þess, hvað heiðarlönd þessi ættu að seljast hátt; en sá væri gallinn á frumvarpinu, að enginn væri samningur milli presta og hlutaðeigandi hreppa; svo vantaði líka allar upplýsingar í máli þessu. Það yrði eptir sveitarstjórnarlögunum að vera samningur um kaupið, og sá samningur ætti að vera kominn fyrir sýslunefnd, því hreppar geta ekki tekið upp á sig skuldbinding til jarðakaupa, nema með leyfi sýslunefnda, og skildi hann eigi, að hreppsnefndirnar skyldu ekki vera búnar að útvega sjer þetta samþykki sýslunefndar, síðan þeim var þó bent á það í brjefi stiptsyfirvald-

anna 17. nóv. 1867, eptir því sem meiri hluti nefndarinnar skýrir frá; af þessum ástæðum, sem hann hefði tekið fram, gæti hann ekki fallizt á frumvarpið. Loks kvaðst hann ímynda sjer, að ráðherrann ljeti málið bíða, þar til samningar væru fengnir frá hlutaðeigendum, því fyr gæti hann ekki lagt frumvarpið undir samþykki konungs, og því væri hann á móti þessu, en að öllu leyti samþykkur meiri hluta nefndarinnar.

Flutningsmaður sagði, að þingmaður Skaptfellinga hefði talað um, að hann eigi hefði sjeð neinn samning; en þetta væri af ókunnugleika; hann kvaðst kannske geta sýnt honum fullkominn samning og með samþykki prófasts. Sjer hefði og verið sagt, að hrepparnir kannske eigi gætu borgað, en meiningin hefði verið, að bændur keyptu og ljetu svo fylgja jörðunum. Hvað hefði gjörzt á síðasta fundi, væri sjer eigi kunnugt, þar sem haun þá hefði verið farinn suður. Það hefði staðið á bændum en eigi prestum að ganga að samningnum. Það hefði komið fram í ræðu framsögumanns, að ískyggilegt gæti orðið að neita sölunni, og þetta væri sjer og öðrum kunnugt, því Haukadalsheiði lægi að vestan en Dalakvíslar að austan, sem hreppsbúar gætu fengið keyptar, en heiðin of lítil til uppreksturs fyrir allt fjallafjeð, og gæti farið eins og um Grímstungusöluna forðum, sem stjórnin hefði neitað, og væri stiptsyfirvöldunum kunnugt um, hvort happ hefði orðið að því. Mótmæli þau, sem hefðu komið fram af því, að málið varð ekki borið undir sýslunefndina, hefðu við nokkuð að styðjast, en slíkt væri ómögulegt, eptir að málið væri samþykkt af hlutaðeigendum. Kvaðst hann svo eigi ætla að tala frekar, en óskaði, að frumvarpið væri látið ganga til 2. umræðu.

Forseti bar því næst upp til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það fellt með 8 atkvæðum gegn 3.

LXI. BYGGING KALDAÐARNESS OG HÖRGSLANDS SPÍTALAEIGNA.

Fyrirspurn til landshöfðinga frá 1. þingmanni Skaptfellinga, Páli presti Pálssyni, um það, af hverjum ástæðum umboðsmönnum, sem jafnframt eru leiguliðar á hinum fyrri spítalaeignum, Kaldaðarnesi og Hörgslandi, er frá vísað. Sjá I 208. Rædd á 29. fundi neðri deildar, 4. ágúst.

Páll Pálsson, prestur: Jeg skal að eins geta þess, hvers vegna jeg bar upp þessa fyrirspurn. Mjer var kunnugt, að umboðsmönnum þessara fyrverandi eigna læknasjóðsins, nefnilega jarðanna Kaldaðarness og Hörgslands, hafði verið tilkynnt, að þeir ættu eigi að hafa umboðið lengur á hendi, án þess að þeir vissu glöggt, af hvaða ástæðum það var gjört. Þeir munu báðir hafa staðið í skilum með eptirgjöldin, og annar þeirra sjeð um, að jörðin væri bætt bæði með görðum og húsum, og með ærnum tilkostnaði varðveitt hana fyrir skemmdum af náttúrunni. Jeg heyrði, þegar jeg fór til þings, að alþýða manna furðaði sig á þessu, og menn voru hræddir um, að þetta kynni að vera fyrirboði þess, að þeir, sem flestir eru í Vesturskaptafellssýslu ábúendur þjóðeigna, mundu verða fyrir sömu meðferð, og verða að ganga þá, er minnst varir, frá jörðum sínum, þar sem báðir þessir menn, er hjer ræðir um, jafnframt eru leiguliðar á jörðunum. Af þessum orsökum bar jeg upp þessa fyrirspurn.

Landshöfðingi: Fyrirspurn hins háttvirta 1. þingmanns Skaptfellinga skal jeg svara á þessa leið: Spítalaeignin Kaldaðarnes hefur hingað til verið byggð leiguliða þeim, er á henni býr, með þeim skilmálum, að hann með byggingarbrjefi frá 31. desem-

ber 1868 hefur skuldbundið sig til að borga landskuld og leigur með samtals 5 hndr., þannig að hann af þessu afgjaldi eignist sjálfur í umboðs- og ómakslaun 1 hndr., en borgi 4 hndr. með peningum eptir verðlagsskrá Árnessýslu. — Spítalajörðin Hörgsland er byggð hinum núverandi leiguliða með byggingarbrjefi 1. marz 1853, er jarðarafgjaldið ákveðið 3 hndr. og 70 ál., sem borgist með peningum eptir hvers árs gildandi verðlagsskrá í Skaptafellssýslu, og auk þess 6 rdl. eða 12 kr. árlega í rekaleigu. Þetta byggingarbrjef inniheldur ekki eitt orð um það, að leiguliðinn sje umboðsmaður læknasjóðsins, og hefur yfir höfuð að tala ekki neinar aðrar ákvarðanir inni að halda, en þær, sem venjulega eru í öllum byggingarbrjefum, sem gefin eru út fyrir jarðir hins opinbera. Það má sjá af þessu, að báðar hinar umgetnu spítalajarðir hafa í raun og veru hingað til verið lausar við allt umboðslegt eptirlit, því að afsláttur sá í jarðarafgjaldinu af Kaldaðarnesi, sem veittur er leiguliðanum, getur ómögulega skoðazt sem mynd af þess konar eptirliti, þó að hann sje kallaður «í umboðs- og ómakslaun».

Þegar jeg samkvæmt þingsályktuninni frá í hitt eð fyrra heimtaði skýrslur um allar þjóðeignir, varð jeg þess áskynja, að enginn umboðsmaður hafði eptirlit með þessum 2 jörðum; jeg leitaði þá ýtarlegri skýrslna um ástand þeirra, og þar sem jeg á þennan hátt fjekk að vita um það, að leiguliðinn á Hörgslandi hefur í mörg ár búið á annari jörð, Höfðabrekku, hjer um bil 2 þingmannaleiðir frá Hörgslandi, og þar eð þetta má að mínu áliti ekki viðgangast með jörð, sem landssjóðurinn á, enda segir í 11. gr. byggingarbrjefsins frá 1. marz 1853: «Vilji hann ekki lengur búa á jörðinni, þá skuldbindur hann sig til, vegna fjarlægðar stjórnenda læknasjóðsins, að segja upp ábúðinni um útgöngu júlímánaðar, áður en hann í næstu fardögum á eptir frá jörðinni víkur», þá skipaði jeg í brjefi frá 18. apríl þ. á. amtmanninum yfir Suðuramtinu að gjöra ráðstafanir til, að leiguliðanum á Hörgslandi, vegna þess að hann ekki býr á jörðinni, heldur í mikilli fjarlægð frá henni, yrði byggt út frá fardögum 1880, og að útvega hinar nauðsynlegu skýrslur um leigumála þá, er byggja má jörðina með eptirleiðis, jafnframt því fól jeg sýslumanninum í Skaptafellssýslu fyrst um sinn, á meðan hlutaðeigandi leiguliði er settur umboðsmaður Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboðs, umsjónina með jörðinni Hörgslandi á hendur. Á líkan hátt hef jeg álitið mjer skylt að skipa sýslumanninum í Árnessýslu að takast á hendur fyrst um sinn umsjónina með jörðinni Kaldaðarnesi, en á hinn bóginn hef jeg ekki álitið mjer heimilt að svo stöddu, að draga inn þann $^1/_6$ part af afgjaldinu, sem í byggingarbrjefinu hefur verið tilsagt leiguliðanum «í umboðs- og ómakslaun».

Páll Pálsson prestur: Enda þótt jeg sje hinum hæstvirta landshöfðingja þakklátur fyrir þær upplýsingar, er hann hefur gefið í máli þessu, vil jeg leyfa mjer að geta þess, að veit jeg veit ekki betur, en að leiguliði Hörgslandsins hafi fengið fullt leyfi hjá þáverandi stjórnendum eigna læknasjóðsins, að mega búa á Höfðabrekku, án þess að sleppa byggingunni fyrir Hörgslandinu.

Landshöfðingi: Jeg efast ekki um, að hann hafi fengið leyfi hjá stjórn læknasjóðsins til að búa þar fyrst um sinn, en hann hefur í mörg ár ekki haft leyfi til þess.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var umræðunni um fyrirspurnina lokið.

LXII. VERÐLAGSSKRÁR.

A.

Frumvarp til laga um verðlagsskrár. Frá 2. þingmanni Húnvetninga. Sjá I 76—78.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 7. fundi, 9. júlí.

Flutningsmaður (Páll Pálsson, bóndi):

Jeg vona, að mál þetta ekki valdi löngum umræðum. Það hefur áður verið fyrir hjer á þingi, og því hlotnaðist góður byr, að minnsta kosti í þessari deild. Það er nú hingað aptur komið, og flyt jeg það með því meiri ánægju, sem jeg er þess sannfærður, að það er mjög nauðsynlegt, að hver sýsla fái verðlagsskrá út af fyrir sig. Verðlag í einni sýslu á ekki að hafa áhrif á verðlagið í hinni, vegna þess að það annaðhvort skaðar gjaldandann eða tollatakarann, en slíkt á ekki að eiga sjer stað, og það yrði að öllu leyti fyrirbyggt, ef verðlagsskrá væri fyrir hverja sýslu.

Á þessu stigi málsins skal jeg að öðru leyti vera sem fáorðastur, því fremur sem engin veruleg breyting er gjörð á frumvarpi þessu frá því, er það síðast var hjer fyrir, og því bíða átekta, en óska þess, að mál þetta megi komast til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Þegar borin eru upp fyrir alþingi einhver ný lög eða breyting á eldri lögum, álít jeg 2 skilyrði nauðsynleg til þess að slíkum uppástungum verði sinnt: fyrst að þörf sje á breytingunni eða nýungunni; í annan stað, að breytingin sje til batnaðar; en á frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, sje jeg hvorki þörf nje gagn. Jeg get alls ekki verið því samdóma, að þörf sje á verðlagsskrá fyrir hverja sýslu, allra sízt þar sem sýslurnar eiga sameiginlegan kaupstað. Þá álít jeg ekki heldur þessa leið gegnum þingið sem formlegasta, því jeg held þetta, sem hjer er farið fram á, gæti fengizt, ef þörf þætti, hjá umboðsstjórninni, án þess lög væru um það gefin. Hvað yfir höfuð verðlagsskrár snertir, virðist mjer aðferðin við samning þeirra ekki sem rjettust. Jú! það er satt, presturinn fær eptir frumvarpinu «af náð« að vera með sem skrifari, í stað þess að meining löggjafarinnar hlýtur að hafa verið sú, að prestarnir á annan bóginn ættu að sjá um, að verðlagsskráin yrði ekki of lág, hreppstjórar á hinn bóginn um, að hún ekki yrði of há.

Vegna tímans, þar sem verðlagsskráin á að gilda frá fardögum til fardaga, virðist mjer þýðingarlítið, þó hrepps- eða sýslunefndir ættu að fjalla um mál þetta. Hvað fyrirmynd þá snertir, er nú liggur fyrir, virðist mjer henni og í mörgu ábótavant, að jeg taki til dæmis: hið gamla hundrað vaðmála er þar orðið að 90 álnum, og er það breyting, sem jeg ekki get fallizt á. Þar sem 6 selskinn í frumvarpinu eru talin í hundrað, vil jeg, sem góðfús lesari, skoða það sem prentvillu. Í frumvarpi þessu er ýmist fleira ýmist færra af fjenaði talið til hundraðs en í tíundarlögunum, og það álít jeg rangt, eins og hundruðin virðast í frumvarpinu of mjög af handahófi.

Mín tillaga verður því, að mál þetta ekki gangi til 2. umræðu; en fari svo, þá legg jeg það til, að nefnd verði kosin í mál þetta, til þess að bót verði ráðin á þeim ekki allfáu göllum, er mjer virðast vera á frumvarpinu.

Páll Pálsson, prestur: Jeg er á sama máli og þeir, sem lagt hafa það til, að sett verði nefnd í mál þetta, því margar ákvarðanir í frumvarpinu eru óglöggar. Mjer virðist mest ríða á, að breytt verði undirbúningnum, og það væri æskilegt, að prestar og enda hreppstjórar gætu losnað undan þeirri tortryggni, sem þeir í þessu efni hingað til hafa orðið fyrir.

Satt að segja, getur mjer ekki heldur fundizt það nein sjerleg virðing fyrir prestinn, að sitja hreppsnefndinni til aðstoðar við tilbúning verðlagsskrárinnar, þar sem honum ekki er veittur atkvæðisrjettur, svo aðstoð hans yrði að eins fólgin í því, að vera skrifari nefndarinnar. Að öðru leyti skal þess getið, að mjer virðist rjettara að nefna sýslufjelag en sýslu, og þar sem þingdeildin fyrir skemmstu hefur samþykkt 2 verðlagsskrár fyrir eitt lögsagnarumdæmi, virðist mjer það ósamkvæmni, ef því nú væri neitað.

Varaforseti: Jeg skal að eins gjöra litla athugasemd við fyrirmynd þá til verðlagsskár er hjer liggur fyrir. Mjer finnst vanta í hana suma liði; en þar ættu þó allir þeir aurar að vera nefndir, sem tíundarbærir eru. Jeg finn t. a. m. hvergi geldar kýr,

geldneyti og tryppi nefnd, og má sízt vanta í þann kaflann, sem ræðir um fríðan pening, og sem allur gengur í kaupum og sölum manna í milli; sömuleiðis sakna jeg hálfsokkanna, þó þeir nú reyndar sjeu síður áríðandi. Mál þetta hefur annars komið áður fyrir hjer á þingi, og þá þótti þörf á, að því yrði framgengt, og það væri í samhljóðan við hin nýju tíundarlög. Jeg mæli með því, að mál þetta gangi til 2. umræðu, en það þarf ýmissa breytinga við.

Benedikt Sveinsson: Mjer virðist það alls ekki eiga við að leggja hreppsnefndinni á herðar undirbúninginn undir verðlagsskrárnar, meðal annars af þeirri ástæðu, að þær hafa nóg að starfa samt endurgjaldslaust. Þessi starfi heyrir eptir eðli sínu hreppstjórunum til, og þegar svo málið seinna á að koma fyrir sýslunefndina, þá er þar valinn maður úr hverjum hreppi sýslunnar, og má því gjöra ráð fyrir þeim kunnugleika hjá þessari nefnd um gangverð landauranna í hverjum hreppi, sem vinnst við það, að láta hreppsnefndirnar fjalla um málið, og leggja þeim á herðar óeðlilegan starfa.

Guðmundur Einarsson: Jeg verð að vera á sama máli og þingmaðurinn, er síðast talaði, að sýslunefndin ætti að leggja úrskurð á, hvað vera skyldi verðhæð hvers hlutar í verðlagsskrá sýslunnar, en hreppstjóri og prestur hvers hrepps hafa uppástungurjettinn. Móti þessu má mæla með því að segja, sem reynist optlega satt, að erfitt sje að koma á reglulegum sýslufundi um þann tíma árs, sem verðlagsskrána verður að setja; en því má aptur svara, að bæði má færa tímann, sem upp á er stungið, til þess lengir dag, og fremur er líklegt, að fundur verði sóttur, og líka þykir mjer ekkert á móti því, að það traust sje borið til sýslunefndarforstjóra og tveggja eða fleiri sýslunefndarmanna, sem búa honum næstir, að þeir á aukafundi, geti ekki lögmætur fundur komizt á í tæka tíð, semji og setji verðlagsskrána með hliðsjón af hreppaskýrslunum.

En fyrst nú er farið að breyta tilhöguninni með verlagsskrárnar á annað borð, þá vil jeg breyta formi þeirra algjörlega, og hætta að reikna til hundraða eptir Jónsbók, en leggja nýjan grundvöll, sem að vísu er vandfundinn, en er þó hugsanlegt að fundizt geti. Það má heita, að nú fyrst sje gildi og þýðing verðlagsskrárinnar komin inn í meðvitund alþýðu; þess vegna þarf að vanda undirbúning verðlagsskrárinnar að forminu sem eðlilegast og samboðnast kröfum þessara tíma. Jeg legg það því til, að um leið og málinu er vísað til 2. umræðu, þá verði nefnd kosin í það.

Flutningsmaður: Mjer virðist að vísu undirtektir þingmanna undir mál þetta ekki sem beztar, enda skal jeg ekki að svo stöddu svara hverju einstöku atriði, því mjer þykir þingmenn fara of mjög út í einstakar greinir frumvarpsins. Mjer virtist að 2. þingmaður Gullbringusýslu vildi gjöra verulega breyting, og skil jeg alls ekki, á hvaða ástæðum sú breyting er byggð; en að nefnd verði kosin í málið er jeg ekki mótfallinn. Fyrirmynd verðlagsskráarinnar, eins og hún liggur fyrir, getur að vísu haft sína galla, en það er þá á þingsins valdi að bæta úr þeim. 1. þingmaður Gullbringusýslu gat þess, að hann saknaði geldu kúnna, tryppanna og sokkanna sem gjaldliða í fyrirmynd verðlagsskrárinnar, og skal jeg að eins svara því þannig, að slíkir aurar sjaldan munu ganga í opinber gjöld.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal að eins gjöra þá athugasemd, að þeir menn, sem stungið er upp á að semji verðlagsskrána, eru ekki eiðsvarnir, þeir, sem gjörðu það áður, höfðu þó unnið eið sem embættismenn; sömdu skýrslurnar sem eiðsvarnir embættismenn, en eptir frumvarpinu verður engin sönnun fyrir því, að skýrslurnar verði rjettar.

Þorlákur Guðmundsson: Það má vera öllum ljóst, hversu áríðandi það er, að hver sýsla fái verðlagsskrá út af fyrir sig, og að það sje að lögum gjört, þó þetta geti að vísu fengizt gegnum umboðsvaldið stundum, eptir fleiri ára auðmjúka bæn. Það hefur kom-

ið fram hjá 2. þingmanni Gullbringusýslu og þingmanni Skaptfellinga, að þeim þætti lítil virðing í að sitja á bekk með hreppsnefndum, en vildu heldur hafa hreppstjórann, af því hann væri eiðsvarinn, en það er næsta hart, ef að hreppsnefndunum er ekki trúandi fyrir að gefa ófalskar skýrslur, enda er prestum þá innan handar að koma því upp, þegar þeir eru með.

Páll Pálsson prestur: Það voru hvorki orð mín nje meining, að óvirðing væri í því fyrir prestana, að sitja á sama bekk og hreppsnefndarmennirnir, en hitt talaði jeg um, að presturinn sæti á fundunum án þess að hafa atkvæði, og því get jeg ekki neitað, að mjer finnst það að minnsta kosti ekkert upphefðarstand.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 17 atkvæðum; þá var samþykkt með 17 atkvæðum að setja 5 manna nefnd í málið, og voru í hana kosnir:

Páll bóndi Pálsson	með	15 atkv.
Þórarinn Böðvarsson	—	9 —
Benedikt Sveinsson	—	8 —
Þórður Þórðarson	—	8 —
Þorlákur Guðmundsson	—	8 —

Önnur umræða í neðri deild, á 19. fundi, 23. júlí.

Nefndarálit I 139—141.

Atkvæðaskrá I 199—200.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg vil gjöra deildinni grein fyrir stefnu þeirri, er nefndin hefur tekið í þessu máli; stefnan er reyndar ljós af nefndarálitinu. Nefndinni þótti rjettast, að sýslunefndin fengi sem mesta hluttekning í tilbúningi verðlagsskrárinnar, en fannst þó ísjárvert að gjöra miklar breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú á sjer stað. Einungis gjörði nefndin þá breyting, að fyrir hverja sýslu skuli vera verðlagsskrá, og þótti henni margt mæla með því. Þar á móti sleppti hún því, að búa til nýja fyrirmynd, en hjelt sjer að mestu leyti við það, er hefur verið, þar eð allar breytingar geta haft mikil áhrif á tekjur þeirra embættismanna, er fá laun sín eptir verðlagsskránni. Það er gjört ráð fyrir, að einstaka vörutegundir, er ekki ganga kaupum og sölum, verði felldar úr.

Hjálmur Pjetursson: Jeg get ekki lokið lofsorði á meðferð nefndarinnar í þessu máli, því mjer finnst, að breytingar hennar við frumvarpið miði flestar til hins lakara; en einkum er það breytingin á 2. gr., er jeg verð að álíta óheppilega, því bæði er það, að hreppsnefndin hlýtur að vera kunnugri verðlaginu á hinum ýmsu vörutegundum í hreppnum heldur en prestur og hreppstjóri, einkum þar sem enginn prestur býr í hreppnum, og svo virðist mjer betri samkvæmni í því, að hreppsnefndin semji undirlagið að verðlagsskránum, úr því sýslunefndinni er ætlað að fullgjöra þær. — Eins og menn muna, komu engin mótmæli fram á síðasta þingi 1877 móti því, að hreppsnefndirnar skyldu semja undirlagið, hvorki í efri nje neðri deild þingsins, og var það eigi af þeirri orsök, að málið gekk þá eigi fram, eða leiddist eigi til lykta, heldur af allt öðrum orsökum, og finnst mjer þetta vera næg ástæða, því mál þetta var þá ýtarlega rætt. bæði í nefnd og báðum deildum, og get jeg eigi sjeð, á hverju hin núverandi þingnefnd hefur byggt breytingar sínar, því ástæðurnar vanta. Jeg fæ heldur ekki skilið, hvers vegna nefndin hefur sleppt úr niðurlagi 3. greinar í hinu fyrra frumvarpi, ákvörðuninni um það, að 2 af bæjarfulltrúum taki þátt í tilbúningi verðlagsskánna með sýslunefndinni, þegar kaupstaður er í sýslunni; og býst jeg við að koma með breytingartillögu til 3. umræðu til, að reyna að laga þetta og fleira, er mjer þykir miður fara í uppástungum nefndarinnar.

Framsögumaður: Það var kannske aðalatriðið í ræðu þingmanns Mýramanna, að nefndin hefði farið illa og ótiltækilega með þetta mál, því að ástæður hans voru allar ljettvægar eða engar. Hann saknaði þess, að hreppsnefndirnar væru ekki látnar búa til verðlagsskrárnar og sagði, að það hefði

verið samþykkt í hitt eð fyrra. Þetta getur vel verið, en hann á eptir að sanna, að það sje heppilegt, að hreppsnefndirnar gjöri þetta, og hann á eptir að hrekja það, sem sagt var við 1. umræðu þessa máls, að það sje ekki heppilegt að fela hreppsnefndarmönnunum að semja verðlagsskrárnar, af því þeir eru óeiðsvarnir menn. Hann taldi það eðlilegt, að hreppsnefndunum væri þetta falið, fyrst sýslunefndirnar eiga að semja þær fyrir sýsluna, en hann verður að gæta þess, að það er annað að semja grundvallarskýrslurnar, en að reikna út eptir þeim, leggja saman og deila, en þetta er verk sýslunefndanna. Nefndin vildi ekki neita sýslunefndunum um hluttekning í verðlagsskránum, en því síður á að neita prestum og hreppstjórum um hluttekning í samningu þeirra, því að þeir gjöra það í embættisnafni og eru eiðsvarnir, en það varðar mjög landssjóð og alla, sem gjöld fá eptir skránum, að þær sjeu vel samdar. — Þar sem þingmaðurinn gat þess, að í 3. grein vantaði orðin: »taka 2 af bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin kýs til þess, þátt í tilbúningi« o. s. frv., þá held jeg hann hafi rjett að mæla, og veit jeg ekki betur en að það hafi fallið burt við prentunina; það væri því rjettast að bæta því inn við 3. umræðu.

Guðmundur Einarsson: Jeg vil að eins geta þess, að mjer finnst nauðsynlegt að gjöra viðbót við 4. grein. Það getur sem sje staðið svo á, að veðri sje svo varið á vetrardag, að þó stefnt sje til sýslufundar, þá komi ekki svo margir á fund, að hann verði lögmætur. Þetta gæti rekið sig á ákvörðunina um, að verðlagsskrár skuli sendar landshöfðingja með 2. póstferð, svo skrárnar verði ekki samdar í rjetta tíð. Jeg hef því hugsað mjer að koma með, eða fá nefndina til að koma með aukaatkvæði við 4. grein svo hljóðandi: «Verði ekki lögmætur sýslufundur haldinn í tæka tíð, hefur oddviti sýslunefndar rjett til að semja verðlagsskrána með þeim sýslunefndarmönnum 2 eða fleiri, er fund sækja». Ef þessu væri bætt við, þá væri ekki hætt við að verðlagsskráin yrði samin of seint.

Framsögumaður: Jeg játa mig fúsan til fyrir nefndarinnar hönd að koma mjer saman við þingmann Dalamanna um þessa breyting, hvort hennar er þörf. Nú sem stendur get jeg ekki sjeð, að hennar sje þörf, því að þar sem jeg þekki til, er venja að afljúka þessum fundi fyrir árslok, og þó ekki allir sæki fundinn, þá er samt lögmætur fundur eptir sveitarstjórnarlögunum.

Benedikt Sveinsson: Það liggur, að mjer virðist, alveg fyrir utan verkahring hreppsnefndanna að semja verðlagsskýrslurnar; þar á móti er það eðlilegt, að prestarnir, og sjer í lagi að hreppstjórarnir gjöri það, og úr því þingmaður Mýramanna er mjer samdóma um það, að sýslunefndin eigi að rjettu lagi — eins og hann orðaði það — að leggja smiðshöggið á verðlagsskrárnar, þá ætti hann líka að vera mjer samdóma um það, að það er þýðingarlítið ef ekki þýðingarlaust, að láta hreppsnefndirnar búa til skýrslurnar um verðlagið, nema ef meiningin væri sú, að hreppsnefndirnar ættu að skapa verðlagið að vild sinni, eins og þegar hnoðað er vax. Þá færi jeg að skilja, hvað byggi undir þessu hreppsnefndarstarfi. En sje hitt meiningin, að skýrslurnar eigi að vitna um verðlagið, eins og það hefur verið, þá þarf þingmaðurinn ekki að óttast fyrir ókunnugleika sýslunefndarinnar, því í henni situr sem optast maður úr hverjum hreppi, og standi svo sjerstaklega á, að þetta ekki eigi sjer stað, getur hver sem vill úr hreppunum sent sýslunefndinni skýrslu um verðlagið, svo hún samkvæmt ákvörðun frumvarpsins geti fellt þá skýrslu úr gildi, sem reynist röng. Á hinn bóginn er það trygging fyrir áreiðanlegleika prestaskýrslnanna, að prestar eiga, eins og hreppstjórarnir, að senda skýrslur sínar beinlínis til sýslunefndarinnar, eða oddvita hennar, því þá þarf ekki að óttast, að

prófastarnir breyti skýrslum prestanna andlegu stjettinni í hag.

Einar Ásmundsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að vekja athygli á ósamkvæmni í frumvarpsins 7. grein við fyrirmynd þá, sem nefndin hefur tengt við frumvarp sitt. Í frumvarpinu er sagt, að verðlagsskráin skuli gilda frá síðasta fardegi til jafnlengdar árið eptir, en í fyrirmyndinni er sagt, að hún gildi frá 1. júní til 1. júní. Nú er svo ástatt, að síðasti fardagur er ætíð seinna en 1. júní, í ár er hann t. a. m. 8. júní, og getur jafnvel verið enn þá seinna. Jeg gjöri þessa athugasemd að eins í því skyni, að hin heiðraða nefnd taki eptir þessari ósamkvæmni og geti leiðrjett hana í tíma.

Hjálmur Pjetursson: Jeg get ekki verið samdóma 1. þingmanni Árnesinga í því, að einn sýslunefndarmaður þekki eins vel eða betur verðlagið í hreppi sínum, heldur en allir hreppsnefndarmennirnir, eða að honum einum sje betur trúandi fyrir að skýra frá því en hreppsnefndinni. En þar hjá ber þess að gæta, að út af því getur borið, að allir sýslunefndarmenn sjeu á fundi, og enn fremur vil jeg minna hann á það, að í nokkrum sýslum eru sumir hreppar útilokaðir frá því að senda mann ávallt á sýslunefndarfund eptir núgildandi lögum; þar á móti er jeg honum samdóma um það, að mikil trygging sje fólgin í því, að sýslunefndin megi breyta skýrslum hreppsnefnda, ef hún álítur þær rangar, og að hún leggi smiðshöggið á tilbúning verðlagsskránna. 2. þingmanni Gullbringusýslu þóttu rýrar ástæður mínar fyrir útásetningum mínum á breytingu nefndarinnar, en öldungis eins er fyrir mjer, að mjer þóttu hans ástæður þunnar gegn aðfinningum mínum. Jeg finn enga ástæðu hjá honum aðra en þá, að hreppsnefndarmenn væru eigi eiðsvarnir. Jeg þekki reyndar enga hreppsnefnd, sem eigi er í annaðhvort prestur eða hreppstjóri; en þótt nú svo væri — sem vel getur verið, að hvorugur þeirra sæti í nefndinni, þá mun mega telja það víst, að hreppsnefndin kveðji þá annan eða báða til að hjálpa sjer með undirlagið að verðlagsskránni, ef hún eigi er fær um það án þess, eða ef eigi er annar eiðsvarinn maður í nefndinni, enda skal jeg ekkert hafa á móti því, að hreppsnefndarmenn sjeu eiðfestir, áður en þeir semja verðlagsskrárnar, ef þingmaðurinn vill koma því í verk.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leiða athygli hins háttvirta þingmanns Mýramanna og þingdeildarinnar að því, að jeg sagði aldrei að það væri hið sama, hvort hreppstjórar eða hreppsnefndir semdu skýrslurnar um verðlagið, þvert á móti, heldur sagði jeg hitt, að það mundi verða líkt eða allt hið sama, ef hreppsnefndirnar ættu að eins að vitna um verðlagið, án þess að skapa það í hendi sjer með öðrum orðum, að ókunnugleiki hreppstjóranna um verðlagið ekki mundi geta orðið skýrslunni til hnekkis, allra sízt, þegar sýslunefndin á að fjalla um málið á eptir.

Páll Pálsson, bóndi: Nefndin í máli þessu hefur nú fengið býsna harðan dóm, ekki sízt frá þingmanni Mýramanna, en það mál skal jeg hvorki verja nje sækja; því einmitt það, er hann saknar úr nefndarálitinu, var og er í frumvarpi því, er jeg kom með fyrst fyrir þessa deild, svo henni er innan handar að halda því, ef hún vill, en fella breytingarnar. Jeg vona að eins, að hin heiðraða deild sjái, að aðaláherzlan liggur á því, að hver sýsla fái verðlagsskrá út af fyrir sig, og það hefur nefndin samhuga aðhyllzt, enda er það sú eina ósk, er til þingsins hefur komið, en enginn hefur óskað eptir að breyta fleiru, hvorki fyrirmyndinni eða öðru, enda virtist nefndinni mjög varlega farandi í það. Formgalla þá, er þingmaður Eyfirðinga og fleiri hafa fundið á fyrirmynd verðlagsskrárinnar má laga við 3. umræðu þessa máls.

Framsögumaður: Þingmaður Mýramanna kom nú með ástæðu fyrir því, að hreppsnefndirnar semji verðlagsskrárnar, og var hún sú, að prestur og hreppstjóri sætu optast í hreppsnefndinni; en hefur hann þá hugsað sjer, hvernig hreppsnefndirnar eiga

að fara að búa til skrárnar? Er það meiningin, að farið sje eptir atkvæðum? Getur þá ekki farið öðruvísi en prestur og hreppstjóri leggja til? Jeg vona, að allir játi, að eðlilegt sje, að trúa hreppstjórunum fyrir að semja skrárnar, eins og þeim er trúað fyrir að semja aðrar skýrslur í sveitarmálum, t. d. tíundarskýrslur.

Þá var gengið til atkvæða, eptir prentaðri atkvæðaskrá (I 199—200), og fjellu þau þannig:

1. liður samþykktur með 15 atkvæðum.
2. — þar við fallinn.
3. — samþykktur með 11 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu og sögðu

Já:
Benedikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Eggert Gunnarsson,
Halldór Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorsteinn Jónsson.

5. liður samþykktur með 11 atkv. gegn 6.
6. — þar við fallinn.
7. — samþykktur með 12 atkvæðum.
8. — — — 13 —
9. — þar við fallinn.
10. — samþykktur með 13 atkvæðum.
11. — þar við fallinn.
12. — samþykktur með 11 atkvæðum gegn 9, að við höfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu, þannig að sögðu

Já:
Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson.
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,

Nei:
Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Snorri Pálsson,
Þorsteinn Jónsson,

13. liður samþykktur með 12 atkvæðum.
14. — —— — 13 ——
15. — —= — 14 ——
16. — þar með fallinn.
17. — samþykktur án atkvæðagreiðslu.
18. — —— með 13 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 209—211.

Breytingartillögur I 206. 207. 211—212.

Atkvæðaskrá I 214—215.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil tala fám orðum um breytingaratkvæðin, sem fram eru komin. Jeg held, að það sje ekki rjett, að halda til streitu um mál, sem ekki varðar meiru en þetta. Hin eina ósk, sem komið hefur frá landsmönnum í þessu máli, er að nokkrir sýslufundir hafa beðið um, að hver sýsla fái

sína verðlagsskrá. Þessa ósk hefur nefndin verið fús til að uppfylla; líka hefur hún verið fús til að fallast á það, að sýslunefndirnar fengju að fjalla um verðlagsskrárnar og jafnvel breyta þeim, ef henni finnast þær rangar. Að gjöra aðrar verulegar breytingar, held jeg sje óþarft, og jafnvel skaðlegt og eptir hugmyndinni rangt. Að láta hreppsnefndirnar búa til skýrslurnar undir verðlagsskrárnar, er ekki rjett, því að í þeim sitja óeiðsvarnir menn, eins og áður hefur verið tekið fram, en prestur og hreppstjórar eru eiðsvarnir menn og eiga að gjöra þetta í embættisnafni. Að bæta inn í 2. gr., að meðalverðið skuli teljast »móti peningum» get jeg ekki álitið nauðsynlegt, og held jafnvel að það geti orðið skaðlegt, því að ef þessu verður fylgt eptir orðunum, þá getur jafnvel komið fyrir, að verðlagsskráin verði ekki samin, þar eð mjög getur orðið erfitt að sanna, hvað vörutegundin hefur gengið móti peningum, eða að hún hafi verið seld móti peningum. Það er reyndar ein sala, sem gengur mót peningum, það er uppboðssala; það er ekki heppilegt, ætla jeg, ef uppboðsverð verður látið ráða upphæð verðlagsins. Jeg álít það því alveg rjett að taka ekki þessar breytingar til greina. Nefndin hefur stungið upp á 2 breytingum, viðauka við 4. gr., sem af vangá fjell burt úr frumvarpi nefndarinnar, og breytingu á tímaákvörðuninni í 7. gr., og vona jeg að deildin sjái, að þær breytingar eru nauðsynlegar. Viðaukaatkvæði frá 6 þingmönnum við 4. gr. álít jeg geti jafnvel verið til bóta, ef svo ber undir, að sýslunefndarfundur verður of fámennur. Að endingu vil jeg lýsa því yfir, að nái ekki frumvarpið samþykki þingsins, eins og það var samþykkt við 2. umræðu með breytingum nefndarinnar, þá vil jeg helzt að málið verði fellt.

Hjálmur Pjetursson: Jeg ætla eigi að halda uppi langri vörn fyrir breytingartillögum mínum, því jeg býst við, að 2. þingmaður Gullbringusýslu muni vilja dæma þær á fæðingarhreppinn, en af því það er ekki víst, að honum takist það, vil jeg fara fáeinum orðum um þær.

Það er eigi af neinu kappi fyrir mjer, að jeg vil halda því fram, að hreppsnefndirnar semji skýrslurnar til verðlagsskránna, nje heldur af því, að jeg eigi trúi til þess prestum og hreppstjórum vegna hlutdrægni, heldur af því, að hreppsnefndin er miklu kunnugri verðlaginu í hreppnum á hinum ýmsu aurategundum, heldur en prestur og hreppstjóri, vegna þess að fleiri menn eru í nefndinni, því betur sjá augu en auga. Þeir prestar eru til og enda líka hreppstjórar, sem lítið eða ekkert vita um verðlag á hlutum, því eigi eru allir prestar hneigðir fyrir verzlan. Jeg skyldi fúslega hafa samþykkt, að prestar og hreppstjórar væru með hreppsnefndinni að þessu verki, og jeg skyldi hafa stungið upp á því til að leita samkomulags, ef mjer hefði hugkvæmzt það í tíma, þó jeg reyndar ekki álíti það nauðsyn, og líka finnst mjer fullkomin samkvæmni í því, að hreppsnefndin byrji á því, sem sýslunefndin á að fjalla um á eptir. Ef prestur og hreppstjóri semja skýrslur sinn í hvoru lagi, þá verða þær miklu fleiri, nær því helmingi fleiri, heldur en ef hreppsnefndirnar semja þær, en það virðist mjer ekki til annars en rugla fyrir sýslunefndinni og tefja fyrir henni; en aðalatriðið er, að skýrslurnar úr hreppunum sjeu sem rjettastar og sannastar að auðið er. Því vel getur verið, að sýslunefndarfundir sjeu fámennir einkum á vetrardag. Sýslunefndarfundur getur í sumum sýslum verið lögmætur með 3 eða 4 mönnum, einkum ef breytingaratkvæði þingmanns Dalamanna undir 5. tölul. verður samþykkt, sem mikið mælir með sökum kringumstæðanna.

Viðvíkjandi þeirri breytingu minni, að bæta inn í orðunum «mót peningum» vil jeg geta þess, að mjer þykir það öllu meira áríðandi heldur en allt hitt. Jeg get eigi skilið í því, hvað nefndinni hefur gengið til að sleppa þessu út úr frumvarpinu. Þetta stóð þó í frumvarpinu í hitt eð fyrra, og mælti þá enginn á móti því, einnig stóð það í frumvarpinu, sem þessari nefnd var fengið

til meðferðar. Mjer er ekki mögulegt að skilja, hvað nefndin meinar með þessu; eitthvert nafnverð þarf þó að miða við, þegar hlutir eru virtir. Ef hún hefði nefnt kornfjórðunga, tóbaks- eða kaffipund til að miða við verð aurategundanna, þá hefði jeg getað skilið það, en fyrst ekkert er nefnt, þá er jeg í ráðaleysi með að vita, hver meiningin er, því mjer virðist óumflýjanlegt að nefna eitthvað. Það getur vel verið, að peningagildið hafi áhrif á verðhæðina, en þó svo sje, þá er það í alla staði rjett.

Breytingartillaga mín við 4. grein er reyndar ekki annað en orðabreyting, er jeg vona menn álíti til bóta, því orðatiltæki nefndarfrumvarpsins geta misskilizt á þá leið, að sýslunefndinni sje ætlað að leita þessara «nægu sannana» fyrir utan sjálfa sig, en það getur þó varla verið meiningin, því til þess hefur hún engan tíma.

Viðbætirinn við þessa sömu grein býst jeg við að verði samþykktur. Nefndin sjálf hefur komið með samkynja viðauka, en minn er einu orði lengri, og fyrir það, að jeg vona, skýrari.

Að síðustu vil jeg leyfa mjer að snúa fáeinum orðum til hins háttvirta forseta, og mælast til þess, að hann vildi með nokkrum orðum skýra þetta mál, því eins og menn muna, og hann sjálfur mun kannast við, var mál þetta hans fósturbarn á síðasta þingi; hann flutti það þá, og vænti jeg því þess, að hann geti manna bezt skýrt þetta mál.

Snorri Pálsson: Jeg get ekki gefið atkvæði mitt með frumvarpi þessu nema því að eins, að breytingaratkvæði hinna 6 þingmanna um, að hreppsnefndin semji verðlagsskrána, fái meðhald þingsins. Það er tæplega hentugt, að prestar og hreppstjórar gjöri það. Það er svo eðlilegt, og hefur víst ekki ósjaldan átt sjer stað, að presturinn hefur viljað hafa hana sem hæsta vegna launa sinna, hreppstjórinn sem lægsta vegna gjaldenda. Þar sem það hefur optsinnis af 2. þingmanni Gullbringusýslu verið tekið fram sem mótbára, að hreppsnefndin ekki væri eiðsvarin, þá sje jeg ekki, hvað það hefur að þýða, þar sem þó hinum sömu óeiðsvörnu mönnum er á hendur falinn einhver hinn vandamesti starfi í almennings þarfir, sem sje sá, að jafna niður fátækraútsvörunum, og því má þá ekki hitt verkið, sem allir sjá að ekki er eins vandasamt, vera sömu mönnum á hendur falið, þó ekki sjeu þeir eiðfestir. Jeg fyrir mitt leyti álít það langtum meiri trygging fyrir, að verðlagsskráin verði sett eptir rjettu verðlagi, að hún væri samin af hreppsnefndunum; þar sitja þó að minnsta kosti 3, máske 5 eða 7 menn, sem hljóta að vera gagnkunnugir verðlaginu í hreppnum. Hvað formið snertir, er hjer liggur fyrir, virðist mjer annars það hafa inni að halda einhverja — ef jeg mætti svo að orði kveða — hlægilegustu ósamkvæmni. Hundrað á landsvísu er 120 pund af ull, og hundrað á landsvísu er 120 pund af tólg, og vita þó allir, að ekki er langt síðan, að ullin var þrefalt dýrari en tólgin, og þó kastar fyrst tólfunum, þegar 6 pund af hreinsuðum æðardún er talið jafnt sem 40 pund af fjallagrösum. Eptir verðlagi undanfarinna ára á æðardún hefur hundraðið verið hjer um 110—120 kr., en 40 pund af fjallagrösum geta ómögulega talizt til hærra verðs en frá 5—6 kr. Er nú nokkur samkvæmni í þessu? Það er reyndar margt fleira, sem mætti minnast á, en jeg skal láta mjer þetta nægja, og að eins taka það fram, að þetta form er óhafandi, og því full nauðsyn á, ef menn vilja, að málið sjálft nái fram að ganga, að búa til nýtt form til verðlagsskrárinnar, sem samsvari betur tímanum en þetta, sem líkist því, að það hefði verið samið á miðri 17. öld.

Forseti áleit óþarfa að löggilda nýtt form til verðlagsskráa, því þetta form, sem hjer liggur fyrir, er löggilt; það var munur í hitt eð fyrra, þá kom fram uppástunga um að löggilda nýtt form.

Snorri Pálsson: Þá þarf þó að breyta 5. greininni í nefndarálitinu.

Páll Pálsson, bóndi: Mjer virðist menn

einna mest hafa á móti formi eða fyrirmynd þeirri til verðlagsskráar, er hjer liggur fyrir; það er að vísu satt, að það er gamalt, en þar fyrir þarf það eigi að vera ónýtt. Mjer fannst þingmaður Eyfirðinga ekki heldur tilfæra mjög margt, og furðar mig á, að hann skuli síðan á síðasta þingi hafa breytt skoðun sinni svona, því þá var hann í nefndinni í þessu máli, og þótti henni þá ísjárvert, enda óhafandi að breyta forminu; enda gæti það haft býsna mikil áhrif á gjöldin. Það eina, er nefndin í hitt eð fyrra breytti, var, að hún setti 90 álnir í stað 120 álnir; þetta sagðist hún gjöra af því, að 90 álnir nú jafngiltu 120 ál. íslenzkum, eptir því sem íslenzk alin hefði verið. Þetta var því að eins skilningur nefndarinnar á því, hvað nú ættu margar álnir að vera í hundraði. Þó 7. töluliður G. sje í fyrirmyndinni, hefur það engin áhrif á meðalverðið, þar sem það að eins er reiknað út eptir þeim 6 aðalvöruteg-undum, sem verðlagsskráin um getur. Jeg get því ekki skilið það hjá þingmanninum, að hann áliti það nú óhafandi, 1879, sem hann álítur gott 1877; þá rjeði hann fastlega frá því, að breyta forminu, vegna þess; að við það breyttust ofmikið öll hin opinberu gjöld, sem eptir verðlagsskrá eru goldin. Þetta vona jeg að þingdeildarmenn athugi nákvæmlega, áður en þeir ráða til þess að breyta formi verðlagsskrárinnar.

Guðmundur Einarsson: Jeg má játa, að jeg skil ekki, hvað nefndin meinar í 2. gr., þar sem segir: «Í skýrslum þessum skal telja meðalverð á hverri landaurategund» o. s. frv. Nú spyr jeg, við hvað á að miða meðalverðið? Vjer vitum, að peningar eru mælikvarði verðlagsins, eins og t. d. alinin lengdarinnar, pundið þungans o. s. frv. Ef þessa mælikvarða vantaði, yrði eigi allauðvelt að ákveða lengd eða þunga. Ef nú ekki á að miða meðalverðið við peninga, þá skil jeg ekki, hvernig fara á að finna það. Ef jeg t. d. á að gjalda eða taka á móti meðalalin, þá verð jeg þó að vita, hvað meðalalin er í peningum. Því lengur sem jeg hugsa um þetta, því vitlausari verð jeg í því, og þægi gjarnan að fá leiðrjettingar og betri upplýsingar í þessu efni, en jeg hef enn þá fengið.

Benedikt Sveinsson: Að gefa skýrslurnar til verðlagsskrár virðist mjer beinlínis heyra undir verkahring hreppstjóra en alls ekki hreppsnefndanna. Hreppstjórarnir, sem embættismenn og þjónar hinnar æðstu landsstjórnar, eiga að vera launaðir úr landssjóði, en hreppsnefndirnar ekki. Að dengja óeðlilegu starfi á hreppsnefndirnar, eins og mjer virtist 2. þingmaður Eyfirðinga vilja gjöra, getur verið gott að því leyti, að þá yrðu hreppstjórar óþarfir, og menn losuðust við að launa þeim, en það verður aldrei annað en rangt fyrir því. Að nefndin sje kunnugri verðlaginu í sveitinni en hreppstjórinn, getur mjer eigi skilizt; því getur þá ekki hreppstjórinn spurt sig fyrir bæði hjá hreppsnefndarmönnunum og öðrum um verðlagið í sveitinni? Eigi allt að miða við peninga í þeim skilningi, að borgunin hafi verið í peningum, held jeg að Þingeyjarsýsla yrði verðlagsskráarlaus, því þar eru peningar sannarlega sjaldgæfur eyrir, og svo mun víðar vera á landi hjer.

Björn Jónsson: Jeg vil benda 1. þingmanni Árnesinga á, hvort það er ekki ósamkvæmt, að láta sýslunefndirnar fjalla um verðlagsskrárnar, fyrst hreppsnefndirnar ekki eiga að semja þær? Annars ætti sýslumaðurinn að gjöra það, þegar hreppstjórarnir semja skýrsluruar. Jeg vil taka undir með þeim þingmönnum, er hafa verið á því, að miklu meiri trygging sje, hvað kunnugleika á verðlagi snertir, þegar hreppsnefndirnar semja skýrslurnar, en ef prestur og hreppstjóri gjöra það hvor í sínu lagi, og eru að togast á um verðlagið. Þingmaðurinn sagði, að ómögulegt væri að miða verðlagið við peninga, þar sem peningaekla er; en það er aðgætandi, að hvernig sem salan gengur, hvort sem selt er fyrir peninga eða fyrir innskript, þá er allt miðað við peningaverð. Á verðlagsskrár-fyrirmyndina hefur þegar verið minnzt, og fundið að henni maklega. Jeg skil ekki í því, að nefndin

skuli hafa látið svona úrelt form halda sjer, úr því farið var að hreyfa málinu; jeg álít miklu rjettara að fella allt málið, og geyma það til seinni tima, heldur en að senda það svona frá sjer.

Framsögumaður: 1. þingmaður Árnesinga hefur að vísu tekið flest það fram, er jeg vildi. En samt sem áður ætla jeg að svara þingmanni Mýramanna nokkrum orðum. Þingmaðurinn vill, að hreppsnefndirnar semji verðlagsskrárnar, af því að þær sjeu kunnugri öllum atvikum og kringumstæðum, en prestarnir og hreppstjórarnir. En jeg verð að álíta, að prestum og hreppstjórum sjeu gjörðar getsakir, ef menn hyggja, að þeir eigi muni leitast við að afla sjer allra þeirra kunnugleika, er þeir þurfa í þessu efni. Jeg þykist þess fullviss, að þeir muni álíta sjer það skylt. Svo er og það, að jeg álít, að það sje miklu meiri trygging, að bæði prestar og hreppstjórar semji verðlagsskrárnar, og þær þannig komi úr tveim áttum, og get jeg með engu móti ætlað, að slíkt geti valdið neinum ruglingi, eins og þingmaður Mýramanna hyggur. Jeg skil heldur ekki í því, hvernig hreppsnefndirnar eiga að semja verðlagsskrárnar, af því að slíkt hlutverk heyrir alls eigi undir þeirra verkahring, því að eins og 1. þingmaður Árnesinga tók fram, þá hafa hreppsnefndirnar vald einungis innanhrepps, en lengra nær eigi vald þeirra; en það er aðgætandi, að verðlagsskrárnar eru samdar fyrir sýslurnar og landssjóðinn, svo og fyrir prest og kirkju. Þingmanni Borgfirðinga þótti það óskiljanlegt í frumvarpinu, móti hverju eigi að virða; en jeg get sagt þingmanninum, að það er algengt, að virða gegn krónum og aurum, þótt «peningar» sjeu eigi nefndir. 2. þingmaður Eyfirðinga hjelt, að það væri þýðingarlítið, þótt hreppstjórarnir væru eiðsvarnir. En jeg get með engu móti ætlað, að það sje þýðingarlítið, að vinna eða gefa skýrslu upp á sinn sáluhjálpareið. Annars skal jeg eigi vera á móti því, að hreppsnefndarmennirnir verði einnig látnir afleggja eið. Mjer heyrðist sami þingmaður segja, að algengt væri, að prestar settu verðlagsskrárnar of hátt, af því að hreppstjórarnir settu þær oflágt En jeg neita því, að svo sje, þar sem jeg þekki til. Þingmanni Strandasýslu þótti það ósamkvæmni, að prestar og hreppstjórar sendi sýslumanni skýrslur þeirra til verðlagsskránna; en mjer virðist ekkert á móti því, af því að sýslumaðurinn stendur þó yfir þeim, enda virðist mjer rjettast, að sem flestir fái að sjá skýrslurnar, til þess að afnema alla tortryggni; en þessa ákvörðun álít jeg nægilega trygging fyrir því. Það er formið snertir, þá virðist mjer eigi óþarft, að því sje haldið, með því að yfirskriptin yfir þessu nýja formi er nokkuð frábrugðin yfirskriptinni yfir hinu gamla, því að hjer í þessu formi er að eins nefnt «sýslufjelag», en í hinu «sýsla og kaupstaður». Það er auðvitað, að hið gamla formið hefur ýmsa galla; en þótt farið hefði verið að búa til annað form, þá er eigi víst, að það hefði orðið gallalaust. Nefndinni þótti því ráðlegast að halda við hið gamla formið.

Þorlákur Guðmundsson: Meiningarmunur sá, er verið hefur millum ýmissa þingdeildarmanna í máli þessu, virðist mjer helzt hafa komið fram af misskilningi. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein hætta, þótt prestar og hreppstjórar semji verðlagsskrárnar; mjer virðist það hlægilegur ótti, að bera kvíðboga fyrir því, að hreppstjórar og prestar muni ávallt vera að togast á um verðið, enda getur slíkt engin hætta verið, þar sem sýslunefndin á að fjalla um skýrslurnar á eptir. Sama er að segja um þá mótbáru, að prestarnir og hreppstjórarnir opt og tíðum viti eigi um verðlagið í hreppnum. Jeg fyrir mitt leyti verð að ætla, að þeir menn, sem er svo ókunnugt um hagi hreppanna, að þeir eigi vita um verðlagið í þeim, muni eigi verða kjörnir til hreppstjóra; og eins þykist jeg þess fullviss, að menn muni eigi gefa þeim manni atkvæði til sýslunefndarmanns, er svo er illa að sjer, að hann veit ekkert um verðlagið í hrepp sínum, og jeg tel hann ekki hæfan að sitja í sýslunefnd

því svo er sú staða vandasöm og áríðandi, það mun framtíðin sýna. Mjer þykir og rjettast, að ábyrgðin hvíli á sýslumanninum, af því að hann er embættismaður. En hvað það snertir, að fyrirmyndin fyrir verðlagsskránum sje svo gömul, þá skal jeg leyfa mjer að minna menn á, að margt það, sem er eldra en fyrirmynd þessi, getur verið gott og gilt, svo sem álna- og hundraðsverðið. Jeg verð og að minna menn á, að það er allt annað, tíund og verðlag; ull er aldrei talin fram til tíundar, ekki heldur tólgin; hjer er reyndar aðalspursmálið, sem almenning varðar mestu, að hvert sýslufjelag fái verðlagsskrá sjer.

Arnljótur Ólafsson: Mjer virðist aðaltilgangur frumvarps þessa vera sá, að leita að þeim og finna þá, er beztir og hæfastir sjeu til þess, að gjöra verðlagsskrárnar sem bezt úr garði, auk þess sem það einnig er tilgangur frumvarpsins, að verðlagsskrá sje samin fyrir hvert sýslufjelag. Jeg álít bezt að skoða reynslu undanfarins tíma. Að því leyti er mín reynsla nær, þá er það ljóst, að hreppstjórarnir hafa, að minnsta kosti víðast hvar, sett lægra verð í sínum skýrslum, en prestarnir hafa sett í sínum. Hvað kom þá til þess, að prestarnir settu verðlagið hærra, en hreppstjórarnir lægra? Að hreppstjórarnir settu lægra verð, það hafa þeir gjört vegna gjaldendanna. Þeir hafa hugsað sem svo: «Mitt embætti er að gæta hagsmuna sveitunga minna; jeg verð því að sjá gjaldendum borgið. Eptir því sem meðalalin er há, eptir því verður margfaldari álnanna hærri, og því lægri sem meðalalin er, því lægri verður margfaldari álnanna». Nú aptur á hinn bóginn það, að prestarnir settu verðlagið hærra, hefur komið til af því, að þeir áttu að taka tíundargjald af búendum. Með þessu er það engan veginn sagt, að prestarnir hafi gjört á móti eiði sínum, því sá eiður kemur eigi við verðlagsskránum. En meiningin er, að sínum augum lítur hver á silfrið. Ætti að kalla hvern þann dómara ranglátan, er dæmir öðruvísi en hæstirjettur? Vjer hjer í salnum deilum nálega um hvert mál; og hver er þá sannleikurinn? Sannleikurinn sjálfur liggur vanalega djúpt fólginn, mennirnir eru að leita að honum, og eru misjafnlega fundvísir. Það er því nauðsynlegt, að þeir einir semji verðlagsskrárnar, sem kunnugastir eru, og auk þess vitrastir og ósjerdrægastir. Það er engin minnkun fyrir oss að hafa þessa grundvallarreglu. Það er og venja hjer á landi, að menn gjöra sjer far um, að dómararnir sjeu sem minnst skyldir eða venzlaðir málsaðilum. En hvernig geta menn sagt: «hreppstjórarnir, sem nú eru orðnir undirmenn sýslumannanna, eru manna bezt tilfallnir til að semja annan þátt skattalaga vorra, sem verðlagsskrárnar eru, þar sem þó hreppstjórarnir eru áfastir við landsstjórnina, eins og síðasti liður í bendilormi. Hvers vegna hafa hreppstjórarnir að undanförnu sett lægra verðlag en prestarnir? Einmitt af því, að þeir voru fátækrastjórar. Er þá eigi eðlilegt, að sveitarstjórnirnar taki við þessu verki af hreppstjórunum, eins og þær hafa tekið við öðrum fátækramálum af þeim. Jeg er á móti breytingunni, sem stendur á atkvæðaskránni undir 1. c., því að sú breyting getur misskilizt þannig, að meint sje peningaverð, þar sem miða á viðskiptaverð manna í millum. En annars er jeg samþykkur öllum þeim breytingaruppástungum, er fara í þá átt, að fela hreppsnefndunum samning verðlagsskránna á hendur.

Iljálmur Pjetursson: 1. þingmaður Arnesinga sagði, að eðlilegt væri, að hreppstjórarnir semdu verðlagsskrárnar, en jeg verð að álíta eðlilegast, að fá sem rjettasta undirstöðuna. Mjer hefur aldrei dottið í hug að bera það á prestana eða hreppstjórana, að þeir sjeu hlutdrægir, þegar um samning verðlagsskránna er að ræða, en hitt er mín skoðun, að líkindi sjeu til, að margir menn hafi til samans meiri kunnugleika, en hver einstakur maður. Svo er og þess að gæta, að hreppstjórinn er opt sýslunefndarmaður, og verður hann þá dómari í sjálfs síns sök; þetta finnst mjer ófrjálslegt, og allt of mikið og óþarft einveldi, og ekki eiga við að láta

sama manninn fjalla um sama verkið tvisvar sinnum. Það er snertir þá spurning, hvort miða skuli meðalverðið við peninga, þá sagði 1. þingmaður Árnesinga, að svo gæti farið, að verðlagsskráarlaust yrði fyrir Þingeyjarsýslu, ef það væri gjört. Þetta er óskiljanlegt, og getur eigi átt sjer nokkurn stað. Mjer virðist rjett, að miðað sje við peninga, hvort sem verðlagsskráin hækkar við það eða lækkar; eða hvað er sanngjarnara, og hví mundi það eigi vera rjett, þegar peningar eru heimtaðir í öll landssjóðsgjöld? 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að hreppsnefndin gæti komizt í vandræði, ef ágreiningur kæmi upp í henni um verðlag einhvers hlutar. Þetta get jeg eigi álitið hættuleg vandræði, eða hvernig fer, þegar ágreiningur verður í nefndinni um útsvarsupphæð einhvers manns? Sker þá eigi atkvæðafjöldinn úr? 2. þingmaður Árnesinga sagði, að sá væri óhæfur til að sitja í sýslunefnd, er svo væri illa að sjer, að hann vissi eigi um verðlagið í hrepp sínum. Þetta er eigi rjett ályktun, því sá maður getur verið vel hæfur til að sitja í sýslunefnd, þótt hann eigi þekki eins vel verðlag í hreppnum, eins og öll hreppsnefndin, eða hví skyldu sýslunefndarmenn vera óhæfir til að sitja í nefndinni, þótt þeir eigi geti komizt á fundinn sakir illviðra eða ófærðar?

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla að svara 1. þingmanni Norðurmúlasýslu nokkrum orðum. Jeg efast ekki um, að þingmenn hafi tekið eptir ályktun þeirri, sem hlasti við að draga út úr orðum hans. Hann sagði, að hreppstjórarnir hefðu áður verið hlutdrægir í samningi verðlagsskránna, af því þeir hefðu verið fátækrastjórar, og þess vegna ættu hreppsnefndirnar, sem nú væru búnar að taka við þeim starfa af hreppstjórunum að vera fátækrastjórar, að semja verðlagsskrárnar, en eigi hreppstjórarnir, sem hættir eru því starfi. Með öðrum orðum, þingmaðurinn sannaði einmitt, að hreppsnefndirnar væru óhæfar til að búa til verðlagsskrárskýrslurnar. Hitt annað í ræðu þingmannsins álít jeg alls eigi svaravert.

Þorlákur Guðmundsson: Þingmaður Mýramanna hefur eigi heyrt vel, eða þá ekki skilið mig; jeg sagði að jeg teldi þann óhæfan til að sitja í sýslunefnd, sem ekki vissi um verðlag í sínum hreppi, og það væru líkindi til, að hann yrði ekki kosinn; enda væri það til einskis að leggja það undir sýslunefndina að semja skrárnar, ef gengið er út frá því, að menn komi ekki á fund eða ekki geti komist á fundinn. Þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að hreppstjórar væru aptasti liðurinn af bendilormi; hann veit þá, hverjum hann hefur ætlað þann heiður, að vera höfuðið á þessum ormi.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hafði aldrei orðið »hlutdrægur» um hreppstjórana, svo að ályktun sú er skökk, er 1. þingmaður Árnesinga dróg út úr orðum mínum.

Framsögumaður: Það lítur svo út, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu vilji láta hreppsnefndina semja verðlagsskrárnar að eins af þeirri röksemdaleiðslu, að þær eru nú komnar í stað hreppstjóranna sem fátækrastjórar, og hafa þess eina að gæta, að útgjöld hreppsins verði sem minnst. En í þessu efni á eigi að líta á hag hreppsins eins, heldur og á almennings gagn og á það, hvað landssjóðnum sje haganlegt, og að rjetti hans sje eigi hallað.

Með því að fieiri tóku eigi til máls, var gengið til atkvæða eptir hinni prentuðu atkvæðaskrá (I 214—215) og fjellu þau þannig:

1. liður a samþykktur með 12 atkvæðum gegn 8, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,

Tryggvi Gunnarsson,
Þorsteinn Jónsson.
Nei sögðu:
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll prestur Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

Þar við voru 1. liður b og d, 2. liður og 3. liður a samþykktir án atkvæðagreiðslu.

1. liður c felldur með 10 atkv. gegn 10.
3. — b samþykktur með 14 atkv.
3. — c —— — 13 —
4. — þar með fallinn.
5. — samþykktur með 14 atkv. gegn 1.
6. — —— — 16 —.
7. — (frumvarpið í heild sinni) felldur með 10 atkv. gegn 10.

Var frumvarpið þannig fallið.

B.

Uppástunga til þingsályktunar um sjerstaka verðlagsskrá fyrir hverja sýslu. Frá Hjálmi Pjeturssyni, þingmanni Mýramanna. Sjá I 222.

Á 25. fundi neðri deildarinnar, 30. júlímán., var samþykkt í einu hljóði tillaga forseta að hafa eina umræðu um uppástungu þessa.

Ein umræða í neðri deild, á 20. fundi, 5. ágúst.

Flutningsmaður (Hjálmur Pjetursson): Jeg ímynda mjer, að eigi þurfi að vera langar umræður um mál þetta; þingdeildinni mun fullkunnugt um orsökina til þess, að jeg hef borið fram uppástungu þessa, og um ástæðurnar fyrir innihaldi hennar. Málið um breyting á verðlagsskránum er búið að vera fyrir þingínu nú í 2 sumur, sem sje 1877 og nú í sumar, og ein af aðalorsökunum til þess, að frumvörp um það hafa verið borin fram á þinginu, er sú, að menn óskuðu, að hver sýsla hefði sjerstaka verðlagsskrá. Jeg er þess viss, að almenningi þætti nokkuð unnið, og sömuleiðis mörgum þeim þingmönnum, er studdu verðlagskráarmálið, ef uppástunga þessi næði fram að ganga. Það mætti ef til vill búast við því, að yfirvöldin hlutuðust til um, að hvert sýslufjelag fengi sjerstaka verðlagsskrá, þegar sýslunefndir óska þess, en jeg veit dæmi til, að þessar bænir hafa ekki ávallt verið heyrðar. Þess vegna bar jeg uppástungu þessa fram fyrir þingið, því að jeg vona, að ef þingið aðhyllist uppástunguna, þá mundi landshöfðingi, hlutast til þess, að hvert sýslufjelag hjer eptir fyrir fullt og allt fái sjerstaka verðlagskrá. Jeg vona því, að mál þetta nái fram að ganga.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er með því, að þingsályktun þessi verði samþykkt. Aðalatriðið í verðlagsskrármálinu var það, að hvert sýslufjelag fengi sjerstaka verðlagsskrá. En mjer virðist vafasamt, hvernig fara skal í þessu efni með þá kaupstaði, sem eru innan takmarka einhverrar sýslu, svo sem Reykjavík, Ísafjörð og Akureyri. Jeg vil því að minnsta kosti láta það koma fram í umræðunum um mál þetta, að sú hafi verið meining þingsins, að í þeim fáu tilfellum, þar sem kaupstaður er innan takmarka sýslunnar, þá skuli hann fylgja með sýslufjelaginu, það er snertir verðlagsskrárnar.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti uppástunguna undir atkvæði, og var hún samþykkt með 20 atkvæðum, Kvað forseti uppástunguna nú mundu verða afgreidda til efri deildarinnar.

Á 30. fundi efri deildarinnar, 7. ágúst, var samþykkt í einu hljóði, samkvæmt uppástungu forseta, að hafa eina umræðu um málefni þetta.

Ein umræða í efri deild, á 31. fundi, 8. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt af neðri deildinni, sjá I 262.

Eiríkur Kúld sagði, að uppástunga þessi væri eigi nægilega ljós, það væri eigi tekið fram, ef kaupstaður væri í sýslunni,

hvort þá ættu að vera 2 verðlagsskrár eða; en þetta væri óhappalegt, ef sú væri meiningin. og væri því nauðsynlegt, að taka þetta skarpara fram. Að öðru leyti gæti hann eigi sjeð, að uppástunga þessi væri nauðsynleg, að minnsta kosti væri eigi í Vesturamtinu nein óánægja með það fyrirkomulag, sem nú væri, að verðlagsskrár næðu yfir meira en eina sýslu. Það mundi og valda stiptsyfirvöldunum meiri skrifstofustarfa, þar sem verðlagsskrárnar eptir uppástungunni mundu verða 13—14 í stað þess, að nú væru þær langtum færri, en að öðru leyti væri sjer þetta mál eigi neitt kappsmál.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi vera þingmanni Barðstrendinga samdóma um það, að uppástunga þessi væri ónauðsynleg. Það hefðu komið margar bænir frá þjóðinni um þetta, og væri því rjett að veita það einu sinni fyrir allt, því þó þess háttar leyfi gætu fengizt í einstöku tilfelli, væri þess háttar aðferð seinlegri í framkvæmdinni. Það væri ef til vill ástæða til, að taka upp viðaukauppástungu um kaupstaðina, en þar sem þeir þó hingað tll hefðu verið í sýslufjelaginu, væri þetta kannske óþarfi.

Sighvatur Árnason kvaðst vera samdóma þingmanni Barðstrendinga, hvað kaupstaðina snerti, og þætti sjer uppástungan eigi vel orðuð, eins og hún nú væri; svo væri það ekki nauðsyn að fara í þingið með þetta mál, því það væri opinn annar vegur, ef menn óskuðu að fá sjerskilda verðlagsskrá, en það væri að fara umboðsveginn. En ef halda ætti uppástungunni, sýndist sjer eiga við, að fá umræðunni frestað, til þess að fá tíma til að laga hana, hvað kaupstaðina snerti.

Bergur Thorberg sagðist vilja fresta máli þessu; en hvað uppástunguna sjálfa snerti, þá mundi það vera nokkuð almenn ósk, að fá sjerstaka verðlagsskrá fyrir hvert sýslufjelag. Eðlilegast væri, að almenn regla væri sett fyrir þessu í stað þess að gjöra það smátt og smátt; viðbótin ætti vel við, og hefði það verið meiningin í frumvarpi því, er fellt hefði verið í neðri deildinni.

Forseti bar því næst upp til atkvæða, hvort fresta skyldi málinu, og var það samþykkt með 8 atkvæðum gegn 2.

Framhald einnar umræðu í efri deild, á 38. fundi, 15. ágúst.

Breytingaruppástungur I 305. 384.

Með því að enginn tók til máls, ljet forseti þegar ganga til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaruppástunga Bergs Thorbergs (I 84) samþykkt með 9 atkvæðum.
2. Uppástungan með áorðinni breytingu samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.

Kvað forseti uppástunguna nú mundu verða senda aptur til neðri deildarinnar.

Ein umræða í neðri deild, á 48. fundi, 19. ágúst.

Uppástungan, eins og hún var samþykkt í efri deildinni, sjá I 412—413.

Hjálmur Pjetursson: Þessi uppástunga er nú komin aptur hingað til deildarinnar frá efri deildinni, og hefur ein lítil breyting verið gjörð við hana. En jeg ímynda mjer, að þessi breyting gjöri eigi það að verkum, að uppástungan nái eigi eptir sem áður fram að ganga, og það því fremur, sem jeg álít breytinguna til bóta eða skýringar, því sú var meining deildar þessarar, að kaupstaðir landsins skyldu hafa verðlagsskrá sameiginlega með sýslu þeirri, er þeir liggja í. Jeg ætla því eigi að taka fleira fram í máli þessu, en treysti því, að deildin muni fúslega samþykkjast þessari uppástungu.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti þingsályktunaruppástungu þessa undir atkvæði deildarinnar, og var hún samþykkt með 17 atkvæðum, og kvað forseti hana mundu verða afgreidda til landshöfðingja sem ályktun frá alþingi.

LXIII. VÍNFANGASALA OG GISTINGAR.

A.

Frumvarp til laga um sölu brennivíns og annara vínfanga. Flutningsmaður Einar Ásmundsson, 1. þingmaður Eyfirðinga. Sjá I 23.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 5. fundi, 7. júlí.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Það stendur eins á þessu frumvarpi og frumvarpinu um aðflutningsgjaldið af áfengum drykkjum, að það er ekki samið af mjer, heldur var það borið upp á fundi í kjördæmi mínu, eins og það liggur hjer fyrir, en jeg get miklu fremur mælt með því en hinu frumvarpinu. Það er auðsjeð, að tilgangur þess er, að afstýra prangi með brennivín og staupasölu, smábaukum og veitingakofum, sem alstaðar koma fram, þar sem kauptún rísa upp, svo að veitingahúsin verða nálega eins mörg eins og hin húsin. Þetta má ekki svo til ganga, heldur verður að leggja eitthvert hapt á þessa sölu, með því að neyða menn til að kaupa leyfi til vínsölu dýrum dómum. Ef frumvarpið yrði að lögum, munu þeir verða fremur fáir, er gætu haft vínföng til sölu, og þeir einir, er gjörðu sjer von um mikla verzlun. Jeg álít þetta mál mjög hugleiðingarvert, og mæli með því, að það verði tekið til íhugunar, og legg það svo undir úrskurð deildarinnar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil ekki, að þetta frumvarp lendi í sömu gröfinni og frumvarpið um tollinn á áfengum drykkjum, þar eð þetta er byggt á verulegri grundvallarreglu. Ofdrykkjan minnkar ekki, þótt tollurinn sje hækkaður, heldur ef svo er sjeð fyrir, að útsölumennirnir sjeu sem fæstir; það er ekki af því að brennivínið sje ódýrt, að það er svo mikið keypt af því, heldur af því það er svo víða til. Gjaldið fyrir leyfisbrjefið finnst mjer helzt til lítið, en jeg vil á þessu stigi ekki fara fleirum orðum um málið, heldur stinga upp á, að kosin sje nefnd í málið.

Páll Pálsson, prestur: Ef málið gengur til 2. umræðu, án þess að nefnd sje kosin, þá vil jeg áskilja mjer breytingaratkvæði um, að þeir, sem fá sjerstakt leyfi til að selja áfenga drykki, sjeu skyldaðir til að hafa rúm handa vissri tölu gesta.

Flutningsmaður: Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli þingmanna að því, að frumvarp þetta lýtur til allra, sem selja áfenga drykki, ekki að eins veitingamanna, heldur einnig til kaupmanna; en það á ekki við, að mjer sýnist, að skylda kaupmenn til þess að hafa rúm handa gestum, þótt þetta skilyrði eigi vel við, þegar um veitingamenn er að ræða.

Tryggvi Gunnarsson: Þetta frumvarp fer í líka stefnu og frumvarp það, er næst áður var til umræðu, að hindra ofdrykkju og of mikla vínflutninga inn í landið, og er sá tilgangur góður. Jeg er samdóma 2. þingmanni Gullbringusýslu, að gott sje, að ofdrykkja sje minnkuð, en jafnframt þurfi að hafa hliðsjón til tekja landssjóðsins og gjaldstofna í landinu; ef þetta frumvarp yrði að lögum, þá mundi það verulega minnka tekjur landssjóðsins, þar salan er gjörð svo fjarska erfið, með því að skylda menn til þess árlega að biðja um leyfi og gjalda fyrir það 40 kr. árlega. Jeg játa, að það sje nauðsynlegt að varna því, að smáveitingahús fjölgi, og sömuleiðis að minnkuð sje smásala á vínföngum í verzlunarbúðum, og það er nokkur hjálp móti ofdrykkju, að gjöra söluna erfiða, en sú aðferð er þó ekki einhlít. Aðalhjálpin móti ofdrykkju er, að þjóðinni sje innrætt sú sómatilfinning, að ofdrykkjan sje til tjóns fyrir menn og ósæmileg, því að það, sem á seinni árum hefur gjört, að ofdrykkja hefur heldur minnkað, er ekki dýrleiki vínfanganna, heldur það, að þessu máli hefur mjög

verið hreyft í blöðunum og á mannfundum, og fyrir það vaknað óbeit á ofdrykkju. Að gjöra brennivínið dýrkeypt, er ekki nóg, eins og sjest af því, að það er vanalega ekki efnamaðurinn, sem drekkur mest, heldur fátæklingurinn, sem sízt hefur efni til þess; ef þingið vildi styðja að því með einhverju móti, að viðbjóður á ofdrykkju útbreiddist, þá væri það miklu betra, en þó þvingunarmeðul væru við höfð. Af því meining frumvarpsins er góð, og það stendur til bóta, þá vil jeg mæla með nefnd, til þess að málinu verði komið í það horf, að smávínsala verði fyrirbyggð, og hert á lögum um staupasölu í búðum, þannig, að ekki sje leyfilegt að selja nema að minnsta kosti 1 pott í einu; sömuleiðis ætti að gjöra veitingamönnum að skyldu, að hafa herbergi og rekkjur handa mönnum, því að það er sorglegt að vita til þess, að þegar gesturinn hefur drukkið sig fullan, og er ekki lengur sjálfbjarga, þá er honum vísað á dyr um miðnætti, án þess veitingamaðurinn hafi hina minnstu ábyrgð á því, að hann ekki fari sjer að voða, eða verði öðrum að vandræðum. Líkt framan sögðu ætti að gjöra veitingamönnum að skyldu, og mundi verða meira til hindrunar, að smáveitingakofar kæmust á, en þó 40 kr. gjald væri við lagt; en þar á móti álít jeg sölu á leyfisbrjefum óhentuga fyrir vínsölu verzlunarmanna, því hún leggst svo misjafnt á, og vona að því verði breytt, ef nefnd verður sett.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil gjöra eina athugasemd við frumvarpið, sem ekki hefur komið fram áður. Frumvarpið miðar til að gjöra öllum sem örðugasta alla sölu á vínföngum, en nú er það aðgætandi, að fyrst er tekið hátt aðflutningsgjald af kaupmönnum af vínföngum, og síðan á að banna þeim að selja þau vínföng, sem þeir hafa goldið toll af. Þetta getur ekki samrýmzt, bæði að leggja á háan toll, og líka að leggja tálmanir í veginn fyrir söluna. Hugsun frumvarpsins þarf því að ákveðast nákvæmar, og má þá vel vera, að það geti leitt til góðs, þótt jeg ekki búist við neinum sjerlegum árangri. Eins og 1. þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, þá er ekki nóg að reyna að hindra vínsöluna með lagabanni, heldur verður að innræta þjóðinni þann hugsunarhátt, að ofdrykkjan sje viðbjóðsleg; þangað til sá hugsunarháttur er orðinn almennur, dugar tollur eða bann næsta lítið.

Björn Jónsson: Jeg álit þessa aðferð til að takmarka víndrykkju sjer í lagi óheppilega að því leyti, að hjer er lagður á nýr tollur umfram aðflutningstollinn, og jafnframt honum. Þegar hver kaupmaður og veitingamaður er látinn greiða 40 kr. á ári fyrir hvern stað, sem hann verzlar á með áfenga drykki, þá kemur tollurinn mjög ójafnt niður, og verður því þyngri sem salan er minni. Það væri því miklu betra að binda leyfið til vínsölu einhverjum öðrum skilyrðum, t. d., að því er veitingamenn snertir, því, að þeir hafi jafnan nógu mörg rúm handa ferðamönnum og öðrum til næturgistingar o. s. frv. Jeg veit ekki, betur en að sveitastjórnarvöldin hafi vald til að banna veitingar í sinni sveit eða kaupstaðarumdæmi, og finnst mjer, að vel mætti una við það, ef það vald væri rjettilega notað. Hvað kaupmenn snertir, þá ætti að banna þeim alla smásölu á vínföngum, þannig hefur t. d. í Noregi kaupmönnum verið bannað að selja minna en 40 potta í einu, og veit jeg ekki betur, en að það hafi reynzt allvel; að setja minnsta takmark 1 pott, er allt of lágt. Það er og eitt ráð enn til að minnka ofdrykkju, og hefur það verið við haft í einni mjög merkri borg erlendis (Göteborg); þar hefur bæjarstjórnin tekið að sjer alla sölu áfengra drykkja, tiltekur verð þeirra og tölu útsölustaðanna, og hagar hún þannig útsölunni, að útsölumönnunum er hagur að því, að sem minnst seljist. Þetta ráð hef-

ur þótt reynast mjög vel, og hefur síðan jafnvel verið tekið upp víða á Englandi.

Þá var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 19 atkvæðum, og samþykkt með 16 atkvæðum að kjósa 3 manna nefnd og hlutu kosning:

Einar Ásmundsson	með	12 atkv.
Benedikt Sveinsson	—	4 —
Tryggvi Gunnarsson	—	4 —

Önnur umræða í neðri deild, á 19. fundi, 23. júlí.

Nefndarálit I 179—180.

Forseti skaut því til flutningsmanns, hvort hann ekki vildi taka frumvarp sitt aptur, og þá yrði tekið til 1. umræðu frumvarp nefndarinnar í þessu máli, um takmarkanir á sölu áfengra drykkja.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg gat þess við 1. umræðu þessa máls, að jeg var beðinn fyrir þetta frumvarp af kjósendum mínum, og því er mjer ekki um, að taka það aptur. Jeg vil því leggja það til, að deildin gjöri annaðhvort, felli frumvarpið, ef henni lízt svo, eða þá, sem enn betra væri, fjellist á bæði frumvörpin, sem vel geta staðizt hvort með öðru, þar eð þau ekki koma hvort í bága við annað. Ef þingmenn bera frumvörpin saman, munu þeir sjá, að þau geta staðizt bæði samsíða; frumvarp mitt leggur árlegt gjald á þá, sem verzla með áfenga drykki, en frumvarp nefndarinnar bannar kaupmönnum að selja áfenga drykki í mjög smáum skömmtum og að veita þá í sölubúðum sínum; það gjörir veitingamönnum, sem vilja selja áfenga drykki að skyldu að hafa nokkrar rekkjur handa gestum, bannar að selja áfenga drykki á helgum dögum o. s. frv. Þess vegna vil jeg helzt styðja að því, að bæði frumvörpin fái að ganga saman, því að kjósendum mínum var mjög annt um, að frumvarpið, sem jeg hef að bera upp, gæti fengið framgang.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg vil einnig styðja að því, að bæði frumvörpin fái að ganga saman til umræðu, og deildin svo að lokum skeri úr, hvort af þessum frumvörpum henni líkar betur og vill að gangi til næstu umræðu.

Forseti: Þar sem flutningsmaður eigi vildi taka þetta frumvarp aptur, sem nú er fyrir til 2. umræðu, er auðvitað, að umræðum um það verður haldið áfram, en nefndarfrumvarpið, sem er sjerstakt frumvarp, getur eptir þessu ekki komið til umræðu í dag, heldur verður að taka það fyrir seinna til 1. umræðu. Framsögumaður er 1. þingmaður Suðurmúlasýslu.

Framsögumaður: Fyrst þetta frumvarp kemur eitt til umræðu í dag, þá verð jeg að lýsa yfir því, að nefndin gat ekki aðhyllzt það, af því henni fannst ekki hentugt að reisa skorður við ofdrykkju á þann hátt, er frumvarpið stingur upp á. Nefndin játar fullkomlega, að það er í alla staði rjett, að reisa nokkrar skorður á móti ofdrykkjunni; en hún þorði ekki að ráða til frekari aðgjörða, en teknar eru fram í áliti hennar, þar sem nú er útlit til þess, að aðflutningsgjaldið á áfengum drykkjum verði hækkað um þriðjung, og landssjóðurinn á þess vegna miklar tekjur undir vínsölunni; en ef þessar skorður verða settar fyrir vínsölu, þá er hætt við, að landssjóðurinn líði mikið tap. Oss finnst ekki heldur hagfellt, að taka málið á þann hátt, að beita þvingunarmeðulum, heldur verður að innræta mönnum þá sómatilfinning, að það sje ósæmilegt fyrir hvern mann að vera ofdrykkjumaður. Jeg vil því ráða þingmönnum til að fella þetta frumvarp, og heldur aðhyllast frumvarp nefndarinnar, þegar það kemur til umræðu.

Þá var gengið til atkvæða, og var 1. gr. frumvarpsins felld með 12 atkv. gegn 3, og hitt síðan tekið aptur af flutningsmanni.

B.

Frumvarp til laga um takmarkanir

á sölu áfengra drykkja. Frá nefndinni í næsta máli á undan. Sjá I 180.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Nefndin í þessu máli játar, að ofnautn áfengra drykkja sje svo skaðleg, að það sje skylda löggjafarvaldsins, að veita eptirtekt röddd almennings, sem komið hefur fram í blöðunum, á mannfundum og nú til þingsins, og að það veiti hjálp sína til að takmarka hana. En nefndin vildi ekki taka sterkar í taumana, af því að nú sýndist svo sem almennur áhugi væri vaknaður hjá landsmönnum á, að minnka hana. En ofdrykkjan kemur fram í ýmsum myndum; hin auðvirðilegasta mynd hennar er við búðarborðið, þar sem menn hanga tímunum og dögunum saman, við staupadrykkju. Hið sama er að segja um veitingakofa þá, sem nú eru byggðir víðsvegar um landið, þar sem að eins er selt vín, en ekkert er til af hinum brýnustu nauðsynjum fyrir ferðamenn. Þar drekka menn sig ölvaða, eru síðan reknir út undir nóttina, og verða svo opt öðrum til ónæðis og þyngsla. Þetta áleit nefndin að löggjafarvaldið ætti að reyna til að koma í veg fyrir. Jeg þykist viss um, að þetta frumvarp verði því eigi fellt, heldur að þingmenn líti á, hve málið er nauðsynlegt, og þeir leitist við, að breyta því til batnaðar, ef þeir sjá því ábótavant. Jeg veit ekki, hvort ástæða er til að fara út í hinar einstöku greinir frumvarpsins. Skeð getur, að mönnum þyki of lítið til tekið í 1. grein, að selja eigi minna en 3 pela, en nefndinni þótti óhentugt að tiltaka meira, af þeirri ástæðu, að mikið af vínum er flutt hingað í 3 pela flöskum, svo hefði það verið ákveðið í frumvarpinu, að eigi mætti selja minna en pott, þá hefðu menn í hvert skipti, er þeir keyptu 3 pela flösku af víni, þurft að kaupa 1 þela að auki; þetta hefði litið óviðkunnanlega út, og svo áleit nefndin það ekki rjett, að þvinga sjómenn og ferðamenn til að kaupa að mun meira vín, en þeir sjálfir vildu, þegar þeir væru að búa sig til heimferða úr sölubúðunum. Aðalmeiningin er, að útrýma staupasölu og staupaveitingum, en til þess er 3 pela málið nægilegt. Ástæður vorar fyrir 2. grein eru þær, sem áður er sagt, að ótilhlýðilegt er, að veitingamönnum, sem að eins selja vín, sje leyft, að veita fram á nótt, og reka menn svo út í hvaða veðri sem er, 3. gr., «að selja eigi vín á helgum dögum», ímynda jeg mjer að prestar þeir, er á þingi sitja, leggi samþykki sitt á. Að svo komnu skal jeg ekki fara fleirum orðum um þetta mál, fyr en jeg heyri andmæli annara.

Páll Pálsson, prestur: Jeg er nefndinni að öllu leyti samþykkur, og jeg vona, að enginn geti sjeð á breytingartillögu minni, að það hafi verið tilgangur minn, að fella frumvarpið, því að jeg er nefndinni samdóma um það, að þetta er þjóðinni orðið eitt hið mesta áhugamál. En það, sem mjer gekk til að hafa takmörkin þrengri á vínsölunni, var það, að jeg átti einkum við hin sterku vínin, og vona jeg, að jeg síðar fái tækifæri til að koma mjer saman um það við nefndina.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með 19 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 22. fundi, 26. júlí.

Breytingartillögur I 206. 222.

Páll Pálsson, prestur: Jeg gjörði ráð fyrir því við fyrstu umræðu málsins, að reyna að koma mjer saman við nefndina um breytingaratkvæði mitt. Nú hef jeg eptir það sannfærzt um, að sú ákvörðun, sem jeg bar fram í breytingartillögunni, á ekki við, og tek því breytingaratkvæði mitt aptur, en um

leið skal jeg geta þess, að jeg bar það engan veginn upp í því skyni að auka ofdrykkju, heldur til að minnka hana. En fyrst jeg er farinn að tala á annað borð, vil jeg geta þess við frumvarp þetta, að mjer finnst í 2. grein vanta þá ákvörðun, að þeir veitingamenn, er veita mönnum, svo ölvaðir verða undir nóttina, mega eigi úthýsa; væri það að minni ætlun aðhald fyrir þá að hafa varúð á að veita gestum sínum meira af áfengum drykkjum, en góðu hófi gegnir.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Af því hjer liggur breytingartillaga fyrir með mínu nafni, þá vil jeg leggja henni nokkur liðsyrði. Jeg gjörði hana til að skýra betur hugsun nefndarinnar í fyrstu grein, því jeg var hræddur um, að orðin «enginn kaupmaður eða verzlunarmaður má selja minna í senn af nokkrum áfengum drykk eða vintegundum en 3 pela», gætu misskilizt þannig, að kaupmenn ætluðu, að þeir mættu selja 3 pela sinn af hverri vintegund, t. d. einn af cognaci, einn af rommi og einn af brennivíni; jeg vildi því koma í veg fyrir misskilning með því að orða þetta ljósar, og setja «nokkurri einni vintegund». Að öðru leyti hef jeg ekki ástæðu til að tala um frumvarp þetta; því hefur verið vel tekið, og jeg vona, að menn hjálpist að því, að útrýma ofdrykkjunni, þessum þjóðarósóma; þó skal jeg stuttlega tala um þá uppástungu 1. þingmanns Skaptfellinga, þar sem hann vill banna veitingamönnum að úthýsa nokkrum manni. Jeg álít ófært að gjöra þá ákvörðun; svo getur farið, að þeim sje ómögulegt að uppfylla þetta, og í öðru lagi er það, að eptir því sem ákveðið er í frumvarpinu, þá er þeim að eins gjört að skyldu að hafa 6 rekkjur, svo hafi þeir þá tölu, þá hafa þeir fullnægt lögunum; en það getur komið opt fyrir, að hjá þeim sjeu 20 ölvaðir menn eða fleiri, en ef þeir, eptir breytingartillögunni, ættu að hýsa alla þessa, þá væri hjer við komin ósamkvæmni í lögin, og of þung skylda lögð á veitingamennina. Jeg get því ekki aðhyllzt þessa uppástungu.

Halldór Kr. Friðriksson: Í 2. gr. frumvarps þessa stendur: «Enginn veitingamaður má selja áfenga drykki, nema hann hafi í veitingahúsi sínu að minnsta kosti 6 rekkjur». Þetta er auðsjáanlega skilyrði fyrir því, að nokkur fái leyfi til að selja áfenga drykki; það liggur jafnframt í orðunum, að þeir veitingamenn, sem áður eru, megi ekki selja áfenga drykki nema þeir hafi 6 rekkjur; en þetta ætti að vera svo, að enginn megi fá framvegis leyfi til að veita áfenga drykki nema hann hafi 6 rekkjur, því að það leyfi, sem þegar er gefið, verður eigi aptur tekið. Það þarf því að orða greinina öðruvísi, svo að orðin innibindi það, sem nefndin ætlast til.

Einar Ásmundsson: Með tilliti til athugasemdar þingmanns Reykvíkinga, þá var það fullkomin meining nefndarinnar, að enginn mætti hafa leyfi til að veita áfenga drykki, nema hann hefði 6 rekkjur að minnsta kosti handa gestum, hvort sem hann hefði fengið leyfi til að halda veitingahús, áður en þessi lög fá gildi, eða eptir það. Eins og allir vita, má fleira veita en vínföng, og þeim veitingamanni, sem ekki veitir þau, eru engar reglur settar með þessum lögum. Þótt veitingamenn hafi áður fengið leyfi til að veita vínföng án þess að hafa rekkjur í húsi sínu handa gestum, þá hafa þeir ekki lengur og eiga ekki að hafa leyfi til þeirrar óreglu eptir þessum lögum. Kaupmenn hafa líka mátt veita vín í smáskömmtum, en það er ekki meiningin, að þeir megi það hjer eptir, hvort sem þeir hafa rekið verzlun að undanförnu eða byrja á því hjer eptir. Greinin er því að minni ætlun rjett orðuð. Það er til úthýsingar kemur, þá þarf ekki að banna hana í þessum lögum; jeg veit ekki betur, en að hún sje bönnuð í hegningarlögunum.

Benedikt Sveinsson: Þingmaður Reyk-

víkinga talaði um, að enginn ætti að fá veitingaleyfi, nema hann hefði sönnun fyrir því, að hann hefði 6 rekkjur handa gestum; en þetta er misskilningur á 2. grein; þessa sönnun þarf sjálfsagt ekki fyrir fram. Veitingaleyfið verður sjálfsagt bundið því skilyrði, að þessum lögum verði fullnægt, hvað sölu áfengra drykkja snertir. Meiningin getur náttúrlega ekki verið sú, að neyða beiðanda til að kaupa 6 rekkjur, fyr en hann veit, hvort hann fær veitingaleyfið eða ekki; það væri sannarlega hart, ef hann þyrfti að vera búinn að útvega sjer 6 rekkjur, áður en hann sækir um leyfið, úr því hann þarf ekki að halda á þeim fyr, en hann er búinn að fá það, enda má hann og, þó hann hafi ekki 6 rekkjur handa gestum, selja allt annað en áfenga drykki.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar yfirvöldin veita leyfið, verða þau að setja skilyrði það, sam leyfið fæst með; ef enginn getur fengið leyfi, nema með því skilyrði, að hafa rúm, þá getur enginn, sem hingað til hefur haft leyfi til að veita án þess að hafa rúm, haft það lengur, eptir því sem 1. þingmaður Eyfirðinga ætlast til, en þetta þyrfti þá að takast fram í lögunum. En það dettur víst engum í hug að svipta veitingamenn því leyfi, er þeir þegar hafa fengið. Einkaleyfi verða eigi afnumin nema með sjerstökum lögum.

Framsögumaður: Það er vel virðandi við þingmann Reykvíkinga, að hann vill gjöra málið ljóst, en jeg held, að það sje eigi svo óljóst orðið, að hann þurfi að misskilja frumvarpið, sem mjer þó finnst hann gjöri við 2. gr.; þar er að eins sagt, að veitingarmenn megi ekki selja áfenga drykki, nema þeir hafi rúm, en selji þeir að eins mat og aðrar þess konar nauðsynjar, þá fellur þetta skilyrði í burt. Þingmaðurinn miðar víst einkum við veitingahús í kaupstöðum, en eins og kunnugt er, eru veitingahús á nokkrum stöðum út um landið undir heiðum og fjallgörðum og því er nauðsynlegt að setja þetta skilyrði, ef veitingamenn þar vilja selja vín. Þar sem hann sagði, að ekki væri hægt að taka leyfi af veitingamönnum, sem hafa áður fengið það, þá er þetta einnig misskilningur; í þessu efni standa veitingamenn aldeilis jafnhliða þeim kaupmönnum, sem hafa fengið borgarabrjef til að selja allskonar vörur, og þar með vínföng. Hjer er af hvorugum tekinn áður fenginn rjettur eða einkaleyfi til að selja vínföng, heldur að eins sett skilyrði fyrir sölunni, sem löggjafinn hefur fyllsta rjett til.

Með því að þá tóku eigi fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var:

1. Breytingaratkvæði 1. þingmanns Suðurmúlasýslu við 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 16 atkvæðum.
2. 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
3. 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
4. 3. gr. frumvarpsins samþykkt með 16 atkvæðum.
5. 4. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atatkvæðagreiðslu, og málinu vísað til 3. umræðu með 17 atkvæðum. 1. þingmaður Skaptfellinga hafði tekið aptur breytingartillögu sína.

Þriðja umræða í neðri deild, á 24. fundi, 29. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 236—237.

Með því að enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var það samþykkt með 20 atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 26. fundi, 2. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 242.

Magnús Stephensen kvað mál þetta vera mjög svo nátengt öðru frumvarpi, sem nú væri til umræðu hjer í deildinni, sem sje frumvarpinu um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, og þar sem því frumvarpi hefði verið vísað til nefndar, mundi bezt við eiga, að þessu frumvarpi væri vísað til hinnar sömu nefndar.

Forseti bar því næst þessa uppástungu upp til atkvæða, og var samþykkt með 6 atkvæðum að vísa málinu til nefndarinnar, sem sett hafði verið til að kveða upp álit sitt um frumvarp til laga um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun og um breyting á lögum um gjald af áfengum drykkjum, en í þeirri nefnd voru:

Árni Thorsteinson,
Eiríkur Kúld, og
Benedikt Kristjánsson.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 33. fundi, 11. ágúst.

Nefndarálit I 302.

Forseti gat þess, að nefndin, er sett var í þessu máli, hefði búið til nýtt frumvarp og ráðið til að fella frá umræðu frumvarp neðri deildar, vildi hann nú biðja menn greiða atkvæði um það, og ef samþykkt yrði tillaga nefndarinnar, vildi hann þegar taka til 1. umræðu frumvarp nefndarinnar, því að þó að það hefði eigi staðið sjerstakt á dagskránni, þá hefði það þó verið þar í sambandi við hitt.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) kvað varasamt að fara út í einstakar greinir við 1. umræðu málsins, en ef menn vildu bera saman frumvarp neðri deildar og nefndarinnar, mundi skjótt verða ljóst, að frumvarp nefndarinnar væri miklu ýtarlegra, og því vonaðist hann til, að deildin fjellist á þá tillögu nefndarinnar, að fella frá umræðu hitt frumvarpið, en taka þetta í staðinn.

Var þá gengið til atkvæða, og frumvarp neðri deildarinnar fellt frá 2. umræðu með 9 atkvæðum.

C.

Frumvarp til laga um gistingar og vínfangaveitingar. Frá nefnd efri deildar í næsta máli á undan. Sjá I 302—304.

Fyrsta umræða í efri deild, á 33. fundi, 11. ágúst.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) kvað það hafa verið tilgang nefndarinnar með frumvarpi sínu, að safna saman í eitt þeim tilskipunum, er til væru hjer um þetta efni, svo að hvorki löggæzlumennirnir nje þeir, er lögunum væru undirgefnir, þyrftu að vera í vafa um það, hvað væru gildandi lög og hvað eigi; en með því að tíminn hefði verið naumur en mörg atvik, er fyrir geta komið í daglegu lífi, er eigi er gott að setja fastar reglar fyrir, þá væri eigi ómögulegt, að frumvarpið væri eigi nógu ýtarlegt í sumum greinum. Nefndin hefði heldur viljað fara lengra en skemmra, t. a. m. í greinarmun á veitingamanni og gestgjafa, sem gæti verið þarflegur og enda nauðsynlegur í hinum stærri kauptúnum, en ekki í minni kauptúnum. Þá þætti kannske sumum eigi eiga við í minni kaupstöðum, að halda ákvörðunum um danzfundi, hnattborð og keiluleika, þar sem slíkt mundi eigi eiga sjer þar stað, en slíkar ákvarðanir gætu heldur aldrei skaðað. Í frumvarpinu væru nokkrar ritvillur, sem komið hefðu inn við prentunina, og mundi mega ráða bót á þeim með orðabreytingum og breytingaratkvæðum.

Eiríkur Kúld gat og um nokkrar villur og orð, er úr hefðu fallið.

Sighvatur Árnason kvaðst hafa verið búinn að hugsa sjer nokkur breytingaratkvæði,

til þess að ráða bót á ýmislegri ósamkvæmni, er hann hefði þótzt verða var við í frumvarpinu; nú hefði framsögumaður og þingmaður Barðstrendinga bent á ýmsar ritvillur og bætt þannig úr því að mörgu leyti, en með því að enn væru þó nokkur atriði, er sjer þættu eigi fullljós eða athugaverð, þá vildi hann óska, að hann fengi að bera sig saman við nefndina, í von um að hann kæmi sjer saman við hana um breytingaruppástungur sínar og athugasemdir við málið.

Þá var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 35. fundi, 13. ágúst.

Breytingartillögur I 346—347.

Framsögumaður (*Árni Thorsteinson*) sagði, að af frumvarpi þessu mætti sjá, hvernig færi, er menn flýttu sjer sem mest menn mættu. Nefndin hefði komið með ýmsar breytingar. sem tækju skýrar fram hugsanirnar, er væru í frumvarpinu. Þannig væri í 3. gr. bætt inn í «því» á eptir «gestgjafi má»; í 4. gr. væri meiningin, að einungis væri hjer að ræða um þá, sem tækju móti gestum fyrir borgun, og hefði nefndin því bætt við «fyrir borgun»; í 5. gr. hefði fallið í burt, að sekt gæti fallið til hreppssjóðs. Ef menn læsu 10. gr., þá sæju menn, að þar sem talað væri um 7. gr., þá væri meint með því 8. gr., og yrði þetta nú leiðrjett með breytingaruppástungum. Að öðru leyti kvaðst hann eigi hafa ástæðu til að fara út í málið að sinni.

Sighvatur Árnason kvaðst játa það, að breytingar nefndarinnar hefðu lagfært frumvarpið og leiðrjett margar villur, en hann gæti þó eigi fellt sig við það. Þar sem »hreppssjóðs« væri bætt við 5. grein, þá kynni hann betur við, að það hefði verið »sýslusjóðs«; því það fyndist sjer eðlilegra, þegar um borgun væri að ræða fyrir leyfisbrjef eða annað, sem ekki snerti sektir. Að því er snerti 6. gr., þá þætti sjer í upphafi hennar tvítekið sama efni, þar sem stæði: »Gestgjafar eða veitingamenn mega« o. s. frv., og svo »þeir skulu hafa hús sín lokuð« o. s. frv.; sjer gæti eigi betur sýnzt, en að síðari setningin taki hina fyrri upp; sjer fyndist því, að það mætti orða greinina þannig: »Gestgjafar og veitingamenn skulu« o. s. frv. En við 8. gr., þar sem stæði: »öðrum unglingum«, vildi hann stinga upp á að miða við 18 ára aldur í staðinn fyrir 16 ára, því þá væru menn fyrst fjár síns ráðandi. Síðari hluti greinarinnar leyfði ungmennum að koma á veitingastaði, ef þeir væru með fullorðnum, en það mundi hafa litla þýðing, því þau gætu eins drukkið fyrir því, í skjóli þeirra og með þeim, í nægum stýl til þess að vera komin á lagið, þegar þau ættu að fara að stjórna sjer sjálf, og sjer hefði við þetta atriði flogið í hug málsháttarinn: »Grísirnir gjalda, en gömul svínin valda«. Fyrir unglingum ætti að vera lokað slíkum húsum fyrir víndrykkju. Þá vildi hann gjöra athugasemd við 9. gr.; þar sem hún talaði um gestgjafa og veitingamenn, sem væru til, er lögin kæmu út, þá fyndist sjer eiga vel við, að landshöfðingi staðfesti leyfisbrjef gestgjafa, eins og frumvarpið tæki fram, en þar á móti gæti hann eigi fellt sig við þá ákvörðun, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfesti leyfisbrjef veitingamanns, heldur ættu þau að sínu áliti að vera staðfest af bæjarfógeta eða sýslumanni; að láta hreppsnefndina staðfesta leyfisbrjefið, væri líkt og að fela slíka staðfesting fátækranefndinni í kaupstöðunum; hann hefði hugsað sjer að orða 9. gr. öðruvísi, og að þörf væri á að breyta greininni frá: »Svo skulu« o. s. frv., sem hann vildi reyna að koma fram með til 3. umræðu,

Jón Jónsson játaði, að nefndin hefði sýnt alúð; tillögur hennar sýndu, að hún hefði kynnt sjer málið nákvæmlega og lög þau, er um það eru í gildi bæði hjer á

landi og í öðum löndum. Ákvarðanir hennar gætu sumar átt vel við hjer í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri, en þær gætu líka orðið til hins verra; í öðrum löndum væri það álitið bezt, að láta hlutaðeigandi sveitarfjelög skipa fyrir um slík lög; þannig væru það lög í Danmörku, að hver bæjarstjórn semdi, lög eða samþykkti um allt, er snerti lögreglu á veitingahúsum og annarsstaðar, og varðaði það sektum, ef þau lög væru brotin. Bæjarstjórnirnar væru færari um að gefa ákvarðanir um þetta, en alþingi. Þingmenn þeir, er ekki ættu heima hjer í bænum, mundu allflestir vera ókunnir þessu máli. Ef frumvarpið næði fram að ganga, gæti það gjört skaða; það gæti dregið úr því, sem þingið ætti heldur að styðja að en draga úr, gestrisninni; hún væri landsins mesta prýði, og bændur almennt lofaðir fyrir hana, bæði hjer og erlendis; en greiðasalan stæði í nánu sambandi við gestrisnina. Er gest beri að bæ, sje það sómi fyrir bónda að taka honum vel, en það sje og sómi fyrir gestinn að borga fyrir greiðann. Það sje reyndar talað um kauptún í sumum greinum frumvarpsins, og nefndin hefði, ef til vill, ætlað, að frumvarp hennar fengi litla þýðing fyrir utan þau; en þess beri að gæta, að mörg kauptún væru eins afskekkt og fámenn og sveitarbær.

Hin 1. grein frumvarpsins væri hin einasta, er hann gæti gefið samþykki sitt, enda væri hún tekin úr neðri deildar frumvarpinu. Hann skildi ákvörðun nefndarinnar í niðurlagi nefndrar greinar svo, að kaupmönnum væru með henni bannaðar allar vínveitingar í búðum, þó þeir kynnu að vilja láta þær gjafir heita, og að því væru með henni afteknar allar staupagjafir við búðarborðin.

Að gjöra greiðasöluna að sjerstökum atvinnuvegi, þó engar vínveitingar væru sameinaðar með henni, kynni hann þar á móti ekki við.

Framsögumaður kvaðst vilja gjöra fáeinar athugasemdir við það, sem sagt hefði verið; þeir, sem talað hefðu, hefðu allir verið frumvarpinu velviljaðir, en reyndar hver á sinn hátt. Fyrst kvaðst hann mundu snúa sjer að 1. þingmanni Rangæinga. Hann kvaðst ímynda sjer, að ef þingmaðurinn gætti vel að 5. gr., þá sæi hann, að það, að sektin fellur í hreppssjóð, stendur í sambandi við 4. gr.; þar sem kauptún væru í sýslu, þá mætti hafa margar meiningar um hag þann og óhag, sem af því leiddi, að kaupstaður væri í sveitinni, en það mundi þó optast verða ofan á, að bæjarsjóður eða sveitarsjóður væru vel að slíku gjaldi komnir. Þingmanninum hefði þótt óþarfar tvítekningarnar í 6. gr., og játaði hann, að greinin gæti verið styttri; þar sem sagt væri, að hafa ætti dyr lokaðar, þá lægi eigi í því, að einungis dyrnar sjeu lokaðar; allt húsið ætti að vera lokað; hjer virtist greinin hafa nauðsynlega skýring á efninu. Viðvíkjandi 9. gr., þar sem þingmaðurinn hefði viljað hafa staðfesting sýslumanns, þá gat hann þess, að nefndin hefði viljað hafa grein þessa í samræmi við 4. gr., og kynni betur við það. Þá vildi hann snúa sjer að 2. þingmanni Skagfirðinga. Athugasemdir hans hefðu verið verulegar; og þó að það hefði legið í orðum hans, að hann hefði margar skoðanir, þá hefði hann verið málinu hlynntur, en vildi þó eigi, að það yrði að lögum. Hann væri honum samdóma í því, að það verði affarabezt, að menn láti sjer af eigin hvötum annt um að halda uppi góðri reglu; en þó hann áliti lögin nauðsynleg, en þingmaðurinn hitt, þá mundi bezt, að þeir færu báðir meðalveg, og að þingmaðurinn hefði átt að gjöra breytingar- og viðaukauppástungur; þó tíminn væri orðinn stuttur, þá mundi hann þó nægur fyrir þingmanninn til að gjöra breytingar eða viðauka við lög þessi, einkum þar sem hann mundi eiga von á liðsinni, eins vel í þessu máli sem í öðrum uppástungum sínum, en í því kvað hann sig honum

ósamdóma, að lögin drægju niður gestrisni, því það gjörðu þau ekki í neinu tilliti. Þingmanninum væri kunnugt um, að hjer í Reykjavík væru eigi svo fáir gestgjafar, og hefðu menn þó fengið að vera hjá öðrum út í frá. Hann sagðist vilja bera sig saman við nefndina um að gjöra breytingar við 4. gr., svo að hún mætti verða orðuð á sem beztan hátt eptir því, sem umræðurnar hafa gefið tilefni til.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi vera samdóma þingmanni Skagfirðinga um það, að frumvarp þetta væri óþarft, því að, þegar verið væri að reyna að takmarka vínkaup út um landið með því að hækka toll á áfengum drykkjum, þá þætti sjer nauðsyn á að reyna líka að takmarka nokkuð vínveitingar á veitingahúsum í kaupstöðum; öllum væri kunnugt, að þau væru misbrúkuð, og það gæti að eins komið af því með fram, að fullnægjandi ákvarðanir vantaði um það efni, og því væri brýn þörf á þessum lögum. 8. grein frumvarpsins væri sú eina, er sjer líkaði eigi; hann væri sjálfsagt samþykkur þingmanni Rangvellinga í því, að miða leyfið til að koma á veitingastaði við 18 ára aldur í stað 16 ára, en hann vildi jafnvel fara það lengra en þingmaðurinn, að banna unglingum á þeim aldri með öllu að koma inn á veitingahús; því að hann gæti eigi sjeð, að nein ástæða væri til að leyfa t. d. skólalærisveinum að heimsækja þá staði; þó að frumvarpið tæki það fram, að þessir unglingar verði að vera í för með fullorðnum mönnum, þá færi því fjarri, að sú takmörkun væri nóg, því að margur fullorðinn maður hætti að gá að sjer sjálfum, þegar hann væri farinn að fá eitthvað í kollinn, og þá mætti geta nærri, hvað hann ábyrgðist aðra.

Jón Jónsson kvað framsögumann hafa verið sjer samdóma um, að eigi væri brýn nauðsyn á þessum lögum (*Framsögumaður*: Hve nær sagði jeg það?); hann hefði tekið svo eptir orðum hans. (*Framsögumaður*: Jeg lýsi því þá yfir, að jeg er þingmanninum alvegósamdóma). Þá vildi hann biðja þingmanninn að segja sjer, hvernig honum hefði tekizt, meðan hann var bæjarfógeti, að halda hjer uppi góðri lögreglu, og á hverju yfirdómurinn hefði byggt dóm í vetur, er hann sektaði greiðasölumann fyrir brot móti banni gegn næturveitingum, er lögreglustjórinn hefði gjört. Nú skyldi hann leyfa sjer að segja álit sitt um einstakar greinir frumvarpsins. 1. gr. væri hann samþykkur. 2. gr. væri hann beint í móti, af því sem hann hefði áður tekið fram, að með henni væri vissum mönnum veitt einkaleyfi til að taka móti gestum og selja greiða, svo að ókomandi gæti orðið til bæjarins, ef hún kæmist á, vegna þess að hvergi nema á «baukum» mætti selja mat nje húsnæði. Hann vildi spyrja alla aðkomna þingmenn, hvort þeir vildu vera bundnir við að kaupa allt, er þeir þyrftu, hjá hinum fáu veitingamönnum bæjarins. «Gestgjafi» hefði hingað til verið heiðursnafn um gestrisna menn, enda lægi það beint í orðinu, að sá væri «gestgjafi», er gefur gestum beina. Nefndin átti sjálfsagt við greiðasölumenn, er veittu áfenga drykki, en hún hefði átt að taka það fram. 3. gr.: um hana væri sama að segja. 4. gr.: þar skildi hann eigi, hvernig síðari hluti hennar gæti samrýmzt við 2. gr. og fyrra hluta sömu greinar, nema því að eins að nefndin væri hjer að tala um að gefa næturgreiða. 5. gr.: hvað dansinn snerti, þá vissi hann að mönnum þætti galli, að Íslendingar hefðu eigi þessa skemmtun, og að vikivakarnir hefðu lagzt niður, sjer þætti fremur ástæða til að hlynna að slíkum skemmtifundum, en að reisa skorður við þeim; en hjer hefði nefndinni líklega orðið sama á og í 2. gr., að hún hefði eigi valið nógu nákvæmlega orð sín; hún hefði líklega

ætlað að taka þá eina dansfundi til, þar sem vín væri selt jafnframt, og þá væri hann henni samdóma. 6. gr.: þar hefði nefndin átt að bæta inn í 1. línu: «sem veita áfenga drykki». Sama væri og að segja um 7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr. og 11. gr. Hann vonaði því að hafa leitt nokkur rök að skoðun sinni í þessu máli. Það væri hvorttveggja, að engin þörf væri á flestöllum greinum þessa frumvarps, ef lögreglustjóri væri ötull og röggsamur, enda gætu lögin enga þýðing fengið, ef lögreglustjórnina vantaði.

Sighvatur Árnason kvað nefndarmenn mundu halda svörum uppi fyrir frumvarpi sínu, en hann vildi að eins gegna því, er þingmaður Skagfirðinga segði, að lög þessi mundu útrýma gestrisninni í landinu, ef þau næðu fram að ganga; sjer litist þvert á móti svo á þau, að þau mundu heldur byggja upp gestrisnina; það væri auðvitað, að menn í sveitum leituðu eigi þessa veitingaleyfis, nema þar sem nauðsyu bæri til, en það væri einkum á þeim bæjum, er stæðu á þjóðbraut næstir óbyggðum, eyðisöndum og öræfaheiðum, þar sem þjóðbraut væri yfir; frumvarpið gæfi bændum á slíkum bæjum tilefni til að fá sjer veitingaleyfi, og þá gætu ferðamenn átt vísara, að fá þar þann greiða, er þeir vildu, heldur en áður, þegar húsbóndi varð að haga viðtökunum rjett eptir því sem ástæður hans voru í þann svipinn. Hann sæi því eigi betur, en frumvarpið mundi ljetta af að nokkru leyti einum þeim örðugleika, er væri á ferðalögum hjer um land, en allir gætu haldið uppteknum hætti með gestrisni, sem það vildu, eptir sem áður.

Benedikt Kristjánsson sagði, að þó að snörp aðsókn væri að frumvarpi nefndarinnar, þá væri það eigi síður vasklega varið. Sjer hefðu svo skilizt orð þingmanns Skagfirðinga, að eins illa og honum geðjaðist að frumvarpi nefndarinnar, eins vel geðjaðist honum að frumvarpi neðri deildar; en hann sæi að eins citt atriði nauðsynlegt í því, nefnil, þar sem það væri gjört gestgjafa að skyldu, að hafa til «6 rekkjur uppbúnar»; nýmæli væru eigi önnur í því, því að 1. gr. hefði áður verið lög, og 1 eða 2 lögreglustjórar hefðu gjört þau gildandi á hinum síðustu missirum, og í 3. gr. væri eigi annað en það, sem áður stæði í helgidagalögum vorum. Þegar nú þingmaðurinn tæki þetta frumvarp fram yfir frumvarp nefndarinnar, þá sæi hann dóm hans um það, en mótbárur hans móti því litu helzt út fyrir að vera sprottnar af því, að hann hefði hvorki gefið sjer tóm til að lesa frumvarpið, nje skildi íslenzkt mál; ef hann gæti fengið í höfuðið rjettan skilning á orðinu «gestgjafi», mundu þær flestar hverfa. Þar sem hann ætlaði, að hvorki mundi fást hjer matur nje húsnæði, nje aðrar veitingar án borgunar, ef lögin kæmust á, þá þyrfti hann eigi annað en benda honum á niðurlag 4. gr. Þingmanninum hefði annars brugðið talsvert í brún, er hann kom auga á það, enda þyrfti eigi að hafa líkþorn á tánum, er maður ræki þær svo hraparlega í, til að kenna sársauka. Mikilvægasta ástæða hans móti frumvarpinu væri sú, að það væri sú eiturnaðra, er skemma mundi hið fagra blóm, gestrisnina; en hvar sæi hann það bannað í frumvarpinu, að veita greiða ókeypis, eða hugsar hann að gestrisnin sje í því innifalin, að selja ferðamönnum greiða? Sú stefna væri að ryðja sjer til rúms hjer, að of mikið mætti gjöra af gestrisninni, og hún gæti stundum orðið til skaða bæði veitendum og þiggjendum. Þingmaðurinn þekkti líklega eigi þau heimili, þar sem 20—30 manns væru nætursakir hvað eptir annað, og sumir af þeim væru að eins að flækjast um, til að eyða tímanum, þá þætti sjer betra, að menn fengju sjer leyfi til að selja greiða, en svo sje að farið, eins og þingmaðurinn hlyti að hafa sjeð í blöðunum, að margir bændur, er byggju í þjóðbraut, væru farnir að gjöra, að aug-

lýsa greiðasölu. Hvað skemmtanirnar snerti, þá væri í frumvarpinu engum bannað að bjóða mönnum ókeypis til þeirra í hús sín, án þess að biðja um leyfi, heldur þeim einum, er gjörðu það í gróða skyni. Þá hefði tveimur þingmönnum þótt 8. gr. of frjálsleg, og hvað aldursákvörðunina snerti, væri hann eigi neitt móthverfur skoðunum þeirra; en þó væru unglingarnir gengnir út í lífið og búnir að fá borgaraleg rjettindi, fyr en þeir væru 18 ára, þannig færu þeir frá 16. aldursári að vinna sjer sveitartiltölu; sjer þætti óþarfi að banna alveg unglingum að koma inn á veitingahús, því að það væri eigi löstur, fyr en það yrði að vana; þeir yrðu líka að gæta þess, að hinn fullorðni maður, er þeir væru með, ætti, eptir orðum frumvarpsins, að vera sá maður, að hann gæti «haft ábyrgð á gjörðum þeirra». Framsögumaður hefði gjört grein fyrir, hví nefndin setti hreppsnefndirnar í samband við þessi veitingaleyfi, það væri almenn skoðun, að slíkt snerti mikið sveitarfjelagið.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða, með því að eigi tóku fleiri til máls, og atkvæðagreiðslan fjell þannig:

1. 1. gr. óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.
2. 2. gr. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.
3. 3. gr. með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt með 8 atkvæðum.
4. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 4. gr. samþykkt með 6 atkvæðum.
5. 4. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 8 atkvæðum.
6. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 5. gr. samþykkt með 6 atkvæðum.
7. 5. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 6 atkvæðum.
8. 6. gr. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.
9. 7. gr. óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.
10. 8. gr. með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt með 7 atkvæðum.
11. Breytingaruppástungur nefndarinnar við 9. gr.; var sökum óljósrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall og sögðu

Já:
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Pjetursson,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Bergur Thorberg,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Jónsson,
Sighvatur Árnason.

Voru þær þannig samþykktar með 6 atkvæðum gegn 5.

12. 9. gr. með áorðinni breytingu, var aptur viðhaft nafnakall og sögðu

Já:
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Bergur Thorberg,
Ásgeir Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson.

Var greinin þannig samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

13. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.
14. 10. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 8 atkvæðum.
15. 11. gr. óbreytt samþykkt með 8 atkv.
16. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt með 8 atkvæðum.

17. Málinu vísað til 3. umræðu með 8 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 38. fundi, 15. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 375—377.

Breytingartillögur I 373—374. 384.

Framsögumaður (*Árni Thorsteinson*) sagði, að málið hefði verið rætt ýtarlega við 2. umræðu; en hann vildi gjöra grein fyrir breytingum nefndarinnar og gjöra athugasemdir við breytingar annara. Nefndinni hefði þótt rjett að hafa 4. gr. öðruvísi, sem sje skarpari; það hefði verið óljóst um gestgjafa og veitingamenn, en nú væri tekið beinlínis fram, að greinin ætti að eins við um kauptún, og vonaði hann, að allir mundu fallast á þessa breyting. Það hefði verið stungið upp á breytingu við 5. gr., að bæta við í endann »eða sýslusjóð«, en þá hefðu menn gleymt að nema hreppssjóð burtu; þar sem farið væri fram á að gjalda til sýslusjóðs, gat hann þess, að þar sem kauptún væru, væri meiri ástæða til að hafa gjaldið til hreppssjóðs en sýslusjóðs, en það gæti nú verið álitsmál. Nefndin hefði gengið út frá, að hreppsnefndin gæfi leyfið; þá væri rjett að sektin rynni til hreppssjóðs. Viðvíkjandi 8. gr. tók hann fram sem ástæðu, að 16 ára aldurinn hefði frá Jónsbókartíma verið álitinn betri en 18 ára aldurinn; sá aldur væri og einkennilegri; en um það mætti hafa margar skoðanir, og vildi hann ekki gjöra það að kappsmáli. Að því er snerti breytingarnar við 9. gr., þá hefði nefndin haft »bæjarstjórn eða hreppsnefnd« eptir 4. gr., því þær veittu leyfið, en það gæti verið eins gott að hafa «sýslumaður eða fógeti«.

Sighvatur Árnason sagði, að sjer væri ekki kappsmál um breytingarnar; en viðvíkjandi sýslusjóði, þá hefði breytingin verið búin til, áður en breytingar nefndarinnar hefðu verið prentaðar. En hvað snerti 16 ára aldurinn, þá væri það sín hugmynd, að tíminn væri nógur til að fara að ráða fje sínu til drykkjuskapar; það væri undarlegt, að mega ráða fje sínu til þess á þeim aldri, en eigi til annars; sjer þætti nógur tími til fyrir unglinga að læra slíkt frá 18 ára aldrinum, og miða fjárráðin til þess sem annars við það aldurstakmark; breytingin væri því að sínu áliti góð, og hann legði mikla áherzlu á hana. Viðvíkjandi 9. tölul., þá væri það ástæða fyrir breytingunni, að sjer sýndist staðfestingin heyra undir embættisverk sýslumanna eða bæjarfógeta, því nefndum, er hefðu ráðgjafastörf á hendi og fátækramál, væri þess háttar óskylt, og mjög óvanalegt, að þær hafi þess háttar staðfestingarvald á hendi.

Jón Jónsson kvaðst kunna nefndinni þakkir, og játa, að frumvarpið hefði batnað, en þó gæti hann eigi verið með því í þessu formi. Nefndin ætti að fresta málinu; hann sæi, að það væri framför hjá nefndinni, að nú gætu ferðamenn fengið keyptan greiða, ef þeir ekki lentu á kauptúnum í illu veðri og ófærð; en einnig á kauptúnum gæti verið nauðsynlegt að kaupa sjer greiða, og efaðist hann stöðugt um, að nokkur mundi álíta það tilvinnandi að útvega sjer gestgjafaeða veitingabrjef fyrir utan hina eiginlegu kaupstaði. Það væru þrjú stig í gestrisninni, sem sje þeir sem gæfu, þeir sem seldu og þeir sem hvorki seldu nje gæfu. Í hinum síðasta flokki væru, sem betur færi, fáir, en hann hefði þó á kláðaferðum sínum fundið slíka pilta optar en einu sinni. Það væri nú einmitt að gefa þeim, er kynnu að vera hneigðir til að úthýsa mönnum, undir fótinn, ef menn bönnuðu að viðlögðum sektum öllum greiðasölu nema þeim, sem nenntu eða hefðu einurð og vit á að leysa leyfisbrjef. Því margur bóndi væri svo fátækur, að hann gæti ekki með bezta vilja sínum gefið greiðann. Í sambandi hjer með vildi hann benda

á, að mörgum ferðamönnum yrði það fullt eins dýrt að þiggja greiða gefinn, eins og að kaupa hann sanngjörnu verði. Það væri æskilegast fyrir alla, að greiðasalan yrði sem almennust, að háir og lágir álitu það sjálfsagt að selja sanngjörnu verði greiða þann, sem ferðamenn þyrftu. Það væri mikil ósamkvæmni hjá nefndinni, að hækka borgun fyrir kaupmennsku, en að lofa veitingamönnum og gestgjöfum að selja eins mikið vín og þeir vilja út úr húsinu, án þess að borga fyrir leyfið; með þessu móti eflði nefndin vínsöluna í stað þess að takmarka hana. Sjer hefði þótt það vottur um framför, er hann hefði heyrt, að tombolur og dansfundir væru haldnir út um landið í góðum tilgangi; en nú mætti það eigi lengur, nema fá leyfi sýslumanna. Grímseyingar ættu að gjöra boð inn á Akureyri, ef þeir vildu um háveturinn skemmta sjer með saklausum dansleik, og Hornafjarðarstúlkurnar mundu ekki þakka þingmanni Skaptfellinga fyrir að hafa stutt að því, að þær þyrftu að sækja dansleyfi vestur yfir Skeiðarár- og Breiðamerkursanda. Loks vildi hann skjóta því til deildarinnar, hvort hún vildi eigi láta málið falla niður, því þó tilgangurinn kynni að vera góður, þá væri frumvarpið hvergi nauðsynlegt. Lítið gagn mundi það gjöra í hinum eiginlegu kaupstöðum, skaða alstaðar annarsstaðar. Loksins vildi hann geta þess, að hann hefði sjálfur búið til í tilefni af þessu máli frumvarp vikugamalt, um lögreglusamþykktir, sem væri undir prentun.

Framsögumaður kvaðst kunna þingmanni Skagfirðinga þökk fyrir þá bending hans, að málið væri eigi svo vel úr garði gjört sem skyldi, því að hann vissi, að þetta segði hann satt; en aptur kynni hann honum enga þökk fyrir það, að hann hefði gjört sjer það að venju, að hugsa hátt; hann vildi benda honum á, hvort honum þætti eigi eiga betur við, að hugsa sig fyrst um það, sem hann vildi segja, í hljóði, og standa eigi upp fyr en hann væri búinn að því, og kominn að fastri niðurstöðu. Hann hefði þannig fundið margt að frumvarpinu, svo sem að óheppilegt væri að veita einkaleyfi til greiðasölu; það mundi eyðileggja gestrisnina og fleira og fleira, sem hann hefði hrúgað svo saman, að eigi væri hægt að taka orð hans til greina; ef hann ætlaði sjer að fella frumvarpið, yrði hann að sýna fram á eitthvað verulega rangt eða skaðlegt í því. Hann hefði sagt, að frumvarpið væri óþarft, af því að nóg lög væru til um lögreglustjórn, sem fógetar og sýslumenn gætu bætt svo, að öll lögregla yrði nógu ströng; en hjer væri hann hræddur um, að þingmaðurinn hefði eigi lesið ofan í kjölinn um löggilding þeirra laga, sem nú væru við höfð. Ef þetta frumvarp fjelli, eða þó einkum, ef hann ætlaði að gjöra þingmönnum þá ánægju, að leggja fyrir þá sitt frumvarp, er hann áður gat um, þá vildi hann ráða honum til að rannsaka betur, hvaða lög hjer giltu um lögreglustjórn; að sinni vitund væri það lítið annað, en að kansellíið hefði einu sinni sagt lögreglustjóranum hjer í Reykjavík að leitast við, að fara líkt að og gjört væri í Danmörku, eða beita «Analogi» þeirra laga, er þar væru gildandi, og mætti um þetta segja: svo eru lög sem hafa tog.

Forseti kvað þá 4 þingmenn hafa óskað, að umræðum væri hætt, og ljet því ganga til atkvæða um frumvarpið, og fjell þannig atkvæðagreiðslan:

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 4. gr. frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga frá Sighvati Árnasyni, Ásgeiri Einarssyni og Stefáni Eiríkssyni við 5. gr.; vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Eiríkur Kúld,
Magnús Stephensen,

Ásgeir Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Bergur Thorberg,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín;

og var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

3. Breytingaruppástunga sömu þingmanna við 8. gr. samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Breytingaruppástunga sömu þingmanna. við 9. gr.; var aptur viðhaft nafnakall og sögðu

Já:

Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Jón Jónsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Benedikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson.

Þannig var breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 5.

5. Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkv.

Síðan var málið sent til neðri deildar.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 49. fundi, 19. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 450—452.

Tryggvi Gunnarsson: Þetta frumvarp hefur tekið stórum breytingum frá því það fór hjeðan. Þá var það að eins 4 greinir, nú eru greinirnar 11 og flestar langar. Þetta væri enginn ókostur á frumvarpinu, ef allar þessar greinir væru góðar, en að mínu áliti er margt tekið inn í frumvarpið, sem fremur á heima í leyfisbrjefum handa veitingamönnum, heldur en í lögum, og sumt í því á hvergi heima. Mjer finnst til dæmis ekki rjett að ákveða með lögum, að mönnum sje heimilt að hýsa gesti og veita þeim ölföng, því þess konar er sjálfsagt og þarf ekki lög til. Eitt sem mig furðar á, og jeg verð að álíta að eigi hvergi heima, er það, að veitingamenn megi ekki leyfa lærisveinum hins lærða skóla að koma inn í hús sín, því að þetta á því síður við í lögum. Jeg vil t. d. taka, ef skólapiltar kæmu á ferðum sínum að Akureyri eða á Seyðisfjörð, þá mætti veitingamaðurinn eptir þessum lögum ekki hýsa þá, nema hann sætti sektum, ef eigi er fullorðinn maður með þeim. En þó er aptur ákveðið í 10. gr., að sá maður, sem fylgir ungmenni innan 18 ára á veitingastað, hann á að sektast um 5—100 kr. Jeg ímynda mjer því, þegar þetta er aðgætt, að þingmönnum sje helzt í hug að fella frumvarpið frá 2. umræðu, en samt vil jeg ráða frá því, vegna þess, að jeg hef von um, að þó tíminn sje stuttur, megi þó laga þetta frumvarp og breyta því svo, að það líkist fremur hinu fyrra frumvarpi, sem deildin sendi frá sjer, og efri deildin breyti því ekki aptur.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þykir þingmaður Suðurmúlasýslu helzt til harðorður um þetta frumvarp. Hann tók það til dæmis, um hve afleitt það væri, að veitingamönnum væri bannað að veita skólapiltum; þetta er máske hart, en jeg held þó að meðan þeir eru í skóla, ættu piltar að geta verið án þess að fara inn á veitingastaði, að minnsta kosti hjer í Reykjavík. Frumvarpið sýnist mjer yfir höfuð gott; það eru máske einstaka orðatiltæki, sem þarf að breyta, en þar af leiðir ekki, að það sje rjett að

fella frumvarpið, heldur hitt, að rjett sje að breyta því, og getur það orðið við 2. umræðu. Legg jeg það eindregið til, að málið gangi til 2. umræðu.

Þá var gengið til atkvæða, og var málinu skotið til 2. umræðu með 14 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 54. fundi, 22. ágúst.

Breytingartillögur I 495—496.

Tryggvi Gunnarsson: Sökum þess að jeg hef gjört allmargar breytingar við frumvarp þetta, þá finn jeg mjer skylt að gjöra grein fyrir því, hvernig á þeim stendur. Jeg vildi sýna frumvarpinu alla þá vægð, sem jeg get, og eigi breyta því, nema sem minnst, en jeg get ekki tekið minna úr því, en jeg gjöri. Jeg vona, að þingmenn sjeu mjer samdóma um það, að greinar þær, sem jeg hef fellt úr, eiga miklu fremur heima í leyfisbrjefum einstakra veitingamanna en almennum lögum, og ætla því eigi að tala um sjerstakar greinar frumvarpsins. Mál þetta var áður hjer í deildinni, og var þá samþykkt frumvarp, sem er alveg samhljóða breytingartillögu minni; jeg hef að eins bætt inn í það tveimur greinum frá efri deildinni, sem ekki eru til skaða, sízt önnur. Tilgangur frumvarpsins var sá, að koma í veg fyrir staupagjafir í búðum kaupmanna, og að veitingakofar, sem eigi selja annað en vínföng, ekki spretti upp á hverju strái; þessum tilgangi finn jeg ekki að sje náð með breytingu efri deildar, eins vel og með breytingum mínum, en sje þeim ábótavant, þá má laga það til 3. umræðu. Að vísu eru til gömul lög frá 13. júní 1787, sem banna að hafa brennivínsveitingar í sölubúðum, en lög þessi eru orðin svo gömul, að svo lítur út, sem þau sjeu gleymd víðast hvar, þó veit jeg af einum sýslumanni í Norðurlandi, sem hefur heimtað, að þessum lögum væri hlýtt, og hefur með því mikið minnkað ósið þennan. Jeg vona því, að málið mæti hjer engri mótstöðu, og er hjer um bil viss um, að þó frumvarpinu verði nokkuð breytt, þá lofar deildin því að ganga fram hjá sjer í friði.

Halldór Kr. Friðriksson: Frumvarp þetta kemur svo seint, að jeg hef varla haft tíma til að yfirfara það, en mjer virðist þó, að það hafi fengið þær bætur í efri deild, að eigi sje neitt að því, að samþykkja það, eins og það liggur fyrir. Einkum eru þessi lög nauðsynleg í stærri kaupstöðum, svo að ekki þurfi að fara að uppnýja 100 ára gömul lög, og jeg get ekki sjeð, að breytingartillögur 1. þingmanns Suðurmúlasýslu bæti frumvarpið, svo að vert sje að taka þær, því að það er líka hið sama sem að fella málið, því að nú er enginn tími til að láta það fara aptur að ganga á milli deildanna. Mjer finnast greinar þær, er hann vill fella úr, geti komið að góðum notum, og hinar betri óbreyttar en breyttar, t. a. m. 1. gr. Þingmaðurinn verður að játa, að það getur verið óhagkvæmt í smákaupstöðum að geta eigi fengið minna en 3 pela keypta, þegar ferðamenn vilja eða þurfa að fá sjer hressing, og ekkert er annað að fara en til kaupmannanna; getur því þessi ákvörðun hans orðið miklu fremur til þess að auka vínkaup en að sporna við þeim. Sama er að segja um hinar breytingartillögur hans, að jeg get ekki sjeð, að þær bæti mikið, og það er eins gott að fella frumvarpið frá 3. umræðu, eins og að vera að tefja tímann með breytingartillögum, úr því að enginn tími er til þess, að það geti komizt áfram.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer kemur það alls eigi á óvart, þó þingmaður Reykvíkinga mæli á móti frumvarpi þessu, því að þegar málið var hjer áður til umræðu, var hann sá eini, sem var á móti því. En mjer þykir það undarlegt, að hann skuli bera það fram, að það sje sama sem að fella frumvarpið, að breyta því, ef tíminn er enn þá

nógur fyrir það að ganga í gegnum báðar deildirnar. Jeg vil heldur, að það falli en það verði samþykkt eins og það nú er, því að eptir breytingartillögum mínum er því breytt bæði að efni og stefnu. Í frumvarpinu eru ýmsar ákvarðanir, sem eru mjög óhentugar, eins og sú í 2. gr., að enginn gestgjafi megi hafa færri en 6 rúm, án tillits til þess, hvað hann selur. Það sjá allir, hve ósanngjarnt þetta er, t. a. m. fyrir fátækan bónda, sem býr undir heiði, ef hann má ekkert selja nema hann hafi 6 rúm. Í hinu fyrsta frumvarpi og nú í breytingartillögum mínum má enginn veitingamaður selja áfenga drykki, nema hann hafi 6 rúm, en að gjöra þetta að skilyrði fyrir þann, sem ekki selur nema mat og annan greiða, það virðist mjer mjög svo ótilhlýðilegt, sem og líka það, að taka í lög þessi ákvarðanir um lærisveina lærða skólans, sem jeg áður hef tekið fram; það sýnir, að hjer er einungis hugsað um Reykjavík, en allir sjá, hversu óheppilegt er að miða þau lög, sem eiga að vera almenn, við einn bæ. Slíkar ákvarðanir eiga að vera í veitingabrjefum gestgjafa, en ekki í lögum. Þar sem þingmaðurinn talaði um, að hentugra væri að til taka 1 pela en 3, þá sýnir hann með því, að hann er ekki kunnugur í verzlunarbúðum, því að mestur drykkjuskapur í kaupstöðum kemur af því, að menn kaupa pela og pela, og skipta á milli sín við búðarborðið. Í bænarskránum til þingsins var til tekið að selja mætti minnst 3 potta, en það þótti oss nefndarmönnum of mikið og vildum fara meðalveginn. Þar sem hann sagði, að þetta væri óhentugt fyrir menn, þá er það einmitt, sem á að vera, því að með því viljum vjer minnka ofdrykkju þessa, að gjöra mönnum erfitt fyrir að kaupa vínið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að álíta það mjög ísjárvert að fella frumvarp þetta; en að breyta því er hið sama og að fella það; það er að mörgu leyti vel hugsað og mörg sú ákvörðun í því, sem þörf er á ámörgum stöðum. Jeg held líka, að 1. þingmanni Suðurmúlasýslu þyki það mest að því, að það er ólíkt hans. Jeg hef ekkert sjeð í því, sem er skaðlegt, og jeg verð að halda því fast fram, að fyrsta skilyrði fyrir því, að fá veitingaleyfi, sje það, að hafa húsrúm, á því ríður þó allra mest. Þar sem hann sagði, að ýmsar ákvarðanir í því ættu fremur að standa í leyfisbrjefum, þá get jeg ekki sjeð, að svo sje, og jeg fyrir mitt leyti felli mig vel við frumvarpið, og gef því mitt eindregið atkvæði, því að í því er margt, sem ekki er tekið fram í öðrum lögum, og þó er nauðsyn að setja lög um.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki sjeð neina ákvörðun í frumvarpi þessu, sem geti verið til skaða. Þar sem 1. þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, að ákvörðun um skólapilta ætti eigi við nema hjer í Reykjavík, þá er það að vísu satt, en þó eru víðar unglingar en hjer. Mjer fannst hann blanda saman gestgjöfum og veitingamönnum. Veitingamönnum er eigi gjört að skyldu að hafa vín, en hvorirtveggja fá leyfi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar; þeim er fengið í vald að veita það, er þeim þykir við eiga. Jeg get ekki sjeð, að frumvarpið sje í neinu verra, en það var áður, en að breyta því er sama og fella það, þar sem tíminn er svo naumur.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, var frumvarpið borið upp til atkvæða með breytingartillögum þeim, sem komið höfðu, og var:

1. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar við 1. gr. samþykkt með 12 atkv.
2. 1. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 12 atkv.
3. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar við 2. gr. samþykkt með 12 atkv.
4. 2. gr. frumvarpsins þar með fallin.

5. 3. gr. frumvarpsins felld með 12 atkv. gegn 5.
6. 4. gr. frumvarpsins felld með 11 atkv. gegn 2.
7. 5. gr. frumvarpsins felld með 12 atkv. gegn 2.
8. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar við 6. gr. samþykkt með 13 atkv.
9. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar við 7. gr. tekin aptur.
10. 7.—9. gr. frumvarpsins felldar með 12 atkvæðum gegn 2.
11. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar: «Ný grein sem verður 5. gr.» samþykkt með 15 atkvæðum.
12. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar við 10. gr. samþykkt með 13 atkv.
13. 10.—11. gr. frumvarpsins þar með fallnar.
14. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.
15. Málinu vísað til 3. umræðu með 12 atkvæðum gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Grímur Thomsen,
Friðrik Stefánsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Þriðja umræða í neðri deild, á 57. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I 514.

Tryggvi Gunnarsson: Frumvarp þetta er nú orðið lítið að vexti í samanburði við það, sem það var áður; en ef það verður að lögum, þá mun það eigi verða svo lítið að efni og góðum afleiðingum; það má aldrei álíta það málefni lítið, sam eflir siðsemi og góða reglu í landinu. Hjer er eigi hægt að segja, að jeg hafi verið hliðhollur verzlunarstjettinni með þessu frumvarpi. Jeg hef komið fram með þetta frumvarp einungis af því, að mjer þykja kaupmennirnir ekki rjett kjörnir til að vera veitingamenn við búðarborðið, og af því að allt of mörg dagsverk eru þegar gengin í það, að standa í verzlunarbúðum til að vænta eptir staupum, og ef til vill, of margir dánir fyrir þá skuld, að þeir drukku, áður en þeir fóru á sjóinn, eða upp á heiðar og fjallvegi. Það er eigi hægt að segja, að frumvarpið tefji fyrir deildinni, þó það komist áfram, því þetta er 3. umræða málsins, og því jafnfljótt að greiða atkvæði fyrir, að það komist áfram, eins og að það skuli fellt. Jeg hef góða von um, að frumvarpið verði samþykkt í efri deildinni, ef það kemst til hennar aptur.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var frumvarpið borið undir atkvæði, og samþykkt með 16 atkvæðum. Kvað forseti það mundu verða endursent efri deildinni.

Ein umræða í efri deild, á 53. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 524.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) sagði, að frumvarpinu hefði farið fram, síðan það var hjer síðast; því nú væri það orðið svo voðfellt og lítið, að því mætti vel koma

fyrir, hvar sem vera skyldi, en þó gæfi hann nú atkvæði móti því; 1. gr. hefði nú lítið inni að halda, nema eins konar einkaleyfi fyrir veitingamenn til að selja ölföng. Sumum kynni að þykja þetta rjett, en efasamt væri, hvort þeir, er farið hefðu víða, væru á sama máli; hann ímyndaði sjer, að óheppilegt væri að banna ferðamönnum að kaupa á ferðapelann; það mætti jafnvel álíta, að greinin hvetti menn til drykkjuskapar með því að neyða þá, er vildu láta sjer nægja með einn pela, að kaupa 3; því það væri ekki sagt, að þeir slepptu af kaupunum. Hitt væri og eigi betra, að menn, sem ljetu sjer nægja með 1 pela, færu á veitingahúsin, og eyddu þar þess utan tíma sínum og heilsu.

Hin 2. grein væri breytt; neðri deildin hefði takmarkað ákvörðun þá, sem áður var, þannig, að nægilegt rúm væri fyrir 6 rekkjur, það væri nóg að hafa rúmstæði, hvar sem þau stæðu; en sú ákvörðun væri undarleg, að vilja ekki tiltaka, að nægilegt húsrúm skyldi vera fyrir; það væri einungis talað um veiting í frumvarpinu; allt annað væri numið burt; það gilti því hin gamla regla um að fá leyfi til veitinga, en ekki sú, sem upprunalega var í frumvarpinu. 4. gr. væri að mestu endurtekning af helgidagalögunum, og engin rjettarbót. Sjer gæti eigi skilizt, hvers vegna ákvörðunin um ungmenni eigi mætti vera í þessu frumvarpi. Þetta væru nú þær athugasemdir, sem hann vildi gjöra, en þó væri ein enn; hjá neðri deildinni hefði komið fram líkt frumvarp, og hefði það verið sett í nefnd hjer í deildinni, en fellt síðan við fyrstu umræðu, og væri því, þar sem nýjar ákvarðanir væru í þessu frumvarpi, vafi á, hvort að frumvarp þetta hefði hjer í deildinni verið löglega rætt í þrjú skipti.

Jón Jónsson sagði, að menn hefðu heyrt, hvernig hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði tekið undir meðferð neðri deildarinnar á landbúnaðarlögunum, og hvernig hann hefði viljað láta deildina greiða atkvæði eptir því, hvernig það mál fór í neðri deildinni. (*Magnús Stephensen*: Allt rangfært). Svo talaði þingmaðurinn í gær í landamerkjamálinu. Hann vildi vara menn í þessari deild við, að láta atkvæði vera komin undir því, hvernig menn *væru* ánægðir með undirtektir neðri deildarinnar undir þau frumvörp, er kæmu hjeðan. Það gæti vel verið, að þau væru ekki eins gallalaus, og hinir háttvirtu uppástungumenn fegnir vildu telja sjer og öðrum trú um. Út af ræðu hins 6. konungkjörna þingmanns vildi hann aptur taka fram, að það væri skylda, að ræða hvert mál án tillits til þess, hvað einstökum mönnum eða hjegómagirnd þeirra kynni að vera ljúft eða leitt; ef menn skoðuðu mál þetta með því fyrir augum, er gott væri fyrir landsbúa, þá kæmust menn að annari niðurstöðu en hinn 6. konungkjörni þingmaður. Eins og hann hefði tekið vel við frumvarpinu, þegar það fyrst kom hingað frá neðri deildinni, eins ætti hann nú að sjá, að þó ýmislegt kynni að vanta, væri þó margt eptir, er til góðs gæti leitt, og það sem mest væri í varið, frumvarpið væri nú orðið laust við þá miklu galla, sem á það hefðu komið hjer í deildinni, mest fyrir kapp hins 6. konungkjörna þingmanns og misskilning hans á dönskum lögum.

Það væri ómögulegt, að nokkur maður, sem hugsaði um sóma þjóðar sinnar, gæti neitað því, að oss væri hin mesta nauðsyn á að takmarka sölu áfengra drykkja. Til forna hefðu Íslendingar verið vel virtir af öllum þjóðum, og velkomnir gestir við hirðir hinna mestu konunga; en nú væri kominn sá tími, að hver danskur dóni, sem væri sendur hingað til að standa við búðarborð, þættist geta lítilsvirt beztu bændur, og ástæðan til þess væri að eins víndrykkjan, þetta bölvaða eitur í þjóðlífinu. Til þessa yrði hver sá maður að finna, sem hefði komið í búð á lestatímanum, og sjeð bændur hanga þar til þess að sníkja út staup. Hann skyldi játa, að þeir gjörðu þetta sjaldnar en kaupstaðarbúar, sem væru vanir allt árið í kring að hanga yfir toddýstaupunum hjá Kristjáni karli og víðar, en það

bætti ekki úr skömm bænda, að aðrir væru verri.

Það væri merkilegt að heyra hinn 6. konungkjörna þingmann nú hafa á móti einkaleyfi á vínsölu. Hann sem vildi um daginn gjöra alla greiðasölu að einkaleyfi einstakra manna, fyrst um allt land og síðan um öll kauptún. Eins víst og slík ákvörðun hefði verið óhafandi, eins víst væri það, að einkaleyfi á vínsölu væri í alla staði æskilegt. Bezt væri, að vín væri hvergi selt; en ætti að selja það, þá væri bezt að sem fæstir hefðu leyfi til þess; en allt öðru máli væri að gegna um aðra greiðasölu. Hana ættu sem flestir að hafa á hendi, hvort sem það væri í kauptúnum eða í sveitum, og að takmarka hana, væri sama og að ráða á gestrisnina. Það væri vitaskuld, að hann ætti hjer að eins við sanngjarna greiðasölu.

Það væri vitaskuld, að ekkert þyrfti að fyrirskipa um húsrúm veitingamanna, því ráð mætti gjöra fyrir því, að þeir ljetu ekki rekkjur sínar standa á götunum.

Þó að kaupmönnum væri bannað að selja vín á minni ílátum en 3 pela, væri ekki þar með skipað viðskiptamönnum að kaupa svo mikið; einfaldasta og beinasta afleiðingin af þessu banni mundi verða, að menn, sem ekki hefðu ráð á að kaupa 3 pela, keyptu alls ekki neitt, og þetta væri einmitt æskilegt.

Þó 4. grein væri ítrekun eldri laga, væri hún ekki óþörf, því reynslan væri búin að sanna, að þessari ákvörðun hefði lítið verið hlýtt jafnvel í höfuðstað landsins. Annars væri ekki alveg víst, að opið brjef 26. september 1860 næði til veitinga (*Magnús Stephensen:* Þetta áleit þingmaðurinn sjálfur, þegar hann var hjer lögreglustjóri). Gott og vel, en hann hefði mætt mikilli mótspyrnu við framkvæmd bæði á þessari og öðrum ráðstöfunum til góðrar lögreglu, og væri enginn skaði að fá nýja ákvörðun, sem tæki af öll tvímæli um þetta. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði álitið 20 kr. sekt of háa fyrir ólöglega vínsölu, en hann vildi benda á, að árið 1787 hefði 10 kr. sekt verið álitin sú minnsta, er slík brot yrðu afplánuð með, og þessi sekt væri enn í lögum, þó 10 kr. 1787 jafngiltu undir 50 kr. nú vegna þess, hvað peningar hefðu fallið í verði á síðustu 100 árum. Slíkt brot og þau, sem hjer væri að ræða um, þyrfti að hafa háar sektir fyrir, því bæði freistnin til að framkvæma brotin, og hættan, sem leiddi af þeim með tilliti til spillingar ungdómsins, og fleira, væri mikil, og loksins væri örðugt að sanna þessi brot, og sýna yfirdómsbækurnar, að hjer í bænum hafi síðasta árið einn veitingamaður verið ákærður þrisvar, áður en lögreglustjóri gæti fengið hann dæmdan fyrir brot það, sem getur um í 3. gr. hinna fyrirliggjandi laga.

Ásgeir Einarsson kvaðst vera fyllilega samdóma þingmanni Skagfirðinga í því, að eitthvað hið viðbjóðslegasta, er hann sæi, væri það, er heiðvirðir menn, er svo væru nefndir, stæðu í búðum og beiddu um staup; en hann hefði heyrt, að þá er þingmaðurinn var *bæjarfógeti* í Reykjavík, þá hefði hann fundið lög til að banna þetta, og ef til væru lög móti þessu, væri náð hinu bezta úr frumvarpinu. Hann væri alveg samdóma hinum 6. konungkjörna þingmanni um það, að eigi væri til bóta að takmarka brennivínssöluna við 3 pela, heldur en við 1 pela, eins og sá 6. konungkjörni þingmaður hefði sagt; því að það væri einmitt til að neyða menn, sem annars vilja fá sjer sopa, til að kaupa 3 pela, þó að þeir annars hefðu kannske eigi keypt sjer nema 1 pela. Í 3. gr. þætti sjer líka nokkuð ísjárverð ákvörðun, þar sem veitingamönnum væri skipað að hafa hús sín lokuð frá 11. stundu um kveldið til miðsmorguns, því að eptir sinni reynslu gæti það orðið til þess, að menn, sem eigi næðu til kaupstaðarins fyrir hinn tiltekna tíma, yrðu neyddir til að liggja úti um nóttina, í hverju veðri sem væri; hjer hefði því þurft að vera einhver undantekning, en af því að hana vantaði, mættu veitingamenn búast við að minnsta kosti 20 króna sekt, ef þeir veittu manninum móttöku. Hann gæti ímyndað sjer svo smáar yfirsjónir í

þessu efni, að 20 kr. væri of há sekt, t. a. m. ef veitingamaður seldi á sunnudegi brennivín til lækninga. Enn fremur vildi hann taka það fram, að sjer líkaði eigi alls kostar eiukaleyfi veitingamanna til vínsölu, því að ef hann væri hneigður fyrir vín, þá mundi hann heldur kjósa, að kaupa sjer pelann fyrir 18 aura í búðinni, heldur en fyrir 20 aura á veitingahúsi. Vegna þess, er hann nú hefði sagt, mundi hann eigi hafa leiðzt til að gefa frumvarpinu atkvæði sitt, þó að þingmaður Skagfirðinga hefði haldið hálfu lengri ræðu fyrir því.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja lofa því þingmanni Skagfirðinga, að láta eigi persónulegar tilfinningar ráða við sig í máli þessu. Hann væri samdóma hinum 6. konungkjörna þingmanni í því, að frumvarpið hefði allmikið gengið saman, síðan það hefði farið frá deildinni. Það væri nú komið hjer um bil í sama formið, og það frumvarp, sem upphaflega hefði komið fyrir efri deildina, og sem henni þótti nauðsynlegt að vísa í nefnd til lagfæringar; en þeim leiðrjettingum hefði neðri deildin nú aptur kollvarpað, og nú væri það svo úr garði gjört, að hann gæti eigi fallizt á það. 1. gr. þætti sjer með öllu óhafandi í smákaupstöðum og útkjálkum landsins, þó að hún kynni að geta átt við í Reykjavík. Bændur þættust opt þurfa að fá sjer á ferðapelann, og með þessu frumvarpi væri þeim bannað að hafa það minna en 3 pela; hann vildi skjóta því til allra þingmanna, er til sjófara þekktu, hvort þeir vildu heldur, ef þeir væru formenn, taka á skip mann með 3 pela flösku í vasanum eða með pela. Hann skyldi þó fúslega játa, að tilgangurinn væri sá, að hindra búðarstöðu og staupasölu, og væri hann í sjálfu sjer góður; 2. gr. gæti hann fallizt á, því að hann legði eigi eins mikla áherzlu eins og hinn 6. konungkjörni á það, að eigi væri neitt ákveðið um það, að rekkjurnar skyldu vera í húsi veitingamannsins, því að sjer þætti sú trygging nóg, að «bæjarstjórn skyldi álíta þær fullgildar». 3. gr. gæti hann fallizt á, en svo saknaði hann nauðsynlegrar greinar úr frumvarpi efri deildar, þar sem ungmennum væri bannað að sitja á veitingahúsum. 4. gr. væri óþörf, því að helgidagalöggjöfin hefði allt hið sama inni að halda. 5. gr. væri óhafandi, að ákveða lægstu sekt 20 kr. Það, sem þingmaður Húnvetninga hefði sagt um 3. gr., mundi byggt á tómum misskilningi.

Framsögumaður sagði, að sjer væri umhugað um að komast sem bezt út af og á sem vinsamlegastan hátt við alla menn, er hann ætti við að skipta, og þess vegna vildi hann ávallt gæta kurteisi, en er hann hefði heyrt ræðu 2. þingmanns Skagfirðinga, hefði sjer dottið í hug orð hans um hafnarbotninn á Kolkuósi, að þar væri blendin smámöl, því að margt í ræðu hans hefði eigi komið málinu við. Sjer hefði brugðið við, að heyra þingmanninn segja, að hann hefði fljótlega breytt skoðunum sínum, þar sem hann hjeldi nú með einkaleyfi; það hefði hann aldrei látið í ljósi, heldur hefði hann sagt, að ef kaupmönnum væri bannað að selja minna en 3 pela, þá fengju veitingamenn einskonar einkaleyfi til allra smáskammtasölu, og því væri hann mótfallinn. Að endingu vildi hann óska þess, að þingmaðurinn vildi lesa betur heldidagatilskipunina, áður en hann talaði meira í máli þessu.

Jón Jónsson kvaðst vilja benda á, að þó menn hjeldu, að nú væru bannaðar veitingar á áfengum drykkjum einnig eptir kl. 6 helgidagakvöldin, þá hefði þó þetta frumvarp þá þýðing, að sektirnar fyrir þessi helgibrot væru hækkaðar. Þingmaður Barðstrendinga hlyti að samþykkja frumvarpið, ef hann greiddi atkvæði eptir því sem hann hefði talað, og sama hlytu allir að gjöra, er gistingalögin hefðu samþykkt, því að 1. gr. í þessum lögum, sem mest hefði verið haft á móti, væri einmitt samkvæm gistingalögunum, er hefðu haft slíka ákvörðun. Það gæti verið, að þessi ákvörðun yrði sumum kjósendum þingmanns Barðstrendinga ógeðfelld. Annarsstaðar mundu kjósendur hafa aðra skoðun um nautn áfengra drykkja, og

alstaðar, þar sem hann þekkti til, væri mikill áhugi meðal bænda á því, að minnka vínkaupin og víndrykkju.

Með því að þá tóku ekki fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var það fellt með 7 atkvæðum gegn 2.

LXIV. LEIGUBURÐUR á PENINGALÁNUM.

Frumvarp til laga um leiguburð af peningalánum. Frá Arnljóti Ólafssyni, Tryggva Gunnarssyni og Grími Thomsen. Sjá I 135.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 18. fundi, 22. júlí.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Þetta frumvarp er svo stutt, að hægt er að átta sig á því. Tilgangur þess er í tvennu fólginn. Annar er sá, að gjöra leiguburð á peningalánum einstakra manna (Privatlaan) frjálsan. Svo sem nú stendur, er leiguburður að eins bundinn, eptir tilskipun 27. maí 1859, ef maður tekur veðskuldabrjef; þá má hanu eigi fara fram yfir 4%. Þetta bann er óeðlilegt og óhagkvæmt. Óeðlilegt er það að því leyti, sem enginn má taka nema lögkveðna vissa leigu gegn veði eða trygging í fasteign. Það er sannarlega skrítið, að bannið skuli vera að eins bundið við veð í fasteign, en maður megi taka svo háa leigu, sem hann vill, ef hann fær handfengið veð, sem er þó optlega fullt eins góð trygging. Sú bezta trygging fyrir endurgreiðslu láns, er fólgin í mætti og siðferði lánþegjans, eða með öðrum orðum, í lánstrausti lántakanda; það er því undarlegt og óeðlilegt, að biuda leiguburðinn við fasteignarveðið eitt, sem er betra en sum veð önnur, jafnt öðrum og lakara en sum, lakara en veð í skilvísum og áreiðanlegum efnamanni. Það tjáir eigi að vera að vega viðskipti manna á lagavog, og ákveða, að leiguburður af peningum sje frjáls hjer, en ófrjáls þar; því undarlegra og óeðlilegra er þetta, sem öll önnur leiga í viðskiptum manna er frjáls, svo sem kúgildaleiga, hestleiga, húsleiga, bátsleiga o. s. frv.; einungis af skildingunum gegn veði í fasteign er leigan ófrjáls. Þetta háttalag er á móti heilbrigðri skynsemi og öllum reglum auðfræðinnar. Hinn tilgangurinn er sá, að hækka svo leiguburð, að peningar dragist heldur inn í landið en út úr því, og til þess einkum að stjórnin geti eigi sagt með sönnu, að það sje skaði fyrir landssjóðinn, að peningar landsins komi heim til vor, því hjer á landi sjeu ekki goldnir nema 4 af 100, en í Danmörku fáist 4 af hjer um 90 í konunglegum skuldabrjefum. Þessi er tilgangur frumvarpsins.

Guðmundur Einarsson: Mjer kemur ekki til hugar að efast um, að mönnum gangi gott til tillaga sinna hjer á þingi, og jeg skal játa það, að jeg þykist manna fúsastur til að fallast á allt, sem frjálslegt er í löggjöfinni, en menn verða vel að gæta þess, að allt sannarlegt frelsi er einmitt bundið því skilyrði, að það hafi sín takmörk; annars hættir það að vera frelsi, og verður að sjálfræði, sem einatt tekur skaðlega afvegu. Mjer er nokkuð kunnugt um, hver áhrif að 1. gr. tilskip. frá 27. maí 1859 hefur haft á peningalán og vexti af þeim, og fyrst nú þessi litla losun hefur gjört að mínu áliti talsvert skaðleg áhrif fyrir lántakendur, hvað mun þá verða, þegar leiguburðurinn er alfrjáls orðinn. Væru nægir peningar hjer fyrir hendi, þá væri allt öðru máli að gegna; en það vita menn þó, að því er ekki að skipta.

Jeg vil ekki láta ráðgjafann fyrir Ísland vera einráðan um það, hvort lána megi landsbúum landsins fje; en meir en $4^1/_2$ af hundraði vil jeg ekki ganga inn á að leiguburðurinn sje; að leyfa fullkomið frelsi í þessu efni, álít jeg sama sem að innleiða óbeinlínis okur, eins og nú er ástatt hjá oss.

Páll Pálsson bóndi: Jeg skal leyfa mjer að leita upplýsingar hjá uppástungumönnum um það, hver áhrif þetta hefur á hin eldri

skuldabrjef landssjóðsins, hvort að svo er til ætlazt, að rentur af þeim skuli einnig stíga upp í 4½. Hvað hinn frjálsa leiguburð snertir manna á milli, þá er það að vísu satt, að betra er að gjöra allt, sem menn gjöra, opinbert, en með launung, en það mun því miður eiga sjer stað meðal manna, að hærri renta mun vera goldin en 4%, þó fasteign sje að veði. Gæti þessi hækkun á rentunni til landssjóðsins orðið til þess, að fje landsins drægist inn í landið, en ekki út úr því, tel jeg það og hið mesta happ, því það er sannarlega hart til þess að vita, að fje landsins skuli liggja í Danmörku, en landsins eigin börn ekki skuli geta fengið lán, þó þeim sárliggi á til ýmissa nytsamra fyrirtækja, og verður þar fyrir opt sá endir, að fyrirtækið fyrirferst, eða verður að engu; á þetta atriði vil jeg leggja mesta áherzluna, og mun þess vegna gefa þessu atkvæði mitt.

Framsögumaður: Jeg skal ekki mæla framar fram með frumvarpinu, heldur að eins svara 2 þingmönnum, sem talað hafa. Þingmaður Húnvetninga óttaðist, að ef leiguburðurinn yrði frjáls, þá hefði það áhrif á eldri skuldbrjef manna. Þetta er ekki að óttast, því leigan er þar áður fastsett 3%, 3½%, 4%, og svo eru til hin svonefndu «uopsigelige» skuldabrjef. Þingmaður Dalamanna óttaðist okur. Það getur meir en verið á stöku stað. En nefni hann mjer nokkurt frelsi, sem ekki megi misbrúka. Það má ekki heldur kalla allt okur. Jeg tek til dæmis: jeg kem til manns, fala að honum peningalán, og býð honum 10 eða 12 af hundraði. Hvað gengur þjer til? spyr hann. Það, svara jeg, að geti jeg borgað út í hönd, þá fæ jeg afslátt, máske allt að 30%. Peningar hjá oss eru dýrir, og dregur þar til einkum þrennt: 1. eru þeir fáir, 2. vantar lánstraust, 3. vilja menn heldur geyma peninga sína á kistubotninum, en lána þá fyrir ekki meira en 4 eða 5%. Sje nú peningaleigan frjáls, býður lántakandi svo háa vöxtu, sem hann sjer að hann getur staðið sig við, og fær því peningana sjer, og lánsalanum einnig, til hagnaðar. Þó því máske megi vanbrúka þetta frelsi, þá er það þó frelsi, skapað til hagsmuna hvorumtveggja, lánþegja og lánsala. Þegar menn nefna hjer á landi orðið «okur», þá er jeg hræddur um, að það sje haft svo af misskilningi. Orðið kemur fyrir í 5. Mósesbók, 23. kap. 19. v., en þótt við, bæði jeg og þingmaður Dalamanna, sjálfsagt berum mestu virðing fyrir Mósesbókunum, mun þó hvorugur okkar vilja fylgja þeim bókstaflega í öllum viðskiptum manna á milli.

Halldór Kr. Friðriksson: Þó jeg að vísu verði að játa, að hið eðlilegasta sje, að öll viðskipti manna á milli sjeu sem frjálsust, og að það sje óeðlilegt, að jeg ekki megi bjóða þá leigu, sem jeg þykist geta staðið mig við, af peningum þeim, sem jeg þarf að fá að láni, verð jeg samt að vera samdóma þingmanni Dalamanna, að mjög sje athugavert, að hafa allan leiguburð óbundinn, og það af þeirri ástæðu, að þegar skortur er á peningum, og þeir eru að eins í höndum einstakra manna, má ganga að því vakandi, að þeir nota sjer neyð annara, og að peningalánin yrðu að beinni einokun. Mjer virðist heldur enga brýna eða bráða nauðsyn bera til, að þetta sje lögleitt; því að liggi mjer mikið á peningum, get jeg samið sem jeg vil við þann, sem lánar mjer, og borgað svo og svo mikið fyrir, að fá lánið. Jeg verð líka að vera samdóma þingmanni Húnvetninga um, að þetta gæti og jafnvel hefði áhrif á eldri lán, að minnsta kosti óbeinlínis. Hver getur t. a. m. bannað prívatmanni að segja upp láni, sem hann hefur veitt gegn leigu 4 af hundraði, þegar hann sjer, að hann getur fengið ef til vill 10 % eða 20 %, og hafi hann þennan rjett, þá yrði víst landssjóðnum ekki bannað hið sama, þó hann ef til vill ekki notaði sjer það leyfi.

Benedikt Sveinsson: Þingmaður Reykvíkinga og Dalamanna vilja, að mjer virðist, gjöra hæfilegt jafnvægi á milli ríkismanna og fátæklinga. Það sama vill hin núgildandi löggjöf. Sá er að öðru leyti hinn mikli munurinn á að lána gegn fasteignar-

veði, að það er miklu meir tryggjandi fyrir lánardrottinn. Lítil eða engin trygging, háir vextir, mikil trygging, lágir vextir. Þetta lögmál fylgist að hjá oss sem öðrum þjóðum. Í Danmörku er þannig rentufóturinn frjáls nema gegn veði í fasteign, og þar sem fasteignir hjer á landi að meðaltali naumast gefa af sjer meira en sem svarar 4 % af rjettu sölu- eða virðingarverði jarðanna, mundi naumast hollt að losa um rentufótinn, hvað fasteign snertir; en skyldi þessi lági rentufótur vera því til hindrunar, að peningar fengjust inn í landið, vildi jeg ekki vera því mótfallinn, að rentan væri nokkuð hækkuð, svo sem upp í 4½ %, og mun jeg bera mig saman við þá þingmenn, er mjer heyrast vera mjer samdóma í þessu efni.

Framsögumaður: Allar ræður þær, sem fluttar hafa verið á móti frumvarpi þessu, virðast mjer miða að því einu, að vilja vernda menn fyrir yfirgangi peningamannanna, en fyrirgirða þó ekki yfirganginn nema eingöngu á ör-mjóum stað, það er í lánum gegn veði í fasteign. En menn gæta eigi þess, að lántakandi, sá er einungis getur gefið 4 af 100 í vöxtu, af því lögin banna, að tekin sje hærri leiga gegn veði í fasteign, hann er miklu ver settur en aðrir lánþiggjendur, er optast geta boðið jafntryggt veð en vöxtu hærri eptir samkomulagi við lánsalann. Honum er gjört svo að segja ómögulegt að fá lán, því hann mundi víðast fá það svar: «nei! jeg vil ekki lána upp á 4%; jeg get fengið jafngott veð og hærri leigu». Nú eru margar aðrar eignir eins gott og tryggt veð sem fasteign, svo sem ábyrgðarskýrteini, sjótryggð skip og eldtryggð hús, svo og konungleg skuldabrjef, enda lætur stjórnin sjer nægja þetta sem fullgild veð. Afleiðingin verður nú auðsjeð. Í stað þess að vernda lánþurfann með fasteignarveði í boði fyrir okri peningamanna, þá svipta þeir hann tækifæri til að geta fengið lánið. Í annan stað vil jeg spyrja, hver þægð eða hagur er þessum lánþurfa í, að hann einn sje lögbundinn en enginn lánþurfi annar? Getur hann eigi haft vit fyrir sjer allt eins og hver annar, er lán þiggur? Er hann í meiri háska eða freistni staddur en þeir fyrir yfirgangi eða okri peningamanna?

Þetta góða okurbann, sem komst inn í lög Norðurlandabúa á miðöldunum, er svo til komið, að þá lánuðu Gyðingar helzt peninga, og var þá lögleigan sett til þess að synja þeim eðlilegra hagsmuna af peningaeign sinni. Gyðingar voru þrælbundnir í því sem mörgu öðru. Á nú á vorum dögum að fara eins með peningamennina eins og með Gyðinga á miðöldunum? Því er þá ekki settur taxti á allt, svo sem það að fylgja manni bæjarleið o. s. frv.? Vjer Íslendingar ættum reyndar að muna, hvert gagn kaupskrárnar eða taxtarnir hafa gjört oss á einokunaröldum vorum, og vjer ættum að afmá slíkt úr lögum. Í töxtunum gömlu var hið lægsta verð sett á kornvöru, í þeim góða tilgangi, að forfeður vorir gætu keypt sem mest af henni; en hver varð afleiðingin? Einmitt sú, að oss var flutt sem minnst af mat og nauðsynjum, en sem mest af rusli, er kaupmenn græddu meira á. Það er sannreynt, að nú eru peningar mjög fágætir, og er nauðsyn á, að bætt verði úr peningaeklunni, og peningar vorir dregnir sem mest inn í landið, og til þess miðar frumvarp þetta. Vona jeg því, að það fái að ganga til 2. umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal viðurkenna, að uppástungumönnum hafi gengið gott til að koma með þetta frumvarp; en jeg held, að ekki sje enn kominn tími til að hækka leiguburð af lánum viðlagasjóðs eða landssjóðs, meðan öðrum eins vandkvæðum er bundið, að fá lán úr þeim sjóðum, eins og nú er á þessu fjárhagstímabili, þar sem fara verður til ráðgjafans, hvað lítið sem lánað er, þó það sje eigi nema 300 kr., og svo hefur reglugjörð sú, sem landshöfðinginn hefur samið og út gefið, fyrir virðingamenn, þegar lán er tekið úr viðlagasjóði, og sem prentuð er í stjórnartíðindum deildinni B, ekki bætt úr þessu, og þykir mjer það skaði, að hinn háttvirti landshöfðingi ekki er hjer í salnum; jeg skal því skora á fram-

sögumann að segja álit sitt um þessa reglugjörð, hvort hún er almenningi handhæg; en þar sem hann sagði, að takmörkun á peningaleigu væri frá fyrri öldum út úr okri Gyðinga, þá bið jeg menn að athuga það, að Gyðingar hafa verið til á öllum öldum og verða til heimsenda, þó þeir ekki sjeu beinlínis afkomendur Abrahams, heldur liggur það í mannlegri eigingirni.

Halldór Kr. Friðriksson: Hús, sem eru í brunabótarábyrgð, eru eins gott og gilt veð sem fasteign. Þar sem menn hafa verið að minnast á Gyðingana, skal jeg geta þess, að þeir heimtuðu ekki okurleigu af peningum, sem þeir lánuðu, af því að þeir væru Gyðingar, heldur af því, að þeir einir höfðu peningana og gátu því sett hverja skildaga, sem þeir vildu, og sú mun raunin verða á nú sem fyr, að hinir fáu ráða lánunum, sem eiga peningana,

Benedikt Sveinsson: Því meir sem fasteignarveðið er rýrt af hinum háttvirtu þingmönnum, því síður er nauðsynlegt, að losa rentufótinn, hvað fasteignina snertir, því þá gætu menn gjört sig ánægða með annað veð, og þá er leiguburðurinn frjáls. Alþingi getur ráðið því, hvar fje landsins ávaxtast, og betra væri, að ávaxta það hjer gegn 4%, heldur en í Danmörku gegn 4½—5%. Menn verða að gæta þess, að rentu-upphæðin sjálf er að eins «í orði» (nominel), en væri fje landsins lánað út í landinu sjálfu, og því varið til jarðabóta eða einhverra verklegra framfara, þá gæfi það af sjer þá rentu, sem einnig yrði «á borði» og margfaldur hagur fyrir landssjóðinn, þó hann kæmi óbeinlínis fram.

Þá óskuðu 8 þingmenn þess, að umræðunum væri hætt, og voru þeir:

Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, bóndi,
Þorsteinn Jónsson,
Þórður Þórðarson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur;

og með samþykki meiri hluta þingdeildarinnar var umræðunum hætt, og málinu vísað til 2. umræðu með 12 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 20. fundi, 24. júlí.

Breytingartillaga I 207.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Ef enginn hreyfir mótmælum gegn frumvarpi þessu, þá er engin ástæða fyrir mig að verja það. Breytingartillagan, sem hjer liggur fyrir (I 207), er samkvæm því, sem kom fram við 1. umræðu. Breytingin er gjörð til þess, að landssjóðurinn og aðrir opinberir sjóðir sjeu ekki bundnir við leiguna 4½ af hundraði, heldur sjeu þeir bundnir við, að taka ekki hærri leigu. Afleiðingin af þessari breytingu er sú, að þessir sjóðir munu gjöra sjer minna far um en ella, að heimta aptur lán þau, er þeir eiga hjá öðrum með minni leigu en 4½ af hundraði.

Þá var gengið til atkvæða, og var

1. 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.
2. Breytingaratkvæðið við 2. gr. (I 207) samþykkt með 17 atkvæðum.
3. Frumvarpsins 2. grein með áorðinni breytingu samþ. með 14 atkv. gegn 1.
4. Frumvarpsins 3. grein samþykkt með 13 atkvæðum.
5. Málinu vísað til 2. umræðu með 14 atkv.

Þriðja umræða í neðri deild, á 22. fundi, 26. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, I 209.

Benedikt Sveinsson: Þó jeg að vísu játi, að það er í sjálfu sjer rjett og eðlilegt, að leiguburður af peningum sje óbundinn, get jeg samt ekki fallizt á frumvarp þetta. Þeim lánum, sem nú eru stofnuð upp á lægri rentu, mætti þá segja upp, og gæti það leitt margt illt af sjer. Það er og annað, sem jeg hef móti frumvarpi þessu; það er ekki gjörður munur á, hvort veðið fyrir láninu er fasteign eða lausafje, hvað almannafje

snertir, sem jeg tek í sama skilningi, «sem opinbert fje». Það væri sök sjer að losa bönd á leiguburði af því peningaláni, sem annaðhvort er veðlaust eða mót veði í lausafje, en sje lánið fengið mót veði í fasteign, vil jeg hafa rentufótinn ákveðinn, eins og enn er ástatt hjer á landi; jeg mun því ekki geta gefið atkvæði mitt með frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það var einkum tvennt, sem 1. þingmaður Árnesinga hafði að setja út á frumvarp þetta. Fyrst og fremst óttaðist hann, að eldri lánum kynni að verða sagt lausum, ef leiguburðurinn væri hækkaður. Það er nú að vísu ekki svo hægt um að dæma, en þar sem það eru embættismenn landsins, sem stjórna sjóðum þess, virðist mjer engin hætta búin, að þeir misbrúki frelsið til að segja lausum hinum eldri skuldabrjefum, til þess að ná í þá hærri leigu, sem frumvarpið fer fram á. Í annan stað fannst honum rjett, að lán gegn fasteignarveði ætti að vera lögbundið. En tilgangurinn með að hækka leiguburðinn var sá, að ráðherrann gæti ekki borið það fyrir, að hærri vextir fengjust erlendis af landsins peningum, og hefði það sem ástæðu til að halda þeim fyrir oss, svo vjer ekki gætum ávaxtað þá oss til nota hjer á landi. Jeg fæ heldur ekki sjeð, að lög þessi geti orðið því til fyrirstöðu, að peningar verði lánaðir út fyrir minna en 4½%, svo sem ómyndugra fje og annað fleira.

Benedikt Sveinsson: Jeg hef aldrei borið neinn kvíðboga fyrir því, að landssjóðurinn mundi segja upp eldri lánum til að ná í hærri rentu, en hitt óttaðist jeg og álít hjer um bil sjálfsagða afleiðing af því, að rentufóturinn sje hækkaður, að prívatmenn annhvort segi upp lánunum eða heimti hærri rentu. Jeg skal fúslega viðurkenna það, að það er góður tilgangurinn að vilja draga peningana inn í landið, en til þess virðist mjer ekki þurfi að hækka rentufótinn; því geti þingið að eins sýnt og sannað, að það sje hagur, enda þótt óbeinlínis, fyrir landið, að draga fjeð hingað, svo sem til þess, að efla almenna velmegun og endurbæta atvinnuvegina, þá er jeg þess fullöruggur, að stjórnin getur ekki synjað um að láta það af hendi. Geti þingið sýnt og sannað þetta, er það beinlínis skylda þess að gjöra það, og þá líka beinlínis skylda stjórnarinnar að greiða það af hendi. Hvað fjárráð landsins snertir, þá stendur stjórnin tröppu lægra en þingið, að mínu áliti.

Tryggvi Gunnarsson: Við fyrri umræðu máls þessa voru menn, að mjer virtist, hikandi í að gefa atkvæði sitt með því, af því menn óttuðust okur. En jeg get ekki skilið, hvers vegna menn fremur óttast okurrentur af láni gegn fasteign, en á móti veði í lausafje, sem nú um langan tíma hefur verið óbundið, en mjög óvíða misbrúkað; jeg gæti skilið í því, ef menn vildu binda leiguburðinn á móti lausafje, en hafa hann óbundinn gegn fasteignarveði, því það er miklu meiri þörf á að leggja hapt á leiguna, þegar lánað er gegn veði í lausafje og ljelegu veði. Það eina, sem mætti hafa á móti þessu, er, að nokkur ósamkvæmni er í 1. og 2. grein, því rjettast væri alveg að hefja allt rentuband, en okkur uppástungumönnum þótti þó haganlegra, að hafa eitthvert takmark, einkum vegna embættismanna, sem lána út peninga úr opinberum sjóðum og ómyndugra fje, því annars gæti svo fyrir komið, að þeir lánuðu fjeð með mjög misjafnri leigu, sem í sumum tilfellum yrði eigi hentugt. Að landssjóðurinn skuli eða þurfi að segja upp lánum sínum, þó leigan sje hækkuð, er hvergi sagt eða meint í frumvarpinu. Menn verða að gæta að því, að peningar eru v a r a, og því skyldi fremur setja lögbundið verð á þá vöru fremur en aðra. Jeg er viss um, að menn yndu illa, ef bundið verð væri sett á nokkurn hlut, sem gengur í skiptum manna í milli. Jeg held og, að það sje til skaða fyrir jarðareigendur, ef þeir ekki mega gegn veði í fasteign borga meira en vissa fasta ákveðna leigu. Svo getur staðið á, að honum beri hina brýnustu nauð-

syn til að fá lán, t. a. m. til að bjarga fjenaði sínum með kornkaupum í vorharðindum, en að hann ekkert lán gæti fengið, einmitt vegna þess, að hann ekki má borga meira en hina gömlu lögákveðnu rentu. En aðaltilgangur frumvarpsins er sá, að auka peninga í landinu, koma í veg fyrir, að efnamenn sendi peninga út úr landinu til að kaupa fyrir konungleg skuldabrjef, sem þeir fá í leigu eptir $4^4/_{10}$%, og vinna stjórnina til að lána fje landssjóðsins í sjálfu landinu, heldur en kaupa innskriptarskýrteini fyrir það í rikissjóð Dana, þar sem leigan er allt að $4^1/_2$%. Vegna þess að brýn nauðsyn er til, að fá peninga inn í landið, vona jeg að deildin samþykki frumvarpið.

Framsögumaðmr: Jeg verð enn að ítreka það, að jeg álít ekki hætt við því, að einstakir menn muni eptir 1. gr. frumvarpsins segja upp peningaláni sínu og heimta mjög háa vöxtu, því þess ber að gæta, að eptir 2. gr. er leiguburður af peningaláni landssjóðs og annars almannafjár ákveðinn eigi hærri en $4^1/_2$ af 100, og hafa einstakir menn við hann að keppa, svo vextir af lánum þeirra geta eigi orðið að mun hærri.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg talaði móti frumvarpi þessu um daginn, þegar það var hjer fyrir deildinni, og hef jeg ekki getað sannfærzt síðan um, að frumvarp þetta væri hagfellt. Það er einmitt sakir peningaskorts þess, sem er hjer í landinu, að jeg er hræddur um, að menn muni nota sjer ákvörðunina í 1. gr., og lána peninga út með svo og svo háum leigum. En nú kunna menn að segja: «það er eigi hætt við því, að þessir menn taki hærri leigu en $4^1/_2$%, því að ef þeir vilja taka hærri leigu, þá fer lántakandinn frá þeim, og í landssjóðinn». En þá get jeg sagt þingmönnum, að dagleg reynsla er fyrir því, að landshöfðingi verður að segja, þegar einhver vill fá lán hjá honum: «Jeg hef engan skilding», og er þó landshöfðingi manna fúsastur á að hjálpa mönnum með lán, þegar honum er það á nokkurn hátt unnt. Hvað á lántakandinn þá að gjöra? Hann verður að fara til hins einstaka manns. Mjer virðist því ískyggilegt, að frumvarp þetta verði að lögum, meðan þessi peningaekla er. Jeg veit til þess, að ýmsir prívatmenn hafa lánað mikið fje út gegn 4%, og mundu þeir þá undir eins segja því láni upp, þegar frumvarp þetta er orðið að lögum, og segja lántakendum að gjöra svo vel að fara í landssjóðinn, ef þeir eigi vilja borga þeim svo og svo háa leigu. Það er því í stuttu máli mín skoðun, að ógjörlegt sje, að löggilda þetta frumvarp, meðan slíkur peningaskortur er hjer í landinu, og meðan allur viðlagasjóðurinn er yfir í Danmörku.

Framsögumaður: Mjer láðist eptir að geta þess, að vjer höfum í hyggju að búa til sjerstakt lagafrumvarp eða þingsályktun um það, að viðlagasjóðurinn sje fluttur úr Danmörku hjer inn í landið.

Halldór Kr. Friðriksson: Væri þá eigi betra að geyma þetta lagafrumvarp, þangað til að það er komið í kring?

Hjálmur Pjetursson: Mjer fannst eitt atriði undarlegt í ræðu 1. þingmanns Suðurmúlasýslu, er hann sagði, að hann áliti það eigi skyldu fyrir stjórn landssjóðsins, að binda sig endilega við $4^1/_2$% leigu, heldur gæti hún lánað fje út gegn minni leigu, ef henni svo sýndist. En jeg ímynda mjer, að það sje skylda hennar að binda sig við þá hæstu lögboðnu leigu, því mjer virðist hún eigi halda vel á fje landsins að öðrum kosti. Annars er jeg á skoðun 1. þingmanns Árnesinga og þingmanns Reykvíkinga í máli þessu, og ætla jeg að greiða atkvæði móti því.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði deildarinnar, og var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 10 atkvæðum gegn 9, að við höfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna, þeirra, er nú skulu greindir:

Arnljótur Ólafsson,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Tryggvi Gunnarsson,
Eggert Gunnarsson,

Grímur Thomsen,

og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

Nei:

Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Fyrsta umræða í efri deild, á 24. fundi, 29. júlí.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I 237.

Árni Thorsteinson leiddi athuga að því, að á þessu frumvarpi hefði lengi verið þörf. Í því væri talað um að hækka rentu á almannafje, en við það væri margt athugandi; hann vonaði þó, að þeir, sem hefðu eitthvað á móti frumvarpinu, ljetu það ganga til 2. umræðu.

Forseti bar því næst upp, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 25. fundi, 31. júlí.

Breytingaratkvæði I 242.

Árni Thorsteinson sagðist vilja fara nokkrum orðum um mál þetta, þar eð það væri svo áríðandi og meir en næsta mál á undan, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði verið að ögra með (frumvarp til laga um smáskammtalækningar). Öll viðskipti ættu að vera sem frjálsust og eigi sízt í peningamálum; hingað til hefðu verið sterk bönd á peningalánum, og gjörður munur á rentunum, eptir því, hvort fasteign væri sett að veði fyrir láninu, eða að eins önnur eða engin trygging gefin fyrir því. Ef fasteignarveð væri sett, mætti rentan eigi væri hærri en 4%, en í hinu tilfellinu mætti heimta svo háa vexti, sem vildi; þess vegna hefðu peningamenn um það að kjósa, að láta peninga sína liggja fyrir eða lána þá út með þessum kosti, setja þá í jarðir, eða kaupa konungleg skuldabrjef; en ef nú væri borin saman hin persónulega trygging og fasteignarveðið, þá væri eigi ætíð mikill munur á þeim, og hin fyrnefnda jafnvel stundum tryggari. Peningarnir væru hinir sömu, og vextirnir ættu að fara eptir atvikum. Þessi bönd á leiguburðinum væru því háskalegri, sem peningar væru litlir í landinu, og erfitt að fá þá að láni; en það kæmi til af því, að menn, sem peningaráð hefðu, þættust hafa meiri hag af að koma þeim öðru vísi fyrir, en lána þá mót þessari ákveðnu rentu, en sú ástæða hyrfi, er mönnum væri leyft að taka þá hærri rentu, er þeir gætu fengið. Margir hefðu það í móti þessu frumvarpi, að þetta frelsi, er þar væri farið fram á, væri háskalegt, en þá vildi hann benda á dæmi annara landa, þar sem það hefði aldrei orðið háskalegt, og svo mundi ekki heldur verða hjer, því að vjer værum ekki svo ólíkir öðrum þjóðum. Böndin væru einmitt háskaleg, því að þau leiddu af sjer pukur, og að peningar gengju út úr landinu; enda sýndi reynslan, að þá er leiguburður varð frjáls fyrir tuttugu árum síðan án fasteignarveðs, hefði það eigi orðið til þess að hækka vextina að neinum mun. Það, sem hann hefði móti frumvarpinu, væri ákvörðunin í 2. gr., þar sem einmitt, þegar væri verið að gjöra leiguburðinn frjálsan, væru þó sett þau takmörk, að renta af almannafje skyldi eigi hærri en 4½%; þessi ákvörðun hefði fyrst átt að koma, er sjeð væri, að leiguburður hækkaði. Þetta frumvarp ætti alls eigi að miða til

þess, að hleypa keppni í menn til að setja renturnar sem hæstar. Það væri eigi það, sem þeim mönnum riði mest á, er stjórna ættu almenningsfje, heldur hitt, að hafa sem bezta og áreiðanlegasta skiptavini. Hann vildi biðja þingmenn að líta á, hver ágóðinn yrði, ef rentan yrði hækkuð um ½%; hann vildi setja svo, að landssjóðurinn hefði á rentu 500,000 kr., og hækkuðu þá renturnar með ½% um 2,500 kr. En ef þessu ætti að koma í verk, þá yrði að segja upp lánunum og heimta, að menn annaðhvort borguðu, eða tækju lánið með þessari rentuhækkun; þetta sýndist sjer mjög óheppilegt og hafa í för með sjer iskyggilegar afleiðingar. 2. gr. stæði í engu sambandi við þá stefnu, sem hann ætlaðist til að frumvarp þetta gengi í. Ef nú þessar 500,000 kr. væru látnar standa með sinni fyrri rentu, en öðrum, er síðar fengju lán, væri lánað með hinni hækkuðu rentu, þá mundi það einnig valda óánægju og ekki verða rjettlætt, að sami sjóðurinn láti suma fá lán gegn 4% en suma gegn 4½%. Þó að þessari takmörkun væri sleppt, væri naumast hætt við því, að landssjóðurinn mundi hækka mikið vexti af fje, er hann lánaði, því að eins og hann hefði áður sagt, riði honum að eins á, að fá áreiðanlega skiptavini. Til þess ætti hann eigi að lána mót hærri rentu en svo, að hann hefði eigi skaða, og skiptavinirnir væru ánægðir. Þá fyrst gæti orðið spursmál um fyrir sjóði að hækka leiguburðinn, er reynslan hefði sýnt, að hann væri almennt hækkaður. Hjer væri spursmál um almennt frelsi, en eigi instrúx fyrir sjerstaka sjóði, er sumir kæmu eigi þinginu við, og sem ekki ætti að fara að leggja í einelti með lögum. Hann hefði heyrt menn tilfæra þá ástæðu, að viðlagasjóðurinn ætti eigi að kaupa dönsk ríkisskuldabrjef, heldur ávaxta peningana hjer innanlands; ef svo ætti að vera, mætti leigan eigi vera lægri en goldið væri af dönskum ríkisskuldabrjefum; nú væru þau á 92—94 hvert hundrað, svo munurinn væri eigi mikill; hann hefði þá skoðun á viðlagasjóðnum, að hann væri til þess, að landið gæti gripið til, ef á lægi, og þá væri betra, að hann hefði talsverðan peningaeyri á reiðum höndum, en það væri allt af fljótara að grípa til ríkisskuldabrjefanna en til þeirra lána, er væru í höndum einstakra manna hjer á landi; en ef skuldabrjefin væru orðin of mikil eða umfram það, sem landssjóðurinn þyrfti að hafa til taks í fljótu bragði, væri sjálfsagt að selja það af skuldabrjefunum, sem ekki þyrfti að hafa í sjóði, og lána svo aptur út til landsmanna. Til þess að gjöra þetta, þyrfti ekki að auka renturnar.

Samkvæmt þessari skoðun sinni, að allur leiguburður yrði frjáls, hefði hann stungið upp á, að úr 1. grein fjelli orðið «einstakra». Þeir, sem væru hikandi við að fella burtu 2. grein, gætu huggað sig við það, að nógur tími væri til að gjöra þá ákvörðun, er í henni stæði, er reynslan hefði sýnt, að hún væri nauðsynleg; en það væri fyrst, er almennur leiguburður á fje væri orðinn 4½%. Ákvörðun um slíkt mætti þá gjöra í fjárlögum.

Jón Jónsson sagði, að sumt hefði sjer þótt eigi fullkomlega ljóst í ræðu hins 6. konungkjörna þingmanns, og kvaðst því vilja reyna að taka ýmislegt viðvíkjandi þessu máli betur fram, svo að menn ættu hægra með að komast að hinni rjettu skoðun um þetta þýðingarmikla mál. Þingmaðurinn hefði tekið fram, að erlendis væru menn fyrir löngu síðan komnir á þá skoðun, að allur leiguburður ætti að vera frjáls, því full reynsla væri fyrir því, að ef binda ætti rjett manna í þessu efni, þá skaðaði það skuldunautinn miklu meira en skuldheimtumanninn, það væru sjer í lagi fátæklingarnir, sem skaða hefðu af takmörkunum þeim, sem nú eru. Ríkismenn gætu fengið eins mikil lán og þeir vildu, án þess að setja veð; þannig væru kaupmenn, sem hefðu að láni svo hundrað þúsundum skipti, og settu alls ekkert veð, en þegar nú fátæklingurinn ætti að lána, fengi hann æfinlega ódýrar lán, þegar hann gæti sett fasteignarveð fyrir því, en nú gæti svo staðið á, að almenni leiguburðurinn

yrði meiri en 4%, og þá væru þeir útilokaðir frá, að fá lán, sem helzt hefðu fasteignarveð að setja fyrir því. Hvað konunglegu skuldabrjefin snerti, þá hefði til skamms tíma sá, er þau keypti, fengið meira en 4% af peningum sínum. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði tekið það fram, að 2. grein ætti eigi heima í frumvarpi þessu; það væri alveg satt, því hjer væri verið að gefa almennar reglur fyrir hvern sem í hlut ætti; fyrir viðlagasjóðinn hefði þetta litla þýðing, því það væri vonandi, að alþingi, þegar spurning væri um lán úr honum, liti meir á það, til hvers ætti að verja láninu, en hitt, hve háir vextir fengjust af því; en fyrir aðra almenna sjóði gæti það haft þýðing, svo sem kirkjusjóði og barnaskólasjóði, ef þeir kæmust á; því að með því að banna þeim að taka meira en 4%, væru þeir hvattir til, að kaupa heldur konungleg skuldabrjef, eða að koma þeim út á annan hátt, heldur en að lána innansveitarmönnum fjeð. Það væri því einnig búið að veita sparisjóðum leyfi til að taka meira en 4% í vexti af lánum með veði í fasteign.

Ásgeir Einarsson sagði, að þingmaður Skagfirðinga hefði tekið margar þær athugasemdir fram, sem hann hefði ætlað að hreyfa við. Eptir því sem hann hefði tekið eptir hjá hinum 6. konungkjörna þingmanni, þá hefði hann sagt, að menn annaðhvort yrðu að láta peninga liggja á kistubotninum, eða fá fyrir þá 4%, þegar móti fasteign væri; en hefðu nú peningar verið brúkaðir svona nú hin síðustu 100 ár, þá væru menn nú ríkari, en þeir nú væru; þetta væri þó betra en að geyma þá á kistubotni. Þingmaðurinn hefði og talað um peningaeklu í landinu, og kvaðst hann honum samdóma, að svo væri; en hann gæti ekki sjeð, að það frelsi, sem sprytti af þessari okurrenturót, mundi færa þá ávexti á landinu, sem útveguðu því nóga peninga. Hvað nú snerti þetta frelsi, að hafa rentuna eins háa og menn vildu, þá gætu menn lánað gegn 8%, og svo einnig haft jarðarveð, og hver gæti eigi orðið afleiðingin af slíkri aðferð? Um önnur lönd ætlaði hann eigi að tala; sjer væri það ókunnugt, hvernig þar væri; honum væri reyndar kunnugt, að Gyðingar hefðu okrað móti lögmálinu. Hann kvaðst eigi geta verið á því að fella 2. gr., því lítið væri þó betra en ekki neitt. Það væri nú kominn áhugi hjá mönnum að kaupa þjóðjarðir, og ráð væri gjört fyrir, að 2 partar gjaldsins stæðu í jörðunum, og af þeim ættu menn að gjalda leigu; ef nú landssjóðurinn fengi hnekki, þá gæti hann gjört mönnum þann kost, að það eigi mætti standa nema fyrir 8—10%, og væri það að taka með annari hendi, sem gefið væri með hinni.

Loks tók hann það fram, að sagt hefði verið, að þingið ætlaði eigi að gefa landssjóðnum instrúx með þessu, en honum virtist þó svo sem þingið einmitt gjörði svo; hann áleit heldur eigi bráða þörf á frumvarpi þessu, og mundi því eigi gefa því atkvæði.

Benedikt Kristjánsson sagði, að 1. þingmaður Húnvetninga hefði gefið sjer ástæðu til að standa upp og láta álit sitt í ljósi. Hann kvaðst fella sig vel við breytingaratkvæðin, og yfir höfuð álíta þau góð. 1. þingmaður Húnvetninga hefði verið bæði sjer og öðrum samdóma í því, að peningaekla væri svo mikil í landinu, að til vandræða horfði, en hann hefði efast um, að þetta frelsi í leiguburði peninga gæti orðið að uppsprettu peninga fyrir menn hjer á landi. En um þetta þætti sjer eigi að öllu örvænt, því eina ástæðu sæi hann fyrir þeirri skoðun, og væri það sú, að renta hjer yrði hærri en erlendis, og fje fyrir þá sök kynni að berast inn í landið, og byggði hann von þessa á því, að ef lög þessi næðu að komast fram, þá gæti leiguburður peninga eigi einungis orðið 4½%, heldur meira. Allir vissu, að landið ætti allmikið fje á vöxtum í Danmörku, og mundi umboðsvaldið láta það ávaxtast í landinu sjálfu, ef leiguburðurinn yrði hærri. Annað gæti það ekki álitið sjer leyfilegt. Hann sagði, að 1. þingmaður Húnvetninga hefði enn fremur látið þá skoðun í ljósi, að hann óttaðist, að umboðsstjórnin mundi taka

hendinni of djúpt í vasa bænda þeirra, sem vildu kaupa þjóðjarðir, og tilskilið yrði við að svara leigu af $^2/_3$ verðsins, er stæði ógreitt hjá þeim, en sjer gæti eigi skilizt það, að nokkur bóndi væri neyddur til að kaupa þjóðjörð, og því hlyti þessi hætta að vera lítil eða jafnvel engin, og þó þessi hætta væri, þá fyndist sjer ekkert á móti því, og það af þeirri ástæðu, að hann væri ekki með öllu meðmæltur þjóðjarðasölunni, því hann ímyndaði sjer, að hún gæti orðið ekki svo sjaldan til þess, að bændur dygðu eigi til að halda við búi, sem áður hefðu haft blómlegt bú, og afleiðingarnar gætu þannig orðið gagnstæðar því, sem til væri ætlazt.

Árni Thorsteinson kvaðst kunna þeim þakkir, sem talað hefðu, bæði þeim, er stutt hefðu frumvarpið, og einnig þeim, er mælt hefðu móti því, svo sem þingmanni Húnvetninga, er með því hefði stutt málsveg sinn; einkum vildi hann þakka 1. þingmanni Þingeyinga, er mjög hefði mælt með þessu máli; og sömuleiðis 2. þingmanni Skagfirðinga, en þar sem þessum þingmanni hefði þótt sumt óljóst í ræðu sinni, þá hefði hann skýrt það og tekið það fram, sem hann og kunni honum þakkir fyrir. Þá kvaðst hann og vilja þakka 2. þingmanni Skagfirðinga fyrir þá athugasemd, sem hann hefði gjört, að sá, sem liði mest við ófrelsið, væri skuldunauturinn, en eigi skuldheimtumaðurinn. Sjer þætti eigi rjett, að banna mönnum að taka þá vexti af fje sínu, sem þeim þóknaðist og þeir að frjálsum vilja annara gætu fengið. Það væri skuldunautur sjálfur, sem yrði að meta, hvaða rentu hann sjái sjer fært að gefa. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði og tekið það heppilega fram, að það væri hart, að kirkjur mættu eigi lána út fje sitt gegn þeim vöxtum, er forráðamönnum þeirra þóknaðist; þessu væri hann samdóma, og virtist sjer sanngjarnt og sjálfsagt, að allar stofnanir sæti sömu lögum, og sjeu ekki bundnar við borð. Hann sagði, að 1. þingmaður Húnvetninga hefði eigi verið samþykkur sjer eða ánægður með orð sín; hann hefði álitið, að það væri sín skoðun, að fullkomið sæluástand mundi komast á í landinu, ef leiguburður yrði frjáls, en það væri misskilningur hjá þingmanninum, því slíkt væri eigi sín meining, heldur það, að ef öll bönd væru leyst, yrði leiguburðurinn samboðinn ástandi voru, og allir þeir peningar í veltu, sem að til taks gætu verið. Viðskipti manna á milli væru of lítil, en við frjálsan leiguburð mundu þau verða fjörugri. Þess vildi kann geta, að það væri lítt hugsanlegt, að útlendingar flyttu fje inn í landið, en þó gæti svo farið, ef að Íslendingar, til þess að koma á þarflegum fyrirtækjum, gætu borgað hærri vexti en útlendingar. Það sem mest væri undir komið og um væri að gjöra, væri það, að fá hinn sanna og frjálsa mælikvarða fyrir leiguburði af peningaláni hjer á landi, og það fengju menn með því að leysa öll höpt. Enn fremur hefði 1. þingmanni Húnvetninga þótt undrun sæta, að eigi væru takmörk fyrir peningaláni landssjóðsins, en meðan áætlað væri í fjárlögunum 4 %, væri næg trygging fyrir því. Hann sagði, að 2. þingmaður Skagfirðinga hefði komið með það í ræðu sinni, að kaupmenn eigi veðsettu eignir sínar; en það væri eigi rjett. því þeir væru margir, er það gjörðu.

Ásgeir Einarsson sagði, að 1. þingmaður Þingeyinga hefði talað um peningaeklu, og væri það bæði sitt og annara álit, að hún væri mikil; en samt sem áður gæti hann eigi skilið, að þetta yrði til að bæta úr henni, það væri þvert á móti sín skoðun og sannfæring, að vel mætti svo fara, að skuldir manna færu vaxandi einmitt við þetta, því það væru eigi lágir vextir, er yllu peningaeklunni hjer á landi; það væri allt annað, sem sje verzlunin. Ef verzluninni væri svo háttað, að bændur ættu inni hjá kaupmönnum, þá væru líkindi til, að menn fengju peninga út úr búðum, og ef hagur manna yrði færður í þetta horf, þá mundi peningaeignin fara vaxandi. En í staðinn fyrir þetta væru bændur skuldugir kaupmönnum, og í stað þess að fá peninga hjá þeim, neyddust þeir til að bæta við

skuldirnar, og meðan þetta ætti sjer stað, kvað hann bágt mundu verða að bæta úr peningaeklunni, þótt vextir af peningaláni væru hækkaðir. Þar sem 1. þingmaður Þingeyinga hefði sagt, að enginn mundi neyddur til að kaupa þjóðjarðir, þá kvaðst hann vilja benda þingmanninum á, að slíkt gæti auðveldlega að borið; hann vildi þannig leyfa sjer að spyrja, hvort eigi væri betra að kaupa jörð sína, en búa undir einokun landsdrottna og umboðsmanna. Menn segðu opt og það með rjettu, að skaðlegt sje, að peningar flytjist út úr landinu, en hann vildi nú spyrja, hvort það væri eigi einnig skaðlegt fyrir eina sýslu, að peningar flytjist út úr henni, nefnil. öll jarðarafgjöldin. Ef lög þessi kæmust á, þá gætu þau leitt til þess, að menn kæmust í vandræði og kröggur, eins og hann hefði heyrt að ætti sjer stað víða erlendis, og það væri grunur sinn, að svo gæti farið, að menn tækju okurrentu. En hann kvaðst gleðjast yfir því, að þjóðin, er hún væri búin að reyna lög þessi, gæti sjeð, að hann eigi hefði verið einn þeirra manna, er hefðu stutt að þessum lögum.

Stefán Eiríksson kvaðst nú hafa um hríð hlýtt á ræður manna, en þó hefðu þær ræður, er enn væru fluttar, eigi getað sannfært sig um það, að mál þetta væri nauðsynlegt. Hann sagðist játa það fúslega, að hann ef til vill skildi málið eigi eins vel og hinn 6. konungkjörni þingmaður. Eptir breytingaratkvæði hans ætti að sleppa úr 1. gr. orðinu «einstakra»; hann sæi því ekki betur, en að allur rentuburður yrði frjáls, einkum ef 2. gr. væri einnig felld burtu eptir öðru breytingaratkvæði hins sama þingmanns, því þá gæti líka leiguburður af peningalánum landssjóðs orðið 8 til 10 %. Hann gæti því eigi, eins og hann hefði þegar tekið fram, sjeð, að frumvarpið sje nauðsynlegt. Hver maður, sem lánaði fje út og heimtaði eigi fasteignarveð, hann hefði að sínu áliti leyfi til að taka þá vöxtu, sem hann vildi; en þegar frumvarp þetta væri orðið að eins ein gr., þannig að leiguburður af peningaláni er frjáls, þá væri með því hverjum heimilt að heimta af almannafje jafnvel 20 %, og það væru þó sannarlega óhafandi lög, sem gæfu tilefni til slíks.

Jón Jónsson kvað þingmann Húnvetninga hafa spurt, til hvers væri að nema burt takmörkunina á leiguburðinum, nema til að hlynna að okurrentum, en ef hann hefði tekið eptir orðum hins 6. konungkjörna þingmanns, gæti hann sjeð, að það væri til þess, að menn skyldu síður neyðast til að flýja til okurkarla og taka lán hjá þeim gegn lausafjárveði. Hvað hár sem leiguburðurinn yrði af láninu gegn fasteignarveði, yrði hann æfinlega lægri en vextirnir af lánum gegn lausafjárveði. Hann vildi enn taka það fram, að böndin á leiguburðinum væru skuldunautum en eigi skuldheimtumönnum til skaða, því að þeir hefðu nóg ráð til að koma fje sínu á vöxtu með hærri leigu, og það gæti enginn bannað. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að kaupmenn opt veðsettu fasteignir sínar. En það gjörðu eigi nema hinir fátækari, en enginn stórkaupmaður, hvorki á Suður- nje Norðurlandi, mundi gjöra slíkt, því ef það heyrðist, mundi það einmitt verða til þess, að svipta þá lánstrausti, og með því hefðu þeir margfalt meira fje að láni en fasteignir þeirra nema. Þingmaður Húnvetninga hefði eigi viljað láta hlynna að spesíukongunum, en það væri engan veginn tilgangurinn með þessu; hann þekkti einn slíkan í Árnessýslu, sem á hverju ári keypti konungleg skuldabrjef fyrir mörg þúsund krónur; hann þættist eigi hafa neina skuldbinding til að bæta úr peningaeklunni innanlands, þegar hann fengi betri vöxtu af fje sínu á þennan hátt; það væri því rjett, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að ef menn vildu styðja að jarðabótum og búnaðarframförum, ætti að leyfa að hafa leiguburð svo háan, sem hverjum litist, án tillits til veðsins, sem sett væri.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða og fjellu þau svo:

1. Breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna

þingmanns (I 242) við 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 6 atkv. gegn 2.
2. 1. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 7 atkv.
3. Breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna þingmanns (I 242) við 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 9 atkv.
4. 2. gr. þar með fallin.
5. 3. gr. frumvarpsins samþykkt með 8 atkvæðum.
6. Að frumvarpið þannið orðað (I 250) gangi til 3. umræðu, samþykkt með 7 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 26. fundi, 2. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, I 250.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi gjöra sjer vonir um, að það mundi hafa mikinn árangur, þó hann stæði upp og flytti eina ræðu enn í þessu máli. Hann hefði haft lítið lið til að berjast móti frumvarpi þessu síðast, og væri vonlítill um, að hann yrði liðsterkari nú. Hann vildi benda hinni heiðruðu deild á án alls kapps, hvort landið mundi eigi standast, þó mál þetta væri geymt til næsta þings, þangað til menn sæju, að hve miklu leyti þetta væri vilji þjóðarinnar; hann hefði tekið það fram og tæki það fram enn á ný, að það væri sín fasta og fullkomna sannfæring, að frumvarpið væri með öllu ónauðsynlegt, og mundi eigi leiða til neinnar auðsældar fyrir landsbúa, er sumir hjeldu; en þar á móti vildi hann leyfa sjer að benda á annan auðsuppsprettuveg, sem væri það, ef bændur gætu fengið tíma til að vinna einhver þau aukaverk, án þess að þeir þó vanræktu bú sitt eða önnur skyldustörf, sem þeir gætu fengið 100 krónu þóknun fyrir, í líking við það að embættismenn gætu utan skyldustarfa unnið þau hjáverk, er þeir fengju allt að 1000 króna «þóknun» fyrir. Að endingu vildi hann benda á það, að það væri með öllu óvíst, að málið fengi framgang í neðri deild þingsins, er það kæmi þangað með þeim breytingum, er það hjer hefði orðið fyrir.

Árni Thorsteinson sagðist eigi mundu fara mörgum orðum um málið að þessu sinni. Það lægi í augum uppi, að 1. þingmanni Húnvetninga væri illa við málið og áliti það hættulegt, en sjer sýndist engin hætta vera á ferðum; ef allt gengi sinn eðlilega gang, og að væri farið með skynsemi og aðgætni, mundi hið sanna verð koma á peninga, og leiguburðurinn verða ákveðinn. Þá vildi 1. þingmaður Húnvetninga og draga málið til næsta þings, svo að þjóðin gæti kynnt sjer það; hann kvað það auðvitað, að hann legði þetta til í góðri meiningu, en sjer sýndist, að það væri komið frá þjóðinni, þar sem það væri komið úr neðri deild þingsins og frá þjóðkjörnum mönnum. Hann kvaðst vita, hver væri hin sanna ástæða fyrir 1. þingmanni Húnvetninga til að vera málinu mótfallinn. Það væri gömul skoðun, sem hann fylgdi fram; hann hefði sem sje fundið það í Mósesarlögum, að það væri okur, að taka háa rentu, en fyrir sitt leyti kvaðst hann vera ókunnugur lagarentu Gyðinga, en hafa nokkra ástæðu til að álíta, að okurlög Gyðinga hefðu gilt fyrir innan musterisgarðinn, en eigi fyrir utan hann, eða milli heiðingjanna, en það vildi hann taka fram, að Mósesarlög um okur væru eigi gefin fyrir Ísland (*Ásgeir Einarsson*: Sumt af þeim), og mörg þau lög kæmu út á hverju ári, að eigi væri farið eptir gömlum og úreltum skoðunum.

Jón Hjaltalín kvaðst vilja benda 1. þingmanni Húnvetninga á, að hann hefði gott af því að lesa enska bók, sem hjeti: «Kúnstin að standa sig vel». Bók þessi væri eptir minister í Ameríku og væri næsta fróðleg; hann tæki það fram í bókinni, að hinn mikli auður Ameríkumanna væri að mestu kominn af frjálsum leiguburði af peningalánum. 1. þingmaður Húnvetninga hefði gefið í skyn, að gott væri, að allt lán hætti; það væri sem þingmaðurinn hefði hreinan «Vandskræk» fyrir okurrentu; það væri hvergi i öðrum löndum talað um okurrentu. Peningar væru sem hver önnur vara einungis

hentugri í allri meðferð. Það mætti eins lána peninga sem aðra vöru, en setja takmörk fyrir vöxtum, væri ófrelsi, og gæti það eigi staðizt á vorum dögum. Leiguburður af peningalánum ytra væri mjög mismunandi, ýmist hærri eða lægri; verðið færi að öllu eptir því, hve hægt væri að fá peninga. En að fara út í það, sem 1. þingmaður Húnvetninga hefði farið út í, væri ónáttúra og ef til vill einungis til að eyðileggja málið, og jafnvel gjöra lántakanda ómögulegt að fá peningalán, hvað sem honum lægi á, og hversu ábatasöm sem lántakan gæti verið honum.

Benedikt Kristjánsson sagði, að sjer hefði orðið það á við 2. umræðu, að hryggja hjarta þingmanns Húnvetninga; kvaðst hann nú vilja gjöra það gott aptur; þingmaðurinn hefði sagt, að frumvarpið væri ískyggilegt vegna þeirra manna, er kaupa vildu landsjóðsjarðir; kvaðst hann nú vilja skoða það frá annari síðu, þingmanninum til huggunar. Hann sagðist verða að ætla, að svo mundi fara, að ef landssjóður setti leiguburðinn hærri, en nú ætti sjer stað, þá mundu og jarðirnar fást fyrir minna verð en annars, því hlutfallið milli jarðarafgjalds og leigna jarðarverðsins mundi verða tekið til greina, þegar ræða væri um sölu jarða, og væri því engin hætta fyrir dyrum; þá mundu kaupendur ekki verða skyldaðir til að hafa tvo hluti jarðarverðsins á leigu, ef þeir kysu heldur að borga það allt. Það hefði verið sýnt af 2 þingmönnum, að þessi breyting væri í hag fátæklingsins, er neyddist til að taka lán móti lausafje eða trausti á sjálfum sjer, og að því leyti væri breytingin góð. Hvað nú snerti breyting á leiguburði á almannafje, kvaðst hann eigi ætla, að umboðsstjórnin mundi um skör fram breyta frá því sem nú væri leigan, þá fyrst væri komin ástæða til þess, er miklu hærri leiguburður væri kominn á almennt meðal einstakra manna. Annars gætu menn lánað fje úr landssjóði fyrir 4½%, og svo haft það til þess að lána það aptur öðrum út fyrir 6%—8% til þess að græða á því. Það gæti hugsazt, að sú yrði afleiðingin, ef leiguburður á almannafje yrði miklu lægri, og mundi enginn óska þess, að slíkt kæmi fyrir. Þingmaður Húnvetninga hefði kannske eigi enn áttað sig á því, að landssjóður ætti mikið fje í Danmörku, og væri nú eigi æskilegt, að fje þetta kæmist inn í landið? en ráðið til þess væri, að leiguburðurinn hækkaði nokkuð; hann hefði og talað um okurrentu, en eigi væri leyfilegt að tala um slíkt, þegar lögin hefðu gefið leiguburðinn frjálsan. Væri eigi happasælt, að meira fje væri til, svo menn gætu fengið peninga til jarðabóta og fleiri hluta? og hver væri sá, er hikaði sjer við að taka fje til láns fyrir 6%—7%, ef hann gæti á hinn veginn fengið, ef til vill, 20% af fyrirtæki sínu? eða væri eigi náttúran svo örlát hjer, að hún gæfi meira arðfje en peningar hjer á landi? Honum fannst því þingmaður Húnvetninga berjast á móti því, er hann þó á hinn bóginn helzt vildi að fengið gæti framgang.

Eiríkur Kúld kvaðst nú hafa hlýtt á ræður þingmanna um frumvarp þetta. Það hefði fengið miklar lofræður hjá þingmanni Þingeyinga; en hann hefði þó eigi sannfærzt svo, að hann enn gæti sagt, hvoru megin hann mundi verða. Hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði helzt talið frumvarpinu til gildis, hversu frjálslegt það væri; þetta væri að vísu satt, en sami þingmaður hefði áður í öðru máli ekki viljað aðhyllast frelsi, og kynni hann eigi við, að hann nú fylgdi annari reglu. Viðvíkjandi því, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði vitnað til, að Móses hefði bannað okurrentu, en það væru eigi lög hjer á landi, þá virtist sjer alls ekkert ódæði að hafa, jafnvel hvað þetta snerti, tillit til þess, sem Móses hefði sagt, því vissulega yrðu menn að álíta hann í því tilliti tala sem mikinn ökonom, og kvaðst hann því gefa

mikið fyrir það, er hann segði. Menn hefðu og, meðan rentan eigi var frjáls, lánað fje móti afarhárri rentu, enda 10%, og kvaðst hann vita þess dæmi, þó eigi hefði það verið átalið, af því máske hlutaðeigandi yfirvöld sjálf hefðu átt hlut að máli. Þingmaður Þingeyinga hefði talað um, að landssjóður mundi græða við hinn háa leiguburð, en hann fyrir sitt leyti kvaðst eigi óska gróða landssjóðs þannig, að aðrir liðu skaða við. Loks kvaðst hann óska, að hann gæti sannfærzt svo, að hann gæti gefið málinu atkvæði sitt.

Bergur Thorberg kvaðst að vísu fella sig betur við frumvarpið, svo sem nú væri það orðað, heldur en eins og það var, er það kom fyrir deildina í fyrstu, því það væri sín skoðun, að, ef gefa ætti leiguburð frjálsan mót fasteignarveði, þá ætti eigi að setja almannafje nein takmörk í því efni, og vegna þess hefði hann gefið atkvæði við 1. umræðu með breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna þingmanns, en sjer þætti samt sem áður efi á því, hvort breyta ætti hinum gildandi lögum um þetta efni. Það væri rjett regla, að breyta eigi lögum, nema þörf væri á því; í þessu efni hefði hann eigi orðið var við neina þörf eða ósanngirni; peningamennirnir kvörtuðu eigi um, að leiguburðurinn, eins og hann nú er, væri eigi nógu hár, og að hann eigi sje ósanngjarnlega lágur, sjest, ef hann er borinn saman við arð af fasteign, því að þá kemur það berlega í ljós, að núverandi lögrenta af peningum verður fullt svo há og hann. Hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði tekið það fram, að þó að frumvarp þetta yrði að lögum, þá væri engan veginn þar með sagt, að leiga af almannafje hækkaði. Nú væri hagur landsins svo, að landssjóðurinn væri hinn langmesti peningaeigandi í landinu, en fáir prívatmenn, er seldu fje á leigu, og þá sýndist sjer þýðingarlítið, að setja lög, er engin veruleg áhrif hefðu á þann, er mest lánaði út. Hann væri samþykkur þingmanninum í því, að óheppilegt væri, að landssjóðurinn breytti þegar þeim kjörum, er hann væri búinn að lána út með, og hækkaði rentuna. Hann heyrði marga segja, að frumvarpið væri eðlilegt og frjálslegt, og væri það svo í því tilliti, að það miðaði til að afnema bönd; en þessi bönd væru eptir sinni skoðun eigi tilfinnanleg og eigi þrengri, en þau ættu að vera, og því væri óheppilegt, að nema þau burt með öllu. Að þessi bönd væru hvergi nema hjer á landi, væri eigi satt, því að í Danmörku væri líka lagarenta ákveðin, en menn gætu fengið leyfi til að vera undanþegnir þeirri ákvörðun. Það væri því álit sitt, að eigi þyrfti að breyta hinum gildandi reglum um þetta efni og þá ætti ekki heldur að gjöra það. Þar sem þingmaður Þingeyinga sýndist ganga út frá því, að leiguburður af láni móti veði í lausafje væri bundinn, þá væri þetta ekki rjett, með því sá leiguburður væri að öllu leyti frjáls.

Jón Jónsson kvaðst vera samdóma varaforseta um það, að eigi ætti að breyta lögum að óþörfu, og hefði breyting þessi komið upp í þessari deild, og einstakir menn fylgt henni fram, gæti ef til vill verið ástæða til að vekja vafasemdir um það, hvort frumvarpið væri tímabært, eða hvort þjóðin óskaði eptir því, en nú hefði hin háttvirta neðri deild, þar sem eingöngu sætu þjóðkjörnir þingmenn, samþykkt þetta frumvarp, og þætti sjer þá ábyrgðarhluti að fella það. Þó að þingmaður Húnvetninga segði, að lítill áhugi væri á máli þessu hjá þeim hluta þjóðarinnar, er hann þekkti, eða í sveitunum í kring um hann, gæti samt annarstaðar á landinu verið mikill áhugi á því. Varaforseti hefði sagt, að peningamenn kvörtuðu eigi yfir, að rentan væri of lág; það væri alls eigi við því að búast, vegna þess sem hann áður hefði tekið fram, að þeir hefðu

nóg ráð önnur til að fá hærri vöxtu af peningum sínum, önnur en það að lána þá gegn veði í festeign. Breytingin, er frumvarpið færi fram á, væri því alls eigi til að hlynna að spesíukongunum, heldur hinum, er á lánum þyrftu að halda, til þess að gjöra þeim mögulegra að fá lán, og frá því mundu þeir, sem kynnu að fara með peninga, eigi fælast, þó að rentan væri hærri, og mætti sjá það á því, að þó að sparisjóðurinn láni út móti 5%, þá sækja þó um lán úr honum þrisvar eða fjórum sinnum fleiri en fengið geta. Varaforseti hefði sagt, að leiguburður væri einnig bundinn í Danmörku, en tekið sig svo á aptur og sagt, að menn gætu fengið undanþágu, en hann vonaði, að þingmaðurinn óskaði oss eigi slíkra laga, sem beinlínis legðu aukaskatt á fátæka lántakendur, með því að heimila, að þeir greiddu í landssjóð vissa upphæð fyrir að fá að borga hærri rentur en lögrentu (*Árni Thorsteinsson*: Þessi aðferð er fordæmd af öllum). Hann væri líka sannfærður um, að Danir hefðu þegar leiðrjett þetta hjá sjer, ef þeir hefðu mátt vera að því fyrir flokkadráttum. Sami þingmaður hefði enn sagt, að landssjóður væri mestur peningaeigandi í landinu, en þar sem sumir prívatmenn senda á hverju ári svo skipti þúsundum króna út úr landinu, til að kaupa fyrir þá ríkisskuldabrjef, þætti sjer ástæða til að hugsa, að miklu meiri peningar væru til í landinu, en menn hugsuðu, og því væri um að gjöra að koma þeim í gang innanlands, og til þess miðaði þetta frumvarp.

Jón Hjaltalín, kvaðst hafa tekið Ameríku til dæmis, því að hvergi væri meiri peningaumsetning en þar, og afleiðingarnar þekkti hann þar betur en þingmaður Húnvetninga, því að í hinni sömu bók, er áður gat hann um, væri sagt frá því, að Englendingar ljeðu mönnum í Ameríku fje til að stofna banka, 6 miliónir, en er bankinn var kominn á stofn, tóku Englendingar sig saman um að heimta aptur fje sitt, til þess að steypa honum, en þá komu fram ótal menn, sem sögðu, að bankinn hefði hjálpað sjer, og lögðu fram fjeð allt á þrem vikum. Það væri ónáttúrlegt, að leyfa eigi mönnum að taka svo háa vexti af fje sínu, sem þeir gætu fengið, og það væri óheppilegt, er menn gætu eigi fengið lán, er þeim lægi á, en peningarnir lægju kannske á kistubotninum; þætti þingmanni Húnvetninga það betra? eða þætti honum æskilegt, að hindra gang peninganna um landið? Það væru mörg dæmi til þess, að menn hafi haft stórmikinn hag á að taka lán móti hárri rentu; ef maður t. d. hefði reiknað út, að hann með vissum jarðabótum gæti unnið 20%, og hefði eigi peninga til að koma þeim fram, væri honum þá eigi betra að fá lán jafnvel með 10%? Í því að binda leiguburðinn lægi stór apturför, og hann vildi spyrja þingmann Húnvetninga, hvort honum sýndist eiga við, að löggjafarþing ræki landið aptur á bak? Hann væri alltaf með «okurrentu» á vörunum, þar væri víst sú grýla, sem hann vildi hafa til þess að fá aðra þingmenn með sjer móti frumvarpinu; annars hefði hann eigi skilið helminginn af ræðu hans, og gæti skeð, að hún hefði verið sjer of háfleyg (*Ásgeir Einarsson:* Hún skilst kannske í þingtíðindunum). Já, kannske hún skiljist líka svo, að þingmaðurinn fái lítið lof fyrir að hafa viljað halda þessum ófrjálslegu böndum á þjóðinni. Hann teldi það eins gagnlegt og nauðsynlegt, að menn gætu fengið peningalán, eins og að menn fengju hjá kaupmönnum lánað bæði mat og klæði (*Ásgeir Einarsson*: Og lækningu, þar sem hún fæst bezt); hann skildi ekkert í þingmanni Húnvetninga, svo greindum og góðum manni, að vera að ota fram þessari grýlu. Okurrenta þekktist eigi í öðrum löndum, svo sem Ameríku og Þýzkalandi (*Magnús Stephensen*: Þekkir þingmaðurinn lögin í þessum löndum?) Peningar gengju þar eins

og önnur vara, sem stundum væri í lágu verði, stundum í háu.

Stefán Eiríksson kvað mál þetta hafa orðið drjúgt til umræðu, þó frumvarpið væri í aðalofni ekki nema hálf lína, en þrátt fyrir þær löngu ræður, er haldnar hefðu verið, hefði hann þó eigi sannfærzt um, að það væri hagfellt fyrir landið, eða það mundi hafa þær góðu afleiðingar, er sumir hverjir ætluðu. Þingmaður Þingeyinga hefði verið að prjedika um það, hversu mikill hagur þetta væri fyrir fátæklinga, en hann kvaðst vilja spyrja hann að, hvað þeir ættu að láta í rentu, hvað þá heldur, ef hinir efnaðri fyndu upp á því, að taka lán úr landssjóði og lána svo út aptur fyrir miklu hærri rentu, eins og þingmaðurinn hefði verið að tala um. Þingmaður Skagfirðinga hefði eigi viljað fella frumvarpið, af því það kæmi frá neðri deildinni. Fyrir sitt leyti hefði hann og getað aðhyllzt það, eins og það kom fyrst þaðan, en eins og það nú væri, mundi neðri deildin varla fallast á það, þar sem tilgangur hennar hefði þó verið, að koma í veg fyrir, að leiguburður af landssjóðs fje yrði eigi hærri en 4½%, en nú væri búið að fella úr frumvarpinu þá grein, og því væri það óhafandi, og vonaði hann því, að deildin felldi það.

Forseti skaut þá til deildarinnar, hvort mál þetta mundi eigi nógsamlega vera rætt, og bar því næst sjálft frumvarpið upp til atkvæða, og var það þá fellt með 6 atkvæðum gegn 4.

LXV. SKIPTING SÝSLUFJELAGS.

Frumvarp til laga um að skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö sýslufjelög. Frá Þórarni Böðvarssyni, 2. þingmanni Gullbringusýslu. Sjá I 240.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 49. fundi, 19. ágúst.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Þetta sama mál, sem hjer liggur fyrir, var ýtarlega rætt hjer á þingi 1877, og ætla jeg óþarft að lýsa því fyrir þeim, sem á þingi voru þá, en sökum þeirra, sem nýir þingmenn eru, skal jeg geta þess, að ástæðan fyrir því, að gjöra Kjósar- og Gullbringusýslu að tveim sýslufjelögum, sem sje Kjósarsýslu að sýslufjelagi sjer, og Gullbringusýslu að sýslufjelagi sjer, er sú, að sínir búnaðarhættir eru í hvorri sýslu, og að Kjósarsýsla, sem er miklu minni og fólksfærri en hin, telur miklu fleiri tíundarbær hundruð að tiltölu bæði í fasteign og lausafje, en hin sýslan; fellur því allt gjald til sýslufjelags, sem lagt er á tíundir, það þyngra á Kjósarsýslu en Gullbringusýslu, að Kjósarhreppur, sem ekki er stór, ber jafnt hinum stærsta hreppi Gullbringusýslu. Jeg get ekki álitið þörf á, að mæla fleira með frumvarpi þessu, meðan því er ekki mótmælt af neinum, en legg það til, að það gangi til 2. umræðu.

Var þá gengið til atkvæða og málinu skotið til 2. umræðu með 15 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 53. fundi, 21. ágúst.

Varaforseti: Jeg vil spyrja flutningsmann, hvort frá sýslunefndinni hefur komið fram nokkur ósk um þetta mál, því að mjer finnst hún eiga að hafa atkvæði í þessu máli. Það sem þessu máli var til fellis 1878, var, að undirbúning vantaði, og nú hefur flutningsmaður ekki enn komið með neinar skýrslur um atkvæði sýslunefndarinnar. Jeg skil ekki, að það sje góð regla, að hjeraðamál sjeu borin inn á þing, án þess að álit sýslunefndarinnar liggi fyrir.

Flutningsmaður: Jeg vil svara varaforseta því, að svo óheppilega vill til, að jeg hef ekki sýslunefndarprótókollinn við hönd-

ina, en jeg man ekki betur, en að þetta mál hafi komið fyrir sýslunefndina, en af því jeg hef ekki fyrir greinilegar skýrslur, þá þori jeg ekki að fara með þetta. Varaforseti man án efa, að þetta mál var ýtarlega rætt 1877, og því virðist ekki þurfa miklar umræður nú, og vona jeg deildin láti málið ganga til 3. umræðu.

Varaforseti: Jeg verð að segja að það er undarlegt, þegar þetta mál einu sinni hefur verið fellt, af því vantaði upplýsingar, að flutningsmaður skuli nú aptur koma með þetta frumvarp, án þess að sýna þinginu þá virðing, að koma með upplýsingar um, hvort þetta mál hefur verið rætt á sýslufundi, hvort fleiri atkvæði hafa verið með þessu, en móti; á meðan þær skýringar ekki liggja fyrir, er ómögulegt að samþykkja þetta.

Flutningsmaður: Jeg kannast ekki við, að jeg hafi sýnt nokkurn skort á virðingu fyrir deildinni; jeg vil gjarnan sýna henni alla virðing og ekki misbjóða henni í neinu, og því er jeg fús til við 3. umræðu að sýna þá eptirlátsemi, að láta í tje allar þær upplýsingar, sem mjer er unnt.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. gr. samþykkt með 11 atkvæðum.
2. — — — 11 ——
3. — — — 13 ——
4. — — — 13 ——

Málinu skotið til 3. umræðu með 14 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 57. fundi, 23. ágúst.

Flutningsmaður: Þessu máli hefur hingað til verið tekið svo vel af deildinni, að jeg ímynda mjer ekki, að ástæða sje til að mæla margt fram með því. Við 2. umræðu minntist einn þingmaður að vísu á það, hvort þessu máli mundi hafa verið hreyft á sýslufundi, og vil jeg þá geta þess, að báðir þingmennirnir úr Gullbringu- og Kjósarsýslu upplýstu það í hitt eð fyrra, að þetta mál hefði þá verið rætt á sýslunefndarfundi, og frekari skýrslu get jeg ekki gefið. Mjer hefur verið borið á brýn, að jeg sýndi þinginu ókurteisi, en jeg vil minna á, að þessi sama ókurteisi var sýnd þinginu, þegar skipting Þingeyjarsýslu og skipting Skaptafellssýslu í 2 sýslufjelög lá fyrir þinginu; þessar skiptingar höfðu ekki verið ræddar á sýslunefndarfundum, og þó samþykkti þingið þær. Þess vegna var engin ástæða til að bera þetta upp fyrir sýslunefnd; en aðalástæðan, sem jeg hafði til þess ekki að bera þetta undir sýslunefnd, voru orð 1. þingmanns Gullbringusýslu 1877, sem standa skrifuð í Alþingistíðindunum 1877 10. hepti bls. 396, svo hljóðandi: «Grímur Thomsen kvaðst geta verið samdóma flutningsmanni um það, að mál þetta hefði ekki þurft að koma til umræðu á sýslunefndarfundi». Þegar jeg leit þetta, furðaði mig sannarlega á, að þetta er sami þingmaðurinn, sem nú heimtar ákaflega álit sýslunefndarinnar um þetta mál. Jeg vona, að bæði hann og aðrir þingmenn verði mjer nú samdóma um, að þetta er ekki svo mikil ókurteisi af mjer, þó jeg komi með þetta mál, án þess að hafa meðferðis álit sýslunefndarinnar, og að þeir að minnsta kosti huggi sig við það, að sama ókurteisi hefur þinginu verið sýnd í 2 öðrum málum samkynja.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst nokkur atriði íhugunarverð í þessu máli. Fyrst er það, hvort haganlegt er að sundra kröptunum, eða hvort ekki þvert á móti er haganlegt að reyna að sameina þá. Einn hreppur er minna fjelag en sýsla, og megnar því minna en sýslufjelagið allt. Þegar sýslufjelagi þessu er tvískipt, þá er hætt við, að framkvæmdirnar verði smáar, og það er auðvitað, að það er ekki sá fjelagsskapur hjer á Íslandi, að þörf sje á að tvístra kröptunum. Annað atriðið er það, hvort það er ósk þeirra manna, sem hlut eiga að máli, að sýslufjelaginu verði skipt,

Hjer liggur ekki fyrir nein beiðni um þessa skipting, hvorki frá sýslunefndinni nje neinum öðrum hlutaðeigendum. " Vorið 1877 var þetta mál rætt á sýslunefndarfundi, en úrslitin urðu, að málinu skyldi frestað. Síðan hefur málinu ekki verið hreyft, og því væri það að veita það, sem enginn hefur beðið um, ef þingið samþykkti þetta frumvarp. Það gæti, ef til vill, verið haganlegt nú í svipinn fyrir Kjósarsýslu að losast við Gullbringusýslu, en ekki þarf að verða mikil breyting til þess, að það verði einmitt hagur fyrir Gullbringusýslu, að losast við Kjósarsýslu. Mjer finnst því sjálfsagt að fella málið, þar eð allan undirbúning vantar, og jeg álít þessa skipting ekki einungis óþarfa, heldur jafnvel skaðlega.

Varaforseti: Þetta mál var fyrir þingi í hitt eð fyrra, og lyktaði svo, að þingið hafnaði því. Jeg bað hinn háttvirta framsögumann um daginn að gefa þinginu skýrslur um, hvað gjörzt hefði á sýslunefndarfundum í þessu máli. Þær upplýsingar vanta enn; en jeg hef leitað þessara skýrteina og get sýnt þau hjer; því síðan 1877 (15. maí) hefur málinu alls ekki verið hreyft á sýslufundi, Á fyrra þingi bað framsögumaður málsins mig að bera það upp eða þá að vera því ekki mótfallinn. Jeg vildi hvorugt. Jeg álít Kjósarsýslu of litla til að vera sýslufjelag. Vera má, að hún verði þyngra úti að tiltölu en Gullbringusýsla í slæmum árum, en jeg hygg hið gagnstæða eigi stað, þegar í ári batnar, og einmitt nú virðist árferði og búnaður þar vera að hjarna við eptir fiskileysisár og fjárfaraldur. Um skipting Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu er allt annað mál, þær eru afar víðlendar og erfiðar sýslur; þar geta 30—40 dagar gengið til þess að sitja á sýslufundi. En hverjir örðugleikar eru hjer? Hjer getur nefndarmaður, ef hann vill, farið heiman að og heim sama dag og hann situr á sýslufundi. Ekki veit jeg heldur til, að þessi skipting sje almennings vilji, fremur nú en 1877, enda engin beiðni komið frá stærri sýslunni. Jeg ræð því frá að málið fari lengra.

Flutningsmaður: Þingmaður Reykvíkinga ætla jeg að varla hafi skilið sínar eigin röksemdir, enda fundust mjer þær alls engar vera. Jeg ætla hitt, að ómögulegt sje að sanna, að sýslur þessar verði veikari, hvor um sig, ef þær eru aðskildar; jeg hygg hitt sje víst, að því minni sem sýsla er, því betur stendur hún sig. Af sýslufundum er í þessu máli ekki mikils að vænta nje miklar ályktanir að draga. Um erfiðleika talar enginn; ástæðurnar eru aðrar, þær eru fólgnar í hinum ólíka atvinnuvegi, búnaði og efnahag sýslanna. Jeg tók áður fram, að sá minnsti hreppur í Kjósarsýslu borgar í landssjóð jafnt og stærsti hreppur Gullbringusýslu. Það er og djarft að segja, að engar bænir eða óskir liggi hjer fyrir, eða þekkir meðþingmaður minn þær ekki? Varð hann engra óska var 1877 um þetta? Að kalla mál þetta óundirbúið, er að tala af handa hófi; málin um skipting hinna sýslnanna ætla jeg hafi verið minna undirbúin; að minnsta kosti var hvorugt þeirra borið undir sýslufund. Varaforseti kvað Kjósarsýslu of litla, og var hræddur um, að svo lítil sýsla mundi eigi þola sinn eigin þunga, en ætli hún beri betur meiri þunga? Hann heldur ástandið í stærri sýslunni sje töluvert að batna. Jeg skal játa, að viss deili eru til þess, en ekki svo að það breyti hlutföllum þeim, sem hjer er um að ræða, ólíkum atvinnuvegum og eignarháttum, enda er verið að tala um, að Gullbringusýsla sje að tiltölu miklu ríkari, en að hún þó gjaldi minna að rjettu hlutfalli, sem partur sýslufjelagsins, Varaforseti minnti mig á það, að beiðni hefði komið frá báðum hinum sýslunum, sem aðskildar hefðu verið, en ekki nema frá annari sýslunni hjer. Úr Suðurþingeyjarsýslu kom engin bænarskrá. Úr Gullbringusýslu er að vísu engin bæn

komin, en ætla má, að jeg, sem bý í henni, þekki nægilega til, svo jeg megi bera um það, að þessi skipting er líka vilji margra Gullbringusýslubúa.

Varaforseti: Hvað hinar sýslurnar snertir, þá hef jeg tekið fram, að þar er enginn samanburður; þær eru aðgreindar sakir erfiðleika náttúru og landshátta; sá sem býr á Langanesi þarf 42 daga til og frá á sýslufund, sem haldinn er um bávetur á vestari sýslumótum. Þingmaðurinn man, að mótbárur mínar voru binar sömu 1877 sem nú, Mjer skildist, sem þingmaðurinn meinti, að jarðir í Kjósarsýslu væru hærra metnar en jarðir í Gullbringusýslu (*Flutningsmaður*: Það sagði jeg ekki!); en hið gagnstæða á sjer stað; fasteign sjávarjarða er ákaflega hátt metin, eins og þingmaðurinn sjálfur veit, og miklu hærra en í Kjósarsýslu, og einmitt þetta jafnar ójafnað þann, sem lausafjártíundin kann að valda. Að öðru leyti ætla jeg hinni háttvirtu deild að geta skilið þetta mál, og treysti henni til að skera rjett úr því með atkvæðagreiðslu sinni.

Þegar hjer var komið umræðunum, kom ósk frá 8 þingmönnum um, að umræðunum yrði hætt, og voru þingmennirnir þessir:

Björn Jónsson,
Páll prestur Pálsson,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Þórður Þórðarson,
Guðmundur Ólafsson,
Arnljótur Ólafsson.

Var þessi ósk tekin til greina með atkvæðum meiri hluta þingdeildarmanna. Síðan var frumvarpið borið upp til atkvæða, og var það fellt með 11 atkvæðum gegn 7.

LXVI. BINDINDI.

Frumvarp til laga til styrks og útbreiðslu bindindis á Íslandi. Flutningsmaður Tryggvi Gunnarsson, 1. þingmaður Suðurmúlasýslu. I 487—489.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 59. fundi, 25. ágúst.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Mig undrar ekki, þótt hinir heiðruðu þingmenn spyrji, hvernig stendur á því, að jeg kem svo seint á tíma með þetta frumvarp, og vil jeg með fám orðum leysa úr því. Á síðasta þingi kom samkynja frumvarp frá kjósendum mínum, en svo seint, að jeg sá ekki fært að bera það fram þá, og eins hefur farið nú, að ósk hlutaðeiganda er komin til mín fyrir fám dögum. Efni frumvarpsins fer bersýnilega í góða og gagnlega stefnu, þá að hepta ofdrykkju í landinu, og ef frumvarpið hefði komið í tíma, og sjer í lagi hefði lestagjaldið ekki verið af numið á þessu þingi, þá hefði mjer þótt full ástæða til að mæla sem bezt fram með því. En þar landssjóðurinn hefur sínar aðaltekjur í víntolli, þá á jeg óhægt að mæla með því í þetta sinn, af því svo er áliðið þingtímann og ekki er hægt á þessu þingi að setja gjöldin yfir á nokkurn annan gjaldstofn. En hugsun þess verða allir þjóðvinir að vera meðmæltir, enda vona jeg, að hin heiðraða deild sýni frumvarpinu alla kurteisi, eða þó öllu fremur þeim heiðursmanni, sem það hefur samið, og sem manna mest hefur barizt fyrir bindindi; þessi maður er presturinn á Skorrastað, sem í ritum og ræðum lætur sjer hjartanlega annt um, að ofdrykkja mætti minnka á landi hjer. Jeg vona hin heiðraða deild lofi því málinu að ganga til 2. umræðu, og sýni með því, að hún meti mikils hina lofsverðu viðleitni höfundarins í þessu velferðarmáli lands vors.

Því næst var málinu vísað til 2. umræðu með 16 atkvæðum, en það kom ekki framar til umræðu.

LXVII. RJETTINDI BÚSETTRA KAUPMANNA.

Frumvarp til laga um rjettindi búsettra kaupmanna. Frá Grími Thomsen og Arnljóti Ólafssyni. Sjá I 241.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 40. fundi, 13. ágúst.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Það hefur lengi verið mín sannfæring, að oss bæri í löggjöf vorri að gjöra mun á þeim verzlunarmönnum, sem ættu hjer fastan bústað og bæru hjer súrt og sætt með oss, og hinum lausari verzlunarmönnum, sem eru að skoða sem aðskotadýr, og flytja óðar burtu aptur frá landinu með arð þann og ábata, sem þeir hafa dregið sjer með verzlun sinni hjer á hinum hentasta og bezta tíma ársins. Eins og hin heiðraða deild þegar hefur sjeð og skilið, á þetta litla frumvarp að koma fyrir frumvarp í líka stefnu, sem þingið samþykkti í hitt eð fyrra, en stjórnin neitaði að löggilda. Þessu frumvarpi mun hin heiðraða stjórn ekki geta hafnað, því allur munur er í Danmörku og öðrum löndum gjörður á stórkaupmönnum, er selja stórsölu, og smákaupmönnum, er selja smásölu. Að öðru leyti þarf jeg ekki að mæla með því nú, því það er öllum auðskilið, en vona, að það gangi strax til 2. umræðu.

Guðmundur Einarsson kvað svo liðið á þingtímann, að bæði væri til tafar að taka þetta mál, og tilgangslaust, þar eð það yrði ekki búið í þinglok.

Flutningsmaður taldi það engan tímaspilli, þó frumvarpið gengi til 2. umræðu; hann kallaði það ekki kristilega tillögu hjá þingmanninum, að synja því að ganga beinustu leið.

Halldór Kr. Friðriksson kvað það ef til vildi miður kristilegt verk, að neita umræðu um málið, en athugandi væri, að svo mörg mál lægju fyrir, og þau hefðu forgangsrjett; og enginn tími væri til nýrra mála. Þetta frumvarp hefði átt að koma fyrri.

Flutningsmaður kvað það ekki sjer að kenna, enda væri ½ mánuður, síðan frumvarpinu hefði verið útbýtt meðal þingmanna.

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða, og gekk frumvarpið til 2. umræðu með 16 atkvæðum.

Önnur umræða í neðri deild, á 43. fundi, 15. ágúst.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Með því að jeg veit eigi til þess, að neitt breytingaratkvæði sje komið við frumvarp þetta, og jeg man eigi eptir því, að neinar mótbárur hafi komið fram gegn því, þá ætla jeg eigi að fara neinum orðum um málið að svo stöddu.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti frumvarpið undir atkvæði deildarinnar, og fjellu þau þannig:

1. gr. samþykkt með 13 atkvæðum.
2. — — — 13 ——

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu. Málinu vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum.

Þriðja umræða í neðri deild, á 46. fundi, 18. ágúst.

Enginn tók til máls, og bar forseti frumvarpið undir atkvæði, en sökum óglöggvar atkvæðagreiðslu varð að við hafa nafnakall, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Björn Jónsson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,

Þórður Þórðarson.

Nei:

Guðmundur Ólafsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Páll prestur Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Benedikt Sveinsson var eigi viðstaddur. Var frumvarpið þannig samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

Fyrsta umræða í efri deild, á 46. fundi, 20. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I 474.

Eiríkur Kúld kvaðst vera hræddur við að samþykkja frumvarp þetta, eins og það lægi fyrir. Tilgangurinn væri auðsjáanlega sá, að fá sem flesta kaupmenn innlenda, og væri hann að vísu góður, en þá er breyta ætti eldri lögum, væri alltaf nauðsyn að hafa vissu fyrir því, að breytt væri til hins betra, en í þessu tilfelli þætti sjer það vafasamt, hvort svo væri, bæði af því, að það væri óhagræði fyrir bændur og aðra verzlunarmenn, og svo væri hægt að fara kring um lögin. Það væri öllum auðsætt, hvert óhagræði það væri fyrir bændur, ef kaupmenn útlendir kæmu á einhverja höfn hjer og seldu við lægra verði, en kaupmenn hjerlendir, að geta eigi átt viðskipti við þá nema í stórkaupum, er þeim fæstum væru mögu leg. En að fara kring um lögin væri auðvelt fyrir kaupmenn, með því að hafa að eins verzlunarstjóra hjer, þó að þeir væru sjálfir búsettir utanlands, og láta heita svo sem hann ætti verzlunina. Hann mundi því eigi gefa þessu frumvarpi atkvæði sitt, eins og það væri nú, en til þess, að breyta því til muna, mundi þurfa nefnd, en nú væri tíminn svo skammur eptir til þingloka, að varla væri til þess að ætlast, og vildi hann heldur ráða deildinni til að fresta málinu en hrapa að því að samþykkja þetta frumvarp neðri deildarinnar.

Jón Pjetursson kvað það vera ljóst, að frumvarpið miðaði til þess að koma upp innlendri kaupmannastjett, og það væri í öllum löndum viðurkennt, að «aktiv» verzlun væri hið bezta meðal til að efla framfarir hverrar þjóðar, en «passiv» verzlun væri öllum þjóðum til niðurdreps; vegna þess vildi hann ráða deildinni til að vísa málinu til 2. umræðu.

Ásgeir Einarsson sagðist vera í vafa, eins og þingmaður Barðstrendinga um þetta mál; tilgangurinn væri sá, að koma upp innlendri verzlunarstjett, og það væri gott og æskilegt, en það dygði eigi að bera Ísland saman við önnur lönd í þessu tilliti; það mundi aldrei verða neinn miðpunktur verzlunarinnar. Fyrst og fremst vildi hann leggja þá spurning fyrir lögfræðinga deildarinnar, hvort svipta mætti kaupmenn þá, er nú rækju hjer verzlun, þeim rjettindum, er þeir hefðu haft hingað til? Hann myndi eigi betur, en lög þau, er alþingi hið síðasta sendi konungi um líkt efni, hefðu eigi fengið staðfesting konungs vegna þess, að of nærri væri gengið rjetti kaupmanna. En nú skyldu þingmenn líta á, hvernig fari, er lög þessi öðlast gildi. Hann vildi setja, að á einum verzlunarstað væru 2 verzlanir útlendar og 1 borgari; nú gæti komið svo fyrir, að menn þyrftu að kaupa sjer einhverja smámuni, t. d. færi, ef færi hefði misszt hjá sjómanni, þá gæti hann eigi fengið það hjá kaupmönnunum, nema hann keypti svo og svo mörg, og ef borgarinn hefði það eigi til sjálfur, til að selja honum, yrði hann fyrst að kaupa af kaupmönnum, og selja síðan sjómanninum, og hvort þetta væri heppilegt, þætti sjer að minnsta kosti tvísýnt. Enn fremur væri mönnum kunn-

ugt, að á sumum verzlunarstöðum væru 2 verzlanir, þar sem varla gæti þrifizt nema ein; ef nú fleiri smákaupmenn bættust við, mundu þær þrífast því ver. Það væri einnig að gætandi, að frumvarp þetta væri samið áður en verzlunarmálið sjálft hefði gengið fram á þinginu, og þó að neðri deildin efalaust hefði lagað það nokkuð, þá þætti sjer samt mega bíða við, og reyna fyrst, hvort þau verzlunarlög, sem þingið hefur nú samið, kæmu eigi upp nógum smákaupmönnum, en taka eigi þetta stóra stökk allt í einu; og því fremur vildi hann ráða mönnum til þessa, sem hann væri sannfærður um, að fá mál hefðu komið frá þinginu jafn vandlega rædd og siglinga- og verzlunarmálið núna, og hann vonaði, að það yrði viðurkennt, að þingið hefði þar gjört þarflega rjettarbót.

Jón Jónsson sagði, að þó að frumvarp þetta væri athugavert, þá væru gallar þess eigi svo stórir, að þeir ættu að fella frumvarpið við fyrstu umræðu, og mætti ef til vill laga frumvarpið ef það kæmi í nefnd. Hann væri á sama máli og hinn 3. konungkjörni þingmaður um það, að æskilegt væri að fá innlenda kaupmenn, og þingið hefði áður viðurkennt það með því að senda frumvarp um það, sem þó ekki hefði öðlazt staðfesting konungs; en nú þætti sjer vel við eiga, að samið væri það frumvarp, sem stjórnin gæti fallizt á og þótt aðgengilegt; hann vildi því mæla fram með nefnd í málinu, og mætti þá svo fara, að nefndin eptir nákvæma íhugun málsins áliti frumvarpið aðgengilegt eins og það nú væri, og þó að breytingar þyrfti við það, sýndist sjer mega bregða frá þingsköpum til þess að láta það fá framgang á þessu þingi, þó lítið væri eptir af þingtímanum.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja leiða athygli 2. þingmanns Skagfirðinga að því, að ef nefnd yrði sett í málinu, þá mundi því eigi verða framgengt á þessu þingi, og það jafnvel eigi, þó að þingmaðurinn sjálfur með öllum sínum ötulleik og starfsemi kæmist í nefndina, því að málið þyrfti þá að ganga aptur til neðri deildarinnar, og til þess væri nú enginn tími. Fyrirsögn frumvarpsins væri óhafandi, með því að eigi væri tilgreint, hvar kaupmennirnir væru búsettir; eptir frumvarpinu gætu þeir eins vel verið búsettir erlendis sem hjer á Íslandi. En ef sami þingmaður treysti sjer til að útrýma öllum göllum úr frumvarpinu, er hann játaði að á því væri, án nefndar, þá væri nokkuð öðru máli að gegna.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um það, hvort kjósa skyldi nefnd í máli þessu, og var það fellt með 6 atkvæðum móti 2.

Því næst ljet hann ganga til atkvæða um það, hvort málið skyldi koma til 2. umræðu, og var það samþykkt með 6 atkv. Jón Jónsson stakk þá aptur upp á nefnd, en forseti kvað það mál útkljáð.

Málið kom ekki eptir það til umræðu.

LXVIII. STOFNUN BÚNAÐARSKÓLA.

Frumvarp til laga um stofnun búnaðarskóla frá Benedikt Sveinssyni, 1. þingmanni Árnesinga. Sjá I 205.

Fyrsta umræða í neðri deild; á 22. fundi, 26. júlí.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Það er viðurkennt af öllum, að það sje átumein lands vors, hve mjög landbúnaði hjer á landi er ábótavant, og hve illa hann er á sig kominn. Á hinn bóginn er það og viðurkennt, að framfarir í landbúnaði sjeu nú á seinni tímum farnar að hefjast, en þetta er því miður undantekning. Allir þekkja máltækið: «bóndi er bústólpi, bú er landsstólpi», og á spakmæli þetta hvergi betur

við en hjer á landi, þar sem engin millumstjett er, og allt er komið undir ástandi alþýðunnar. Það hefur margt og mikið verið rætt um, að koma upp búnaðarskólum hjer á landi, og hefur umtalið um það á þingi og utanþings orðið undirrótin af tilskipun 12. febrúar 1872 um stofnun búnaðarskóla á Íslandi. Jeg játa, að þessi tilskipun hefur aðra hugmynd í sjer fólgna, en frumvarp það, er hjer liggur nú fyrir. Í tilskipuninni er svo ráð fyrir gjört, að stofnaðir sjeu fáir búnaðarskólar, amtsbúnaðarskólar, og þá umleið í hærri stýl. En jeg álít, að fáir búnaðarskólar, sem mikið fje gengur til, sjeu óhentugri, en margir skólar, sem eru í minni stýl, og minna fje gengur til. Byggi jeg þessa skoðun mína fyrst og fremst á því, að jeg hygg, að þegar fáir eru búnaðarskólarnir, þá dragist fje það, er lagið er til búnaðarskólanna, á fáeina staði í landinu. Þá má svo að orði kveða, að skattskylda til skólanna hvílir á fjölda hjeraða, einstökum hjeruðum til gagnsmuna, sem njóta þess. Annað atriði er og það, er mjer þykir á móti því, að fáir búnaðarskólar sjeu settir, og það er, að með því fyrirkomulagi verður menntunin eigi eins almenn í landinu, og áhrif búnaðarskólanna breiðast ekki eins víða út. Þriðju ástæðu má nefna þá, að veðuráttа og landshættir eru svo ólíkir, að búnaður og jarðrækt er ærið mismunandi eptir því, hvar maður er á landinu. Þessar ástæður hafa komið mjer til þess, að koma með frumvarp þetta inn á þingið. Jeg skal einnig taka það fram, að ef það er rjett álitið af mjer, sem jeg hygg, að fjarska mikið fje muni þurfa til búnaðarskóla í þeim stýl, er tilskipunin 1872 ráðgjörir, þá mun þess næsta langt að bíða, að slíkir búnaðarskólar komizt á stofn með fje því, er gelzt í búnaðarskólagjaldið; enda er undarlegt, að safna ár frá ári fje, til þess að láta það liggja dautt og ávaxtarlaust. Auk þess gjöri jeg ráð fyrir, að fje þetta sje eigi nóg til að stofna marga smáskóla, hvað þá heldur til að stofna stóra búnaðarskóla. Búnaðarskólagjaldið, sem nú er safnað fyrir, mun eptir áætlun minni vera í suðuramtinu c. 750 krónur, í vesturamtinu 900 kr., og í norður- og austuramtinu 1316 kr. á hverja sýslu. Við þetta fje er ætlazt til eptir frumvarpinu að bætist hið árlega búnaðarskólagjald. En af því að jeg hef ímyndað mjer, að það kynni nokkuð að dragast enn, að búnaðarskóli væri settur á stofn í sýslufjelagi hverju, þá hef jeg í 4. gr. gjört ráð fyrir, að verja mætti fje því, er um er rætt í 2. gr., til þess að efla og útbreiða búfræði og jarðyrkju á kostnaðarminni hátt en með skólum; þegar búfræðingar t. a. m. fara að koma frá Möðruvallaskólanum, og setjast að í sýslufjelögunum, þá gætu þeir kennt þessar fræðigreinir og verklega þekking fyrir mjög lítil laun. Jeg vona, að deildin sjái, að mjer hefur gengið gott til með frumvarp þetta, og óska jeg, að málið verði látið ganga til 2. umræðu; en það er á deildarinnar valdi, hvort nefnd verður kosin eða ekki; mjer fyrir mitt leyti virðist málið svo einfalt og óbrotið, að þess sje ekki þörf, enda mætti laga galla þá, er á frumvarpinu eru, með breytingaratkvæðum.

Hjálmur Pjetursson: Jeg ímyndaði mjer, að ekkert frumvarp um að bæta búnaðinn mundi koma svo inn á þingið, að jeg eigi aðhylltist það; en þó er nú svo komið, að jeg get með engu móti aðhyllzt frumvarp það, er nú er um að ræða; sumt af innihaldi þess skil jeg ekki, og svo sýnist mjer allt vanta til þess að koma búnaðarskólum á fót, þótt færri væru en í hverri sýslu, og finnst mjer þetta mál vera langt of snemma upp borið; en einkum ofbýður mjer alveg, þegar jeg les 2. grein frumvarps þessa, og sje, að ætlazt er til, að sýslusjóðirnir leggi fje til búnaðarskólanna. Mjer sýnist því eigi nema um tvennt að velja, annaðhvort að frumvarp þetta sje nú þegar fellt eða þá

að sett sje nefnd í það, til að reyna að laga það, eða snúa því í einhverja aðra átt.

Guðmundur Ólafsson: Mjer þykir mál þetta mikilsvert, og óska jeg, að deildin athugi það sem bezt og vandlegast, og vildi jeg helzt óska, að nefnd yrði sett í það. Jeg er samdóma þingmanni Mýramanna um það, að nóg fje sje eigi fyrir hendi til að stofna svo marga skóla. Jeg held það væri nóg til að byrja með, að stofnað væri 1 prófbú í hverjum fjórðungi. Úr þessum búum gætu síðan orðið skólar, sem menn vissu betur hvernig ættu að vera, þegar reynsla væri fengin. Vjer verðum að feta oss smátt og smátt áfram í þessu efni. Allur landbúnaðarlærdómur hjá oss stendur, eins og nú er, á útlendum fæti, og ef það hefur þótt nauðsynlegt, þegar um lagaskólann var að ræða, að hafa lögfræðisbók á íslenzku, til að fara eptir, þá má virðast eigi síður nauðsynlegt, það er til búnaðarskólanna kemur, að jarðyrkjubók sje til á íslenzku. Reynslan ein verður að skera úr því, hvað hjer á bezt við. Vjer verðum að leggja spurningar fyrir náttúruna hjer, og þessar spurningar mega hvorki vera norskar, sænskar nje danskar, heldur sannarlega íslenzkar. Sjeu þær ekki þetta, þá fáum vjer ekkert áreiðanlegt svar. Svo er og þess að gæta, að engin gagnfræðiskennsla er enn komin á, nema það sje meining flutningsmannsins, að búnaðarskólarnir skuli eigi stofnaðir, fyr en einhverjir úr gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum fást til að kenna í þeim. Eins og frumvarpið liggur fyrir, get jeg ekki fallizt á það; mjer finnst það svo víðáttumikið. Jeg vil því mæla með, að frumvarpið gangi til 2. umræðu, og að nefnd verði sett til að athuga það.

Flutningsmaður: Þar sem þingmanni Mýramanna þótti ákvörðunin í 2. gr. svo voðaleg, þá skal jeg leyfa mjer að benda honum á, að það er sýslunefndin sjálf, sem ræður því, hvort gjaldi þessu er jafnað niður eða ekki. Hræðsla þingmannsins við álögurnar snýst því upp í hræðslu við vald og frelsi sýslunefndanna. En hvernig getur þingmaðurinn sannað, að búnaðarskólarnir sjeu gagnslausir, af því þeir kosti fje; heldur þingmaðurinn þá, að skólarnir eigi ekki að skapa eins mikið fje, eins og til þeirra gengur? Væri þetta hugmynd mín um búnaðarskóla, skyldi jeg vera á móti þeim, hvernig sem þeir væru lagaðir. En hitt er víst, að mörgu skólarnir kostnaðarlitlu, þeir borga sig margfalt betur og fyrri, en fáir búnaðarskólar kostbærir, og því er mitt frumvarp einnig að þessu leyti á rökum byggt.

Guðmundur Einarsson: Jeg vil hlynna að frumvarpi þessu, þó eigi eins og það liggur nú fyrir, heldur vil jeg að nefnd sje sett í það. Jeg álít það mjög hollt fyrfyrir landið, ef menntunarstofnun væri sett í hverja sýslu; en jeg vil eigi, eð það sjeu beinlínis búnaðarskólar, heldur menntunarstofnanir, sem hefðu fyrir augum að mennta unga menn í þeim greinum, sem nú er orðið óumflýjanlega nauðsynlegt að bera skyn á, eigi hinn ungi að geta heitið með aldrinum maður með mönnum. Þar sem þingmaður Mýramanna sagði, að sjer óaði við ákvörðun 2. greinar, þá get jeg sagt honum, að Húnavatnssýslubúar eru þegar farnir að skjóta saman fje til þess konar menntastofnunar, og sama er að segja um Dalasýslu, að þar er þegar ákveðin menntunarstofnun í líka átt. Það er eigi beinlínis skipað í lagafrumvarpi þessu, að niðurjöfnun á sýsluna skuli framfara, heldur koma lögin hálfa leið á móti þeim sýslum, er kynnu að vilja framleggja fjeð, þegar kringumstæðurnar leyfa. Jeg er eindregið á því, að nefnd sje sett í mál þetta.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil styðja mál þetta af alefli. Mjer virðist nauðsynlegt og sjálfsagt, að búnaðarskólar verði settir á stofn. En jeg verð að ætla betra, að nefnd

sje sett, til þess að hún geti kynnt sjer ýmislegt það, er máli þessu kemur við, t. d. um ástand búnaðarskólasjóðanna í amti hverju, einnig um það, hve mikið fje lagt verður til landbúnaðar í fjárlögunum, o. s. frv.

Páll bóndi Pálsson: Mjer virðist því miður, að eigi sje hægt að átta sig á frumvarpi þessu í fljótu bragði. Jeg efast eigi um, að tilgangur frumvarpsins er góður, og því vil jeg eigi heldur neita, að búnaðurinn sje aðalstoð og stytta landsins, og að því sje nauðsynlegt, að leitast við að bæta búnaðinn sem mest og styðja að framförum hans. En þar sem flutningsmaðurinn ætlast til, að hið fyrra búnaðarskólagjald sje tekið til að stofna skóla þessa, þá verð jeg að álíta, að til þess þurfi sjerstök lög, er breyti þeim lögum, er nú gilda um búnaðarskóla og búnaðarskólagjald, en þetta finn jeg hvergi í þessu frumvarpi. En það er til 2. greinar kemur, þá virðist mjer sú ákvörðun hennar mjög athugaverð, að sýslunefndin skuli að lögum jafna niður sýslusjóðsgjaldi á sýslubúa. Jeg verð að ætla að það sje næsta vafasamt spursmál, hve mikið vald sýslunefndin hefur til þess að jafna fje niður á sýslubúana; að minnsta kosti veit jeg til þess, að opt hefur orðið ágreiningur út af því. Jeg verð reyndar að vera á því, að farsælast sje, að búnaðarskóli sje stofnaður í hverri sýslu. En í 1. gr. stendur, að búnaðarskólarnir skuli stofnast svo fljótt, sem föng eru á, en jeg get vel hugsað, að sýslunefndunum kunni að þykja fyr föng á því, heldur en hinum öðrumsýslubúum. Jeg sje eigi, að tími sje til þess, að koma nú fram með frumvarp þetta, því að jeg hygg, að þingið verði fullhert með, að ljúka við að ræða þau frumvörp og uppástungur, er þegar er búið að leggja fyrir það, þótt eigi bætist við það; og tel jeg það illt, ef þetta frumvarp verður til þess, að tefja fyrir öðrum, sem þarfari eru; ætla jeg því ráðlegast, að frumvarp þetta bíði til næsta þings. Þar sem þingmaður Dalamanna sagði, að í ráði væri, að menntastofnun væri sett á fót í Húnavatnssýslu í þessa átt og það af samskotum sýslubúa, þá er þetta að nokkru leyti satt; því að sýslunefndin þar hefur að hálfu leyti kostað búfræðing til að ferðast í sumar um sýsluna til þess að leiðbeina mönnum í búnaði og ýmsum jarðabótum, en vafasamt þótti, hvort sýslunefndin hefði haft vald til að jafna kostnaðinum við það niður á alla sýsluna, og hefði sjálfsagt valdið meiri ágreiningi, hefði ekki hið heiðraða amtsráð undir eins samþykkt þessa ákvörðun sýslunefndarinnar og jafnframt látið í ljósi velþóknun sína yfir þessari ályktun hennar.

Flutningsmaður: Út af því, sem 2. þingmaður Húnvetninga sagði, að óvíst væri, hvort sýslunefndunum yrði heimilt að jafna fje niður á sýslubúa, þá skal jeg benda þingmanninum á 40. grein sveitarstjórnarlaganna, og mun hann þá ganga úr skugga um, að sýslunefndirnar mundu fá heimild til þessa samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, þegar frumvarpið yrði að lögum. Þar sem sami þingmaður sagði, að ákvörðun vantaði í frumvarpið um það, að hið eldra búnaðarskólagjald skyldi tekið til þess að stofna skólana, þá virðist þingmaðurinn ekki hafa lesið frumvarpið. Annars þykir mjer það sæta furðu, að bændur hjer í deildinni skuli verða til þess að andæfa á móti frumvarpi þessu, sem að minni hyggju er hið mest um varðandi mál fyrir þá.

Guðmundur Ólafsson: Jeg sting upp á 3 manna nefnd.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 13 atkvæðum.

Var nefnd síðan samþykkt með 10 atkvæðum, og þessir kosnir í hana:

Benedikt Sveinsson með 10 atkvæðum,
Guðmundur Ólafsson með 9 atkvæðum,
Hjálmur Pjetursson með 7 atkvæðum.

Nefndaráliti í máli þessu, sjá I 292—293, var útbýtt meðal þingdeildarmanna á 31. fundi, 6. ágúst, en eptir það kom frumvarpið ekki til umræðu.

LXIX. LAUN HREPPSTJÓRA.

Frumvarp til laga um laun hreppstjóra, frá Benedikt Sveinssyni, 1. þingmanni Árnesinga. Sjá I 79.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 12. fundi, 15. ágúst.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal eigi vera langorður um frumvarp þetta, meðan engar mótbárur koma fram gegn því. Jeg ætla að geta þess, að það er sannfæring mín, að mannlegt fjelag sje þá fyrst rjettilega skipað, þegar þeir, sem starfa í þarfir þess, fá hæfilega borgun fyrir vinnu sína. Það er skoðun mín og föst sannfæring, að hver sá, sem einhverja opinbera stöðu hefur á hendi, eigi að fá borgun, sem samsvarar erfiðleikum þeim, sem stöðunni er samfara. Og mælikvarðinn fyrir þessari borgun hlýtur að vera miðaður við arð þann, sem hlutaðeigandi gæti haft, ef hann eyddi þeim tíma í sínar þarfir, sem hin opinberu störf útheimta. Það er deildinni kunnugt, að það hefur lengi staðið til, að hreppstjórar fengju einhver laun fyrir störf sín. Þegar ríkissjóðurinn danski hafði forráð yfir fje voru, þá fór hið fyrverandi ráðgefandi þing vort fram á, að hreppstjórar hjer á landi fengju einhver laun úr ríkissjóði, af því að hreppstjórarnir voru þá, eins og þeir eru enn, lögregluþjónar, og því einn liður valdstjórnarinnar, jafnframt því sem þeir höfðu á hendi stjórn fátækramálefna, sem að vísu var annars eðlis. Hreppstjórarnir voru þá einnig undanþegnir gjöldum í konungssjóð, hinum svo kölluðu manntalsbókargjöldum. Sá starfi, að standa fyrir fátækramálefnum, er nú að vísu tekinn frá hreppstjórunum, samkvæmt hinum nýju sveitastjórnarlögum, en á hinn bóginn eru þeir líka með hinni nýju skattalöggjöf — jeg held ólöglega — sviptir þeim rjettindum, sem jeg nefndi, og voru laun þeirra sem hreppstjóra, ekki sem sveitarstjóra í fátækramálefnum. Þegar nú að svo vöxnu máli er gjört ráð fyrir, að semja nýja reglugjörð fyrir hreppstjóra, sem inniheldur margfaldan mjög vandasaman starfa fyrir þá, heimtar þá ekki rjettlætið, að þeir fái laun fyrir þennan starfa og hin misstu rjettindi. Landshöfðingi tók fram í gær, þegar fyrirspurn 2. þingmanns Árnesinga var rædd, að í ráði væri að koma með uppástungu í þá átt, er frumvarp þetta fer fram á, nefnilega, að hreppstjórar fengju laun, eptir því sem mjer skildist, sumpart úr landssjóði, sumpart úr sýslusjóði. Hann sagði, að hreppstjórarnir væru eigi embættismenn landsins í þeim skilningi, að þeir ættu að öllu leyti að launast af landssjóðnum, heldur væru þeir einnig umboðsmenn sýslunefndanna. En hvernig sem þetta er skoðað, þá verður það ofan á, að hreppstjórarnir hafa heimting á, að þeim verði veitt sanngjörn borgun úr landssjóði, sem allshendis nauðsynlegum embættismönnum, meðal annars til þess að halda uppi lögum og reglum í sveitunum. Jeg vona því, að deildin sje á þeirri skoðun, að þetta frumvarp sje á rjettlæti og sanngirni byggt. Hitt getur vel verið, að upphæðir þær, er frumvarpið til tekur, sjeu eigi heppilega valdar. Reyndar get jeg eigi ímyndað mjer, að tölurnar sjeu of hátt settar í sjálfu sjer, og þó að þessar upphæðir sjeu talsverður útgjaldaauki fyrir landssjóðinn, þá er það engin aðalmótbára, ef þær eru eigi of hátt reiknaðar sem sanngjörn borgun fyrir þann tímaspilli, sem hreppstjórarnir verða fyrir; því svo framarlega sem erfiði hreppstjóranna er eins margra króna virði og laun þau, er farið er fram á

í frumvarpi þessu, svo framarlega leggja lögin þessa sömu upphæð á herðar hreppstjórunum, sem eru í landinu, því tími og erfiði eru peningar. Á landinu eru sem sje 170 hreppar, og ef vjer setjum svo, að meðaltalið á launum hvers hreppstjóra sje 90 kr., þá mun launaupphæð allra hreppstjóra á landinu verða samtals hátt á 16000 krónur. Það er auðvitað, að þetta er mikil upphæð; en eins og nú er ástatt, er öll þessi upphæð lögð á 170 hreppstjóra í þarfir landsstjórnarinnar. Getur vor heiðraða þingdeild álitið rjett, að hreppstjórarnir einir beri gjald þetta, sem berast á af öllu fjelaginu, ef rjettlæti og sanngirnin rjeði. Nei! Jeg vona að minnsta kosti til, að deildin meðhöndli mál þetta með mannúð og velvilja, eins og 1. þingmaður Gullbringusýslu kemst svo opt að orði, og leyfi því að ganga til 2. umræðu. Ef mönnum lízt svo, þá hef jeg ekkert á móti, að nefnd sje sett í málið, og þá 5 manna nefnd.

Einar Ásmundsson: Í umræðu þeirri, er varð hjer í gær, út af fyrirspurn 2. þingmanns Árnesinga, ljet landshöfðinginn þá skoðun sína í ljósi, að hreppstjórarnir ættu fremur að launast af sveitarsjóði en landssjóði, með því að þeir væru fremur sveitaembættismenn en landsembættismenn. Jeg er að nokkru leyti á þessari skoðun landshöfðingjans, og að nokkru leyti á skoðun flutningsmanns; mín skoðun er, að bæði sveitirnar og landssjóður eigi að launa hreppstjórunum. Hreppstjórarnir hafa á hendi úttektir jarða og ýmislegt þess kyns, og að þessu leyti eru þeir sveitaembættismenn; þeir eru einnig lögregluþjónar; en það er eigi langt síðan, að alþingi samþykkti, að lögregluþjónarnir hjer í Reykjavík skyldu eigi framar fá laun af landssjóði, eins og verið hafði að undanförnu, heldur af sveitarsjóði Reykjavíkur. Ef þingið vill vera sjálfu sjer samkvæmt, verður það að láta sömu reglu gilda í öllum sveitum. Ef þessi sveit, Reykjavík, á að borga sínum lögregluþjónum, þá er eðlilegt, að hinar aðrar sveitir gjöri hið sama. En hreppstjórarnir eru líka landsembættismenn. Þeir safna til búnaðarskýrslna og semja þær, eins leggja þeir í tíund og semja tíundarskýrslur; þeir eru formenn í undirskattanefndunum, og að þessu leyti er sanngjarnt, að þeim sje eitthvað launað af landssjóði. Hvað þetta frumvarp snertir, þá er enginn sannfærðari en jeg um það, að flutningsmanni hefur gengið gott eitt til að bera það upp. En jeg get eigi fallizt á frumvarpið, eins og það er nú lagað. Þess ber að gæta, að í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar fyrir árin 1880—1881 er gjörð áætlun fyrir hina nýju skatta, er komu í stað hinna gömlu manntalsbókargjalda; fyrir ábúðarskattinum hafa hreppstjórarnir ekkert, og eigi heldur fyrir húsaskattinum; en við lausafjárskattinn og tekjuskattinn eru þeir aptur riðnir. Upphæð þessara tveggja síðast töldu skatta er áætluð þannig í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir þinginu, að lausafjárskatturinn muni nema 33000 krónum, en tekjuskatturinn 14000 krónum, sem verður til samans 47000 kr. Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, ætlazt til, að hreppstjórum sje launað fyrir að undirbúa innheimtu þessara skatta. Meðaltal launa þeirra, er hver hreppstjóri á að fá eptir frumvarpinu, mun nema 80—90 krónum, og verður því launaupphæð sú, er öllum hreppstjórum landsins í 170 hreppum er ætluð, 15—16000 kr., og nemur það 30—40% af upphæð skattanna eða fullkomlega 1/3 hluta þeirra. Jeg vil alls eigi telja það úr, að hreppstjórarnir fái sanngjörn laun fyrir fyrirhöfn sína, en jeg vil, að þessi laun komi sanngjarnlega niður og úr rjettri átt. Jeg mundi vera þess fús, að aukin væri borgunin fyrir ýmislegt það, er hreppstjórarnir gjöra, svo sem fyrir úttekt á jörðum o. s. frv., og ef til vill að

þeim væri ákveðin einhver þóknun af sveitarsjóði. Jeg er heldur ekki á móti því, að þeim sje lagt nokkuð úr landssjóði fyrir starf þeirra í undirskattanefndunum. En svo langt virðist mjer ekki eiga að fara, að þeir fái hjer um bil 1/3 hluta af sköttunum, heldur vissar «procentur» af sköttum þeim, er innheimtir eru í þeirra sveit; er það næsta sanngjarnt, með því að þeir hafa meira eða minna fyrir að semja skattaskýrslurnar, eptir því sem skattarnir eru meiri eða minni í hreppnum. Jeg vona, að flutningsmaðurinn misvirði ekki, að jeg kem með þessar athugsemdir. Jeg ætla að leyfa mjer að spyrja hann, hvort hann eigi vill taka frumvarp þetta aptur, og koma með annað nýtt, sem byggt er á eðlilegri og sanngjarnari grundvelli, því að enn er nógur tími til þess; ætla jeg það ráðlegri og betri aðferð, en að fara að setja nefnd í frumvarp þetta.

Flutningsmaður: Mjer finnst 1. þingmaður Eyjafjarðarsýslu vera á sama máli og jeg að mestu leyti í aðalhugsuninni. Aðalmismunurinn er í því fólginn, að þingmaðurinn segir, að hreppstjórarnir sjeu í þarfir sveitanna, en eigi landsins í heild sinni. Jeg ætla þá aptur að taka fram, að þeir auk annars verða að semja margs konar skýrslur í landsstjórnarinnar og landsins þarfir, og eru þar að auki formenn undirskattanefndanna. Eptir þeirri reglugjörð, sem nú er í undirbúningi og jeg hef sjeð, er þeim ætlaður margfalt meiri starfi í landsins þarfir en nú; þeim er t. a. m. ætlað að rannsaka sakamál, þangað til næst í sýslumenn, o. s. frv., og yrði það meira en heill Jónsbókarlestur, ef jeg ætlaði að fara að telja það allt upp. En þessi reglugjörð liggur nú því miður eigi fyrir. Þingmaður Eyfirðinga gat þess, að sama regla ætti að gilda fyrir hreppstjóra, það er laun þeirra snertir, sem fyrir lögregluþjónana í Reykjavík. En það getur eigi staðizt, því að lögregluþjónunum og þeirra starfa hjer í Reykjavík er allt öðruvísi varið en hreppstjóra upp í sveit. Jeg tek það enn fram, að mönnum kunni að þykja, þó það eigi sje, að töluupphæðir frumvarpsins sjeu heldur háar; jeg skal eigi gjöra kappræðu úr því; jeg er ekkert á móti, að þær sjeu miðaðar við sama mælikvarða sem þingmanninum fannst eðlilegastur. Aptur á móti álít jeg þess enga þörf, að jeg taki frumvarp þetta aptur, það er líka laust frá mjer, að taka upp á mig ábyrgð þingdeildarinnar að fella jafn rjettlátt mál, sem þetta er. Ef nefnd verður kosin í málið, þá getur hún lagt það til grundvallar, sem þingmaðurinn tók fram um málið, ef hún fellst fremur á hans skoðun en mína. Jeg ætla svo eigi að fara fleiri orðum um málið að sinni, en sting upp á, að nefnd verði kosin í það, og umræðu frestað.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er þess fullviss, að flutningsmaðurinn þekkir málsháttinn: »allur er jöfnuðurinn góður«. Fyrir því geng jeg að því vísu, að þegar flutningsmaðurinn hefur ákveðið laun sín handa hreppstjórum, þá hafi hann og hugsað um aðra sýslunarmenn í sveitum, sem engu minni starfa hafa á hendi en hreppstjórarnir, og þess vegna ættu og að fá engu minni laun. Þessir menn eru sveitarstjórarnir. Tilskipun 4. maí 1872 tekur fram öll þau mál, sem sveitarstjórarnir hafa nú á hendi, en hreppstjórarnir höfðu áður. Í 14. gr. er tekið fram, að þeir skuli eptirleiðis takast á hendur stjórn á fátækramálum hreppsins; í 15. gr. segir, að sveitarstjórar skuli hafa gætur á heilbrigðisásigkomulaginu í hreppnum; í 16. grein er ákveðið, eð sveitarstjórar skuli sjá um viðhald á öllum aukavegum, senda sýslunefndinni tillögur sínar um viðgjörð á sýsluvegum um hreppinn og jafna niður vegabótagjaldinu og standa skil á því; 17. grein mælir svo fyrir, að þeir sjái um fjallskil og ráðstafanir til að eyða refum; í 18. grein er þeim boðið að hafa á hendi umsjón um þinghús hreppsins og aðrar fast-

eignir, sem hann á eða hefur not af, t. d. kristfjárjarðir; og loks segir í 22. gr., að sveitarstjórar skuli leitast við að koma í veg fyrir húsgang og flakk, og að styðja að því, að góð regla eflist og viðhaldist í hreppnum. Þegar jeg nú tek heilbrigðismálin og þessa góðu siðsemisreglu, þá hafa sveitarstjórarnir í rauninni mestalla lögreglu í sveitafjelaginu á hendi, að undanskildu því, að hreppstjórarnir eru nokkurs konar handlangarar sýslumannanna, svo sem til að flytja flugumenn. Eigi eru hreppstjórarnir heldur úttektarmenn, nema í þeim hreppum, þar sem úttektarmenn eru eigi tilteknir. Þegar nú litið er enn fremur á það, að sveitarstjórarnir hafa á hendi stjórn fátækramála og fjárheimtu til allra sveitarmálefna, svo og sýslusjóðs- og þjóðvegagjalda, sem eigi getur til samans numið minna en 250—300 þúsundum króna um land allt, og að sveitanefndirnar fái ekki einn skilding fyrir allt þetta starf sitt, þá liggur nærri sú spurning, er það rjett og sanngjarnt að hreppstjórar fái frá 110—80 kr. í laun úr landssjóði, en sveitastjórarnir eigi einn eyri? Þessu er auðsvarað. En er það hentugt, er það holt, að sveitastjórar fái ómak sitt borgað í peningum? Nú er það þegnskylda hvers manns, að vinna vissan áratíma í þarfir mannfjelagsins endurgjaldslaust, og þessi starfi er hinn bezti fjelagskaparskóli, er hver maður getur gengið í. Sveitinni er og innanhandar, ef hún vill halda einhverjum dugnaðarmanni lengur í þjónustu sinni en hann er skyldur til, að launa honum úr sínum sjóði. Mjer virðist með öllu ótiltækilegt og ekki eiga að hafa það fyrir reglu, að eltast við að launa hvern starfa, þangað til komið er ofan í hið neðsta sveitafjelag, og hafa bæði í höfði og maga hálaunahugmyndina, og segja svo, að hreppstjórinn, sem eigi hefur helminginn að starfa móts við sveitarnefndirnar, eigi að hafa 80—110 krónur í laun, fyrir það að vera handlangari eða skósveinn sýslumannanna. Jeg hef ekki á móti því, að hreppstjórarnir fái dálitla þóknun; en þessi háu laun, sem frumvarp það, er hjer liggur fyrir, fer fram á, virðast mjer draga allt of mikinn dám af því, að þau komi frá hinum háu sýslumannalaunum, af því að hreppstjórarnir eru nánir og handgengnir sýslumanninum. Jeg get heldur eigi annað sjeð, en að hreppstjórarnir geti haft andlegt gagn af því, að hafa umgengni við aðra eins menn og sýslumennina; þeir gætu gengið í lögfræðisskóla hjá sýslumönnunum, ef þeim væri það hugleikið, og ætla jeg að sú fræði sje á við nokkrar krónur. Í einu orði sagt, jeg álít skaðlegt að koma þeirri hugsun inn í menn og ala hana hjá þeim, að þeir skuli hvorki víkja hendi nje fæti í þarfir fjelagsbræðra sinna nema fyrir fullt eða enda tvöfalt endurgjald. Slík hugsun gjörir hvern mann ófjelagslegan. Það eru og enn þá nokkrar skýrslur, sem eigi er ákveðið um, hvort hreppstjórinn eða sveitarstjórnin skuli hafa á hendi; vil jeg taka til dæmis skrá yfir verkfæra menn. Í ýmsum sýslum norður- og austur-umdæmisins hafa prestarnir samið þær, og þeir einir vita bezt aldur manna. Eigi er heldur ákveðið hver flytja skuli sveitarómaga. Verið getur, að það eigi hreppstjórarnir að gjöra, en það er þó eigi lögákveðið. Það er því mitt álit, að ef nokkrum eigi að launa, þá eigi miklu fremur að launa sveitanefndunum en hreppstjórunum; en mjer virðist miklu hentast, að hvorugum eigi að launa, nema með aukatekjum.

Flutningsmaður: Jeg ætla ekki að svara mörgu í hinni löngu ræðu 1. þingmanns Norðurmúlasýslu; því einu, að þar sem þingmaðurinn áleit, að hreppstjórarnir væru ekki annað en þjónar sýslumannanna, þá ætla jeg að vísa honum á reglugjörðina fyrir hreppstjóra, sem nú er, því væru hreppstjórarnir skoðaðir sem þjónar sýslumanna í þeim skiln-

ingi, sem þingmaðurinn meinar, þá hlyti sýslumennirnir að hafa vald til að semja reglugjörðina. Hitt er aldrei nema satt í sjálfu sjer, að hreppsnefndirnar vinna mikið fyrir ekki neitt; en af því verður eigi dregin sú regla, að hreppstjórarnir eigi engin laun að fá úr landssjóði, þó hreppsnefndirnar fái engin laun og eigi engin laun að fá úr þeim sjóði, því hver á við sinn sala.

Þorlákur Guðmundsson: 1. þingmaður Eyfirðinga stakk upp á því, að betra væri, að hreppstjórarnir fengju vissar prósentur af sköttum þeim, er þeir innheimta í sveitunum. En það ímynda jeg mjer að mundi verða óvinsælt ef hreppstjórarnir gengju eptir sköttunum að eins til þess að hækka sínar tekjur. Prestarnir geta gjört mikið til þess að betur sje tíundað, enda er það þeirra skylda að vaka yfir siðferði manna í söknum sínum. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að hreppstjórarnir væru þjónar sýslumannanna, og gætu fengið andlega menntun af því að umgangast sýslumennina; en það hef jeg aldrei heyrt fyr, að sýslumennirnir sjeu andlegrar stjettarmenn. Það er gott, ef prestarnir gætu lifað af þeirri andlegu menntun, sem þeir hafa af því að standa undir prófasti og biskupi. 1. þingmaður Norðurmúlasýslu segir það satt, að verkahringur hreppstjóra og hreppsnefnda er mjög svo óákveðinn og það hef jeg áður tekið fram að er öllum hlutaðeigendum til skaða. Launaupphæðir þær, er frumvarpið fer fram á, eru svo lágar sem unnt er, ef þær eru bornar saman við laun annara embættismanna. Sýslumannalaunin eru vissulega eigi of há, og mun þess sízt að vænta, að þeir geti launað hreppstjórunum af launum sínum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg held að flutningsmaðurinn haldi vel mikið með hreppstjórunum, en 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sje þeim eigi nægilega góður. Staða hreppstjóranna er svo löguð, að annaðhvort verða þeir sjálfir að vera vel að sjer, eða þá að eiga kaup við einhvern þann, sem er vel að sjer. Það er satt, sem 1. þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að hreppsnefndaroddvitinn hefur mikið starf á hendi; en það er af löggjafanum álitin borgarleg skylda, að hann gegni þessum starfa sínum kauplaust; en því er eigi þannig varið með hreppstjórana. Mjer virðist sanngjarnt að hreppstjórunum komi einhversstaðar laun frá, einkum nú, þar sem þeir eru sviptir undanþágum þeim, er þeir áður höfðu, sem sje að mega vera lausir við að greiða manntalsbókargjöldin. Hitt virðist mjer meira spursmál, hvort menn eigi að vera stórtækir á fje úr landssjóði, og það því fremur, sem hin fyrirhugaða reglugjörð fyrir hreppstjóra, er enn eigi samin, því að vera má, að þeim þar verði ákveðin borgun fyrir störf sín. Annars virðist mjer heppilegast, að samin væri aukatekjureglugjörð fyrir hreppstjórana, því að mjer finnst það of snemmt að fara að ákveða þeim föst laun nú þegar, áður en búið er afmæla og fast ákveða verkahring þeirra.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 18 atkvæðum. Því næst var samþykkt með 12 atkvæðum, að setja 3 manna nefnd í málið og voru þessir kosnir:

Benedikt Sveinsson með 15 atkvæðum,
Arnljótur Ólafsson með 10 atkvæðum,
Einar Ásmundsson með 9 atkvæðum.

Nefndin í máli þessu kom aldrei fram með neitt álit, og kom málið því ekki optar til umræðu.

LXX. STEFNUFRESTUR TIL HÆSTARJETTAR.

Frumvarp til laga um stefnufrest í

einkamálum, sem skotið er frá yfirdómi Íslands til hæstarjettar. Frá Jóni Pjeturssyni, Bergi Thorberg og Magnúsi Stephensen. Sjá I 202.

Fyrsta umræða í efri deild, á 22. fundi, 26. júlí.

Magnús Stephensen kvaðst vona, að ástæðurnar fyrir frumvarpi þessu sýndu nógsamlega, að hjer væri um nauðsynlega rjettarbót að gjöra. Öllum væri kunnugt, hve mikill dráttur yrði á málum þeim, sem skotið væri til hæstarjettar frá yfirdóminum, sakir hins langa stefnufrests, þar sem stundum gætu liðið mörg ár fyr en þvílíkum málum væri lokið. En með þessu frumvarpi væri farið fram á að stytta þennan frest svo, að munaði að minnsta kosti um hálft ár; þannig að mál, sem nú væri fyrir, gæti eptir frumvarpinu orðið tekið fyrir 1880, en annars eigi fyr en 1881.

Jón Jónsson sagðist vera því samdóma, að mál þetta gengi til 2. umræðu, en væri þó hinsvegar í vafa um það, hvort nú væri ástæða til að breyta lögunum um hæstarjett, því það væri kunnugt, að margir óskuðu að gjöra dómsvaldið hjer á landi alveg innlent, annaðhvort með því að innleiða kviðdóma, eða með því að efla þá embættismannadóma, sem vjer nú höfum. Hann væri kviðdómum hlynntur meðal annars af því, að varla yrði mögulegt öðruvísi en með þeim að aðgreina hið umboðslega vald frá dómsvaldinu.

Eiríkur Kúld sagðist eigi vera lögfróður, en þó eigi sjá betur, en að frumvarp þetta leiddi til mikilla bóta. Þar sem þingmanni Skagfirðinga eigi hefði þótt nein þörf á frumvarpi þessu, af því að innleiða ætti nú þegar hjer á landi kviðdóma, þá kvaðst hann vilja spyrja hann að, með hvaða pósti hann hefði frjett, að þetta væri þegar komið í kring, því fyrir sitt leyti yrði hann að segja, að hann hefði ekkert um það heyrt eða sjeð, hvorki í blöðunum nje annarstaðar.

Jón Jónsson sagði að meira en 30 ár væru síðan, að uppástunga hefði komið fram um að innleiða kviðdóma. Það hefði optar að vísu lítið verið rætt um það á síðari tímum, sem og eðlilegt væri, þar slíkt eigi væri allra meðfæri, og menn vissu, að málið væri í undirbúningi í öðrum Norðurlöndum sjer í lagi í Danmörku, þar sem í fyrra kom út ýtarlegt álit um, hvernig þessari mikilvægu breytingu yrði komið á. Þar að auki vildi hann benda þingmanni Barðstrendinga á, að í flestum þeim stjórnarskrárfrumvörpum, er kæmu frá hinu ráðgefandi þingi, væri gjört ráð fyrir, að kviðdómar kæmust á.

Magnús Stephensen sagði, að sjer þætti þingmaður Barðstrendinga eigi lesa blöðin rækilega, því eigi væri langt síðan, að mjög ýtarleg grein um kviðdóma hefði staðið í «Ísafold», og hefði hann lesið þá grein, mundi hann ekki hafa gleymt henni; einnig hefði stjórnin sjálf veitt einum manni fyrir skömmu síðan styrk til þess að ferðast um England til þess að kynna sjer kviðdóma þar. 2. þingmaður Skagfirðinga hefði tekið fram, að í stjórnarskránni væri dómsvaldið ekki aðgreint frá umboðsvaldinu, en hann vildi benda þingmanninum á 1. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem þetta væri gjört með berum orðum. Að öðru leyti væri þingmaðurinn sjer samdóma í því, að undirbúningur um það mál væri mjög erfiður, og mundi, ef til vildi, ekki síður hjer en í Danmörku vara í 30 ár eða lengur; og sýndist sjer því skynsamlegast að bíða, þangað til búið væri að koma á kviðdómum annarstaðar á Norðurlöndum, og sjá, hvernig þeir reyndust þar, áður en hjer væri farið að hugsa um það. En að öðru leyti kæmi spurningin um kviðdóma þessu máli alls ekki við.

Síðan var málinu skotið til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild, á 24. fundi, 29. júlí.

Landshöfðingi kvað sjer þykja frumvarpið haganlegt og vel samið, og vildi hann því mæla sem bezt með því; enn fremur vildi hann geta þess, að þar sem frumvarp þetta færi fram á breyting, er bæði snerti Ísland og hæstarjett, þá væri nauðsynlegt að útvega sömu ákvarðanir frá löggjafarvaldinu í Danmörku; en hann efaðist ekki um að stjórnin sæi fyrir því, áður en hún löggilti frumvarpið.

Jón Jónsson kvaðst hafa hreyft þeirri spurningu við fyrstu umræðu málsins, hvort mál þetta væri tímabært. Sjer hefði þá skilizt svo á orðum hins 5. konungkjörna þingmanns, að hann væri sjer samdóma um það, að mikil breyting stæði fyrir dyrum í dómsmálum Íslands, einkum í því, að líkur væru til, að kviðdómar kæmust á innan skamms; þó hefði hann tekið fram tvö atriði, sem ástæðu fyrir því, að vald hæstarjettar myndi enn eiga langan aldur hjer á landi; hið fyrra hefði verið það, að undirbúningur undir, að kviðdómar kæmust á mundi verða alllangur og hefði hann jafnvel nefnt um 20 ár; hið síðara hefði verið það, að honum þótti nauðsynlegt, að kviðdómar fyrst kæmust á í öðrum löndum, áður en þeir voru innleiddir hjer. Hvort þessar ástæður þingmannsins væru á rökum byggðar, þætti sjer vafasamt, því hvað undirbúninginn snerti, mætti hafa hjer á landi mikil not af því, sem í þessu tilliti væri gjört annarsstaðar, einkum í Danmörku, er að mestu leyti hefði sömu rjettarfarslög og vjer. En alls engin ástæða gæti verið til að draga kviðdómamálið hjer á landi eptir því, að það hefði framgang annarsstaðar, heldur þætti sjer þvert á móti eiga betur við, að kviðdómar kæmust fyr á hjer á landi en annarsstaðar á Norðurlöndum, og væru til þess tvær ástæður; hin fyrri sú, að hjer væri vegna strjálbyggðarinnar meiri þörf á þessu fyrirkomulagi, og hin sú, að eptir dómi lögfræðinga væri Ísland hið eina land á Norðurlöndum, sem í fornöld hefði haft líkt fyrirkomulag, og nú væri á hinum ensku kviðdómum, og því þætti sjer nú eiga bezt við, að það gengi á undan með að taka upp aptur þetta fyrirkomulag. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að dómsvaldið hjer á landi væri aðgreint frá umboðsvaldinu eptir 1. gr. stjórnarskrárinnar; en hann hlyti að vita, að þessi greining væri að eins í orði kveðnu; því að hver, sem nokkuð þekkti til dómsmála vorra, hlyti að vita, að allir dómstólar í landinu, nema yfirjetturinn, væru nákvæmlega sameinaðir umboðsvaldinu. Þingmaðurinn hlyti að vita, að 53. gr. í frumvarpi því, er kom frá þinginu 1873, og fór fram á að þessi greining yrði gjörð, var eigi tekin upp í stjórnarskrána, en það var eigi þjóðinni að kenna, heldur fannst ráðgjafanum eigi ástæða til að taka þetta fram meðan eigi væri vissa fyrir, hvenær kviðdómamálið fengi framgang. Sjer skildist á þingmanninum, að hann væri sjer samþykkur í því, að ef þessi greining væri gjörð, væri það sama og að koma hjer á kviðdómum, enda þætti sjer nú eigi verða hjá því komizt, að fá alþýðu hlutdeild í dómsvaldinu, eins og hún þegar hefði fengið hana í löggjafarvaldinu og umboðsvaldinu. Landshöfðinginn hefði bent á þann agnúa við frumvarp þetta, að það virtist koma í bága við 3. gr. stöðulaganna frá 2. jan. 1871, þar sem ákveðið væri, að reglum um dómsvald hæstarjettar yrði eigi breytt, nema með hlutteknigu ríkisþingsins. Menn kynnu nú að vera hinum heiðruðu uppástungumönnum samdóma um, að stöðulögin hefðu eigi bindandi krapt fyrir Ísland; en þó að nú svo væri, þá væri kunnugt, að merkir danskir lögfræðingar væru á gagnstæðri skoðun; vildu láta ríkisþingið hafa yfirstjórn hjer á landi. Þessu hefði nú eigi verið hreyft í mörg ár, og þætti sjer eigi ástæða til, vegna eigi markverðara frumvarps en þessa,

að vekja upp aptur hina gömlu draugana, er kveðnir voru niður á þjóðhátíðinni.

Magnús Stephensen þakkaði landshöfðingja hinar góðu undirtektir hans undir málið, og hvað snerti samþykki ríkisþingsins, efaðist hann eigi um, að ef að stjórnin áliti slíkt samþykki nauðsynlegt, þá mundi hún útvega það, án þess að það tálmaði málinu. Hann kvaðst eigi vilja rekja alla hina löngu ræðu þingmanns Skagfirðinga um kviðdómana, því að það kæmi eigi frumvarpinu við, hann vildi að eins frá leggja sjer skoðanir þær, er hann hefði borið sjer á brýn; sjer hefði aldrei komið til hugar að segja, að kviðdómar þyrftu fyrst að komast á í Danmörku, eða yfir höfuð að láta í ljósi neitt álit um, hvort kviðdómar væru æskilegir, og hvað snerti greining umboðsvalds og dómsvalds, þá skoðaði hann það svo, sem hún ætti sjer fullkomlega stað, því að þó að sami maður hefði hvorttveggja á hendi, væri hann þó í dómsmálum eigi háður neinni umboðsstjórn, en að eins æðri dómstólum; eigi ætlaði hann heldur, að þessi aðgreining væri ómöguleg nema með því, að settir væru kviðdómar, því að eigi þyrfti að fara lengra en til Færeyja til að sjá það, að þessum völdum væri skipt milli manna. Hann hefði heldur aldrei efast um, að lögin frá 2. jan. 1871 væru hjer gild, og ef frumvarpið væri skoðað með nokkurri greind, gæfi það eigi minnstu ástæðu til að gruna sig um það, en til þess að frumvarpið fengi lagagildi, kynni, eins og landshöfðingi áleit, að vera nauðsynlegt að leggja það fyrst fyrir ríkisþingið.

Jón Jónsson kvaðst eigi hafa frumvarpið fyrir sjer, en haun minntist eigi, að þar væri með einu orði drepið á samþykki ríkisþingsins, ef uppástungumennirnir hefðu talið það nauðsynlegt, hefðu þeir hlotið að skjóta inn í enda frumvarpsins hjer um bil þessum orðum: «þegar ríkisþingið hefur samþykkt þessi lög, skulu þau öðlast gildi á Íslandi». Í tilefni af þessu vildi hann benda hinum 5. konungkjörna þingmanni á, hvernig ríkisþingið og ríkisráðið fóru að, er grundvallarlögum Dana var breytt með samþykki beggja þessara þinga, þá var frumvarpið samið á öðru þinginu að áskildu samþykki hins þingsins, og þegar þessu skilyrði var fullnægt í hinu þinginu, var það samþykkt af konungi. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði fyrst sagt, að aðskilnaður á umboðsvaldi og dómsvaldi, væri þegar kominn á, en síðan tekið sig fljótt á aptur (*Magnús Stephensen* nei), jú, hann hefði sagt, að sami maður hefði hvorttveggja á hendi, og þar eð alls eigi væri gott að kljúfa manninn í tvennt, gæti hann með engu móti neitað því, að þau væru sameinuð, er sama persóna hefði bæði á hendi; sjer þætti það undarleg skoðun, hann vildi eigi segja hártogun, en að minnsta kosti væri það einstrengingsskapur af þingmanninum, að fylgja þessu svo fast fram, því að hver sem nokkuð þekkti til, hlyti að sjá gallana á því fyrirkomulagi, er nú væri. Þar sem hann hefði minnzt á Færeyjar, vildi hann geta þess, að þar væri að eins lítil grein af umboðsvaldinu fráskilin dómsvaldinu, nefnil. lögreglustjórn og fógetastörf (*Magnús Stephensen*: Eru fógetastörf eigi dómstörf?) Það ætti jeg eigi að þurfa að kenna þingmanninum, að flest öll fógetastörf eru umboðslegs eðlis, þó þau sjeu talin með rjettargjörðum; fyrirkomulagið þar væri því engu betra en hjer. Þar sem þingmaðurinn þættist eigi vera sjer samdóma um nauðsyn kviðdóma, þá hefði hann þó sýnt það við fyrstu umræðu málsins, að hann hefði meira «Interesse» fyrir málinu en hann og þingmaður Barðstrendinga, þar sem hann hefði bent þeim báðum á greinir í «Ísafold» um þetta efni, og hann hefði jafnvel gengið svo langt að reikna út, hve langan tíma mundi þurfa til undirbúnings fyrir málefnið; fyrir þennan áhuga væri hann honum mjög þakklátur. Þó að kviðdómar stæðu eigi í sambandi

beinlínis við frumvarpið, þá stæðu þeir þó í svo nánu sambandi við dómsvald hæstarjettar, að ástæða væri til að geta um þá, þegar það kæmi til umræðu. Annars vildi hann taka það upp aptur, að sjer þætti ráðlegra fyrir þingið, að hreyfa eigi við hinum ýmsu efasemdum, er kynnu að vera á rjetti löggjafarvalds Íslands gagnvart dómsvaldi hæstarjettar, heldur reyna að halda sem lengst friðnum, og búa sig á meðan undir að fylgja fram með krapti rjetti Íslands í dóms- og löggjafarmálum, þegar brýn nauðsyn kæmi á að halda honum fram.

Eiríkur Kúld kvaðst furða sig á því, að 2. þingmaður Skagfirðinga skyldi halda svo langa ræðu um það, er alls eigi kæmi málinu við; það væri of dýrt fyrir landið, að halda langar ræður um það, er eigi kæmi því máli við, er verið væri að ræða, þannig væri hvergi í þessu máli talað um umboðsvald, dómsvald eða kviðdóma. Að öðru leyti kvaðst hann eigi hafa neinu við umræðurnar að bæta, en einungis lýsa yfir því, að hann gæfi málinu eindregið atkvæði sitt.

Magnús Stephensen sagði, að með því að 2 þingmaður Skagfirðinga væri genginn burt, ætlaði hann eigi að svara ræðu hans, því hann vildi eigi ráðast á mann, sem eigi væri viðstaddur, enda þótt þingmaðurinn hefði farið með ýmislegt, er væri miður rjett.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 10 atkvæðum, og því síðan vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 25. fundi, 31. júlí.

Jón Pjetursson kvaðst eigi þurfa að mæla með frumvarpinu, þar sem það einungis væri til að bæta úr þeim vandræðum, að fá eigi mál sín útkljáð, þau er út hefðu gengið, fyrri en seint og síðar meir. Hann gæti eigi sjeð, að frumvarpið gæti verið því til fyrirstöðu, að landsmenn með tímanum fengju æðsta dómsvaldið í málum sínum flutt inn í landið. Það hefði verið getið um, að ráðgjafinn fyrir Ísland mundi bera mál þetta undir ríkisþingið, áður en það fengi framgang, en hann sagði, að það væri skakkt ef það yrði gjört, þar sem þetta væri eitt af þeim málum, er að eins heyrði undir konung og alþingi, en eigi ríkisþingið, því í öllum almennum málum konungsins væri löggjafarvaldið hjá konungi og ríkisþinginu, en í þeim málum, er sjerstaklega snerta Ísland, hjá konungi og alþingi. Það væru að eins 2 mál, er þyrftu samþykkis bæði ríkisþingsins og alþingis, semsje hvort Ísland skuli hafa fulltrúa á ríkisþinginu, og hitt, ef breyting skal gjöra á stöðu hæstarjettar, sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum, en þótt breytt sje stefnufresti í íslenzkum málum til hæstarjettar, þá gjörði það enga breyting á stöðu hans.

Jón Jónsson sagði, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði opt haldið fram rjetti Íslands bæði nú og í öðrum málum; en þótt menn í þessu máli vildi vera honum samdóma og fylgja honum og öðrum forgöngumönnum, yrði hann þó að álíta það óhyggilegt í ekki merkara máli en þessu að vekja upp aptur mótspyrnu þá, rengingar og vefengi, er áður hefðu átt sjer stað, þegar spurning var um rjett Íslands gagnvart ríkisþinginu.

Síðan bar forseti málið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til neðri deildar.

Fyrsta umræðu í neðri deild, á 38. fundi, 12. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í deildinni, sjá I 250.

Benedikt Sveinsson: Þegar jeg nú sje þetta auðvirðilega litla frumvarp liggja á borðinu fyrir framan mig, dettur mjer ósjálf-

rátt í hug 1. grein stjórnarskrár vorrar. Hún hljóðar svo: «Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 3. gr. varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum». Þessi orð eru meginorð stjórnarskrár vorrar. Í þeim felast meginatriði allra þeirra þjóðmálefna, sem varða land vort og lýð. Þau eru sú ótæmandi aðaluppspretta, sem hinar svalandi frelsislindir eiga að streyma úr út um landið og gegnum hjartæðar þjóðlífs vors. En þá vil jeg segja: er sú dómskipan, sem nú er, samboðin þessum orðum stjórnarskrár vorrar, anda þeirra og háleitu þýðingu. Nei, dómskipun sú, sem nú er, er ósamboðin þjóð með frjálsri stjórnarskipun. Hún misbýður sannarlega hinum beztu og dýrmætustu helgidómum þjóðar vorrar, tungu vorri og lögunum sjálfum jöfnum höndum. Óðara en þau lög, sem vjer setjum, eru komin út úr alþingissalnum, eru þau íklædd útlendum búningi. Í þessum útlenda búningi er það, að þau gefa fullnaðar úrslit um vor helgustu og dýrmætustu rjettindi í höndum þeirra manna, sem eigi skilja tungu vora og því eigi lögin sjálf, í þeirra rjettri mynd. Jeg skal nú eigi hallmæla hinum þremur fyrstu löggefandi alþingum fyrir það, að þau ekki hafa leitazt við að losa um þessa ör. En jeg þekki enga eitraðri ör við hjartarætur þjóðernis vors en þá dómskipun, sem nú er að þessu leyti. Eigum vjer þar fyrir að kóróna hana með þessu aumingja frumvarpi? Hin hávísa efri deild hefur, ef til vill, hugsað: »litlu verður Vöggur feginn», en jeg fyrir mitt leyti segi: »Parturiunt montes &c.» = fjöll taka jóðsótt, en fæðist mús. Nei, þetta frumvarp er þess konar skepna að jeg vona, að hin heiðraða deild í heild sinni verði mjer samtaka í að taka strax af henni hnappinn.

Grímur Thomsen: Ræða og ástæður þingmannsins áttu, að mjer fannst, ekki fullkomlega við þetta frumvarp. Hvað efni þess snertir, þá álít jeg betra að hálfs árs stefnufrestur sje gefinn í málinu, en helmingi lengri frestur. Hvort er betra?

Benedikt Sveinsson: Það er ómögulegt að segja; hvorttveggja getur eins komið fyrir. Þingmaðurinn sagði að mín ummæli hefðu eigi komið málinu við. Segi hann sjálfur, hvað máli þessu kemur við, hitt segi jeg: svo auðvirðilega bót legg jeg ekki með mínu atkvæði á svo göfugt fat, þó gamalt sje, sem vor dómsmálarjettindi eru.

Jeg fulltreysti því, að mál þetta gangi ekki til 2. umræðu.

Þá var gengið til atkvæða og var frumvarpinu hrundið frá 2. umræðu með 13 atkvæðum gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson.

Nei:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,

Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.
Var frumvarpið þannig fallið.

LXXI. LÍFEYRIR EMBÆTTISMANNA-EKKNA.

Frumvarp til laga, er breyta opnu brjefi 31. mai 1855 um skyldur embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag. Frá Jóni Pjeturssyni og Benedikt Sveinssyni. Sjá I 268—269.

Fyrsta umræða í efri deild, á 31. fundi, 8. ágúst.

Jón Jónsson rjeði til að setja nefnd í málið, og fresta umræðum, því að málið væri þýðingarmikið, þó að frumvarpið væri stutt, og fyrir neðri deild lægi frumvarp um skyldur presta í sama efni, enda kynni að þurfa að setja nákvæmari reglur, en gjört væri í frumvarpinu.

Forseti bað þingmenn greiða atkvæði um, hvort setja skyldi 3 manna nefnd í málið og fresta umræðum.

Var það samþykkt með 7 atkvæðum. Þessir voru kosnir í nefnd:

Jón Pjetursson með 8 atkvæðum,
Bergur Thorberg — 5 —
Árni Thorsteinson.— 4 —

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 44. fundi, 19. ágúst.

Nefndarálit I 399—401.

Jón Pjetursson kvaðst eigi hafa getað komið sjer saman við sína meðnefndarmenn; þeir hefðu komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða frá að fallast á frumvarpið, af þeim ástæðum, er þeir tilgreindu. Þeirra fyrsta ástæða væri sú, að með því væri stofnaður eins konar ekkjusjóður, er jafnframt væri alveg samvaxinn landssjóði; eptir þessu gæti maður hugsað sjer búnaðarfjelag, sem landssjóðurinn mætti eigi styrkja, af því að það yrði honum þá samvaxið; frumvarpið gengi eigi út á að stofna sjerstakan sjóð, og hann gæti eigi sjeð, að það, sem það færi fram á, væri neitt óeðlilegt, því að nú sem stæði, hefðu ekkjur embættismanna vissan hluta af launum manna sinna í eptirlaun, og þau greiddi þó landssjóðurinn. Nú nýlega væri búið að gjöra sömu ákvörðun um ekkjur presta, sem hjer væri gjört um ekkjur annara embættismanna, og hefði enginn talað um, að stofna til þess sjerstakan ekkjusjóð. Þá kæmi sú ástæða móti frumvarpinu, að landssjóði sje mál þetta eigi skylt, þar sem stjórnin hefði 1871 látið embættismenn ganga í samband við vissan lífsábyrgðarsjóð erlendis; sjer væri nú óskiljanlegt, hvers vegna eigi mætti gjöra breyting á þessu, og leggja landssjóðnum þessa skyldu á herðar nú, þó að hann hefði eigi haft hana hingað til; það væri líka aðgætandi, að þegar stjórnin skipaði þetta, hefðum vjer eigi fengið fjárforræði, ef vjer hefðum þá þegar haft það, og óskað eptir að haga þessu öðruvísi, mundi stjórnin vafalaust hafa látið það eptir. Í þriðja lagi segðu þeir, að þetta fyrirkomulag, að landssjóðurinn tæki þetta að sjer, mundi eigi verða happasælt hjer fremur en annarsstaðar, og að það mundi verða dýrara vegna stjórnar sjóðsins, sem mundi koma þungt niður á svo fáa menn að kosta; þetta væri alveg rjett, ef sjóðurinn ætti að hafa stjórn út af fyrir sig, en hann sæi eigi, að það mundi verða dýrara fyrir hina fáu, þó að landfógetinn veitti móttöku tillagi þeirra og greiddi það svo út aptur; hann hefði áður tekið það fram, að eigi væri ætlazt til, að stofnaður yrði sjerstakur sjóður, og því ætti eigi heldur að vera nein sjerstök stjórn yfir honum. Þá kæmi enn sú ástæða, að landssjóður mundi hafa óhag af þessu, vegna þess að mennirnir væru svo fáir, og þá gætti meira afbrigðanna í lífsmagninu; hann gæti nú engan veginn skilið, að ef útreiknað væri, að 4 dæju af 100, hvernig sá skaði, sem hlytist af því, yrði að ábata, ef hann margfaldaðist, því að hlutfallið yrði hið sama allt fyrir það. Hvað snerti mótbáruna, að

lífsmagn hjer væri minna, þar sem svo margir færust af slysum og harðrjetti, þá gæti hann tekið hana gilda, ef bjóða ætti öllum Íslendingum að leggja í landssjóðinn, til að útvega ekkjum sínum eptirlaun, því að þá yrði að reikna út fyrir mörg ár dauðrahlutfallið; það væri í landshagsskýrslum og fjelagsritum gjört fyrir alla Íslendinga, en eigi embættismenn eina, og það væri sjaldgæft, að þeir færust úr slysum og harðrjetti; ef þeir vildu því nokkuð sanna með þessu, þá yrðu þeir að sýna dauðrahlutfallið, að því er snerti embættismenn. Hvað það snerti, að landssjóðurinn mundi heimta hærra gjald, þá væri það með öllu ósannað, og viðvíkjandi því, hvernig fara ætti með þá, er nú gjalda í danska ábyrgðarsjóðinn, þá væri það sín skoðun, að eins og embættismönnum var skipað 1871 að leggja í danskan ábyrgðarsjóð, eins mætti nú skipa þeim að hætta því, en greiða í landssjóð hjer eptir. Þó að maður nú gæfi það eptir, að landssjóður mundi hafa skaða á ábyrgðinni, sem hann raunar væri sannfærður um að hann hefði eigi, hvort væri það þá eigi sæmra, að landssjóðurinn bæri þann halla, heldur en að liggja upp á útlendum sjóði; þegar landið ætti að bera sig sjálft, þá ætti það að sjá um ekkjur embættismanna sinna, en seilast eigi í útlendan sjóð, er menn segðu að hefði einberan skaða á oss.

Benedikt Kristjánsson sagði, að sjer þætti ómannlegt að halda eigi vörn uppi fyrir frumvarpinu, þar eð hann væri annar þeirra, er ætti hlut í því, jafnvel þó meðnefndarmaður sinn væri búinn að verja það betur, en hann gæti. Tilgangur sinn með frumvarp þetta hefði verið sá, að sjer hefði þótt betur við eiga, að embættismenn gætu lagt fje til styrktar ekkjum sínum í landssjóðinn, en að þeir þyrftu að senda það til Kaupmannahafnar; einnig væri hægra fyrir ekkjurnar að fá styrk úr landssjóðnum, en þurfa að sækja hann til Danmerkur. Það væri því eðlilegra að hafa styrktarsjóðinn í landinu, þar sem nú væri aðskilinn fjárhagur Íslendinga og Dana. Hvernig fyrirkomulagið á þessu ætti að vera, hefði hinn 3. konungkjörni þingmaður skýrt tekið fram. Hlutfallið milli tillags og eptirlauna ætti að vera hið sama og nú; hann skildi eigi, hvers vegna menn vildu eigi aðhyllast frumvarpið, nema ef þeir óttuðust, að landssjóðurinn kollsteyptist, en það mundi varla að óttast. Það væri eigi von, að fyrirkomulag þetta hefði áður komizt á, af því að Ísland hefur nýlega fengið fjárhag út af fyrir sig; hvað það snerti, að landssjóðurinn mundi bíða halla sakir þess, að embættismenn væru hjer skammlífari en annarsstaðar, þá væri það engan veginn sannað. Þó að alþýða væri skammlífari, þá væri öðru máli að gegna um það, því að embættismenn þyrftu síður að hætta sjer til þess að afla sjer lífsviðurværis; en það væri aptur á móti eitt, sem mælti með því, að embættismenn hjer yrðu jafnvel langlífari en annarsstaðar, með því að þeir styttu sjer síður aldur með munaðarlífi, og spilltust eigi eins þegar í æsku; en hann skildi ekki í því, að lífsábyrgðarfjelagið danska mundi hafa nokkuð á móti að losast við þessa ábyrgð, ef það hefði skaða á henni, eins og fyrir væri brugðið, og enn fremur væri þess að gæta, að fjelag þetta væri stofnað í gróðaskyni, og til þess að hafa atvinnu af, og það hefði sjerstaka stjórn, sem líka hefði mikinn kostnað í för með sjer; en hjer ætti það að vera undir sömu stjórn og landssjóðurinn, og hefði því engan kostnað í för með sjer, heldur að eins nokkurn starfauka. Ef nú væri gjört ráð fyrir, að landssjóðurinn hefði halla af þessu, þá þætti sjer það drengilegra, en að vera ómagar á útlendum sjóði, því að landssjóðurinn gæti heldur fengið hlut sinn rjettan á einhvern hátt gagnvart hlutaðeigendum; hann segði fyrir sig, að ef hann ætti að komast á vonarvöl, þá vildi hann heldur fara á sína eigin sveit, en betla á öðrum hreppi. Allar þær ástæður, er komið hefðu fram á móti frumvarpinu, þættu sjer þannig svo veikar, að þær væru að eins tilraun til að andæfa gegn frumvarpinu.

Jón Jónsson vildi benda á, að ástæður nefndarinnar móti frumvarpinu yrðu annaðhvort að ná til prestanna, eins vel og hinna veraldlegu embættismanna, eða þær væru þýðingarlitlar. Hann skyldi ekki fara nákvæmlega út í röksemdaleiðslu nefndarinnar fyrir því, að það væri ódýrara að kaupa lífsábyrgð erlendis, en að stofna lífsábyrgð hjer á landi, en það virtist sjer ljóst, að eins og prestarnir hefðu heimting á, að njóta hagsmuna þeirra, sem hinir veraldlegu embættisbræður þeirra hefðu, eins ættu þeir tilkall til, að hinir veraldlegu embættismenn hjálpuðu þeim til að koma upp innlendri lífsábyrgð, ef örðugleikar skyldu verða á því að útvega prestum hina sömu hagsmuni hjá erlendum fjelögum, og veraldlegir embættismenn hefðu.

Árni Thorsteinson sagði, að sjer væri vandi á hendi, er hann yrði að taka það fram, að hvorki hann nje hinn 2. konungkjörni þingmaður væri framsögumaður, því enginn framsögumaður hefði verið kosinn. Ef hann ætti að fara að svara hinum 3. konungkjörna þingmanni upp á allt, sem verið hefði í ræðu hans, þá mundi það verða of langt, einkum ef hann byrjaði að rekja ástæður móti eins, og með sömu aðferð, og hann við frumvarpið. Ástæður nefndarinnar hefðu eigi verið teknar trúanlegar, og yrði það þá svo að vera. Það hefði verið sagt, að lífsmagn manna væri hjer sem í Danmörku, og að embættismenn færust sjaldan af slysum, en því væri miður, að hann gæti eigi sannað með skýrslum, er hann gæti lagt hjer fram, að fleiri embættismenn dæju hjer en annarsstaðar af slysum. En allt um þetta þá hefði það komið fram við lífsábyrgðarstofnunina í Höfn, að líf íslenzkra embættismanna væri eigi eins langt sem danskra, og mætti taka þetta trúanlegt, þó með þeirri athugasemd, að hinir íslenzku embættismenn eru fáir, hinir margir, og að hlutfallið kynni að geta breytzt, ef um jafnmarga væri að ræða. Þar sem sagt væri, að vjer værum ómagar lífsábyrgðarstofnunarinnar í Höfn, þá gæti hann eigi sjeð, að svo væri, þar sem goldið væri fullkomlega fje til hennar, og reglulegur samningur á báða vegu. Það væri óhætt að segja, að þeir, sem nefndu þá embættismenn, sem eru í lífsábyrgð, ómaga, skildu eigi lífsábyrgðarfjelögin, eða tilhögun þeirra. Það væri nú bezt að taka frumvarpið og skoða það; eptir því ætti að stofna ekkjusjóð, en eigi væri með einu orði minnzt á fyrirkomulagið, eða hve mikið ætti að gjalda. Þeir, sem vildu halda þessu fram, segðu, að landssjóðurinn ætti að takast þetta á hendur, en tiltaka ekki, hvernig því eigi að vera framgengt. Það eina, sem hann hafi orðið áskynja um, sje, að lífsábyrgð landssjóðsins skuli vera sniðin eptir sama stakk, og danska lífsábyrgðarfjelagið; það sje stórt, en lífsábyrgðarstofnun landsins lítil, og geti hann ekki fulltreyst því, að þetta verði landssjóðnum hagfellt. Aðalástæðan fyrir frumvarpinu væri sú, að betra væri, að peningar færu eigi út úr landinu, og játaði hann fúslega, að öll innlend fjelög væru góð, og æskileg að sem minnst fje færi út úr landinu. Þessi ástæða hefði samt eigi mikið að þýða í þessu máli. Það gæti hann sýnt; lífsábyrgðarfjelagið tæki nú við 9000 krónum, reyndar vantaði það um 10 krónur, en útborgaði aptur rúmar 8000 krónur auk þess, að það hefur nýaukna ábyrgð vegna þess, að það hefðu verið stofnuð mörg ný embætti síðari árin, t. d. læknaembætti; það yrði því svo lítill munur á því, sem út væri borgað og því, sem kæmi aptur; það munaði því ekki landið neinu verulegu, þó að útlent ábyrgðarfjelag væri brúkað, og gæti hann því ekki breytt skoðun sinni fyrir þessa sök, en að lokum yrði hann að taka fram, að hann gjörði ekki sínar skoðanir að kappsmáli.

Magnús Stephensen kvaðst vilja beina einni spurningu að hinum 3. konungkjörna þingmanni; hann hefði nú í mörg ár greitt árgjald í lífsábyrgðarfjelagið í Höfn, en nú, ef þetta frumvarp yrði að lögum, færi hann að greiða það í landssjóð. Nú vildi hann spyrja, hvort landssjóðurinn ætti að sjá ekkju hans borgið fyrir það, að hann fengi tillag

hans fyrir þessi ár, sem hann lifði eptirleiðis, en lífsábyrgðarfjelagið ætti að eiga það, sem hann hefði goldið hingað til? Ef svo væri, þá fengi landssjóðurinn mestalla ábyrgðina, en lífsábyrgðarstofnunin mest allt fjeð.

Jón Pjetursson sagði, að lífsábyrgðarstofnunin ytra græddi að vísu á þessu, en hún hjeldi áfram að borga út þessar 8000 krónur til embættismannaekkna, en þær 9000 krónur, sem embættismenn nú borguðu, rynnu í landssjóð; það kæmu því inn 17000 krónur. Það væri hjer sem optar, að það gæti verið skaði í svipinn, er menn þannig hefðu skipti og losuðu sig við böndd, er á þeim hvíldu, eins væri um það, ef menn í Reykjavík hættu að leggja fje til ábyrgðar húsum sínum til brunabótafjelags dönsku kaupstaðanna, að þeir fengju ekkert fje frá fjelaginu, en það væri þó víst eigi meiningin, að losa sig aldrei undan því fyrir þessar sakir.

Eiríkur Kúld sagði, að með því að hann sæi eigi forlög frumvarpsins fyrir, þá vildi hann stinga upp á því við höfundana, hvort þeim eigi hætti ástæða til að breyta fyrirsögninni og láta annaðhvort standa «konum» í stað «ekkjum», eða sleppa »eptir sinn dag».

Jón Jónsson sagðist vera þingmanni Barðstrendinga og fleirum samdóma um, að frumvarpið þyrfti breyting og viðauka, meðal annars að taka nákvæmar fram, hvernig sambandið ætti að vera milli hinnar nýju og hinnar eldri lífsábyrgðar. Hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði álitið það sjálfsagt, að landssjóðurinn fengi ekkert af hinum danska lífsábyrgðarsjóði fyrir að taka við ábyrgðinni fyrir þá menn, er enn lifðu, og legðu árlega í sjóðinn, en þetta gæti mælandinn engan veginn álitið. Sjálfsagt fengi landssjóðurinn ekki allt það útborgað, sem hinir núverandi embættismenn hefðu borgað í árstillög; en enginn vafi gæti verið um, að hann mundi fá nokkurt endurgjald fyrir þá ábyrgð, er hann tæki að sjer, og væri það svo, að lífsábyrgðarsjóðurinn jafnaðarlega hefði skaða af að ábyrgjast líf íslenzkra embættismanna, mundi hann ekki horfa í að láta endurgjald þetta verða heldur ríflegt, svo að hann losnaði því fyr við þessa byrði.

Árni Thorsteinson sagði, að það væri gott, ef menn vildu koma með nákvæmari ákvarðanir, því frumvarpið væri ómögulegt eins og það nú væri. Þingmaður Skagfirðinga hefði talað um ekkjusjóð fyrir prestsekkjur, en þar vantaði eins allar ákvarðanir, og eigi væri með einu orði þar sýnt fram á, hvernig að ætti að fara.

Benedikt Kristjánsson sagði, að það gleddi sig, að hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði ljett af huga sínum öllum vafa um það, hvort íslenzkir embættismenn væru hinni dönsku stofnun til þyngsla; hann kvaðst verða að ætla, að skilnaðurinn gæti komizt á með fleiru móti, en hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði tekið fram; því stofnunin mundi víst vera fús á að sleppa þessu frá sjer, og borga út tillög frá 1871; en að vísu væru þá renturnar tapaðar. Hann yrði að álíta, að uppástungan þyrfti lagfæringar við, og það mætti vel gjöra enn, og það því fremur, sem hún hefði fengið heldur góðar undirtektir; vonaðist hann því, að málið gengi til 2. umræðu.

Ásgeir Einarsson sagðist reyndar eigi hafa ætlað að tala í þessu máli, en þar sem þingmaður Þingeyinga hefði gjört sjer vonir um góðar undirtektir, virtist sjer sú von mundi bregðast; hann fyrir sitt leyti vissi eigi, hvort þetta gjald mundi verða landssjóð í hag, en ef embættismennirnir væru ómagar á lífsábyrgðarstofnuninni ytra, þá mundu þeir og verða ómagar landssjóðs og og hvernig færi þá? Þá mætti til að hækka tillag embættismanna, eða láta landssjóðinn tapa, og gæti þetta orðið þeim verra. Hann vildi vekja athygli manna á því, að það væri víðar en í Danmörku, að Íslendingar væru álitnir skammlífari en í öðrum löndum, hann vissi dæmi til þess, að 2 menn hefðu viljað fá lífsábyrgð á Englandi, en hefðu eigi getað fengið, einmitt af þessum ástæðum; það mundi því eigi vera að öllu

ástæðulaust, sem meiri hluti nefndarinnar segði um þetta atriði.

Forseti bar því næst upp til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það fellt með 7 atkvæðum móti 3.

LXXII. TEKJUSKATTUR.

Frumvarp til laga, er breyta 5. grein í lögum 14. desember 1877 um tekjuskatt. Frá Bergi Thorberg, Jóni Pjeturssyni og Benedikt Kristjánssyni. Sjá I 289.

Fyrsta umræða í efri deild, á 31. fundi, 8. ágúst.

Bergur Thorberg rjeði til að setja nefnd í málið og fresta umræðunni.

Benedikt Kristjánsson rjeði til að vísa málinu til nefndar þeirrar, er kosin var í málinu um breyting á opnu brjefi 31. maí 1855, um skyldur embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

Forseti bar fyrst uppástungu varaforseta undir atkvæði, og var samþykkt með 7 atkvæðum að setja sjerstaka nefnd í málið og fresta umræðum. Forseti stakk upp á 3 manna nefnd, og var það samþykkt, og þessir kosnir í nefndina:

Magnús Stephensen með 8 atkvæðum
Bergur Thorberg — 6 ——
Árni Thorsteinson — 5 ——

Framhald fyrstu umræðu, á 38. fundi, 16. ágúst.

Nefndarálit, sjá I 370—371.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*) kvað nefndinni hafa litizt, að takmarka frumvarp það, er hún fjekk til meðferðar, nokkuð, og vildi hann með tilliti til ástæðna hennar fyrir því að eins skírskota til hins prentaða nefndarálits, en tala eigi fleira, áður en hann fengi tilefni til þess af ræðum þingmanna.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi sjá, að nauðsyn væri á þessari breytingu, því að ef hann skildi rjett skattalögin frá 14. des. 1877, væri þar heimilað það, sem frumvarpið færi fram á; í 7. grein þeirra væri nefnilega undanþegið skattinum það fje, er gengi í «kvaðir», og hvað væri kvöð, ef eigi þetta, sem er lögákveðin «kvöð». Eigi væri það heldur rjett eptir sínum skilningi, að kalla frumvarpið breyting á 5. gr. laganna, því að í henni væri að sinni ætlun að eins átt við þann lífeyri, er ekkju væri greiddur úr ábyrgðarsjóðnum, en eigi þann, er embættismaður greiddi til sjóðsins konu sinni til handa, ef hún yrði ekkja. Hvað málið í sjálfu sjer snerti, þá væri það mjög sanngjarnt, og ef 7. grein laganna þætti eigi nógu skýr, hefði hann eigi neitt í móti frumvarpinu annað en það, að talað væri um breyting á 5. gr.; ef þetta væri misskilningur hjá sjer, vildi hann biðja menn að upplýsa sig um það.

Jón Jónsson kvaðst vera í vanda, hvernig hann ætti að fara að í þessu máli; ef hann fylgdi málinu fram, gætu menn sagt, að það væri af eigingirni, að því leyti sem hann væri embættismaður, og af því að hann vildi draga taum embættisbræðra sinna; ef hann aptur á móti yrði á móti því, gætu menn sagt, að það væri af öfundsýki við þá embættisbræður sína, er því láni ættu að fagna, að vera kvæntir, þar sem hann væri sjálfur ókvongaður; vegna þessa mundi hann eigi greiða atkvæði í málinu. Hann væri í vafa um, hvort frumvarpið væri á góðum rökum byggt, og því meir hefði hann hneigzt að þessari skoðun, er hinn 5. konungkjörni þingmaður við 1. umræðu laga um skyldu presta til að útvega konum sínum fjárstyrk eptir sinn dag, svo skarplega, sem honum var lagið, tók fram eðli lífeyris ekkna, að hann væri eigi eptirlaun, heldur í rauninni eign, og með því að bú húsbóndans og húsmóðurinnar væri hið sama, mætti álíta rjett þann, er búið eignaðist til ákveðins fjárstyrks eptir dauða húsbóndans, sem aukning á búinu. Búið

yrði í rauninni því ríkara, sem fjárstyrkurinn yrði meiri. Annað, sem móti þessu mælti, væri það, að eptir þessari ákvörðun mætti einnig undanþiggja það fje frá tekjuskatti, er menn kynnu að borga fyrir lífsábyrgð, sem sumir kynnu heldur að óska, en að kaupa ekkjustyrk, af því að það væri tryggara, en það væri eigi sanngjarnt af því, að það fje ætti maðurinn fullkomlega, þar sem það rynni aptur inn til erfingja hans eða skuldheimtumanna, enda væri það árgjald, sem embættismaðurinn borgaði fyrir lífsábyrgð, talsvert hærra en það, sem greitt væri fyrir ekkjustyrk.

Framsögumaður vildi svara þingmanni Rangvellinga því, að 7. gr. í skattalögunum hefði verið skilin svo og beitt svo, að embættismenn skyldu eins greiða tekjuskatt af því fje, er þeir gyldu í ekkjukassann, eins og öðrum launum sínum, og sá skilningur á þeim væri rjettur að sínu áliti, og því þyrfti ný lög til þess að afnema þessa skyldu, og vildi hann svo eigi svara honum fleira, því að um málið sjálft væru þeir samdóma. En hjá þingmanni Skagfirðinga gæti hann eigi skilið, að maðurinn væri því ríkari, sem hann verði meira fje til að kaupa lífsfje (Overlevelsesrente) handa konu sinni eptir sinn dag; því hvorki hann nje bú hans fengju það nokkurn tíma aptur, og eigi heldur þótt hann keypti lífsábyrgð (Livsforsikkring) í hinu sama augnamiði, og fyrir því væri sanngjarnt, að menn væru undanþegnir að greiða skatt af fje því, er eigi auðgaði þá hið minnsta. Að svo mæltu vonaði hann, að deildin vísaði málinu til 2. umræðu.

Sighvatur Árnason sagði, að eins og hann hefði áður sagt, væri hann eigi móti því, að málið kæmist fram vegna 7. gr. skattalaganna, því sjer fyndist hún ekki sjálfri sjer samkvæm um þetta efni. Það hefðu eigi komið fram ástæður fyrir því, hvers vegna nefndin blandaði 5. gr. inn í þetta, sem hann áliti ekki eiga skylt við breytinguna; hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hefði eigi tekið neitt fram um það í ræðu sinni.

Framsögumaður sagðist vilja gjöra þá athugasemd viðvíkjandi 5. gr., að hún innihjeldi aðalákvörðun um upptalning til tekjuskatts, og að því leyti snerti frumvarpið hana; en það mundi verða athugað, hvort nauðsyn bæri til að skírskota til hennar í frumvarpinu.

Þegar hjer var komið umræðunum, óskuðu 4 þingmenn, Árni Thorsteinson, Benedikt Kristjánsson, Eiríkur Kúld og Stefán Eiríksson, að umræðunum væri hætt, og skaut forseti því þá til atkvæða, hvort umræðunum skyldi hætt, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu með 6 atkvæðum.

Önnur umræða í efri deild, á 43. fundi, 19. ágúst.

Breytingartillögur I 411, sbr. nefndarálit I 370—371.

Jón Jónsson sagðist nú ekki greiða atkvæði í þessu máli, þar sem það snerti hans eigin hag. Samt skyldi hann aptur leyfa sjer að benda á eitt atriði málsins, er ætti að sinni skoðun að koma til greina við úrslit þess. Sjer virtist það eigi fara vel, að setja önnur lög um embættismenn en aðra menn, er legðu í lífsábyrgðarsjóð; því ef það væri eins kunnugt um landið, eins og æskilegt væri, að aðrir gætu og sjeð fyrir konum sínum með fjárstyrk eptir sinn dag, þá mundu margir gjöra það, og hver veit nema þeir eptirleiðis yrðu fleiri en hingað til. Ef því ætti að fallast á frumvarpið, væri umtalsmál, hvort eigi ætti að laga það á þessa leið, og að öllum þeim mönnum, er hefðu keypt slíkt, yrði leyft að draga það frá tekjum sínum.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*) kvaðst vilja svara þingmanninum með því, að sá væri hinn verulegi munur, að embættismaðurinn væri skyldur til að greiða þetta gjald, en hver annar einstakur maður gæti ráðið því, hvort hann vildi gjöra þetta eða eigi; hann gæti og hætt við þetta, hve nær sem hann vildi, en embættismaðurinn fengi

hvorki nein umráð yfir þessu fje, nje heldur gæti hann hætt, þar sem hann væri bundinn við þetta gjald eptir lögum; þetta væri verulegur mismunur, og væri því eigi ástæða til að láta sama gilda fyrir þá, er gjörðu þetta fríviljuglega.

Jón Jónsson sagði, að það atriði, hvort það, sem væri siðferðisleg skylda hvers góðs húsbónda að gjöra fyrir konu sína, væri gjört eptir eigin hvöt eða eigi, gæti eigi breytt eðli laganna; það væru að eins fáir fyrir utan embættismenn, er þannig sæju ekkjum sínum borgið, en á hinn bóginn ættu menn þó eigi að gjöra ráð fyrir, að aðrir menn eigi kynnu að gjöra það.

Forseti bar þvínæst málið upp til atkvæða, og var breytingaruppástúnga nefndarinnar (I 411) samþykkt með 9 atkvæðum, og síðan frumvarp hennar með áorðinni breytingu samþykkt með 9 atkvæðum. Málinu var vísað til 3 umræðu með 9 atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild, á 47. fundi, 21 ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2 umræðu, sjá I 485.

Enginn tók til máls, og ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Var það síðan afgreitt til neðri deildar.

Fyrsta umræða í neðri deild, á 56. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I 500.

Með því að engar umræðar urðu um málið, ljet forseti ganga til atkvæða um, hvort það ætti að koma til 2. umræðu. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu varð að við hafa nafnakall, og sögðu

Já:

Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll bóndi Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Björn Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson.

Benedikt Sveinsson var eigi viðstaddur.

Var frumvarpið þannig fellt frá 2. umræðu með 10 atkvæðum gegn 10.

LXXIII. LÖGREGLUSAMÞYKKT.

Frumvarp til laga um lögreglusamþykkt. Frá Jóni Jónssyni, 2. þingmanni Skagfirðinga. Sjá I 409.

Fyrsta umræða í efri deild, á 44. fundi, 19. ágúst.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*) sagði, að 2 ástæður gætu verið til þess, að alþingi veitti lögreglulöggjöfinni sjerstaka eptirtekt. Það gæti verið, að lögreglustjóri misbrúkaði vald sitt og gengi of nærri rjetti manna, en það væri nú varla að óttast hjer á landi, þar sem mest hefði verið kvartað yfir afskiptaleysi og deyfð lögreglustjóra, eins og t. a. m. þangað til fyrir fáum árum almennt heyrðist, þegar talað var um fjárkláðamálið.

Hin ástæðan gæti verið sú, að lögreglustjórar hefðu ekki nægileg lög að breyta eptir, en undan því þyrfti heldur ekki að kvarta sem stendur. Lögin væru heldur of mörg en of fá, þar sem öll dönsk lög um

afbrot væru lögleidd hjer með 1. gr. tilsk. 24. jan. 1838. Hann kvaðst hafa komið fram með þessa uppástungu, af því nefndin í málinu um sölu áfengra drykkja hefði tekið nokkurn kafla af lögreglulögunum inn í álit sitt, en þó þau lög hefðu gengið í gegn, skaðaði eigi að koma með þessa uppástungu. Sjer hefði fundizt, eins og hann þá tók fram, að nefndin í gestgjafamálinu hefði tekið miður rjetta stefnu, því bezt væri að láta hin einstöku sveitarfjelög sjálf skapa sjer lög um slíkt, eða þá hafa þátt í slíkri löggjöf, og þetta væri á Englandi og í Danmörku. Loks vildi hann skjóta því til deildarinnar, hvort eigi skyldi setja nefnd í málið, svo að fá mætti álit manna um þetta mál, þó það næði ekki að ganga fram.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort setja skyldi nefnd í málið, og var það samþykkt; og voru í nefndina kosnir:

Jón Jónsson . . með 7 atkv.
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson og
Jón Pjetursson

hlutu 4 atkvæði hver. Rjeði þá hlutkesti, og urðu þeir Ásgeir Einarsson og Benedikt Kristjánsson nefndarmenn.

Á næsta fundi, daginn eptir, bað Jón Jónsson forseta leyfis að gefa skýrslu um mál, er ekki væri á dagskrá, og leyfði forseti það.

Jón Jónsson kvaðst leyfa sjer að geta þess, að í nefnd þeirri, sem kosin hefði verið í frumvarpi til laga um lögreglusamþykkt, hefði á fundi í gær verið kosinn formaður Ásgeir Einarsson og skrifari og framsögumaður Jón Jónsson. Meiri hluti nefndarinnar hefði orðið búinn með störf sín í dag fyrir hádegi. Síðan hefði hann farið með nefndarálitið í prentsmiðju Einars Þórðarsonar. Einar hefði lofað að hafa það fullsett á 2 klukkustundum, en þegar hann að liðinni 1 klukkustund kom aptur, hefði að eins verið sett upphafið af nefndarálitinu. Með því að alþingismenn hefðu rjett á að fá það, sem þeir vildu láta prenta, afgreitt svo fljótt, sem auðið væri, og með því að það lægi á, að álitið gæti verið búið fyrir fundinn í kvöld, hefði hann tekið álitið aptur frá nefndum prentara, og farið með það í prentsmiðju Ísafoldar, til þess það yrði prentað þar, og vonaði hann, að það mundi verða búið eptir 3 klukkustundir.

Ásgeir Einarsson kvað sjer þykja þetta nokkuð undarlegt, að nefndarálitið væri búið til prentunar, þar sem hann hefði eigi enn mætt á neinum nefndarfundi; því sá, sem flest atkvæði hefði fengið við nefndarkosninguna og sem skjöl málsins því hefðu verið afhent, nefnilega 2. þingmaður Skagfirðinga, hefði ekki enn kallað sig á neinn fund, eins og sjer væri ókunnugt um, að hann væri formaður í nefnd þessari. Væri því nafn sitt undir nefndaráliti þessu, þá væri það með öllu heimildarlaust frá sjer.

Framhald fyrstu umræðu í efri deild, á 48. fundi, 22. ágúst.

Nefdarálit I 554—555.

Jón Jónsson benti á, að í fyrirsögn frumvarpsins væri misprentað «lögreglusamþykkt» fyrir «lögreglusamþykktir». Við fyrstu umræðu þessa máls hefði hann látið í ljósi þá skoðun, að ekkert lægi á þessu máli, en nú sæi deildin, að meiri hluti nefndarinnar hefði álitið málið svo áríðandi, að hann hefði tekið sjer dæmi hinnar fyrstu landbúnaðarnefndar til fyrirmyndar og gefið sjerstakt álit um málið, án þess að bíða eptir minni hlutanum; það kæmi til af því, að það hefði komið til tals, að nema úr gildi 1. gr. í tilskipun 24. jan. 1838. Tilefnið til þess væri landsyfirrjettardómur, þar sem skottulæknir hefði verið dæmdur í allháa sekt fyrir að hafa læknað nokkra menn, er eigi hefðu getað fengið hjálp hjá embættislækninum. Þó dómur þessi kæmi í bága við það, sem landlæknirinn sjálfur hefði sagt, og vjer allir vissum, um nauðsyn skottulækna hjer á landi, væri hann samkvæmur 1. gr. í tilsk. 24. jan. 1838. (*Forseti* kvaðst vilja biðja þingmanninn, áður en hann færi lengra út í efni málsins, að skýra frá, hvernig á því

stæði, að eigi stæðu nöfn allra nefndarmanna undir nefndarálitinu, eða því minni hlutinn hefði eigi ritað ágreiningsatkvæði). Hann kæmi nú þegar til þess; það gæti naumast verið vafamál, að eptir þessari tilskipun mætti gjöra hjer gildandi, að fornspurðu alþingi og stjórn konungs fleiri dönsk lög, en skottulæknalögin, sem þó ef til vill ættu enn ver við en skottulækningalögin, og þetta rjettarástand virtist meiri hluta nefndarinnar svo ísjárvert, að ástæða væri til að gjöra sem kröptugasta gangskör til þess að ráða bót á því. (*Forseti* bað þingmanninn nú svara spurningu sinni, áður en hann mælti fleira). Með því nú að tíminn væri orðinn svo skammur, hefði þótt nauðsyn á að flýta málinu sem mest, til þess að það kæmist af á þessu þingi, en það hefði sjest, að þingmaður Húnvetninga, sem nú hefði flutt sig yfir á hægri hlið þingsins frá hinum yzta vinstra, er hann áður sat á, gat eigi komið sjer saman við hina nefndarmennina á svo skömmum tíma, sem þurfti, og þá hefði hann álitið, að sjer sem framsögumanni og uppástungumanni bæri samt sem áður, að koma því af sem fyrst. Þingmaður Húnvetninga hefði engan skaða haft af því, því hann hefði fengið í hendur prentað álit meiri hluta nefndarinnar 5 stundum eptir, að hann skoraðist undan að lesa það skrifað, og síðan hefði hann haft nægan tíma til að koma með ágreiningsatkvæði við það, ef hann áliti þess nokkra þörf. Ef beðið væri eptir því, að þingmaður Húnvetninga hefði hugsað sig svo vel um, sem hann vildi, hefði auðsjáanlega verið úti um málið í þetta sinn; en ef málið nú væri rætt, mætti með afbrigðum gegn þingsköpum hafa 2. umræðu þegar í eptirmiðdag, og mundi málið þá enn geta fengið framgang á þessu þingi. Því væri allt undir því komið, hverja áherzlu deildin legði á, að 1. gr. tilsk. 24. jan. 1838 yrði úr lögum numin, og þætti sjer því meiri ástæða til þess fyrir þá þingmenn, er væru yfirdómendur, að styðja að því, sem hæstirjettur ekki alls fyrir löngu hefði breytt landsyfirrjettardómi vegna þess að þessi tilsk. hefði innleitt hjer á landi allar danskar rjettarvenjur; en það gæti orðið mjög ísjárvert, ef ekki að eins dönsk lagaboð, en einnig danskar rjettarvenjur ættu að vera lög hjer á landi.

Ásgeir Einarsson kvaðst einungis ætla að snúa sjer að formspurningu þeirri, er forseti hefði beint að 2. þingmanni Skagfirðinga, en með því að nefndarálitið væri svo afkáralegt náttúruafbrigði, sem aldrei hefði fyr fæðzt, þá yrði hann fyrst að lýsa yfir því, að hann væri hvorki faðir nje móðir að því. Þá er þeir hefðu verið kosnir í nefndina, hefði þingmaður Skagfirðinga reyndar eigi hvíslað því, en spurt í hálfum hljóðum meðnefndarmenn sína, hvort hann mætti eigi semja uppkast til nefndarálits, síðan hefði hann eigi kallað sig á nefndarfund, en þegar daginn eptir hefði hann komið með uppkast sitt til nefndarálits á þingfund, og sagt sjer að lesa það og skrifa undir; hann hefði sagzt eigi mega vera að því, vegna þess að hann þyrfti að hlýða á ræður manna; síðan hefði hann ekkert vitað um krógann, fyr en hann hefði verið fæddur á Ísafoldarprentsmiðju. Hann hefði aldrei verið látinn vita, að hann væri formaður, nje að aðalfaðir frumvarpsins væri skrifari og framsögumaður; og að svo mæltu vildi hann leggja það til, að náttúruafbrigði þetta yrði látið ganga aptur á getnaðarhrepp sinn.

Bergur Thorberg kvaðst hafa beðið um orðið til þess að leita upplýsingar um það, hvers vegna eigi stæðu nema 2 nöfn undir nefndarálitinu, þar sem þó málið hefði verið fengið 3 manna nefnd; en af umræðum þeim, er nú væru orðnar um málið, væri hann orðinn nokkurs vísari um það, og þætti sjer sá maður ámælisverður, er valdur væri að sundurlyndi þessu í nefndinni. Hann vildi ráða deildinni til að vísa málinu aptur til nefndarinnar, til löglegrar meðferðar.

Jón Jónsson kvaðst vilja benda varaforseta á, að meiri hlutinn hefði haft glæsilega fyrirmynd fyrir því, að láta prenta álit sitt sjer í lagi, þar sem nefnd, er hinn hæstvirti varaforseti hefði verið í meiri hlutan-

um í, einmitt hefði haft alveg hinn sama framgangsmáta gegn hinum elzta manni í nefndinni, er ekki hefði reynzt eins fljótvirkur og hinir yngri meðnefndarmenn sínir. Í þingsköpum væri engin grein, sem bannaði þessa aðferð, og það væri þannig eigi ólöglegt, þó að nefndarmenn semdu álit sinn í hverju lagi, en sem betur færi, væri það eigi venja, því að þeir kæmu sjer venjulega betur saman en svo; hann skyldi alls eigi segja, að það væri þingmanni Húnvetninga einum að kenna, að samvinnan í þessari nefnd hefði eigi gengið betur, því sjaldan veldur einn, er tveir deila . . . .

Forseti kvaðst vilja bera það undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað aptur til nefndarinnar.

Jón Jónsson kvaðst vilja benda forseta á, að hann hefði eigi talað út.

Forseti sinnti því eigi, og var uppástungan samþykkt í einu hljóði.

Jón Jónsson bað að bóka það, að forseti hefði tekið af sjer orðið, án þess að til færa ástæðu fyrir því.

Forseti kvað eigi verða rætt nefndarálit þetta, með því að það væri í öldungis ólöglegu formi.

Jón Jónsson kvað það í fullgildu formi samkvæmt þingsköpunum.

Ásgeir Einarsson bað forseta leyfis, að gjöra eina stutta athugasemd, og er forseti hafði leyft það, kvaðst hann eigi kannast við það, sem ritað væri á umslagið utan um lögreglusamþykktina, að 1. þingmaður Húnvetninga hefði neitað að fást við málið fyr en eptir þing. Þetta hefði sjer ekki dottið í hug, því engin þingmál væru til umræðu eða til aðgjörða eptir þing.

Jón Jónsson sagði, að þetta væri augljós misritun: «þing» í staðinn fyrir «fund þingsins», og 1. þingmanni Húnvetninga gæti varla gengið annað en illvilji til að koma með þetta.

Málið var afhent nefndinni aptur, og kom það ekki framar til umræðu.

LXXIV. LEIÐRJETTING OG PRENTUN ÞINGRÆÐNA.

Uppástunga til þingsályktunar. Frá Jóni Jónssyni, 2. þingmanni Skagfirðinga. Sjá I 181.

Eptir að ályktunaruppástungu þessari hafði verið útbýtt á 18. fundi efri þingdeildarinnar, 22. júlí, skyldi á næsta fundi, daginn eptir, ákveða, hvernig ræða ætti uppástunguna,

Benedikt Kristjánsson kvaðst álíta málefni þetta þess eðlis, að úrslit þess samkvæmt þingsköpunum væru á valdi forseta beggja deilda, en ef þeir vildu vita álit þingmanna, þá gætu þeir kallað þá saman á prívatfund.

Forseti skaut því til atkvæða, hvort eigi skyldi ræða uppástunguna í einni umræðu, og var það fellt með 9 atkvæðum gegn 2. Því næst stakk forseti upp á að ræða hana í 2 umræðum, en sú uppástunga var einnig felld með 9 atkvæðum gegn 2. Loks skaut forseti því enn til atkvæða, hvort ræða skyldi uppástunguna í 3 umræðum, og var það fellt. Þá heimtaði uppástungumaður borið undir atkvæði deildarinnar, hvort ræða skyldi uppástunguna í 4 umræðum. Forseti neitaði því, en með því uppástungumaður vildi eigi hlíta þeim úrskurði forseta, var hann tvisvar áminntur, og kvaðst forseti, án tillits til kröfu þingmannsins, mundu láta uppástunguna koma að eins til einnar umræðu,

Ein umræða í efri deild, á 21. fundi, 25. júlí.

Forseti kvað suma þingmenn að vísu

hafa ámælt sjer fyrir það, að hann hefði eigi þegar í byrjun vísað þessari uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga frá, en sjer hefði eigi fundizt næg ástæða til þess, jafnvel þótt það, sem uppástunga þessi færi fram á, væri þegar um garð gengið; samkvæmt 26. grein þingskapanna mættu allir þingmenn gjöra slíka kröfu, en enginn hefði krafizt þess. Hann hefði nú sett uppástungu þessa á dagskrá í dag og vildi stinga upp á einni umræðu um hana. Hann sagði, að uppástunga hefði áður komið fram, og hefði hann stungið upp á tveimur umræðum um hana, en annar þingmaður gjört við það breytingaratkvæði. Þess vegna hefði hann álitið það leyfilegt, fyrst að stínga upp á 1 umræðu um uppástungu þingmanns Skagfirðinga, og þegar það var fellt, þá upp á tveimur og loks upp á þremur, sem allt fór á sömu leið. Að vísu hefði 2. þingmaður Skagfirðinga stungið upp á því, hvort menn vildu þá hafa 4 umræður, en það hefði hann neitað bera undir atkvæði; hann efaðist um, hvort uppástunga þessi væri reglulega fallin, því að samkvæmt 22. grein þingskapanna mætti ekki gjöra fullnaðarályktun um uppástungur á sama fundi, sem stungið er upp á, hvernig þær skuli ræða; þess vegna hefði hann, að nokkru leyti með leyfi deildarmanna, sett uppástungu þessa á dagskrá. Hann vildi nú enn sem fyrri ráða þingmanninum til að taka hana aptur, því þó svo færi, að þessi deild samþykkti uppástunguna, mundi neðri deildin aldrei gjöra það; þar af leiddi sá ójöfnuður, að neðri deildin yrði frjáls, en efri deildin ófrjáls, og þingið í heild sinni aðgreint með mismunandi rjettindum.

Jón Jónsson sagði, að svo liti út, sem sumir þingmenn væru eigi sem kunnugastir lögum, sjer í lagi þingsköpunum, er þeir eigi þekktu, að ómögulegt væri að fella uppástungu á fundi þeim, þar sem ályktað væri, hvernig skyldi ræða hana. Hvað umræðufjöldann snerti, þá væri hvorki í stjórnarskránni nje þingsköpunum tekið fram, að eigi mætti ræða mál optar en þrisvar, en aptur stæði í stjórnarskránni, að hvert lagafrumvarp skyldi ræða að minnsta kosti þrisvar, og þætti sjer furðu gegna, að lögfróðir menn í deildinni skyldu eigi vita slíkt.

Hvað efni ályktunarinnar snerti, þá væri það eigi tilgangur sinn með henni að setja reglur fyrir sjerstaka deild, heldur fyrir allt alþingi. Það væri auðvitað, að ef hún væri felld í neðri deildinni, þá væri hún einnig fallin hjer í efri deildinni. Að vísu hefði hann heyrt þingmenn hafa það á móti fyrra lið uppástungu sinnar, að innanþingsskrifararnir væru eigi svo æfðir í ritstörfum og nákvæmir, að þeir gætu gefið fullnægjandi skýrslu um ræður þingmanna, en það teldi hann vantraust til skrifaranna, og mundi of lítið gjört úr þeim, enda mundu þeir leggja allt sitt fram, til þess að ná öllum aðalkjarna úr ræðunum, ef þeir vissu, að ábyrgðin hvíldi á þeim eingöngu. Þar að auki væri hægt að bæta úr göllum þeim, er á ræðunum kynnu að verða frá hendi skrifaranna með því, að gjöra ritstjóranum að skyldu að lagfæra ræðurnar og bera sig saman við þingmenn, þar sem eitthvað væri óljóst. Sjer sýndist því meiri þörf á breytingu á hinu núverandi fyrirkomulagi, sem það hefði verið sagt, að þingmenn stundum, í stað þess að lagfæra ræður sínar, semdu nýjar ræður, sem væru allt öðru vísi en þær, er þeir hefðu haldið á þinginu, og blekktu þannig alþýðu og aðra, er læsu alþingistíðindin. Ef það væri af tekið, að þingmenn mættu lesa ræður sínar yfir, þá mundi allur slíkur grunur hverfa. Enn fremur væri sá hagnaður af því, að hvern fund mætti prenta, undir eins og skrifararnir hefðu lokið við hann, og gætu menn þannig deginum eptir sjeð hann á prenti, og haft

hann fyrir sjer; þá gæti maður einnig kynnt sjer skoðanir þær, er hefðu komið fram í hinni deildinni um ýms mál, er síðar ættu að koma til umræðu, og væri það mikill kostur, þar eð þingmenn hefðu ekki tíma til að sitja og hlusta á fundi hvorir í annars deild, og kynna sjer þannig skoðanir þeirrar deildar manna. Enn fremur væri að taka það fram, að allir vildu, að stjórnin samþykkti sem allra fyrst lagafrumvörpin, en til þess gætu menn eigi ætlazt, ef lengi drægist prentun þingtíðindanna.

Loksins vildi hann samkvæmt áskorun forseta taka aptur síðari hluta uppástungunnar, en jafnframt vildi hann skora á þá þingmenn eða þann þingmann, sem hefði komið því til leiðar, að nú ætti að prenta í «alþingistíðindunum» ágrip af þingræðunum, eptir að búið væri að prenta líkt ágrip í «alþingisfrjettum», að sjá sig vel um hönd, og væri það eigi sómasamlegt, að þingmaður, sem liti ofsjónum á fje það, er bændur vildu leggja til nýrra menntunarstofnana, skyldi án vilja eða ráða bænda koma því til leiðar, að fleygt væri út fje úr landssjóði til að prenta upp aptur þær ræður, sem búið væri að birta á prenti einu sinni.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um uppástunguna og var hún felld með 9 atkvæðum gegn 1.

LXXV. BREYTING Á FÁTÆKRAREGLUGJÖRÐINNI.

Uppástunga til þingsályktunar frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skagfirðinga. Sjá I 138.

Á 16. fundi neðri þingdeildarinnar, 19. júlí, var samkvæmt uppástungu forseta ályktað að hafa eina umræðu um þessa ályktunaruppástungu.

Ein umræða í neðri deild, á 18. fundi, 22. júlí.

Uppástungumaður (*Páll prestur Pálsson*): Jeg vona, að deildinni sje það ljóst, hvern tilgang jeg hef haft með uppástungu þessari. Það mun öllum þingdeildarmönnum kunnugt, að næsta margir gallar eru á fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834, sem brýn nauðsyn er á að lagfæra. Og þótt það mál yrði eigi útkljáð nú á þinginu, þá gæti það orðið til mikils góðs, að nefnd yrði sett í málið, svo að bæði þjóðin og þingdeildin gæti íhugað það því betur. Jeg óska því, að nefnd verði skipuð í mál þetta.

Arnljótur Ólafsson: Mjer er eigi alveg ljós uppástunga þingmannsins. Hann segir í uppástungunni: «Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd til að íhuga» o. s. frv. Meinar þingmaðurinn nefnd, er setja skal innanþings, eða utanþingsnefnd?

Uppástungumaður: Jeg meinti að eins innanþingsnefnd; og ef nefndin verður samþykkt, þá mun jeg eigi fara eptir öðru en sannfæringu minni í því, hvern jeg kýs í hana.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal geta þess, að það er óvanalegt, að uppástungur komi fram um það, að setja þannig lagaða nefnd á þingi. Það hefur nýlega verið fellt hjer í deildinni, að nefnd yrði sett í frumvarp mitt til laga um að ávinna sjer hreppshelgi, þótt það væri eitt af hinum mestvarðandi málum landsins, svo að það gat eigi komið til umræðu.

Uppástungumaður: Þingmaðurinn man, að frumvarp hans var fellt frá nefnd í deildinni, en af því að mjer þótti málefnið geyma í sjer svo mikilvægt atriði, sá jeg ekki annað betra ráð til að koma því inn á þingið, en að bera fram þessa uppástungu. Og það er uppástungu þessa snertir, þá ráðfærði jeg

mig við hinn háttvirta forseta um hana, hvort hún væri eigi löglega upp borin, og kvað hann ekkert til fyrirstöðu því, að hún yrði borin upp í því formi, sem hún nú er í.

Benedikt Sveinsson: Er það meining uppástungumanns, að reglugjörðin í heild sinni eigi að endurskoðast?

Uppástungumaður: Eins og sjá má af uppástungunni, eru það einkum 2. og 3. kaflar reglugjörðarinnar, er jeg ætlaðist til að íhugaðir væru, en þótt öll þörf væri, að reglugjörðin væri íhuguð öll í heild sinni.

Hjálmur Pjetursson: Það getur vel verið að fátækrareglugjörðin frá 8. jan. 1834 þurfi umbóta við, þótt jeg reyndar viti eigi til þess, að neinar sjerlegar umkvartanir hafi komið fram yfir henni. En úr því að uppástunga sú, er hjer liggur fyrir, er komin fram, finnst mjer rjettara, að mál þetta sje tekið fyrir. En auðvitað er, að eigi er hugsanlegt, að á máli þessu verði algjörður endir á þessu þingi, eða það fái endileg úrslit. En samt sem áður virðist mjer ekkert á móti því, að það komi nú til tals, svo að það geti skýrzt. Jeg vil því styðja, að nefnd sje sett, og sting upp á 5 manna nefnd.

Forseti: Jeg skal geta þess út af orðum uppástungumanns, að það er satt, að hann spurði mig um, hvort rjett væri að bera upp uppástungu þessa, og kvað jeg já við því. Skildi jeg uppástungumann svo, sem hann ætlaðist til, að þingdeildin neytti hjer rjettar þess, sem henni er veittur í 22. gr. stjórnarskrárinnar, og skal jeg benda þingmönnum á, að verði nefndin sett, ber henni að haga sjer að öllu í meðferð málsins eptir því, sem fyrir er mælt í nefndri grein. Annars er það alveg á þingdeildarinnar valdi, hvort hún vill taka til greina þessa uppástungu þingmannsins, og hvernig hún fer með mál þetta að öðru leyti.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, bar forseti uppástunguna undir atkvæði, og var samþykkt með 13 atkvæðum gegn 1, að kjósa 5 manna nefnd. Voru þessir síðan kosnir í nefndina:

Páll prestur Pálsson	með	15	atkvæðum
Benedikt Sveinsson	—	11	—
Guðmundur Ólafsson	—	8	—
Hjálmur Pjetursson	—	8	—
Arnljótur Ólafsson	—	7	—

Á 21. fundi neðri deildarinnar, 25. júlí, skýrði forseti frá, að Benedikt Sveinsson, formaður í nefndinni í máli þessu, óskaði, að tveimur þingdeildarmönnum væri bætt við í nefndina, nefnilega þingmanni Dalamanna og 2. þingmanni Húnvetninga, og samþykkti deildin það.

Nefndarálit I 453—456.

Þinglok.

Á 54. fundi efri þingdeildarinnar, 27. ágúst, skýrði forseti frá, þá er dagskrá var lokið, að störf þingdeildarinnar nú væru á enda á hinu 3. löggefandi þingi, og að yfirlit yfir mál þau, er rædd hefðu verið, mundi verða prentað, og því útbýtt meðal þingdeildarmanna. Gengu þingdeildarmenn síðan á fund í hinu sameinaða þingi.

Á 61. fundi neðri þingdeildarinnar, 27. ágúst, þá er dagskrá var lokið, skýrði forseti frá, að lenging sú á þingtímanum, er landshöfðingi hefði samþykkt í umboði konungs, nú væri á enda, og að störfum þingdeildarinnar að þessu sinni því væri lokið. Gengu þingdeildarmenn síðan á fund í sameinuðu þingi.

Á 3. fundi hins sameinaða alþingis, 27. ágúst, las forseti upp yfirlit yfir mál þau, sem höfðu verið til meðferðar á þessu þingi. Að því búnu kom landshöfðingi inn í þingsalinn, og gat þess, að þingtíminn, sem lengdur hefði verið samkvæmt konungsúrskurði 24. maí þ. á., nú væri á enda, og þingstörfunum lokið. Lýsti hann því síðan yfir í nafni og umboði konungs, að

alþingi væri slitið.

Stóð þá upp varaforseti hins sameinaða alþingis, og mælti:

Lengi lifi konungur vor

Kristján hinn IX.

og risu þá allir þingmenn upp, og tóku undir það í einu hljóði.

Síðan var gengið af fundi.

Yfirlit

yfir alþingiskostnaðinn 1879.

I. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna.

	Fæðispen. Kr.	Ferðakostn. Kr.	Samtals. Kr.
Pjetur Pjetursson (að meðtöldum 12 kr. fyrir forsetastörf eptir þing)	360	» »	360.00
Grimur Thomsen (að meðtöldum 12 kr. fyrir forsetastörf eptir þing)	360	12.00	372.00
Eiríkur Kúld	348	318.00	666.00
Ísleifur Gíslason	348	52.00	400.00
Árnljótur Ólafsson	348	252.00	600.00
Árni Thorsteinson	348	» »	348.00
Ásgeir Einarsson	348	273.00	621.00
Benedikt Kristjánsson	348	207.00	555.00
Benedikt Sveinsson	348	198.40	546.40
Bergur Thorberg	348	» »	348.00
Björn Jónsson	348	504.00	852.00
Eggert Gunnarsson	348	214.60	562.60
Einar Ásmundsson	348	252.00	600.00
Friðrik Stefánsson	348	272.00	620.00
Guðmundur Einarsson	348	272.00	620.00
Guðmundur Ólafsson	348	152.00	500.00
Halldór Kr. Friðriksson	348	» »	348.00
Hjálmur Pjetursson	348	150.00	498.00
Jón Hjaltalín	348	» »	348.00
Jón Jónsson	348	» »	348.00
Jón Pjetursson	348	» »	348.00
Jón Sigurðsson	348	320.00	668.00
Magnús Stephensen	348	»	348.00
Páll Pálsson, 1. þingmaður Skaptfellinga	348	544.06	892.06
Páll Pálsson, 2. —— Húnvetninga	348	276.00	624.00
Flyt	8724	4269.06	12993.06

	Fæðispen. Kr.	Ferðakostn. Kr.	Samtals. Kr.
Flutt	8724	4269.06	12993.06
Sighvatur Árnason	348	172.00	520.00
Snorri Pálsson	348	286.10	634.10
Stefán Eiríksson	348	524.60	872.60
Stefán Stephensen	348	304.40	652.40
Tryggvi Gunnarsson	348	202.00	550.00
Þórarinn Böðvarsson	348	12.00	360.00
Þórður Þórðarson	348	252.00	600.00
Þorlákur Guðmundsson	348	12.00	360.00
Þorsteinn Jónsson	348	177.00	525.00
Samtals	11856	6211.16	18067.16

II. Annar kostnaður.

Fyrir ritstörf innan- og utanþings um þingtímann . . .	3476 kr.	75 a.	
Laun þingsveina og húsgæzlumanns	387 —	61 -	
Fyrir bókavörzlu árin 1878 og 1879	80 —	» -	
Mynd af konungi	600 —	» -	
Pappír og önnur ritföng og ýmisleg áhöld	183 —	88 -	
Alþingisfrjettablað	950 —	» -	
Prentun þingskjala um þingtímann og pappír í þau . . .	1269 —	83 -	
Fyrir smíði, aðgjörðir o. fl.	137 —	85 -	7085.92

III. Kostnaður við útgáfu alþingistíðindanna.

Prentun og pappír o. fl. á 200 örkum (fyrir hverja örk 26 kr. $97^{13}/_{20}$ eyr.) hjer um bil	5395 —	30 -	
Innhepting og útsending	390 —	» -	
Ritstjórn og prófarkalestur hjer um bil	900 —	» -	6685 30
Þannig verður allur alþingiskostnaðurinn samtals hjer um bil			31838.38